Alþingistíðindi 1899.

A.

Umræður í efri deild og sameinuðu þingi.

Skammstafanir.

Alþ. = alþingi.
alþm. = alþingismaður.
alþt. = alþingistíðindi.
aths. = athugasemd.
atkv. = atkvæði.
atkvgr. = atkvæðagreiðsla.
breyt.till. eða brtill. eða brt. = breytingartillaga.
breyt.uppást. = breytingaruppástunga.
Ed. = efri deild.
e. hlj. eða e. h. = einu hljóði.
flutnm. eða flm. = flutningsmaður.
form. = formaður.
framsm. eða frsm. = framsögumaður.
frumv. eða frv. = frumvarp.
gr. = grein.
h. eða háttv. = háttvirtur eða hinn háttvirti.
hæstv. = hæstvirtur.
kgk. = konungkjörinn.
l. = lög (laga).
lagafrv. eða lfrv. = lagafrumvarp.
landsh. eða ldsh. eða lh. = landshöfðingi.
Nd. = neðri deild.
skrif. = skrifari.
st. f. = staðinn fyrir.
stfl. = stafliður.
samþ. eða sþ. = samþykt.
till. = tillaga.
t. = til.
tl. = töluliður.
umr. = umræða.
uppást. = uppástunga.
uppástm. = uppástungumaður.
þingd. eða þd. = þingdeild.
þingdm. = þingdeildarmaður.
þingsál. = þingsályktun.
þm. = þingmaður.
þm. Árn. = þingmaður Árnesinga.
þm. A.-Sk. = þingmaður Austur-Skaftfellinga.
þm. Borgf. = þingmaður Borgfirðinga.
þm. Barðstr. = þingmaður Barðstrendinga.
þm. Dal. = þingmaður Dalamanna.
þm. Eyf. = þingmaður Eyfirðinga.
þm. G.-K. = þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
þm. Húnv. = þingmaður Húnvetninga.
þm. Ísf. = þingmaður Ísfirðinga.
þm. Mýr. = þingm. Mýramanna.
þm. N.-Múl. = þingmaður Norður-Múlasýslu.
þm. N.-Þing. = þingmaður Norður-Þingeyarsýslu.
þm. Rangv. = þingmaður Rangvellinga.
þm. Rvk. = þingmaður Reykvíkinga.
þm. Skagf. = þingmaður Skagfirðinga.
þm. S.-Múl. = þingmaður Suður-Múlasýslu.
þm. Snæf. = þingmaður Snæfellinga.
þm. Strand. = þingmaður Strandasýslu.
þm. S.-Þing. = þingmaður Suður-Þingeyarsýslu.
þm. Vestm. = þingmaður Vestmannaeyjarsýslu.
þm. V.-Sk. = þingmaður Vestur-Skaftafellssýslu.
þskj. eða þgskj. = þingskjal.

Þessar skammstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum, og eins með ákveðna greininum.

Reykjavík.
Félagsprentsmiðjan.
1899.

FYRSTI FUNDUR í sameinuðu þingi, laugardag 1. júlí.

Ár 1899, hinn 1. dag júlímánaðar var hið 15. löggefandi alþingi sett í Reykjavík. Fyrst söfnuðust alþingismenn ásamt landshöfðingja Magnúsi Stephensen í alþingishúsinu, og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni. Sigurður prestur Stefánsson, 1. þm. Ísf., prédikaði og lagði útaf Lúk. 18, 9.—14. — Að lokinni guðsþjónustugjörð gengu menn aftur í þinghúsið og inn í þingsal neðri deildar. Landshöfðingi gekk því næst til forsetasætis, og las upp skipun konungs til sín um að setja þingið svo hljóðandi:

Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora sérlegu hylli!

Vér veitum allramildilegast þér, sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi, vald til að setja hið reglulega alþingi, sem kemur saman laugardaginn 1. júlímánaðar næstkomandi, og átt þú þar að auki að birta alþingi boðskap Vorn, sem hérmeð fylgir og dagsettur er í dag.

Þetta er vilji Vor!

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuborg 17. maí 1899.

Undir Vorri konunglegri hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Rump.

Til Vors elskulega herra Magnúsar Stephensens, kommandörs af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanns, Vors landshöfðingja yfir Íslandi.

Að því búnu kvaðst landshöfðingi, samkvæmt því valdi, er honum þannig allramildilegast væri veitt, lýsa því yfir, að

Alþingi Íslendinga væri sett.

Stóð þá upp þingmaður Norður-Þingeyinga, Benedikt Sveinsson, og mælti:

„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn níundi“, og tóku þingmenn undir það í einu hljóði.

Því næst las landshöfðingi upp boðskap konungs til alþingis svo hljóðandi:

Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora konunglegu kveðju!

Oss hafa glatt hollustu-ummæli þau og góðar óskir Oss og Vorri konunglegu ætt til handa, er í eru ávarpi því, er efri deild alþingis hefir Oss sent. Með skírskotun til umræðna þeirra um breytingar á stjórnarskipuninni, er fram fóru á síðasta þingi á grundvelli frumvarps eins, er upp var borið af einum þingmanna, hefur efri deild alþingis beðið um það í ávarpinu, að stjórn Vor legði fyrir þingið, er það kæmi næsta sinn saman, frumvarp til stjórnarskipunarbreytingar, er væri svo löguð, að til samkomulags mætti draga. En Vér höfum því miður séð það, að hinn sami rangi skilningur á stjórnlegri stöðu Íslands í ríkinu, sem til þessa hefur verið framkvæmd stjórnarskipunarbreytingar til fyrirstöðu, hefir og á síðasta alþingi verið ráðandi í báðum þingdeildum og verulega stutt að því, að tálma framgangi téðs frum-

varps. Meðan svo stendur, getum Vér eigi álitið það hentugt, að stjórn Vor hafi upptök að frumvarpi til breytingar á stjórnarskipuninni.

Með alúðarósk um, að starf alþingis verði landinu til hamingju og blessunar, heitum Vér Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Ritað á Amaliuborg 17. maí 1899.

Undir Vorri konunglegri hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Rump.

Boðskapur konungs til alþingis.

Allir þingmenn voru komnir til þings og voru það þessir:

A. *Konungkjörnir:*

Július Havsteen, 1. kgk. þm.
Hallgr. Sveinsson, 2. kgk. þm.
Kristján Jónsson, 3. kgk. þm.
Jónas Jónassen, 4. kgk. þm.
Árni Thorsteinsson, 5. kgk. þm.
Þorkell Bjarnason, 6. kgk. þm.

B. *Þjóðkjörnir:*

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
Björn Sigfússon, 1. þm. Húnv.
Einar Jónsson, 1. þm. N.-Múl.
Eiríkur Gíslason, þm. Snæf.
Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand.
Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk.
Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múl.
Halldór Daníelsson, þm. Mýr.
Jens Pálsson, þm. Dal.
Jón Jakobsson, 2. þm. Skagf.
Jón Jensson, þm. Rvík.
Jón Jónsson, þm. A.-Sk.
Jón Jónsson, 2. þm Eyf.
Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl.
Jón Þórarinsson, 2. þm. G.-K.
Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf.
Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.

Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangv.
Sigurður Gunnarsson, 1. þm. S.-Múl.
Sigurður Jensson, þm. Barðstr.
Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísf.
Skúli Thoroddsen, 2. þm. Ísf.
Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Árn.
Valtýr Guðmundsson, þm. Vestm.
Þórður Guðmundsson, 2. þm. Rangv.
Þórður Thoroddsen, 1. þm. G.-K.
Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.
Þorlákur Guðmundsson, 2. þm. Árn.
Þorleifur Jónsson, 2. þm. Húnv.

Þá settist elzti þingmaðurinn, Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangv., eftir áskorun landshöfðingja í forsetasæti, þangað til kosinn væri forseti hins sameinaða alþingis, og kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara Jón Jakobsson, 2. þm. Skagf., og Ólaf Briem, 1. þm. Skagf.

Því næst var kosin 3 manna nefnd til að rannsaka kjörbréf 7 þingmanna, sem sé 6 hinna konungkjörnu, er allir voru nýkosnir, og 1. þm. Rangv., Sighvats Árnasonar, og hlutu kosningu í nefndina:

Guðl. Guðmundsson með 18 atkv.
Klemens Jónsson — 17 —

og eftir endurtekna kosningu

Jón Jensson með 24 atkv.

Því næst varð hlé á fundinum, meðan nefndin rannsakaði kjörbréfin.

Eftir nokkra stund lýsti Guðl. Guðmundsson því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að ekkert væri að athuga við kjörbréfin, og voru þau samþykt í einu hljóði.

Því næst var kosinn forseti hins sameinaða alþingis, og hlaut kosningu

Hallgrímur Sveinsson með 18 atkv.

Eftir að forseti hins sameinaða alþingis hafði tekið sæti í forsetastólnum, kvaddi hann þingmenn til að kjósa varaforseta hins sameinaða þings, og fór það svo, að Ólafur Briem, 1. þm. Skagf., fekk 16 atkv., Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing. 12 atkv., og 2 þingmenn þaðan af færri atkvæði. Með því að enginn hafði fengið nægilegan atkvæðafjölda, var kosið aftur

óbundnum kosningum og hlaut þá kosningu

Ólafur Briem með 23 atkv.

Þá voru kosnir skrifarar hins sameinaða alþingis og hlutu kosningu

Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísf. m. 20 atkv.

Þorleifur Jónsson, 2. þm. Húnv. — 20 —

FYRSTI FUNDUR í efri deild, laugardag 1. júlí.

Eftir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum, kom efri deild alþingis saman í þingsal efri deildar.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni og voru allir komnir:

Konungkjörnir þingmenn:

1. Julius Havsteen, 1. kgk. þm.
2. Hallgr. Sveinsson, 2. — —
3. Kristján Jónsson, 3. — —.
4. Jónas Jónassen, 4. — —
5. Árni Thorsteinss., 5. — —
6. Þorkell Bjarnason, 6. — —

Þjóðkjörnir þingmenn:

1. Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múl.
2. Jón Jakobsson, 2. þm. Skagf.
3. Jón Jónsson, 2. þm. N.Múl.
4. Sigurður Jensson, þm. Barðstr.
5. Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísf.
6. Þorleifur Jónsson, 2. þm. Húnv.

Eftir áskorun landshöfðingja stýrði elzti þingmaður deildarinnar, Árni Thorsteinsson, 5. kgk. þm., forsetakosningu, og kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara þá Jón Jakobsson, 2. þm. Skagf., og Þorleif Jónsson, 2. þm. Húnv.

Forseti var kosinn:

Árni Thorsteinsson, 5. kgk. þm., m. 11 atkv.

Síðan stýrði hann kosningu varaforseta deildarinnar.

Við þá kosningu fekk

Julius Havsteen 5 atkv.

Sigurður Jensson 4 —

og 2 þingmenn sitt atkvæðið hvor, en með því að enginn hafði fengið næga atkvæðatölu, var kosið aftur óbundinni kosningu, og fekk þá:

Julius Havsteen 5 atkv.

Sigurður Jensson 5 —

og 1 þingmaður 1 atkv.; en með því að enginn hafði enn fengið nægilegan atkv.-fjölda, var kosið bundinni kosningu um þá Julius Havsteen og Sigurð Jensson; þá var kosinn varaforseti

Sigurður Jensson með 6 atkv.

Því næst voru kosnir skrifarar deildarinnar:

Þorleifur Jónsson með 9 atkv.

Jón Jakobsson — 7 —

Forseti lagði fram bréf landshöfðingja, dags. 1. júlí, um að hann mundi fyrir hönd stjórnarinnar leggja fram 8 lagafrumvörp á næsta fundi deildarinnar.

ANNAR FUNDUR, mánudag 3. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Landshöfðingi lagði fram til útbýtingar meðal þingmanna þessi stjórnarfrumvörp:

1. Frumvarp til laga um fjármál hjóna.
2. — — — — stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík.
3. Frumvarp til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja.
4. Frumvarp til laga um viðauka við og breytingar á tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilskip. 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa.
5. Frumvarp til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.
6. Frumvarp til laga um breyting á núgildandi ákvæðum um lýsingu til hjónabands.
7. Frumvarp til laga um breyting á 48. gr. í tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.
8. Frv. til laga um dag- og næturbendingar á íslenzkum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á.

Enn fremur útbýtt meðal þingdm.: Stjórnart. 1899 B. 5. tbl. með bréfi ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um stjórnarskipunarmálið.

Stjórnarskrármálið.

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 (C. 29); 1. umr., 8. júlí.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Eins og hinir háttv. þingdm. geta séð, þá er frv. þetta alveg samhljóða frv. því, er afgreitt var frá þessari deild á síðasta þingi.

Við flutnm. þessa frv. erum eins sannfærðir um nú eins og þá, að þær umbætur á hinu núgildandi stjórnarfyrirkomulagi, sem þá stóðu til boða, væru æskilegar og að þingið gerði rétt í að aðhyllast þær, til þess að þær fengjust sem fyrst. Síðan hafa komið upplýsingar frá stjórninni um, að hún ekki geti gefið frv. samþykki sitt; eg ætla mér ekki að svo stöddu að fara út í þær. En þótt við flutnm. höfum flutt frv. óbreytt frá því sem það var afgreitt hér frá deildinni á síðasta þingi, þá munum við samt ekki rísa öndverðir gegn breytingum á því til að fá miðlun í málinu. En það skal eg leyfa mér að taka fram, að við munum ekki ganga svo langt, að því er breytingarnar snertir, að landsréttindum vorum sé með þeim í nokkru hallað.

Eftir upplýsingum þeim, sem komið hafa frá stjórninni, virðist þingið enn eiga kost á að fá þær umbætur á stjórnarskránni, er lágu fyrir í hittið fyrra, án þess að landsréttindi vor séu með þeim að nokkru leyti skert. Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekar að þessu sinni eða fara út í hin einstöku atriði frv., með því að eg vænti, að nefnd muni verða skipuð í málið, og mun hún þá taka til greina yfirlýsingar stjórnarinnar, en þó þannig, að full trygging sé fyrir því, að vér ekki sleppum neinum af þeim réttindum, sem vér höfum nú. Eg vona, að h. þingd. taki þetta mál með stillingu til meðferðar. Eg vil ekki sjálfur stinga upp á nefnd nú þegar, ef vera kynni, að einhverjir aðrir vildu taka til máls; en samt sem áður álít eg ekki, að langar umræður um málið hafi neina þýðingu að þessu sinni.

Landshöfðingi: Mér brá í brún fyrst þegar eg sá þetta frv., með því að h. flutnm. hafa nú komið fram með það óbreytt eins og það var samþ. hér í þingd. á síðasta þingi; en það hlýtur að vera öllum ljóst, að frv. þetta, þótt það yrði afgreitt sem lög frá þinginu, getur aldrei öðlast staðfestingu hans hát. konungsins. Það hlýtur þó að vera meining h. flutnm., úr því þeir koma fram með frv. um þetta mál, að gera það svo úr garði, að það geti öðlast konungl. staðfestingu, enda mátti heyra það á ræðu h. flutnm., að það er ekki tilgangur flutnm., að halda frv. þessu til streitu, heldur að taka tillit til bendinga þeirra, sem gefnar hafa verið í bréfi stjórnarinnar dags. 26. maí þ. á. Eg vona því, ef nefnd verður sett í þetta mál, að hún kosti kapps um að laga frv. svo, að það á sínum tíma geti öðlast kgl. staðfestingu. Eg er á sama máli sem h. flutnm. um það, að ekki sé til neins að ræða frv. þetta nú, þar sem ekki má fara út í einstakar greinar þess, og að því sé réttast að kjósa nú þegar nefnd, er breyti frv. eins og nauðsyn krefur.

Dr. J. Jónassen stakk upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefnd samþ. og í hana kosnir:

Sig. Stefánsson	með	9 atkv.
Kristján Jónsson	—	8 —
Hallgr. Sveinsson	—	8 —
Jón Jónsson	—	8 —
Þorleifur Jónsson	—	8 —

Fyrstu umr. síðan frestað.

Framhald 1. umræðu, 20. júlí (C. 29, 122).

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Háttv. þd. mun hafa kynt sér nefndarál. og get eg því verið fáorður; þar eru teknar fram aðalást. nefnd. fyrir málinu í heild sinni og brt. þeim, er hún leggur til, að gjörðar séu.

Eg álít ekki þörf að halda hér í þessari háttv. þd. langar ræður í þessu máli, enda þótt margt hafi við borið síðan það var til umr. á síðasta þingi, sem gæti gefið tilefni til ýmislegra íhugana. En eg vil þó spara mér þær með því að eg álít, að slíkt muni ekki hafa þýðingu fyrir það, hvernig þessi háttv. þd. lítur á málið, eða meiri hluti hennar.

Þrátt fyrir allan þann ágreining, sem annars er manna á meðal í þessu svo nefnda stjórnarskrármáli, er þó eitt, sem öllum skynberandi mönnum kemur saman um, og það er það, að hið núverandi stjórnarfyrirkomulag vort sé lítt viðunandi. Að neita þessu er sama sem að segja, að hin langa stjórnarskrárbarátta vor að undanförnu hafi verið öldungis ástæðulaus. Þótt því einstakar slíkar raddir hafi heyrst, álít eg enga þörf að eyða að þeim neinum orðum. Mönnum kemur og saman um það yfirleitt, að aðalumbætur þær, sem vér álítum oss æskilegastar, eru teknar fram í frumv. þeim, sem alþingi hvað eftir annað hefir búið til og samþykt síðan 1885. En þó að oss hafi nú komið saman um þetta, að núverandi ástand sé eigi viðunanlegt, og hverjar þær umbætur séu, sem vér þurfum og álítum æskilegastar, þá er með því ekki bætt úr bölinu. Það er ekki nóg, að vér Íslendingar komum oss saman um, að þetta eða þetta sé æskilegt, heldur ber hins að gæta einnig: hvað er fáanlegt. Vér höfum áður tekið það fram, sem oss þykir æskilegast: að oss nægði ekki minna en alinnlend stjórn, sem bæri ábyrgð fyrir alþingi fyrir innlendum dómstóli. En þetta hefir rekið sig á þann stóra agnúa, að hinn liður löggjafarvaldsins hefir talið þessar æskilegustu umbætur öldungis ófáanlegar. Þetta hefir verið hinn stóri þröskuldur á braut vorri síðan fyrst byrjuðu umræðurnar um landsréttindi vor. Stjórnin hefir jafnan haft gagnstæðar skoðanir vorum skoðunum. Þess vegna er það, að hversu sammála sem vér erum um það, hvað æskilegast væri að fá, þá gerir sá slagbrandur, sem á vegi vorum er, það að verkum, að vér verðum að miða kröfur vorar við það, sem fáanlegt er; vér höfum engin sköpuð ráð til að neyða stjórnina, meðan hún vill ekki verða við kröfum vorum og óskum. Vér höfum þegar alllengi knúið á, án þess að upp lokið hafi verið, og eftir því sem högum vorum er háttað eru sárlitlar vonir um, að vér getum neytt stjórnina til að láta oss fá það, sem hún ekki vill. Vér vitum það og verðum að játa, að vér eigum þá stjórn, sem í þessu tilliti er ofurefli vort.

Úr því að þetta er nú þannig, verð eg að álíta þann hátt hyggilegastan, að gefa gætur að, hvort vér þá ekki getum fengið nokkuð oss til bóta, enda þótt vér ekki getum fengið alt það, sem vér álítum æskilegast.

Eg geng út frá því sem sjálfsögðu, að hver og einn vilji fósturjörð sinni alt hið bezta, og það hygg eg að vér flestir sjáum, að það er ekki Íslandi fyrir beztu, að etja árangurslaust kappi ár eftir ár við ofurefli sitt.

Agnúar þeir, sem einkum eru tilfinnanlegir á stjórnarfyrirkomulagi voru, eins og það hefir komið í ljós í reyndinni síðan 1874, eru aðallega þessir 3: þekkingarleysi stjórnarinnar á högum vorum; samvinnuleysi hennar við annan þátt löggjafarvaldsins, alþingi; og ábyrgðarleysi hennar. Þetta eru þeir 3 aðalgallar, sem sér í lagi eru tilfinnanlegir og sem hafa knúð oss út í þá baráttu, sem nú er orðin svo vonlítil hjá þjóð vorri.

Nefndin í þessu máli lítur svo á, að því meiri bætur, sem fáanlegar eru á þessum þremur meinsemdum, því meiri ástæða sé til að þiggja þær og hafna þeim ekki. Auðvitað væri æskilegast að fá alt það, sem vér höfum beðið um; en þegar engar vonir eru um, að það fáist, þá er þó ekki ástæða til að hafna því, sem fáanlegt er og til bóta miðar. Það má að sjálfsögðu deila um það, hversu verulegar bætur það eru, sem í boði eru. En ef þær ráða bót á verulegum göllum á stjórnarfyrirkomulaginu, þá eru þær líka verulegar umbætur. Þær umbætur, sem frv. þetta hefir inni að halda, hljóta að hafa það í för með sér, verði þær lögleiddar, að þekking stjórnarinnar á högum og þörfum vorum vex, samvinna hennar við þingið vex og ábyrgð hennar verður meiri og víðtækari en áður. Þetta verða allir að játa, sem íhuga málið hleypidómalaust. Skoði maður mál þetta í sambandi við ummæli og yfirlýsingu frá stjórnarinnar hálfu 1897, þá getur ekki nefndinni dulist, að þessar umbætur, sem vér eigum nú kost á að fá, eru all-verulegar og enda meiri en við var að búast frá stjórnarinnar hálfu, enda þótt mikið vanti á, að allar sjálfstjórnarkröfur vorar séu þar með uppfyltar. Og hvort sem eg hugsa og tala um það lengur eða skemur, verður sannfæring mín æ fastari um það, að það sé óráði næst, að slá nú hendi við þessum umbótum, sem vér nú getum fengið, og sem bæta úr þeim göllum, sem eru tilfinnanlegastir á stjórnarfari voru; því að stjórnina getum vér aldrei þvingað. Og með því að hafna þessum umbótum girðum vér ef til vill fyrir meiri bætur í framtíðinni, þar sem vér með því að aðhyllast þær þokum sjálfstjórnarmálinu töluvert áleiðis og stöndum í framtíðinni betur að vígi til að komast enn lengra áleiðis að því takmarki, er allir vilja komast að.

Líti maður nú á mál þetta frá þjóðarinnar hálfu — skal eg að vísu ekkert fara út í að dæma um hinn sanna vilja hennar í þessu máli,— um það er eigi hægt að segja með vissu af eða á, — en líti maður á ástand hennar nú, þá hygg eg, að hverjum, sem um það hugsar, muni vera ljóst, að þingm. þurfa að gera sitt til að ráða nú máli þessu til lykta sem bezt að kostur er á, svo að þjóð og þing geti hvílt sig, þótt ekki sé nema nokkur ár, og gefið sig við því af alefli, að bæta það, sem aflaga fer, sem er margt og mikið að því er kemur til annara þjóðmála vorra; en á því er lítil von, ef þingið skilur nú enn svo við þetta mál, að allir hinir sömu gallar haldist óbættir. Vér vitum það, að þörfin á umbótunum er svo djúpt grafin á hjarta þjóðarinnar, að hún getur ekki hætt að kvarta og krefjast bótanna. Þó að þagnað sé í bráð, þá koma raddirnar upp hitt árið og kalla eftir umbótunum. Stjórnin og þjóðin hafa staðið í stímabraki innbyrðis, og af því hefir leitt úlfúð og flokkadrætti, sem allri samvinnu hafa spilt og eyðilagt traust það, sem vera á milli stjórnar og þings. Það er því helg skylda þingm., að beina málinu inn á nýa braut og taka þeim umbótum, sem fáanlegar eru, enda þótt þær innibindi ekki í sér nema nokkuð af kröfum vorum og óskum. Mér er allsendis ómögulegt að sjá eina einustu ástæðu fyrir því, að vér Íslendingar sleppum með því neinum kröfum, neinum réttindum vorum, þó að vér þiggjum nú það, sem í boði er. Að það sé af sljóskygni hjá mér, held eg ekki, og engar aðdróttanir vil eg heldur gera öðrum, þótt þeir hafi aðrar skoðanir en eg, því að sínum augum lítur hver á silfrið.

Eg vil því fyrir hönd nefndarinnar óska máli þessu góðs framgangs. Eg vona, að nefndinni takist að gera þannig grein fyrir br.till. sínum, að meiri hluti h. þd. fallist á þær. Eg finn svo eigi ástæðu til að segja meira að sinni. Eg óska að

málið verði rætt með þeirri stillingu og þeirri alvöru, sem því sæmir, því það er í sannleika alvarlegt mál og vandamál.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 1 atkv.

Önnur umr., 22. júlí (C. 29, 122, 142).

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eg gat þess við framh. 1. umr., að augnamið nefndarinnar hefði verið að sníða af frv. aðalagnúana, sem eftir ráðgjafabréfinu frá 26. maí þ. á. helzt virtust mundu verða því til fyrirstöðu, að samkomulag næðist í þessu máli. En þessir agnúar voru orðun 2. gr. og 61. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún er orðuð. Það voru aðallega þessar tvær breytingar, sem stjórnin gerði að skilyrði fyrir því, að um nokkurt samkomulag væri að ræða af hennar hálfu í þessu máli. Nefndin hefir því fundið sér skylt, að snúa sér aðallega að þessum tveimur breytingum, og nefndarálitið ber með sér, af hverjum rökum hún hefir ráðið h. þingd. til þess að fallast á þær. Ef þessar breytingar hefðu dregið nokkuð úr þeim umbótum, sem faldar eru í 2. og 6. gr. frv., þá hefði nefndin vissulega hikað sér við að fara eftir tillögum stjórnarinnar í þessu efni. En þar sem nefndin áleit, að með þeim væri ekki haggað þeim grundvelli, sem frv. að öðru leyti byggist á, taldi hún sér skylt, að færa frv. í þá átt, sem br.till. tiltaka.

Stjórninni hefir ekki líkað orðun 61. gr. í stjórnarskránni, nfl. að stjórnin skuli skyld að leysa upp alþingi hvenær sem það hefir samþykt breytingar á stjórnarskránni. Jafnvel þótt nefndinni virtist þetta ekki miklu máli skifta, þá áleit hún þó réttara, að færa þetta atriði í það form, sem hér er farið fram á, því að nefndin gat ekki séð, að réttindum Íslands eða þingsins væri nokkur hætta af því búin, einkum þegar litið er til þeirrar reynslu, sem vér þegar höfum haft af framkvæmd 61. gr., þar sem það er vitanlegt, að stjórnin þarf ekki að taka hið minsta tillit til óska þjóðarinnar, þótt þingið sé upp leyst, og getur þrátt fyrir það staðið í vegi fyrir umbótum á stjórnarfyrirkomulaginu, þótt alþingi í einu hljóði hafi samþykt þær. Það er vitanlegt, að samkvæmt þeirri breytingu, sem hér er farið fram á, mun stjórnin leysa upp alþingi að eins þegar samþ. hafa verið þær breyt. á stjórnarskránni, sem hún vill styðja, — en hverju hefir hið núgildandi ákvæði um skyldu stjórnarinnar til að leysa þingið upp, hvort sem hún vill styðja stjórnarskrárbreytingu eða ekki, til leiðar komið? Hefir alþingi með því getað neytt stjórnina til að láta undan? Hefir yfir höfuð þetta ákvæði þokað sjálfstjórnarmáli voru nokkra vitund að því takmarki, sem vér höfum kept að? Það heldur því víst enginn fram, að svo sé. Í öðru lagi er þess að gæta, að væri samvinnan góð milli þings og stjórnar, þá mundi sjaldan til þess koma, að stjórnin veitti mótspyrnu nauðsynlegum endurbótum á stjórnarfyrirkomulaginu og setti sig á móti vilja þingsins, ef hún að öðru leyti væri kunnug þörfum þjóðarinnar og léti sér ant um hag hennar. Þegar litið er til alls þessa, getur nefndin alls ekki séð, að nokkur sem helzt hætta stafi af þessu, eða að af því leiði neina skerðing réttinda þings eða þjóðar.

Þá er hitt aðalatriðið, sem stjórnin leggur áherzlu á, breyting 2. gr. á þá leið, að orðin „konungur eða“ falli burtu, — með því gengur stjórnin út frá því, að alt annað ákæruvald sé útilokað. Frá sjónarmiði nefndarinnar var það ekki tilgangurinn, að fara út fyrir það réttarsvæði, sem stjórnarskráin er bundin við, nefnil. sérmál Íslands, og hér er einungis um það að ræða, að vér séum herrar í voru eigi húsi. Eins og það er fjarri stjórninni, að halda því fram, að ríkisþingið hafi ákærurétt gagnvart ráðgjafa Íslands, að því er sérmálunum viðkemur,

eins er það og víst, að alþingi hefir engan rétt til að kæra ráðherrann fyrir annað en afskifti hans af sérmálum vorum. Nefndin álítur, að þó gengið sé inn á þessa breytingu, þá sé ákæruréttur inn í sérmálunum fyllilega trygður, og um önnur mál er ekki að ræða; það sem fyrir utan þau er, kemur oss ekki við. Hvern skilning stjórnin hefir á afstöðu ráðgjafans gagnvart ríkisþinginu, kemur oss ekki við, — því hvernig sem sá skilningur er, þá getur hann út af fyrir sig ekki skert þær réttarbætur, sem hér eru í boði.

Þetta voru sem sagt þau tvö aðalatriði, sem nefndin hefir hliðrað til í við stjórnina, og í raun og veru var ekki bein ástæða til að hreyfa við frv. að öðru leyti, því að skjallega er ekki fram komið frá stjórninni annað, sem ætla mætti, að verða mundi samkomulagi til fyrirstöðu, og í hinu umræddu bréfi ráðgjafans eru ekki teknir fram fleiri aðalagnúar en þessir. Samt hefir nefndin talið sér skylt, að víkja við orðum í frv., þar sem hún var viss um, að grundvöllur þess ekki raskaðist, og sem búast mátti við, að gera mundi stjórnina fúsari til samkomulags, og skal eg taka það fram, að nefndin bar sig saman við hæstv. landsh. um sum af þessum atriðum.

Að undanteknum þeim tveim breytingum, sem eg þegar hefi talað um, þá eru allar hinar br.till. svo að segja eingöngu orðabreytingar. Hvað fyrri br.till. viðvíkur, þá leit nefndin svo á, að það hefði verið meining síðasta þings, — að minsta kosti vakti það fyrir mér þá, — að með orðunum „ráðgjafastörf“ væri átt við, að ráðgjafi Íslands veitti ekki öðru ráðaneyti forstöðu, og þá hefir nefndin skoðað þessa breyt. sem orðabreyting, er ekki raskaði grundvelli frv., en sem gerði frv. aðgengilegra fyrir stjórnina vegna skoðunar hennar á setu Íslands-ráðgjafans í ríkisráðinu.

Þriðja br.till. stendur í sambandi við breyt. á 61. gr., sem eg þegar hefi gert grein fyrir. Á fjórðu breyt., við 5. gr. frv., stendur þannig, að aukatillagið er því nær á enda; eins og menn vita, er því lokið árið 1900. Það á þess vegna ekki við, að nefna það framar í stjórnarskránni, og því hefir nefndin lagt það til, að í staðinn fyrir „bæði hið fasta tillag og aukatillagið“ komi „tillag það“ o. s. frv. Þá er fimta br.till., við 6. gr. Þar hefir nefndin að vísu gert töluverða breytingu, en sem hún þó áleit fremur orðaen efnisbreyting. Í frv. stendur: „Nú er sjúkdómur eða önnur slík forföll“ o. s. frv., og leggur nefndin til, að því sé breytt þannig, að í þess stað komi: „Í forföllum ráðgjafa“ o. s. frv., vegna þess að „sjúkdómsforföll“ virtist henni vera of þröng takmörk, og nóg að tiltaka „forföll“ eingöngu, enda verður aldrei girt svo fyrir með lagaákvæðum, að ómögulegt verði að finna átyllu til forfalla, ef þess er leitað á annað borð. Að orðum frv. „á sína ábyrgð“ hefir verið breytt í „fyrir sína hönd“ sýnist í fljótu bragði vera mikil efnisbreyting; en þar ber þess að gæta, að af ákvæði 2. gr. um, að ráðgjafinn skuli bera ábyrgð á stjórnarathöfnum öllum, leiðir, að sá, sem fyrir alþingi mætir af hans hendi, mætir þar á ábyrgð ráðgjafans; það sem sá umboðsmaður ráðgjafa aðhefst þar, verður að skoðast sem stjórnarathafnir, er ráðgjafi ber ábyrgð á. Eftir hinu núverandi fyrirkomulagi er alt öðru máli að gegna, af því að hin núgildandi stjórnarskrá hefir ekki ákvæði um ábyrgð ráðgjafa á hverri stjórnarathöfn, en hér er það tekið fram í 2. gr., að ráðgjafi skuli ábyrgð hafa af öllum stjórnarathöfnum, og því er þessi breyt. á 6. gr. meir orðabreyting en efnis. Hinar aðrar breyt.till. nefndarinnar eru sömuleiðis orðabreytingar eða afleiðingar þeirra, sem eg þegar hefi gert grein fyrir.

Þá eru tvær br.till. frá hæstv. landsh., önnur „principaliter“, að 1. gr. frumv. falli burtu, og til vara, að úr 1. gr. verði feld orðin: „og verður að skilja og tala íslenzka tungu“. Í nefndinni var rætt ítarlega um þetta niðurlag 1. gr., og kom henni saman um það, að ekki væri ástæða til að fella það burtu, í fyrsta lagi vegna þess, að í hinu fyrnefnda ráðgjafabréfi er það ekki talið með þeim aðalagnúum, sem stjórnin fann á frv., og auk þess voru það töluvert aðrar ástæður, sem nefndin hafði til þess, að strika þetta ákvæði ekki út. Þegar það er skoðað í sambandi við hið áminsta ráðgjafabréf, þar sem stjórnin sjálf gerir ráð fyrir, að ráðgjafinn tali og skilji íslenzku, þá er engin ástæða til að ætla, að stjórnin geri þetta ákvæði að ágreiningsatriði. Eg skal játa, að ákvæðið í vissum skilningi má kallast óþarft, því að það getur ekki orðið mikið um samvinnu á þingi við mann, sem ekki skilur, hvað sagt er, og heldur ekki getur gert sig skiljanlegan, og eg vil heldur ekki neita því, að með því að láta þetta standa, geti það litið svo út, sem stjórninni sé sýnd dálítil tortrygni. En eg skal játa fyrir mitt leyti, að eg hefi ástæðu til að vera tortrygginn, ekki svo mjög við þá stjórn, sem nú er, heldur yfir höfuð að tala vegna þeirrar reynslu, sem vér þegar höfum fengið. Eg þykist svo kunnugur skoðunum manna kringum 1874, þegar hin núgildandi stjórnarskrá kom út, að eg get fullyrt, að þá töldu allir víst, að sá ráðgjafi, sem samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar átti að hafa framkvæmd hennar á hendi, skyldi ekki einungis vera laus við önnur stjórnarstörf, heldur einnig vera Íslendingur. Þetta var talið víst, áður en farið var að beita stjórnarskránni í framkvæmdinni, en reynslan hefir sýnt alt annað. Þó að menn hefðu getað búist við, að ráðgjafinn yrði íslenzkur, og þrátt fyrir það, að sjálfsagt þótti, samkvæmt stjórnarskránni, að hann ekki hefði önnur stjórnarstörf á hendi, þá hefir þó reynslan sýnt, að Íslands-ráðgjafi er ekki til nema að nafninu, að sérmál Íslands eru höfð í hjáverkum af dómsmálaráðgjafanum danska. Eg hygg því, að það sé ekki alveg ástæðulaust, að vera tortrygginn í þessu máli, þegar stjórnin hefir ekki gert það enn í dag, sem stjórnarskráin leggur fyrir. Það er þess vegna, að þessi stjórnarbarátta er orðin svo löng, því að ef stjórnarskránni hefði framfylgt verið eins og menn gerðu sér von um og rétt var, þá er líklegt, að barátta hefði ef til vill aldrei upp komið, eða að minsta kosti byrjað miklu seinna, og ekki orðið eins ströng eins og þessi hefir verið. — Hér er því um það að ræða, að setja svo skýr ákvæði um þetta atriði, að sú stjórnarvenja, sem haldist hefir um 25 ár, geti ekki þrifist lengur. Eg get trúað þeirri stjórn, sem nú er, til að sjá um þetta, án þess sérstök ákvæði þurfi til; en þar með er ekki sagt, að hver sú stjórn, sem á eftir henni kann að koma, álíti sig bundna við hennar skoðun. Það gæti komið fyrir, að ráðherrann væri ekki betur en vel fær í íslenzku og vildi því gjarnan vera laus við að mæta á þinginu, og þá mundi hann nota sér heimildina í 6. gr. til að láta annan mæta, og það því fremur, ef honum væri ekki gert að beinni skyldu, að skilja og tala íslenzku. Það má hugsa sér þetta samkvæmt þeirri reynslu, sem vér þegar höfum fengið um þetta atriði í stjórnar-framkvæmdinni hingað til.

Það er því meining nefndarinnar, að jafnvel þó þetta ákvæði sé óþarft undir venjulegum kringumstæðum, og þótt ekki þurfi að halda á því í bráðina, þá geti þó að því rekið, að tryggilegra sé að hafa það en ekki, enda sé, samkvæmt reynslunni, ekki ástæða til að fella það í burtu, með því líka að það getur ekki orðið til þess að fæla stjórnina frá því að ganga að frumv., — og af öllum þessum

ástæðum getur nefndin ekki fallist á till. hins hæstv. landsh., hvorki aðaltill. né aukatillöguna.

Að svo mæltu læt eg útrætt um málið, nema ef eg skyldi þurfa að svara einhverju fyrir nefndarinnar hönd.

Landshöfðingi: Eg er hinni háttvirtu nefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar í þessu máli. — Bæði nefndarálitið og ræða hins háttv. framsm. er mér trygging fyrir, að nefndin hefir viljað gera sitt til að laga frv. þannig, að það mætti öðlast samþykki stjórnarinnar, og í því skyni hefir hún tekið burt tvo agnúa, sem ráðgjafinn í bréfi sínu 26. maí þ. á. benti á að væru á frv. eins og það var samþykt í þessari deild á síðasta þingi. Sömuleiðis hefir nefndin breytt orðalaginu á 5. gr. frv. í þá átt, sem hún áleit, að haganlegast væri fyrir framgang þess hjá stjórninni. — Aftur á móti hefur nefndin ekki fundið ástæðu til að aðhyllast þær breytingar, sem eg hefi farið fram á, og skildist mér á h. framsm. að nefndin bygði skoðun sína á þessu atriði á ráðgjafabréfinu frá 26. maí þ. á., sem að eins tæki fram sem nauðsynlegar breytingar breyting á 61. gr. núgildandi stjórnarskrár, og breyting á 2. gr. frv. frá 97. Eg get ekki verið samdóma nefndinni um að lesa ráðgjafabréfið þannig. Í ráðgjafabréfinu stendur, „að efri deild hafi í ýmsum greinum breytt hinu prívata frv. þannig, að staðfesting þess hefði orðið ómöguleg, þótt það einnig hefði orðið samþykt af Nd.“, og að „sérstaklega sé lögð áherzla“ á breyting 61. gr. og 2. gr. frv. — Það stendur þannig skýrt tekið fram, að frv. sé í ýmsum greinum ábótavant, og eins bendir orðið „sérstaklega“ á, að séu fleiri agnúar á frv. en þessir tveir, sem eru tilnefndir sem geti orðið því að falli. Þetta virðist nefndin líka hafa séð, þar sem hún vill breyta 5. gr.; en eg verð að halda því fram, að auk þess heyri hér undir einnig þær breytingar, sem eg hef leyft mér að koma fram með. Stjórnin hefir litið svo á, sem það væri aðallega meiningin með þessu frv., að fá sérstakan ráðgjafa, sem sæti á alþingi og tæki þátt í umræðunum. Afleiðingin af þessu er, að áliti stjórnarinnar, að ráðgjafi Íslands getur ekki gegnt öðrum ráðgjafastörfum og að hann þarf að skilja og tala íslenzku. Þessar afleiðingar eru svo sjálfsagðar, að stjórnin álítur það hreinasta óþarfa, að setja nokkur ákvæði hér að lútandi inn í frv. Það eru svo margir aðrir eiginleikar, sem ráðgjafinn þarf að hafa, og sem engum dettur í hug að krefjast sérstaklega, einmitt af þeirri ástæðu, að það er óþarfi, en því, sem er óþarfi, er bezt að sleppa, því það getur aldrei gert neitt gagn, heldur fremur skaða. Ef þessum orðum er haldið: “verður að skilja og tala íslenzka tungu“, lítur líka svo út, sem þingið geri ráð fyrir, að danskur maður geti orðið ráðgjafi Íslands; en það er þó víst ekki tilgangur þingsins, og að minsta kosti hefir það ekki verið meining stjórnarinnar, að svo yrði. — Sé það aftur á móti tilgangur nefndarinnar með þessum orðum, að girða fyrir. að ekki þessi stjórn, sem nú situr að völdum, heldur eftirfarandi stjórnir leiti sér nokkurra undanbragða frá að láta ráðgjafann vera Íslending, þá verður það ekki gert með þessu. Til þess þyrfti að taka svo mörg önnur atriði til yfirvegunar. Þar að auki er þessi orðun alls ekki heppileg; því hún hefir þær einar afleiðingar, að sömu kröfur yrðu gerðar til ráðgjafans, sem nú, samkvæmt konungsúrskurði, eru gerðar til þeirra útlendinga. sem vilja gegna embættum á Íslandi, og allir vita, hvernig þær hafa verið uppfyltar í praxis. Viðkomandi gengur undir eitthvað próf, og fær sér vottorð um, að hann skilji og geti talað málið, en þessi vottorð hafa oft hingaðtil reynst lítil trygging fyrir íslenzkukunnáttu þessara manna. Þessi orð hefðu þannig enga aðra þýðingu en þessa, sem eg hef bent á, að

krefjast af ráðgjafanum vottorðs um, að hann skilji og tali íslenzka tungu, sem eg verð að álíta mjög lítils virði. Eg veit á hinn bóginn, að ráðgjafanum er ekki um þessi ákvæði, og þar sem þau eru með öllu óþörf, þá álít eg réttast að sleppa þeim, svo frv. geti komið fram í því formi, sem ráðgjafinn álítur heppilegast. — Eg vil af þessum ástæðum mælast til þess, að háttv. deild samþykki aðalbreytingartillögu mína, um að fella burtu 1. gr., sem eg álít heppilegri en varatill. af þeirri ástæðu, að ef þessi umræddu orð eru óþörf, þá er öll greinin óþörf, því hún yrði þá ekki annað en uppprentun á 2. gr. hinnar núgildandi stjórnarskrár.

Eg skal ekki segja neitt um, hvort stjórnin muni synja frv. staðfestingar, ef þessi breyt.till. ekki verður samþykt; en mér þykir það vissara, að frv. sé þannig úr garði gert frá þinginu, að engin átylla geti verið fyrir stjórnina til að synja því staðfestingar, og það held eg náist, ef deildin vildi fallast á þessa aðalbrtill. mína, en annars verð eg að álíta það efamál, hvort stjórnin vill ganga að frv. eða ekki.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eg verð að játa, að eg gat ekki sannfærst af ræðu hæstv. landsh., þótt hann gerði bæði skýra og ljósa grein fyrir þeirri skoðun sinni, að rétt væri að strika út 1. gr. frv. eða ákvæðið um, að ráðgjafinn verði að skilja og tala íslenzka tungu.

Eg legg í þessu tilliti áherzlu á reynsluna, og þótt þessi stjórn, sem nú er, ekki geri það, þá gæti vel hugsast, að önnur stjórn færi öðru vísi að ráði sínu að því er þetta atriði snertir. En með því að halda þessu ákvæði, er bygt fyrir, að annar geti verið ráðgjafi Íslands en sá, sem skilur og talar íslenzka tungu. Það getur hugsast, yrði þetta ákvæði felt burtu, að sá yrði ráðgjafi, sem ekki kynni tungu vora, og þá er eg hræddur um, að ráðgjafinn mundi nota sér forföll þau, sem tekin eru fram í 6. gr. Hann mundi þá sitja kyrr í Kaupmannahöfn og láta annan mæta fyrir sig, ef honum ekki væri gert það beinlínis að skyldu, að skilja og tala íslenzku. Þótt það sé auðvitað ekki hægt í lagasmíðinni, að sjá fyrir alla þá agnúa, sem kunna að verða á framkvæmd laganna, þá er það samt skylda þingsins, að ganga eins vel frá lögunum og unt er, og gera við þeim göllum, sem það sér, svo að þeir ekki verði hættulegir í framtíðinni. Ef stjórninni er alvara með að sérstakur ráðgjafi mæti hér á þingi, þá finst mér hún ekki geta verið þekt fyrir að gera þetta ákvæði 1. gr. að ágreiningsatriði. Ef hún gerir það, þá er henni sannarlega lítil alvara með alt þetta mál. Vér megum heldur ekki eingöngu skoða þetta mál með tilliti til stjórnarinnar; vér verðum líka að taka tillit til skoðunar h. Nd. á þessu máli. Hún álítur víst frv. þetta nógu halaklipt, þótt þessu ákvæði 1. gr. ekki sé slept líka; enda get eg heldur ekki láð henni það, eftir því sem hún leit á þetta mál á síðasta þingi.

Eg vil því vinna að því, að h. Nd. geti líka fallist á þetta mál, þótt það kosti mörg samkomulagsatriði. Eg er sannfærður um, að h. Nd. er sárt um atriði 1. gr.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér að segja að eins fáein orð út af því, að h. framsm. (Sig. St.) vildi setja ákvæði 1. gr. í samband við 6. gr. um forföll ráðgjafans. Hann gekk út frá því, að ef ráðgjafanum væri ekki gert að skyldu að geta talað íslenzku, þá mundi hann, ef hann gæti það ekki, beita undanbrögðum frá að mæta á þingi. Mér er óskiljanlegt, að ráðgjafanum gæti komið til hugar að hafa slík undanbrögð. Sá, sem tekur að sér slíkt embætti, verður að rækja það meir en að nafni til; en nú er eitt af hans aðalstörfum að mæta á þingi. Ef hann vill ekki mæta, eða hefur undanbrögð með það, þá verður hann heldur að

segja af sér embættinu, úr því að hann er þá ekki maður til þess.

Eg geng sem sagt út frá því sem sjálfsögðu, að þeim, sem skipaður verður ráðgjafi, sé bæði skylt og nauðsynlegt að mæta á þingi, og að hann mundi klífa þrítugan hamarinn til þess, enda þótt hann gæti borið fyrir sig álitleg forföll.

Hallgrímur Sveinsson: Það getur ekki annað en glatt mjög nefndina í þessu máli, að heyra það af hæstv. landsh., að hann viðurkennir að hún hafi leyst verk sitt svo af hendi, að útlit væri fyrir samkomulag í málinu við stjórnina; enda hafði nefndin alvarlegan vilja á því, að sníða af frv. þá agnúa, er stjórnin hefur bent á, að staðfesting þess séu til fyrirstöðu, og nefndin hefur nú í orðum hæstv. landsh. fulla tryggingu fyrir því, að henni hafi tekist þetta, svo að til samkomulags megi draga við stjórnina. En þess ber vel að gæta, að nefndin hafði það vandasama hlutverk, bæði að leita samkomulags við stjórnina, og fara þó ekki lengra en svo, að háttv. systurdeild vor og þjóðin í heild sinni mundi geta fylgt henni. Eg vona því, að bæði stjórnin og hæstv. landsh. skilji það, að þar sem nefndin sakir vilja stjórnarinnar varð að draga úr kröfum vorum og óskum að ýmsu leyti, varð henni hver úrdráttur sárari og sárari, þar sem hún einnig varð að líta til h. Nd., taka sem mest auðið var tillit til hennar, svo ekki væri útilokað, að málið kynni að fá einnig þar framgang. Þjóðin sjálf hefur og bæði augu og eyru opin fyrir því, hvað gerist, og verða þingm. því að hugsa sig vel um, og nema eigi það burtu úr frumv., er ekki var bein ástæða til að ætla, að yrði málinu til falls hjá stjórninni, og sem hún annars vegar vissi, að hefði þann hljóm, er næmur væri og viðkvæmur þjóðinni og tæki hana sárt. Eg hygg að þjóðinni þyki allmikið varið í þessi orð í frumv., að ráðgjafinn skuli skilja og tala íslenzka tungu enda þótt eg fyrir mitt leyti viðurkenni fúslega, að rök hæstv. landsh. eru góð og gild fyrir því, að engin nauðsyn beri til að láta þau standa í frumv. En þegar búið er að nema burtu úr frv. eigi að eins það, sem stjórnin hefur beinlínis bent á, að ekki megi standa þar, ef frumv. eigi að geta öðlast staðfestingu, — heldur einnig ýmislegt fleira, sem nefndin hefir næga ástæðu til að óttast, að mundi verða samþykki stjórnarinnar til fyrirstöðu, þótt það í sjálfu sér virðist ekki stórvægilegt, þá verður það ofur-skiljanlegt, þótt nefndin víli fyrir sér og sé óljúft að nema enn fleiri ákvæði burtu úr frumv., er hún gat ekki álitið nauðsynlegt að taka burtu. Eg vona því, að hæstv. landsh. skiljist það, að nefndin á bágt með að samþ. br.till. hans, og að það muni ekki verða til þess, að hann ekki gefi málinu hin mikilsverðu meðmæli sín. Annars vegar er það von nefndarinnar, að stjórnin líti svo frjálslega og með svo sanngjörnum augum á málið, að henni skiljist það, að þetta er oss að minsta kosti tilfinningaratriði. Nefndin hafði þá skoðun, að þótt þessum ákvæðum væri haldið í frv., stæði hún þó á hinum sama grundvelli, sem lagður er í frumv. því, er kom inn á þing 1897, og nefndin áleit sér skylt að byggja á þeim grundvelli, með því að stjórnin hefur lýst því yfir, að hún muni vera fús til samkomulags við þingið nú ekki síður en 1897 á þeim grundvelli. Eg get sjálfur fúslega játað, að ákvæði þetta sé óþarft í frv., en til er latneskur talsháttur er segir: „Superflua non nocent“, og þótt hann að sjálfsögðu hafi veika hlið, eins og aðrir talshættir, vona eg að hér megi heimfæra þetta — að vísu megi það óþarft kallast, en að stjórnin geti ekki talið ákvæðið að neinu leyti skaðlegt.

ATKVÆÐAGR.: 1. br.till. (142) frá ldsh. feld með 6 : 2 atkv.; 1. br.till. (122) frá nefnd samþ. með 8 atkv.; 2. br.till. (142) frá ldsh. feld með 6 : 2 atkv.; 1. gr.

samþ. með 8 atkv.; 2. br.till. (122) samþ. með 8 atkv.; 2. gr. samþ. með 8 atkv.; 3. br.till. (122) sþ. með 7 atkv.; 3. og 4. gr. sþ. með 8 atkv. hvor; 4. br.till. (122) sþ. með 8 atkv.; 5. gr. sþ. með 8 atkv.; 5. br.till. (122) sþ. með 7 : 1 atkv.; 6. gr. sþ. með 8 atkv.; 6. br.till. (122) sþ. með 8 atkv.; 7. br.till. (122) sþ. með 8 atkv.; 7. gr. sþ. með 8 atkv.; 8. br.till. (122) sþ. með 8 atkv.; 9. br.till. (122) sþ. með 8 atkv. Fyrirsögn sþ. með 8 atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 8 : 2 atkv.

Þriðja umr., 24. júlí (C. 170).

Jón Jakobsson: Af því að eg greiddi eigi atkv. um frumv. þetta þá er það var hér til 2. umr., og býst heldur ekki við að greiða atkv. fyrir því við þessa 3. umr., þykir mér óviðkunnanlegt að gjöra ekki grein fyrir ástæðum mínum fyrir því.

Frv. þetta, sem fengið hefir svo góðan byr hér í þessari h. þd. — það var sþ. með 8 samhlj. atkv. við 2. umr., að mig minnir — er í öllu verulegu sama frv., sem var hér fyrir h. Ed. 1897, og eftir mínum dómi sízt frjálslegra eða aðgengilegra, svo að ástæður mínar nú á móti frv. eru að miklu leyti hinar sömu sem þá. Eg skal þó geta þess, að eg held ekki svo stíft í ákvæði 61. gr. stjórnarskrárinnar, og get því felt mig við þá niðurstöðu, sem h. nefnd hefir komist að í breytingunum á henni. Mín skoðun er sem sé sú, að það, að stjórnin skuli vera skyldug til að leysa upp þingið, boða til almennra kosninga og stefna til aukaþings í hvert sinn, sem alþingi samþykkir breytingu á stjórnarskránni, að þetta sé vopn, sem eg efa að þreyti meira stjórnina heldur en þjóðina.

En annars vegar vil eg taka fram, að í frv. þetta vantar flest aðalákvæði þau, er tekin hafa verið upp í stjórnarskrárfrumv. þingsins undanfarið og þingsál. 1895, og sem þingið hefur jafnan kallað aðalatriði í þessu stjórnarskrárbreyt. máli. Þannig var á alþingi 1895 einmitt hér í h. Ed. með flestum atkv. samþ. þingsál.-till., þar sem tekið var fram, 1. að eigi verði borin upp í ríkisráðinu lög eða stjórnarathafnir, er snerta hin sérstöku málefni Íslands, 2. að sá maður, sem hafi hina æðstu stjórn á hendi, sé búsettur á Íslandi, og 3. að sérstakur dómstóll hér á landi verði skipaður til þess að dæma mál þau, er höfðuð kunna að verða gegn ráðgjafanum. En því miður hefir h. nefnd í þessu máli nú hér í Ed. eigi séð sér fært, að taka í þetta sinn þessi ákvæði til greina í frumv. sínu. Að sönnu fer frv. fram á það, að vér fáum sérstakan ráðgjafa, sem eigi hafi önnur ráðgjafaembætti á hendi og mæti á alþingi, og skal eg fúslega játa, að það er breyting til talsverðra bóta, en það þykir mér leitt, að öll þessi aðalatriði, sem eg hefi talið upp og fólgin eru í till. frá 1895, eru látin liggja fyrir utan þetta lagafrv. Og því leiðara þykir mér þetta, sem mér virðist, þegar eg les bréf ráðgjafans frá 26. maí þ. á., að stjórnin skoði það, að alþingi láti þessar aðalkröfur eitt sinn liggja óhreyfðar, sem vott um, að það slaki til í skoðunum sínum um stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu. Ráðgjafinn segir sem sé í nefndu bréfi, að í h. Ed. hafi að vísu verið samþ. hið prívata frv. án nokkurs ákvæðis um stöðu ráðgjafans gagnvart ríkisráðinu danska, en þetta, sem skoðast hefði getað sem tilslökun gagnvart skilningi stjórnarinnar, verði að álíta að mestu leyti þýðingarlaust, sökum þeirrar rökstuddu dagskrár, sem deildin samþykti þá um leið. Mér virðist í þessum orðum ráðgjafans liggja það, að ef alþingi samþykti frumv. líkt hinu fyrnefnda prívata frumv., þá slaki alþingi þar með til í kröfum þeim, sem það hefir gert áður, og gangi inn á skoðun stjórnarinnar um setu ráðgjafa Íslands í ríkisráðinu, og það er í sannleika ískyggilegur skilningur, sem alþingi Íslendinga ekki ætti að ala upp hjá

ráðgjafanum. Mér þykja einnig orðin í 2. málsgr. ráðgjafabréfsins (Stj.tíð. B. bls. 70) einkennilega óskiljanleg, þar sem hann finnur það að 2. gr. í frv. h. Ed. 1897, að hún sé svo orðuð, að hún komi í bága við 14. gr. grundvallarlaganna dönsku og að ríkisþing Dana geti samkvæmt þessari 2. gr. frv. ómögulega komið fram ábyrgð á hendur ráðgjafa Íslands. Eg fæ ekki skilið, hvernig þetta getur staðist; hvernig stjórnarskráin um hin sérstöku málefni Íslands á að geta hindrað, að ábyrgð verði komið fram á hendur ráðgjafanum af ríkisþinginu í hinum sameiginlegu málum, og alþingi hefir þó ekki hér um annað en sérmálin að fjalla. Mér virðist því þessi setning í ráðgjafabréfinu næsta óskiljanleg.

Eg get ekki varist þeirri hugsun, að ef frumv. þetta verður samþ. af þessari h. þingd. eins og það er nú, og síðan einnig samþ. af h. Nd. óbreytt og öðlast staðfestingu, — eg get eigi varist þeirri hugsun, segi eg, að þá yrði með því um óákveðinn tíma stöðvaður allur frekari framgangur stjórnarskrármálsins, því að víst er um það, að þjóðirnar hafa ekki stjórnarskrárskifti eins og menn hafa fataskifti. Þegar sú stjórnarskrárbreyting er komin á, sem hér er um að ræða, hygg eg að frá stjórnarinnar hálfu muni verða nokkurt íhald, að breyta ekki á ný á næstu þingum. Eg efast alls eigi um, að aðalbreyting sú, er frv. þetta gerir á stjórnarfari voru, það sem sé, að vér fáum sérstakan ráðgjafa, er mæti hér á þingi, sé eftir einlægri sannfæring margra manna hér á landi mjög stórt aukaatriði fyrir oss, og að menn munu gjöra sér all-glæsilegar vonir um samvinnu þá, er af því leiði, milli þings og stjórnar. Það er jafnan fallegt, að vera optimisti, en eg hygg þó, að þá er um stjórnarskrárbreyt. er að ræða, þá sé ekki úr vegi að vera dálítill pessimisti, því að ókomni tíminn getur margt borið í skauti sínu, sem ekki er hægt að sjá fyrir, og ýmislegt getur ráðist á annan hátt en búist hefir verið við. Í þessari breyting er það aðalmergur málsins, að flutt er hið útlenda óskerta ráðgjafavald inn á alþingi í 2 mánuði af 2 árum, 2 mánuði af 24 mánuðum, til þess að hafa áhrif á alþingi og til þess að alþingi hafi áhrif á það. Spurningin er því, hvor af þessum áhrifum verði sterkari. Eg er enginn spámaður og vil engu um það spá; en eigi getur mér dulist það, að eftir því sem öllu er háttað í stjórnarfyrirkomulagi voru, mun ráðgjafinn fá mjög sterk „tromp“ á höndina gagnvart þinginn. „Devide et impera“ (deildu og drotnaðu), segir latneskur talsháttur, og það hefir stjórnarskrá vor að nokkru leyti gert, með því að skifta meðferð valdsins á tvennar hendur, ráðgjafans í Kaupmannahöfn og landshöfðingjans yfir Íslandi; en eftir þessu nýa frumv. yrði valdið og meðferð þess aðallega eða því nær eingöngu í höndum hins erlenda ráðgjafa. Og eg get ekki varist þeirri hugsun, að ráðgjafi, sem er búsettur erlendis 22 mánuði af hverjum 24 mánuðum, muni verða fyrir meiri áhrifum danskrar stjórnar og danskra hagsmuna, heldur en ef hann væri búsettur hér á landi. Vér höfum nú dálítinn vísi til heimastjórnar, þar sem landshöfðingjadæmið er, en eg þykist vera þess viss, að sá vísir muni ekki vaxa, þá er frumv. þetta er orðið að lögum. Eg get því eigi annað en litið nokkkuð efablöndnum augum á frumv. frá því sjónarmiði.

Á hinn bóginn skal eg kannast við það, að barátta vor við hina útlendu stjórn og sú innbyrðis barátta, sem henni er samfðra, hefir svo óheillavænleg áhrif fyrir alt þjóðfélag vort og viðgang þess, að eg vildi leggja talsvert í sölurnar til þess, að á þessari baráttu yrði hlé, þótt ekki væri meira en nokkur ár. Eg þarf ekki að lýsa áhrifum og afleiðingum baráttunnar; þær eru öllum kunnar. Fyrir því er það

svo, að þó að eg muni nú greiða atkv. á móti frv. þessu, segi eg alls ekki, að eg muni verða á móti því, ef það kæmi hingað aftur frá h. Nd. með verulegum breytingum til bóta, en sem þó væru þess eðlis, að mjög miklar líkur eða því nær vissa væri fyrir, að það gæti öðlast staðfestingu. Hitt teldi eg ranga pólitík, að heimta mjög lítið og slá freklega af kröfunum og vera þó allsendis óviss um, að frumv. öðlaðist staðfestingu. Og áherzlu vil eg leggja á það, að frv. þetta verði svo úr garði gjört af þingsins hálfu, að ekki sé óvænlegt um, að það geti öðlast staðfestingu. Það mundi eg telja þýðingarmikið atriði, ef sú breyting yrði gjörð á fyrirkomulagi h. Ed. t. a. m., að þjóðkjörnir þm. yrðu þar 9. Það væri þýðingarmikið atriði fyrir stöðu h. Ed. gagnvart ráðgjafanum. Og væri sú breyting í boði, mundi eg skoða vandlega huga minn um það, hvort eg yrði ekki með frv. H. Ed. var nýlega sjónarvottur að því, að ekki þarf mikið til þess, að þjóðkjörnir hér í h. Ed. verði ofurliði bornir. Við það, að einn þjóðkjörinn fær tannpínu deyr kjörgengi kvenna, og svo getur farið með önnur og þýðingarmeiri mál. Eins er það, að ef ráðgjafi kemur og mætir hér á þingi, má ganga út frá því sem vísu, að hann muni að jafnaði hafa fylgi hinna konungkjörnu þingm. í kappsmálum sínum; en kæmi svo fyrir, að einhver þeirra fylgdi honum ekki að málum eitthvert þing, mundi hann víkja honum úr sessi við næsta kjörtímabil. Eg fæ því eigi betur séð, en að alþingi, að því er Ed. þess snertir, stæði á of veikum fótum gagnvart ráðgjafa og stjórn, ef engin breyting yrði gerð á fyrirkomulagi hennar.

Eg skal svo eigi fara fleirum orðum nú um þetta mál. Eg hefi leitast við að tala með þeirri stillingu og alvöru um þetta mál, sem því sæmir, því að eg hefi eigi ætlað mér að kveikja neinar deilur um það í háttv. deild.

Guttormur Vigfússon: Af því að eg greiddi atkvæði móti frumv. þessu við 1. og 2. umr. þess, og sjálfsagt við þessa 3. umr. líka, þá álít eg mér skylt að gera stutta grein fyrir atkvæði mínu. Eg get því fremur verið fáorður um málið, sem eg í aðalatriðunum felst á og get skrifað undir flest það, sem h. þingm. Skagf. (J. Jak.) tók fram í ræðu sinni. Eg ætla mér alls ekki að fara að rekja frumv. lið fyrir lið eða þrátta um, hvað vér mundum vinna eða tapa við að fá þær breytingar á stjórnarfyrirkomulagi voru, sem frv. fer fram á, og það því síður, sem mér miklu færari menn hafa deilt um það og ekki getað orðið sammála um það. Slíkt mundi því ekki verða annað en óþarfaendurtekning, sem enga þýðingu hefði fyrir málið. Eg ætla t. d. ekki að fara að þrátta um það, hver líkindi eru til, að stjórnin yrði svo miklu kunnugri högum vorum, ef ráðgjafinn kæmi hingað til landsins annaðhvort ár og sæti tveggja mánaða tíma hér á þingi, né heldur hvaða þýðingu það ákvæði hefði í framkvæmdinni, að ráðgjafinn skuli bera ábyrgð á allri stjórnarathöfninni, í staðinn fyrir, eins og nú er, á því einu, að brjóta ekki stjórnarskrána.

En það var eitt atriði, sem eg ekki gat fallist á hjá h. þm. Skagf. (J. Jak.) og sem eg verð að minnast á með fám orðum, nefnilega breyt. á 61. gr. Honum er ekki sárt um, þó þessi grein sé feld úr stjórnarskrá vorri, og h. framsm. (Sig. Stef.) hélt þeirri skoðun fram við 2. umr., að hún sé þýðingarlaus og gagnslaus. En af því að eg hefi aðra skoðun á þessu atriði og held upp á 61. gr., þá verð eg að fara um það fáum orðum. Þegar frumv. á síðasta þingi kom fyrst fram í Nd., þá voru í því sömu ákvæði sem nú um breytinguna á 61. gr.; um breytingu þessa var þá töluvert rætt bæði utan þings og innan, og voru flestir henni þá svo andstæðir, að ekki þótti koma til mála að

samþykkja hana. Eg man vel eftir því, að þá var því haldið fram, að stjórnin af umhyggju fyrir peningahagsmunum vorum vildi fella grein þessa úr, til þess að vér gætum komist hjá að eyða stórfé til aukaþinga, þegar stjórnin ekki vildi styðja frumv. um breyting á stjórnarskránni.

Til þess þá að gera vilja stjórnarinnar kom meiri hluti þingsins sér saman um að breyta ekki 61. gr., en í þess stað breyta þannig 8. gr. stjórnarskrárinnar, að ekki væri skylt að stefna saman aukaþingi, þó þingið samþykti frv. til breytingar á henni; en bréf ráðgjafans sýnir oss nú mjög glögt, að það var ekki meining stjórnarinnar að koma í veg fyrir óþarfa peninga-eyðslu við aukaþing, heldur hitt, eins og hún segir, að koma í veg fyrir þann undirróður og æsingar, sem nýar kosningar og aukaþing hafa í för með sér. En hvað meinar h. stjórn með þessum orðum „undirróður og æsingar“? Mér þykir það skrítin orð. Það þarf ekki að fylgja neinn undirróður og æsingar með nýum kosningum; heldur glæða þær pólitiskt líf; en ef stjórnin telur það undirróður og æsingar, þá er ekki ólíklegt, að hún vilji koma í veg fyrir það. Í öðru lagi tók h. framsm. (Sig. St.) það fram við 2. umr., að verkin sýndu merkin, hve dauðans litla þýðingu þetta ákvæði hefði, og að við hefðum reynslu fyrir því frá undanfarandi þingum, en eg veit ekki til að við höfum minstu reynslu fyrir oss í þessu efni; við höfum nefnilega aldrei notað ákvæði þessarar 61. gr. á þann hátt, að reynsla hafi fengist fyrir, að hverju gagni hún hefði mátt verða; við höfum að eins tvisvar síðan 1885 getað orðið svo sammála í stjórnarskrármálinu, að komið hafi til aukaþings; en jafnfljótir höfum vér verið til að breyta út af rás vorri og breyta til í ýmsar áttir. En á meðan svo er, getum vér ekki búist við, að stjórnin hafi virðingu fyrir stjórnarbaráttu vorri. Eg hef þá föstu trú, að einmitt það, sem stjórnin kallar „undirróður og æsingar“, mundi í vorum höndum, ef vér værum allir á eitt sáttir, ekki einu sinni, heldur ár eftir ár, verða til þess, að stjórnin en ekki þjóðin yrði þreytt á baráttunni; stjórnin mundi þá frekar „respektera“ framkomu vora, og fremur láta undan kröfum vorum. Ef nú þessi breyting nær fram að ganga, þá getum ver aldrei látið stjórnina vita vilja vorn nema einu sinni; stjórnin gæti þá að eins sagt: Þið verðið að gera svo vel og þegja, því eg sinni ekki málinu, og einmitt þessi þurra neitun mundi þreyta þing og þjóð fyrri en mörg aukaþing.

Eins og eg tók fram áður, þá eru margir fleiri agnúar á frv., sem gera það að verkum, að eg ekki get greitt atkvæði með því, þótt eg á hinn bóginn gjarnan vildi óska, að mál þetta yrði sem fyrst á enda kljáð, en vel að merkja á þann hátt, sem eg gæti álitið viðunanlegan; og ekki þokaði oss fremur aftur á bak en áfram í sjálfstjórnarbaráttu vorri.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Það eru að eins fáein orð út af ræðum h. þm., h. þm. Skagf. (J. Jak.) og 2. þm. S.-Múl. (Gutt. V.).

Það gladdi mig mikið að heyra, hve stillilega og hógværlega h. þm. Skagf. (J. Jak.) talaði um þetta mál, en þar sem þm. ekki fyllilega gat verið nefndinni samdóma í öllum atriðum, þá skal eg játa, að mig furðar alls ekki á því, eftir því sem hann leit á þetta mál 1897. Eg skal líka taka það fram, að það gladdi mig að heyra, að þingm. viðurkennir, að með þessu frumv. sé töluverð umbót fengin á því stjórnarfyrirkomulagi sem nú er, sérstaklega að því er snertir sérstakan ráðgjafa fyrir Ísland og þingsetu hans. Yfirhöfuð virtust mér skoðanir þingm. mjög svipaðar þeim skoðunum, er nefndin hefir á öllu þessu máli. Það sem þm. helzt taldi frv. til foráttu, var, að sjálfstjórnarkröfur vorar væru ekki nægilega teknar

til greina í frumv., og er það alveg rétt, og eg get lýst því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að hún er á sama máli um það, að sjálfstjórnarkröfur vorar séu hvergi nærri uppfyltar, þótt þetta frumvarp yrði að lögum, og að hún efalaust hefði gengið miklu framar í kröfum sínum, ef hún hefði álitið, að það leiddi til nokkurs árangurs; en þar sem menn annars vegar verða að játa, að þær umbætur, sem í frv. liggja, séu verulegar og geti orðið til mikils gagns fyrir land og þjóð, og hins vegar, að þetta eru þær einu umbætur, sem fáanlegar eru og hinn málsaðilinn í þessu máli, stjórnin, hefir lýst því yfir, og það nú síðast í ár, í ráðgjafabréfinu 26. maí, að þetta séu þær einu endurbætur, sem hún geti gengið að, — þegar svona er ástatt, og þetta hvorttveggja er athugað, þá gat nefndin ekki annað en ráðlagt h. deild til að taka á móti þessum einu fáanlegu um bótum, er þó verða að teljast töluvert þýðingarmiklar.

Háttv. þm. (J. Jak.) óttaðist að stjórnin mundi skoða þetta frv., væri það samþ., sem tilslökun frá þingsins hálfu og að það játaði skoðun stjórnarinnar á stöðu ráðherrans gagnvart ríkisráðinu og ríkisþinginu rétta að vera. En um þetta er eg alls ekki hræddur. Það er á engan hátt hægt að draga út úr orðum eða anda frv. nokkra játning frá þingsins hálfu í þessa átt. Það hreyfir ekkert við þeirri spurningu, hvort seta ráðherrans í ríkisráðinu sé lögmæt eða ekki, og að því leyti stöndum vér alveg eins gagnvart þeirri stjórnarvenju eins og hingað til; sá hnútur er óleystur eftir sem áður og nefndin hefir hvorki talið það sitt færi né sitt hlutverk, að leysa þennan hnút, en hitt duldist henni ekki, að með því að setja ákvæði um það atriði inn í frumv., líkt og Nd. gerði 1897, þá hefði alþingi með því sett þann slagbrand í veginn, sem girti fyrir, að nokkrar umbætur fengjust. Eg fæ því ekki betur séð, en að deilurnar um ríkisráðssetu ráðgjafans geti legið algerlega fyrir utan þetta mál, og á framgang málsins hafa þær alt annað en góð áhrif. Hvaða skilning stjórnin hefir á þessu atriði kemur oss í rauninni alls ekkert við; hún hefir sína skoðun og við okkar. Hér er aðeins farið fram á örfáar breytingar á hinni núgildandi stjórnarskrá, sem ekkert hreyfir við þeirri stjórnarvenju, sem hingað til hefir viðgengist í þessu efni og hvorki játar eða neitar réttmæti hennar. Síðan 1874, að við fengum stjórnarskrá vora, hefir ráðgjafi Íslands setið í ríkisráðinu og við höfum orðið að búa undir því, hvort sem okkur hefir líkað betur eða ver, en dettur nokkrum í hug, að við með því höfum játast undir þessa praxis? Eg hygg ekki. Og þar sem þetta frv. hreyfir ekkert við þessari praxis, þá liggur spurningin alveg óbreytt eftir sem áður, þótt frumv. þetta yrði að lögum.

Háttv. þm. (J. Jak.) sagði, að sér fyndust orðin í 2. málsgr. ráðgjafabréfsins (bls. 70) einkennilega óskiljanleg, þar sem ráðgjafinn finnur það að 2. gr. í frv. Ed. 1897, að hún sé svo orðuð, að hún komi í bága við 14. gr. grundvallarlaganna dönsku og að ríkisþingið geti samkvæmt henni ómögulega komið fram ábyrgð á hendur ráðgjafa Íslands. Mér finnast þessi orð alls ekki einkennilega óskiljanleg, heldur þvert á móti vel skiljanleg. Með því að ákveða, að ákæruvaldið skuli vera hjá konungi einum og alþingi, eins og frv. Ed. 1897 gerir, þá er með því útilokað, að ríkisþingið geti kært ráðgjafann og látið hann sæta ábyrgð. Þessu getur stjórnin ekki gengið að, og get eg fyrir mitt leyti vel skilið í því; það getur sem sé hugsast, að ráðgjafinn gengi út fyrir réttarsvæði það, sem sérmálum Íslands er afmarkað með stjórnarskránni, og inn á réttarsvæði hinna dönsku grundvallarlaga, og því er það alls ekkert undarlegt, að hann geti sætt ábyrgð frá hálfu ríkisþingsins; eg veit að háttv. þm. Skagf. (J. Jak.)

muni játa það með mér, að grundvallarlögin gildi eins fyrir Ísland eins og aðra hluta hins danska ríkis í hinum almennu málum, og önnur er ekki meining stjórnarinnar að því er þetta atriði snertir.

Þm. (J. Jak.) taldi líklegt, að allur frekari framgangur stjórnarskrármálsins mundi stöðvast, yrði frv. þetta að lögum; má vera að hlé yrði á stjórnarmálsbaráttunni; en það get eg ekki talið neinn skaða; þvert á móti. Verst af öllu væri, að halda áfram þeirri baráttu, sem allir hlytu að vera vonlausir um, að leiddi til nokkurra bóta á stjórnarfyrirkomulaginu, eins og því miður hefði átt sér stað nú upp á síðkastið.

Við getum, eins og þm. tók fram, búist við, að hlé verði á stjórnarbaráttu vorri um nokkurn tíma, ef þetta frv. nær fram að ganga; en hve lengi þetta hlé stendur yfir, er ekki hægt að segja. Reynist það svo, að þessar umbætur verði til verulegra bóta fyrir þjóðina, þá verður hvíldartíminn vonandi langur, og held eg enginn þurfi að iðrast þess; en fari aftur á móti svo, að umbætur þessar reynist gagnslausar eða veigalitlar, þá mun það fljótt koma í ljós, að þing og þjóð mun reyna að fá einhverjar stærri og verulegri breytingar á stjórnarskrá vorri lögleiddar. En hvernig sem þetta fer, og um það getur enginn sagt neitt með fullri vissu, þá verð eg, eins og nú stendur á, að telja það stórt happ, ef málið yrði leitt til lykta á þann hátt, sem frv. fer fram á. Að tala um frekari kröfur nú, er sama sem að halda baráttunni áfram um óákveðinn tíma, án nokkurrar vonar um sigur, og þá baráttu legg eg sannarlega nauðugur úti. — Þm. sagði að menn væri í stjórnarmálum, sem öðru, annaðhvort optimistar eða pessimistar, og að hvorttveggja gæti verið vont, en að öllu hættulegra væri að vera optimisti um of, einkum er um stjórnmál er að ræða. Eg get verið þm. samdóma um það, að menn eigi helzt að hafa nokkuð af þessu hvorutveggja, og að verst gegnir að vera annað af þessu um of; en það verð eg að segja, að svo mikill optimisti er eg hvað þetta mál snertir, að eg miklu heldur kýs að fá það, sem eg held að verði til umbóta, þótt órækjandi vissa sé ef til vill ekki fyrir því, heldur en að halda áfram þessari baráttu, sem fyrirsjáanlegt er að ekki hefir minsta árangur, ekki þokar sjálfstjórnarmáli voru vitund áleiðis, en kostar oss of fjár.

Háttv. þm. taldi efasamt, hvort þingið mundi hafa meiri áhrif á ráðgjafann en hann á það, og hélt því fram, að, þar sem ráðgjafinn hefði svo stutta dvöl hér, aðeins 2 mánuði annaðhvort ár, þá gæti áhrif þingsins á hann varla orðið sérlega sterk. Það. kann vel að vera, að vandséð sé, hvort áhrif þingsins á ráðgjafann eða hann á það verði sterkari; en svo mikið er víst, að áhrif þingsins hljóta þó ætíð að verða meiri en nú, þar sem þinginu gefst ekki kostur á að tala eitt einasta orð við ráðgjafann, er alla tíð situr úti í Kaupmannahöfn og aldrei stígur fæti á þetta land. Alt hið þýðingarmesta og markverðasta, sem gjörist í löggjafar- og stjórnmálum vorum, getur þó ráðgjafinn séð með eigin augum, enda þótt dvöl hans hér yrði að eins stutt. Þetta er mjög mikill mismunur og á því, sem nú er, og eg verð að leggja afarmikla áherzlu einmitt á þetta, að þingmönnum gefst kostur á að tala við ráðgjafann, heyra álit hans og tillögur, og hafa áhrif á þær. Á þessu höfum vér engan kost átt hingað til, og verð eg að telja það eitt stærsta meinið í stjórnarfyrirkomulagi því, sem sett var á fót með stjórnarskránni 1874.

Háttv. þm. Skagf. talaði einnig um, að við hefðum vísir til heimastjórnar í landshöfðingjadæminu, sem að mundi skerðast við þetta frv. Já, eg skal játa að í landshöfðingjadæminu er að sönnu ofurlítill vísir til heimastjórnar; en þessi vísir er svo sárlítill, og það sem verra er, að

reynslan er búin að sýna okkur, að þessi vísir verður aldrei fullþroskað ber. Það hefur svo þráfaldlega komið fyrir, að landshöfðingi hefur ekki getað sagt þinginu vilja stjórnarinnar vegna þess, að hann hefir ekki getað borið sig saman við hana, og að tillögur hans hafa verið virtar að vettugi, og jafnvel þá helzt, þegar þær hafa farið í sömu átt og óskir þings og þjóðar. Eg skal ekki nefna neitt einstakt dæmi, því eg veit að það er óþarfi, þar sem þingmenn munu þekkja mörg. Eg vona að allir verði mér samdóma um það, að landshöfðingjavaldið geti eftir eðli sínu aldrei orðið til nokkurrar tryggingar fyrir heimastjórn á Íslandi.

Þm. gat þess í ræðu sinni, að það gæti vel verið að hann mundi gefa frv. atkvæði sitt, ef gerð væri veruleg breyting á því, t. d. ef tala þjóðkjörinna þingmanna væri færð upp í 9. Hvort heppilegt sé að fara fram á þessa breytingu nú og hvort hún ekki gæti orðið frv. að falli hjá stjórninni, skal eg ekkert um segja, enda hefi eg ekkert hugsað þetta atriði; en eg verð að lýsa því yfir, að það gleður mig að heyra, hvað þm. yfir höfuð hefir tekið betur undir þetta mál en eg gat búist við, eftir því sem hann leit á það 1897. Eg skal taka það fram að sérstaklega gladdi það nefndina, að þm. var á sama máli um 61 gr. og hún. — Í sambandi við þetta skal eg leyfa mér að snúa nokkrum orðum að h. þm. S.-Múl. (G. V.) Mér finst það nokkuð djarft tekið til orða hjá háttv. þm. að segja, að við höfum enga reynslu fyrir nytsemi 61. gr., þar sem þm. þó veit að við höfum verið að berjast fyrir því að fá breyting á stjórnarskránni og því haft stöðugt færi á að hagnýta oss réttindi þau, er 61. gr. veitir oss, og þm. telur svo mikilsverð. En hvað höfum vér svo haft upp úr hlynnundunum, sem þessi grein veitir oss? Minna en ekki neitt. Árangurslaus aukaþing og ekkert annað. H. þm. tók það fram, að vér hefðum sýnt svo mikinn hringlanda og staðfestuleysi í þessu máli, og með því spilt fyrir góðum árangri. En skyldi það ekki einmitt vera þessi grein, sem átt hefur nokkurn þátt í að koma á stað öllum glundroðanum hjá okkur sjálfum? Jú, 61. gr. er einmitt að miklu leyti orsök í því, hvað mikil brögð hafa verið að ósamþykki okkar sjálfra í stjórnarskrármálinu og þannig átt mikinn þátt í, að okkur hefir ekkert miðað áfram eftir þessa 15 ára baráttu. Eg hefi heyrt málsmetandi menn kalla aukaþingin sanna landplágu. Hin árangurslausu aukaþing, sem stefnt hefur verið til hvað eftir annað, þrátt fyrir það, þótt engin von væri um nokkurn árangur af þessu, hafa þreytt þjóðina og gjört hana hikandi í þessu máli; henni hefir óað við því að kasta hvað eftir annað út tugum þúsunda króna allsendis árangurslaust. Eg vil nú ekki við hafa það orð um þing þjóðarinnar en það verð eg að segja, að mér finst það vera landplágu næst, að eyða á þann hátt sem gert hefir verið fé og kröftum þessarar fátæku þjóðar, því það verður ekki annað sagt en að þeim peningum, sem aukaþingin hafa kostað þjóðina, hafi gjörsamlega verið kastað í sjóinn. Mundi nokkur álíta það vel farið með fé, ef eg tæki 25,000 kr., gengi niður á bryggju og henti þeim í sjóinn? Það mundi fremur álitið óðs manns æði, en hyggins manns háttur; — en alveg hið sama verður maður að segja að hafi verið gert við fé það, sem aukaþingin hafa kostað okkur, þegar litið er á, hver árangurinn hefir orðið fyrir sjálfstjórnarmál vort.

Eg finn ekki ástæðu til að fjölyrða frekara um þetta mál að sinni, en vona, að háttv. deild sýni frv. þá sömu velvild nú við 3. umr. eins og hún sýndi því við 1. og 2. umr.

Jón Jakobsson: Það er að eins örstutt athugasemd út af orðum h. 1. þm. Ísf. (S. St.).

Eg ímynda mér, að lítið sé unnið við það, þótt við förum að þjarka hér í deildinni um málið, en eg vil að eins leiðrétta það, sem mér fanst þingm. rangfæra orð mín í byrjun ræðu sinnar. Hann sagði, að eg hefði talið það sérlega þýðingarmikla bót (Sig. Stefánsson: „Eg sagði töluverða"), að sérstakur ráðgjafi væri skipaður fyrir Ísland. en eg verð að taka það fram, að eg get ekki álitið þetta neina grundvallaratriðabót. Enn fremur hefir þingm. misskilið orð mín út af 1. gr. frv. '97, eins og eg væri hræddur um, að við með því að andæfa ekki setu ráðgjafans gæfum samþykki okkar til þess skilnings, sem stjórnin hefir haft á ríkisráðssetu ráðgjafans; en það var alls ekki mín meining. Það sem eg var óttasleginn fyrir, var það, að stjórnin mundi líta svo á, sem þingið gengi þegjandi inn á skilning hennar á ríkisráðssetu ráðgjafans, og að þannig gæti skapast hættulegur „præcedens" fyrir eftirkomandi tíma. Stjórnin gæti fleygt því framan í okkur, að þingið '99 hefði ekki nefnt þetta á nafn með einu orði, en þegjandi tekið á móti þeim umbótum, sem stjórnin hefði boðið, og þar hefði ekki verið hreyft við setu ráðgjafans í ríkisráðinu með einu orði. Eg álít af þessum ástæðum spursmál um, hvort ekki væri heppilegt, að þingið léti á einhvern hátt í ljósi, að það héldi fast við hina fyrri skoðun sína á sambandi Íslands og Danmerkur. — Það var þessi framtíðarótti, hvernig stjórnin mundi líta á þetta verk vort, sem eg bar fyrir brjósti, en alls ekki hitt, að mér kæmi til hugar, að þingið sjálft eða nokkur þingm. áliti, að það hefði slakað til í ríkisráðsatriðinu með því að ganga fram hjá því að þessu sinni.

Landshöfðingi: Það eru að eins nokkur orð, sem eg vildi mæla í tilefni af hinum síðustu orðum h. 1. þm. Skagf. (J. Jak.).

Eg held eg geti örugt lýst því yfir sem fulltrúi stjórnarinnar, að þetta þing, sem nú er saman komið, geti ekki skuldbundið neitt síðara þing, og þó að þetta þing eða stjórnin legði einhvern skilning inn í frv., sem ekki er bygður á beinum orðum þess, þá eru eftirfarandi þing engan veginn skyld til að skilja það á sama veg. Það er líka alveg að ástæðulausu, að menn eru hræddir við, að þingið með því að samþykkja þetta frumv. afsali sér óbeinlínis neinum kröfum eða réttindum, og skal eg skýra það með einu dæmi. Árið 1873 fól þingið konungi að gefa landinu stjórnarskrá, eins frjálslega og hentuga og unt væri. Þetta var gert alveg skilyrðislaust af þingsins hálfu og án þess það áskildi sér að halda óskertum nokkrum kröfum eða réttindum. Það hefði nú verið eins hægt að segja, að þingið með þessu hefði afsalað sér öllum kröfum og réttindum, sem þjóðin taldi sig hafa eftir „gamla sáttmála", eða öðrum sönnum eða ímynduðum kröfum, en eg veit ekki til, að stjórnin hafi nokkurn tíma lagt þann skilning í bænarskrá þingsins 1873.

Eg get ekki séð, að hægt sé að draga annað út úr frv. eða leggja annað inn í það en það, sem það segir hreint og beint, og hér þarf ekki að nefna og er ekki heldur með einu orði nefnd á nafn seta ráðgjafans í ríkisráðinu. Þingið segir ekki annað en að það vilji taka á móti þessum umbótum, sem það getur fengið, án þess að gefa nokkuð í skyn um, hvort það sé ánægt með þær og falli frá frekari kröfum eða ekki. Að draga jafnmikið út úr þessum ummælum, eins og þingm. var hræddur um að stjórnin mundi gera, álít eg að öllu leyti óleyfilegt, og eg verð því að ráða þeim þingm., sem óska að frumv. óðlist samþykki stjórnarinnar, til að samþykkja frv. óbreytt, eins og það kom frá nefndinni.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 7 : 3 atkv. og afgreitt síðan til Nd.

Amtsráðsfundarstaður.

FRUMVARP til laga um breyt. á 48. gr. í tilskipun 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi (C. bls. 99); 1. umr., 5. júlí.

Júlíus Havsteen: Ákvæðin í sveitarstjórnarlögunum, sem með frv. þessu er farið fram á að breyta, eru þau, að þar er ákveðið, að stefnustaður amtráðsins sé amtmannssetrið, ef það er innan takmarka amtsins; að öðrum kosti ákveði amtmaður stefnustað í sjálfu amtinu. En hér er farið fram á, að amtmaður í vesturamtinu geti með leyfi amtráðsins sjálfs ákveðið fundarstað þess í Reykjavík. Á fundi amtráðsins í fyrra á Ísafirði komu fram óskir um, að þessi breyting yrði gerð, að heimilað yrði að halda amtráðsfund vesturamtsins hér í Reykjavík, og þær ástæður færðar fyrir, að hingað væri amtráðsmönnum hægast að safnast og hingað ættu amtráðsmenn oftast erindi hvort sem væri, og þriðja lagi væri það ódýrast fyrir jafnaðarsjóðinn. Eg hefi því farið fram á þessa breytingu við landshöfðingjann og hann hefir tekið því máli vel og flutt það við stjórnarráðið, og er svo frv. þetta komið fyrir þingið.

Eg álít ekki þörf að skýra málið frekara, en leyfi mér að óska að frv. fái að ganga til 2. umr. og svo leið sína gegn um þingið.

ATKV.GR. Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 7. júlí.

ATKV.GR.: Frv.-greinin samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. með 9 atkv. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 10. júlí.

ATKV.Gr.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Sjávarháskaráðstafanir.

FRUMVARP til laga um dag- og næturbendingar á íslenzkum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir er skip rekast á (C. bls. 56); 1. umr., 7. júlí.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 10. júlí.

Þorkell Bjarnason: Í 2. gr. frumv. er það tekið fram, að þá er skip rekast á, skuli hvor skipstjóri skyldur til að skýra frá nafni skips síns og heimili og frá þeim stað eða höfn, er það kemur frá og er það ætlar til. Eg hefði betur kunnað við, að hann ætti líka að skýra frá sínu nafni og heimili. Ef hann ekki er skyldur til að gera það eftir lögunum, gefur hann, ef til vill, ekki um að gera það. Hafi hann við skipsárekturinn unnið eitthvað hegningarvert, þá getur hann komist undan eða strokið, og viti menn ekki nafn hans og heimili, getur orðið, ef til vill, erfiðara að hafa upp á honum. Mér virðist vera betra, að gera honum að skyldu að skýra frá nafni sínu og heimili. Eg hefi því hugsað mér að koma fram með breyt.atkv. um þetta atriði við 3. umr. málsins, ef eg gæti fengið 2 þingmenn með mér til að styðja það.

Landshöfðingi: Eg fyrir mitt leyti álít ekki þörf á þeim viðauka, sem háttv. 6. kgk. þm. vildi bæta inn í frv. Það sem mest er undir komið, ef skip rekast á, er að menn viti, hver skipin eru. Ef um það er að ræða, að skip, sem orðið hefir fyrir tjóni, fái skaðabætur, þá er það skipið, sem rakst á það, en ekki skipstjórinn, sem mest er undir komið að fá að vita um. Og í annan stað, ef skip hefir orðið fyrir tjóni af öðru skipi, sem rekist hefir á það, þá geta eigendur þess, ef þeir vita, hvaða skip það er og hvaðan það er, líka hæglega fengið að vita, hver skipstjórinn er. Því er svo varið með skipskráningar nú, að það er altaf hægt að fá upplýsingar um, hver skipstjórinn er, ef menn vita, hvert skipið er. Fari svo, að skip rekist á, þá þurfa eigendur

þess skips, sem tjón hefir beðið, ekki að vita nafn skipstjóra þess skips, er rakst á það; ef þeir vita skipsnafnið, geta þeir altaf fengið upplýsingar um nafn skipstjórans. Þegar svo ber við, að skip rekast á, getur maður ekki búist við löngum samræðum milli skipstjóranna; þær munu venjulega stuttar.

Eg álít því óþarfa að bæta inn í þessu ákvæði um nafn skipstjóra og heimili, en nægilegt að vita skipsnafnið. Það færi ekki vel á, að vér Íslendingar færum að setja nánari ákvæði viðvíkjandi þessu atriði en bæði Danir og aðrar þjóðir. Ef þau eru álitin nægileg, bæði fyrir Dani og allar aðrar þjóðir, þá ættu þau líka að vera nægileg fyrir oss Íslendinga; við erum ekki svo miklir siglingamenn.

Þorkell Bjarnason: Eg felst á það, sem hæstv. landshöfðingi tók fram viðvíkjandi þessu atriði; eg get þess vegna fallið frá breytingarákvæði því, er eg fór fram á. En það er samt svo, að þá er menn gera eitthvað, sem þeir ekki ættu að gera, að þá mun fyrst, er rannsókn er hafin, spurt um nafnið. Í 2. gr. frumv. er gert ráð fyrir, að skipstjóri geti unnið til fangelsis og sekta, og þess vegna fanst mér að þetta ákvæði um nafn hans og heimili hefði gjarnan mátt standa í lögunum. En af orðum hæstv. landsh. sannfærðist eg um, að það sé ekki nauðsynlegt að bæta þessu ákvæði við, og fell eg þess vegna frá breytingarákvæði mínu.

Hallgrímur Sveinsson: Eg skal leyfa mér að gera stutta athugasemd viðvíkjandi nokkrum smáatriðum að því er málið snertir á frv. þessu, og mér þætti fara betur á að breyta. Í þriðju síðustu línu fyrstu greinar stendur: „Sömu refsing sætir sá skipstjóri, er notar eða sýnir bendingar þessar á þann hátt, er skipinu er boðið að gera það á í sjávarháska". Mér finst fara betur á að sleppa orðunum „það á"; enda felst það í orðinu „sem".

Í öðru lagi hefi eg rekið mig á prentvillu í næstsíðustu línu fyrstu greinar. Þar stendur sem sé „biðið hafa tjón", í staðinn fyrir „beðið".

3. Í síðustu línu í fyrstu málsgrein annarar greinar stendur: „frá þeim stað eða höfn, er það kemur frá og er það ætlar til". Það er að vísu ekki alls kostar rétt að segja um skip, að það ætli þangað eða hingað, en mun þó vera orðin málvenja, svo að eigi sé ástæða til að meinast við því. En orðin „er það" eru efalaust óþörf og gera málið stirt, svo að réttast er að fella þau burt.

Að öðru leyti hefi eg ekkert að athuga við frv. Eg geri ráð fyrir því, að efni þess sé á góðum rökum bygt. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um það að þessu sinni; enda ber eg ekki skynbragð á slíka hluti; en áskil mér að koma fram með breytingaratkvæði til að laga málgalla þá, sem eg nefndi, við 3. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. í e. hlj.; 2. gr. sþ. í e. hlj.; 3. gr. frv. sþ. í e. hlj.; Fyrirsögnin sþ. í e. hlj. Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 17. júlí (C.bls.56 og þgskj. 39).

Hallgrímur Sveinsson: Eg skal að eins leyfa mér að benda á, að breyt.till. þær, er standa á þingskjali 39 frá mér og 2 öðrum þingmönnum, eru að eins orðabreytingar, sem lúta að því, að laga málið, en eru ekki efnisbreytingar. Eg finn því enga ástæðu til að fara fleirum orðum um þær, en óska að eins, að frv. verði samþ.

ATKV.GR.: 1. brtill. á þskj. 39 sþ. í e. hlj.; 2. brtill. á þskj. 39 sþ. í e. hlj.; brtill. á sama þskj. sþ. í e. hlj. Frv. með breytingum sþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Löggilding Suðureyrarmala.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar að Suðureyrarmölum í Ísafjarðarsýslu (C. 57); 1. umr., 14. júlí.

Hallgrímur Sveinsson: Frv. þessu fylgja

engar skýringar, og eg er ekki svo fróður, að eg viti um ástæður fyrir því, hvernig hagar til á þessum stað og hver nauðsyn er á þessari löggildingu. Það er óneitanlega farið að verða nokkuð mikið um þessar löggildingar. Sú athugasemd var einhvern tíma gerð á þingi út úr þessum löggildingamálum, að einfaldara og óbrotnara væri að ákveða í einu einasta frumv., að allar víkur og vogar umhverfis Ísland skyldu vera löggilt. Þetta þótti þá ofhermt; en mér getur ekki betur sýnst en að takmark þetta sé nú farið að nálgast æðimikið með öllum þeim löggildingasæg, sem yfir rignir þing eftir þing. Eg veit ekki, hvar á að nema staðar, þegar ekki eru að eins löggiltir firðir, víkur og vogar, heldur einnig malir og sandar — og líklega bráðum urðirnar með. Eg hefi það fyrir satt, að sumar af þeim höfnum, er þingið hefir löggilt, séu með öllu óbrúkanlegar, og mér virðist það líkjast því mest, að þingið sé að leika sér, þegar það er að semja lög, sem aldrei koma né geta komið, til framkvæmda.

Um nauðsynina fyrir löggilding þessa staðar, er frv. þetta ræðir um, er mér sem sé ókunnugt, eða hvaða blessun getur af því leitt fyrir þennan afskekta stað, að þar verði löggilt höfn. Þangað til eg fæ upplýsingar um þetta, hika eg við að gefa því atkv. mitt.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 6 : 2 atkv.

Önnur umr., 17. júlí.

Hallgrímur Sveinsson stakk upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefndarkosning feld með 7 : 3 atkv. Frv. samþ. með 6 : 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Jón Jakobsson	Hallgr. Sveinsson
Þorleifur Jónsson	J. Jónassen
Gutt. Vigfússon	Kristján Jónsson
Jón Jónsson	Sigurður Jensson
Julius Havsteen	Þorkell Bjarnason
Sigurður Stefánsson.	

Fyrirsögn samþ. með 6 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 6 : 4 atkv.

Þriðja umr., 19. júlí.

Sigurður Stefánsson: Þegar frumv. um nýar löggildingar hafa legið fyrir, hafa h. þingm. oft kvartað yfir því, að litlar upplýsingar fylgdu þeim, bæði um það, hvernig uppsigling væri til þessara staða, svo og aðrar þær ástæður, sem menn hefðu fyrir beiðninni um löggildingarnar; enda er það mjög óþægilegt fyrir þingm., að þurfa að greiða atkv. um mál, þegar allar upplýsingar vantar.

Um þann stað, sem hér er um að ræða að löggilda, get eg gefið þær upplýsingar, að þar er ágætt skipalægi, eins og víðast á Vestfjörðum; reynslan hefir þegar sýnt það, því að þangað hleypa oft seglskip inn, bæði verzlunarskip og fiskiskip. Og þar eð slík skip oft þurfa aðgerðir, væri það mjög hentugt, að þar á staðnum gæti fengist ýmislegt það, er til skipaaðgerðar heyrir. Slíkt getur sparað mikið ómak og fyrirhöfn oft og tíðum. Fyrir þá, er við fjörð þennan búa, eru allir aðflutningar á landi nær því ómögulegir, eins og h. þingd. mun kunnugt af umr. hér í h. Ed. um annað frv., er hér var nýlega. En sjóleiðin liggur fyrir opnu hafi, svo að hún er að eins fær í stillum og góðviðrum. Löggildingin getur þannig orðið íbúunum til mikillar hægðar. Að því er tollgæzlu snertir, skal eg taka fram, að lögreglustjórar geta venjulega ekki sjálfir haft tollgæzluna á hendi á öðrum stöðum en þar, sem þeir eru búsettir; þeir verða því að fara eftir skýrslum þeim og skjölum, sem fyrir hendi eru, og fela hreppstjórum tollgæzluna og innheimtu tollanna. Á líkan hátt mundi verða farið að á þessum stað, ef hann yrði löggiltur, og get eg ekki séð, að sú

aðferð mundi verða neinum vandkvæðum bundin fremur en annarstaðar, þar sem líkt stendur á.

Eg hef álitð mér skylt, að gefa þessar upplýsingar um þennan stað, því að eg er samdóma um það, að ekki beri að gefa atkv. fyrir löggildingum fram yfir það sem komið er, nema atgetilegar ástæður séu fyrir hendi. Það er leitt, að löggilda staði, sem síðar meir upplýsist um, að ekki sé hægt að komast að nema með því að síga í bandi niður í kaupstaðinn, eins og heyrst hefir að hafi átt sér stað með eina ónefnda höfn á Austurlandi, er löggilt var fyrir nokkrum árum, því hætt er við, að slíkir staðir verði ekki notaðir mikið af landi, þótt löggiltir séu.

Eg vona að frv. þetta njóti velvildar h. þingd. og verði samþ., úr því að þessar upplýsingar eru komnar fram.

Hallgrímur Sveinsson: Af því að eg hreyfði nokkrum athugasemdum við 2. umr. þessa máls um það, að æskilegt væri að fá nokkrar upplýsingar um þann verzlunarstað, sem hér er um að ræða, þá kann eg h. 1. þm. Ísf. (S. St.) þakkir fyrir, að hann nú hefir gefið þær upplýsingar og skýringar á þessu máli, sem oss hefir vantað bæði nú og svo oft áður, þegar um líkt mál hefir verið að ræða. Eg verð að kannast við, að eftir þeim skýringum, sem nú eru fram komnar, horfir þetta mál töluvert öðruvísi við fyrir mér en áður. Það er bæði satt og rétt, að aðflutningar á landi að þessum verzlunarstað, sem hér er um að ræða, eru því nær ókleifir. Sama er að segja um ferðir þangað á sjó, að það er illfært á opnum bátum, nema um hásumarið. Hér liggja því skilyrði fyrir löggildingu, sem ekki eiga sér stað allvíða annarstaðar.

Að vísu er fólk það, sem fjörðinn byggir, fremur fátt; en með tilliti til þess, að margir fiskimenn hleypa þangað inn, þá er þó aðsókn þar af fleirum en þeim mönnum, sem þar búa. Þessar skýringar á málinu hafa þau áhrif á mig, að þar sem eg áður var löggildingu þessari mótfallinn, þá er eg nú meðmæltur henni. Þar með er ekki sagt, að eg álíti sjálfsagt, að greiða atkv. með löggildingu á hverjum þeim stað, sem óskað er eftir löggilding á. Það er munur á, hvort ástæðurnar fyrir þörfinni eru bersýnilegar eða svo litlar, að þær geta ekki komið til greina.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 8 : 1 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Kjörgengi kvenna.

FRUMVARP til laga um kjörgengi kvenna (C. 66); 1. umr., 15. júlí.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 3 atkv.

Önnur umr., 17. júlí.

ATKV.Gr.: Frv. samþ. með 7 : 4 atkv. Fyrirsögn samþ. með 7 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 6 : 4 atkv.

Þriðja umr., 19. júlí.

ATKV.GR.: Frv. felt með 5 : 4 atkv.

Löggilding Norðurfjarðar.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Norðurfjörð í Standasýslu (C. 48); 1. umr., 12. júlí.

ATKV.GR.: Málinu var umræðulaust vísað til 2. umr. með 7 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Gutt. Vigfússon,	Hallgr. Sveinsson,
Jón Jakobsson,	Kristján Jónsson,
Jón Jónsson,	Sigurður Jensson,
Jónas Jónassen,	Þorkell Bjarnason.
Júlíus Havsteen,	
Sigurður Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Önnur umr., 14. júlí.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 6 : 4 atkv. Fyrirsögnin sþ. með 6 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 6 : 4 atkv.

Þriðja umr., 17. júlí.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vil vekja máls á því, að mér virðist þessi löggildingamál vera komin á óheppilega rás. Auk frv. þess, sem nú liggur hér fyrir, eru á dagskrá í dag önnur 3; þau eru þannig 4 nú í einu fyrir þessari háttv. þingd. — Það hefir verið sterklega tekið fram undir umræðunum í dag í öðru máli, hversu öll tollgæzla hér við land verður erfið einmitt sakir hinna mörgu löggildinga, og erfiðleikarnir vaxa þó æ meir og meir, ef enn þá á að fara að fjölga þeim til muna. Eg hygg, að á undanförnum þingum hafi þegar verið farið svo langt í löggildingunum, að naumast hafi skotist yfir nokkra líklega verzlunarstaði, svo að óhætt muni vera, að láta nú sitja við það fyrst um sinn. Og ef menn ætla að fara að löggilda sérhvern þann stað, þar sem einhverjar ástæðulitlar og jafnvel ástæðulausar bænir koma fram um, án nokkurrar rannsóknar á nauðsyninni, þá veit eg ekki, hvar numið verður staðar.

Sigurður Jensson: Eg skal bæta því við, að mér er ekki kunnugt um neina ástæðu fyrir þessari löggilding og þeim, sem hér koma á eftir á dagskránni. Eg hefi einmitt talað við ýmsa af flutnm. þessara löggildinga, og þeir hafa viðurkent, að það séu ýmsir agnúar á því, að vera að löggilda þessa staði, og hafa ekki svo eg hefi heyrt tilfært eina einustu ástæðu fyrir þessum löggildingum.

Eg hygg því, að það sé skylda þingsins, að rannsaka þessi löggildingamál áður en þau eru samþ. og það því fremur, sem þingið er ný að undirbúa ýmsar nýar tollálögur, og því getur vel farið svo, að það, áður en þetta þing er úti, hljóti að iðrast eftir því, að hafa samþ. allar þessar löggildingar. Eg álít því ekki rétt að svo stöddu, að láta þessi mál fara lengra, en legg til að geyma þau í nefnd, þangað til útséð er um, hvernig fer um tollmálin. Eg vil því leyfa mér að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði kosin til þess að rannsaka, hverjar ástæður eru fyrir löggilding þeirri, sem hér er farið fram á.

ATKV.GR.: Nefndarkosning feld með 7 : 2.

Frv samþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Hallgr. Sveinsson,
Þorleifur Jónsson,	J. Jónassen,
Gutt. Vigfússon,	Kr. Jónsson,
Jón Jónsson,	Sigurður Jensson,
Júlíus Havsteen,	Þorkell Bjarnason.
Sigurður Stefánsson.	

Frv. síðan afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Löggilding Heiðarhafnar.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Heiðarhöfn á Langanesi (C. 67); 1. umr., 15. júlí.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 6 : 4 atkv.

Önnur umr., 17. júlí.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 6 : 4 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 7 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 6 : 5 atkv.

Þriðja umr., 19. júlí.

ATKV.GR.: Frv. felt með 7 : 3 atkv.

Löggilding Flateyar.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar á Flatey á Skjálfandaflóa (C. 71); 1. umr., 17. júlí.

Hallgrímur Sveinsson stakk upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefndarkosning feld með 6 : 5 atkv.

Hallgrímur Sveinsson: Mig langar til að heyra einhverjar ástæður fyrir löggilding þessari.

Þorkell Bjarnason: Eg hefi lesið bænarskrána um löggilding við Flatey á Flateyjardal, og ber hún það með sér, að eg álít, að hér sé nokkur nauðsyn fyrir löggildingunni. Það er langur og hættulegur sjóvegur frá Flatey til næsta verzlunarstaðar, sem er Húsavík. Eins og eg er á móti því, að löggilda verzlunarstaði, þá er engin nauðsyn er fyrir hendi, eins vil eg, að menn fái óskir sínar uppfyltar, þá er beiðnirnar bera það með sér, að gildar ástæður eru fyrir þeim.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 6 : 2 atkv.

Önnur umr., 19. júlí.

ATKVÆÐAGR.: Frv. felt frá 3. umr. með 5 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Jakobsson,	Hallgr. Sveinsson,
Þorleifur Jónsson,	Jónas Jónassen,
Gutt. Vigfússon,	Kristján Jónsson,
Júlíus Havsteen,	Sigurður Jensson,
Þorkell Bjarnason.	Sigurður Stefánsson.

Staður í Súgandafirði sérstakt brauð.

FRUMV. til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 41); 1. umr., 10. júlí.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Frumv. það, sem hér liggur fyrir, er að vísu ekki langt, en þó hefi eg borið það upp með hálfum huga, af því hvernig líkum frumv. hefir verið tekið áður á undanfarandi þingum. En öllum þeim, sem þekkja nokkuð til, hversu landslagi er háttað, þar sem breyting sú á að verða á prestakallaskipuninni, er frv. þetta fer fram á, munu finnast miklar ástæður til að aðgreina aptur það, sem sameinað var með prestakallalögunum 1880.

Það er kunnugt, að alt til þessa tíma var Staðarsókn í Súgandafirði sérstakt prestakall. Þar er bygðarlagi svo háttað, að það er hömrum og sævi lukt á allar hliðar; vegir eru þar svo bágbornir, að þeir eru ekki farandi nema um hásumar. Ef farið er landveg, þá er yfir snarbratt fjall að fara, og er það á vetrum oftast ófært, nema fyrir beztu og eflustu göngumenn. Sjóleiðin er einnig hættuleg og oft alveg ófær á vetrum. Afleiðingin af sameiningunni hefir því orðið sú, að þessi sókn hefir síðan nálega verið prestsþjónustulaus; stafar það ekki að neinu leyti af ódugnaði eða hirðuleysi presta þeirra, er hér hafa þjónað, heldur af þeim ástæðum, sem eg þegar hefi tekið fram. Síðastliðinn vetur var t. d. ekki tiltök að komast þangað til að jarða mann, fyr en Norðmenn komu með gufubáta sína. Það er því oft alveg ókleift að komast þangað, jafnvel fyrir unga og fríska menn. Við getum ekki búist við, að presturinn í Holti í Önundarfirði sé ávalt ungur og hraustur maður, og þó svo væri, þá væri samt oft og einatt ókleift fyrir hann, að þjóna Staðarsókn. Hún er að sönnu fámenn, en sóknarmenn þar eiga engu að síður sama rétt og aðrir til prestsþjónustu. Þar sem svo er ástatt, má nærri geta, hvernig uppfræðing æskulýðsins muni vera; hún er auðvitað ekki nema til málamynda. Hér við bætist svo, að sóknarpresturinn óskar þessa aðgreiningu. Auðvitað er brauðið tekjulítið, þótt því leggist 300 kr. uppbót úr landssjóði; en eg þorði þó ekki að fara fram á hærra tillag. En það er nokkur bót í máli, að prestssetrið er með betri jörðum. Meðan prestar bjuggu á Stað, komust þeir vanalega eins vel af eins og margir þeirra, er tekjumeiri brauð höfðu. Jörðin er fremur góð bújörð, og liggur heldur vel til sjósóknar. Prestarnir þar hafa áður stundað þar búskap, enda geta þeir vel gert það, þar sem brauðið er svo hægt.

Staðarsóknarmenn hafa altaf þráð aðgreiningu þá, sem hér er farið fram á, síðan 1880, og óska, að fá sem fyrst breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er; og þó svo færi, að ekki yrði sótt um Staðarprestakall eftir aðgreininguna, þá mundi hagur sóknarmanna ekki verða verri en hann er nú, því prestinum í Holti mundi uppálagt, að þjóna sókn þessarri eftir sem áður, unz prestur fengist þangað.

Eg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál, en vona, að hin h. þingd. líti með sinni venjulegu sanngirni á þetta mál, og lofi því að ganga fram; það mun verða nógu strangur hreinsunareldur samt, sem það gengur í gegnum í h. Nd. H. 2. kgk þm. (H. Sv.) er þessu máli kunnugur og veit, að það er satt, sem eg hefi tekið fram hér að framan, og ekkert ofhermt í því.

Hallgrímur Sveinsson: Með því að h. flutnm. frumv. vísaði til mín, sem þess, er kunnugur væri staðháttum þeim, sem hér er um að ræða, kunnugri en aðrir h. þd.m., og af því líka, að mér er mál þetta áhugamál, vil eg fara um það nokkrum orðum.

Frá allmörgum héraðsfundum hafa komið til mín umkvartanir um, að sameining þessa prestakalls við Holtsprestakall baki nær ókleifa erfiðleika, og hefir því bæði söfnuður og hlutaðeigandi prestur látið í ljósi einhuga óskir um, að Súgandafjörður verði aftur gerður að prestakalli fyrir sig. Að vísu er söfnuðurinn nokkuð fámennur, tæpl. 200 manns; fjörðurinn er langur, en þröngur, og bygð mest fyrir botni hans og á suðurströnd, en þó mun 2—3 stunda reið innan úr fjarðarbotni og út að Stað, og þaðan er aftur nokkur vegur til yztu bygðar við fjörðinn. Eg kom þar á visitazíuferð 31. júlí 1896, og við þá visitazíu kom fram sterk ósk frá söfnuðinum og prestinum einnig. um að leyst yrði aftur þessi því nær ókleifa sameining við Holtsprestakall. Eg hygg eg hermi rétt orð prestsins, er eg segi, að hann óski eftir að losna við Súgandafjörðinn endurgjaldslaust. Eg held, að orð hans hafi hljóðað svo, að erfiðleikarnir við þjónustu fjarðarins væru svo miklir, að hann vildi miklu heldur losna við þjónustu þessa safnaðar endurgjaldslaust en halda hvorutveggju, þjónustu og tekjum. Vegurinn yfir heiðina væri nær ókleifur og ófær nema um hásumarið, og yrði að heita mætti alls ófær strax í fyrstu snjóum og svellalögum. Þótt hann reyndi að þjóna söfnuði þessum af fremsta megni, yrði þó prestsþjónustan bæði miður en hann sjálfur óskaði og þarfir safnaðarins útheimtu. Þessir erfiðleikar væru nógir til þess, að hann fýsti að komast burtu frá prestakalli sínu, þótt hann vildi annars gjarnan vera þar kyrr. Hann er ekki einn af þeim prestum, sem oft eru að sækja burtu frá prestakalli sínu, en hann hefir þó sótt, og það af engri annari ástæðu en þeirri, að hann treystist ekki að þjóna þessari erfiðu annexíu svo vel, sem honum sjálfum líkar og sem hann finnur, að söfnuðurinn þarf sjálfur með.

Það hefir verið bent á, að það kosti fé af landssjóði, að stofna þetta prestakall, en það er ómögulegt að ætlast til, að prestar, sem kostað hafa svo miklu til náms síns, geti fengist til að þjóna slíku prestakalli sem þessu, og jafn-tekjurýru, án þess það sé bætt upp af landsjóði. Eftir brauðamati því, er var í gildi, þá er það var síðast sérstakt prestakall, var það metið um 260 kr. Ef til vill má, eins og h. flutn.m. benti á búast við að tekjurnar séu nú lítið eitt frekari eða um 300 kr., og að sóknartekjurnar hafi aukist svo vegna mannfjölgunar. Tekjurnar af bújörðinni voru metnar um 100 kr., sóknartekjurnar 160 kr. Það sjá allir, að við slíkar tekjur einar er öldungis ólífandi fyrir prest, og að uppbótin af landsjóði er mjög svo hóflega sett hér í frv.

Eg hef hugsað til Staðar í Súgandafirði í hvert sinn, sem fram hafa komið frumv. um breytingar á prestakallalögunum frá 1880, en það sem hefir haldið mér aftur og valdið því, að eg hefi ekki komið fram með breyt. í sömu átt sem frv. þetta, hefir verið það tvent, að öll slík mál hafa jafnan átt mjög erfitt uppdráttar á þinginu, og annað hitt, að eg hefi verið vondaufari um góðan árangur málsins, ef eg kæmi fram með það, heldur en ef þingm. þeirra sjálfra bæri það fram. Að vísu hafa komið til mín umkvartanir frá héraðsfundum um erfiðleikana og þarafleiðandi óskir um, að úr því yrði bætt, en ekki beinar raddir um, að eg eða kirkjustjórnin tæki málið að sér. Eg hefi því ekki komið sjálfur fram með frv. í þessa átt, en þegar það er nú borið fram af þingm. hlutaðeigenda, vil eg af beztu sannfæringu styrkja það og leggja því liðsinni mitt. Eg vona og að þessi h. þd. sýni nú, eins og h. flutnm. svo heppilega orðaði það, hina venjulegu sanngirni sína, og afgreiði frumv. á heppilegan og eftiræsktan hátt.

Heiði sú, sem farartálminn er að, Klofningsheiði, gerir það að verkum, að eigi mun að jafnaði vera messað í þessari sókn oftar en 7—10 sinnum á ári, og flestar munu messurnar falla að sumrinu til, en mjög fáar á vetrum. Þessi farartálmi veldur því, að presturinn getur ekki haft nema einungis um hásumarið ákveðna messudaga, sem þó þyrfti og ætti að vera fyrir sérhverja kirkju á landinu, og neyðist prestur að brjóta slíka reglu, er það til óþæginda fyrir söfnuðinn í heild sinni, þar sem óvissan á því, hvort presturinn komi eða ekki, veldur því, að þótt hann komi, geta margir meðlimir safnaðarins eigi vitað um, eða haft þau not af komu hans, sem æskilegt væri. Það var um hásumar, sem eg fór yfir þessa heiði; — hún er eigi löng, eitthvað 2 stunda ferð að sumarlagi; — en eg hrepti þar hið versta veður, stórrigning og stórviðri, enda sagði fylgdarmaður minn mér, að mál manna væri, að eigi væri illviðri til, ef það væri ekki á Klofningsheiði, og þó mun mörg heiðin brött og erfið í Ísafjarðarsýslu.

Þetta meðal annars sýnir, hvílík nauðsyn á því er, að gera þessa umræddu sókn að sérstöku prestakalli.

Eg er í nokkrum vafa um það, hvort eg eigi að stinga upp á nefnd til að fjalla um þetta frumv. Frv. er að sönnu stutt og lítið og einfalt, en gagnlegt gæti það orðið fyrir framgang þess, sérstaklega í h. Nd., að skýringar frá nefnd fylgdu því, enda þótt það eigi þar að sjálfsögðu talsmann í hinum þm. kjördæmisins. Eg vil því leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd feld með 6 : 5 atkv.

Jónas Jónassen: Eg greiddi atkv. á móti nefndarkosningu af því, að mér finst þetta mál svo einfalt. Mér finst heldur engin ástæða til að halda langar ræður, og eg skil ekkert í því, hvers vegna þetta ástand hefir verið látið viðgangast nú í 20 ár, eða hvað þeir menn hafa hugsað, sem slík lög bjuggu til. Eg var fyrir skömmu þarna fyrir vestan og sá, hvílíkum erfiðleikum það er bundið, að komast yfir þessa heiði. — Það hlýtur að vera af því, að hún hefir ekki látið sér detta í hug, að fá breyt. á því. *(H. Sv.:* O-jú). Hví hefir hún þá látið það viðgangast, að prestur stofni þannig lífi sínu í hættu? eða stendur kirkjustjórninni á sama, þótt þar sé aldrei messað? Afleiðingin af því hlýtur þó að verða, að alt kirkjulíf sofnar út af; þeir hugsa sem svo: mér er sama, hvort eg hefi að nafninu til þennan prest, eða engan prest. Það er öldungis ófært fyrir prestinn, að þurfa að leggja út í þá ferð, sem hann hlýtur að segja við sjálfan sig um: það er miklu líklegra, að eg komi aldrei aptur. Mér finst það hreint

oprörende (óhafandi), svo og viðhafi danska orðið, að láta þetta ástand viðgangast í 20 ár. Og svo að bjóða prestinum 300 kr. í árstekjur! Hvernig getur maður búist við að kirkjulífið verði? Presturiun verður náttúrlega að róa sjálfur og gefa sig við öllum þess háttar störfum til þess að geta lifað, og afleiðingin verður sú, að þar verður ekkert kirkjulíf. Mér virðist þetta svo einfalt mál og sjálfsagt, að hver einasti sanngjarn maður — nema hann sé prestahatari — hljóti að gefa atkv. fyrir því.

Hallgrímur Seinsson: Eg veit það, að orð h. 4. kgk. (Dr. J. J.) voru töluð af góðri meiningu og góðum vilja í garð þessa frumv. og skal eg þess vegna ekki taka svo hart á því, þótt hann viðhefði æði hörð orð, og sum of hörð og miður rétt, og meðal annars fyndi að afskiftaleysi kirkjustjórnarinnar. En það er ekki alveg rétt, að kirkjustjórnin hafi verið afskiftalaus og ekkert hugsað um þetta mál, þó að hún hafi ekki komið fram með beint lagafrumvarp um það. Orsakir þess nefndi eg nýlega. En séu þessir menn í Súgandafirði prestsþjónustulausir, mætti eg ef til vill leyfa mér að spyrja h. 4. kgk. (Dr. J. J.): Hvar býr læknirinn? Hvar er læknissetrið í Súgandafirði? Og ef nú erfitt kynni að verða að finna hann þar, þá mætti með sama rétti segja, að læknastjórnin hafi eigi betur augun opin. En það skyldi gleðja mig manna mest, ef þingið vildi bráðlega bæta úr hvorritveggju þessari þörf þeirra. Það er sem betur fer ekki rétt, sem h. 4. kgk. (Dr. J. J.) ímyndaði sér, að kirkjulíf þessara manna sé að kulna út. Eg get með mestu áuægju og þeim til maklegs heiðurs vottað, að þá er eg var þar við vísitazíu, kom það berlega og glögglega í ljós, að þeim stendur það öldungis ekki á sama, þótt þeir væru prestlausir, að erfiðleikarnir á prestsþjónustunni hafa einmitt haldið við hjá þeim kirkjulegum áhuga og tilfinningunni fyrir nauðsyn heilbrigðs kirkjulífs. Þetta hafa þeir sýnt með því einnig að styðja sómasamlega kirkju sína, og þá er við vísitaziuna kom í ljós, að ýms áhöld vantaði til prýðis kirkjunni, þá skutu þeir þegar saman 80 kr. í þessu skyni og jafnvel ruddust framan úr kirkjunni inn í kórinn, þar sem vísitazían fram fór, til þess að skrifa sig fyrir tillögum. Eg fann ástæðu til að þakka þeim fyrir þetta, hversu þeir sýndu sig jafnvel fremri mörgum öðrum í því að rétta hag kirkju sinnar, og eg vil láta þessa hér getið þeim til maklegs lofs. Þeir sýna það, að kirkjulíf þeirra er ekki kulnað út og að þeir hafa einlæga þrá eftir fyllri og fastari prestsþjónustu.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Önnur umr., 12. júlí (C 41, 51).

Þorl.ell Bjarnason: Eg hef leyft mér að koma fram með breyt.atkv. við frumv. þetta á þingskj. 51, og skal eg nú með fám orðum gera grein fyrir breyt.atkv. mínu.

Eins og h. flutningsm. þessa frv. (S. St.) tók fram við 1. umr. þessa máls, munu tekjurnar af Staðarsókn í Súgandafirði nema hjer um bil 300 krónum; svo er gert ráð fyrir í þessu frumv., að 300 kr. verði lagðar við það úr landssjóði; verða þá tekjur prestsins eftir því 600 kr. alls. Þegar nú þess er gætt, að þessar 300 kr. frá sóknarmönnum gjaldast ekki að stóru í peningum. og gera má ráð fyrir vanskilum frá almenningi, fremur af getu- en viljaleysi, þá verða 300 kr., sem goldnar eru í annari vöru en peningum, ef til vill ekki betri en 200 kr., sem greiddar eru í peningum á reglulegum tíma; verða þá tekjur Staðarsóknarprestakalls í raun og veru ekki meira en 500 krónur, ef þær væru allar goldnar í peningum. Gerum nú ráð fyrir, að presturinn þar hafi stundað nám í 10 ár, nfl. 1 ár undir skóla, 6 ár í skóla, og 3 ár á prestaskólanum.

Þegar litið er á kostnað hans við námið og vinnutap á námstímanum, þá mun ekki vera mikið í lagt, þótt það sé alls metið 4000 kr.; vextir af þessu fé eru með 5 % 200 kr.; verða þá hreinar tekjur hans ekki meira en 300—400 kr.

Skólastjóri Markús Bjarnason hefur skýrt frá því í einu af blöðum vorum, að tekjur þilskipaformanna í 6 mánuði nemi 900—1400 kr., auk fæðis. Eigi nú þessi prestur að fá að eins 300—400 kr. laun auk vaxtanna af námskostnaði sínum fyrir alt árið, þá verða tekjur hans ekki fullur þriðjungur af því, sem þilskipsformaðurinn fær í 6 mánuði auk fæðis. Eg verð að leyfa mér að spyrja hina h. deild, hvort henni finnist nokkur meining í slíku fyrirkomulagi á launum presta. Eg álít það alveg óhæfilegt, að bjóða presti slík laun eftir 10 ára námstíma, og að það sé að fylla þann afskiftamæli prestum til handa, sem lengi hefir verið helt í. En það væri þó sök sér, ef ástandið væri nú eins og það var fyrir 13 árum, áður en prestskosningalögin náðu gildi. Þá var siður að taka tillit til embættisaldurs presta. Þeir prestar, sem sátu á rýrum brauðum, gátu, eftir 10—12 ára þjónustu, búist við að fá betri brauð, og á elliárum sínum beztu brauðin. Þegar þeir svo voru orðnir þreyttir og lúnir og voru farnir að hafa kostnað af að menta börn sín, þá höfðu þeir á efri árum svo ríflegar tekjur, að þeir gátu vel lifað neyðarlaust En svo komu lögin um kosningu presta og þá varð gjörsamleg breyting á þessu. Söfnuðirnir taka hina ungu fram yfir hina gömlu og líta ekki á, að þeir hafa borið hita og þunga dagsins; þeir vilja hafa ungan og fjörugan mann fyrir prest, og er þeim það síður en ekki láandi. Það hefir reynst svo á seinni árum, að ungir kandídatar hafa oft fengið beztu brauðin, en eldri prestar verið settir hjá. Veitingarvaldið hefði getað að nokkru leyti komið í veg fyrir þessi skaðlegu áhrif laganna; en því miður hefir sú reyndin á orðið, að veitingarvaldið hefir ekki gert sér svo mikið far um það sem skyldi, heldur hefir það oft og einatt komið á móti óskum safnaðanna um að fá unga menn setta á kjörskrá.

Eg skal leyfa mér að nefna eitt dæmi, nfl. veitinguna á Hofi í Vopnafirði, sem er eitt af beztu brauðum landsins. Eg veit ekki til að það sé nokkurt dæmi til þess í sögu kirkjunnar hér á landi, að jafnungur maður hafi verið skipaður í það brauð, eins og sá er, sem nú hefir fengið það. Um þetta prestakall sóttu 10 menn, eftir því sem eg hef lesið í einu af blöðum vorum. Af þessum 10 mönnum voru 2 ungir menn teknir á kjörskrá; annar þeirra var að vísu vígður til prests fyrir tveimur árum; en það mun ekki alment hafa verið siður áður, að skipa í brauð, sízt beztu brauð landsins, þá menn, sem að eins hafa þjónað 2 ár sem prestar. Hinn var að vísu vígður, en hann hafði ekki þjónað sem reglulegur prestur. Hinn 3. var heiðarlegur, eldri prestur, þó ekki gamall, en söfnuðurinn hafnaði honum náttúrlega, og kaus annan af hinum ungu mönnum. Það sem eg hef tekið fram hér að framan er ekki sagt til að ámæla veitingarvaldinu; eg hef að eins skýrt frá, hvernig það hefir gengið síðan prestskosningalögin náðu gildi. Þegar nú þetta er athugað, þá má búast við, að presturinn á Stað í Súgandafirði verði að vera þar kyrr alla æfi með 4—600 kr. laun á ári. Þess vegna álít eg mjög ískyggilegt, að láta uppbótina úr landssjóði vera jafnrýra, eins og farið er fram á í frumvarpinu, og því hef eg komið fram með það breytingaratkv., að viðbótin úr landssjóði væri hækkuð upp í 500 kr.

Eg álít ekki of ríflega til tekið, að laun þessa prestakalls væri látin vera frá 600—800 kr. Eg vona að hin háttv. þingdeild líti með sanngirni á þetta mál, og eg álít jafnvel, að sómi þingd. heimti það,

að þetta breyt.atkv. mitt verði samþykt. Það er sannarlega ekki rétt og nærri því miður sæmandi, að láta menn, sem stundað hafa nám í 10 ár, hafa hálfu minni árslaun en formenn á fiskiskipum fyrir rúmlega hálfs árs vinnu.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Eg get fyllilega tekið undir alt það, sem háttv. 6. kgk. þm. (Þork. Bj.) tók fram, viðvíkjandi upphæð þeirri, sem farið er fram á í br.atkv. hans á þingskj. 51. Eg álít það alls ekki fjarri sanni eða of mikið, að 300 kr. upphæð sú, sem farið er fram á í frv., væri hækkuð upp í 500 kr. Ástæðan til þess, að eg setti upphæðina ekki hærri en 300 kr., var ekki sú, að eg áliti það fullboðlegt, heldur af því, að eg vildi laga mig eftir kringumstæðunum. Það er ekkert leyndarmál, að þótt þessi háttv. þingd. líti með allri þeirri sanngirni, sem henni er lagið, á þetta mál, þá muni hin háttv. systurdeild hennar ef til vill líta alt öðrum augum á það, án þess að eg þar fyrir vilji bera nokkurn rangan áburð á hana, og þess vegna þótti mér ekki gjörlegt, að fara fram á hærri uppbót en 300 kr. Síðan breyt.till. þessi kom fram, hef eg borið mig saman við væntanlegan flutningsmann þess; hefir hann tjáð mér, að hann mundi fyrir sitt leyti fallast á þessa hækkun, en mætti þessi hærri upphæð mótstöðu, þá mætti setja hana aftur niður í 300 kr. í háttv. neðri deild. Þeir hafa fallist á lægri upphæðina. Mér fyrir mitt leyti virðist 500 kr. upphæðin vera mjög hófleg, og eg get ekki fengið af mér að greiða atkv. móti henni, þótt eg á hinn bóginn sé hræddur um, að það bæti lítið fyrir málinu, að hún verði samþykt í þessari deild.

Það sem hinn háttv. 6. kgk. þm. tók fram um laun presta, er því miður alt of satt. Eg ætla mér ekki að eyða tíma í að ræða það mál; það væri ekki til annars en rifja upp harma sína, úr því ekki er hægt að bæta úr því. Það er sorglegt til þess að vita, að margir af prestum þessa lands skuli eiga við verri launakjör að búa en óbreyttir formenn á fiskiskútum; en það er sem sagt ekki til neins að tala um það, úr því vér ekki erum færir um að bæta úr því; kjör prestanna verða lík því, sem verið hefir, fyrst um sinn fyrir því.

Eg freistast því til að gefa breyt.till. þessari atkv. mitt, í von um, að málið verði ekki alveg felt í háttv. Nd. og að lægri upphæðin verði samþ. þar, þótt hin hærri verði feld.

Hallgrímur Sveinsson: Eg skal leyfa mér að gjöra að eins stutta grein fyrir atkvæði mínu við væntanlega atkvgr. um breyt.till. þá, er fram hefir komið við frv. þetta. Eg get fyllilega skrifað undir alt það, er hinn háttv. 6. kgk. þm. og hinn háttv. 2. þm. Ísf. tóku fram, að því er kjör presta snertir, og að það sé fullkomin þörf á, að setja upphæðina eigi tæpari en ráð er fyrir gjört í breyt.till. hins háttv. 6. kgk. þm. En það er að eins af velvild til málsins, að eg þori ekki að greiða atkvæði með breyt.till. þessari. Eg er nfl. hræddur um, að svo gæti farið, að hærri upphæðin yrði málinu til falls í háttv. Nd. Eg vil því heldur una við hina lægri upphæð, í því trausti, að hún verði samþ., en að málið farist alveg fyrir eða verði kæft í háttv. Nd. Ef það skyldi reynast svo, að hin háttv. Nd. beri einlæglega hlýan hug til þessa máls, þá getur hún hækkað 300 kr. upphæðina, ef henni þykir hún of lág. Þess vegna álít eg nú sem stendur ráðlegra að greiða atkv. móti breyt.till.

Eg hef leyft mér að gjöra þessar aths. til þess að menn ekki skuli halda, að mér þyki of mikið boðið með hærri upphæðinni; en eg hygg að það mundi verða málinu til falls í háttv. Nd., að sþ. hana, hversu vel sem það annars er meint.

ATKV.GR.: Br.till. (51) feld með 6 : 4 atkv. Frv. samþ. óbreytt í e. hlj.;

Fyrirsögn frv. samþ. með 10 atkv., Frv. vísað til 3. umr með 10 atkv.

Þriðja umr., 14 júlí.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hl. og afgr. síðan til h. Nd

Vegalagabreyting.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 13. apr. 1894 um vegi (C. 145); 1. umr., 21. júlí.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 24. júlí.

ATKV.GR.: Meginmál frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 26. júlí.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 10 atkv. og afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Lóð undir vita.

FRUMVARP til laga um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl. (C. 146); 1. umr., 21. júlí.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 24. júlí.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. í e. hlj.; 2. gr. frv. samþ. í e. hlj.; 3. gr. frv. sþ. í e. hlj.; fyrirsögn samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 26. júlí.

ATKV.GR.: Frv. samþ. e. hlj. og afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Kaupstaðarlóðin á Ísafirði.

FRUMVARP til laga um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðarkaupstað (C. 106); 1. umr., 19. júlí.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. m. 9 atkv.

Önnur umr., 21. júlí.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 24. júlí.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 9 samhlj. atkv. og afgr. síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Friðun á Hallormsstaðarskógi.

FRUMVARP til laga um friðun á Hallormsstaðarskógi (C. 147); 1. umr., 21. júlí.

Hallgrímur Sveinsson: Þá er líkt mál sem þetta var til umr. á síðasta þingi, fann eg ástæðu til að mæla á móti því fyrir þá sök, að hlutaðeigandi presti hafði eigi verið gefinn kostur á að segja álit sitt um það. Í frv. því, sem þá lá fyrir þinginu, var spurningin um það, að afnema með lögum ítaksrétt þann til skógarhöggs í Hallormsstaðarskógi sem prestinum í Vallanesi til heyrir; í fyrstu var farið fram á það endurgjaldslaust en svo síðar gegn endurgjaldi. Nú er í frv. þessu farið fram á að taka alla jörðina Hallormsstað undan prestakallinu og gera hana að eign landssjóðs. Eg er nú eigi á móti máli þessu í sjálfu sér, en mér virðist það óviðfeldið, að fornspurðum presti þeim, sem hér á hlut að máli; vitaskuld er gert ráð fyrir í frv. fullu endurgjaldi, þar sem árgjald það, sem nú hvílir á prestakallinn til landsjóðs, á að lækka um 240 kr. á ári og kann að vera að það sé hæfilegt og að presturinn muni geta felt sig við það; en gerræði er það engu að síður, að taka undan prestakalli eina jörð, án þess að presturinn sjálfur fái að hafa þar atkvæði um; og eg man ekki til þess, að kirkjustjórn og umboðsvald hafi nokkurn-

tíma leyft sér það, að farga kirkjujörð, eða skifta á henni fyrir aðra jörð, án þess að samþ. hlutaðeigandi prests hafi áður verið fengið til þess. Og hafi slíkt ekki verið áður álitið rétt að gjöra umboðsvaldsveginn, þá er það heldur ekki rétt löggjafarveginn, og í báðum tilfellum er tekin eign, sem prestur hefir fengið veiting fyrir, og annað sett í hennar stað. Auk þess man eg ekki betur en að prestur sá, sem hlut á að máli hér, hafi við mig talið tekjurnar af Hallormsstað meira virði en 240 kr. Að vísu mun afgjald jarðarinnar vera nú um 200 kr.; en eg hygg að presturinn hafi látið í ljósi, að sér bæri eiginlega meira eftirgjald og að ágreiningur sé um það milli prests og leiguliðans. Og sé nú svo, þá má ganga að því vísu, að presturinn muni vilja fá leiðréttíng á þessu, þá er ábúendaskifti verða á jörðinni, og fyrir því sé það ekki ef til vill réttlátt, að áætla í frv. þessu endurgjald fyrir eftirgjaldstekjur jarðarinnar að eins 200 kr., ef þær eru í raun réttri prestinum meira virði. Eins og kunnugt er, er Hallormsstaður ágæt sauðjörð, og má því gera ráð fyrir, að nokkur kepni sé um hana til ábúðar, og að hægt muni vera — sé jörðin nú lágt leigð — að færa eftirgjald hennar upp við ábúendaskifti, án þess þó að út í nokkra fjarstæðu sé farið, er skapast kynni við nokkurs konar yfirboðsþing.

Mér virðist því bæði ósanngjarnt og óráðlegt, að skipa fyrir til lykta um mál þetta, án þess að samþ. prestsins sé áður fengið, og verð eg þess vegna að vera á móti frv. Eg get heldur ekki séð, að hér sé nokkur hætta á ferðum, þótt það dragist til næsta þings, enda get eg fullyrt, að presti þessum er ant um að friða skóginn, sem sýnir það bezt, að hann hefir eigi að undanförnu í nokkur ár notað ítaksrétt sinn til skógarhöggs og er því eigi ástæða nú til að bera kvíðboga fyrir, að hann muni ekki eins hlífa skóginum hér eftir.

Þorleifur Jónsson: Þá er mál þetta var til umr. í h. Nd., kallaði flutnm. þess skóg þann, sem hér er um að ræða, þjóðargersemi, og með því að menn verða að játa, að hann hafi komist rétt að orði, virðist full ástæða til að gera nú þegar eitthvað til þess að friða þessa gersemi, og í þeim tilgangi er frv. þetta komið fram. H. 2. kgk. (H. Sv.) áleit nú ekki rétt, að samþ. frv. þetta að fornspurðum hlutaðeigandi presti, en h. þm. verður að gæta þess, að hér er að eins um heimildarlög að ræða, og úr því svo er, þá er málið ekki til lykta leitt, þótt frv. þetta verði að lögum. Það má að sjálfsögðu ganga út frá því, að stjórnin muni ekki framkvæma þá heimild, sem lögin veita henni, án þess að fá fyrst til þess álit og samþykki prestsins. Hættan er þess vegna engin, þótt frv. verði gert að lögum.

H. sami þm. áleit einnig, að hlunnindi prestsins og eftirgjald Hallormsstaðar væri of lágt metið hér í frv., að setja það ekki hærra en 240 kr. Út af þessu get eg gefið þær upplýsingar, að eg hefi heyrt áreiðanlegan mann, er um það vissi, skýra frá, að presturinn sjálfur hafi talið í brauðamati því, er nú er fram að fara, eftirgjald jarðarinnar á 194 kr., og hitt vitum vér einnig, að hann hefir sjálfur metið ítakið 40 kr. virði. Þetta verður nú til samans 234 kr. eða 6 kr. lægra en ákveðið er í frv. Frv. ákveður upphæðina 240 kr., svo að hún standi á tug. Mér finst því, að úr því að frv. ákveður handa prestinum fult endurgjald fyrir tekjumissinn, sé engin ósanngirni fólgin í því, að gefa umboðsstjórninni þetta vald, og það því síður, sem hér er að eins um heimild að ræða, er hún því að eins notar, að ekkert sé því til fyrirstöðu, eftir að hún hefir rannsakað málið.

Guttormur Vigfússon: Mér er sárt um frv. þetta og vildi ekki að það yrði felt. Vil eg því leyfa mér að fara um það fáeinum orðum. Eins og minst hefir verið

á, var fyrir síðasta þingi frv. um að friða þennan skóg og nema burtu ítaksrétt þann til 60 rafta höggs á ári, sem presturinn í Vallanesi nú hefir. Frv. þetta fer fram á nokkuð annað, sem sé það, að taka jörðina Hallormsstað með hjáleigum að öllu leyti undan yfirráðum prestsins og gera hana að eign landssjóðsins. Í h. Nd. hefir skógur þessi verið nefndur þjóðarkjörgripur og mun það ekki ofsagt. Hann er sannur kjörgripur, mestur og fegurstur skógur hér á landi. Það hefir á síðari árum, og jafnvel helzt á þessu sumri, verið talsverð hreyfing í þá átt, að leggja fram fé til þess að styðja ræktun skóga hér á landi, og hví skyldu menn þá ekki vilja vernda skóga þá, eða öllu heldur skógleifar, sem enn eru til í landinu, sérstaklega þennan kjörgrip, sem legið getur undir skemdum þegar minst varir? H. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að engin hætta væri að láta frv. þetta dragast. En eg álít, að það sé einmitt hætta; mennirnir eru bæði hvikulir og skammlífir, og engin trygging er fyrir því, að við prestaskifti eða ábúandaskifti á Hallormsstað verði jörðin bygð á ný með þeim kjörum, að annaðhvort verði ekki hægt að hafa nægilegt eftirlit með því, að skógurinn ekki verði eyðilagður, eða þá að landsjóður megi til að kosta ærnu fé til þess, að bæta ábúanda skaða þann, er hann kynni að bíða við það, að mega ekki nota skóginn. *(H. Sv.:* „Misskilningur"). Nei, það er enginn misskilningur. Presturinn getur sett upp eftirgjaldið einmitt með tilliti til skógarbeitarinnar, sem er aðalhlunnindi jarðarinnar; og taki jörðina kraftmaður og dugnaðarmaður og hafi þar fjölda fjár, má nærri geta, hvernig skógurinn muni fara, því jörðin er mjög engjalítil: en aftur á móti er vetrarbeit fyrir sauðfé aðalkostur jarðarinnar, en það vita allir, að sauðfjárbeit er hættulegust fyrir skógana í harðindum á vetrum.

Frv. þetta er að minu áliti svo sanngjarnt fyrir prestinn sem framast má verða, og ákveður honum mjög sanngjarnt verð fyrir tekjumissinn, eins og h. þm. Húnv. (Þ. J.) hefir glögglega sýnt. Í síðasta brauðamati er eftirgjaldið virt 194 kr. og ítakið hefir verið virt á 40 kr., og þar sem prestur hefir eigi að undanförnu notað ítakið, fær hann eftir frumv. þessu 46 kr. meira fyrir missi Hallormsstaðar en hann hefir nú upp úr jörðinni. Auk þess verð eg að halda því fram, að ítakið er metið langt of hátt eftir timburverði nú á tímum.

Eg vil því mæla sem bezt með því, að frv. þetta verði samþ., og það því fremur, sem hér er að eins um heimildarlög að ræða.

Hallgrímur Sveinsson: Það er rétt, sem h. þm. Húnv. (Þ. J.) tók fram og benti á, að hér er að eins um heimildarlög að ræða; þetta hafði eg ekki athugað, og get eg því tekið aftur mótmæli mín gegn frv. En þar sem hann upplýsti um, að presturinn hefði nú í brauðamatinu sett eftirgjald jarðarinnar 194 kr., þá sannar það ekki, að eftirgjaldið sé ekki í raun réttri meira virði, með því að presturinn var í mati sínu bundinn við að fara í reikningi sínum eftir 5 ára meðaltali afgjaldsins. Eg skal ekki segja neitt um það, hvað eftirgjaldið væri réttast metið, enda þarf slíkt ekki að standa í vegi, með því að landstjórnin mun ekki ráða málinu til lykta fyrri en hún hefir gengið úr skugga um, að prestinum sé enginn óréttur ger.

H. þm. S.-Múl. (G. V.) má ekki taka orð mín svo, sem eg hafi á móti því, að Hallormstaðarskógur sé verndaður. Þvert á móti; mér er það kært, því að skógurinn er friður og alls góðs verður. En hinu verð eg að mótmæla, að nokkrar líkur séu til, að presturinn muni færa svo upp eftirgjald jarðarinnar, að ábúandi muni fyrir þær sakir misbrúka skóginn, og það mun heldur ekki geta komið fyrir, þótt nýr prestur kæmi í prestakallið. Það

er til stjórnarbréf um verndun á þessum skógi, er bannar að höggva hann miskunnarlaust og setur yfir höfuð reglur fyrir notkun hans, reglur, sem búnar hafa verið til eftir ráðum þeirra manna, sem þekkingu hafa í því efni. Og það er sjálfsagt að beita þessum reglum, ef tilraun til misbrúkunar færi að sýna sig. En eg skal játa það, að tryggingin er þó ekki nú næg fyrir fullkomnu viðhaldi skógarins og að honum mundi vera betur borgið, ef hann stæði undir yfirumsjón amtsráðsins. Eg get því verið með frv. þessu, úr því að trygging er fyrir því, að réttur prestsins muni ekki verða fyrir borð borinn.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 24. júlí.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. í e. hlj., 2. gr. frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 26. júlí.

Guttormur Vigfússon: Frv. þetta hefir mætt svo góðum undirtektum hjá h. þm., að eg þarf ekki að mæla með því.

Eg vil að eins láta í ljósi þá ósk mína, að stjórnin geri alt, sem í hennar valdi stendur, til að koma máli þessu til framkvæmdar, og að kirkjustjórnin geri líka alt sitt bezta til þess að vel sé farið með skóginn, þar til málið er komið í kring.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Hjónabandslýsingar.

FRUMVARP til laga um breyting á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands (C. bls. 163); 1. umr., 5. júlí.

Hallgrímur Sveinsson: Með því að eg er að nokkru leyti riðinn við undirbúning máls þessa, finn eg mér skylt, að minnast á það með fáeinum orðum.

Hér er stungið upp á þeirri breytingu á núgildandi ákvæðum um hjónabandslýsingar, að í staðinn fyrir, að þær skuli fram fara 3 sunnudaga í röð í sóknarkirkju brúðurinnar, komi ein lýsing í hinni sömu kirkju, að minsta kosti 3 vikum áður en hjónavígslan fer fram. Þessi 3 vikna tími má gera ráð fyrir, að muni vera nægileg trygging fyrir því, að mönnum gefist tækifæri til, að koma nógu snemma með mótbárur þær, er menn kunna að hafa að gera gegn hinni fyrirhuguðu giftingu. Eftir því fyrirkomulagi, sem nú er, geta hjón gift sig 15 dögum eftir að fyrsta lýsing hefur farið fram. Hér er því ekki þrengdur fresturinn, nema síður sé, og það er því ekki sýnilegt, að það geti orðið neinum vandkvæðum bundið, að fá nægan tíma til að lýsa meinbugum, þegar ástæður eru til þess.

Það er nú að vísu svo, að lýsingarnar eru nú þrjár; en hér er ráð fyrir gert, að lýsing verði framvegis að eins ein; en þetta er í raun réttri lítilfjörleg breyting. Þess má vænta, að upp til sveita muni lýsingin, þó að hún sé að eins ein, verða bráðlega hljóðbær, ekki sízt ef mönnum rennur í grun, að einhverjir meinbugir kunni að vera á, svo að tíminn verði nægur til þess, að koma fram mótmælunum. Í kaupstöðum er þéttbýlið meira og má því þar einnig búast við, að lýsingin verði hljóðbær fljótlega, að vísu ef til vill einna sízt í Reykjavík, með því að söfnuðurinn hér er svo fjölmennur; en eg hygg þó, að ekki þurfi að bera neinn kvíðboga fyrir því, að tímabilið milli lýsingar og hjónavígslu verði ekki nægilega langt, og fregnin um lýsinguna muni berast út, svo að bæði sveitastjórnum og öðrum gefist kostur á, að koma fram með mótmæli sín.

Það hafa reynst eigi alllitlir erfiðleikar á því hingað til á ýmsum stöðum, að framkvæma fyrirmæli gildandi laga, um að

hjónalýsingar skuli fara fram þrjá sunnudaga í röð í sóknarkirkju brúðurinnar. Meira að segja: varla verið unt að framkvæma þau á stöku stað. Það eru til kirkjur, þar sem eigi er messað nema 6. hvern, jafnvel 8. hvern sunnudag. Eg skal nefna til Viðeyarkirkju. Samkvæmt ákvæðum, sem gilda um messur þar, og sem eðlilega eru sprotnar af því, að kirkjan er að eins fyrir eitt einasta heimili, geta liðið margar vikur, án þess að þar verði messað. Hið sama er að segja um kirkju á Ábæ í Skagafjarðarprófastsdæmi og í Möðrudal á Fjöllum, að þar eru oft mjög strjálar messur; og í slíkum sóknum geta því liðið meira en 3 mánuðir frá fyrstu lýsing og þangað til brúðhjónaefnin geta gifst; og liggur í augum uppi, að slíkt er óeðlilegur réttarmissir.

Eg verð því að vona, að h. þd. greiði hið bezta fyrir frv. þessu, þar sem það bætir úr þeim erfiðleikum, sem nú eiga sér stað. Málið er svo einfalt og óbrotið, að eg finn ekki ástæðu til að óska eftir, að nefnd sé skipuð til að hugleiða það, en óska að eins, að það fái að ganga leið sína, nú fyrst til 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 7. júlí.

Kristján Jónsson: Við fyrstu umr. máls þessa var ítarlega skýrt frá aðdraganda þess og undirbúningi lagafrumv., sem vér nú höfum til meðferðar.

Eg fyrir mitt leyti er því samþykkur, að breyt. frumv. á þessari gildandi löggjöf um hjúskaparlýsingar séu hagfeldar. En á hinn bóginn virðist mér frv. yfirleitt eigi vel orðað. Eg hefi samt sem áður ekki komið fram með neinar br.till. nú, en áskil mér rétt til að gera það við 3. umr. málsins, ef eg get fengið 2 þingdeildarmenn til að vera með mér í því.

Eg vil því leggja það til, að frv. fái að ganga til 3. umr., en með þeim fyrirvara, að koma þá fram með þær uppást. til breyt. á því, er mér virðist þurfa að gera.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj. Samþ. að frv. gengi til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 10. júlí (C. bls. 163, og þgskj. 38).

Kristján Jónsson: Á þingskj. 38 á eg og 2 aðrir h. þm. lítilfjörlega br.till. Eins og br.till. þessi ber með sér, er hún aðallega orðabreyting. Okkur virðist textinn í frumv. vera óliðlega orðaður, og þess vegna þótti okkur fara betur, að breyta honum í þá átt, eins og till. á þgskj. 38 fer fram á. En breyt.till. hefir þó ekki eingöngu orðabreyting í sér fólgna; það er líka nokkur efnisbreyting á frv., að svo miklu leyti sem hún fer fram á, að lýsingin skuli fara fram á sunnudegi. Þetta er ekki tekið fram í frumv. stjórnarinnar, en er samkvæmt tilsk. 30. apríl 1824. Í öðru lagi hefir nefndin lagt til, að í staðinn fyrir orðin í frv. „við reglulega guðsþjónustugerð“ komi orðin „við hámessu“. Þannig er það orðað í tilsk. 30. apríl 1824, og vér þekkjum ekki til, að orðið „reglulegr“ guðsþjónustugerð hafi neina löghelgi í málinu. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um breyt.till. þessa, en óska að eins, að hún verði samþykt.

ATKV.GR.: 1. br.till. (38) sþ. með 9 atkv.; 2. br.till. (38) sþ. í e. hlj. Frumv. með áorðnum br. samþ. í e. hlj. og afgr. til h. Nd.

Ein umr., 21. júlí (C. 120).

Hallgrímur Sveinsson: Eins og h. þdm. sjá, hefir engin breyt. verið gerð á frv. síðan það fór frá þessari deild önnur en sú, að bætt er við ákvæði um, að leyfisbréf fyrir hjónavígslu skuli ekki kosta nema 10 kr. hér eftir. Eins og kunnugt er, hefir það hingað til kostað 33 kr. 66 aura, og er það all-hátt gjald, eftir því

sem miða ber hér á landi. Það eru því eigi svo lítil útgjöld, ef menn einhverra orsaka vegna vilja vera lausir við lýsingar og við að þurfa að láta gefa sig saman í kirkju.

Það geta ýms atvik legið til þess, að menn eigi óski eða geti komið því við, að lýsingar fari fram og hjónavígsla í kirkju. Eins og menn vita, er ástæðan til þess oft sú, að ákveða verður hjónavígsluna með stuttum fyrirvara, vegna ferðalaga, eða að brúðhjónin eiga heimili sitt á hvorum stað o. fl. Menn verða þá oft að kaupa leyfisbréf, en þeim kaupum eru samfara töluverð peningaútlát. Ennfremur getur hugsast, að sjúkleiki og aðrar ástæður á heimili hlutaðeigenda geri það að verkum, að þau óski helzt, að þurfa ekki að fara til kirkju til þess að láta gefa sig saman þar, sérstaklega á vetrardag, þegar langt er til kirkju að sækja, veður er kalt og farartálmar o. fl. Í peningalegu tilliti er það líka æskilegt, að kostur sé á, að fá leyfisbréfið fyrir minna gjald en nú á sér stað. Það hefir líka borið við, að prestar fyrir beiðni hlutaðeigenda hafi leiðst í vanda, þegar um það hefir verið að ræða, hvort þeim sé heimilt að beita 16. gr. laganna 30. apríl 1824, nfl. að gefa hlutaðeigendur saman vegna sjúkleika án undanfarandi lýsinga og í heimahúsum. Það geta oft verið efasöm tilfelli, hvort presturinn hefir leyfi til að gera slíkt, og þá er hart fyrir prestinn, ef það síðar verður talið ólöglegt, að hann fái ávítur og verði jafnvel sektaður fyrir. Í öllum þessum tilfellum liðkast málið, ef hægt er að fá undanþágu frá hinum háu útgjöldum, sem nú eru samfara leyfisbréfskaupunum, ef efnalítið fólk á hlut að máli.

Þegar þetta mál var borið fram af hendi synodus, var því hreyft, hvort ekki væri ástæða til að lækka gjaldið; en í frumv. stjórnarinnar hefir ekki verið sett ákvæði um það, og eigi heldur er vikið að því í ástæðunum fyrir því. Einmitt þetta ákvæði, sem eg hafði hugsað mér að samfara yrði frv., er nú komið inn í það fyrir tilhlutun h. Nd., og eg fæ ekki betur séð, en að það sé til bóta. Eg vil mæla með því, að þessi h. þd. fallist á frumv. eins og það liggur hér fyrir, það er að segja: bæti við fyrra frv. ákvæðinu um, að gjaldið fyrir leyfisbréfið verði hér eftir 10 kr. Það verður væntanlega ekki til fyrirstöðu hjá stjórninni, þótt gjaldið sé enn þá 33 kr. 66 au. í Danmörku, og stjórnin mun trauðlega telja nein vankvæði á því, þótt gjaldið verði annað hér á landi.

Af umr. h. Nd um þetta mál má sjá, að það kom til orða, að sýslumenn gæfu út leyfisbréfið, en breyt.till. í þá átt hefir ekki verið hreyft.

Júlíus Havsteen: Eg verð að líta svo á breyt.till. h. Nd., að með henni sé upphafinn fyrri hluti frumv, því að það er vitanlegt, að ef menn geta fengið keypt leyfisbréf fyrir 10 kr., þá dettur þeim ekki í hug, að láta lýsa með sér í kirkju, eða láta gefa sig þar saman; og þegar það er orðið almennt, þá er þar með kirkjuhjónavígsla alveg horfin.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) mintist á, að hið núverandi gjald fyrir leyfisbréf væri hátt gjald. Það má vel vera, að svo sé; en það var þó enn þá hærra fyrst, þá er það var ákveðið. Það hefir ekki verið sett til þess að útvega tekjur, heldur til þess að takmarka hjónavígslur utan kirkju og til þess að þær fari ekki fram nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Menn geta líka fengið ókeypis hjónavígslubréf, ef þeir eru mjög fátækir, og þá er það landshöfðingi, sem gefur þau út eða afhendir, en þau eru ekki veitt nema í sérstökum kringumstæðum, til dæmis ef veikindi eru fyrir hendi.

Fyrst stóð í frv., eins og því var breytt í h. Nd., að sýslumenn mættu útbýta leyfisbréfunum. Það álít eg miklu heppilegra en að amtmenn einir hafi þau til

útbýtingar, úr því að gjaldið á ekki að vera nema 10 kr., til þess að alt, sem hér að lýtur, sem sé handhægast fyrir menn, og alt sé svo lagað, að menn eigi sem hægastan aðgang til þess að komast hjá því að giftast í kirkju.

Eg get ekki séð, að það sé heppilegt, að menn geti fengið leyfisbréf fyrir 10 kr., eða með öðrum orðum, að hjónavígslur í kirkjum falli niður, og mun eigi greiða atkv. með frumv., eins og það nú liggur fyrir.

Þorkell Bjarnason: Eg er alveg á sama máli eins og hinn h. 1. kgk. þingm. (J. H.). Eg álít 10 kr. gjaldið til að fá giftingarleyfi án lýsinga mjög svo óheppilegt ákvæði. Ef það kæmist inn í lögin, þá mundi svo fara, eins og hann sagði, að flestir létu gefa sig saman í hjónaband án lýsinga. Það hvílir ábyrgð á prestinum eins eftir sem aður, að eigi séu meinbugir á hjúskapnum, og hjónabandið getur dregist eins fyrir því, eins og þó lýst sé. Ef menn endilega vilja sneiða hjá lýsingu og hjónavígslu í kirkjunni, þá eru þeir ekki of góðir til að borga það gjald, sem nú er heimtað fyrir leyfisbréfið. Eg mun því greiða atkvæði á móti frumv. eins og það nú liggur fyrir.

Sigurður Stefánsson: Eg skal leyfa mér að gera stutta grein fyrir atkvæði mínu fyrir frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir. Eg er alveg á sama máli eins og h. 1. og 6. kgk. þingm. (J. H. og Þ. B.) um það, að viðbót sú, sem komið hefir fram við frv., sé eigi til bóta. Þeir, sem endilega vilja vera lausir við lýsingar og kirkjulega vígslu, eru ekki of góðir til að borga fyrir leyfisbréfið gjald það, sem nú er heimtað. Eg játa það, að hjónabandið sé fullkomlega gilt með því að kaupa leyfisbréf; en eg get ekki neitað því, að kirkjulega vígslan er miklu hátíðlegri og áhrifameiri en í heimahúsum.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók það fram, að það gætu oft verið miklir farartálmar og aðrir örðugleikar, sem gerðu það að verkum, að hlutaðeigendur kysu heldur að láta gefa sig saman í heimahúsum en í kirkju. En eg lít líka á þetta mál frá prestanna hálfu; það getur líka oft og einatt verið örðugt fyrir þá, að fara sóknarendanna á milli, til að gefa saman þessi hjón, sem ekki vilja nota kirkjuna. Kjör prestanna eru ekki svo góð, þótt þeim séu ekki gerðir meiri örðugleikar en þörf er á.

Eg kann miklu betur við að hjónavígslan fari fram í kirkjunni en í heimahúsum; hún hefir miklu hátíðlegri blæ á sér, og meiri og betri áhrif bæði á hlutaðeigandi brúðhjón og aðra, sem viðstaddir eru. Eg er sannfærður um, að ef frv. eins og það nú liggur fyrir verður að lögum, þá muni hjónavígslur í kirkjum leggjast niður; menn munu ganga fram hjá sóknarprestinum og það getur aftur orðið til þess, að söfnuðurinn fjarlægist prestinn meir og meir. Eg veit sem sé dæmi til þess, að þótt sambandið milli prests og hjónaefna hafi ekki verið sem bezt, þá hefir það lagast, er hjónaefnin hafa komið til prestsins og hann gefið þau saman í kirkjunni.

Eg get þess vegna ekki séð, að frumv. hafi batnað við þetta ákvæði um lækkun leyfisbréfsgjaldsins, heldur hefir það í mínum augum orðið mun óálitlegra fyrir það.

Kristján Jónsson: Eg skal leyfa mér að fara fám orðum um frumv. þetta, sem liggur fyrir oss til umræðu. — Eg álít illa farið, ef viðbótin um lækkun leyfisbréfagjaldsins yrði því að falli. Eg fyrir mitt leyti lít svo á, að aðalefni þess sé til stórra bóta. Eg þekki nokkur dæmi þess, að hjúskapur hefur verið ólöglega stofnaður einmitt vegna þess, að hjónaefnin gátu ekki fullnægt laga-ákvæðunum um lýsingar, og er það eigi heppilegt, að hafa svofeld lög.

Eg get tilgreint eitt atvik, af þessu tægi, sem kom fyrir í Krísuvík á þeim ár-

um, er eg var sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu. Við Krísuvíkurkirkju á að messa annaðhvort 6 eða 8. hvern sunnudag, en svo kemur það oft fyrir, að hinar lögboðnu messur falla niður (verður messufall). Nú má eigi bíða lengri tími milli lýsinga en 3 mánuðir, né heldur frá síðustu lýsingu til giftingardags. Annars verða lýsingar ómerkar. Það er því auðsætt, að í sóknum þeim, þar sem að eins er messað örfáum sinnum á ári hverju, getur það orðið ómögulegt, einkum ef messuföll auk þess koma fyrir, að fá löglegar hjúskaparlýsingar framkvæmdar. — Og þetta veit eg að hefir komið fyrir í sókn þeirri, sem eg nefndi áður. — Það er mér og kunnugt, og sjálfsagt fleiri h. þingm., að einn mikilsvirtur prestur fyrir norðan hefir sætt ávítum, eða jafnvel sektum, fyrir að hafa breytt á móti fyrirmælum laganna um hjúskaparlýsingar; en brot hans var í því fólgið, að hann gaf hjónin saman, án þess að lögmætar lýsingar hefðu fram farið, en þær höfðu ekki getað fram farið sakir messufalla. Úr þessu bætir lagafrumv. með því, að fyrirskipa eina lýsingu í staðinn fyrir þrjár. Frumvarpið álít eg því að innihaldi verulega réttarbót, og ef það skyldi verða frv. að falli, að neðri deild hefir sett nýtt ákvæði um leyfisbréfsgjaldið inn í það, sem í sjálfu sér er lítilfjörlegt, þá álít eg illa farið. Eg vil þess vegna fyrir mitt leyti mæla með því, að það ekki verði látið standa fyrir framgangi málsins, að neðri deild hefir fært gjaldið niður. Fyrst, þegar eg sá þetta ákvæði, þá var eg í vafa um, hvort það ekki af öðrum ástæðum gæti orðið frv. að fótakefli. Eg er nefnilega í vafa um, hvernig stjórnin muni líta á það; eg er hræddur um, að hún álíti, að ákvæðin um gjald fyrir leyfisbréfið heyri undir umboðsvaldið (ɔ: stjórnarráðið sjálft). Eg ber kvíðboga fyrir því, að stjórnin álíti, að þingið hafi hér tekið sér það vald, sem hún sjálf vill hafa. En í fyrri hluta frumvarpsins felst samt að mínu áliti svo mikil réttarbót, að eg álít óhæfilegt, að þessi lítilfjörlega breyting skuli verða málinu að falli. Eg vona því, að h. deild samþykki frv. eins og það nú liggur fyrir, nefnilega með breytingu neðri deildar.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Framhald einnar umr., 25 júlí (C. 120, 158, 161).

Þorkell Bjarnason: Það hefir komið fram breyt.till. á þingskj. 158 við frumv. þetta frá mér og tveim öðrum h. þingm.

Eg vona, að h. þingd. fallist á breyt.-till. þessa. Þegar að því er gætt, að frumv. þetta gerir hjónaefnum hægra fyrir en áður að ganga í hjónaband, með því að ekki verða hér eftir þær tafir á lýsingum, sem svo oft hafa átt sér stað hingað til, vegna þess, hve sjaldan hefir orðið messað á lýsingartímabilinu, þá er því síður ástæða til að gera þeim hægra fyrir að fá undanþágu frá lýsingum með því, að gjöra konunglega leyfisbréfið ódýrara. Þetta leyfi komst á í byrjun þessarar aldar, og þá voru peningar 6 sinnum dýrari en nú; því að nú kostar það að eins 33 kr., en þá kostaði það í raun og veru 200 kr., eftir verði því, sem nú er á peningum móti landaurum.

Þegar nú tíminn og rás viðburðanna hafa gert þetta leyfi svo ódýrt, þá sýnist ekki ástæða til að breyta gjaldinu frá því sem nú er. Það er líka sýnilegt, að ef leyfisbréfið ekki kostaði nema 10 kr., þá mundu flestir nota sér það, til að giftast án lýsinga. Því að venjulega halda þeir, sem leyfisbréf kaupa, enga veizlu, svo að kaupa hjónabandsleyfið fyrir 10 kr. mundi í mörgum tilfellum verða gróði. En ef almenningur notaði sér þessa undanþágu frá lýsingum að miklum mun, þá mundi prestunum verða gert miklu örðugra fyrir. Í víðlendum prestaköllum getur það oft verið mjög óþægilegt og erfitt fyrir presta, að þurfa að fara á enda prestakall-

anna í misjafnri færð og veðri til að gefa hjónaefni saman. Eg veit ekki til, að prestar eigi neina heimting á borgun fyrir þær ferðir sínar, sem við þetta mundu myndast; meðan prestarnir ekki fá betri laun en þeir nú hafa, sé eg ekki ástæðu til auka fyrirhöfn þeirra. Það mundi sannast, að ef þessi viðauki h. Nd. yrði samþyktur, þá mundi kirkjuvígslum stórum fækka, og það álít eg ekki heppilegt, sízt meðan ástandið er eins og það er nú í trúarefnum. Eg verð að álíta svo, sem þessi viðauki h. Nd. sé sprottinn af kala til kirkjunnar, fremur en til þess að spara peninga fyrir almenning.

Eg vona, að h. 2. kgk. þingm. (H. Sv.) og h. þm. Barðstr. (Sig J.) annar biskup og hinn prófastur, ljái ekki lið sitt til þess, að gera mönnum hægra fyrir að komast hjá að láta vigja sig í kirkju, með því að samþykkja þenna viðauka h. Nd. Mér finst ekki hið núverandi gjald fyrir leyfisbréf vera svo hátt, að hjónaefnum sé ofvaxið að fá leyfisbréfið, ef þau endilega vilja losast við að láta gefa sig saman í kirkju, einkum ef því er samfara sparnaður á annan hátt, sem getur numið miklu meiru en þeim 33 kr. 66 au. sem leyfisbréfið kostar nú.

Eg vona því, að h. þingd. samþykki breyt.till. á þingskj. 158 um að fella burtu þenna viðauka h. Nd., að hjónavígslubréf skuli eftirleiðis kosta að eins 10 kr.; þar með er ekki landsmönnum óréttur ger; en ef hún verður samþykt, þá álít eg prestunum vera gerður óréttur.

Hallgrímur Sveinsson: Það er eigi að eins komin brtill. um að fella burtu úr frv. síðustu málsgr. þess, þar sem minst er á hjónavígslubréfin, heldur er og önnur brtill. fram komin þar sem farið er fram á að hækka leyfisbréfagjaldið úr 10 kr. upp í 15 kr., og hef eg skrifað undir hana ásamt 2 háttv. þm.

Eg get ekki verið á sama máli sem háttv. 6. kgk. (Þ. B.). Hann áleit að till. um það, að lækka frá því sem nú er gjaldið fyrir hjónavígslubréfin, væri fram komin af kala til kirkjunnar, og þar sem eg við 1. umr. þess frv. lýsti yfir því, að eg væri niðurfærslu gjaldsins samdóma, þá virtist mér það vera óþarft af honum að gjöra mér þær getsakir, að eg sé slíku samdóma af kala til kirkjunnar. Það er nokkuð djarft af honum að gefa mér slíkt í skyn, meira að segja í alla staði heimildarlaust, og það er jafnan varhugavert að geta sér til um það, af hvaða hvötum menn hafa þessa eða þessa skoðun; og hvað sem hann kann að láta sér detta í hug um hvatir þær, sem komið hafa háttv. Nd. til þess, að gjöra þessa breyting á frv. því, er það heimildarlaust af honum að gjöra mér þær getsakir, að eg sé samþ. niðurfærslunni af kala til kirkjunnar.

Mér hefir oft komið það til hugar, að það væri æskilegt, einkum í mannmörgum kaupstöðum og verzlunarstöðum, og vitanlega sérstaklega hér í Rvík, að brúðhjón ætti hægari aðgang til þess, að gifta sig í heimahúsum, heldur en nú á sér stað. Háttv. 6. kgk. (Þ. B.) er svo kunnugur hér, þar sem hann bæði kemur hér oft og hefir verið hér tímum saman. að minsta kosti á námsárum sínum, að hann hlýtur að hafa veitt því eftirtekt, að athöfn þessi hér í kirkjunni er oft og tíðum ekki eins ánægjuleg eins og vera ber. Þá er slík athöfn stendur til, er nýungagirni fólks óðar vakin, menn þyrpast til kirkjunnar, eg hygg oft og tíðum ekki af kirkjulegum áhuga. Eg bið háttv. 6. kgk. (Þ. B.) eigi að ætla mér það, að eg gjöri fólki getsakir, þótt eg fullyrði það, að það sé oft og tíðum ekki af kirkjulegum áhuga, heldur fremur af forvitni og nýungagirni, að kirkjan fyllist þá af fullorðnum og unglingum, sem ekki sýna þá hina sömu kyrð og háttprýði, sem menn annars sýna á undan venjulegri guðsþjónustugjörð. Einkum á þetta sér stað, þá er brúðhjón-

in eru eitthvað minni háttar persónur, eða eru eitthvað einkennileg í framgöngu; menn langar þá til að sjá eitthvað skringilegt, hvernig þessar persónur taka sig út, hvernig þær bera sig að, hvort þær kunna að haga sér eftir því formi, sem venjulegt er o. s. frv. Þegar nú þannig kemur fyrir, er ekki að undra, þótt athöfnin hafi ekki þann blæ á sér, sem er samboðinn guðshúsi, og fyrir hefir komið, að eg hef mér til sárrar skapraunar verið heyrnar- og sjónarvottur að þeim ys og þys í kirkjunni við slík tækifæri, sem guðshúsi er öldungis ósamboðinn. Og það hefir enda kveðið svo ramt að, að eg hef, á meðan eg var hér prestur, einu sinni eða tvisvar séð mig nauðbeygðan til að snúa mér að söfnuðinum og minna hann á með alvarlegum orðum, að hann væri staddur í guðshúsi. Það er því alls ekki að raunalausu, að eg hef óskað, að hægt væri að komast hjá slíku óánægjulegu framferði, og að þeir menn, sem einhverra hluta vegna telja sig hafa ástæðu til að óska þess, ættu hægari aðgang að gifting í heimahúsum.

Eg hygg að ótti háttv. 6. kgk. (Þ. B.) fyrir þeim erfiðleikum, sem slíkar heimagiftingar mundu baka prestunum, sé að miklu leyti óþarfur. Slíkt hjónavígsluleyfi mundi helzt verða notað í þéttbygðum sjóplássum og í kaupstöðum, og slíkt eykur ekki að mun erfiðleika fyrir presta, með því að þar eiga þeir að jafnaði skamt að fara. Það eru allar líkur til, að leyfið muni miklu síður verða notað til sveita; þar er erfiðara að ná í leyfisbréfið, með því að það þarf að ná í það frá amtmanni; en fyrir getur komið bæði í kaupstöðum og til sveita, að brúðhjónin einhverra orsaka vegna þurfi að vinda bráðan bug að giftingunni, svo að tíminn leyfi það ekki, að sækja leyfisbréfið. Væri því mjög æskilegt og hentugt, ef því yrði við komið, að leyfisbréf þessi gæti fengist hjá sýslumönnum, eins og stungið var upp á í Nd. Það er að vísu, svo að peningar hafa fallið mikið í verði á þessari öld, en samt sem áður eru þó 33 kr. 66 au. alltilfinnanlegt gjald fyrir fátækt fólk, og má því heita, að það sé oft og einatt frágangssök að kaupa slíkt leyfisbréf. Þar sem það hefir verið borið fram á móti lækkun gjaldsins, að það flytti hjónavígslurnar úr kirkjunni, eða gjörði þær ókirkjulegar, þá er þess að gæta, að þótt brúðhjónin kaupi sér með leyfisbréfi rétt til að losna við lýsingar, þá er ekki þar með úti lokað, að þau kunni að vilja gifta sig í kirkjunni, og eg vil taka það fram, að margir hér í Rvík, sem keypt hafa leyfisbréf, hafa eins fyrir því gift sig í kirkjunni, en ekki í heimahúsum.

Háttv. 6 kgk. (Þ. B.) hugði, að kirkjulegum hjónavígslum mundi fækka mjög, ef leyfisbréfagjaldið yrði lækkað; en það fer nokkuð eftir því, hvað menn skilja við þau orð. Hin svonefnda borgaralega hjónavígsla er ekki kirkjuleg; það er aðeins hún, sem þetta orð á við um. Hjónavígslan, sem hér er um að ræða, er í sjálfu sér eins kirkjuleg, í orðsins víðari merkingu, þótt hún fari fram í heimahúsum; sama er formið og sömu serimoníurnar, hinn sami trúarlegi grundvöllur, einungis að vígslustaðurinn er annar. Sá sem því giftir sig í heimahúsum getur eins fyrir því verið eins kirkjulega hugsandi eins og sá, sem lætur athöfnina fara fram í kirkjunni sjálfri. Eg hygg því ekki, að það muni verða kirkjulegum anda til niðurdreps, þótt vígsluleyfið fáist ódýrara en nú gerist, ef maður tekur orðin „kirkjulegur andi“ í sínum rétta skilningi.

Það hefir verið bent á, að fátækir geti fengið giftingarleyfið kauplaust. Eg hygg þó, að slíkt muni vera mjög sjaldgæft. Nokkuð er það, að það hefir aldrei komið fyrir í minni praxis, og er hún þó meiri að því er hjónavígslur snertir en flestra annara hér á landi, þar sem eg hef þjónað nokkuð mörg ár fjölmennasta kirkju-

söfnuði landsins. Eg man aldrei til þess þá, að nokkur hafi fengið slikt kauplaust giftingarleyfi. Það mun í eitt skifti eða fleiri hafa komið til orða, að fátækur maður reyndi að fá sér það, en úr því gat ekki orðið. Eg hygg því að það muni vera mjög sjaldgæft og torvelt.

Alt þetta, sem eg hef nú bent á, hefir valdið því, að mér hefir fundist ákvæði frv. þessa fara í rétta stefnu að því leyti, sem það gjörir mönnum óerfiðara fyrir að geta keypt sér hjónavígslubréf, þegar kringumstæður valda því, að slíkt er nauðsynlegt eða mjög æskilegt. Eg hygg að það þurfi eigi í minsta máta að draga hugi manna frá kirkjunni. Samt sem áður virðist mér nægilegt, að gjaldið sé fært niður um rúman helming, þannig, að það sé 15 kr., og hygg eg að það sé engin skammsýni hjá mér, þótt eg vilji ráða háttv. þd. til að sþ. það.

Júlíus Havsteen: Eg gat ekki dregið annað út úr ræðu h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) en það, að það væri bezt að giftingum í kirkju fækkaði, af því, að menn ekki láta sem bezt við giftingar í kirkjunni í Reykjavík; en það finst mér engin áhrif eiga að hafa á þetta mál.

Upptökin til þessa frv. eru komin frá synodus, sem skipaði nefnd til að íhuga, hverjar umbætur yrðu gerðar á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands, vitanlega í kirkju. Synodus bar svo þetta mál undir landshöfðingja og landshöfðingi undir stjórnina, sem nú hefir lagt frumv. fyrir þingið sem lagafrv. En stjórnin hefir sett neðan við frv. klásúlu um, að fá megi undanþágu frá hjúskaparlýsingu með konunglegu leyfisbréfi. Þessi viðbót við frv., sem var alveg óþörf, hefir gefið tilefni til, að menn hafa lagt það til, eða skotið þeim ákvæðum inn í frv., að gjaldinu fyrir leyfisbréfið yrði breytt; en eg álít, að það nái til umboðsvaldsins, en ekki til löggjafarvaldsins, að kveða á um það.

Með viðauka h. Nd. er fyrri hluti frv. í rauninni upphafinn, eða að minsta kosti óbeinlínis. Eg álít nauðsynlegt, að láta standa það gjald fyrir leyfisbréfið, sem nú er; en ef því væri breytt, þá álít eg að fremur ætti að hækka það en lækka.

Landshöfðingi: Eg er h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) samdóma um, að ekki sé ástæða til að hlynna að því, að hjónavígslubréf séu keypt. Úr því að frv. þetta fer fram á, að bæta úr þeim annmörkum, sem hingaðtil hafa verið á því, að fylgja fyrirmælum um lýsingar, og mönnum þannig er gert hægra fyrir en áður að ganga í hjónaband, þá finn eg ekki ástæðu til að hlynna að vígslubréfakaupunum. Hér kemur eitt atriði til greina, sem ekki hefir verið minst á. Lýsingar til hjónabands gera mönnum það kunnugt, að viðkomandi karlmaður og kvenmaður ætli að ganga í hjúskap. Það getur haft þýðingu fyrir ýmsa menn og sérstaklega t. d. fyrir hreppsnefndir, að fá vitneskju um, að þessi eða þessi karlmaður og kvenmaður ætli sér að ganga í hjónaband. Það má finna dæmi upp á það, að hreppsnefnd, sem haft hefir í sveitinni kvenmann með mörgum börnum, hefir keypt leyfisbréf handa manni fyrir hreppsins peninga til þess að kvongast henni og komið henni þannig upp á annan hrepp, af því, að hreppsnefndin þar, sem maðurinn var sveitlægur, vissi ekki neitt um hið áformaða hjónaband, fyr en alt var um garð gengið. Þannig má nota þetta leyfi til undanbragða, og því finst mér ekki ástæða til að hlynna að því, að menn kaupi þetta leyfi, með því að færa niður gjaldið fyrir hjónavígslubréf niður úr því, sem nú er. — Þar sem það hefir verið tekið fram sem ástæða fyrir lækkun gjaldsins, að það sé „handhægt“, þá finst mér það vera léttvæg ástæða. Ef það þykir einkar-áríðandi að fækka hjónavígslum í kirkju vegna Reykjavíkur, þá ætti að vera nægilegt að ákveða, að gjaldið væri í Reykjavík 10 kr. En eg álít ekki rétt, að miða við Reykjavík. Eg

legg til að orðin „10 kr.“ á þingskj. 158 falli burt; og hin breyt. á þingskj. 161 um, að gjaldið skuli hækkað úr 10 kr. upp í 15 kr. er þýðingarlítil. Þá br.till. finst mér engin ástæða til að samþykkja.

Hallgrímur Sveinsson: Að það sé óþarfi, að tiltaka með lögum gjaldið fyrir hjónavígslubréf, því að slíkt megi gera umboðsveginn, var mér ókunnugt um, en eg get þó hugsað mér, að umboðsvaldið sé við einhver ákvæði bundin í því efni, þannig að það geti ekki fært gjaldið upp og niður eftir eigin vild. — Að því leyti sem því hefir verið haldið fram að lýsingar séu til þess ætlaðar, að gera hið fyrirhugaða hjónaband heyrum kunnugt, og þar í lægi trygging fyrir, að ekki yrðu gefnar saman persónur, sem af einhverjum ástæðum væri óheppilegt að bundnar yrðu hjúskap, — þá er það vitanlega rétt athugasemd. En í lýsingum liggur þó engin fullkomin trygging, eg vil segja ekki sérlega mikil trygging; því að venjulega munu lýsingar ekki vitnast víðar en í þeim sóknum, er næstar liggja kirkju þeirri, er lýst er í; fólk sem upprunnið er úr einum landsfjórðungi getur því gift sig í hinum, að undangengnum lýsingum, án þess nokkur viti í átthögum þess. *(Landsh.:* Þá verður telegrafinn kominn á!) Það gleður mig, að hæstv. landsh. spáir oss telegrafinum svo fljótt; en ef ástandið er tekið eins og það enn er, þá er hann ekki kominn lengra en á fjárlögin enn. Sveitarstjórnir á Austurlandi t. a. m. hafa því vanalega enga vitneskju um, þó lýst sé með og giftar séu persónur, sem þar eru sveitlægar, hér í Gullbringusýslu. Og þótt telegraf væri keminn á, efast eg um að hann mundi verða mikið notaður til að vara sveitarstjórnirnar við varhugaverðum giftingum. Eg verð því að segja, að sú trygging, sem lýsing veitir, er ærið mikið takmörkuð nú sem stendur. En að sú niðurfærsla leyfisbréfagjalds, sem hér er farið fram á, muni að nokkru verulegu leyti draga úr þessari mjög svo takmörkuðu tryggingu, get eg með engu móti fallist á. Því að ef kapp er á það lagt á annað borð, að koma einhverjum persónum í hjónaband, t. a. m. af hreppstjórnum, til að koma af sér forsorgun ómaga, þá mun það ekki látið í vegi standa, hvort leyfisbréfið kostar nokkrum krónum meira eða minna; jafnvel þó það væri sexfalt meira en 33 kr., þá mundi það ekki gera mikið til eða frá, þegar svo á stæði. Eg hygg því, að frá þessu sjónarmiði sé ekki mikið við þessa br.till. að athuga.

Þar sem það hefir verið dregið út af orðum mínum um hvatir manna til að sækja kirkjur og hátterni þeirra í kirkjunni við hjónavígslur, að samþykkja bæri frv. þetta vegna ósæmilegs athæfis safnaðarins í Reykjavíkur dómkirkju, þá vil eg víkja þeim skopyrðum á bug, eða leiðrétta, ef sprottið er af misskilningi. Eg hef aldrei sagt, að hið umrædda háttalag við hjónavígslur ætti sér stað eingöngu hér í Reykjavík; það, að eg tilnefndi „Reykjavík“ í þessu sambandi, kom til af því, að eg er hér kunnugastur; eg hygg, að þessu sé líkt farið í öðrum fjölmennum stöðum hér á landi; eg hef ekki verið á Akureyri eða Ísafirði, og get því ekki dæmt um, hversu þar er háttað í þessu efni, af eigin reynd, en eg býst við, að þeir, sem þar eru kunnugir, geti ef til vill sagt hið sama þaðan. Eg sagði heldur ekki, að mér væri ekki ógeðfelt, að hjónavígslur færu fram annarsstaðar en í kirkjum, eingöngu af þeirri ástæðu, að það gæfi stundum tilefni til miður sæmilegs athæfis í kirkjunni, heldur að sú skoðun mín styddist við þetta eitt meðal annars; eg til tók þetta atriði, af því að það hefir oft fyrir mig komið og haft töluverða þýðingu fyrir mig.

Annars vil eg ekki gera þetta að neinu kappsmáli; mér fanst að eins skylt, að taka fram það, sem mér fanst mæla með

því að samþykkja þetta frumv., og má hver meta það sem hann vill.

ATKV.GR.: Br.till. á þgskj. 158 felld með 6 : 5 atkv.; br.till. 161 samþ. með 8 : 3 atkv. Frv. með áorðinni breyt. samþ. í heild sinni með 8 : 3 atkv. og endursent síðan Nd.

Læknishéraðaskipan.

FRUMVARP til laga um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. (C. 144); 1. umr., 21. júlí.

Jónas Jónassen: Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá h. Nd. Eins og menn vita, hefir þetta mál mikla þýðingu, ekki að eins fyrir þjóðina í heild sinni, heldur líka fyrir einstaka menn, en sérstaklega fyrir læknastéttina. Mál þetta hefir ítarlega verið rætt í h. Nd., og niðurstaðan hefir orðið sú, að héruðunum hefir verið skift í flokka, og eru ástæðurnar fyrir þeirri flokkaskiftingu tilfærðar í nefndaráliti Nd. Eg álít frv. svo úr garði gert frá Nd., að það væri illa farið, ef Ed. gerði breytingar á því. Það má ganga út frá því sem gefnu, að lengi megi þrátta um flokkaskiftinguna eða hvaða héruð skuli vera í þessum eða þessum flokki. Það getur gengið í það óendanlega, enda var það líka eitt af aðalágreiningsatriðunum í Nd. Þar komu ekki neinar sérstakar mótbárur fram gegn frv. að því er launin snertir, og er það vel farið. Eg er sannfærður um, að ef frv. þetta, eins og það nú liggur fyrir, verður að lögum, þá verða læknarnir töluvert ánægðari en nú. Kjör þeirra eru með þessu frumv. bætt að mun. Það er ekki við því að búast, að alþingi geti veitt öllum 42 læknum landsins rétt til fullra eftirlauna. Eg álít mjög skynsamlegt, að flokka héruðunum niður eftir launum. Það leiðir til samkepni meðal læknanna og verður þjóðinni fyrir beztu. Það getur líka orðið til þess, að læknar leggi niður drykkjuskap; því að ef þeir eru drykkfeldir, geta þeir ekki gert sér von um, að komast úr embætti lægra flokksins upp í hinn hærri. Eg vil því óska, að frv. þetta, eins og það liggur nú fyrir, þótt annmarkar séu á því, fengi góðan byr í þessari þingd. og að hún ekki geri þær breytingar á því, sem gætu leitt til þess, að frv. kæmist aftur niður í Nd.; afleiðingin af því mundi verða sú, að alt þetta verk yrði til einskis, og það álít eg illa farið. Eg óska ekki og sé ekki ástæðu til að setja það í nefnd; það yrði að eins til að tefja tíma þingsins, og ef til vill til þess, að frv. kæmist aftur til Nd., og þá mestar líkur til, að það ekki kæmi þaðan aftur. Eg vona þess vegna, að þessi h. deild taki því vel og lofi því að sigla með ljúfum byr.

Eg efast ekki um, að einstakir menn sjái ýmsa agnúa á því; en vilja þessir menn stuðla til þess, að öll læknastéttin líði fyrir það? Eg vona fastlega, að þeir geri það ekki; enda væri það mikill ábyrgðarhluti.

Sigurður Jensson: Þetta mál er svo þýðingarmikið og merkilegt, að eg álít sjálfsagt, að athuga það vandlega áður en það verður útkljáð. Mig furðar stórlega á, að h. 4. kgk. (J. J.), sem sérstaklega ætti að hafa áhuga á þessu máli, skyldi leggja það til, að breytingarnar á frumv. þessu ekki einu sinni yrðu athugaðar í nefnd, og að hann skuli segja, að það sé ábyrgðarhluti, að fara fram á, að gallarnir á því yrðu leiðréttir, af því að þá yrði heill læknastéttarinnar og alls landsins í veði. Skoðar hann það þá svo, að það eigi að gripa frv. strax hér í þessari deild og flýta sér að samþ. það óbreytt með öllum þess göllum, til þess að Nd. ekki nái í það aftur og felli það? Þá verð eg að segja, að eitthvað sé bogið við það. Þetta mál er svo merkilegt og svo áríðandi, að það sé leyst vel af hendi,

að eg álít sjálfsagt, að setja nefnd í það, og að það sé einmitt ábyrgðarhluti, að standa á móti því, að nefnd sé skipuð í það. Eg fyrir mitt leyti sé marga vegi mögulega til að gera það miklu heppilegar úr garði en hér er gert; eg álít jafnvel heppilegra að fella það en samþykkja það óbreytt, eins og það nú liggur fyrir. Þá mætti fara annan veg til þess að koma þessu máli vel fyrir bráðabirgða. Í þessu frv. er farið fram á 42 læknishéruð. En eins og við vitum eru komnar fram bænarskrár úr nokkuð fleiri héruðum, sem biðja um lækna. Því á þá endilega að fastákveða að þau skuli ekki vera fleiri? Eg verð að líta svo á, að þegar hugsað er um velferð alls landins, þá sé heppilegra að feta sig áfram smátt og smátt í þessu máli, eins og þingið hingað til hefir gert, að hafa nokkur föst embætti, og að svo sé bætt við aukalæknum þar, sem mest þörf er á þeim. Það eru enn þá ekki fengnir læknar í öll þau aukalæknisembætti, þar sem þingið álítur mesta nauðsyn á læknishjálp. Hver verður svo afleiðingin af þessari flokkaskipun, eins og hún kemur frá Nd.? Hún verður sú, að læknarnir stökkva burtu frá sumum aukahéruðunum, sem þeim þykja vera erfið og lítið launuð, og sækja um önnur, sem nú eru í hærra flokki, og því betur launuð. Eg held þess vegna, að það sé miklu heppilegra, að laga þetta á fjárlögum smátt og smátt, meðan enn eru ekki nógu margir læknar til, og fjölga svo héruðunum eftir því, sem læknunum fjölgar. Ef menn svo kæmust að raun um, að önnur héraðaskifting væri heppilegri, þá er einlægt hægt að breyta og haga skiftingunni öðruvísi, meðan héraðaskipunin stendur að eins á fjárlögum.

Hér er líka annað athugandi, nefnil. skiftingin í tvo flokka, eftirlaunahéruð og eftirlaunalaus héruð. Afleiðingin af þessari skiftingu verður sú, að læknarnir tolla ekki í eftirlaunalausu héruðunum og reyna til að komast í hin betri sem fyrst. Þá væri betra, að launin færu vaxandi í þessum eftirlaunalausu héruðum, því að þá væri meiri trygging fyrir því, að læknarnir yrðu kyrrir lengri tíma. Eg held þó alls ekki fast við að hafa alt á fjárlögum, en það finst mér nauðsynlegt, að reyna að laga frv. sem bezt, en að hrapa ekki að því, að samþykkja það, eins og það kemur frá Nd., með öllum þeim göllum, sem á því eru. Eg get ekki hugsað mér, að Nd. sé svo hvikul, að hún mundi drepa það, þótt það verði lagað í þessari deild.

Þegar eg les frv., eins og það kemur frá Nd., þá finst mér eg sjá ýms ljós merki þess, að í breytingum hennar hefir komið fram hreppapólitík hjá sumum þingmönnum. Sumir þingmenn hafa þar hegðað sér eins og menn, sem eru á hvalfjöru; ef þeir fá sjálfir gott stykki af hvalnum, láta þeir sig litlu skifta, hvernig fer um hitt annað. Mér er mest um það hugað, að frv. sé vandlega athugað, áður en það verður samþykt, vegna þess, að þetta er svo þýðingarmikið mál.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér að segja fáein orð út af uppástungu h. þm. Barðstr. (S. J.) um að setja nefnd í þetta mál.

Frv. þetta er í öllum aðalatriðum alveg eins nú eins og það var samþ. frá þessari þingd. í hitt eð fyrra, nema að því er flokkaskipunina snertir og launin. Það hefir verið rætt í nefnd hér í deildinni og verið samþykt tvisvar, nfl. við 3. umr. og eina umr. Það er að eins flokkaskipunin, sem hefir verið nokkuð breytt, en ekki héruðin. Þau eru hin sömu nú eins og þegar frv. var samþykt við 3. umr. hér í deildinni á síðasta þingi. Eg get því ekki betur séð en að þessi þingdeild hafi íhugað þetta mál nákvæmlega, og þess vegna sé eg ekki ástæðu til, að það sé sett í nefnd; það væri að eins til að draga tímann. En þar sem h. þm. Barðstr.

(S. J.) gaf í skyn, að menn vildu hér varast breytingar á frv. til þess að Nd. næði ekki í það aftur og sálgaði því, þá held eg, að slíkt hafi komið fyrir hér áður á þingi, og muni eg rétt, þá hefir einmitt hinn h. þingm. sjálfur gert hið sama á síðasta þingi í einu máli, nfl. vínsölumálinu. Af því að hann vissi, að það var gallagripur og mundi missa lífið í Nd., ef það kæmist þangað aftur, þá setti hann sig á móti breyt. á því hér í deildinni, til þess að Nd. næði ekki að fella það. Nú vita menn, að frv. þetta átti erfitt uppdráttar í Nd. vegna eftirlaunaákvæðanna; en það er ekki það, sem h. þm. Barðstr. (S. J.) hefir á móti frumv., heldur ýmislegt annað. Hann talaði um að það væru komnar fram bænarskrár um miklu fleiri læknishéruð en 42, sem rétt mundi að taka til greina að meira eða minna leyti, en þó kvartaði hann yfir, að ekki væru til læknar í öll þau 42, sem ákveðin eru í frv.; ætli það yrði þá betra, ef þau yrðu 50? Annað veifið þótti honum þau of mörg, en hitt of fá. Eg fekk það út úr ræðu hans, að honum gengi ekki annað til en að koma frv. niður í Nd. til þess að leggja það þar á höggstokkinn.

Guttormur Vigfússon: Þegar eg las í Stjórnartíðindunum neitun stjórnarinnar um samþykki á frv. um læknaskipun frá alþingi 1897, þá verð eg að játa, að mér varð mjög gramt í geði. Eg taldi þá víst, að þingið mundi nú sýna af sér þá röggsemi og þá festu gagnvart stjórninni, að samþykkja frv. aftur óbreytt, eins og það fór frá þinginu í hitt eð fyrra og senda það til stjórnarinnar í því trausti, að hún skildi, að oss væri þetta nauðsynjamál, en að vér að hinu leyti treystumst ekki til að bera meiri eftirlaunabyrði en nú. Í sömu stefnu sé eg að flestir þingmálafundir í vor hafa farið.

Jafnframt þessu hafði eg hugsað mér, að þingið mundi í þessu máli nota þá leið, sem h. þm. Barðstr. (S. J.) benti á, nfl. að laga læknaskipunina með því að fjölga aukalæknaumdæmunum og bæta kjör aukalæknanna á fjárlögunum, þangað til stjórnin sæi sér ekki fært að neita lengur um þessar sanngjörnu kröfur. Þessa leið hefir h. Nd. ekki farið, heldur tekið alveg nýa stefnu í málinu. Eg skal játa, að úr því sem ráða er nú, get eg helzt aðhylst þessa stefnu, því frekar sem allar líkur eru til, að stjórnin samþykki nú frumv., án þess það þó valdi landsmönnum óþarflega mikillar eftirlaunabyrðar.

Í aðalatriðunum er enginn annar munur á þessu frumv. og því, sem samþ. var á síðasta þingi, en sá, að þá voru öllum læknum ætluð nokkur eftirlaun, en í þessu frv. er eftirlaunahéruðunum ekki fjölgað, en skipaðir starfsmenn í ný héruð í stað aukalæknanna áður.

H. þm. Barðstr. (S. J.) tók það fram, að mörg aukalæknahéruð stæðu enn þá óveitt, af því, að læknar fengjust ekki í þau, og að afleiðingin af þessu frumv. mundi verða sú, að læknar fengjust ekki frekar í þessi eftirlaunalausu héruð. En hér er mikill munur á; því að eftir þessu frv. eru laun þessara aukalækna ákaflega mikið bætt, þar sem launin í 4. flokki eru hin sömu eins og laun héraðslækna í flestum læknishéruðum voru áður. En það sem aðallega gerði áður, að ekki fengust læknar í aukalæknishéruðin, var það, hversu illa þau voru launuð.

Eg fyrir mitt leyti er frumv. hlyntur, eins og það nú liggur fyrir; en eg skal ekki neita því, að eg í einstöku atriðum gjarnan vildi óska að fá breytingar á því.

Það er sérstaklega eitt aðalatriði, sem eg hafði hugsað mér að æskilegt væri að fá lagfæring á, nfl. að hafa flokkaskipunina jafnari, að hafa sem flest aukahéruð með sömu launum, t. d. 1400 kr., svo að embættin yrðu jafnari. Eg held, að í flokkaskipuninni sé mest farið eftir fólksfjölda héraðanna, en hann er ekki alréttur

mælikvarði fyrir því, hvaða laun hver læknir ætti að hafa; því að fólksmörgu héruðin eru oft hægari og þéttbýlli en hin fólksfáu. Fólksfáu héruðin eru aftur á móti mörg töluvert víðlend og erfiðari yfirferðar. Af þessu leiðir svo, að auk þess sem hægari héruðin verða betur launuð, og óerfiðari fyrir lækni að þjóna, gefa þau lækninum miklu meiri tekjur fyrir „praxis“.

Eg er í vafa um, hvort greiða skuli atkvæði með því, að frv. sé sett í nefnd eða ekki; mér er svo ant um það og líkar það svo vel að mörgu leyti, að mér þætti mjög illa farið, ef á því væru gerðar nokkrar breytingar, sem gætu leitt til þess, að það yrði felt í Nd. En á hinn bóginn vildi eg gjarnan að þeir gallar, sem mér finnast á því vera, yrðu lagaðir, en þó á þann hátt, að háttv. Nd. sæi ekki ástæðu til að fella frv. þegar það kæmi aftur til háttv. Nd. Breytingum þessum mætti vel koma að með breyt.till., án þess málið sé sett í nefnd.

Þorkell Bjarnason: Frv. þetta hefir sjálfsagt verið afgreitt frá Nd. í þeirri veru, að það geti leitt til samkomulags við stjórnina. Eg skal ekkert um það segja, hvort svo muni verða; en mér virðast sum ákvæði þess vera þannig löguð, að þau geri það óaðgengilegra til staðfestingar, með því að það er lakara læknum til handa en frv. það, sem samþ. var á síðasta þingi og ekki náði staðfestingu stjórnarinnar, nfl. það ákvæði, að meir en helmingur læknahéraðanna eru eftirlaunalaus embætti. Þetta er alveg nýtt meðal íslenzkra embættismanna. Eg álít það miður heppilega ákvörðun, og ef hún yrði að lögum, hygg eg að það mundi verða til þess, að ala á þeirri ósk, sem er æði rík meðal alþýðu, að afnema öll eftirlaun. Þessi skoðun almennings, að afnema öll eftirlaun, er sprottin af fátækt, en ekki af óvild; hún er sprottin af því að almenningur hér á landi verður að lifa við kjör, sem líkjast að sumu leyti meira skrælingjalífi en lífi mentaðra manna. En almenningur gætir ekki að því, hvílík neyð það er fyrir mentaða menn, að lifa við slík kjör, — sárasta skort á elliárum sínum. Frá þessu sjónarmiði skoðað er þetta ákvæði frumvarpsins óheppilegt. En það er ekki nóg með það, að helmingur embættanna verða eftirlaunalaus, heldur verða eftirlaunin eftir þessu frv. lakari en eftir frv. frá síðasta þingi. Eftir þessu frumv. getur maður ekki gert ráð fyrir, að ýkjamargir verði meir en 20 ár í embætti, sem eftirlaunaréttur fylgir, með því að tæpum helmingi læknaembættanna fylgja eftirlaun. Að vísu fá þeir meiri eftirlaun eftir 20 ára þjónustu með eftirlaunarétti en gert var ráð fyrir í frv. frá síðasta þingi um lækna, sem sætu 20 ár í embætti. En eftir því frv. voru miklar líkur til, að læknar sætu 30 ár í embætti, og þá áttu þeir heimting á meiri eftirlaunum en þeir nú geta fengið eftir 20 ára þjónustu.

Eftir þessu frv. fá læknar eftir 20 ára þjónustu í embætti með eftirlaunarétti þau eftirlaun, sem hér skal greina:

Læknar í 1. fl. 950 kr.; læknar í 2. fl. 850 kr.; læknar í 3. og 4. fl. 750 kr.; læknur í 5. fl. 650 kr. En eftir frv. síðasta þings áttu læknar að fá í 1. flokki eftir 30 ára þjónustu 960 kr.; læknar í 2. fl. 940 kr.; læknar í 3. og 4. fl. 900 kr.; læknar í 5. fl. 860 kr.

Af þessum tölum má sjá, að þetta frv. er lakara í eftirlaunalegu tilliti en frv. frá síðasta þingi, því að það má búast við, að læknar sitji ekki lengur en 20 ár í embættum með eftirlaunarétti eftir þessu frv. Það eru þessar ástæður, sem gera það að verkum, að mér líkar ekki frv. þetta.

Hallgrímur Sveinsson: Úr því að málið er hér nú til 1. umr. á það vel við að líta yfir gang frv. og samband þess við frv. það, er síðasta alþingi sþ. um sama efni. Hæstv. lh. hefir

upplýst um, að frv. sé að öllu verulegu að því er héraðaskipunina snertir samhlj. frv. því, sem þessi háttv. þingd. hafði svo rækilega meðgerð með á síðasta þingi, svo að eigi virðist ástæða til að hefja nú mótmæli eða hugsa til verulegra breytinga á þeirri hlið frv. Aftur á móti er önnur veruleg breyting, sem frv. hefir nú fengið frá í fyrra, sem sé sú, að numinn er burtu úr því eftirlaunarétturinn fyrir lækna í héruðum þeim, sem eru í 4. og 5. flokki frv. Vér vitum, að háttv. Nd. hafði ástæður fyrir þessari breyting sinni; annarsvegar neitun stjórnarinnar á frv. síðasta alþingis, og hins vegar ófúsleika þjóðarinnar á því, að auka á eftirlaunabyrði landsjóðsins. Vér getum því eigi annað sagt, en að háttv Nd. hafi ráðið á heppilegan hátt fram úr þeim vanda, sem málið var komið í. Vitaskuld er eigi hægt að segja með vissu, hvort stjórnin muni verða ánægð með frv. þetta, þá er til hennar kasta kemur, og ekki spá þeir ólíklega, sem segja, að henni muni vera ógeðfelt, að allstór flokkur embættismanna skuli á þennan hátt vera útilokaðir frá rétti til eftirlauna; en þess ber þó að gæta, að breyting þessi er eigi allstór frá því sem nú á sér stað; allstór hópur lækna vorra er í sama ástandi nú sem stendur. Að vísu köllum vér þá aukalækna, en beint liggur við, að skoða svo sem 4. og 5. fl. læknanna í frv. þessu komi í þessara aukalækna stað og líkingin er einnig bersýnileg að því leyti, sem landshöfðingi á að veita þessi embætti, eins og hann hefir veitt og veitir nú styrkinn til aukalæknanna. Mér virðast því eigi svo sérlega sterkar ástæður til að ætla, að stjórnin muni synja því samþ. sínu. Háttv. þm. Barðstr. (Sig. Jensson) tók það fram og lagði talsverða áherzlu á, að mál þetta væri svo mikilsvert, að ekki ætti að láta það ganga í gegn í þessari háttv. þingd án þess að það væri íhugað í nefnd. Eg skal játa það, að mér virðist þetta vera rétt. Vér þurfum hér eigi að óttast. að málið þurfi að sofna í nefnd sakir naumleika tímans, eins og stundum hefir átt sér stað, þegar stutt hefir verið eftir af þingtímanum; nú er ekki svo áliðið orðið. Hlutverk nefndar yrði hér, að meðhöndla málið rólega, ganga í gegnum breyt. þær, sem það hefir fengið í háttv. Nd., og séu þær að eins lítilfjörlegar og óverulegar, þarf þetta ekki að tefja málið neitt að ráði; enn fremur mundi nefndin geta gætur að því, að engir smágallar hafi læðst inn í frv., og með öllu þessu gæti nefndin einmitt greitt leið frv. í gegn um þingd. Hún mundi að sjálfsögðu hafa það hugfast, að breyta engu því, er gæti orðið hættulegt fyrir framgang málsins. Það er enn fremur aðgætandi, að með því að setja ekki nefnd er öllu fremur opinn aðgangur til að koma fram með einstakar breyt.till., sem geta að sjálfsögðu eigi síður orðið hættulegar fyrir leið frv.

Frv. þetta hefir þá 2 miklu kosti, að um leið og það bætir að mun hag læknanna yfir höfuð frá því sem nú er, þá bætir það einnig hag þjóðarinnar, veitir mönnum að miklum mun hægri aðgang til að ná í læknishjálp þegar nauðsyn krefur. Háttv. þm. Barðstr. (S. J.) áleit heppilegri veg til þess, að auka við á fjárlögum aukalæknahéruðum, eftir því sem reynslan sýndi mesta þörfina. En þessari mótbáru móti frv. hefir þingið þegar svarað 1897 með því að sþ. sams konar frv. sem þetta. Það leynir sér heldur ekki, að slík héraðaskipun af handa hófi á fjárlögum getur aldrei orðið í góðu samræmi. Hitt er bersýnilegt, að hægra er að jafna þau og skifta þeim á hagkvæmman hátt, þá er öllu landinu er í einu skift í læknishéruð Það er heldur engin hætta á ferðum, enda þótt reynslan sýndi síðar meir, að hagkvæmt væri að gera einhverja breyting á takmörkum héraðanna, þar sem landsh. er veitt vald til þess í frv. sjálfu, að gera slíkar breyt-

eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda. Hér er því varnaglinn sleginu, ef á þarf að halda.

Eg hygg að í öllu verulegu sé svo frá þessu frv. gengið, að vænta megi að það þoli að ganga gegn um þann hreinsunareld, að nefnd sé sett til að íhuga það, og að það þurfi alls ekki að verða því að falli.

Jón Jónsson: Eg er einn af þeim, sem styðja vil þá tillögu háttv. 4 kgk. (J. J.) að nefnd sé ekki kosin í þetta mál. Eg vil vísa til þess, sem hæstv. landshöfðingi tók fram, að frv. er í aðalatriðunum að því er takmörk læknahéraðanna snertir í samræmi við frv. það, er þessi háttv. þd. hafði til svo rækilegrar íhugunar á síðasta þingi og samþ. þá, og fyrir því er ástæðulaust að gjöra ráð fyrir, að hún vilji nú fara að breyta frv. að þessu tilliti. En aðalbreytingu þeirri, sem frv. hefir fengið, sem er fólgin í eftirlaunaréttinum, ætla eg að þessi háttv. þd. muni ekki vilja breyta, að minsta kosti ekki eg fyrir mitt leyti, því að eg vil taka undir með þeim, sem segja að háttv. Nd. hafi þar komist að heppilegri niðurstöðu.

Háttv. 6. kgk. (Þ. B.) sagði að frv. þetta væri óaðgengilegra fyrir læknastéttina en frv. síðasta alþingis, og er það að vissu leyti satt, en hins vegar er ljóst, að frv. þetta bætir mjög kjör læknanna frá því, sem nú er, og mig furðar á því að hann, sem þó í öðru máli vill feta sig áfram smátt og smátt, skuli nú ekki vilja nota sömu aðferðina í þessu máli. Kjör þau, sem í frv. þessu eru ætluð læknum 4. og 5. flokks, eru að mun betri en kjör aukalæknanna nú, þótt þeim flokkum fylgi enginn eftirlaunaréttur, og staða þeirra verður miklu tryggari. Það er einnig þörf á breytingunni vegna þess, að vafasamt mun vera nú, hvort aukalæknar hafa sömu skyldu sem fastalæknar (héraðslæknar) viðvíkjandi sóttvörnum o. fl.

Háttv. þm. Barðstr. (S. J.) sagði, að í frv. þessu kæmi fram hreppapólitík; en mér virðist það einkennilegt ráð sem hann vildi við hafa til þess að bæta úr því. Hann vildi sem sé setja nefnd í málið til þess að breyta frv. hér, svo það þyrfti aftur að fara til háttv. Nd., einmitt þangað, þar sem mest hefir verið gert til þess að koma inn í frv. þessari hreppapólitík, sem hann svo nefnir. H. sami þm. (S. J.) sagði og, að ýmsar bænarskrár væru komnar um að fjölga læknum meira en gjört væri í frv. þessu. Eg hygg nú að ekki verði girt fyrir það, að slíkar bænir komi fram, hvorki með frv. frá síðasta þingi né þessu frv. eða öðru því líku. Í hessu tilliti má minna á prestakallalögin. Mér virðist svo stórt spor stigið bæði til umbóta á kjörum lækna og kjörum alþýðu manna að því er fjölgun læknanna snertir, að vér þess vegna eigum að sþ. það. Og þar sem hinn sami háttv. þm. (S. J.) taldi það ábyrgðarhluta að sþ. frv. óbreytt, er frá mínu sjónarmiði enn þá meiri ábyrgðarhluti að standa í vegi fyrir því, að þær umbætur læknamálanna fáist, sem í frv. þessu eru. Kapp getur oft og tíðum verið gott, en það hefir þó sín takmörk, og þegar líf manna og heilsa er í veði, megum vér þm. ekki leggja það í sölurnar fyrir persónulegt kapp okkar. Það er ekki svo að skilja, að eg sé alls kostar ánægður með frv. eins og það nú er úr garði gjört; eg get bent á dæmi, þar sem mé virðist ósamræmi í. Þannig er Blönduóshérað í 2. flokki; en Hróarstunguhérað í 3. flokki, sem þó mun erfiðara yfirferðar en hitt Get eg fært þær ástæður fyrir máli mínu, að sýslumaður N.-Múl., sem áður var sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefir lagt mikla áherzlu á það, hve ferðalög séu erfiðari þar eystra en þau séu í Húnavatnssýslu, og þarf hann þó sjaldan að ferðast á þeim tíma, þegar verst er.

Eg vil ekki elta háttv. 6 kgk. (Þ. B.) út í samanburð þann, sem hann gjörði á

eftirlaunum lækna eftir þessu frv. og frv. því er alþ. samþ. 1897; en sú fyrirlitning kom fram þá í ummælum hans fyrir hugsunarhætti alþýðu manna, sem eg hefði ekki búist við að heyra af hans munni, þar sem hann hélt því fram, að það væri svo miklu þyngra fyrir embættismenn, að lenda í skorti á elliárunum, heldur en fyrir alþýðu manna, sem eins og hann komst að orði væri svo vön við að lifa því lífi, sem nærri væri skrælingja líf. Heldur þá hinn háttv. þm. að þeir, sem numið hafa latínu og grísku, séu tilfinningarnæmari en ólærðir menn? Eg hygg að tilfinningin muni vera eins næm hjá alþýðunni fyrir því að fara á mis við öll lífsþægindi, og eg vil geta þess til, að það hafi verið í hugsunarleysi, sem h. þm. talaði þessi orð, en ekki af öðru verra.

Þorkell Bjarnason: Hugsunin í orðum mínum var sú, að af því að húsakynni, aðbúnaður og yfir höfum alt líf embættismannsins væri að jafnaði betra en líf alþýðu manna, eftir því sem það er að jafnaði, þá félli honum þyngra en þeim, að þurfa á elliárunum að sætta sig við sömu kjör, sem alþýða manna verður því miður að sætta sig við

Sigurður Jensson: Eg hef fengið ákúrur fyrir það, að lýsa yfir þeim vilja mínum, að nefnd yrði kosin í þetta mál, og það hefir jafnvel verið álitinn af sumum ábyrgðarhluti að ráða til þess, að frv. yrði athugað, og ef þörf sýndist breytt og sent aftur háttv. Nd En eg get með fullum rétti snúið þessu við; málið er svo merkilegt og mikilsvarðandi, að það þarf að athugast vandlega áður en það er gjört að lögum. og það er ábyrgðarhluti, að reyna til að aftra því. Eg skal lýsa yfir því, að meining mín er alls ekki sú, að vilja eyðileggja frv., og hafi háttv. þm. fengið það út úr fyrri ræðu minni, þá er það misskilningur. Meining mín er að eins, að málið sé eigi svo afgreitt frá þessari háttv. þd., að það sé ekki vel athugað.

Háttv. þm. S.-Múl. þótti það merkilegt, að eg vildi láta frv. komast aftur niður í háttv. Nd., ef eg fyndi í því hreppapólitík. Eg get ekkert merkilegt fundið í því, þó maður vilji laga eitthvað frv., sem manni ekki líkar. Eg hygg að hvert mál eigi að athugast og vandast eins vel og hægt er, eins þetta frv. sem önnur. Eg er t. a. m. samdóma háttv. þm. S.-Múl. (G. V.) í því, að heppilegra væri að launakjör lækna í 4. og 5. flokki væru jöfn, svo að læknar hafi síður hvöt til að færa sig úr einu héraði í annað. Það er og sanngjarnt, að læknahéröð þau, er erfið eru, enda þótt þau séu fólksfá, hafi ekki lakari launakjör en hin, sem minni eru og þó fólksfleiri. Þetta og fleira gæti nefnd íhugað, og sting eg því upp á því, að 3 manna nefnd sé sett í málið.

ATKV.GR.: Nefndarkosning feld með 6 : 5. Frv.-vísað til 2. umr. í e. hl.

Önnur umr., 25. júlí (C 144, 175, 176).

Sigurður Jensson: Eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till., sem aðallega eru ekki nema tvær. Við 1. umr. talaði eg nokkuð um þetta mál, og skal eg játa að það var af nokkrum hita, þegar eg merkti, að það væri meiningin að standa í móti því, að þessi deild tæki frumv. til athugunar, og eg hefi kannske komið orðum mínum svo fyrir, að sumir h. þingdm. hafi af þeim dregið, að eg vildi eyðileggja málið; en það var alls ekki meining mín, að vilja eyðileggja það, og þó eg vildi, þá gæti eg það ekki. Og þó það væri þingmaður, sem megnaði miklu meira en eg megna, sem vildi eyðileggja það, þá gæti hann það ekki; hann gæti kannske dregið það og tafið fyrir því, en eytt því gæti hann ekki, því að vilji alls almennings stendur á bak við þetta mál, þ. e. hvað snertir fjölgun læknahéraða og aukning á launum aukalæknanna; eg mundi því sjálf-

ur vera í móti þeim manni, sem vildi fara fram á að eyðileggja málið. En það segi eg nú sem áður, að heldur en að taka þá stefnu, að láta þetta frumv. ganga í gegn með öllum göllunum, sem á því eru, og án þess að þessi deild leysi þá skyldu af hendi, að gera sitt bezta til að laga það, — heldur en gera það þá sagði eg og segi enn, að það má fullvel koma þessu máli í gott lag á fjárlögunum svo gott lag, að læknar verði svo margir, sem á þarf að halda, og laun þeirra eins há og hér er ákveðið í þessu frumv. Mér sýnist deildin ekki gera skyldu sína, ef hún tekur ekki til íhugunar hvert það mál, sem fyrir hana kemur, sér í lagi svo yfirgripsmikið mál, sem þetta er; mér sýnist líka að það sé að sýna h. Nd. of mikið vantraust, að ætla henni, að hún muni fella þetta frumv., sem hún nýlega hefir samþykt með talsverðum meiri hluta, ef það kemur til hennar aftur, og segja, að vegna þess megum vér ekki setja inn í það ákvæði, sem oss lítast góð og heppileg. Það er sem sagt ekki meining mín, að eyðileggja málið, því að eg stend við það, að það má koma því í gott horf á fjárlögunum, ef það nær ekki fram að ganga á annan hátt. Hér er ekki eingöngu því að gegna, að þetta sé velferðarmál læknastéttarinnar eingöngu, heldur er það stórt velferðarmál fyrir alt landið; það er stórt velferðarmál, ekki fyrir peningalegan hagnað einnar stéttar eingöngu, heldur fyrir allan almenning í heild sinni. Ef á þetta mál er litið eingöngu frá læknanna hlið, þá verður það eðlilega stór hagur fyrir þá, að búin eru til svo mörg föst læknishéruð, sem ekkert útlit er fyrir, að læknar komi í fyrst um sinn, því að það getur orðið og verður stór launahækkun fyrir marga af þeim, þegar þeir eru settir til að þjóna hinum læknislausu héruðum og fá fyrir það hálf læknislaun í viðbót við sín eigin laun. Til þess að menn ætli ekki, að eg tali út í hött, þá skal eg nefna eitt dæmi. H. Nd. hefir sett Reykhólahérað í neðsta flokk og því eru lítil líkindi til, að þar komi læknir fyrst um sinn. Þetta hérað er nú sameinað Strandahéraði, sem nú á að verða sérstakt hérað. Læknirinn, sem nú er í Strandahéraði, verður að þjóna Reykhólahéraði fyrst um sinn án launaviðbótar, en ef hann fer burt og annar kemur í staðinn, þá verður sá settur til að þjóna Reykhólahéraði með hálfum launum; þetta þyngir pyngju læknisins, en er enginn léttir fyrir Reykhólahérað, því að þar verður jafnerfitt að ná í læknishjálp, hvort sem læknirinn fær hálf launin eða ekki. Eins fer, ef læknir kæmi í Reykhólahérað eitt ár og færi svo strax burt, til að ná í betra hérað, þá mundi læknirinn í Strandahéraði verða settur til að þjóna Reykhólahéraði með hálfum launum, og það fé fær hann fyrir sama sem ekki neitt, því að það er svo erfitt að ná í hann þaðan, að það er ekki hætt við að hans verði vitjað mikið.

Eg hefi ekki viljað gera margar breyt.-till. við frumv., né stórar; ef frumv. hefði farið í nefnd, þá hefði eg gert við það margar till. til breytingar, en eins og það nú horfir við, hefi eg hlífst sem mest við að koma fram með gagngerðar breytingar. Breyt.till. mín á þingskj. 176 um að steypa saman 4. og 5. flokki hygg eg sé til mikilla bóta. Þar af mundi leiða, að læknar héldust heldur kyrrir þar sem þeir væru komnir, og álít eg það mikinn kost, því að hitt mundi valda því, að fólk oft yrði að sjá af góðum lækni, sem það héldi upp á, vegna þess að hann sækti um annað betur launað hérað. Þessi launamismunur er þar að auki af h. Nd. settur af handahófi og ekki bygður á neinum ástæðum; það hafa þingmenn í h. Nd. sagt mér, og jafnframt getið þess, að þeir mundu ekki vera á móti þessari breytingu minni; meira að segja framsögumaður nefndarinnar í Nd. hefir sagt, að hann væri þessari breytingu meðmæltur.

Hin breyt.-till. fer fram á að bæta við einu nýu læknishéraði. Það sýnir nú bezt hvort eg hef haft í huga að eyðileggja þetta mál, þar sem eg legg til að fjölga skuli læknishéruðunum; þeim verður fjölgað; það er ekki til neins að standa á móti því, og eftir nokkur ár eru þau ef til vill komin upp í 50—60.

Barðastrandarhérað, sem hér er farið fram á að skifta í tvö héruð er eitt hið erfiðasta hérað á landinu, eins og sýnir sig á því, að nýlega hefir læknir á bezta aldri fengið lausn með eftirlaunum frá því héraði. — Það hefir lengi verið stríð um það í þessu héraði, hvar læknirinn ætti að sitja; héraðið er svo sundur skorið af fjöllum og fjörðum, að hvar sem læknirinn situr í héraðinu, þá verður oft og tíðum miklum hluta héraðsbúa ómögulegt að ná til hans. Það var í mörg ár, sem hann sat á Barðaströnd, en það var mjög óþægilegt fyrir menn í vestursýslunni, og því var það fast sett, að hann skyldi flytja sig vestur á firðina. Í vestursýslunni eru 2 verzlunarstaðir hér um bil jafn-fjölmennir: Patreksfjörður og Bíldudalur, og báðir vildu fá lækninn til sín. Í milli þessara staða eru 2 fjallgarðar og 1 fjörður, svo að það er næsta erfitt að sækja lækni af öðrum staðnum á hinn. Nú er búið að fastsetja, að læknirinn skuli sitja á Patreksfirði, enda eru þar komnar sóttvarnarstöðvar og bráðum verður þar líklega reistur spítali. En Bíldudalur er mjög illa settur, hvað lækni snertir; þar er fjölmenni mikið saman komið, einkum á sumrum; þar eru um 200 manna á fiskiskipum og hér um bil eins margir í landvinnu og því þarf þar oft á lækni að halda, en, sem sagt, verður að fara yfir tvo fjallgarða og einn fjörð til að ná í hann suður á Patreksfirði, og er þá læknirinn oft ekki heima, eins og eðlilegt er í svo víðlendu héraði. Það hefir komið fyrir þarna á Bíldudal, að senda varð gufuskip til að sækja lækninn, því að ekki varð fært eftir honum öðruvísi; og eins og sjá má af bænarskránni um þetta mál, þá verður mönnum mjög kostnaðarsamt að vitja læknis, einkum á vetrum. Mér finst þess vegna full ástæða fyrir þingið að verða við þessari ósk um lækni á Bíldudal. Eg veit að menn munu segja, að Barðastrandarsýslan sé þá orðin dýr hvað lækna snertir; en menn verða að gæta þess, að sýslan er erfiðari yfirferðar en flestar aðrar, og að þótt hún sé dýrari en aðrar, hvað lækna snertir, þá er hún þó ódýrari landssjóði hvað vegi snertir og brýr, heldur en allar aðrar sýslur landsins. Það hefir ekki verið veitt til vega í þessari sýslu úr landssjóði, heldur hefir sýslan sjálf tekið lán til að gera við vegina, og kostar þá ein, eins og lög mæla fyrir. Héraðsbúar vona þess vegna, að h. þingdeild verði við tilmælum þeim í þessu efni, og sérstaklega vona þeir, að h. 4. kgk. þm. (Dr. J. J.) verði með þessu, af því að honum er ant um þetta mál og hann þekkir hversu báglega þeir eru settir í þessu efni, að hér er um hérað að tala, sem er eins ilt yfirferðar eins og það er stórt, og hversu bágt þeir geta átt, sem langt eiga til læknisins. — Þetta nýa hérað, sem eg sting upp á að bætt verði við, er heldur ekki lítið, því að það nær yfir Dalahrepp og Suðurfirði og eru það margir langir firðir, og ilt að komast þar um. Hefði málið farið í nefnd, má vera að mér hefði dottið í hug, að stinga upp á að þessi læknir yrði settur í lægri flokk en breyt.-till. fer fram á, því að héraðsbúar hefðu heldur viljað leggja fé til frá sjálfum sér, til þess að fá lækni, heldur en að vera læknislausir lengur.

Jónas Jónassen: Eins og eg gat um við 1. umr. þessa máls hér í deildinni, þá sé eg ekki mikla ástæðu til að breyta frumv. h. Nd Eg tók það fram hér í deildinni þá, að lengi mætti þrátta um, hvernig landinu væri heppilegast skift niður í læknisumdæmi, og að það væri

ekki nema eðlilegt, þótt allir gætu ekki orðið á eitt sáttir, hvað það snertir, en hins vegar má æra óstöðugan, ef það á að bíða eftir því, að allir verði ánægðir, því það verður aldrei. Eg fæ ekki heldur séð að á frumv. þessu séu neinir stór-gallar, sem þurfi að lagfæra.

H. h. þm. Barðstr. sagði, að mál þetta mætti laga á fjárlögum, en það er mér ómögulegt að skilja, að hægt sé að gera, svo að í nokkru lagi sé. Eg veit vel, að það er hægt að auka smátt og smátt tölu styrkveitinga til aukalækna á fjárlögunum, en með því móti kemst aldrei nein regla eða samræmi á skipun læknishéraðanna.

Hvað það snertir, að það sé kostur að hafa 1 flokk með 1400 kr. launum í staðinn fyrir tvo með 1500 og 1300 kr. launum, þá get eg ekki betur séð, en að það geti alveg eins vel orðið ókostur. Það getur orðið til þess, að eitt hérað verði að burðast með sama lækninn um langan aldur, þó það sé harðóánægt með hann; — það verður alveg eins og nú með prestskosningarlögin. — Söfnuður, sem einu sinni hefir orðið fyrir því óhappi, að fá ónýtan klerk, verður að sitja með hann alla hans æfi, því aðrir söfnuðir vilja ekki kjósa hann. Þó að prestskosningarlögin séu góð, þá verð eg þó að álíta þessa galla á þeim.

Hin breyt. sagði h. þm að væri mjög nauðsynleg fyrir Bíldudal, og skal eg játa, að það sé mjög líklegt og enda víst, að hún sé þörf og nauðsynleg, en er kannske ekki svo víða. Þingið gæti búist við að fá á hverju ári að minsta kosti fyrst um sinn beiðni um, að stofna nýtt læknishérað, sem væri bygt á beztu rökum. Eg álít að ekki sé hægt að gera við þessu nú, en að við verðum að láta okkur nægja með þau héruð í bráð, sem nefnd eru í frv. Það hefir að minni hyggju enga þýðingu, að fara að bæta einu héraði við þá tölu, sem h. Nd. hefir tiltekið, en getur orðið frv. til falls.

Eg get því með hvorugri till. verið.

Yfirhöfuð álít eg það óendanlegt verk, ef þetta frv. ætti að gerast svo úr garði, að öllum líkaði; það verður aldrei hægt; það hljóta altaf að verða einhverjir, sem óánægðir eru. Frumv. stendur síðar meir til bóta, en eg álít það heppilegt, ekki einungis fyrir læknastéttina, heldur einnig fyrir þjóðina sjálfa, og þá, sem sjúkir eru, að nú sé bundið enda á þetta mál; annars er það fyrirsjáanlegt, að það verður að bíða og bíða svona þing eftir þing. Það eru heldur ekki þeir gallar á frv., að ekki megi vel hlíta við það svona fyrstu 10 árin.

Sigurður Jensson: H. 4. kgk. (J. J.) sagðist ekki skilja, hvernig ætti að laga þetta mál á fjárlögum. — Eg hefi nú aldrei sagt annað en það, að heldur en að samþykkja frv. í því formi, sem við hlytum að vera óánægðir með, þá gætum við ráðið bót á þeirri brýnustu þörf, sem nú er fyrir hendi viðvíkjandi læknaskipunarmálinu, með því að veita á fjárlögum styrk handa aukalæknum, eins og þingið raunar hefir gert mörg undanfarandi ár, og auka þennan styrk og fjölga læknunum eftir þörfum. Eg fæ ekki betur séð, en að þetta sé ógn-vel skiljanlegt. Eða er það ekki eins hægt að ákveða á fjárlögum 1300—1500 kr. laun handa læknum, eins og það er hér í þessu frv? Fyrir læknana verður þetta alveg sama, hvort þeir hefja laun sín samkvæmt fjárlögunum eða sérstökum lögum, en fyrir landssjóð er það ávinningur, því að launin verða ekki borguð úr landssjóði, nema því að eins að einhver læknir komi í umdæmið.

H. 2. kgk. (H. Sv.) fanst það enginn kostur, þó laun 4. og 5. flokksins væru gerð jöfn, eins og br.till. mín fer fram á, en eg skal þó benda h. þm. á minsta kosti einn kost, sem fylgir br.till. — Sum

af þeim héruðum, sem nú eru aukalæknishéruð, og hafa verið gerð það einmitt af þeirri ástæðu, að þar hefir þótt mest nauðsyn á lækni, eru eftir frv. í 5. flokki og launuð með 1300 kr. Þegar nú um leið eru stofnuð önnur embætti með 1500 kr. launum, þá sækja læknarnir úr embættunum í 5. flokki, sem þá verða læknislaus; það eru einmitt þau héruð, þar sem mest þörf hefir þótt á lækni. H. þm. taldi það sem ókost á br.till. minni, að þá yrði það hérað, sem einu sinni hefði fengið slæman lækni, að sitja með hann, af því að hann hefði enga ástæðu til að sækja burtu, þegar embættin öll væru jafnhátt launuð. Eg fæ ekki séð, að neitt væri unnið við að flytja lækninn í annað hérað; mér finst alveg standa á sama, úr því slíkur læknir er látinn sitja í embætti, að láta hann sitja kyrran í sama stað, eins og að fara að plága aðra með því að senda þeim hann.

H. þm. sagði ennfremur, að víða mundi vera eins mikil þörf á lækni eins og á Bíldudal. Það held eg sé ekki rétt. Það er óvíða, sem héruðin í 4. og 5. flokki yrðu stærri ummáls en Bíldudalshérað, og það verður einlægt mest þörfin á lækni þar, sem mikill mannfjöldi er saman kominn á einum stað. Það verður aldrei hægt að hafa svo marga lækna hér á landi, að hægt verði að ná fljótt í þá frá hverjum sveitabæ, sem er langt frá öðrum mannabygðum, en í fjölbygðum kauptúnum er nauðsyn á að gera mönnum hægt fyrir að ná til læknis.

Um fyrri br.till. mína veit eg, að hún muni ganga í gegn í h. Nd., og að hin geti orðið til þess að fella frv., held eg óhugsandi; það munar ekki þau ósköp um þetta eina hérað, og eg get ekki skilið, að h. Nd., sem er svo fús til að stofna ný embætti, og hér hefir stofnað svo mörg ný héruð, láti það verða málinu til falls, þó einu sé bætt við.

Landshöfðingi: H. þm. Barðstr. (S. J.) tók fram við 1. umr. þessa máls, að svo miklir gallar væru á frv., að réttast væri að fella það. Í dag er h. þm. horfinn frá því, að fella frumv., og hefir komið fram með tvær br.till., sem að öllum líkindum eiga að bæta úr þessum stóru göllum, sem á frumv. eru. Við skulum nú líta á, hverjir þessir tveir aðalgallar eru, sem br.till. vill kippa í lag. Önnur br.till. er í því fólgin, að hún í staðinn fyrir tvo síðustu flokka frv. með 1500 og 1300 kr. launum setur einn flokk með 1400 kr. Þennan mismun á embættunum, sem þm. vill lagfæra og telur svo stóran agnúa, verð eg einmitt að álíta heppilegan. Eg verð að telja það kost á öllum embættum yfirhöfuð, að þau séu þannig launuð, að embættismönnum gefist færi á að fara frá lægra launuðu embætti til hærra launaðs, því það hvetur viðkomandi, hvort sem það eru læknar eða aðrir, til þess að sýna dugnað og elju við starf sitt, og sýna, að þeir séu verðir til að fá betri embætti.

Þá er hin br.till., sem laga á hinn aðalgalla frv., nefnilega að bætt sé við einu nýu læknishéraði við þessi 42, sem Nd. hefir fallist á. Eg skal ekki bera á móti því, að það kunni að vera ástæða til þessarar breyt., og h. þm. er sjálfsagt kunnugri því og betur fær að dæma um þörfina á sérstökum lækni fyrir þetta hérað en nokkur annar, sem hér er staddur; en ef leitað væri meðal þm., þá ímynda eg mér, að þeir væru allmargir, sem gætu bent á, að það eru fleiri héruð en þetta, sem hefðu fulla þörf á frekari skiftingu en frumv. fer fram á. — Eg skildi h. Nd. svo, að hún ekki vildi stofna fleiri ný læknisembætti en brýn nauðsyn krefði og vel væri viðunandi; en hvort hún samt sem áður mundi samþykkja þessa breyt. skal eg ekkert segja um, og eg verð að ætla, að h. þm. Barðstr (S. J.) geti heldur ekkert um það sagt. Það eru fullir erfiðleikar á, að segja fyrirfram um það, hvernig atkvæðagreiðsla muni ganga í

þeirri deild sem maður er í, en að fullyrða hvernig atkv.gr. falli í annari deild, álít ég bæði ofvaxið mér og h. þm.

Eg verð að ráða h. þd. til að samþ. frumv. óbreytt eins og það kom frá h. Nd., því breyt. verður varla til stórvægilegs batnaðar, en óvíst, ef breytt verður frv., hvort það nær fram að ganga.

Það hafa sumir h. þm. bent á læknafæðina, og að nú væru ekki einu sinni nógu margir læknar í þau embætti, sem til eru. Ef frumv. þetta yrði að lögum og föst röð og regla kæmist á skipun læknishéraðanna, þá held eg að ekki þurfi að óttast svo mjög þetta, en ef læknamálið er látið eiga sig, eins og það nú stendur, þá er fyrirsjáanlegt, að aldrei verður svo mikið af lækna-kandidötum, að hægt verði að fylla í þau skörð, sem nú eru, auk heldur fleiri, því stúdentar hætta alveg að lesa læknisfræði, ef engin breyt. kemst á. Það er ekki nóg, þótt hækkuð séu laun aukalækna á fjárlögum, heldur þarf að breyta algerlega allri skipun læknishéraðanna, svo eitthvert fast skipulag og regla komist á þau, en það verður ekki gert svo í lagi fari nema með sérstökum lögum.

ATKV.GR.: 1. fl. 1. gr. sþ. í e. hlj.; br.till. 2 á þskj. 175 við 1. gr. feld með 7 : 1 atkv. Þar með fallin br.till. 3 á sama þskj. 2. fl. 1. gr. sþ. í e. hlj. 3. fl. 1. gr. sþ. í e. hlj. Br.till. á þskj. 176 feld með 6 : 4 atkv. 4. fl. 1. gr. sþ. með 9 samhlj. atkv. 5. fl. 1. gr. sþ. með 9 samhlj. atkv. Meginmál 1. gr. sþ. með 9 samhlj. atkv.; 2. gr. frv. sþ. með 9 samhlj. atkv.; 3. gr. frv. sþ. með 9 samhlj. atkv.; 4. gr. frv. sþ. með 9 samhlj. atkv.; 5. gr. frv. sþ. með 9 samhlj. atkv.; 6. gr. frv. sþ. með 9 samhlj. atkv.; 7. gr. frv. sþ. með 9 samhlj. atkv.; 8. gr. frv. sþ. með 9 samhlj. atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 9 samhlj. atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 9 samhlj. atkv.

Þriðja umræða, 27. júlí.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 9 samhlj. atkv. og afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Eftirlaun.

FRUMVARP til laga um eftirlaun (C. 61); 1. umr. 15. júlí.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Frv. það, sem liggur hér fyrir, er gamall gestur hér á þingi og þótt það hafi fengið góðar viðtökur hér heima, þá er síður en svo, að því hafi verið vel tekið hjá stjórninni í Kaupmannahöfn, því að hún hefir þrisvar sinnum synjað því staðfestingar; en þrátt fyrir þessar ítrekuðu synjanir, þá hefir almenningur samt sem áður ekki getað samfærst um, að breytingar þær, sem það fer fram á, séu ósanngjarnar eða skaðlegar fyrir þjóðina. Þingið hefir ár frá ári farið svo sanngjarnlega í breytingarnar sem auðið er. Hafi nokkuð verið fundið að þessum breytingum á eftirlaunalögunum af almenningi, þá hafa aðfinningarnar gengið í þá átt, að það væri farið of skamt. En það er nú svo hér sem í öðru, að sá verður að lúta sem lægra er settur eða sem minna valdið hefir. Þótt eg sem flm. þessa máls viðurkenni það, að óánægja almennings með eftirlaunin sé á rökum bygð, þá er eg samt sem áður ekki þeirri stefnu fylgjandi, að afnema alveg öll eftirlaun; eg hef því ekki viljað annað en miðla málum. Eg þykist sjá, að á þeim grundvelli, sem hingaðtil hefir verið bygt á, muni ekki vera meiri von um samkomulag. Þess vegna álítum við flutningsmenn þessa frv. það væri að berja höfðinu við steininn, að samþykkja það óbreytt. Við höfum því í þessu frv. enn reynt að miðla málum, með því að fara fram á enn minni lækkun en áður. Á þessari miðlun byggjum við þá von, að ef þingið samþykkir þetta frv., þá muni

stjórnin verða svo sanngjörn, að reyna til að mæta því á miðri leið; það má lengi þrátta um, hvað hæfilegt sé í þessu máli. Mál þetta er orðið fast í huga þjóðarinnar; stjórnin verður að slaka til. Það er ekki vel farið, hve lengi þetta mál hefir verið á dagskrá þings og þjóðar, þetta þóf fram og aftur hefir eitt með öðru orðið til að ala óánægju við stjórnina og stjórnarfarið hér á landi, og að því leyti væri það vissulega æskilegt, gæti þetta eftirlaunamál orðið leitt til viðunanlegra lykta.

Eg fyrir mitt leyti get ekki sannfærst um, að þessi lækkun eftirlaunanna muni hafa skaðleg áhrif eða að vandræði verði með að fá menn skipaða í embættin. Eg ímynda mér að það verði nóg af embættismannaefnum, sem fengist geta í embættin, og að þeir muni engu síður rækja skyldu sína sem embættismenn eða verða ver staddir en nú. Það er eitt nýmæli í frv. þessu, nfl. að sá embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, skuli á hverju ári senda landshöfðingja vottorð frá héraðslækni um, að hann sé ekki fær um að hafa embætti á hendi. Orsökin til þess að við settum þetta ákvæði er sú, að það hefir komið fyrir nú á síðustu árum, að kornungir menn hafa sagt af sér embætti vegna heilsubrests. Það er auðvitað ekki nema eðlilegt, að ungir menn geti orðið veikir og mist heilsuna; en ef þeim batnar aftur, þá er sanngjarnt að þeir fari í embættið aftur. Það er ósanngjarnt við þjóðina, að ungir og hraustir menn séu settir á æfilöng eftirlaun, þótt þeir hafi orðið snöggvast veikir, eða að þeir lifi á eftirlaunum alla æfi, þótt þeir séu vel færir um að gegna embætti. Þetta var það, sem kom okkur til að setja þetta ákvæði um læknisvottorðið inn í frv. Eg vona að allir sanngjarnir menn hljóti að kannast við, að þetta ákvæði sé bygt á allri sanngirni. Við munum þakksamlega taka öllum þeim bendingum og breytingum á frv., sem geta stuðlað að því, að það nái fram að ganga.

Með þessum fáu orðum vildi eg svo leggja það til, að frv. fái að ganga til 2. umr.

Júlíus Havsteen: Eg skal ekkert um það segja, hvort frv. þetta muni öðlast kgl. staðfesting eða ekki, en von mín og ósk er sú, að þau eftirlaunalög fái að standa, sem vér nú höfum. Það er komin inn hjá ýmsu fólki sú skoðun, að eftirlaunin séu alt of mikil, en um það má segja, svo að eg við hafi danskt orð, að það sé „Smagsag“. Eg get ekki séð, að það komi til greina hér, þótt einhver hafi fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, án þess í raun og veru að hafa átt þau skilið, og sérstaklega virðist mér það nýmæli í frv. þessu ófært, að sá, er eftirlauna nýtur, skuli þurfa að útvega sér læknisvottorð það, sem nefnt er í 3. gr. frv., á hverju ári, einkum þar sem ákveðið er, að hann skuli missa eftirlaunin ef hann hefir ekki slíkt vottorð. Það hefði þó verið mannúðlegra að ákveða, að hann skyldi þá taka embætti aftur, ef byðist jafn gott því, sem hann hafði. Eg held að ekki sé rétt að gefa héraðslæknunum slíkt vald sem þetta, svo að það sé undir vottorði þeirra komið, hvort uppgjafa embættismaður á að fá að njóta eftirlauna þeirra, sem honum hafa verið ákveðin. Það getur komið fyrir, að eitthvað sé á milli þeirra læknisins og embættismannsins, er valdið gæti því, að erfitt væri að fá slíkt vottorð.

Eg verð að vera á móti frv. þessu, af því að ef eg væri með því, þá lýsti eg þar með yfir, að eg væri ásáttur með að mín eftirlaun yrðu reiknuð á þann hátt, sem frv. ákveður. En eg vil heldur hafa þau eftirlaunaákvæði, sem gilda nú, og mun því greiða atkv. á móti frv.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr, með 9 atkv.

Önnur umr., 18. júlí.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson) Við fyrstu umr. þessa máls tók eg fram það, sem mér þótti nauðsynlegt frá almennu sjónarmiði. Að því er snertir breyt.till. mína á þingskj. 113 um að upphæð eftirlaunanna skuli reiknast $^1/_4$ af embættislauna upphæðinni í staðinn fyrir $^1/_5$ eins og stendur í frv., skal eg geta þess, að það var meining okkar flm. að það stæði $^1/_4$ í frv. og þess vegna er þessi br.till. mín komin fram.

Eg tók það fram við 1. umr., hvers vegna við flutum. hefðum enn á ný komið fram með þetta frv. á þessu þingi og hvers vegna við hefðum ekki farið eins langt og áður, að því er lækkun eftirlaunanna snertir, nfl. af því að við vildum leitast við að ná samkomulagi við stjórnina. Því að svo lengi sem þetta mál ekki er leitt til lykta óg meðan það er á dagskrá mun það stöðugt vekja óánægju og gremju meðal almennings, hvort sem þessi óánægja er nú á gildum rökum bygð.

Sú trú er nú einu sinni komin inn hjá almenningi, að eftirlaunin séu óhæfilega há og margir vilja láta afnema þau með öllu. Þótt hér sé nú ekki svo langt farið og lækkunin enda minni en margur vill, þá er ástæða til að ætla, að þessari óánægju mundi linna, ef þetta mál yrði leitt til lykta þannig, að nokkuð áynnist. Eg vil því heldur slaka til, þótt lækkunin sé ekki eins mikil eins og í frv. því, sem legið hefir fyrir þinginu áður. Breyting sú, sem nú er farið fram á við aðra gr. er alveg samkvæm breyt till., sem tveir h. þm. hér í deildinni gerðu við þessa gr. 1893, er mál þetta var til meðferðar í þessari deild; þessir h. þm. eru 2. og 3. kgk. þm. Þessa breytingu tókum við upp í þeim tilgangi, að ná nú samkomulagi við þessa háttv. þm. Hinir áðurnefndu 2 háttv. þm. hafa áður lýst því yfir, að ef þessi breyting á 2. gr. frv. kæmist að, þá mundu þeir geta gefið því atkv. sitt. Okkur þótti sem sé mikils vert, að sem flestir veittu frv. fylgi sitt. Nú á þessum fundi hefir verið útbýtt breyt.till. við 2. gr. frv. á þingskj. 112 frá háttv. 2. kgk. þm. (Hallgr. Sveinssyni). Eg ímynda mér að hann hefði ekki komið fram með hana, ef hann hefði vitað, að breyt.till. okkar flutnm. á þingskj. 113 væri komin fram. Eg vil því ekki tala um hana fyr en eg heyri ummæli hans. Að vísu verða eftirlaunin dálítið hærri eftir henni en eftir breyt.till. okkar, en eg vil samt sem áður ekki gera það að kappsmáli; eg mun gefa frv. atkv. mitt þótt breyt.till. hans verði samþykt.

Aðalefnis breytingin er við 3. gr. frv. Eg tók fram við 1. umr. þessa máls, að eins eðlilegt eins og það er, að sá embættismaður, sem vegna heilsubrests verður að leggja niður embætti sitt, fái eftirlaun, eins óeðlilegt og enda ranglátt er það, að sá embættismaður, sem er í fullu fjöri og með óveikluðum kröftum, njóti eftirlauna. Eg skal í þessu sambandi leyfa mér að geta þess, að tilefnið til þess, að efnisbreytingin við 3. gr. hefir verið gerð, er sú, að á síðari árum hafa ýmsir ungir menn fengið læknisvottorð um, að þeir ekki væru færir um að gegna embætti. Það getur auðvitað komið fyrir og er ekki nema eðlilegt, að ungir menn verði veikir og ófærir til að gegna embætti og þá er auðvitað sjálfsagt, að þeir fái eftirlaun. En þótt ungur maður missi heilsuna um stundarsakir, þá getur hann komist til góðrar heilsu aftur, og þá finst mér ekki rétt, að landssjóður ali hann sem ómaga, en að hann vinni fyrir sínu brauði, og þess vegna fanst okkur það ekki vera nema sanngjarnt, að heimta árlegt vottorð eða skýrslu af embættismanninum fyrir því, að hann ekki sé fær um að þjóna, svo að landssjóður ekki gjaldi þess, þótt ungir menn í fullu fjöri geti fengið lausn frá embætti og legið upp á honum, fullkomlega færir um að gegna embætti. Þetta, sem eg nú hefi tekið fram, var ástæðan til þess, að við settum

ákvæðið um læknisvottorðið inn í 3. gr. frv., og eg get ekki ímyndað mér, að skynsamir menn geti með sanngirni haft á móti því. Því hefir verið hreyft nýlega af einum háttv. þm. hér í deildinni, að það væri engin trygging fyrir því, að embættismaður væri ekki fær um að gegna embætti þótt hann gæti útvegað sér læknisvottorð um það. Eg verð nú samt að ætla að svo sé. Eg veit ekki betur en að það fyrsta sem heimtað er nú, ef embættismaður biður um lausn frá embætti sakir heilsubrests, sé skýrsla frá lækni hans um, að heilsu hans sé svo varið, að hann ekki sé fær um að hafa embætti á hendi. Þess vegna álít eg fulla tryggingu í læknisvottorðinu, að hann sé fær um að gegna embætti, ef læknirinn segir það. Eg geng sem sé út frá því, að læknirinn gefi ekki vottorð á móti betri vitund. Aðrar breytingar hafa ekki verið gerðar á frv. fyrri þinga. Eftirlauna upphæðin er hin sama að því er ekkjur og börn embættismanna snertir. Á lægri eftirlaununum er munurinn minni en áður. Hæstu eftirlaun verða nú, ef breyting h. 2. kgk. þm (H. Sv.) kemst að, liðugur helmingur embættislaunanna. Eg held að eg muni rétt, að hinn hæstv. landsh. hafi tekið það fram á þinginu 1893, að þetta væri sú ítrasta lækkun, sem hann gæti gengið að fyrir stjórnarinnar hönd; eg hefi því von um, að mál þetta komist nú í gott horf, ef hæstv. landsh. mælir með því, og þá vona eg að bráðum verði lokið þeirri óánægju með eftirlaun, sem nú á sér stað meðal almennings, hvort sem hún er á rökum bygð eða ekki.

Hallgrímur Sveinsson: Eg kannast fullkomlega við, að hinir háttv. flutningsmenn þessa frumv. hafa leitast við að taka tillit til andmæla undanfarandi þinga. Þetta gjörir andmælendurna fúsari á að slá af, það er að segja, ef þeir geta sannfærst um, að þessi eftirlaunakjör verði viðunandi fyrir þá og eftirmenn þeirra, þótt nokkur rýrnun verði á þeim frá því, sem nú á sér stað. Eg skal játa, að það hvatti mig til að aðhyllast frumv., þegar eg sá, að hinn h. flutningsm. færði brotið $^1/_5$ af eftirlaunaupphæðinni upp í $^1/_4$.

Eg hefi því enga ástæðu til að efast um, að hin háttv. þingdeild samþykki þessa breyt.till. h. flutningsm. (Sig. St.), því að eg geri ráð fyrir, að hún sé fylgjandi aðalstefnu frv. En mér er ekki fyllilega ljóst hlutfallið á milli hækkunarinnar úr $^1/_5$ upp í $^1/_4$ á eftirlaunaupphæðinni í sambandi við $^2/_3$ eða 1 heilan % af embættislaununum, hafi þau verið meiri en 2500 kr. En munurinn verður ekki ýkjamikill og þess vegna geri eg ekki núna breyt.till. um $^2/_3$ % upp í 1 heilan að kappsmáli, þótt eg heldur mundi kjósa það.

Þar sem h. flutningsm. (Sig. Stef.) gat þess, að eg hefði áður fyrri verið fús á að aðhyllast þetta frv., ef eftirlaunaupphæðin væri bundin við $^2/_3$ % af embættislaununum, þá þykist eg muna, að eg hafi bundið það við 1 % en ekki $^2/_3$ %.

En eg legg ekki svo mikla áherzlu á það. Eg get tekið undir með h. flutningsm. (S. St.) um það, að þetta mál hefir vakið og vekur enn óánægju og óróa meðal sumra manna. En á hinn bóginn álít eg það ekki næga ástæðu til að halda heilli þjóð í æsingu. Það hefir verið sýnt fram á, að þau eftirlaun, sem þetta frumv. fer fram á að breyta, er að eins partur af embættislaunaupphæðinni í heild sinni. Hér er ekki ætlast til, að gerðar verði neinar breytingar á eftirlaunum presta og prestaekkna, ekki heldur á eftirlaunum ekkna annara embættismanna og barna þeirra. Hér eru að eins lækkuð eftirlaun þeirra embættismanna, sem eru fyrir utan prestastéttina; sú upphæð fer ekki mikið fram úr 20 þúsund krónum, og hvort hún er minkuð um 2—5 þúsund krónur, getur ekki vegið svo mikið í reikn-

ingi landssjóðsins, að það sé nægileg ástæða til að setja hugi manna í æsingu. En eg skal samt játa það, að þótt mér ekki virðist nægileg ástæða til þess, þá hefir þó þetta mál orðið töluvert æsingamál, og að það vekur ofsjónir hjá almenningi á kjörum embættismanna, og það álit, að þau séu svo glæsileg og góð, að ekki megi lengur við svo búið standa. Eg álít það mjög óheppilegt, að þessi skoðun hjá almenningi nái að festa rætur, og að þess vegna sé nokkuð gjörandi til að ryðja henni úr vegi.

Að því er snertir ákvæði 3. gr. um, að sá embættismaður, sem ekki getur fengið læknisvottorð fyrir því, að hann eigi sé fær um að gegna embætti, skuli missa rétt til eftirlauna, þá þykir mér þar of langt farið. Eg vil ekki láta vöntun á slíku læknisvottorði svipta hann alveg rétti til eftirlauna, en gjöra honum að skyldu að þiggja embætti, sem er við hans hæfi, þegar hann ber sig eftir því og er álitinn fær um að gegna því. Því að það getur vel hugsast, að hann ekki gæti fengið slíkt embætti, þótt hann óskaði þess. Ef hann ekki er fær um að gegna embætti, þá er ósanngjart að svifta hann eftirlaunum, og eins er ósanngjarnt að svifta hann eftirlaunum, ef hann vill taka við embætti, en getur ekki fengið það, af því að ekkert slíkt er laust; þess vegna vil eg gefa honum svigrúm til að leitast við að komast í annað embætti, sem er við hans hæfi og hann álítur sig færan til að gegna. — Eg skal leyfa mér að benda á villu í 8. gr. Þar stendur: „sem til eru teknar í 8. gr.“, en á að vera 9. gr. Það hefir verið tekið upp óbreytt eftir hinum fyrri frumv., en nú hefir ný grein bætst við, svo að greinatalan breytist. Eg bendi að eins á þetta af því, að eg álít þörf á að leiðrétta það.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um frumv. þetta, en fel h. þingd. það til sanngjarnlegrar meðferðar.

Júlíus Havsteen: Eg stend ekki upp í þeirri von, að eg geti talið h. þingdeildarmenn af að greiða atkvæði með frv. því, sem hér liggur fyrir, heldur að eins til þess að lýsa því yfir, að eg greiði atkv. á móti því, þrátt fyrir breytingar þær, sem á því hafa verið gerðar; því að eg vil ekki að menn segi, að eg ætli öðrum verri kjör en mér sjálfum. Að því er snertir æsingar og óróa þann, sem sagt er að eftirlaunamálið hafi vakið og veki meðal alþýðu manna, þá hefi eg fyrir mitt leyti ekki orðið var við það hjá þeim mönnum, sem eg hefi átt tal við um það, og þó svo væri, þá álít eg, að ekki beri að taka tillit til slíkra æsinga, ef þær ekki eru á rökum bygðar. Mér heyrðist jafnvel á h. flutningsm. (S. St.), að hann eigi væri fullkomlega sannfærður um, að þær væru það. Að því er 3. gr. frumv. snertir, þá virðist mér hún ófær eins og hún er nú; en háttv. 2. kgk. þingm. (H. Sv.) vill laga hana, sem vel fer. Grein þessi kvað vera á því bygð, að maður einn, sem leystur var frá embætti vegna heilsuleysis fyrir nokkrum árum með eftirlaunum, hafi þessa dagana gengið hér um bæinn og verið hinn friskasti. Það getur oft verið örðugt fyrir lækna að dæma um, hvort hlutaðeigandi embættismaður sé fær um að gegna embætti eða ekki, og læknum getur skjátlast sem öðrum. Lækninum er með nefndri lagagrein gefið alt of mikið vald eftir minni meiningu. Ef fáleikar eru milli hans og embættismannsins, sem biður um vottorðið, getur læknirinn alveg svift hann eftirlaunum með því að neita honum um vottorðið.

Eg mun þess vegna greiða atkvæði á móti þessu frumv.

Landshöfðingi: Háttv. flutningsm. (S. St.) hermdi það upp á mig, að eg hefði á þingi 1893 látið í ljósi, að hin ítrasta niðurfærsla á eftirlaununum, sem eg gæti mælt með við stjórnina, væri sú, að hæstu eftirlaun færu ekki niður fyrir helming

launaupphæðarinnar. Ef frumv. yrði samþykt, þar sem þeirri grundvallarreglu væri framfylgt, að eftirlaunin eftir 30 ár gæfu fullan helming launanna, þá væri verulegt stig stigið til samkomulags. Eg játa líka, að sá eftirlaunaskali, sem settur var með tilsk. 31. maí 1855 sé ekki sá eini „absolut“ rétti. Eg vil því ekki segja, að það sé sjálfsagt, að eg verði á móti frv., ef þær breytingar, sem stungið er upp á á því, verða samþyktar og hinn nýi fleygur í 3. gr. feldur burt eða lagaður eftir því, sem h. 2. kgk. þingm. (H. Sv.) drap á. Mér þykir ekki sanngjarnt, að embættismaður eigi undir héraðslækni sínum, hvort hann fær eftirlaun eða ekki. Læknirinn þarf ekki annað en neita honum um vottorð og þá missir embættismaðurinn rétt sinn til eftirlauna. Ef hann fær opinbert vottorð um, að hann sé fær um að gegna embætti, þá þarf að gefa honum tíma til að sækja um nýtt embætti. Það geta ef til vill liðið mörg ár þangað til embætti losnar, sem hann er fær um að gegna. Ef hann sýnir, að hann ekki vill sækja um það embætti, sem er við hans hæfi og hann er fær um að gegna, þá er fyrst ástæða til að svifta hann eftirlaunum.

Ef þess vegna hinar tvær breyt.till. á þingskj. 112 og 113 verða samþyktar og fleygurinn við 3. gr. feldur burt eða lagaður, þá skal eg ekki fortaka, að eg muni verða frumv. þessu hliðhollari en á undanfarandi þingum.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Mér þótti vænt um að heyra, að hæstv. landsh. er frumv hlyntur. Það er sérstaklega niðurlagsákvæði 3. gr., sem mætti mótstöðu hjá honum. Eg skal taka það fram að okkur flutningsmönnunum datt hið sama í hug, að það væri nokkuð hart aðgöngu, að embættismaðurinn misti eftirlaun sín, þegar er hann fengi heilsuna, hvort sem hann ætti kost á að fá annað embætti að nýju eða ekki. En þegar litið er á, að margir aðrir verða að bíða svo árum skiftir eftir embætti, þá sýnist þessum mönnum ekki svo mikill óréttur gjörður með þessu ákvæði 3. gr.; þeir standa þá alveg jafnt að vígi eins og embættislausir kandídatar. Þeir standa jafnvel betur að vígi en kandídatar að því leyti sem þeir hafa gegnt embætti áður og ganga því fyrir óreyndum mönnum. Ef sá embættismaður, sem fengið hefir lausn frá embætti, hefir gegnt embætti í 20 ár, þá hygg eg að hann, ef hann nær heilsu aftur, muni fremur fá embætti aftur en embættislaus kandídat; ef hann sækir aftur um embætti, þá mælir það með honum, að honum hefir ekki verið gert hærra undir höfði, nefnil. ekki fengið biðlaun. En sem sagt er mér þetta atriði ekki kappsmál. Eg er þakklátur hæstv. landsh. og háttv. 2. kgk. þingm (H. Sv.) fyrir, að þeir vilja styðja málið í þessu tilliti.

Viðvíkjandi læknisvottorðinu, þá skil eg varla, að það mundi oft koma fyrir, að læknar neituðu um það. Án þess að eg vilji ámæla læknunum, þá hygg eg, að þeir muni fremur fara um of varlega en hvatvíslega í því atriði, enda er það ekki nema eðlilegt, þegar litið er á það frá læknanna sjónarmiði.

Við flutningsmenn þessa frumv. munum til 3. umr. bera okkur saman við háttv. 2. kgk. þingm. (H. Sveinsson) um breyt.till. hans; við þá, sem eru frumv. andstæðir, er ekki til neins að koma fram með breyt.till. á því. Eg hygg, að það sé betra, að breyt.till. verði samþykt; það er gott, að óánægjunni meðal almennings linni, hvort sem hún er á rökum bygð eða ekki. Það er ávalt mjög óheppilegt, að óánægja og ósamlyndi eigi sér stað milli þjóðar og landsstjórnar, eins og hér á sér stað. Við vitum, að það er sterkur straumur hér á landi, sem gengur í þá átt, að afnema alveg öll eftirlaun og sú stefna hefir ekki svo lítið að segja í sumum héruðum landsins.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 8 atkv.; br. (113) við 2. gr. samþ. með 9 atkv.; br. (112) við 2. gr. samþ. með 6 atkv.; 2. gr. með br. samþ. með 7 atkv.; 3. gr. sþ. m. 7 gegn 2 atkv.; 4. gr. samþ. m. 8 atkv.; 5. gr. sþ. m. 8 atkv.; 6. gr. sþ. m. 8 atkv.; 7. gr. sþ. m. 8 atkv.; 8. gr. sþ. m. 8 atkv.; 9. gr. sþ. m. 8 atkv.; 10. gr. sþ. m. 8 atkv.; 11. gr. sþ. m. 8 atkv.; 12. gr. sþ. m. 8 atkv.; Fyrirsögn frumv. samþ. m. 8 atkv. Vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Þriðja umr., 20. júlí (C. 127, 13).

Hallgrímur Sveinsson: Eg skal leyfa mér að geta þess um breyt.till. á þingskj. 132 frá mér og h. flutningsmönnum, að hún fer í sömu stefnu, sem eg hreyfði við 2. umr. þessa máls, að væri nauðsynleg, til þess að embættismanni, sem fengið hefði lausn frá embætti með eftirlaunum, eigi væri gerður óréttur með ákvæði 3. gr. frumv. Hér er svo fyrir mælt, að honum skuli gjört að skyldu að taka móti embætti, sem landsstjórnin álítur við hans hæfi, ef hann kemst aftur til heilsu.

Eins og h. þingdm. er kunnugt, þá stendur í 3. gr. frv. ákvæði um, að embættismaður, sem fengið hefir lausn frá embætti sökum heilsubrests, skuli á hverju ári senda vottorð frá héraðslæknunum, að hann ekki sé fær um að hafa embætti á hendi, og fái hann ekki þetta læknisvottorð, skuli hann missa rétt til eftirlauna. Þetta þótti mér ekki nægilega athugað og þess vegna þörf á að koma fram með breyt.ákvæði, sem fara í þá átt, að ef embættismaðurinn kemst aftur til heilsu, þá skuli hann skyldur að taka á móti embætti, sem landsstjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, en fyrst þá, ef hann tregðast við að taka móti embættinu og getur ekki sannað með læknisvottorði vanheilsu sína, skuli hann missa réttinn til eftirlauna. Enn fremur fer breyt.till. fram á, að laun þess embættis, sem hann tekur við, ekki skuli vera lægri en þess embættis, er hann fekk lausn frá; en séu launin minni, skuli hann fá mismuninn greiddan úr landssjóði, sem viðbót fyrir sjálfan sig. Þetta virðist vera sanngjarnt og í góðu samræmi við tízku og venju; við vildum nfl., að réttur embættismannsins yrði trygður sem bezt, og virðist þá ekki ástæða fyrir embættismann, sem verður heill heilsu aftur að neita að taka við því embætti, sem kraftar hans leyfa.

Eg vona, að h. þingd. sannfærist um, að hér séu nægar tryggingar bæði gagnvart embættismönnum og fyrir þá, og að hún geti fallist á þessar ákvarðanir frv.

Kristján Jónsson: Eg skal ekki vera langorður um mál þetta nú að þessu sinni. En mér finst mér vera það skylt, að segja nokkur orð um frv.ið, áður en það nú fer frá þessari háttv. þd., vegna þess að eg tók talsverðan þátt í umr. um það á síðasta þingi. Eg kannast fullkomlega við, að flm. þess hafa nú gert mikið til að reyna að samræma skoðanir manna á málinu þannig, að frv. verði ekki eins óaðgengilegt og áður. En að því er mig snertir, er þetta þó eigi nægilegt til þess að eg geti gefið frv. atkv. mitt og samþykki; eftir þeirri stefnu, sem eftirlaunalfrv. þetta tekur, álít eg að nauðsynlegt hefði verið, að taka jafnframt til íhugunar og umbóta launalögin frá 1889. þessi lög álít eg ósanngjörn og orðin til á rangan hátt, og hygg því að þau þyrftu breytinga við. Með því að hér fylgir nú ekki till. um breyting á nefndum launalögum, get eg ekki gefið atkvæði mitt með frv. þessu eins og það nú liggur fyrir. Þessi tvö atriði standa í svo nánu sambandi hvort við annað, að það er að mínu áliti eigi rétt að aðgreina þau. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál; eg vildi að eins taka fram ástæður mínar fyrir því, að eg er andstæður frv. þessu eins og það nú liggur fyrir, þótt eg á hinn bóginn verði að kannast við, að hér sé gjörð virðingarverð tilraun til samkomulags;

þessi samkomulags-grundvöllur nær samt að mínu áliti ekki nógu langt, hann hefði átt að ná til beggja laganna, launalaganna og eftirlaunalaganna.

Sigurður Jensson: Áður en gengið er til atkvæða um frv. skal eg leyfa mér að benda á, hvernig eftirlaunin verða eftir frv. þessu samanborin við lög þau, sem nú gilda. Eftir því sem eg hefi reiknað, þá er munurinn á eftirlaununum eins og þau verða eftir frv. þessu saman borið við núgildandi lög fremur óverulegur. Það sem hefir haft mest áhrif á að draga úr þessum mismun eru hinar 2 breyt.till, sem samþ. voru við 2 umr. þessa máls, er báðar ganga í þá átt, að gjöra eftirlaunin hærri. Eg skal nú taka dæmi upp á hvernig eftirlaunin verða eftir þessu frv. samanborin við eftirlaunin eftir núgildandi lögum. Embættismaður með 1500 kr. launum fær alveg sömu eftirlaun eftir 20 ár eftir frv. þessu eins og eftir núgildandi lögum, en 25 kr. hærri eftirlaun eftir 30 ára embættisþjónustu eftir þessu frv. heldur en eftir núgildandi lögum. Hér er þá hækkun frá því, sem nú er, en eg er aldrei svo óánægður með það út af fyrir sig, því að það er ekki ósanngjarnt að þeir, sem hafa lág laun, fái að halda hérumbil þeim eftirlaunum, sem þeir hafa nú. Embættismaður, sem hefir 2400 kr. fær eftir 20 ár 1000 kr. eftir frv. en eftir núgildandi lögum 1240. Hér er því nokkur lækkun. Eftir 30 ár fær hann 1200 kr. eftir frv., en eftir lögunum nú 1600 kr. Þegar vér tökum embættismann, sem hefir 3000 kr. laun, þá fer breyt.till. hins háttv. 2. kgk. þm. að hafa áhrif á eftirlaunaupphæðina. Eftir frv. þessu, eins og það er orðið við að þessi tillaga komst að, fær embættismaður með 3000 kr. launum eftir 20 ár 1350 kr. eftirlaun, en eftir núgildandi lögum 1550 kr.; hér er lækkunin minni. Eftir 30 ár fær hann eftir frv. 1650 kr. eftirlaun, en eftir núgildandi lögum 2000 kr. Líkt verður hlutfallið með 4000 kr. launin. Eftir frv. fær hann eftir 20 ár 1800 kr., en eftir núgildandi lögum 2066 kr. Eftir 30 ár fær hann eftir frv. 2200 kr., en eftir núgildandi lögum 2666,40. En nú verður munurinn enn þá minni ef 35 ára takmarkið er sett; því að eftirlaunin fara eftir frv. altaf hækkandi til 35 ára embættisaldurs, en eftir núgildandi lögum hækka þau ekki eftir 30 ár. Eg skal svo ekki telja fleiri tölur, en skal að eins lýsa því yfir, að þótt eg ekki sé sem ánægðastur með að báðar breyt.till. komust að, þá álít eg samt rétt að frv. sé látið halda áfram leið sína gegnum þingið. Eftir yfirlýsingu hins hæstv. landshöðingja eru allar líkur til að stjórnin gangi að því eins og það nú er orðið, en um leið verð eg raunar að lýsa því yfir, að eg álít nú að það sé orðin næsta lítill ávinningur við að fá því framgengt, eða talsvert minni, enn eg fyrir mitt leyti hefði óskað. Samt sem áður vil eg mælast til, að hin háttv. þd. samþ. það og láti það ganga til háttv. Nd.

Eg vildi leyfa mér að gjöra að eins eina athugasemd við ræðu hins háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.). Hann sagðist ekki geta samþykt að eftirlaunin væru færð niður nema því að eins að launin hækkuðu. Hann mintist líka á lögin frá 1889 og sagði að þau væru komin fram á „rangan hátt“. Eg skildi ekki þessi orð hans; eg held að honum hafi orðið mismæli, en hafi hann meint nokkuð með þessum orðum, þá verð eg að biðja hann að útlista þau nákvæmar því að eg skil ekki hvað hann á við.

ATKV.GR.: Br. (132) sþ. með 7 atkv. Frv. með br. sþ. með 8 —3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Dr. J. Jónassen,
Þorl. Jónsson,	Júl. Havsteen,
Gutt. Vigfússon,	Kristján Jónsson.
Hallgr. Sveinsson,	
Jón Jónsson,	

Sigurður Jensson
Sigurður Stefánsson,
Þorkell Bjarnason.

Frv. afgreitt til forseta Nd.

Ein umræða, 5. ágúst (C. 247).

Sigurður Jensson: Eins og sjá má á frv., hefir því verið breytt lítið eitt í háttv. Nd. þannig að 3000 kr. eru komnar í staðinn fyrir 2,500 kr. og $^2/_3$% í staðinn fyrir 1%. Þetta lækkar eftirlaunin lítið eitt frá frv. því, er samþykt var hér í deildinni. En eg sem annar flm. frumv. mun gefa því atkv. mitt eins og það nú liggur fyrir. Eins og eg lýsti yfir við 3. umr. málsins hér í deildinni, þá var eg ekki fyllilega ánægður með frv. þá, af því að tvær breyt.till. komust að, sín frá hvorum þm., en það var ekki tilgangur okkar flmannanna, að það kæmist að nema önnur þeirra. Eg held að með breytingum háttv. Nd. sé lík útkoma, eins og ef að eins önnur breyt.till. hefði komist að hér. Eg mun þess vegna ekki hika við að gefa frv. atkv. mitt eins og það nú liggur fyrir.

Landshöfðingi: Til þess að fyrirbyggja misskilning, skal eg leyfa mér að geta þess, að eg lýsti því yfir við 2. umr. málsins hér í deildinni, að ef báðar br.-till. hér yrðu samþ., þá mundi eg ekki verða því fráleitur, að mæla með því, að frv. yrði staðfest af hans hátign konunginum. En nú hefir háttv. Nd gert breytingar á því, sem gjöra það að verkum, að eg ekki get gengið inn á að mæla með því.

Eg vildi að eins taka þetta fram, til þess að menn ekki misskilji orð mín svo, að eg vilji leggja til, að frv. verði staðfest eins og það nú liggur fyrir.

Hallgr. Sveinsson: Breytingar þær, sem háttv. Nd. hefir gert á frv. þessu, síðan það fór úr þessari deild, gera það að verkum, að eg get ekki gefið frv. atkv. mitt eins og það nú liggur fyrir. Eg skal að vísu játa það, að mín breyt.till. um 1% í staðinn fyrir $^2/_3$% var miðuð við $^1/_5$ launanna, þar sem nú er kominn $^1/_4$ og að þetta geti nokkurn veginn vegið upp hvað á móti öðru. En það er önnur breyting, sem háttv. Nd. hefir gert á frv., nfl. að færa launatakmarkið úr 2500 upp í 3000 kr. Það eru eigi all-fáir embættismenn á því launatakmarki, sérstaklega kennarar við alla skólana; allir þeir, sem hafa meðallaun og betri meðallaun, frá 2500—3000 kr., og þeir eru ekki svo fáir, missa hagnaðinn af $^2/_3$% eða 1% og verða á 20 kr. takmarkinu fyrir hvert embættisár. Þetta hefir því talsverða þýðingu og breytir frv. eigi alllítið frá því sem það var, þegar það síðast var afgreitt frá þessari deild. Það er eigi til neins að hafa langar umr. um þetta mál. Háttv. Nd. hefir sýnt, að hún er ófús á samninga í þessu máli, þar sem hún ekki hikar við að breyta þeim atriðum, sem þessi deild hefir samþykt og hér höfðu orðið að samningsmáli. Þegar háttv. Nd. er svo erfið til samkomulags, þá er, eftir þeim yfirlýsingum, sem fram hafa komið af hendi stjórnarinnar, lítil von um að koma máli þessu fram, og því naumast vert að hafa um það langar umræður að þessu sinni.

Sigurður Stefánsson: Mér þótti mjög leitt að heyra, að hæstv. landsh. ekki getur mælt með að frv. verði staðfest, vegna breytinga þeirra, sem háttv. Nd. hefir gert á því. En einna sárast er mér um 3. gr.

Eg vil leyfa mér að víkja þeirri spurningu til hæstv. landsh., hvort nokkuð væri á móti því frá formsins hlið, að bera upp nýtt lagafrv. sama innihalds og 3. gr. til viðaukalaga við eftirlaunalögin; eg hygg að það sé mjög mikil þörf á því, hvað sem eftilaunalögunum líður. En ef það frá formsins hlið er ekki rétt, þá er eg í efa um, hvort eg greiði atkv. með frv.

Landshöfðingi: Mér er ómögulegt að

skilja, að það geti átt sér stað, að stjórnin samþykki þá grein sem sérstakt frv.. er hún neitar að staðfesta sem grein í öðru frv., þannig að hún neiti að staðfesta eftirlaunafrv. í heild, en samþykki annað sérstakt frv, sem inniheldur einungis 3. gr. úr hinu frv. Eg held að það mundi verða til þess, að setja stjórnina í bobba, ef hún vildi ganga inn á það í einu frv., sem hún neitar í öðru frv. Eg held að slíkt geti ekki átt sér stað. Aftur á móti getur það vel verið, að stjórnin, ef eftirlaunafrv. væri nú felt, en nýtt frv. samið, þar sem að eins ákvæði 3. gr. væru tekin upp, þá samþykti þetta nýja frv.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 6 : 4 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
J. Jakobsson,	Hallgr. Sveinsson,
Þorl. Jónsson,	Jónas Jónassen,
Gutt. Vigfússon,	Júl. Havsteen,
Jón Jónsson,	Kr. Jónsson.
Sig. Jensson,	
Sig. Stefánsson.	

Frv. síðan afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Ræktunarsjóður Íslands.

FRUMVARP til laga um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands (C. 213); 1. umr., 28 júlí.

Kristján Jónsson: Áður en gengið er til atkv. um frv. þetta, vildi eg gjarnan óska að fá upplýsingar um eitt eða tvö atriði, ef vera mætti, að einhverjir af háttv. þingd. mönnum gætu gefið þær. Ef þessar upplýsingar ekki fást, þá er eg í efa um, hvort rétt sé, að samþykkja frv. án þess að setja nefnd í það.

Annað atriðið, sem eg gjarnan vildi fá upplýsingar um, er það, hvers vegna tímamarkið 1883 hefir verið sett í frv.; en hið síðara er það, hve mikið fé landssjóður eigi að leggja út samkv. ákvæðum annarar greinar frv. Ef fullnægjandi upplýsingar fást um þetta atriði, þá álít eg ekki þörf á að setja nefnd í málið. Enn ef þær ekki fást, þá álít eg nauðsynlegt, að nefnd sé sett í það.

Guttormur Vigfússon: Eg skal leyfa mér að taka það fram, að hið sama hefir vakað fyrir mér, eins og fyrir háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) að því er þetta mál snertir. Það var ætlun mín í morgun að finna menn, sem mest hafa fjallað um þetta mál í háttv. Nd., til þess að vera betur undir það búinn, ef umræður yrðu um það hér í deildinni í dag; en af því eg fekk ekki tækifæri til þess, og þar sem mér sýnist málið ekki vera eins ljóst eins og eg gjarnan hefði óskað, þá leyfi eg mér að stinga upp á, að 3 manna nefnd sé skipuð í það.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd samþ. með 10 atkv. Kosningu hlutu:

Kristján Jónsson	með	7. atkv.
Gutt. Vigfússon	—	7. —
Jón Jónsson	—	6. —

1. umr. málsins frestað.

Framhald fyrstu umræðu, 5. ágúst. (C. 213, 293).

Framsögumaður (Guttormur Vigfússon): Eg skal aðeins leyfa mér að geta þess, að nefndin hefir í heild sinni orðið ásátt um, að ráða háttv. þingd. til að samþ. þetta frv.

Eg skal ekki að svo stöddu skýra frekar frv. en gert er í nefndarálitinu; það verður tækifæri til að gjöra það við 2. umr., en vona að háttv. þd. lofi frv. að ganga áleiðis.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. samþ. í e. hl.

Önnur umr., 8. águst. (C. 213, 293).

Framsögumaður (Guttormur Vigfússon): Eins og kunnugt er, kom þetta mál frá háttv. Nd., en í fyrstu er það komið frá nefndinni, sem skipuð var í háttv. Nd., til

að athuga búnaðarmál landsins. Eins og sjá má á frv., er aðaltilgangur þess sá, að halda saman því fé, er komið hefir inn fyrir þær þjóðjarðir, sem þegar hafa verið seldar. Nefndin hefir í þessu atriði farið feti framar en frv. Nd., og gert þá till., að í frv. væri tekið ákvæði um, að í þenna sjóð renni einnig andvirði þjóðjarða þeirra, er síðan kunna að verða seldar. Þessari stefnu vona eg að háttv. þd. verði hlynt, og það því fremur, sem eg hefi heyrt raddir á undanförnum þingum um, að það væri óviðurkvæmilegt, að selja hinn fasta höfuðstól landsins, þjóðjarðirnar, og gera hann að eyðslueyri með því að láta andvirði seldra þjóðjarða hverfa í viðlagasjóðinn, sem eftir því sem nú lítur út, hlýtur að smáminka og jafnvel eyðast upp með tímanum. Þá kemur ákvæðið í 2 gr. um það, hvernig landssjóður skuli svara út þessu fé, og er ákvæðið um það þannig vaxið, að það virðist ekki þungbært fyrir landssjóð að svara út þessu fé. Í frv. er gert ráð fyrir, að nokkur hluti þess sé útlagður í hlutabréfum sveitarfélaga, er gefin hafa verið út fyrir jarðabótalánum, og nemur sú upphæð hér um bil 30 þús. kr. Nú hafa aftur verið settar á fjárlögin fyrir næstkomandi ár 30 þús. kr. til jarðabótalána. Meining nefndarinnar var sú, að þessi lán verði einn hluti af því fé, sem legst við þennan sjóð. Eftir skýrslum landbúnaðarnefndarinnar í h. Nd. er enn eftir ógreitt í landssjóð af andvirði seldra þjóðjarða um 60,899 kr. Þessi upphæð er líka ætlast til að renni í sjóðinn, jafnótt og hún fellur til útborgunar, og verður það þá alls c: 120,899 kr., sem landssjóður svarar út á þennan hátt. Síðan lög um sölu þjóðjarða fyrst komu út 1883, hafa þjóðjarðir verið seldar fyrir alls 144 þús. kr.; þegar hinar áður töldu 120,899 kr. eru dregnar frá þessari upphæð, verða eftir rúmar 23 þúsundir. Þegar nú þess er gætt, að landssjóður þarf ekki að svara út nema 23 þús. kr. í peningum, þá er það auðsætt, að það muni ekki verða sérlega tilfinnanlegt fyrir hann. Ef menn eru sammála um að það sé rétt, að halda saman fé fyrir seldar þjóðjarðir, þá verða menn líka að verða ásáttir um, að þessi greiðslumáti sé mjög léttur.

Að því er snertir hið annað aðalatriði í 3. gr., sem sé hvernig verja skuli sjóði þessum, nfl. til þess með hagfeldum lánum til jarðabóta að styrkja menn og hvetja til að auka gras- og garðrækt í landinu, þá félst nefndin á, að það væri mjög heppilegt, og það því fremur, sem þingið hefir sýnt, að það hefir góðan vilja á að styðja jarðrækt í landinu með drjúgum fjárframlögum. Það er því að mínu áliti bæði heppilegra og eðlilegra, að til séu vissir peningar, til þess að koma slíkum jarðabótum til framkvæmda, heldur en þurfa að rífast á hverju þingi um upphæðir þær, sem ætlaðar eru til landbúnaðarins. Eins og frv. ber með sér, er svo til ætlast, að höfuðstóll sjóðs þessa sé ekki skertur fyrst um sinn, en varið til lánveitinga til jarðabóta og annara framkvæmda, er að jarðrækt lúta, og að ekki sé nema litlum hluta af rentunum varið til eyðslueyris. Með þessu móti hlýtur sjóður þessi að vaxa svo á skömmum tíma, að hann gæti orðið öflug stoð landbúnaðarins í mörgum greinum. Viðvíkjandi 4. gr. þá hefir nefndin gjört þá breyting, að hún ræður til að felt sé burt úr henni það ákvæði, að landsstjórninni skuli skylt að fá tillögur Búnaðarfélags Íslands, þegar samin er reglugjörð fyrir sjóðinn. Nefndinni þótti ekki eiga við, að setja þetta ákvæði nú inn í frv., og það því fremur, sem Búnaðarfélag Íslands ekki er komið á fastan fót enn. Nefndin gerði ráð fyrir, að landsstjórnin mundi leita ráða í þessu efni hjá þeim mönnum, sem hún bæri mest og bezt traust til.

Aftur á móti hefir nefndin lagt til, að aftan við 3. gr. sé bætt nýrri málsgrein þess efnis, að leita skuli álits Búnaðarfé-

lags Íslands um lánveitingar og verðlaunaveitingar þær, er ræðir um í 3. gr.

Eg skal svo ekki fjölyrða um frv., en vona að h. þingd. lofi þessu máli að ganga fram hér í deildinni.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vildi að eins leyfa mér að vekja máls á því, að þegar, eins og ráð er fyrir gert í frv. óbreyttu, að ekki eingöngu andvirði þeirra þjóðjarða, sem þegar eru seldar, heldur einnig þeirra, sem hér eftir kynnu að verða seldar, skuli renna í Ræktunarsjóðinn, þá er auðsætt, að sjóður sá, sem alt þetta fé rennur í, hlýtur að verða stór og sterkur með tímanum. Það er heldur ekki sjálfsagt, að allir vextirnir yrðu brúkaðir á ári hverju, þeir mega eftir frv. leggjast til höfuðstólsins að nokkru leyti, og því meiri ástæða er til að búast við því, að sjóðurinn yrði ákaflega sterkur, ef til vill auðugri en þörf krefði, svo að tiltölulega of mikill hluti af sjóðseign landsins yrði bundinn frá brúkun til annara aðkallandi þarfa. Og þess vegna vildi eg vekja máls á því, hvort ekki væri heppilegt, að setja honum einhver takmörk, t. d. á þá leið, að andvirði fyrir þjóðjarðir þær, sem hér eftir kynnu að verða seldar, renni í sjóðinn, nema öðruvísi verði ákveðið í lögunum um söluna.

Að öðru leyti finst mér þetta rétt hugsað, að safna saman á einn stað því fé, sem inn kemur eða hefir komið fyrir jarðeignir landssjóðs, til þess að fyrirbyggja, að það verði að eyðslueyri, og eg hefi einmitt saknað slíkra laga að undanförnu.

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon): Eg skal taka það fram, út af orðum h. 2. kgk. þm. (H. Sv.), að nokkuð svipað vakti fyrir nefndinni, eins og hann tók fram, viðvíkjandi stækkun sjóðsins. En nefndin gekk út frá því, að ef um það yrði að ræða, að sjóðurinn yrði óþarflega stór, ef eg svo mætti segja, þá gæti það ekki verið neitt varasamt, því að þá væri auðvelt, annaðhvort að breyta þessum ákvæðum með lögum, eða fá sjóðnum eitthvert nýtt starfssvið. En í bráðina þótti nefndinni þetta vera hið hyggilegasta.

ATKV.GR.: 1. gr sþ. með 8 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 6 samhlj. atkv.; 1. viðauki við 2. gr. (293) samþ. með 7 samhlj. atkv.; 3. gr samþ. með 8 samhlj. atkv.; 2. brtill (293) sþ. með 8. shlj. atkv. 4. gr. frv. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 3. brtill. (293) samþ. með 8 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. með 8 samhlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Þriðja umr., 10. ágúst (C. 350).

Sigurður Stefánsson: Eg finn mér skylt, áður en til atkvæða er gengið, að gera grein fyrir atkv. mínu, því að eg mun verða á móti þessu frv.

Eg skal nú fúslega játa, að tilgangurinn með frv. er góður og lofsverður, en eg álít fyrst og fremst, þegar svo stendur á með fjárhaginn eins og nú, að rétt sé að láta málið bíða á þessu þingi. Það mundu verða æði mikil útgjöld samfara lögum þessum, og þar sem tvísýnt er, að hagur landssjóðs eða viðlagasjóðs standi þannig á þessu fjárhagstímabili, að hann sé fær um þessi útgjöld, þá finst mér fyrir mitt leyti varúðarvert, að samþ. frv. að þessu sinni, enda getur það ekki álitist hættulegt að neinu leyti, þó að beðið sé dálítinn tíma, þangað til byrlegar blæs fyrir landssjóði. Í annan stað finst mér það nokkuð fljótráðið, að gera strax ráð fyrir yfirráðum Búnaðarfélags landsins yfir stórmiklu fé meðan það er ekki farið að sýna sig neitt, og varla komið á fastan fót. Eg held það sé jafngott, að fá dálitla reynslu fyrir því fyrst hvernig það gerir sínar sakir, sem maður segir. Það hefir að vísu ekki bein yfirráð yfir þessu fé; en eg ímynda mér, að þar sem í frv. stendur, að leita skuli álits þess um meðferð sjóðsins þá sé ekki ætlast til, að það sé gert til málamynda, heldur til þess, að fara eftir áliti félagsins og

tillögum. Þess má líka geta, þótt það hafi minni þýðingu, að eftir lögum þessum afsalar þingið sér yfirráðum yfir miklu fé; þar um má ef til vill segja, að ekki sé mikill skaði með því skeður, en það getur þó verið varhugavert, að votera svo stórar summur burtu um aldur og æfi.

Sem sagt, þó að tilgangurinn sé góður, þá álít eg, að vér sem forsjálir og hyggnir búmenn eigum ekki að gera þetta að lögum, þar sem landssjóður hefir svo mörgu að sinna, nú sem stendur, að óvíst er, að hann geti greitt allt það af hendi. Það er heldur alls ekki nein hætta eða neinu niðurslökt, þó bæðið sé með þetta enn nokkra stund Eg mun því greiða atkv. í móti frv., þó eg hins vegar játi, að tilgangur þess er í marga staði góður.

Framsögumaður (Guttormur Vigfússon): Eg skal ekki fara langt út í þetta mál nú, þar sem það er til 3. umr. — Eg er þakklátur háttv. þm. Ísf. (S. St.) fyrir, að hann játaði, að hér væri um þarflegt fyrirtæki að ræða og að tilgangur frv. væri góður, en á hinn bóginn fanst mér háttv. þm. gera nokkuð mikið úr skuggahliðunum á þessu máli, nefnilega útgjöldunum sem það hefði í för með sér. Það er að vísu satt, að því leyti sem landssjóður verður fyrir töluverðum rentumissi, en beinu útgjöldin geta ekki kallast mikil, því þegar búið er að leggja út 60,000, sem standa í verðbréfum og 60,000, sem eru í lánum hjá sveitafélögum, þá yrðu það ekki nema um 23,000 kr., sem landssjóður kæmi til að svara til, ef þetta frv. yrði að lögum. Háttv. þm. Ísf. (S. St.) áleit það ekki rétt, að gefa Búnaðfélaginu ráð á svo miklu fé, en eg álít það einmitt rétt, því ef það er rétt, sem þm. mun vera mér sammála um, að það eigi að styðja landbúnaðinn, þá er þetta einmitt betri vegurinn, því eg lít svo á, að Búnarfélagið muni hljóta að verða betur fært til að koma fram endurbótum á landbúnaðinum, þegar það er komið á fastan fót, heldur en alþingi með sinn takmarkaða tíma. Auðvitað er er hagur landssjóðs ískyggilegur og viðlagasjóðurinn fer sí þverrandi eftir því sem útlit er fyrir, en það finst mér einmitt vera ein ástæða fremur til að samþykkja þetta frv., því þannig varðveitist þó þetta fé, sem lagt verður til „Ræktunarsjóðsins“, óskert. — Eg skal svo ekki lengja umr. meir, en vona að frv. verði nú við 3. umr. sýndur hinn sami velvilji hér í deildinni sem áður.

Hallgrímur Sveinsson: Eg verð að vera háttv. þm. S. M. (G. V.) samdóma um það, að mér finnast mótmæli háttv. þm. Ísf. (S. St.) í garð frv. ekki vega mikið. — Það er satt, að hagur landssjóðs er þröngur, en með þessu frv. er ekki stígið eitt skref í þá átt, að þrengja að landssjóði á nokkurn hátt. Það, sem hér er um að ræða, er það, að stofna sérstakan sjóð í sérstöku augnamiði, í því augnamiði, að styðja þá atvinnugrein, sem hefir stuðst við, styðst við, og mun styðjast að nokkru leyti við landssjóðsstyrk. Hér er því ekki um neina nýja fjárveitingu að ræða, heldur að eins um breyting á tilhöguninni á fjárstyrknum, og þó ekki algjörð breyting, því að fyrst um sinn er að minsta kosti ekki að vænta þess, að þingið með þessu frv. geti slept alveg hendinni af búnaðinum. heldur að það verði eins og um mörg undanfarandi ár að minna eða meira leyti að styrkja landbúnaðinn með fjárframlögum á fjárlögunum. Fari svo, að þingið sjái sér ekki fært eftirleiðis að veita eins mikið til styrktar landbúnaðinum, þá getur það ætíð dregið af sér svo sem svarar vöxtunum af þessu fé, sem legst til „Ræktunarsjóðsins“, með því að minka það fjárframlag, sem landbúnaðinum árlega er veitt á fjárlögunum. Hér er um frjálsa fjárveitingu að ræða, sem nemur 4—6000 kr., og 6000 kr. finst mér ekki geta talist nein stórvægileg útgjöld,

þegar þess er gætt, að þær eiga að ganga til annars aðalatvinnuvegs landsmanna. — Auk þess er það ekki víst, að þessi lög komi til framkvæmdanna á þessu fjárhagstímabili, og þó svo væri, þá er hér ekki að tala um neina nýja fjárveitingu, heldur að eins um að flytja peningana á annan stað.

Ef vextirnir væru ekki notaðir fyrst um sinn, heldur lagðir við höfuðstólinn, þá hefði það ekki aðrar afleiðingar en þær, að þessi grein landssjóðsins yrði sterkari og með tímanum gæti fært út kvíarnar og orðið landbúnaðinum til mikillar styrktar, og það gæti haft þau áhrif, að landssjóður þyrfti ekki að leggja einn eyri til búnaðarins með tímanum, heldur að eins vísað til þessarar sérstöku deildar: Ræktunarsjóðsins.

Að þingið afsali sér yfirráðum yfir nokkru fé með þessu frv. get eg ekki kannast við. Það tekur í eitt sinn almenn ákvæði um, hvernig verja skuli nokkru fé, og þar sem þessi ákvæði fara alveg í sömu stefnu og þingið hefir fylgt í mörg ár, að styrkja landbúnaðinn, þá fæ eg ekki séð, að hér sé um afsal á fé að ræða.

Eg fæ heldur ekki séð, að Búnaðarfélaginu sé fengin of mikil völd í hendur, þó í frv. standi, að leita skuli álits Búnaðarfélags Íslands um lánveitingar og verðlaunaveitingar þær, sem talað er um í 3. gr. frv. Hér er að eins sagt, að stjórnin skuli heyra álit Búnaðarfélagsins en það er svo langt frá því, að henni sé ekki einungis frjálst að gera á móti till. félagsins, heldur er það að mínu áliti jafnvel skylda stjórnarinnar, ef þær ekki falla saman við hennar eigin skoðun, og eg hugsa, að stjórnin gæti sætt ábyrgð fyrir illa meðferð á þessu fé, jafnvel þótt hún hefði farið eftir tillögum Búnaðarfélagsins. Búnaðarfélagið er að eins ráðgefandi, og við, sem höfum haft bæði ráðgefandi þing og löggjafarþing, ættum að vita, hver munur er á þessu tvennu. Eg get ekki hugsað mér, að þetta félag geti á nokkurn hátt orðið ofjarl fyrir stjórnina og gef því frumv. atkv. mitt.

Kristján Jónsson: Það var ein setning í ræðu h. þm. Ísf. (S. Stef.), sem kemur mér til að standa upp. Hann áleit, að viðlagasjóði væri hætta búin af þessu frv., en þetta virðist mér ekki vera í samræmi við ræðu þá, er var ágæt ræða, sem hann hélt áður út af fjárlagafrumv. og þar sem hann lét í ljósi, að þingið færi þar nokkuð freklega í að eyða og eta upp viðlagasjóðinn. Í frumv. þessu stendur einmitt í 3. gr. ákvæði um, að stofnfé sjóðs þessa megi aldrei skerða og fer það þannig í þá réttu átt, að bjarga nokkrum hluta viðlagasjóðsins undan því að verða eyðslufé, að verða etinn upp af fjárlögunum; en vöxtum sjóðsins er heimilað að verja til þess að hjálpa upp landbúnaðinum, sem nú stendur á svo veikum fótum. Þetta er hugsun frumv. eins og h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók svo ljóslega fram. Það eru flutt nokkur skuldabréf, er viðlagasjóður á nú, yfir í þennan sjóð, og hann verður, eins og viðlagasjóðurinn, að öllu leyti undir stjórn landsstjórnarinnar, og þinginu er innan handar að hafa þar hönd í bagga með, og breyta lögum hans eða afnema þau, þegar því þykir við eiga, eða þá að hlynna að sjóðnum og auka hann eða setja nýjar reglur fyrir notkun hans. Eftir því sem mér virðist, hefir sjaldan komið hér fram á þingi heillavænlegra mál en þetta, né um nytsamara fyrirtæki, og hygg eg að það fari í alveg rétta átt.

Eg hefði óskað, að hæstv. landshöfðingi hefði verið viðstaddur, til þess að fá að heyra álit hans á frumv. þessu, og leitt þætti mér það, ef nú yrði lagður steinn í veg fyrir frumv. þetta við síðustu umr. þess hér í h. deild.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 8 : 2 atkv. og endursent neðri deild.

Brú og ferja á Lagarfljóti.

FRUMVARP til laga um brú og ferju á Lagarfljóti (C. 163); 1. umr., 24. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 26. júlí.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn samþ. í e. hlj. Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 28. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgr. til lh. sem lög frá alþingi.

Tóbakstollur.

FRUMVARP til laga um aðflutningsgjald á tóbaki (C. 182); 1. umr., 26. júlí.

Sigurður Jensson: Frumv. þetta er eitt af tollfrum. þeim, sem komið hafa frá h. Nd., og eftir því sem mér er kunnugt, munu mörg frv. koma á eftir, sem ganga í þá átt, að leggja toll á ýmsar vörur. Mér finst þess vegna rétt að athuga þetta frumv. vandlega, og vil eg því leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd, er taki öll slik frumv. til athugunar.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd samþ. með 9 atkv. Kosningu hlutu:

Sigurður Jensson með 7 atkv.
Þorleifur Jónsson — 6 —
Jón Jónsson — 4 —

Fyrstu umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 182, 269); 1. ágúst.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Frv. þetta er fram komið í h. Nd., að eg hygg, af þeim ástæðum, að menn ætla, að frv. það, er nú liggur fyrir þinginu, um veitingar og sölu áfengra drykkja, muni, ef það verður að lögum, hafa þær afleiðingar, að vínfangatollurinn minki og tekjur landssjóðs við það rýrni. Eg hefi einnig þessa skoðun, og bindindishreyfing sú, sem nú er uppi og útbreiðist æ meir og meir um landið, hefir einnig hið sama í för með sér, að tekjur landssjóðs af vínfangatollinum muni minka. En hvað sem nú þessu líður, hvort sem vínfangatollurinn minkar eða ekki, hygg eg, að landssjóður þurfi þann tekjuauka, sem vænta má, að frumv. það, er liggur nú hér fyrir, kann að hafa í för með sér. Vér vitum það, að útgjöld landssjóðs fara ár frá ári mjög vaxandi — og það í svo stórum stigum, að engin dæmi eru til slíks í nágrannalöndum vorum, þegar miðað er við tekjur landssjóðs og tölu landsmanna. Sumir kunna að segja, að ýmisleg útgjöld, er landssjóður ber nú, séu ekki þörf, en hvort sem svo er eða ekki, þá hygg eg að eigi sé auðið að sporna við þeim; eg skal benda á fáein atriði þessu viðvíkjandi.

Nýlega hefir verið reistur holdsveikraspítali, sem hefir í för með sér mikinn árlegan kostnað; vér höfum nú á þessu þingi þegar samþykt ný læknalög og lög um brú og ferju á Lagarfljót. Hvortveggja þessi lög kosta landssjóðinn mjög mikið fé. Nú er verið að hugsa um að leggja ritsíma til landsins og yfir landið. Það fyrirtæki kostar landssjóðinn stórfé auk mjög mikils árlegs kostnaðar. Enn fremur liggja nú fyrir þinginu frumv. til laga um stofnun landsspítala og frumv. til laga um tekjur presta, er bæði hafa mikil útgjöld í för með sér. Ef nú alt þetta kemst á, liggur það í augum uppi, að það útheimtir afarmikið fé. Eg verð því að halda því fram, að þó að tekjur landssjóðs rýrni ekki að neinum mun af vínfangatollinum, þá veiti ekki af þeim tekjuauka, sem vænta má að leiði af frumv. þessu um hækkun tóbakstollsins. Að vísu er ekki hagur landsmanna svo nú, að heppilegt sé að auka að mun útgjöld þeirra, en sú er bót í máli, að hér er að eins um

það að ræða, að leggja toll á óþarfa og munaðarvöru.

Það væri nú fróðlegt að gera áætlun um það, hvern tekjuauka mætti vænta sér af frumv. þessu, ef það yrði að lögum. Tóbakstollurinn er nú 35 a. af hverju pundi af tóbaki, eins og menn vita, en frumv. fer fram á að hækka hann upp í 50 a. á pundi, hækka hann um 15 a. eða $^3/_7$. Tóbakstollurinn hefir verið til jafnaðar 3 síðastl. ár 75 þús. kr. til jafnaðar, en nam þó árið 1898 að eins 65 þús. kr. Fjárlaganefnd neðri deildar áætlar tollinn á næsta fjárhagstímabili 70 þús. kr. og leggi maður þá tölu til grundvallar og geri ráð fyrir, að eins mikið verði keypt af tóbaki þrátt fyrir tollhækkunina, verður tekjuaukinn af honum 30 þús. kr. á ári. Að vísu er eftir frumv. þessu hækkaður nokkru meira en um $^3/_7$ tollurinn af vindlum og vindlingum (Cigaretter), en eg legg það á móti því, er ætla má að tollhækkunin kunni að draga úr kaupunum. Þessi tekjuauki, sem vænta má, nemur þannig að eins hálfum kostnaðinum við hina fyrirhuguðu landsspítalabyggingu, og sjáum vér því, að ekki muni veita af slíkum tekjuauka — þótt meiri væri — til þess að vega á móti hinum auknu árlegu útgjöldum.

Eg álít svo óþarft að tala meira nú um frumv. þetta; eg hygg, að flestir h. þdm. muni greiða atkv. með því.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. 182, 269); 4. ágúst.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Þetta mál fekk svo góðar undirtektir við framh. 1. umr., að eg hefi ekki ástæðu til að tala frekar um það nú, en að eins óska, að frumv. verði samþ. og vísað til 3. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.; 2. gr. samþ. m. 10 samhlj. atkv.; 3. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 4. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 5. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. með 10 samhlj. atkv., og málinu vísað til 3 umr. með 10 samhlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 182, 269); 7. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgr. til hæstv. landsh., sem *lög frá alþingi.*

Útflutningsgjald af hvalafurðum.

FRUMVARP til laga um útflutningsgjald af hvalafurðum (C. 215); 1. umr., 28. júlí.

Sigurður Stefánsson: Eg skal ekki að þessu sinni fara út í þetta mál, þótt eg hafi töluvert að athuga við það.

En af því að eg álít ekki rétt, að deildin kasti því frá sér alveg óathuguðu, þá vil eg stinga upp á, að 3 manna nefnd sé skipuð í það.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd samþ. í e. hlj. Kosningu hlutu:

Sigurður Stefánsson með 8 atkv.
Júlíus Havsteen — 7 —
Jónas Jónassen — 4 —

Umræðunni frestað.

Framhald 1. umr. (C. 215, 298); 5. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Þá er frumv. þetta, sem hingað er komið frá h. Nd., var hér fyrst til umr, lét eg í ljósi vafa um það, að rétt væri að samþ. ákvæði þess óbreytt. Eg fór þá ekki frekar út í það, hverjir gallar væru á frumv.; eg vildi ekki að frumv. væri felt strax, heldur að það fengi þá meðferð, sem það hefir nú fengið.

Það sem aðallega gerði frumv. þetta óaðgengilegt voru þær hvatir, sem hafa komið því til leiðar, að frumv. er fram komið. Aðal-ástæðurnar fyrir frumv. eru sem sé ekki þær, að nauðsynlegt sé, vegna landssjóðsins, til þess að útvega honum tekjur, að hækka útflutningsgjaldið af

hvalafurðum, heldur er tilgangurinn aðallega sá, að gera líf þeirra manna, er hvalveiðar stunda hér, erfiðari og atvinnuveg þeirra torveldari, og þessi tilgangur stafar af uppþotinu á norðurlandi á síðastliðnum vetri, og sem sprottið er af hjátrú og heilaspuna. Eg verð nú að álíta, að þingið eigi ekki að láta leiðast af slíkum hvötum sem þessum, þegar þær eru komnar til af einhverju, sem ekki á við nein rök að styðjast. Menn verða að játa það, að h. Nd. hefir tekið of mikið tillit í frumv. sínu til þessa uppþots og báværu radda um, að gera hvalveiðendur útlæga héðan af landi, með því að leggja á þá svo háa skatta, að þeim verði ekki vært hér að geta rekið þessa atvinnu.

Það er þessi alda, sem komið hefir frv. á stað, og það sem maður rekur fyrst augun í, er sá afarmikli munur, sem gerður er á því, hvað þeim mönnum, er reka þessa atvinnu, er ætlað að greiða í útflutningsgjald af afurðum atvinnu sinnar, — og öðrum landsmönnum af sjávarafurðum sínum. Ef þessir hvalveiðendur væru eins og þeir, er kolaveiðar og heilagfiskisveiðar stunda hér, að eins farfuglar, sem ekkert annað greiddu hér til landsþarfa, þá væri alt annað ráð. Þá skyldi eg játa, að ástæða væri til að hækka á þeim útflutningsgjaldið. En þessu er ekki svo varið. Þessir menn eru meðal hinna beztu borgara landsins, og hafa þeir, er búsettir eru í Ísafjarðarsýslu, greitt til landssjóðs árið 1898 gjöld þau, er hér segir:

Útflutningsgjald af hvallýsi og hvalskíðum c.	17000 kr.
Aðflutningsgjald af ýmsum vörum c.	2000 —
Afgreiðslugjald skipa c. . .	3000 —
Vitagjald c.	1400 —
Húsaskatt c.	1000 —
Þessar samtals	24400 kr.

hafa þeir greitt til landssjóðsins; auk þess sem þeir eru bezta stoð þeirra sveitarfélaga, sem þeir hafa aðsetur í. Þetta sama ár munu þeir hafa greitt til sveitarsjóðanna um 6000 kr. Hér við bætist nú það, að þessir menn eru meðal stærstu atvinnuveitenda landsins. Þeir hafa í þjónustu sinni frá því í marz og þangað til í október á 2. hundrað manns, bæði að vestan, sunnan og norðan; þeir sækja marga menn á vorin hingað að sunnan frá Faxaflóa og koma aftur með þá á haustin, með vel útilátið kaup í vösunum. Þegar litið er á þetta, hve mikið fé þeir greiða bæði til landssjóðs og til sveitarsjóðanna, og að þeir eru slíkir atvinnuveitendur, virðist það ekki mæla með því, að leggja langt um hærra útflutningsgjald á þá, heldur en aðra landsmenn tiltölulega.

Síðan nefnd sú, er hafði frumv. þetta til meðferðar hér í þingd., hefir látið uppi álit sitt, hefi eg fengið glöggar skýringar á þeim mismun á útflutningsgjaldinu sem nú er, eftir gildandi lögum, og öllum almenningi er ætlað að greiða, og á útflutningsgjaldi því, sem á að verða eftir frumv. þessu, og sem stílað er fyrir hvalveiðendur. Sé reiknað eftir hundraðshlutfalli (Pro Cent) og miðað við verð varanna, er útflutningsgjaldið eftir lögum nú:

Af fiski, sé verðið á skp. talið 40 kr.,	$^3/_4$ %
Af hákarlslýsi	$1^1/_5$ %
— hvalslýsi	$1^7/_{10}$ %
— hvalskíðum	$5^1/_2$ %

Þetta er að meðaltali $2^1/_2$ %; yrði að líkindum minna, ef koli og heilagfiski væri talið með, en eg sleppi þeim vörum, með því að mér er eigi kunnugt um verð þeirra. Eftir frumv. því, sem liggur nú hér fyrir, eftir því, sem gert er ráð fyrir af nefndinni að breyta því og færa það dálítið niður, verður þó hundraðshlutfallið langt um hærra. Það verður eins og hér segir:

Útflutningsgjald af:

Hvalslýsi	$3^4/_{10}$ %
Skíðum	7 %
Hvalkjötsmjöli	$4^1/_2$ %
Hvalguano	12 %

Hvalbeinum . . . . . 10 %
Hvalbeinamjöli . . . . 9 %

Þannig að meðaltali verður útflutningsgjald það, sem hvalveiðendum er ætlað að greiða, $7^2/_3$ % af verði varanna eða $5^5/_{12}$ % hærra heldur en gjaldið er nú af öllum öðrum fiskiafurðum. Þetta er, eins og menn sjá, ærið mikill munur og hann alls ekki sanngjarn. Eg verð því að lýsa því yfir einnig fyrir nefndarinnar hönd, að eftir að þessar upplýsingar eru fengnar, verður hún að vera mótfallin svo stórkostlegri hækkun gjaldsins, sem hér er farið fram á, bæði á hvallýsi og hvalskíðum. En annað mál er, að leggja hæfilegt útflutningsgjald á afurðir þær, sem áður hafa ekki verið tollaðar, eins og gert er í frv.. og að því leyti getur nefndin verið samþ. háttv. Nd. í aðalefninu. En upphæð gjaldsins verður að setja með meiri sanngirni en gert hefir verið í frv., það er bert af þessum upplýsingum, sem nú hafa komið fram. Það er t. a. m. óeðlilega hátt gjaldið á guano, 12% og það því fremur, sem þessir hvalveiðendur hafa neyðst til að stofna guano-verksmiðjurnar sakir laga þeirra, er fyrirskipa þeim, að hirða svo vel hvalaúrganginn, að hann geti ekki orðið skepnum að tjóni. Það munu og aðeins vera 2 af hvalveiðendum, er hafa stofnað þessar verksmiðjur, og ávinningur þeirra er sárlítill, því að varan hefir fallið mjög í verði á síðari árum. Það nær því ekki nokkurri átt, að setja útflutningsgjaldið 12% af þessari vörutegund.

Nefndin hér i Ed. vissi það, að útflutningsgjaldið af hvalskíðum bar að lækka, en henni var þó ekki kunnugt um, að þau hafa fallið svo mjög á markaði, sem hún hefir nú fengið upplýsingar um. Verð hvalskíðanna var upphaflega, þá er tollurinn var lagður á, £ 200 pr. ton, en er nú fallið niður í £ 20 pr. ton, svo að hvalveiðendur segja, að spurning sé um, hvort lengur borgi sig að hirða hvalskíðin. Eg verð því að lýsa því yfir, fyrir hönd nefndarinnar, að hún álítur ógerlegt að hækka nú útflutningsgjaldið á hvalskíðum.

Nefndin mun við 2. umr. koma með till. um að breyta enn meira frv. þessu og vona eg að háttv. þingd. sjái, að það er með öllu nauðsynlegt, eftir þeim upplýsingum, sem komnar eru fram. Ef þessum mönnum verður íþyngt fram yfir aðra greiðendur, og svo mjög, að atvinnuvegur þeirra geti ekki borgað sig lengur, má búast við því, að þeir flæmist héðan algerlega, og þar sem þeir eru með beztu borgurum landsins og greiða stórar peningaupphæðir árlega, bæði til landssjóðs og sveita, auk þess sem þeir veita mörgu fólki mikla atvinnu, er það í mesta máta ranglátt, að níðast á þeim. Þeir eru fult eins góðir íslenzkir borgarar eins og vér hinir. Hve lengi þeir verða hér, er auðvitað ekki hægt að segja, kaupmenn vorir og aðrir, sem græðst hefir fé hér á landi, geta flutt burtu þá er þeim sýnist; vér getum ekki aftrað því, og eins er með þessa menn; það fer eftir því, hve lengi atvinnuvegur þeirra borgar sig. En það er óréttlátt og óhyggilegt, að flæma þá burtu með ósanngjörnum lögum.

Eg vona, að háttv. þingd. lofi frv. að ganga til 2. umr. og taki þá öllum skynsamlegum breytingum við frv.; því að frv. er fjarri öllum sanni, eins og það er nú. Og komist ekki að þær breytingar á því, sem nauðsynlegar eru, mun eg ekki hika við að greiða atkvæði á móti því.

Landshöfðingi: Jeg er samdóma h. þm. Ísf. (Sig. St.) um að frv. Nd. er ekki svo úr garði gert, að það verðskuldi að verða að lögum. Þm. Ísf. hefur fært svo gild rök fyrir, hve ósanngjarnt þetta frumv. er í garð þeirra, sem stunda hvalveiðar hér við land, að bein afleiðing af því sýnist vera, að fella frumv. frá 2. umr. — Eg fæ t. d. ekki séð hvaða ástæða er til þess, að borga helmingi hærra útflutnings-

gjald af hvallýsi en öðru lýsi, og eftir því sem eg skildi frmsm. nefndarinnar, þá er tilgangur hennar sá, að færa gjaldið aftur niður í það, sem nú er, að því er 2. tölul. eða skíðin snertir. Eg skal taka það fram viðvíkjandi guano, að það eru að eins tveir af hvalveiðamönnunum, sem leggja nokkra rækt við þá atvinnu, svo mér finst ekki sérleg ástæða til að vera að búa til ný gjöld vegna þessara tveggja manna einna. En þegar svona er ástatt, að engin ástæða er til að hækka gjaldið á hvallýsi, guano eða skíðunum, þá finst mér langréttast, að fella frumv. og láta gjöldin af hvalafurðum vera eins og þau eru nú.

Júlíus Havsteen: Eg stend upp að eins til að lýsa því yfir, að mér finst það nokkuð snemt, að fella frumv. frá 2. umr. og sé heldur ekki, að frumv. sé eins ósanngjarnt í garð þessara norsku hvalveiðamanna, eins og hæstv. landsh. vildi láta það vera. Nefndin hefir, að því er mér finst að minsta kosti, tekið tillit til hinna norsku hvalveiðamanna, og hefir þar að auki í hyggju, að bera sig saman við nefnd þá, sem skipuð hefir verið í mál þetta í h. Nd.

Hæstv. landsh. fanst það mjög undarlegt, að tollur á hvallýsi væri helmingi hærri en á öðru lýsi, en mér finst það alls ekki neitt undarlegt, þvert á móti mjög rationelt, því hvallýsi er að minni hyggju finna og í hærra verði en annað lýsi, og því færara um að bera hærri toll; auk þess er þess aflað í langtum stærri skömtum en annað lýsi.

Hvað það snertir, að frv. leggi toll á afurðir, sem ekki eru áður tollaðar, og að landssjóð muni lítið um þessa tolla, þá get eg ekki séð betur, en að þessa norsku hvalveiðamenn muni líka lítið um þá.

Ef farið er varlega í að hækka þessa tolla, t. d. ef tollurinn á hverri lýsistunnu er hækkaður um 20 au. svo hann nemi 50 aurum, þá sé eg ekki, að hvalveiðamönnunum sé neitt íþyngt um of, og eg vil því leggja til, að frumv. fái að halda áfram og þykist eg þá viss um, að því marki verði náð, að allir geti orðið ánægðir með það.

Jónas Jónassen: Mér hefur ekki áður verið eins kunnugt um, hvernig þessu máli hefir vikið við, því hefði eg fyr fengið þær upplýsingar, sem mér hafa borist nú, þá hefði eg ekki verið með til að hækka tollinn á hvalafurðum um nokkurn skapaðan eyri, og því síður viljað bæta við nýjum tollum. Hér er ekki að tala um að tolla fyrirtæki duglegra og framtakssamra manna, heldur manna, sem mega kallast hreinustu velgjörðamenn heils landsfjórðungs. Eg hefi heyrt í dag, að kjötinu af fyrsta hvalnum sé útbýtt gefins meðal þurfamanna vestra, og þó enga björg sé að fá á vorin, þá kvað viðkvæðið vera, að nú sé öllu borgið, því að nú sé hvalveiðamennirnir komnir til landsins. Þessir menn hafa gefið stórfé til almenningsþarfa, já, lagt langa vegi einungis fyrir almenning. — Mér finst það liggja næst sóma þingsins, að leggja ekki einn eyri á afurðir þessara manna. Eða getur nokkur bent mér á nokkurn verzlunarmann eða iðnaðarmann, sem gerir eða hefir gert eins mikið gagn almenningi? Eg held ekki. Það langréttasta er að fella frumv. sjálft algjörlega, svo það detti alveg úr sögunni.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr með 7 : 1 atkv.

Önnur umr., 7. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eins og eg gat um við síðustu umr. þessa máls, hefir nefndin fengið þær upplýsingar síðan hún hafði lokið við nefndarálit sitt, er prentað er á þingskj. 298, sem gjöra það að verkum, að henni hefir þótt með öllu nauðsynlegt, að ganga lengra í niðurfærslu útflutningsgjalda þeirra, er hér er um að ræða, heldur en hún hefir gjört

á nefndaráliti sínu, þá hefir nefndin nú komið fram með nýjar breyt.till. á þingskj. 315, en tekur aftur breyt.till. sínar á þingskj. 298.

Eg tók það fram áður hér í h. þd., að bæði eg og nefndin álítum eigi gjörlegt, að hækka til muna útflutningsgjald á hvallýsi og gátum við því ekki verið með að hækka það svo afarmikið, sem gjört hefir verið í frv. h. Nd. En jafnvel þótt eg hafi þá skoðun, að réttlátast sé, að sama útflutningsgjald væri á öllu lýsi, svo að engum sé gert hærra undir höfði heldur en öðrum, þá hefi eg þó ekki viljað gera það að ágreiningsatriði í nefndinni, heldur verið með því, að útflutningsgjaldið á hvalslýsinu skuli sett 50 au.

2. br.till. á þingskj. er sú, að fella burtu hækkunina á hvalskíðum. Eg tók það fram við síðustu umr., að vara þessi hefir fallið afarmikið í verði síðan 1884, að útflutningsgjald var lagt á hana, þannig að nú fæst ekki meira en £ 20 fyrir tonnið, þar sem þá fengust £ 200 fyrir það, svo að hvalveiðendur eru nú í vafa um, að það borgi sig lengur að verka þau og flytja þau út. Það er því engin skynsöm ástæða til að hækka útflutningsgjald á þeim nú.

3. br.till. er um það, að færa niður útflutningsgjald af guano úr 25 au. í 10 au.; útflutningsgjaldið verður samt sem áður helzt til of hátt, því að þessi vara er í svo lágu verði, og framleiðsla hennar er komin til af því, að þingið hefir með lögum skyldað hvalveiðendur til að hirða ræksni og innyfli hvalanna svo að slíkur úrgangur verði ekki skepnum til tjóns. Þeir hafa því neyðzt til að setja þessar verksmiðjur á stofn, sem borga sig alls ekki, svo að réttast væri í sjálfu sér, að leggja ekkert útflutningsgjald á hvalguano, í öllu falli má það ekki vera hærra en 10 au. eins og nefndin ræður til að setja það.

4. br.till. er um að fella alveg burtu útflutningsgjaldið af hvalbeinum; leggja ekkert nýtt gjald þar á. Um þessa vörutegund má segja hið sama sem um hvalskíðin, að hún hefir fallið mjög í verði á síðari árum. Það munar heldur ekki landssjóðinn svo sem neitt um gjald þetta, þótt það yrði lagt á; mundi varla nema 400 kr. á ári, þegar innheimtulaun eru dregin frá.

Hin 5. br.till. er um það, að færa útflutningsgjaldið af hvalbeinamjöli úr 15 au. niður í 10 au. Það eru allar sömu ástæður fyrir þeirri breyt. sem öllum hinum.

Eg vona það, að h. þd. sjái, að öll sanngirni mælir með breyt. þessum, er nefndin stingur upp á, og muni því samþ. þær, því að í rauninni hefir nefndin farið helzt til skamt í niðurfærzlum sínum, og óeðlilegt er það, að búa til lög, sem íþyngja að eins fáeinum gjaldendum. En á hinn bóginn get eg þó verið með til þess, að leggja hæfilegan skatt á þær afurðir sjávarins, sem áður hafa verið skattfríar, svo að hið sama gangi yfir þær, sem aðrar afurðir sjávarins, sem skattskyldar eru ordnar áður.

Eg hygg, að sumum mönnum vaxi í augum, hve miklar brúttótekjur hvalveiðendanna eru, en þeir gæti ekki hins, hve afarmikill kostnaður hvílir á þessum atvinnuvegi; um það geta ókunnugir enga hugmynd gert sér.

Mér er þetta nokkuð kunnugt, og það einnig, að síðastliðið ár, 1898, voru það að eins 2 af þeim 6, er hvalveiði stunda í Ísafjarðarsýslu, sem einhvern hagnað höfðu af veiðunum það ár. Allir hinir höfðu meiri eða minni skaða.

Eg verð því að álíta, og vona, að h. þd. verði mér samdóma í því, að það að sþ. frumv. h. Nd. sé sem næst því, að níðast á þeim mönnum, er stunda atvinnuveg þennan, að leggja svo ósanngjarnan skatt á þá, er geri þeim nær því ómögulegt að stunda hann lengur; en því óhyggilegra

er þetta, sem hér eiga í hlut þeir menn, er mikil gjöld hafa greitt til landssjóðs og sveita, og langa og mikla atvinnu hafa veitt fjölda fólks úr ýmsum héruðum landsins. Það er heldur ekki lítil björg, sem landsmenn hafa léttan og ódýran aðgang að frá þessum veiðistöðum, enda er það kunnugt, að mikið af hval er keypt um alt land, bæði til manneldis og til skepnufóðurs.

Eg fyrir mitt leyti mundi ekki harma það, þótt h. þd. léti eitt ganga bæði yfir hvallýsi og skíði, og hækkaði ekki útflutningsgjaldið á hvorugri þeirri vörutegund fram yfir það, sem nú er eftir gildandi lögum.

Júlíus Havsteen: Eg get yfir höfuð felt mig við það, sem h. framsm. sagði, en eg verð þó að taka það fram, að mér þótti hann nokkuð linur í að halda fram skoðunum nefndarinnar, sér í lagi voru það síðustu orð h. ræðum., að honum væri alveg sama um, þótt ekki væri hækkaður tollur á hvallýsi, sem mér, sem einum nefndarmanninum, alls ekki líkuðu. Eg skal taka það fram, viðvíkjandi hvallýsinu, að mér mun hafa yfirsést á síðasta fundi, þar sem eg sagði, að hvallýsi væri dýrara en annað lýsi, en hin ástæðan, sem eg færði fyrir hækkun tollsins, er engu að síður rétt og hana held eg fast við; það er sú ástæða nefnilega, að hægra sé fyrir hvalveiðamenn, að grípa upp lýsið en t. d. hákarlaveiðamenn að ná hákarlslifrinni, og að hver tunna af lýsi er hvalveiðamönnum ódýrari heldur en hákarlslýsið þeim, sem stunda hákarlaveiðar. Eg hefði helzt kosið, að tollurinn á hvallýsinu hefði verið tvöfaldaður, svo hann nú hefði numið 60 aur., en eg hefi ekki viljað skilja mig frá nefndinni og gera neitt ágreiningsatriði út af þessu.

Eg vona að frumv. sé nú komið í það lag, að allir geti gert sig ánægða með það.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eg skal taka það fram, að eg kann ekki við að greiða atkvæði á móti tillögum nefndarinnar, þótt eg fyrir mitt leyti hefði helzt kosið, að tollurinn á hvallýsi hefði verið látinn halda sér eins og hann er nú; en hvað því viðvíkur, að það sé ódýrara að framleiða hvallýsi en annað lýsi, þá held ég að það sé mjög efasamt. Eg hef átt tal við mann, sem áður hefir lagt stund á hákarlaveiðar, en nú gefur sig við hvalveiðum, og hann hefir sagt mér, að það sé einhver sá fljótteknasti afli, sem hugsazt getur, sem hákarlaveiðin gefur af sér, þegar hún hepnast. — Eftir hinum vanalega tolli nemur útflutningsgjaldið á hákarlalýsi $1^1/_5\%$ af verðinu, en eftir tillögu nefndarinnar að lækka útflutningsgjaldið á hvallýsi úr 100 aur. niður í 50 aura, þá verður útflutningsgjaldið á hvallýsi $2^4/_5\%$ eða um helming meira en af hákarlalýsi og finst það koma fullhart niður, án þess þó, að það sé nokkur vissa fyrir, að hægra sé að framleiða hvallýsi en annað lýsi. Það, sem mér gerir með að vera á móti þessari hækkun, er það, að eg vil ekki, að sumir séu látnir greiða hærra útflutningsgjald af sömu vöru en aðrir, án þess þó að þeim sömu mönnum sé á nokkurn handa máta hægra að framleiða vöruna.

ATKV.GR.: 1. br.till. á þskj. 315 samþ. með 9 samhlj. atkv.; 2. br.till. á þskj. 315 samþ. með 7 samhlj. atkv.; 3. br.till. á þskj. 315 samþ. með 9 samhlj. atkv.; 4. br.till. á þskj. 315 samþ. með 8 samhlj. atkv.; 5. br.till. á þskj. 315 samþ. með 9 samhlj. atkv.; 1. gr. frumv. með áorðnum breyt. samþ. með 7 samhlj. atkv.; 2. gr. frv. samþ. í e. hlj.; 6. br.till. á þskj. 315 samþ. í e. hlj.; 4. gr. frv. samþ. í e. hlj.; Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 332); 9. ágúst.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í heild sinni og endursent Nd.

Smjörlíkistollur.

FRUMVARP til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki (C. 199); 1. umr., 27. júlí.

Sigurður Stefánsson: Frumv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá h. Nd. og gekk þar í gegnum deildina með mjög litlum atkvæðamun. Innihald þess er að leggja ærið háan toll á vörutegund, sem um mörg undanfarin ár hefir verið mikil verzlunarvara, og fer innflutningur hennar vaxandi ár frá ári. Ef hér væri um þá vöru að ræða, sem spursmál væri um, hvort vér gætum verið án, og landssjóður þarfnaðist aukinna tekna, þá gæti verið rétt að leggja toll á þessa vöru; en eg hygg, að flestum muni ekki blandast hugur um, að þegar um nauðsynjavöru er að ræða, þá beri ekki að leggja á hana háan toll, og það enda þótt að auka þurfi tekjur landssjóðsins. Verzlunarskýrslurnar um innflutning á smjörlíki sýna bezt, að mjög mikil þörf er á því hér á landi; annars mundi innflutningur þess ekki fara vaxandi ár frá ári. Eg verð því að álíta mikið athugamál, hvort rétt sé, að leggja toll á þessa vörutegund. Auðvitað væru það meðmæli með að leggja toll á þessa vöru, ef hægt væri að sýna fram á, að landsmenn gætu sjálfir aflað alls þess smjörs, sem landið hefir þörf á; en mér finst aðflutningur smjörlíkisins benda á hið gagnstæða, og að hér sé um þá þörf að ræða, sem landsmenn ekki geta sjálfir bætt úr. Eftir síðustu skýrslum frá 1897 voru flutt inn hingað til landsins 158,258 pd. af smjörlíki. Þessi mikli aðflutningur er nú stórum meiri og vex hröðum fetum ár frá ári, og það mun ekki ofreiknað, þótt aðflutningurinn sé nú talinn 200,000 eða minst 180,000 pd. Þegar nú tollurinn eftir frv. þessu er 15 aurar af hverju pd., þá ætti upphæð alls tollsins eftir skýrslunum fyrir 1897 að vera um 24,000 kr. Eftir sömu skýrslu verður meðalverð á smjörlíki 54 au. pd. Eftir þessari hækkun á pd. um 28% yrði það ca. 70 aur. eða meira, af því að kaupmenn þurfa að leggja meira á það en tollinn. Eg gæti því hugsað mér, að pundið kæmi til að kosta allt að því 80 aura. En eg hefi ekki heyrt í h. Nd. neinar upplýsingar um, hvaðan þeir, sem nú kaupa þessa vöru, ættu að fá igildi hennar, ef hætt væri að kaupa hana. Það er ekki hægt að vísa á það hér hjá Íslendingum, því að aðflutningurinn á smjörlíki hingað til landsins sýnir, að landið sjálft framleiðir ekki nóg af smjöri til eigin þarfa, og á meðan svo er ástatt hér á landi, álít eg viðsjárvert, að leggja toll á þessa vörutegund. Það er eitt af hinum stærstu lífsskilyrðum vorum, að hafa feitmeti, og við, sem búum svo norðarlega á hnettinum, þurfum mikið viðbit. En þegar nú að því er gætt, á hverja þyngst fellur tollurinn á þessari vörutegund, smjörlíkinu, þá er það fólk í sjávarsveitunum, og sá hluti er ekki lítill; eg hygg, að það muni vera fullur þriðjungur landsmanna, og hann framleiðir ekki svo lítið, þar sem afrakstur sjávarútvegsins er nær því helmingi meiri en af landbúnaðinum. — Þessum mönnum er því stórkostlega íþyngt með nýjum tolli, án þess að þeim sé opnaður vegur til að losast undan honum, þar sem ekki er hægt að benda þeim á, hvar þeir geti fengið feitmeti, er jafngildi því, sem aðflutt er hingað til landsins af þessari vöru. Hér við bætist einnig, að margir af þeim mönnum, sem mest kaupa nú af þessari vörutegund, eru fátæklingar. Þessi nýi skattur mundi því lenda þyngst á fátækasta hluta þjóðarinnar. — Eg hefi heyrt aðalmeðmælin með því að leggja toll á þessa vöru, sem

sé þau, að sökum hins mikla innflutnings á henni sé ekki hægt að fá markað fyrir innlent smjör í landinu sjálfu, og þess vegna lítil hvöt fyrir landbændurna að framleiða og vanda það.

Því neitar víst enginn, að betur þurfi að vanda íslenzka smjörið en almennt hefir verið gert hingað til, en eg efast um, að ráðið til þess sé að leggja toll á smjörlíkið; það er líkara til að hann hefði gagnstæð áhrif, þar sem tollurinn mundi verða til þess, að menn fremur neyddust til að kaupa óvandað íslenzkt smjör, þar eð það yrði ódýrara en smjörlíkið með þessum háa tolli. En aðalatriðið er það, og sem mest mælir á móti þessum tolli, að vér Íslendingar framleiðum ekki nærri nóg smjör handa okkur sjálfum. Eg hefi heyrt því fleygt fram, að hér sé enginn markaður fyrir smjör. Eg er sjálfur úr plássi, þar sem mikið er keypt af smjörlíki og árlega flytjast þangað inn mörg þúsund pund. Mér er líka kunnugt, að kaupfélag Þingeyinga hefir haft þar mikil viðskifti við okkur með smjör, og hafa Ísfirðingar borgað Þingeyingum 60—65 aura fyrir pundið af meðalsmjöri; en hvað skeður? Kaupfélagsstjórn Þingeyinga segir við oss Ísfirðingana: „Við getum ekki lengur selt ykkur smjör vort svona ódýrt; við getum fengið meira fyrir það annarsstaðar". En þegar smjör er komið upp í 70 aura pundið, þá má það heita allhátt verð. Eg held þess vegna, að það sé gert of mikið úr markaðsleysinu hér á landi fyrir íslenzka smjörið, en minna úr því, hve lítið er framleitt af því. Eg tók það fram áðan, að ef hár tollur yrði lagður á smjörlíki, þá mundi það verða til þess að íþyngja fátæku fólki í sjávarsveitunum. En nú hefir á seinni árum verið lögð mikil áherzla á að efla þilskipaútveginn hér á landi, og þingið hefir veitt ódýr lán til að styrkja það fyrirtæki. En þess ber að gæta, að tollurinn á smjörlíki legst þyngst á þilskipaútveginn. Eg hefi leitað upplýsinga um það hjá þilskipaútgerðarmönnum, hve mikið skip með 20 manns þurfi af smjörlíki í 30 vikur, og eftir þeim upplýsingum yrði það 150 kr. skattur, sem legðist á skipið með þessum háa tolli. Ef við nú gætum að þeim sköttum, er á þeim hvíla nú, þá yrði þetta ærið tilfinnanleg viðbót, þar sem slíkt skip geldur í sykur- og kaffitoll 50—60 kr., 100 kr. í útflutningsgjald, og svo bætist þar við tíund og lausafjárskattur; þá verða útgjöldin af skipinu með þessum tolli töluvert á 4. hundrað kr. Það má auðvitað segja, að útgerðarmennirnir margir hverjir séu efnamenn, sem vel geti borið slíka skatta; en þess ber að gæta, að þeir eru ekki einir um að bera þá. Það eru fátækir barnamenn, sem einkum yrðu að bera þessa þungu byrði; þeim yrði þessi vara gerð óhæfilega dýr; það eru einkum þeir, sem þurfa að fá hana, en er fyrirmunað að útvega sér hana á annan hátt, þar sem framleiðsluna í landinu sjálfu vantar.

Eg held þess vegna, að enn þá sé ekki tiltækilegt, að leggja svo háan toll á þessa vörutegund, meðan ekki er framleitt nóg smjör í landinu til eigin þarfa. Eg gæti betur felt mig við að veita mönnum „premíu" fyrir að flytja út vel verkað smjör, heldur en fyrirmuna fátækum mönnum ódýr kaup á eins góðu viðbiti eins og ísl. bændur framleiða.

Mér getur því ekki blandazt hugur um, að greiða atkvæði á móti þessu frumvarpi, enda þótt mér þyki leitt að þurfa að gera það; því að eg vildi gjarnan óska, að frumv. þetta væri á góðum rökum bygt, og að vér gætum sjálfir framleitt nóg smjör til þarfa vorra. En þar sem því er nú ekki þannig varið, þá get eg fyrir mitt leyti ekki greitt atkvæði með því, að leggja toll á þessa vöru.

Þorkell Bjarnason: Eg skal ekki að þessu sinni reyna til að hrekja andmæli háttv. þm. Ísf. (S. St.) móti þessu frv.

Eg ætla að eins að leyfa mér að taka fram, að það hefir ekki verið sýnt fram á, að eins og nú er komið landbúnaðinum, þar sem féð er mikið hætt að flytjast út, og mestmegnis sem bændur farga, farga þeir í sínar þarfir eða þá til kaupmanna og það því skorið í landinu, að feitmeti sé nóg til í landinu handa landsmönnum sjálfum. Eg játa, að milli 1890 og 1897 var ef til vill ekki nóg feitmeti til í landinu handa landsmönnum, þegar 60—80 þús. fjár voru fluttar af landi burtu árlega, en tólgin, — og hún hlýtur að vera miklu meiri nú, sem landsmenn geta hagnýtt sér til feitmetis, en á milli 1890—97 — þegar hún er vel hagnýtt og vel með hana farið, þá getur hún verið mjög gott feitmeti og miklu betra feitmeti en margarínið. Þetta er mjög þýðingarmikið mál, og hefir ekki að mínu áliti verið athugað í nefndinni í neðri deild eins og þyrfti. Það þyrfti að athuga, hvort það feitmeti, sem framleitt er í landinu, sé nóg handa landsins íbúum, því að það, að kaup á margarine fer í vöxt, er engin sönnun fyrir því, að svo sé ekki. Að kaupin á margarine hafa farið svo mjög í vöxt, stafaði af því, að það er orðið svo ódýrt, að það borgar sig ekki að framleiða smjör til að selja það með sama verði, og bændur brúka meira af sjálfir, en ef það væri í háu verði. Síðan margarínið fór að flytjast, hefir íslenzka smjörið fallið í verði um 15%—20%, ekki eingöngu hið lakara, heldur einnig það, sem er boðlegt hverjum manni. Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að málið sé sett í nefnd, ekki vísað til tollnefndarinnar, heldur kosin sérstök þriggja manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefnd sþ. með 7 samhlj. atkv. og hlutu kostningu:

Þorkell Bjarnason	með	8 atkv.
Þorleifur Jónsson	—	5 —
Sigurður Stefánsson	—	5 —

og var síðan 1. umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 199, 307); 7. ágúst.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki einungis framkomið í þeim tilgangi að bæta fyrir framleiðslu á íslenzku smjöri, heldur einnig til þess að auka tekjur landssjóðs, og þetta síðarnefnda atriði átti ekki hvað minstan þátt í því, að eg hefði verið frv. meðmæltur. Eins og menn vita, þá hefir íslenzkt smjör mjög fallið í verði, og þetta verðfall verður að álítast eingöngu að kenna innflutningi á útlendu smjörlíki. Ef að lagður er tollur á þetta smjörlíki, þá má telja það víst, að verðið á íslensku smjöri bækkar að sama skapi eða um það, sem tollinum nemur. Þetta get eg ekki álitið annað en góðar afleiðingar, þar sem þessi hækkun kemur að góðu öðrum aðalatvinnuvegi landsbúa, landbúnaðinum. Landbúnaðurinn er sá atvinnuvegur landsins, sem mest er verður, og þess vegna finst mér vert að styðja hann, þó maður verði að leggja nokkuð í sölurnar, og af þessari ástæðu hefi eg verið hlyntur þessu frv., þó eg sæi vel, að á því eru nokkrir agnúar. Altaf þegar hallæri hefir borið að höndum, þá hefir það verið landbúnaðurinn, sem hefir bjargað, og falli landbúnaðurinn, þá má segja, að mikill eða mesti hluti landsins sé þar með fallinn.

Eg gat þess um daginn, þegar frv. um hækkun á tóbakstolli var hér fyrir deildinni, að gjöld landssjóðs færu sívaxandi, og því veitti ekki af því, að finna nýjar tekjugreinir. Það er ekki enn þá séð fyrir endann á því, hvað gjöldin kunna að verða há á næsta fjárhagstímabili; þingið hefir samþykt lög, sem hafa töluverðan kostnað í för með sér fyrir landssjóð, bæði læknaskipunarlögin og lögin um brú á Lagarfljóti, og nú liggja fyrir þinginu frv. um stofnun landsspítala og frv. um að setja presta að nokkru leyti á landssjóð;

bæði þessi frv. auka gjöld landssjóðs um eigi alllitla upphæð.

Þegar vér lítum yfir fjárhag landssjóðs, þá sjáum vér að tekjuafgangur hefir orðið mörg ár fram að árinu 1898, en árið 1898 er tekjuhallinn, eftir því sem eg hefi heyrt, — eg hefi ekki sjálfur séð landsreikninginn og skal því ekki fyllyrða að það sé rétt, — yfir 30,000 kr. Þetta er ekki alllítill tekjuhalli, og sé upphæðin rétt, þá finst mér vera full ástæða til að styðja að því, að það komi ekki aftur fyrir og yfir höfuð varast það af fremsta megni, að nokkur tekjuhalli eigi sér stað. Menn kunna nú að segja að þessi tollhækkun komi ekki niður á hentugri vöru, en eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að tollurinn komi einmitt niður á mjög hentugri vörutegund, af því að eg hefi heyrt marga segja, að sumt af þessu útlenda margarine eða smjörlíki sé svo vond vara, að þeir vilji heldur borða þurt, en að leggja sér það til munns. Það kvað leggja fýlu af því, og þegar það er brætt, þá kemur alls konar sori úr því, en mjög lítið af feiti.

Aðalmótbáran á móti þessu frv., bæði hér á þingi og utanþings, hefir verið sú, að það sé ekki nóg feiti til í landinu sjálfu. Þessa sömu mótbáru hefir háttv. minni hluti haft sem aðalástæðu móti frv., en eg held að það sé vert að athuga þessa mótbáru nokkuð nákvæmar. Eg hefi farið í gegnum landshagsskýrslurnar fyrir síðustu 17 árin, frá 1881—1897, lengra ná skýrslurnar ekki, og borið saman útflutning og innflutning á feiti. Á þessu tímabili hefir verið flutt inn í landið 1,193-688 pd. af útlendu smjöri og smjörlíki eða 70,216 pd. að meðaltali á ári. Á sama tímabili hefir verið flutt út:

af ísl. smjöri: . . . 71,635 pd.
af tólg: . . . . 2,068,291 —
til samans . . . 2,139,926 pd.
eða að meðaltali . . 125,878 — á ári.

Útflutningur á smjöri og tólg hefir þá á þessu tímabili verið rúmum 55,000 pd. meiri en innflutningurinn á útlendu feitmeti. Eg veit ekki hvað getur betur sannað, að nóg sé af feitmeti til í landinu sjálfu, en þessi samanburður; eg sé ekki betur en að ástæða minni hlutans sé alveg steindrepin með þessu, og þó er hér ekki talin með mörg önnur feiti, sem nota má til viðbitis, svo sem lýsi og kjöt. Ef sjómennirnir keyptu meira kjöt af landbóndanum, þá gætu þeir fengið sér feiti, sem er langtum betri og hollari en margt af þessu útlenda margarine, sem þeir eru að borða. Sömuleiðis er hægt að búa sér til gott viðmeti úr lýsi og tólg, *(Sig. Stef.:* „Hefirðu smakkað það?)“ Já, eg hefi smakkað það, og það er als ekki neitt vont, að minsta kosti er það betra en sumt margarine, eftir því, sem eg hefi heyrt marga segja, sem það hafa smakkað. —

Önnur mótbáran móti þessu frv. en sú, að tilgangur frv., að bæta verðið á ísl. smjöri, náist ekki með þessari hækkun, en mér er ómögulegt að skilja það, að verðið á ísl. smjöri ekki hækki að sama skapi og tollurinn á margarine, mér finst það standa í eðlilegu orsakasambandi hvað við annað.

Þá hafa menn sagt, að þetta frv. íþyngdi sjávarbóndanum og kaupstaðabúum og er það alveg rétt, enda ekki auðið að leggja nokkurn skatt á, án þess að íþyngja einhverjum. En eg held ekki að sjávarbóndanum sé gerður svo mikill óréttur með þessum tolli, þegar borin eru saman þau gjöld og kvaðir, sem liggja á landbúnaðinum, og þau, sem hvíla á sjávarútveginum. Ef við tökum t. d. landbónda, sem á 10,000 kr., og gætum að þeim gjöldum, sem eru lögð á afurðir hans af þessari 10,000 kr. eign, þá munum vér sjá, að sjómaður, sem á 10,000 kr. og ver þeim til sjávarútvegs, fær af sínni 10,000 kr. eign bæði meiri arð, og einnig verða þau gjöld lægri, sem hvíla á afurðum hans, heldur en sveitabóndans.

Ef að þetta er rétt, þá finst mér ekkert ósanngjarnt, þó þessi tollur komi til að hvíla á sjávarbóndanum.

Þar eð ekki hafa komið fram fleiri mótbárur á móti frv. frá h. minni hluta, þá skal eg ekki fara fleiri orðum um frv. að sinni.

Sigurður Stefánsson: Eg er ekki svo heppinn að hafa getað sannfærst af ræðu h. þm. Húnv. (Þ. J.) þótt mér þyki það leitt. — Eins og eg er á þeirri skoðun, að það þurfi að gera eitthvað til að efla búnaðinn, eins er eg líka á þeirri skoðun, að það eigi ekki að gjöra það með því að vinna hinum aðalatvinnuvegi landsins stórskaða, og þess vegna hefi eg verið á móti þessu frv., að það er stórum ranglátt gagnvart sjávarbóndanum, án þess þó að það vinni landbóndanum nokkurt verulegt gagn. — Eg álít rétt að auka beri tekjur landssjóðs, en eg felst ekki á, að það eigi að gera það, með því að leggja ranglátan skatt á nokkurn hluta landsbúa, og að það sé ekki fremur rétt í þessu efni en hverju öðru, að tilgangurinn helgi meðalið.

H. þm. sagði, að það væri nóg smjör til í landinu sjálfu, og að verðfallið á ísl. smjöri væri að kenna útlendu smjörlíki; eg skal ekki deila lengi um þetta við h. þm., en eg held ekki, að þetta sé á rökum bygt. Það er öllum kunnugt, að árlega eru seld mörg þúsund pund af aðfluttu smjörlíki á landinu og það er hinsvegar jafnkunnugt, að engu að síður hefir íslenzkt smjör hin síðustu 20 ár verið í hærra verði en bezta smjörlíki. Eg á sjálfur heima í sjávarplássi, þar sem æðimikið er brúkað af margarine, og það af þeirri ástæðu, að íslenzkt smjör er ófáanlegt þar, og hvað verðlagið á ísl. smjöri snertir, þá hefi eg einnig eigin reynzlu að byggja á í því efni, þar sem eg í mörg ár hefi keypt smjör árlega norðan úr Þingeyjarsýslu fyrir 60—65 au. pundið, þar sem þó bezta margarine hjá kaupmönnum aldrei hefir farið fram úr 60 au. Það er því alls ekki rétt athugað hjá h. þm., að margarine spilli fyrir verði á ísl. smjöri og að aðflutningurinn komi til af því, að margarine verði selt lægra en ísl. smjör, heldur er orsökin til þess að innflutningurinn fer svo óðum vaxandi, í fyrsta lagi sá, að nægilegt smjör er ekki til í landinu sjálfu, og í öðru lagi sá, að af þessu litla smjöri, sem til er, þá er sumt svo hræðilega verkað, að margir kjósa heldur að leggja sér margarine til munns eða jafnvel borða þurt heldur en neyta þess.

Hvað þessum tolli viðvíkur, þá er tilgangurinn með honum, eins og líka h. þm. tók fram, sá, að hækka verðið á íslenzku smjöri. Setjum nú svo, að nóg ísl. smjör sé til í landinu — sem í raun og veru alls ekki er — hver yrði þá afleiðingin af þessum tolli? Er þessi 10 au. tollur á hverju pundi svo hár, að hann geri smjörlíki dýrara en algengt ísl. smjör? Því fer fjarri. Það er skilyrðið fyrir því, að tollurinn komi landbúnaðinum að nokkru gagni, að verðið á smjörlíki yfir höfuð sé hærra en verðið á ísl. smjöri.

Mér hefir verið sagt af nákunnugum mönnum, að bezta smjörlíki verði keypt á mörkuðum ytra fyrir 35 a. pd., hérvið bætist svo tollurinn 10 au., það verður 45 au.; setjum nú svo að kaupmaðurinn leggi 15 au. á pd. og mun það vel ílagt, rúmar 30%, þetta verður þá tilsamans 60 au., sem 1 pund af smjörlíkinu kemur til að kosta í hæsta lagi með þessum tolli, en það er lægra verð, en nú er víðast hvar í sjávarsveitum á þolanlega góðu ísl. smjöri. Eg vona að h. þdm. sé fullljóst, af þessu litla dæmi, hvaða áhrif þessi tollur kæmi til að hafa á verðlagið á ísl. smjörinu, nefnilega alls ekki nein; menn pöntuðu sér eftir sem áður útlent smjörlíki af því það væri betra og þó engu dýrara, og þar að auki ekki heldur nægilegt ísl. smjör til. En þó nóg smjör væri til einhversstaðar á landinu, þá kemur það að

litlu gagni, ef ekki er hægt að reiða sig á að hægt sé að ná í það, þegar þörf er á því. Hin afleiðingin af þessum tolli yrði því sú, að smjörlíkið yrði dýrara en það er nú, og sjávarbændum og útvegsmönnum íþyngt að óþörfu.

H. þm. Húnv. (Þ. J.) sagðist hafa farið í gegnum landshagsskýrslurnar síðustu 17 árin frá 1881—97 og tekið meðaltalið af inn- og útflutningi á feitmeti, en eg held að það sé nokkuð villandi, að taka meðaltalið af öllu þessu tímabili, því svo er ástatt, að allan fyrri hluta þessa tímabils var töluvert mikið flutt út af ísl. smjöri, en hin síðari árin hefir útflutningurinn verið sáralítill, tæpur $^1/_{10}$ hluti af innfluttu smjörlíki. *(Þ. J.:* Jú). Nei, — eg hefi gætt að þessu sjálfur, og veit að það er varla $^1/_{10}$ hluti. — Hvar vill nú h. þm. fá það smjör, sem okkur vantar? Já, gæti þm. vísað á einhverjar smjörnámur, sem væru til í landinu, þá væri það annað mál; en því er nú ver, að svo er ekki. Það er ekki hægt að vísa á smjörið, af því að það er ekki til. — Eg þykist nú hafa sýnt fram á, að framleiðslan á smjöri í landinu sé ekki nóg, og í öðru lagi að þessi tollur er altof lágur til þess, að bæta nokkuð verð á ísl. smjöri. Ætti þeim tilgangi að verða náð, þá þyrfti tollurinn að vera að minsta kosti einir 25—30 au.; þá gæti hann fyrst orðið að tilætluðum notum, en til þess að nokkurt vit sé í að leggja þann verndartoll á, verður að vera vissa fyrir því, að nóg ísl. smjör sé þá til, en sú vissa er ekki fengin, heldur þvert á móti.

H. þm. sagði, að landbúnaðurinn væri þess verður, að eitthvað væri lagt í sölurnar til að bæta úr honum, og er það alveg satt, en það er ekki rétt, að bæta úr þessu með því að níðast á hinum aðalatvinnuveginum og íþyngja með nýjum skatti fátækustu íbúum landsins. Að leggja skatt á smjörlíki er fyrir sjómönnunum sama sem að tolla mjölið í kökuna þeirra, því þeim er engu minni nauðsyn á að hafa eitthvert viðmeti með brauðbitanum, sem oft og tíðum er eina björgin, en brauðbitann sjálfan. Á hverju hentuga vöru þessi tollur kemur niður, eins og h. þm. vildi halda fram, sjá nú allir; það er auðheyrt, að þm. hefir aldrei reynt hvað það er, að verða að borða þurt, því væri svo, mundi hann betur finna hve ranglátur og harður þessi tollur er.

Eg hefði helzt óskað að geta leitt alveg hjá mér, að fara mikið út í verkunina á okkar ísl. smjöri, en af því h. þm. talaði um hve fúlt og vont þetta útlenda margarine væri, get eg þó ekki alveg gengið fram hjá því. Raunar játaði þm., að hann hefði sjálfur aldrei smakkað margarine, en eg get frætt þm. á því, að eg hefi smakkað það, og þó að eg hafi að eins borðað lítið eitt af því, þá hefir það þó verið nóg til þess, að sannfæra mig um, að það er þúsund sinnum betra heldur en margt af því ísl. smjöri, sem selt er manna á meðal.

Hvernig stendur á því, að menn skuli kaupa svona mikið margarine, ef það er jafnvont og þm. segir, og innlent feitmeti er nóg til? Þm. svaraði því engu, en eg skal taka af honum ómakið og svara því fyrir hann. Það getur sem sé ekki verið af neinni annari ástæðu, en að ísl. smjörið er enn þá verra, eða þá alls ekki til. — Að það sé hollara að eta hárugt gráðasmjör en margarine, held eg að sé mjög efasamt; það kemur undir því, hvort álitið er hollari fæða til meltingar olía, tólg og svínafeiti, en hár, farði og óhreinindi; en ætti eg að kjósa fyrir minn maga, þá vildi eg miklu heldur melta tólg og svínafeiti, heldur en hár og gráða. Eg tók það fram, að mér þótti leiðinlegt að þurfa að fara nokkuð út í þennan samjöfnuð, og eg skal heldur ekki gera það frekar en eg hefi gert og var neyddur til að gera, því mér þykir sannarlega leiðin-

legt að þurfa að vera að lasta okkar eigin afurðir.

Í stað þess að íþyngja miklum hluta landsmanna með þessum nýja skatti, sem ekki getur aukið einum eyri við verðið á ísl. smjöri, væri það miklu réttara og hollara, að veita úr landssjóði verðlaun fyrir útflutt ísl. smjör, því að það sé hneyksli, bæði að flytja út og kaupa að smjör, get eg ekki séð.

Mestu smjörgjörðamenn heimsins, Danir, flytja árlega til Englands og annara landa smjör svo tugum þúsunda punda skiftir, en borða svo sjálfir heima fyrir margarine og láta sér enga minkunn þykja. Eg veit líka dæmi til þess, að hér á landi hafa menn, sem þóttu góðir bændur, selt smjör og keypt annað ódýrara í staðinn. Eg hefi sjálfur selt gott kúasmjör fyrir 1 kr. pd., en keypt aftur óvandaðra smjör úr Þingeyjarsýslu fyrir 60 au. pd. — Eg vona enginn misskilji ræðu mína, svo sem eg vilji verða til þess að hnekkja landbúnaðinum á nokkurn handa máta, sér í lagi þar sem eg kannast við, að verðlagið á ísl. smjöri sé hvergi nærri gott, þó eg á hinn bóginn ekki geti fallist á, að það sé svo vont, að það alls ekki borgi sig að framleiða smjör eins og nú er ástatt. Eg fyrir mitt leyti er að minsta kosti ekki í neinum vafa um, að það sé réttast að fella þetta frv., sem hér liggur fyrir, einkum þar sem eg hefi heyrt, að h. Nd. hafi á prjónunum frv., sem gengur í þá átt, sem eg álít langheppilegasta, nefnilega að veita verðlaun úr landssjóði fyrir útflutning á ísl. smjöri.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Eg skal leyfa mér að minnast á fáein atriði í ræðu h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.). Hann sagði meðal annars, að það væri ekki nóg feitmeti til hér á landi handa landsmönnum. Það er að vísu satt, að landið framleiðir ekki nægilegt *smjör* handa öllum landsbúum, en það er til nóg af öðru feitmeti. Eg þykist hafa sýnt fram á það með ómótmælanlegum rökum, að nægilegt feitmeti sé til í landinu sjálfu.

Til þess að sýna fram á það, tók eg 17 ára tímabil, en h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) vill byggja sína ályktun á tveimur árum; það finst mér vera æði fljótfærnisleg ályktun. Enginn ærlegur maður byggir slíka ályktun á 1—2 árum, slíkt er mjög villandi og sannar ekki neitt.

Það er að vísu satt, að árið 1896—97 var lítið flutt út af feitmeti hér úr landi, en mikið flutt inn af smjörlíki. En það er ekki satt, sem h. þm. sagði, að það hefði ekki verið nema $^1/_{10}$ hluti af feitmeti fluttur út á móts við smjörlíkið, sem flutt var inn; því að ef 10 sinnum meir hefði verið flutt inn í landið af smjörlíki en flutt var út af feitmeti, þá hefði átt að flytjast inn í landið 333 þús. pund af smjörlíki árið 1896, en það voru flutt inn að eins 110 þús. pund.

Hér kemur líka eitt atriði til greina, sem veldur því, að framleiðslan á tólg verður að líkindum meiri í landinu hér eftir en áður, nefnilega innflutningsbann á lifandi fé til Englands; við það að fénu er slátrað hér í landinu sjálfu, eykst tólgarframleiðslan hér, og þar af leiðandi eykst feitmeti í landinu.

Þá gerði h. þm. Ísf. (Sig. St.) mikið úr því, hve íslenzka smjörið væri vont; eg þekki ekki þetta vonda íslenzka smjör fyrir norðan, og íslenzka smjörið, sem eg borða hér fyrir sunnan, er gott. Þar sem h. þm. er að klifa á því hér á þinginu, að smjörlíkið sé þúsund sinnum betra en íslenzka smjörið, þá þykir mér það undarlegt, því að utanþings hefir hann trúað mér fyrir því, að sér væri ekki til neins að bjóða sínu heimilisfólki smjörlíki og að það væri aldrei notað á hans heimili. Það sýnir bezt hvaða álit hann hefir á smjörlíkinu.

Jónas Jónassen: Mig minnir að það hafi komið til tals áður, fyrir mörgum árum hér á þingi, að leggja toll á smjör-

líki; eg var þá á móti því og er það enn. Hvernig stendur á því, að svo mikið er flutt inn í landið af þessari vörutegund? Það kemur til af því, að landið sjálft framleiðir ekki nóg smjör, og í öðru lagi af því, að smjörlíkið er langtum ódýrara. Þeir, sem þekkja til hér sunnanlands, vita, að það er framleitt svo lítið hér af smjöri, að mánuðum saman á vetrum er ekki hægt að fá 10—12 pund af ætu smjöri. Mikill hluti af smjöri bænda hér sunnanlands er hreint og beint óæti, vegna óþverra, sem stafar sjálfsagt einna mest af vondum húsakynnum. Nú er allstaðar álitið, að gott smjörlíki sé fult eins holt og gott eins og smjör. Eftir minni skoðun er miklu meiri óhollusta að okkar íslenzka smjöri yfirleitt, en smjörlíkinu. Eg efast alls eigi um, að margir hafi fengið sullaveikina hér á landi einmitt af íslenzka smjörinu. Háttv. þm. Húnv. (Þorl. J.) sagði að það væri nóg smjör til hér í landinu sjálfu, og reiknaði þar með tólg og lýsi, Mér er sem eg sjái útgerðarmenn bjóða fólki sínu tólg í staðinn fyrir smjörlíki. Eg get ekki séð, að tólg komi þessu máli við. Hér er verið að ræða um smjör, en ekki um það, að láta bjóða mönnum tólg, lýsi eða bræðing í staðinn fyrir smjör.

Eins og nú er ástatt með smjörframleiðsluna í landinu, yrði ómögulegt fyrir útgerðarmenn að gera út skip sín, ef þeir ættu að kaupa mörg þúsund pund af íslenzku smjöri. Hvernig ættu þeir að geta fengið alt það smjör? Fá það sent á haustin og láta það svo liggja allan veturinn til næsta vors? Hvernig færi það? Það yrði alveg óætt smjör; og hvaðan ættu þeir að fá mörg þúsund pund af smjöri? Þeim væri ómögulegt að útvega það, af því að framleiðslan er svo lítil í landinu. Setjum svo, að tollurinn á smjörlíki yrði 1 kr. á pundinu, hvernig ættu útgerðarmennirnir þá að fara að; hvaðan ættu þeir þá að fá mörg þúsund pund af smjöri handa skipum sínum? þeim væri alveg ómögulegt að fá það; þeir yrðu þá að bjóða fólki sínu tólg og lýsi í staðinn fyrir smjörlíki. Eg gef þess vegna glaður atkv. með því, að fella þetta frv., sem fer fram á, að leggja toll á aðra eins nauðsynjavöru eins og smjörlíkið er nú orðið.

Sigurður Stefánsson: Háttv. þm. Húnv. (Þorl. J.) sagði, að það hefði ekki verið rétt hermt af mér, að ekki hafi verið flutt meira en $^1/_{10}$ hluti af íslenzku smjöri út úr landinu, á móts við innflutt smjörlíki árið 1896; þessi staðhæfing hans er ekki rétt, því að það var ekki einu sinni $^1/_{10}$ hluti fluttur út. Árið 1896 voru flutt út 3135 pund smjörs. en innflutt um 130,000 pd. af smjörlíki. (*Þorleifur Jónsson:* Ekki að gleyma tólginni). Tólgin kemur ekki málinu við; en úr því að minzt var á tólgina sem feitmeti, þá vil eg leyfa mér að spyrja: Hvernig stendur á því, að menn kaupa ekki tólg, sem kostar aðeins 18—20 aura pundið, ef hún er jafngott feitmeti eins og smjörlíki? Af þeirri einföldu ástæðu, að hún þykir ekki nærri eins gott viðmeti. Mér þætti gaman að sjá hvað vinnumenn mínir í Vígur segðu, ef þeim væri boðin eintóm tólg sem viðmeti; eg er hræddur um, að þeim mundi þykja lítið til þess koma. Að því er útflutning tólgarinnar snertir, þá er hún flutt út af því, að landsmenn vilja ekki eta hana sjálfir. Það má auðvitað hella lýsi í hana og búa til úr henni þennan bræðing, sem háttv. þm. Húnv. (Þorl. J.) er að prédika um, og þótt það geti verið full-gott feitmeti, þá vilja menn heldur ekki borða hann fremur en óbætta tólgina; hann er ekki eins gott feitmeti eins og smjörlíkið.

Háttv. sami þm. (Þorl. J.) sagði, að það væri rangt að byggja ályktun á útflutningi smjörs héðan á tveimur síðustu árum. En það verður að miða við ástandið eins og það er nú.

Annar aðal-atvinnuvegur landsmanna, sjávarútvegurinn, hefir á síðustu árum vaxið stórkostlega; þar af leiðir, að nú er því meiri þörf en áður á innflutningi smjörlíkisins inn í landið. Innflutningur smjörlíkisins 3 síðustu árin sýnir ljóslega, að þörfin á því er fjarska mikil hér á landi, vegna þess að landið sjálft framleiðir ekki nærri nóg smjör, og annað feitmeti kemur hér ekki til greina. Hér er ekki um það að ræða, að vernda tólg með því að leggja toll á smjörlíki.

Eins og eg áður hefi sýnt fram á, þá hefir innflutningur á smjörlíki hingað til landsins vaxið hörðum fetum ár frá ári; árið 1896 voru flutt inn 136 þús. pund, 1897 170 þús. pund, og 1898 verður innflutningurinn sjálfsagt yfir 200 þús. pund; en smjörútflutningurinn á þessum árum hefir aftur á móti farið stórum minkandi, og 1897 var svo sem ekkert útflutt af íslenzku smjöri. Þetta sýnir, að smjörframleiðslan er ekki nóg í landinu sjálfu.

Guttormur Vigfússon: Það mun mörgum þykja undarlegt, að eg, sem er sveitamaður og á heima í sveit, þar sem landbúnaður má heita aðalstyrkur manna, skuli greiða atkvæði á móti frumv. þessu, og þó geri eg það að líkindum. Á þingmálafundum á Austurlandi, bæði á þeim, er haldnir voru í sveitum og við sjó, komu fram tillögur um og meðmæli með því, að lagt yrði aðflutningsgjald á smjörlíki. Eg geng því í þessu á móti vilja kjósenda minna, en fylgi sannfæringu minni. Að atkv. mitt fellur nú þannig í máli þessu, kemur til af því, að undir umræðum málsins, bæði í Nd. og Ed., hefi eg sannfærst um, að ofsnemt væri að ráða máli þessu til lykta nú þegar, meðan smjörgerðin í miklum hluta landsins er á jafnlágu stigi.

Þegar eg heyri það fullyrt hér á þingi, að á Suðurlandi sé varla auðið, á vissum tímum árs, að fá 10—12 pd. af ætu smjöri innlendu, þá vil eg ekki standa mönnum í vegi fyrir því, að geta fengið þó ekki sé nema margarín til viðbits með sæmilegu verði. Og eigi menn það á hættu, eins og 4. kgk. þm. (J. J.), sem jafnframt er landlæknir Íslands, tók fram, að fá sullaveiki af því að borða sunnlenzka smjörið, þá verð eg að álíta viðurhlutamikið, að stuðla til útbreiðslu þessarar veiki með því að neyða menn til að leggja það sér til munns. Annars er mér það kunnugt, að á Austurlandi fer smjörgerðinni óðum fram, og þarf því ekki að leggja aðflutningsgjald á smjörlíki því smjöri til verndunar, sem vel er verkað og góð vara, og eg þykist þess fullviss, að ekki líði langir tímar þangað til menn almennt sannfærist um, að það sé ábati mikill, að kaupa gott íslenzkt smjör fyrir hæfilegt verð á móts við það, að kaupa illa ætt margarín, þó með lægra verði sé. En þar sem svo sterkar raddir heyrast um það, að það ríði á miklu fyrir mikinn hluta landsmanna, nfl. Suður- og Vesturland, að geta fengið margarín fyrir eigi mjög hátt verð, þá mun eg ekki greiða atkv. með frv. þessu.

ATKV.GR.: Frv. felt frá 2. umr. með 7 : 3 atkv.

Bann gegn áfengistilbúningi.

FRUMVARP til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja (C. 214); 1. umr., 28. júlí.

Sigurður Stefánsson stakk upp á að vísa málinu til tollnefnarinnar.

Þorleifur Jónsson stakk upp á sérstakri 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Sérstök nefnd feld. Málinu vísað til tollnefndarinnar með 8 atkv. 1. umr. málsins frestað.

Framhald 1. umr. (C. 214, 220), 1. ágúst.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Þetta frv. er, eins og kunnugt er, komið

hingað frá h. Nd. — Ef farið yrði að búa til áfenga drykki hér á landi. mundi það að líkindum hafa þær afleiðingar, að nautn áfengra drykkja breiddist töluvert út og yxi, vegna þess, að þeir, sem byggju þá til, gætu selt þá lægra verði en þeir, sem flytja þá að, þar sem þeir þurfa að borga toll af þeim og flutningskaup. Hin fyrsta afleiðing af tilbúningi áfengis hér á landi yrði þá sú, að áfengisnautnin ykist. En það mundi þar að auki hafa aðra afleiðingu fyrir landssjóð. Þegar menn gætu fengið áfengi, sem hér væri til búið, fyrir lægra verð en hið innflutta, mundi innflutningurinn hverfa, og landssjóðurinn þannig tapa þeim tekjum, sem hann hefir nú af innflutningi áfengis.

Tilgangur frumv. þessa er þá tvennur: Að koma í veg fyrir aukna áfengisnautn og að koma í veg fyrir þann tekjumissi, sem landssjóður hefði af innl. áfengis-„fabrikation". Mér finst hvorttveggi tilgangurinn lofsverður og því ekki neitt á móti því að samþykkja frv. Menn kunna að segja, að það sé óþarfi að setja slík bannlög sem þessi, af því að menn viti ekki til, að nokkur ætli sér að búa hér til áfengi. Þetta kann að vera; en það er engu spilt, þótt það sé bannað, og maður getur hugsað sér, að einhver risi upp, sem byggi til áfengi, og er meira að segja hreint ekki ólíklegt, og þá finst mér ekki heppilegt, að hafa engin lög um þessa atvinnugrein, og því get eg ekki annað en verið með frumvarpinu. Það skaðar ekki neina atvinnugrein, sem til er, en vill hindra, að upp rísi atvinnugrein hér, sem er skaðleg fyrir heill þjóðfélagsins, og að sjálfsögðu mundi rýra tekjur landssjóðs. Eg vona því, að það fái að ganga sína leið til 2. umr., án þess að nokkuð sé við það átt.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. 214, 270), 4. ágúst.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Eg get sagt hið sama um þetta mál sem um hitt; það var samþ. hér í einu hljóði við 1. umr., og finn eg ekki ástæðu til að tala frekara um það nú'en eg gerði þá.

ATKV.GR.: 1. og 2. gr. frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 7. ágúst.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e hlj. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Áfengisverzlun.

FRUMVARP til laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja (Cbls. 165); 1. umr. 3. júlí.

Hallgrímur Sveinsson stakk upp á, að setja þriggja manna nefnd í málið og var það samþykt í e. hlj. og í hana kosnir:

Jón Jakobsson með 8 atkv.
Sigurður Jensson — 7 —
Júlíus Havsteen — 5 —

Fyrstu umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 58); 14. júlí.

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Eins og h. þingd. sér af nefndarálitinu, mælir nefndin með því, að frumv. þetta verði samþ. að heita má óbreytt. Nefndin var öll samdóma um það, og eg hygg, að allur fjöldi manna muni verða samdóma um það, að stjórnin hefir tekið mjög vel í þetta mál, að hún hefir uppfylt loforð það, er hún gaf í bréfi, dags. 27. sept. 1898, þar sem skýrt er frá, að frumv. það um rétt kaupmanna til að verzla með áfengi hafi ekki náð konunglegri staðfestingu, — en í því bréfi lofar stjórnin að taka undir með ósk þeirri, sem er grundvöllur frv. frá 1897.

Vér sem studdum frumv. það, er samþ. var á síðasta þingi, getum játað það, að

vér vorum ekki ánægðir með það frumv. eins og það kom frá þinginu. Vér samþ. það frumv. sem neyðarúrræði eða neyðarvörn gegn því, að vínsölustöðum færi ávalt fjölgandi, því að þar eð þingið löggildir alt af fleiri og fleiri verzlunarstaði og þar sem í hinum eldri verzlunarstöðum eru að þjóta upp nýjar verzlanir, er verzla með áfengi, þá var orðið allsendis nauðsynlegt að gera eitthvað til að hefta útbreiðslu áfengisins og um leið misbrúkun þess. Nú hefir stjórnin tekið þetta mál að sér og vér megum játa, að vér fáum ekki einungis fram það, sem vér höfðum í hyggju að fá framgengt 1897, heldur er því komið miklu betur fyrir en var í frv. okkar og enda farið lengra en við höfðum áræði til að fara. Það er því von mín, að ef frumv. þetta verður samþykt, verði þjóðin vel ánægð með það og að allir sjái, að hér eru þær skorður reistar gegn áfengissölu og útbreiðslu hennar, er með skynsemd og sannsýni má heimta. Það er að vísu eigi gott að segja fyrirfram, hvernig lög þessi muni reynast í framkvæmdinni, eða hvert ástand muni skapast af þeim, en eg hefi þá sannfæring, að árangur þeirra verði hinn bezti og að þau muni stemma sölu áfengis og misbrúkun þess. Eg hefi nokkra reynslu í þessu efni, með því að þar sem eg bý hafa kaupmenn með frjálsum samtökum hætt við áfengissölu, og hefir það haft hinar beztu afleiðingar. Og það eru margir af okkar beztu og stærstu kaupmönnum, sem hafa bezta vilja á því, að hætta við áfengissölu, þeir hafa kannast við það, að þeir hafi engan hagnað af því, en sagt jafnframt: Það er tilgangslaust, að eg hætti að selja áfengi, því að við því má búast, að einhver annar smáborgari setjist þá niður hér við hliðina á mér og selji sérstaklega áfengi; það hefir því enga þýðingu, að eg hætti við þá sölu, þið eruð ekki lausir við hana samt. En verði frv. þetta að lögum, er þessi hætta ekki lengur fyrir hendi. Það þarf varla að óttast að smákaupmenn muni sjá sér fært, að leysa fyrst leyfisbréf til áfengissölu fyrir 500 kr. og greiða svo árlegt 500 kr. gjald, því að svo mikið hefir drykkjuskapur minkað í seinni tíð, að það getur ekki borgað sig að ætla sér að græða á áfengissölu með þeim skatti, sem hér er ákveðinn. Meira að segja: eg hefi miklar vonir um, að margir, er nú selja áfengi, muni hætta við það, af því þeir sjá, að það muni ekki borga sig. Þeir vita það og, að hagur viðskiftamanna þeirra er ekki betri en svo, að þeir eiga fult í fangi með, að standa í skilum með andvirði fyrir nauðsynjar lífsins og vilja því ekki leiða þá í freistni með því að hafa áfengi á boðstólum. Kaupmönnum er enginn hagur að því að selja viðskiftamönnum sínum þá vöru, sem gjörir þá bæði óduglegri til að vinna fyrir sér og fátækari til að borga skuldir sínar.

Eg vona, að h. þingd. og alt þingið verði samdóma nefndinni í því að samþykkja þetta frumv. og þá álít eg, að búin séu til góð lög, sem er ávöxtur af góðri samvinnu þings og stjórnar. Eg skal svo ekki tala meira að sinni, en óska, að málið fái að ganga til 2. umr.

Landshöfðingi: Eg get einnig verið þakklátur þeirri háttv. nefnd, er haft hefir frumv. þetta til meðferðar, fyrir það, hve vel hún hefir tekið í það. Eins og h. framsögum. (S. J.) tók fram, hefir stjórnin stungið upp á all-ströngum ákvæðum í frv. þessu — svo sem næsta háum gjöldum fyrir leyfi til að verzla með vín, en af því að stjórninni var kunnugt um, að allmikill áhugi er á því hér á landi, að gerð sé gangskör að því að hefta misbrúkun áfengis, hygg eg, að frumv. fari eigi of langt, og það því síður, sem í landinu er allfjölmennur flokkur manna, sem fara vill enn þá lengra, en sem stjórnin hefir ekki séð sér fært að fylgja.

Það er að eins ein efnisbreyting, sem

stungið er upp á í áliti nefndarinnar. En eg er þar samdóma minni hlutanum. Eg álít það galla á lögunum, ef breyting meiri hlutans næði fram að ganga. Eg vil biðja h. þingdm. að íhuga það vel til 2. umr., hvort eigi væri réttast að láta 5. gr. frv. standa óbreytta. Að fella úr henni hin umræddu orð, virðist mér valda ósamkvæmni, er ekki ætti að eiga sér stað í lögunum. Eg verð því að leggja á móti breyt.till. meiri hluta nefndarinnar.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. 58); 17. júlí.

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Eins og sjá má á nefndarálitinu, eru breytingar nefndarinnar ekki margar, og flestar að eins orðabreytingar. Eg skal nú leyfa mér að fara stuttlega yfir þessar breytingar.

Við 1. gr. hafa engar breytingar verið gerðar. Eins og sjá má á þeirri grein, kemur þar fyrir orðið „staðjastað“ öl; þetta er að vísu nýgjörvingur, en nefndin sá ekki ástæðu til að breyta því. Það er þýðing á danska orðinu „undergæret“, og er hér átt við áfengt öl.

Við 2. gr. hefir sú breyting verið gerð, að í stað orðanna í 2. málsgrein: „Til þess að öðlast rétt til þessa framvegis þarf“ komi: þeir menn, sem vilja öðlast rétt til áfengisverzlunar, þurfa o. s. frv. Þeir, sem ekki áður hafa haft leyfi til að verzla með áfengi, þurfa að kaupa sérstakt leyfisbréf, auk þess 500 kr. árlegs gjalds, sem getur um í 1. gr.

2. breyt.till. við 2. gr. er, að orðið „hlutaðeigandi“ falli burt á 4 stöðum í greininni, þar eð það verður að álítast alveg óþarft. Við 3. gr. hefir ekki önnur breyting verið gerð en sú, að orðið „hlutaðeigandi“ falli burt þar líka.

Við 4. gr. hefir engin breyting verið gjörð. Hún er tekin úr lögunum frá 1888, nema að því leyti, að hér er farið fram á að færa takmarkið lítið eitt niður fyrir því, hvað minst megi selja af öli, svo ekki þarf að selja meira en 2 heilar og 4 hálfar flöskur í einu. Nefndin var samdóma stjórninni um, að það væri engin meining í að neyða menn til að kaupa 5 heilar og 10 hálfar flöskur í einu, og að af því gæti ekkert gott leitt. Svo kemur breytingin við 5. gr., og það er aðalbreytingin, sem meiri hluti nefndarinnar hefir stungið upp á.

Eins og sjá má af nefndarálitinu, gat eg ekki verið samdóma meiri hlutanum að láta orðin: „forstjóri eða annar starfsmaður kaupfélags eða pöntunarfélags“ falla burtu. Eg gat ekki verið samþykkur meiri hlutanum um þetta atriði vegna þess, að eg álít, að það muni geta haft mikil áhrif í framkvæmdinni. Það er að vísu ekki meiningin með frv. stjórnarinnar að banna einstökum mönnum að panta áfengi; en þegar stórt „organiserað“ félag pantar áfengi fyrir fjölda manna og getur það án þess að borga neitt gjald í landssjóð, þá hlýtur það að hafa mikla þýðingu fyrir verzlunina. Það getur ekki borgað sig fyrir kaupmennina að kaupa sérstakt leyfisbréf til áfengissölu, og borga þar að auki 500 kr. árlegt gjald, þegar þeir eiga að keppa við félög, sem ekkert gjald eiga að borga í landssjóð, en mega panta svo mikið sem þau vilja af áfengi. Þess vegna ræð eg til, að frumv. stjórnarinnar sé haldið óbreyttu, að því er þetta atriði snertir.

Í 7. gr. leggur nefndin til, að orðið „hlutaðeigandi“ falli burt á tveim stöðum í greininni; enn fremur að í stað orðanna: „Til þess að fá veitt leyfi og skilyrði sett því viðvíkjandi“ komi: Til þess að leyfið verði veitt og skilyrði sett fyrir því. Enn fremur, að í stað orðanna: „Ekki má veita leyfi þetta nema því fylgi skylda til“ o. s. frv. komi: „Hver sá, sem fær leyfi þetta, skal skyldur til“. Og loks í stað orðanna: „Leyfisveitingin og skilyrðin skulu upp borin til atkvæða í einu

lagi“ komi: „Leyfisveitingin og skilyrðin fyrir henni skulu borin upp til“ o. s. frv. Þetta eru eingöngu orðabreytingar, en nefndinni þótti fara betur á því þannig.

Næsta breytingin í 2. málsgrein sömu greinar er líka orðabreyting, nfl. að í stað orðsins: „hlutaðeigandi“ komi orðið: „leyfishafa“. Sama er að segja um næstu breyt., að í stað orðanna í enda greinarinnar: „er leyfið er veitt með“ komi orðin: „er leyfið er bundið“. Aftan við 9. gr. stingur nefndin upp á að bæta við þessum orðum: „Afsal á rétti til áfengissölu skal lögreglustjóri tilkynna amtmanni“. Í greininni er fyrirskipað, að hver sá, sem rétt hefir til að verzla með eða veita áfenga drykki, geti leyst sig undan gjöldum þeim, sem getur um í 1. og 6. gr., með því að gefa hlutaðeigandi lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það, að hann afsali sér réttinum til að verzla með áfengi. Nefndinni þótti þörf á því að ákveða, að lögreglustjóri skyldi tilkynna amtmanni, hverjir þeir séu, sem afsala sér rétti til áfengissölu, vegna þess, að eftir 3. gr. á amtmaður að gefa út leyfisbréf handa þeim, sem vilja verzla á skipi með áfengi á löggiltum verzlunarstöðum, en þetta leyfi getur amtmaður ekki gefið, svo að það nái til verzlunarstaða, þar sem enginn verzlar með áfengi. Amtmaður þarf því að vita það, hverjir þeir verzlunarstaðir eru, þar sem ekki er verzlað með áfengi.

Þá er loks síðasta breyt.till. við 13. gr., að orðin í enda greinarinnar: „en er svo á stendur, sem segir í 5. gr., þó því að eins, að hann reki verzlun“ falli burt. Þessi breyting stendur í sambandi við breyt. meiri hluta nefndarinnar á 5. gr. Ef hin háttv. þingd. samþykti hana, þá samþykkir hún þar af leiðandi þessa líka.

Annars hefir nefndin ekki stungið upp á neinum breytingum við frv.

Breytingartill. þær, sem hinn háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) hefir komið fram með, get eg fyllilega mælt með; það er hvorttveggja orðabreyt. til bóta, sem nefndin öll getur fallist á.

Hallgrímur Sveinsson: Eftir undirtektum h. framsm. um breytingartill. minar á þingskj. 99 finn eg ekki ástæðu til að orðlengja um þær, enda snúast þær mest um að laga málið.

Eg held, að hinni háttv. nefnd hafi yfirsést það ólag, sem er á orðun 7. gr., eins og hún er í frumv.; þess vegna áleit eg þörf á að breyta henni, og vona eg að h. þingd. samþ. þessar breyt.till. minar.

Viðvíkjandi 12. breyt.till. nefndarinnar um að lögreglustjóri skuli tilkynna amtmanni afsal á rétti til áfengissölu, þá finst mér sú viðbót ekki nauðsynleg. Eg hefi að vísu ekkert á móti því, að hún sé látin standa; hún miðar til þess að gefa amtmönnum betra yfirlit; en nauðsynleg virðist mér hún ekki vera. Sá kaupmaður, sem gerir út skip til kaupferða, lætur það einatt frá sér fara án þess að tiltaka, á hverjar hafnir það skuli koma. Hann veit, að eg hygg, oft ekki, hvert skipið muni fara, en felur umboðsmanni sínum að haga sér í því efni eftir því, sem honum þykir bezt gegna. Ef kaupmaður hér í Reykjavík sendir skip til Vestfjarða til kaupferða með leyfisbréf til áfengissölu, þá getur hann oft eigi tilgreint fyrir amtmanni, hvar nota skuli leyfisbréfið. Hann felur þess vegna umboðsmanni sínum að haga sér í því eftir atvikum. Þess vegna leysir hann leyfisbréf til ferðarinnar, en ekki til nafngreindra staða, en lögreglustjóri á þeim stað, er skipið kemur á, ákveður svo, hvort þar megi nota slíkt leyfisbréf. Ef skipið kemur á stað, þar sem ekki er áfengissala, er ekki leyfilegt að nota bréfið, en sé þar áfengissala, þá hefir hann leyfi til að nota það. Þessi viðbót við 9 gr. miðar reyndar til betri reglu, en mér virðist hún ekki vera nauðsynleg. Að öðru leyti get eg fallist á allar breytingar nefndarinnar, nema eina,

nfl. breyt.till. h. meiri hluta við 5. gr. frv. Eg get alveg tekið undir með hinum h. framsm. (S. J.), að það sé iskyggilegt að leyfa þessum mönnum, nfl. forstjórum eða öðrum starfsmönnum kaupfélaga eða pöntunarfélaga, að hafa um hönd útveganir eða pantanir fyrir menn á áfengi, þannig að þeir séu undanþegnir að greiða árlegt gjald fyrir rétt til áfengissölu. Eg fæ ekki séð, að hægt sé að reisa skorður gegn misbrúkun þeirri, er gæti átt ser stað, ef slíkt ákvæði stæði í lögunum. Eins og h. framsm. hefir tekið fram í nefndarálitinu, virðist mér það liggja í augum uppi. að það komi fram misrétti milli þessara manna og innlendra kaupmanna, er borga árlegt gjald fyrir rétt til áfengissölu, og að það gætu komið inn í landið jafnvel miklar birgðir af áfengi, sem selt væri og afhent, án þess að leggja nokkurt gjald á það, nema tollinn. Það er ekki nema eðlilegt og mannlegt, þótt slíkt ætti sér stað, en það er ótilhlýðilegt. Eg er hræddur um að dæmi kaupfélaganna gæti getið af sér ný félög, sem að mestu leyti eða eingöngu gæfu sig við áfengispöntun; en þá mundi ákvæði frumv. ekki hjálpa neitt til með að halda hemil á þessari sölu, en það er þó tilgangurinn með því. Eg held þess vegna, að stjórnin hafi skilið þetta mál rétt, er hún setti þetta ákvæði inn í frv., til þess að fyrirbyggja misrétti milli manna og ná aðaltilgangi frv.: takmörkun og tálmun á útbreiðslu áfengis meðal þjóðarinnar. Eg vil þess vegna ráða hinni háttv. þingd. til þess að samþykkja ekki breyt.atkvæði meiri hluta nefndarinnar við 5. gr.

Jón Jakobsson: Eg skal leyfa mér að gera fáar athugasemdir.

Eg skal byrja með að taka það fram, að mér er sönn ánægja að sjá, hversu stjórnin hefir tekið undir þetta mál, sem var fyrir þinginu 1897 og beint því í heillavænlegt horf. Eg var líka í nefnd þeirri, sem skipuð var í þetta mál á síðasta þingi og klauf hana þá, af því að það var bersýnilegt ranglæti, sem þá var farið fram á af meiri hluta nefndarinnar, að veita hinum gömlu verzlunum einkarétt til áfengissölu, og í öðru lagi þóttist eg sjá fyrir þann undirróður og æsingar, er vanalega fylgir allri samþyktalöggjöf. Eg benti þá á veg, sem mér þótti tiltækilegur og vænlegur til árangurs og sem stjórnin nú hefir aðhylst; eg hefi þess vegna tvöfalda ástæðu til að aðhyllast þetta frv. En eins og eg ekki gat bundið mig við skoðun meiri hluta nefndarinnar og þingdeildarmanna 1897 í þessu máli, eins get eg heldur ekki aðhylst alt í frumv. stjórnarinnar nú í þessu máli, þótt eg sé með því í öllum aðalatriðum.

Það eru aðallega 5. gr. og 16. gr., sem eg hefi athugasemdir við að gera. Að eg ekki hefi komið fram með brtill. við 16. gr. kemur til af því, að mér er of vel við þetta frv. í meginatriðum þess, til þess að eg vilji gera of margar breyt.till.. er kynnu að tefja framgang þess.

Áður en eg fer út í athugasemdirnar við breyt.till. okkar meiri hluta nefndarinnar við 5. gr. frv., skal eg leyfa mér að taka það fram gagnvart væntanlegum blaðarógi, að mér er sú brtill., sem h. 1. kgk. þm. (J. H.) og eg komum fram með, alls ekkert kappsmál, þótt hún snerti kaupfélög landsins, því að eg veit ekki betur en að mörg kaupfélög hafi gert sér það að reglu, að verzla alls ekki með áfengi. Í kaupfélagi Skagfirðinga bönnuðum við, sem lög þess sömdum, alla áfengispöntun; sama er að segja um kaupfélag Húnavatnssýslu og að eg held Þingeyjarsýslu líka, að þar er ekki leyft að verzla með áfengi. En þótt nú svo væri, að einhver kaupfélög pöntuðu áfengi, þá mundu þau samt varla gera slíkt í stórum stíl, að öðrum kosti mundu þau fljótt fá á því að kenna, að slíkt tiltæki yrði banamein þeirra. Það liggur í þeirra

fyrirkomulagi, að þau geta ekki til frambúðar verið fyrir óráðdeildarmenn. Ef menn t. d. gengju inn í pöntunarfélögin að eins til þess að geta fengið áfengi, þá mundi félaginu fljótt lærast að frábiðja sér slika menn.

Hinn hæstv. landsh. gat þess við 1. umr. þessa máls, að það leiddi til ósamkvæmni, ef strykað væri út ákvæðið í 5. gr. um kaupfélögin og pöntunarfélögin. Eg get ekki verið hinum hæstv. landsh. samdóma um það.

Fyrirsögn frv. er „um verzlun og veitingar“ áfengra drykkja. Hvorugt á við pöntunarfélögin. Ef eg skil rétt orðið kaupfélag, þá veit eg ekki betur en að það sé sama sem „organiserað“ samsafn af einstaklingum, sem slá sér saman til þess að fá vöruna ódýrari en þeir annars gætu fengið. Þar er því hvorki að ræða um verzlun né veitingar. Ósamkvæmnin, að því er þetta atriði snertir, liggur því hjá stjórninni, en ekki hjá okkur meiri hluta nefndarinnar.

Eg skal í þessu sambandi taka það fram, að auk þess sem sá vegur, sem hér er farinn, er óviðfeldinn, þá er hann líka varhugaverður að því leyti sem hann seinna meir mun geta valdið réttaróvissu og vafningum. Hér sitja 2 lögfræðingar í hinni háttv. þingd. Eg vildi gjarnan biðja þá að skýra fyrir mér, hvað pöntunarfélag er, því mér virðist orðið „pöntunarfélag vera lagalega óákveðið orð. Eg ímynda mér, að það sé ef til vill sama sem „Forbrugsforening“ á dönsku, en eg hefi þó enga skýlausa heimild til að skilja það svo. Mér heyrðist á ræðu hins háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.), að hann kallaði pöntunarfélag, ef fleiri menn pöntuðu einhverja vöru og einn gengist fyrir; en þá fer nú sjálfræðið að verða lítið, ef menn ekki mega gera slíkt, og vart mundi slíkur skilningur á lögunum verða vinsæll. Er það pöntunarfélag, ef eg slæ mér saman við 2 eða 3 aðra menn til þess að panta einhverja vöru til þess að fá hana ódýrari, einhversstaðar annarsstaðar en á þeim stað, sem við erum. Þetta getur orðið ágreiningsatriði milli lögfræðinga.

Hjá hinum háttv. þm. Barðstr. (Sig. J.) kom fram svo einkennileg skoðun á þessu atriði, að það sýnir, að hann skilur alls ekki, hvað hér er um að ræða. En ef hann á við þau kaupfélög, sem nú eru til, þá skilur hann ekki, hvern tilgang þau hafa. Hann segir að það sé misrétti gagnvart innlendum kaupmönnum að láta forstjóra kaupfélaga eða pöntunarfélaga vera undanþegna árlegu gjaldi fyrir áfengissölu. Hvernig getur hér verið um misrétti að ræða? Hér er um 2 gersamlega ósamkynja stærðir að ræða. Annað er verzlun, en hitt er eign félagsmanna, sem borga ákveðna upphæð t. d. $^1/_2$% af umsetningunni, formanni sínum eða verkamönnum, til þess að fá verkið framkvæmt. Hér er því allur ágóði í eigin vasa útilokaður. Og hvernig er hægt í alvöru að tala um árlegt gjald fyrir áfengissölu af þeim mönnum, sem enga áfengissölu hafa?

Eg skil ekki, hvernig háttv. framsm. (S. J.) getur komið til hugar, að láta annað eins og þetta sjást eftir sig á prenti. Misræmi í rétti getur ekki komið fram nema milli tveggja stærða, sem eitthvað hafa sameiginlegt.

Eg vona að háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) gefi skýringu á, hvað pöntunarfélag sé. Háttv. framsm. gat þess, að það væri ekki meiningin með frv. að banna mönnum alveg að panta áfengi. En þar finst mér hann komast í mótsögn við háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.). En eg er ekki lögfróður maður, og get því ekki skýrt þetta atriði; en mér skilst það vera pöntunarfélag, ef fleira menn biðja einn um að panta fyrir sig vöru til þess, að fá hana ódýrari. Eg skal fara einu skrefi lengra; það mætti, ef til vill, líka kallast pöntunarfélag ef 2 eða 3 menn panta einhverja

vöru og fá 4. mann til að umgangast það. En þrátt fyrir þetta, þá er þó enn ótalin þyngsta mótbáran á móti ákvæði 5. gr. frv., það er tolleftirlitið. Það má sem sé ganga út frá því sem gefnu, að ef ákvæði 5. gr. verður látið standa, þá muni áfengispantanir einstaklinga verða svo margar og svo miklar, að tolleftirlit verður óframkvæmanlegt. Það verður vel að gá að því, að það eru ekki lögreglustjórar alstaðar á löggiltum höfnum hér á landi.

Í Nd. hefir nýlega verið skýrt frá að sumstaðar séu einstaklingar þegar farnir að panta áfengi í smáskömtum og fyrir það ilt viðfangs fyrir tollgæzluna, en hvað mun þá seinna verða, þegar þetta frumv. með ákvæði 5. gr. er orðið að lögum? Eg er fyrir mitt leyti ekki í nokkrum efa um, að sá agnúi muni fljótt koma í ljós — ef til vill þegar á næsta þingi árið 1901 — við ákvæði þetta, að það leiði til stórkostlegra tollsvika og að því leyti væri betra að áfengispantanir kæmust á sem fæstar hendur.

Þorkell Bjarnason: Þegar eg sá þetta frv. stjórnarinnar, varð eg glaður sem bindindismaður með því að það er áform, ósk og vilji bindindismanna að vínnautnin minki og hin skaðlegu áhrif, sem af henni leiða, og til þess sýnist mér frv. miða.

En þegar eg sá br.till. meiri hluta nefndarinnar við 5. gr., þá fór ánægja mín að minka.

Eg álít sem sé þessa breyt.till. meiri hlutans svo lagaða, að ef hún yrði samþykt, þá mundu lögin verða næsta þýðingarlítil.

Það mun sannast, að ekki munu ýkja margir kaupmenn kaupa leyfi til áfengissölu hér eftir, sízt út um land. Þeir kaupmenn, sem ekki verzluðu með áfengi og sem sæju, að áfengissalan væri í höndum fárra manna, og sem því mundu græða ekki svo lítið á henni mundu sjá ofsjónum yfir gróða þeirra. Margir vínneytendur mundu líka verða óánægðir yfir því, að vínið stígi í verði, einsog hlýtur að verða ef frv. verður að lögum. Hvað er svo líklegra, en að kaupmenn og óánægðir vínneytendur mundu slá sér saman, kaupmenn til að panta vín fyrir þá sem vildu, og þeir, sem vildu eignast vínið, til að fá það sem ódýrast. Þetta hygg eg mundi leiða af breytingu meiri hluta nefndarinnar við 5. gr. og þá færi svo, að harla fáir kaupmenn mundu kaupa vínsöluleyfi, en vínpöntunarfelög mundu víða spretta upp. Það sem háttv. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) tók fram, að ekki væri leyfilegt að panta áfengi í sumum kaupfélögum, þá þekkir hann það sjálfsagt betur en eg; en eg veit þó til þess, að Stokkseyrarkaupfélagið hefir pantað mikið af víni, og eg hefi heyrt, að áfengisnautn hafi stórum farið vaxandi þar síðan kaupfélagið þar var stofnað. Eg get hugsað mér, að ef br.till. meiri hluta nefndarinnar við 5. gr. verður samþykt, mundi afleiðingin af því verða sú, að meira yrði keypt og brúkað af áfengi en nú.

Háttv. sami þm. (J. Jak.) tók fram, að ákvæði 5 gr. væri skaðlegt fyrir tolleftirlitið, þar sem kaupstaðir eru orðnir svo margir. Eg skal ekki leyfa mér að spá neinu um það. En lögreglustjórar eru vanir að hafa mann á þeim kaupstöðum, sem þeir geta ekki sjálfir haft tollgæzluna á hendi til að taka á móti tollinum og líta eftir tollsvikum, og eg ímynda mér að það verði alveg eins eftir að þetta frv. með ákvæði 5. gr. verður að lögum. Eg skil ekki að kaupfélagsstjórar verði líklegri til að svíkja toll en kaupmenn. Eg mun því greiða atkvæði á móti breyt.till. meiri hlutans við 5 gr., og ef hún verður samþ., þá er eg á móti því að frv. þetta verði að lögum. Því eg álít það þá gagnslítið.

Þorleifur Jónsson: Það er um 5. gr., sem eg vildi leyfa mér að gera nokkrar aths.

Eg get ekki betur séð, en að 5. gr., eins og hún er orðuð í frv., sé mjög svo þýðingarlítil. Þar stendur, að „hver sá verzlunarmaður, forstjóri eða annar starfs-

maður kaupfélags, sem ekki hefir leyfi til að verzla með áfenga drykki, en pantar þá handa öðrum eða annast um sendingu á þeim til annara frá kaupmönnum á Íslandi, gerir sig sekan í ólöglegri verzlun; hann verður að sæta sektum eftir frv., en allir aðrir mega panta áfengi og annast um sendingu á því. Nú vitum við, að það eru 10—20 kaupfélagstjórar hér á landi en verzlunarmenn fleiri; en þeir eru þó minsti hluti allra landsmanna. En úr því að allir aðrir mega panta áfengi og annast um sendingu á því, þá finst mér ákvæði 5. gr. næsta þýðingarlítið, úr því það ekki nær til annara en verzlunarmanna og kaupfélaga eða pöntunarstjóra.

Hugsum okkur að maður, sem hvorki er verzlunarmaður né kaupfélagsstjóri auglýsi og segi: Eg panta áfengi fyrir hvern sem er og annast um sendingu á því. Pantanirnar streyma til hans og vinföngin koma, hann afhendir þau til þeirra, er pantað hafa, eða sendir þau á hvaða höfn sem er í landinu. Þetta er leyfilegt eftir frv., því að þessar pantanir geta ekki skoðast sem neinn pöntunarfélagsskapur, því að félag er það ekki, nema það sé lögum bundið. Við skulum taka annað dæmi. Maður fyrir norðan biður mann hér syðra, að kaupa fyrir sig áfengi og annast um sendingu á því. Sé hann nú svo óheppinn að hitta á verzlunarmann, sem kaupir áfengið og annast um sendingu á því, þá er þessi verzlunarmaður fallinn undir sekt eftir ákvæðum 5. gr. frv. En sé sá, sem kaupir og sendir áfengið, eitthvað annað en verzlunarm., t. d. iðnaðarmaður, þá fellur hann ekki undir sekt. Eg held því, að hver maður hljóti að játa, að 5. gr., eins og hún er orðuð í frv., sé meinlaus og gagnslaus. Þeir, sem vilja panta áfengi á annað borð, geta fengið nóga menn til að panta það fyrir sig; þess vegna fyrirbyggir ákvæði 5. gr. frv. ekki áfengispantanir í stórum stil. Greinin er bygð á misskilningi, eins og hún er orðuð í frv. stjórnarinnar. Eg get tekið undir með h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) um, að ummæli h. þm. Barðstr. (S. J.) í nefndarálitinu eru bygð á algerðum misskilningi um kaupfélögin, eins og þau eru nú.

Júlíus Havsteen: Eg get tekið undir með h. 6. kgk. þm. (Þ. B.), að eg gladdist, þegar eg sá þetta frumv. stjórnarinnar, og þó er eg ekki bindindismaður, heldur að eins hófsemdarmaður. Ef breyt.till. okkar meiri hlutans í nefndinni við 5. gr. gæti orðið til þess að eyðileggja frv., þá vil eg fyrir mitt leyti taka hana aptur.

Jón Jakobsson: Eg gleymdi einu atriði áðan, nefnilega að gera athugasemdir viðvíkjandi ákvæði 16. gr. Að eg ekki hefi gert það að ágreiningsefni í nefndinni, kom af því, að eg vissi að það stóð í lögunum 1888, og að það ekki hefir orðið að meini frá 1888—1899; en það getur orðið að meini og því tel eg mér skylt að benda á það.

Ákvæðið hljóðar svo: Nú veitir sá, er rétt hefir til veitinga áfengra drykkja, drykki þessa unglingi innan 16 ára aldurs eða manni, sem sölumaður veit gjörla o. s. frv. Við síðara atriði greinarinnar, er snertir þá, sem sviftir hafa verið fjárforráðum vegna drykkjuskapar, er tekið fram, að viti veitingamaðurinn ekki af því, þá sé hann ekki brotlegur, þótt hann veiti þeim, en honum er aftur á móti gert að skyldu að vita, hvort unglingur er 15 eða 16 ára; en það er næsta erfitt fyrir hann að vita. Það er auðsætt, að ef ungling langar til að drekka, þá segir hann sig 16 ára, þótt hann ekki sé nema 15 ára. Veitingamanni er því með öllu ómögulegt að vita aldur unglingsins, nema hann gangi með skírnarvottorð sitt í vasanum. Mér finst óviðkunnanlegt að láta standa í lögunum, að þetta brot skuli varða 25—100 kr. sektum í fyrsta sinn, 50—200 kr. í annað sinn, og missi veitingaleyfisins í þriðja sinn, því það er hægt að hugsa sér það tilfelli, að einhver unglingur væri tví-

vegis sendur á veitingamann að eins til að gera honum brellur. Þá er vel hugsandi, að afleiðingin yrði sú, að veitingamaður lægi tvisvar undir sektum og misti veitingaleyfið í þriðja sinn. *(Hallgr. Sveinsson:* Þá fer hann varlega). Hvernig þá varlega? Það er ekki gott að sjá nákvæmt af útliti manna, hversu gamlir þeir eru, sízt á þeim aldri. Það má ef til vill segja það upp á 5 ár, en ekki upp á 1 ár. Þessar athugasemdir hefi eg gjört af því, að eg álít ákvæði 16. gr. ekki mannúðlegt.

Eg skal leyfa mér að taka það fram gagnvart því, sem h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) sagði um kaupfélag Stokkseyrar, að það er að líkindum einhver lygasaga; eg hefi að minsta kosti aldrei heyrt þessa sögu; hins hefi eg heyrt getið af mönnum, sem eg hefi átt tal við um þetta mál, að drykkjuskapur hafi farið í vöxt í grend við Stokkseyri fyrst eftir að kaupmaður var seztur þar að og farinn að verzla með áfengi.

Eg vil biðja h. 6. kgk. þm. að tala við 2. þm. Rangv. (Þ. G.), sem er formaður kaupfélags Stokkseyrar og spyrja hann, hvort þessi saga sé ekki ósönn; það er réttara en að hlaupa með sögur, sem gengið hafa manna á milli og oft reynast tómur hugarburður.

Eg stend við það, sem eg sagði áðan, að það er gefin sök, að því fleiri sem panta áfengi, því erfiðara verður að krefja inn.

Jónas Jónassen: Eg skil ekki, hvers vegna h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) er svo mikið á móti 16. gr. Mér finst hún vera ágæt. Veitingamaður verður að vera varasamur, verður að gæta vel að því að brenna sig ekki á því að veita unglingum. Eg skil ekki annað, en að hann mundi segja við slíkan ungling, sem hann væri í vafa um: „Þú mátt ekki fá neitt áfengi, eg held að þú sért of ungur". Þetta er einmitt bezta aðhaldið fyrir veitingamanninn að flana ekki út í að veita börnum. Ef eg væri veitingamaður, dytti mér ekki í hug að veita unglingi áfengi, nema því að eins að eg vissi fyrir víst, að hann væri nægilega gamall.

Að því er 5. gr. frv. snertir, þá álít eg alveg ófært breyt.atkv. það, sem meiri hluti nefndarinnar hefur komið fram með. Ef kaupfélögin ekki panta áfengi, þá skil eg ekki, hvers vegna er verið að leggja svo mikla áherzlu á ákvæði 5. gr. frumv. Eg álít því bezt, að láta hana standa óbreytta. Hún skaðar ekki þau kaupfélög, sem nú eru í landinu og ekki panta áfengi. En það geta máske risið upp félög seinna, sem vilja panta áfengi, og þá fá þau það ekki eftir 5. gr. frv. Þótt eg sé ekki bindindismaður, heldur að eins hófsemdarmaður, þá held eg að þetta frv. sé eitt hið bezta frv., sem komið hefir fyrir alþingi Íslendinga.

Sigurður Jensson: H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) mintist á breyt.till. nefndarinnar við 9. gr., nefnilega að lögreglustjóri skuli tilkynna amtmanni afsal á rétti til áfengissölu. Eg skal játa, að þessi viðbót hafi máske ekki mikla þýðingu; en við hugsuðum, að það gæti komið fyrir, að kaupmaður vildi senda kaupskip til einhvers ákveðins staðar og keypti leyfisbrjef til áfengissölu þar, en amtmanni ekki kunnugt, hvort þar væri verzlað með áfengi. Við álítum því ekki nóg, að lögreglustjóri, heldur líka amtmaður vissi það, svo að hann ekki að nauðsynjalausu gæfi út leyfisbréfið.

H. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) var mjög harðorður við mig út af orðum mínum í nefndarál. um misrétti milli kaupmanna og forstöðumanna kaupfélaga eða pöntunarfélaga. Hann sagðist vera hissa á, að eg, sem hefði verið svo lengi í sveit, skyldi ekki vita, hvað er pöntunarfélag og kaupfélag. En það sýnist svo, sem þeir séu fleiri hér í h. deild, sem ekki geta gert skýra grein fyrir því, hvað pöntun-

arfélag sé, og mér heyrðist ekki betur en að h. þm. sjálfur lýsti því yfir, að hann vissi ekki, hvað pöntunarfélag væri. Það var aðallega orðið „misrétti“, sem hann var svo harðorður um, og að eg vildi láta kaupfélög og verzlanir, sem ekkert ættu skylt saman, vera sömu lögum háð.

Eg álít það misrétti, ef t. d. pöntunarfélag pantar og fær 100 tunnur af brennivíni á einhvern verzlunarstað, þar sem kaupmaður borgar árlegt 500 kr. gjald fyrir áfengissölu, en kaupfélagið eða pöntunarfélagið getur útdeilt áfenginu án þess að gjalda nokkuð fyrir.

H. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) sagði líka, að þegar þessi lög hefðu staðið nokkurn tima, þá mundu koma fyrir stórkostleg tollsvik, eða að tolleftirlitið mundi verða ómögulegt, vegna þess að einstakir menn, sem pöntuðu áfengi, mundu ekki ávalt segja til þess. Eg er honum samdóma um, að þetta getur vel hugsast að komi fyrir, og eg er honum líka samdóma um, að það er ekki eins hætt við, að kaupfélögin og pöntunarfélögin mundu flytja inn áfengi, án þess að borga tollinn, ef þau fengju leyfi til þess að panta áfengi. En af hverju væri síður hætt við tollsvikum frá þeirra hendi? Af því þau mundu panta og flytja inn áfengi í stórum mæli, þar sem þau gætu útvegað mönnum það ódýrara en aðrir, en það er einmitt það, sem eg vil koma í veg fyrir.

H. 1. þm. Húnv. (Þ. J.) réðst líka á 5. gr. frumv. og vildi sýna fram á, að greinin væri þýðingarlaus, af því að hún næði að eins til minsta hluta landsmanna, nefnilega verzlunarmanna og forstöðumanna kaupfélaga og pöntunarfélaga. En greinin er engan veginn þýðingarlaus þar fyrir; hún nær að eins til þessara manna, af því að þeir í þessu tilliti hafa meiri þýðingu en allur þorri manna, þar sem það eru þeir, sem fremur öllum öðrum fást við að panta og selja áfengi; því tala lögin einkum um þá, en ekki um þá menn, sem enga ástæðu hafa til að eiga við pantanir og verzlun. Hann tók sem dæmi, að maður á Norðurlandi pantaði áfengi hjá manni á Suðurlandi, og þótti honum undarlegt, að ef sá maður, sem pantað er hjá, er verzlunarmaður, þá yrði hann sektaður, en ekki ef hann væri iðnaðarmaður eða eitthvað annað; en mér finst það ekkert undarlegt. Hér er átt við verzlunarmann, sem ekki hefir viljað kaupa sér rétt til áfengisverzlunar. Hann má þá ekki heldur fást við að útvega mönnum áfengi hjá öðrum, hvorki hér á landi né erlendis, því að þá gæti hann farið kringum lögin og kallað það pöntun og útvegun, sem í rauninni væri ekki annað en verzlun.

En aftur á móti er ólíklegt, að aðrir menn, t. d. iðnaðarmenn, gjöri mikið að slíkum pöntunum; enda lítil líkindi til, að menn færu að snúa sér til þeirra, í stað þess að fara beina leið til þeirra kaupmanna, sem hafa leyfi til að verzla með áfengi.

Þorleifur Jónsson: Eg verð samt að halda, að það geti risið upp menn, sem gangist fyrir slíkum áfengispöntunum. Það getur hver, sem er, auglýst, að hann panti áfengi fyrir aðra; getur pantað það, afhent og sent það, hvert sem vera vill, án þess að gjalda nokkra sekt, svo framarlega sem hann ekki er verzlunarmaður eða forstjóri eða starfsmaður kaupfélags eða verzlunarfélags. Þegar þessu nú er þannig varið, þá finst mér 5. gr. frumv. vera næsta þýðingarlítil.

H. þm. Barðstr. (S. J.) tók sem dæmi upp á misrétti milli kaupmanna og kaupfélaga, ef pöntunarfélag fengi 100 tunnur af brennivíni á verzlunarstað, þar sem kaupmaður borgar árlegt gjald fyrir áfengissölu. En það er ekki meira misrétti en milli kaupmannsins og annars manns, sem má panta vínföngin eftir frv. Þótt 5. gr. frv. standi óbreytt, þá getur slíkt misrétti komið fram, úr því að allir

aðrir en verzlunarmenn og forstöðumenn eða starfsmenn kaupfélaga mega panta svo mikið af vínföngum, sem vera vill.

Landshöfðingi: Eins og eg tók fram við 1. umr. þessa máls, þá er eg mótfallinn breyt.till. meiri hluta nefndarinnar við 5. gr. frumv. Eg álít, að það væri að valda ruglingi á lögunum, ef ákvæði 5. gr. um forstöðumenn kaupfélaga og pöntunarfélaga væri felt burt. Eg er alveg samdóma h. þm. Barðst. (S. J.) um það, að það sé misrétti, ef t. d. faktorar ekki hafa leyfi til að panta áfengi, en aftur á móti forstjórar eða aðrir starfsmenn kaupfélags eða pöntunarfélags. Í mörgum pöntunarfélögum er söludeild. Það er erfitt fyrir lögreglustjóra, ef það er pöntunarstjóri, sem pantar áfengið, að gá að því, að það fari ekki í söludeildina, heldur í pöntunardeildina. Eg sé ekki, hvers vegna pöntunarfélagsmenn ættu að fá brennivínspottinn með ódýrara verði en þeir, sem verzla við kaupmenn. Mér finst það vera sama sem að veita premíu fyrir að vera meðlimur pöntunarfélaga. Þar sem h. 1. þm. Húnv. (Þ. J.) tók fram, að það mundu geta risið upp menn, sem gerðu sér það að atvinnu að panta áfengi fyrir aðra, án þess að vera sektaðir fyrir, þá skil eg ekki að svo geti verið. Því að undir eins og það er orðið kunnugt, að einhver pantar áfengi í stórum stýl fyrir marga aðra og annast um útsendingu á því fyrir þá, þá hefur þar með myndast félag, sem þessi maður er forstjóri fyrir. Eg þekki ekki, að pöntunarfélög þurfi að vera bundin við lög. Ef eg tekst á hendur að panta vín fyrir hvern sem vera vill og annast um sendingu á því, þá er eg þar með orðinn pöntunarstjóri í pöntunarfélagi og allir þeir, sem eg panta fyrir, meðlimir í hinu sama félagi.

Eg álít frumv. missa mikið af tilgangi sínum, ef breyt.till. meiri hlutans við 5. gr. yrði samþykt. Þess vegna er eg henni mótfallinn. Eg vil ekki að hún spilli fyrir frv. í Nd. En ef frv. kemur þangað óbreytt, að því er ákvæði 5. gr. snertir, eins og það kom frá stjórninni, þá hefi eg beztu vonir um, að það muni fá þar góðar viðtökur.

Jón Jónsson: Eg held tilgangur þessara laga sé ekki sá, að hnekkja atvinnu nokkurs manns, heldur hitt að girða fyrir hóflausan innflutning áfengis, er allir verða að viðurkenna að getur verið skaðlegt og óhóflega brúkað. Að því er 5 gr. snertir, verð eg því að hallast að tillögu minni hlutans að halda ákv. stj.frv., því eg álít að frv. muni ekki ná tilgangi sínum, ef kaupfélögum eru heimilaðar vínpantanir og það mundi verða til þess að veita brennivínsstraumnum inn í landið og út yfir sveitirnar gegnum pöntunarfélögin. Eg veit, að það er satt, sem háttv. þm. Skagf. (J. Jak.) sagði, að hjá sumum kaupfélögum eru gildandi þær reglur, að félagsmenn mega ekki panta vínföng í félaginu, en það mun þó ekki vera allstaðar. En aftur á móti mun það ofsagt, að félögin yrðu dauð, ef þau leyfðu vínpantanir. Eg hygg þvert á móti, að það mundi margur óráðsseggur vilja ganga inn í félögin, ef þar yrði aðgangur að ódýru brennivíni og það því fremur, sem brennivín hlýtur vegna hins háa gjalds í lögum þessum að verða dýrt hjá kaupmönnum, en yrði, ef kaupfélögin hefði aðgang að því að panta það, langtum ódýrara hjá þeim. Það hlyti því að verða freisting fyrir félögin að panta brennivín, ef br.till. meiri hlutans við 5. gr. næði fram að ganga. Mér virðist því hin mesta ástæða til að halda í þessu tilliti ákvæðum frv. Það hafa verið skiftar skoðanir um það nú í umræðunum, hve langt ákvæði þessarar 5. gr. ná. Eg vildi því leyfa mér að víkja spurningu um það til hæstv. landsh., að hve miklu leyti vínpantanir í félagsskap eru bannaðar í frv. þessu. Eg vildi einnig heyra yfirlýsing hæstv. landsh. á

ákvæðum 11 gr. í frv. þessu, sem er samhljóða ákvæðum laganna frá 10. febr. 1888, þar sem bannað er kaupmanni að veita vín ókeypis í verzlunarhúsum sínum. Það er sem sé eigi ótítt, að kaupmaður býr sjálfur í sama húsi, sem hann verzlar í, og hafa því ýmsir haldið því fram, að hægt væri að sekta slíkan kaupmann, ef hann veitti góðkunningja sínum glas af víni inni í húsi sínu. Spurningu um þetta mál vildi eg einnig hreyfa.

Í 1. gr. frv. þessa kemur fyrir orðið: „Staðjastað öl". Eg hygg að margur muni vera sá, sem ekki skilur orð þetta, og væri því heppilegra að velja annað orð.

Landshöfðingi: Út af ræðu háttv. þm. N-Múl. (J. J.) skal eg taka fram, að eftir mínum skilningi girða ákvæði 5. gr. ekki fyrir það, að einstakir menn slái sér saman um að panta fyrir sjálfa sig eitthvað af víni. Eg tek til dæmis, ef einhverjir kunningjar mínir bæðu mig um að lofa sér að vera hluttakandi í einni tunnu af rauðvíni frá Bordeaux, af því að svo kann að hittast á, að eg þekti vínsölumann þar. Eg álít ekki, að neitt gæti verið því til fyrirstöðu. Það er ómögulegt að kalla slíkt pöntunarfélag, úr því 5. gr. bannar ekki einstökum mönnum að panta vín fyrir sjálfa sig, þá er slíkt er ekki gert að atvinnu, þá getur það heldur ekki heyrt undir ákvæði hennar, þótt fáeinir menn slái sér saman um að panta eitthvað tiltekið af víni og skifti því svo á milli sín og kostnaðinum við það. Slíkt er ekki hægt að kalla neitt pöntunarfélag. Það er þá fyrst, þegar einhver gefur sig út fyrir að panta fyrir hvern sem hafa vill eða hefir atvinnu af því, að það getur heimfærst undir pöntunarfélagskap og fellur þá undir ákvæði 5. gr.

Í 11. gr. er meiningin að eins sú, að víngjafir í húsum, sem bæði eru notuð til verzlunar og íbúðar, skuli vera bannaðar í þeim hluta hússins, þar sem verzlunin er rekin. Það getur því ekki komið til mála, að kaupmanni sé bannað að gefa kunningja sínum glas af víni í þeim herbergjum í húsinu, þar sem hann býr sjálfur, eða ekki eru notuð við verzlunina sjálfa. Þau ummæli 11. gr. hygg eg að ekki geti valdið misskilningi.

Guttormur Vigfússon: Þá er frv. um rétt kaupmanna til að verzla með áfengi var fyrir þessari háttv. þd. á síðasta þingi, var eg svo óheppinn að geta ekki gefið því fylgi mitt; ekki af því að eg væri ekki því fyllilega samþykkur, að ráð væru fundin til þess að stöðva brennivínsstraumin inn í landið og út um það, heldur vegna þess að eg áleit frv. það, sem þá lá fyrir, alsendis óbrúkanlegt og ófullnægjandi, þar sem það að eins takmarkaði vínsölu þeirra manna, sem byrja vildu verzlun með áfengi, eftir að lögin komu í gildi, en átti engin áhrif að hafa á alla þá vínsölumenn, sem nú eru, heldur þvert á móti stefndu í þá átt að hlynna að einstökum vínsölukaupmönnum um langan ókominn tíma. En frv. það, sem liggur nú hér fyrir, fer einmitt í sömu átt og eg benti á í hitt eð fyrra, og mun eg því gefa því með ánægju atkv. mitt. Þá er eg las 5. gr. frv. þótti mér hún nokkuð skrítin, þar sem efni hennar og innihald hljóðar um alt annað en það, sem ætlast er til, samkvæmt fyrirsögn frumvarpsins, að í lögunum standi. Frumv. er nfl. um veiting og sölu áfengra drykkja, en það vita allir, að pöntun er hvorugt þetta. — Þetta segi eg alls eigi af því, að eg sé mótfallinn þeirri hugmynd, að leiðin til vínpöntunar skuli ekki vera auðveldari fyrir kaupfélögin en aðra kaupmenn, heldur vegna hins, að verksvið laganna er samkv. þessari 5. gr. víðtækari heldur en fyrirsögn frv. Mér virðist því að réttast hefði verið að bæta inn í fyrirsögnina orðinu pöntun, en jafnframt hafa ákvæði 5. gr. nákæmari og vafningaminni, með því að fella úr orð-

in, „aðrir starfsmenn.“ — Mér virðist ákvæði 5. gr. beri að skilja svo, að hver sem vill geti skrifað manni erlendis og beðið hann að senda sér vín, og er hann frjáls að því, þótt hann sé verzlunarmaður eða forstjóri í kaupfélagi eða t. a. m. deildarstjóri í því, ef hann hefir það ekki til sölu handa öðrum. En aftur á móti er það auðvitað sjálfsagt, að þau kaupfélög, sem vilja hafa vín í söludeild sinni, hljóta að leysa hið lögskipaða leyfisbréf. En jafnframt geta þau líka pantað svo mikið vín, sem þau vilja, til útbýtingar meðal félagsmanna. Eg hygg því, eins og háttv. þm. Húnv. (Þ. J.) að þessi grein sé mildast talað meinlaus og gagnslaus.

ATKV.GR.: 1. gr. sþ. í e hl.; 1. br. við 2. gr. sþ. í e. hl.; 2. br. við 2. gr. sþ. í e. hl.; 2. gr. sþ. í e. hl.; 3. br. við 3. gr. sþ. án atkv.; 3. gr. sþ. í e. hl.; 4. gr. sþ. í e. hl.; 4. br. við 5. gr. feld. með 7 : 3. 5. gr. sþ. með 9. atkv.; 6. gr. sþ. í e. hl.; 5. br. við 7. gr. sþ. án atkv. 6. br. við 7. gr. sþ. í e. hl.; 1. br. (99) 7. gr. sþ. í e. hl.; 2. br. (99) 7. gr. sþ. í e. hl.; 7. br. 7. gr. sþ. í e. hl.; 8. br. 7. gr. sþ. í e. hl.; 9. br. 7. gr. sþ. án atkv.; 10. br. 7. gr. sþ. í e. hl.; 7. gr. sþ. í e. hl.; 8. gr. sþ. í e. hl.; 11. br. við 9. gr. sþ. án atkv.; 12. br. við 9. gr. sþ. í e. hl.; 9. gr. sþ. í e. hl.; 10. gr. sþ. í e. hl.; 11. gr. sþ. í e. hl.; 12. gr. sþ. í e. hl.; 13. br. við 13. gr. tekin aftur. 13. br. við 22. gr. sþ. í e. hl; Fyrirsögn frv. sþ. í e. hl.; Vísað til 3. umr. í e. hl.

Þriðja umr. (C. 110); 19. júlí.

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Það eru engar br.till. fram komnar við frv. þetta, eins og það nú var sþ. við 2. umr. og hefi eg því ekkert við málið að athuga. Eg leyfi mér að eins að leggja til að h. þd. samþ. það og sendi það svo til háttv. Nd.

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hl. og afgr. til Nd.

Ein umræða (C. 389, 426); 16. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Jensson): H. Nd. hefir gert margar breytingar á þessu frumv. og, eins og menn sjá af nefndarálitinu, hefir nefndin hér viljað ganga inn á þær allar, nema eina. Þessum breytingum, sem h. Nd. hefir gert, er samt sumum svo varið, að nefndin hér er ekki sem ánægðust með þær, en aftur eru sumar meinlausar og einstaka er til bóta.

Fyrsta breytingin er við 2. gr., þar sem bætt er inn í „verzlunarfélög að undanskildum kaupfélögum og pöntunarfélögum“. Sú viðbót er til skýringar, og stendur í sambandi við það, að h. Nd. hefir hér síðar í sömu grein bætt inn ákvæði um, að hlutafélög og samlög og aðrar stofnanir, er eigi verða eigendaskifti að, halda réttinum til áfengissölu ekki lengur en um næstu 15 ár; tímatakmarkið 15 ár álítur nefndin heppilegt. Þetta ákvæði er sett til þess, að félög þau, sem hér um er að ræða, geti ekki haldið þessum rétti í það óendanlega, þar sem aðrar verzlanir missa hann við eigendaskifti. Orðin „og aðrar stofnanir“ sýnast vera óþörf, þegar búið er að tiltaka bæði hlutafélög og samlög, en nefndin hefir þó ekki viljað gera breyttill. um það. Þá hefir 2. málsgrein 2. gr. verið breytt þannig, að leyfi sýslunefndar skuli þurfa til þess, að leyfisbréf til áfengisverzlunar fáist, auk leyfis hreppsnefndar, sem í frumv. stóð upphaflega.

Í 5. gr., þar sem talað er um þá, er gerast sekir í ólöglegri vínverzlun, stóð upphaflega, að hver sá verzlunarmaður, forstjóri eða annar starfsmaður kaupfélaga, er pantar vín eða annast um sendingar á því, og ekki hefir verzlunarleyfi, geri sig sekan í lagabroti, en eftir frumv. h. Nd. nær þetta til allra manna, jafnt þessara manna sem annara. En eg álít þetta ákvæði óheppilegt, af þeirri ástæðu, að það er alveg ómögulegt að hafa eftirlit með, að því sé hlýtt og þess konar ákvæði eru aldrei til góðs í lögum.

Í 6. gr. hefir sú breyting verið gerð, að hækkað er gjald það, er veitingamenn í kaupstöðum eiga að greiða í árlegt afgjald. Eg álít, að sú breyting sé heppileg, af því að afleiðingin af þessum lögum verður sjálfsagt sú, að þessir menn gera miklu meiri umsetningu eftir en áður, af því að líklegt er, að kaupmenn muni margir hætta að hafa áfengi á boðstólum og þannig mun aðsóknin aukast hjá veitingamönnum í kaupstöðum; það er því rétt, að þeir greiði nokkuð hátt afgjald árlega.

Þá hefir h. Nd. líka hækkað endurgjaldið fyrir leyfisbréf til veitinga áfengra drykkja úr 50 kr. upp í 300 kr. í kaupstað og 200 kr. utan kaupstaðar. Þótt oss þætti gjald þetta nokkuð hátt fyrir veitingamenn utan kaupstaða, vildum vér þó ekki leggja til, að því yrði breytt.

Í 7. gr. stendur, að vínveitingaleyfið skuli gilda fyrir að eins 1 sölustað í senn, og virðist það ákvæði nokkuð óþarft, þar sem það er ljóst, án þess að taka þurfi það sérstaklega fram; en auðvitað skaðar það ekki.

Í 12. gr. er aðal-breyting h. Nd. á frv. sú, að enginn skuli skyldur til að borga þau vínföng, er hann fær að láni. Þessa breyting hefir nefndin ekki viljað ganga inn á, vegna þess, að hún áleit, að það gæti orðið málinu til falls, gæti orðið til þess, að það yrði ekki staðfest af stjórninni, þar sem það snertir ekki einungis viðskipti manna hér á landi, held ur líka viðskifti við menn í útlöndum; það ímynda eg mér að stjórnin geti ekki gengið inn á, að kaupmenn t. d. væru ekki skyldir að borga vínvörur þær, er þeir fengju að láni frá útlöndum, því að slík ákvæði munu ekki vera til í lögum annara þjóða. Við höfum þó í nefndinni reynt að laga oss sem mest vér höfum getað eftir vilja neðri deildar í þessu efni, og höfum þess vegna stungið upp á því, að þetta ákvæði næði til þeirra, sem fá áfengi að láni á veitingastöðum; þar sýnist helzt ástæða til að ógilda þessar skuldir, því að það má gera ráð fyrir, að þau lán séu stundum stofnuð af druknum mönnum, sem eru viti sínu fjær, og þess vegna mælir nokkuð með því, að gera þessar skuldir réttlausar. — Nú hefir komið fram breyt.till., þar sem farið er fram á að ákvæði þetta skuli ná til allra þeirra áfengisskulda, sem stofnaðar eru hér á landi. Nefndinni kom þetta til hugar, en vildi þó ekki stinga upp á að setja það inn, vegna þess að hún hugði að það gæti orðið málinu til falls. En ef hæstv. landsh. vildi lýsa því, að stjórnin mundi ekki hafa neitt á móti ákvæðinu, eins og það er orðað í breyt.till., hefi eg fyrir mitt leyti ekkert á móti að það yrði samþ.

Sigurður Stefánsson: Eins og h. framsögumaður tók fram, hefi eg komið fram með breyt.till. við frumv. og hefir hann að miklu leyti tekið af mér ómakið að lýsa, af hverjum orsökum hún er fram komin, að því leyti sem hann benti á, að ákvæði 12. gr., eins og það er orðað í frv. neðri deildar, mundi líta undarlega út í augum stjórnarinnar. Mér er nú kunnugt, að h. Nd. er þetta kappsmál, og þó að eg verði að játa, að ákvæðið er ekki heppilega orðað, þá felst eg þó á það í principinu, því að það getur ekki álitist annað en rétt að afnema lánsverzlun með áfengi; það er nóg sem vér Íslendingar tökum til láns, þó að áfengið sé undanskilið, þó að, sem maður segir, ekki sé tekið brennivín á krít. Því datt mér í hug að koma með þessa breyt.till.; eg álít, að hún raski ekki principinu, en dregur þó úr ákvæðinu, að því leyti sem réttleysi áfengisskulda er að eins bundið við þær, sem stofnaðar eru hér á landi. Kaupmenn eru ekki undanþegnir þeirri skyldu að borga það áfengi, sem þeir fá frá útlöndum, en þar á móti er tekið fyrir lánsverzlun með áfengi innanlands. Mér er þetta ekki svo mikið kappsmál, að eg vilji

til þess vinna, að breyt.till. komist að, ef málinu yrði það til falls, og því langaði mig til að heyra álit hæstv. landshöfðingja, hvort nokkur vafi sé á því, að stjórnin geti gengið að þessu ákvæði, eins og það er orðað í breyt.till. minni.

Landshöfðingi: Eg vil leyfa mér að mæla með því, að breyt.till. nefndarinnar verði samþykt og ekki frumvarpsgreinin sjálf né breyt.till. h. þm. Ísfirðinga (S. St.). Það var ljóslega tekið fram af h. framsögum. (S. J.), að 12. gr. væri varhugaverð, eins og hún er nú, og hið sama má að nokkru leyti segja um breyt.till. h. þm. Ísfirð. (S. St.). — Það er ekki svo sjaldgæft nú orðið, að agentar frá útlendum verzlunarhúsum komi hingað til lands og hafi ýmsa vöru á boðstólum. Þess konar agentar hafa einmitt einatt haft meðferðis sýnishorn af vínum, og menn hafa pantað eftir þeim, og ekki borgað fyrr en við móttöku. Ef nú maður pantaði þannig og neitaði að borga eftir á, þá mundi hann sleppa eftir till. h. þm. Ísf. (S. St.). Yfir höfuð að tala getur áfengisskuld verið stofnuð á svo saklausan hátt, að engin ástæða er til að hún sé réttlaus. Mér finst ákvæði þetta vera nægilega strangt, eins og það er orðað hjá nefndinni og ætla eg, að ekki sé neitt til fyrirstöðu því, að stjórnin geti gengið inn á það.

Sigurður Stefánsson: Eg vildi að eins láta þess getið, að eg hefi átt tal við nokkura menn í neðri deild, er hafa sagt sem svo, að þeir mundu gera alt, sem í þeirra valdi stæði, til að fella þetta frv., ef ákvæði 12. gr. yrði breytt. (*Landshöfðingi:* Eins og nefndin vill. Það er verst fyrir þá sjálfa!).

Hallgrímur Sveinsson: Eg vildi að eins gera stutta athugasemd viðvíkjandi 12. gr. frumv. Mér lízt fyrir mitt leyti ákvæði 12. gr., eins og það er orðað nú í frumv., með öllu óhafandi og fæ eg með engu móti skilið, að mönnum skuli koma til hugar að innleiða svo ströng ákvæði í efni, sem grípur töluvert inn í verzlun og viðskifti manna á meðal. Mér finst heldur eigi, að h. þm. Ísf. (S. St.) hafi hepnast að bæta úr þeim ágalla, nema að nokkru leyti, eins og hæstv. landshöfðingi benti á. Dæmi það, er hæstv. landshöfðingi tók, að hér kæmu agentar erlendra kaupmanna, er seldu innlendum kaupmönnum eða öðrum vín, er ekki skyldi borgast fyrr en vínið væri hingað komið og yrði þá skuld sú réttlaus, er einmitt ljós sönnun fyrir þessu. En eg get líka hugsað mér annað dæmi. Það er ekki sjaldgæft, að erlendir kaupmenn koma hér, sumpart til að dvelja hér um lengri eða skemmri tíma sér til skemtunar og hressingar, og sumpart til að kynnast landinu, en vanrækja þó ekki, ef þeir geta fundið tækifæri verzlun sinni til eflingar og útbreiðslu, og þá get eg líka hugsað mér, að þar á meðal séu vínkaupmenn, sem spyrðust fyrir, hvort nokkur vildi eiga kaup við sig, og ef svo færi, þá yrði sú verzlun kölluð að hafa gerst hér, þó varan sendist hingað eftir að kaupin hafa fram farið. Og eg get ímyndað mér fleiri tilfelli, þar sem ervitt yrði að skera úr, hvort kaup hefðu gerst hér og kæmust undir það ákvæði, sem hér er um að ræða. Eg sé ekki, að mikið geti riðið á því, hvort fullveðja menn taka vínvörur að láni eða ekki. Mér þykir það hart, ef eg verzla við kaupmann þannig, að eg borga honum þær vörur, er eg hefi fengið hjá honum eftir 1—3 mánuði, sem alment er, og af kaupmönnum talin kontantverzlun, en eftir þessu ákvæði 12. gr. mundi það kölluð lánsverzlun, og samkvæmt því mundi eg ekki geta fengið öl til matar út í reikning minn, vegna þess, að lögin teldu mig ekki skyldugan til að borga það, og kaupmaður því alls eigi vildi láta það af hendi nema gegn borgun út í hönd.

Breyt.till. nefndarinnar þykir mér mjög eðlileg, enda fer hún í raun og veru ekki fram á annað en það, sem þegar er í

lögum, og lengra er eigi ástæða til að fara, úr því eigi er farið fram á algert sölubann. Eg mun því greiða atkvæði með breyt.till. nefndarinnar, en hvorki frv.-greininni né uppástungu h. þm. Ísf. (S. St.).

ATKV.GR.: Br.till. nefnd. (C. 426) samþ. með 9 samhlj. atkv.; br.till. (C. 436) tekin aftur. Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og sent til forseta Nd.

Lóð af Arnarhólstúni.

FRUMVARP til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja lóð af Arnarhólstúni í Reykjavík (C. 363); 1. umr. 11. ágúst.

Flutningsmaður (Júlíus Havsteen): Frv. þetta þarf ekki langrar útskýringar við. Saga þess er sú, að kona sú, er um getur í frv., frú Helga Vídalín, hafði farið þess á leit við stjórnina í vetur, að fá keypta lóð af Arnarhólstúni, sem fylgir embættisbústað landshöfðingjans. Ráðaneytið svaraði á þá leið, að það væri nauðsynlegt að fá leyfi til slíkrar sölu hjá löggjafarvaldinu, — og þess vegna kemur beiðni hennar nú hér fram í þessu frv. Það fer fram á, að stjórninni veitist heimild til að selja konsúlsfrú Helgu Vídalín lóð af Arnarhólstúni í Reykjavík. Lóðin er út við sjó, eins og allir þekkja, á hinu svo nefnda „Batterii“, sem er gamalt virki, hlaðið upp úr mold, og fjaran fyrir framan, sem er klungur og stórgrýtisurð, og alt þetta er 5000 □ álnir. Það er ekki mikill missir fyrir landsh., að sjá af þessu, enda fær hann skaða sinn bættan, með því að kaupandinn býðst til að slétta jafnstórt svæði í Arnarhólstúninu, eins og lóðin er, sem hún fær.

Tilgangurinn með að fá lóðina er sá, að byggja þar hús, og býst eg við að það verði fallegt hús og til prýði fyrir bæinn. Lóðin virðist ekki hentug, þar sem hún er mestöll annaðhvort stórgrýtisurð eða mýrarsvakki, en hins vegar hefir hún þann kost, að þar er fallegt.

Kaupverðið, sem boðið hefir verið fram, er 600 kr., auk þess að slétta jafnstóran blett í túninu eins og lóðin verður, og mundi kostnaður við það nema um 140—160 kr. Það hefði kannske verið réttara að fara fram á að kaupin skyldu gerast þannig, að lóðin væri seld eftir virðingu tilkvaddra manna, en eg hefi haldið, að þess þyrfti ekki. Almennur prís á lóðum hér í bænum, sem nokkuð er við, er 2 kr. fyrir ferhyrningsfaðminn. Það getur verið, að þær séu nokkru dýrari í miðjum bænum, en við tjörnina veit eg að lóðir hafa verið seldar með því verði, sem eg nefndi, og lóðin undir sjómannaskólann var þannig seld fyrir 2 kr. hver ferhyrningsfaðmur. Þessi lóð, sem hér er farið fram á að selja, er 555 □ faðmar, og ætti þess vegna eftir því að kosta rúmar 1000 kr., en þegar þess er gætt, að þar er engan veginn gott byggingarstæði, að miklu leyti ekki nema klettar og klungur, þá hygg eg að 600 kr. sé nóg verð, auk þess sem sléttunin kostar, þannig, að söluverðið verður í raun og veru c. 750 kr.

Eg vona að h. deild taki þessu litla frv. vel og láti það ganga fram til 2. umr. og síðan alla leið.

Sigurður Stefánsson: Eg get tekið undir með h. 1. kgk. þm. (J. H.) um það, að það sé í rauninni lítið, sem mælir á móti því, að selja hússtæði það, sem hér ræðir um; en hins vegar er eg honum ekki eins samdóma um að verð það, sem boðið er, sé hæfilegt. Eg hygg, að eftir því sem hússtæði alment eru seld, þá sé þetta verð alt of lágt. Auðvitað er það ekki ræktað land, en á hinn bóginn er þess að gæta, að það hefir þann kost til að bera, að útsýni er þar mjög fagurt, og er það stór kostur á hverju hússtæði. Eins og eg er ekki á móti því, að selja hússtæði þetta, eins sé eg heldur ekki

ástæðu til að landssjóður selji fyrir miklu minna verð en hann sjálfur kaupir. Mér finst rétt, að hér sé farið eftir vanalegu gangverði á lóðum. Eg mun því við 2. umr. þessa máls koma fram með brtill. um hækkun á kaupverðinu; því að þótt blettur þessi, eins og eg tók fram áður, ekki sé ræktaður, þá er þar mjög fagurt hússtæði; og enn fremur mælir það með sölunni, að sá, sem þar ætlar að byggja, mun láta reisa þar skrauthýsi; en eins og eg tók fram áður, þá sé eg ekki ástæðu til að selja hússtæði það, sem hér ræðir um, undir vanalegu gangverði.

Júlíus Havsteen: Eins og eg tók fram áður, þá er eg ekki á móti því, ef háttv. þingm. sýnist svo, að verðið sé hækkað nokkuð. Ef h. 1. þm. Ísf. (S. St.) vildi taka tillit til þess í breyt.till. sinni, að sléttunin kostar nokkuð, þá munum við flutnm. frv. geta komið okkur saman við hann um verðið, í þeirri von, að allir verði ánægðir.

Jónas Jónassen: Eg get gefið þær upplýsingar, að eg hefi sjálfur selt 23 □ faðma af ræktuðu túni á 2 kr. □fðm. Ferh.faðmurinn undir barnaskólann kostaði 2 kr., en síðar var seldur nokkur partur af sama túni á 5 kr. faðmurinn; en það er aðgætandi, að það var ræktað tún; en hér er ekki að ræða um ræktað tún. Það er ekki hægt að byggja á þessum stað, nema taka ofan af öllu svæðinu; en það kostar mikla fyrirhöfn og mikinn tilkostnað. Í öðru lagi er neðan til í þessu 5000 □álna svæði mikið af stórum klettum, sem viðkomandi kaupandi ekki hefir í huga að kippa burtu; enda eru þeir nauðsynlegir til þess að hlífa lóðinni; því að ef þeir væru teknir burtu, mundi vatnsgangurinn á lóðina verða miklu meiri. Eg efast stórlega um, að það kosti ekki meira en 150 kr. að slétta jafnstórt svæði í landshöfðingjatúninu, þar sem þar er fult af stórum steinum, og að því muni verða mjög erfitt að slétta þar; eg er sannfærður um, að það fæst ekki gert fyrir 150 kr. Eftir þessum upplýsingum, sem eg get gefið um verð á lóðum í túnum, þá eru þær nú undir 5 kr. □alin. En þetta er ekki tún, heldur hóll, sem kostar stórfé að rífa niður.

Að því er kaupverðið snertir, þá efast eg ekki um, að kaupandi muni ekki ganga frá kaupunum, þótt kaupverðið verði ögn hækkað. Eg veit, að þeir eru margir, sem álíta 600 kr. oflágt verð fyrir hússtæði það, sem hér ræðir um; sínum augum lítur hver á silfrið; en ef eg ætlaði mér að fá lóð undir hús, dytti mér ekki í hug að byggja þar.

Sigurður Stefánsson: Það er alls ekki mín meining, að setja óhæfilega hátt verð á þessa lóð, en eg vil láta það vera í hlutfalli við lóðarverð í bænum. Þegar landssjóður kaupir lóðir, þá er ekki vanalegt, að selja honum sérlega ódýrt; þess vegna finst mér ekki ástæða til þess að selja þessa lóð fyrir miklu lægra verð en landssjóður mundi þurfa að gefa fyrir samskonar lóð, því fremur sem mörgum þykir leitt að missa þennan stað. Þetta er fyrir marga bæjarbúa skemtistaður og ganga þeir oft þangað á kveldin sér til skemtunar til þess að njóta hins fagra útsýnis. Þessi blettur, sem hér ræðir um, er ekki ræktaður, og því finst mér óviðkunnanlegt, að gera það að skilyrði, að kaupandinn skuli slétta jafnstórt svæði í landshöfðingjatúninu.

Eg hefði kunnað bezt við, að ekki hefði verið lögð nein slík kvöð á kaupanda. Viðvíkjandi því, að sléttun á jafnstórum bletti í túninu verði mjög dýr, þá skildist mér svo á háttv. flutnm. sem miðað væri við heila dagsláttu. Það má fá dagsláttu sléttaða fyrir 150—160 kr. á meðaljörðum; en þessi blettur, sem hér ræðir um, er ekki nema $^2/_3$ úr dagsláttu í hæsta lagi, og þá mundi það kosta tiltölulega minna. Ef eg get fengið upp-

lýsingar um það við 2. umr., að hægt sé að sleppa þessari skyldukvöð, þá mun eg koma fram með breyt.till. í þá átt.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vildi að eins leyfa mér að gera þá athugasemd, að hæstv. landsh. mun hafa sett þessa kvöð í þessu tilfelli, af því að hann hefir gert það áður, þegar um slíka sölu hefir verið að ræða. Hann telur sér sem sé ekki heimilt, að afsala nokkrum hluta af Arnarhólstúni, nema því að eins, að hann fái uppbót fyrir það, er samsvari því, sem hann hefir afsalað. Þessi kvöð er því að eins í samræmi við það, sem hann hefir áður gert í líkum tilfellum, til þess að gera öllum jafnt undir höfði. Hann hefir, eins og kunnugt er, áður afsalað lóðir undir kalkofn og síðar undir 2—3 hús, sem bygð hafa verið á ströndinni niður við sjóinn. Eg veit eigi betur en að menn hafi fengið allar þessar lóðir með þeirri kvöð, að bæta túnið með því að slétta samsvarandi blett við það, sem numið væri burtu, til þess að eignin rýrnaði ekki í hans höndum. Eg held þess vegna, að hæstv. landsh. mundi vera kærara, að þessi kvöð hans sé látin standa. Eg hygg, að það muni hér um bil standa á sama hvort er. Ef túnið verður bætt með því að slétta það, þá verður það um leið meira virði, ef það síðar væri sléttað í staðinn fyrir þýft. Auðvitað er blettur þessi að eins $^5/_8$ úr dagsláttu; en hann verður álitlegri til eignar og sölu en hann er nú í fremur lítilfjörlegu ástandi.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. 363, 402, 404); 14. ágúst.

Flutningsmaður (Júlíus Havsteen): Eins og h. þingdm. sjá, þá hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till., sumpart til þess að laga ritvillu eða prentvillu í frv., nefnilega að í staðinn fyrir „alt að því“ komi: „minst“, sumpart til þess að breyta söluverðinu, þannig, að í staðinn fyrir „600 kr.“ komi „850 kr.“, og þegar hér við bætist kostnaðurinn við sléttunina, þá verða það um 1000 kr., eða því sem næst, sem boðið er í hið svo nefnda „batterí“. Þetta samsvarar því verði, sem vant er að gefa fyrir lóðir í Reykjavík, svo eg vona, að háttv. þingd. hafi ekkert við það að athuga. Hvað sjálfa sléttunina snertir, þá hefi eg stungið upp á henni í samráði við hæstv. landsh. Það gekk vel með frv. það, sem hér var á undan til atkv. í deildinni, sem meira var um vert, sem sé frumv. um sölu laxveiðarinnar frá Valdastöðum, og vona eg því, eins og h. 2. kgk. (H. Sv.) komst að orði, að það gangi einnig liðugt með þetta frv., sem nú liggur fyrir, þó það raunar líti út eins og það muni eiga erfitt uppdráttar.

Eg hefi heyrt því fleygt, að þetta „batterí“ ætti að vera einhver sögulegur staður. Eg hélt nú, að það væri víst og sannað, að bær Ingólfs landnámsmanns hefði staðið á þessum stað, en komst brátt að raun um, að það var þó eigi meining manna, enda eru eins mikil líkindi til, að bærinn hafi staðið á þeim stað, sem justitiarius Jón sál. Pétursson keypti á sínum tíma fyrir lítið verð af Arnarhólstúninu og bygði hús sitt á, og til þess, að bærinn hafi staðið á „batteríinu“. — Aðrir hafa sagt mér, að hér þurfi ekki að leita, og að hin sögulega frægð „batteríisins“ stafi ekki frá Ingólfi, heldur frá Jörundi, sem kallaður var hundadagakonungur; hann hafði búið þar til virki höfuðstað sínum til varnar. Ef svo er, að frægðin stafar frá þessu, þá held eg ætti að eyðileggja þennan sögustað helzt sem fyrst, því sá maður gerði okkur ekki annað en smán, og þeir menn ættu einmitt, að minni hyggju, þakkir skyldar, sem yrðu til þess að afmá allar endurminningar um Jörund. Mig hefir oft furðað á því, hve ant mönnum hefir verið um að halda uppi minningu Jörundar

hundadagakonungs. Fyrir 7 árum síðan komu út ekki færri en 3 rit um hann á sama árinu. Eg var þá staddur í Kaupmannahöfn, og urðu þessi rit til þess, að eg var oft spurður um þennan kafla úr sögu landsins, mér til mikilla leiðinda. Eg held það væri alveg rétt að láta þennan sögulega stað fara og eg get ekki séð neina ástæðu til að vera að friða hann.

Hér er komin fram önnur breyt.till. frá háttv. sessunaut mínum (S. St.) þess efnis, að selja lóðina fyrir ekki minna en 2000 kr. Þessi upphæð finst mér ekki ná neinni átt, ef menn vilja taka nokkuð tillit til þess, hve vont er að byggja þar og hve kostnaðarsamt það muni vera að gera staðinn að byggilegri lóð, svo eg álít það fullkomið verð, þó ekki sé ákveðið hærra verð en 1000 kr., og eg vona, að háttv. þingd. fallist á frv. í heild sinni, eins og það verður með breyt.till. þeirri, sem eg hefi komið fram með.

Sigurður Stefánsson: Eins og h. sessun. minn (J. H.) drap á, þá hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till.

Eg gat þess við fyrri umr. þessa máls hér í deildinni, að eins og eg ekki væri því mótfallinn, að hér umrædd lóð væri seld, eins vildi eg líka á hinn bóginn, að landssjóður fengi sanngjarnt verð fyrir lóðina, miðað við það verð, sem er á lóðum alment hér í bænum, en ekki við það, sem lóðir eru lægst seldar hér. Eg hefi nú leitað mér nokkurra upplýsinga um þetta, og eftir þeim verð eg þá að segja, að upphæð sú, er eg hefi farið fram á, er helzt til of lág, og að því leyti á eg vont með að verja hana. Mér finst það engin skylda ætíð þegar selja á eitthvað fyrir landssjóð, þá endilega að tiltaka það lægsta verð, sem um getur verið að tala. Eg skal nú skýra h. þingd. frá þeim upplýsingum, sem eg hefi fengið um verð á lóðum í Rvík, og skal þá byrja á því hæsta. Í fyrra seldi bankinn malarlóð niðri í miðjum bænum fyrir 5 kr. □ al. — Fyrir sunnan kirkjuna á bankastjórinn lóð, sem hann ekki vill selja fyrir minna en 2 kr. □ al. Bæjarstjórnin vildi fá vegstæði í fyrra fyrir vestan hegningarhúsið, en af því eigandinn vildi fá 50 aura fyrir □ al. og bæjarstjórninni þótti það of mikið verð, þá voru teknir virðingarmenn og var lóðin þá virt á 60 au. □ al. Það hefir ef til vill gert nokkuð til, að hér var um kálgarð að ræða á nokkrum spöl á lóð þeirri, sem vegurinn átti að liggja yfir. Fyrir einu eða tveim árum var virt lóð austur og norður af húsi séra Helga sál. Hálfdánarsonar; þessi lóð var metin 2,25 kr. □ al. Verð á túnum annars yfir höfuð mun vera 22—23 au. □ al., og þá aðgætandi, að hér er oftast um erfðafestuland að ræða.

Taki maður meðaltalið af því verði, sem eg hefi bent á, að lóðir væru seldar fyrir, þá kemur fram miklu hærri upphæð, heldur en eg hefi stungið upp á. Eftir minni till. yrði verðið á □al. 40 au. og það get eg ekki álitið að nokkur með sanni geti sagt að sé of hátt verð, miklu fremur ætti eg bágt með að verja það, ef einhver segði verðið of lágt, því það mun að mínu áliti nær því sanna, eins og eg strax í byrjun tók fram. — Það má að vísu segja, að það sé öðru máli að gegna með lóðir, sem liggi í miðjum bænum, en þá ber líka að taka tillit til þess eiginlegleika, sem þessi lóð hefir fram yfir þær lóðir, sem liggja niðri í kvosinni, og það er fegurðin. Auk þess hefir það enga þýðingu fyrir þá, sem ekki ætla að reka einhverja verzlun, hvort þeir byggja niðri í sjálfum bænum eða ekki. Sem fallegt byggingarstæði held eg að þessi lóð geti fullkomlega staðið á sporði þeirri lóð, sem seld var á 5 kr. □ al., og hver „prívat“-maður, sem ætlaði sér að byggja fallegt hús, mundi ekki kjósa sér fremur nokkurn stað niðri í kvosinni heldur en þennan, þó báðir væru boðnir á 50 aura al.

Að öllu þessu ihuguðu fanst mér ekki vera hægt að selja þessa lóð ódýrar en eg hefi stungið upp á.

Hvað seinni liðinn á breyt.till. minni snertir um að fella burtu skyldukvöðina um sléttunina, þá skal eg taka það fram, að frá sjónarmiði landssjóðs getur ekki verið minsta ástæða til að hafa á móti henni, en fyrir aðra út í frá verður þessi sléttun fremur að álítast ókostur því það getur aldrei verið nema tímaspursmál, hvenær þessi lóð verður tekin til húsabyggingar, og ef grjótið er alt rifið burtu, þá er þar með tekið gott byggingarefni og þannig unnið ógagn eitt. Það rekur að því innan skamms, að einhver ráðstöfun verði gerð með þetta tún, og það á einn eða annan hátt tekið fyrir byggingarsvæði, enda sést það á frv. því, sem liggur fyrir háttv. Nd, að þetta liggur í loftinu.

Hvað sögulegt ágæti þessa staðar snertir, þá skal eg játa, að mér finst það ekki vera ástæða til þess að selja lóðina dýrara en ella, en það verð eg að taka upp aftur að fegurðargildi þessa staðar er miklu meira virði, heldur en menn virðast vilja viðurkenna. Það gæti komið sú tíð, og það á ef til vill ekki svo langt í land, að einhver vildi gefa miklu meir en 40 aura fyrir □ al. í þessum bletti. Það má enda nú en sjálfsagt í framtíðinni segja að þessi lóð liggi í miðjum bænum, vegna þess, að vöxtur bæjarins er allur austur á við.

Að eyðileggja þennan stað endilega vegna þess, að konungur vor um aldamótin hafði þar vígi sitt, sé eg enga þörf á. Eg get heldur ekki fallist á, að það hafi verið óþarfi að skrifa sögu þessa látna heiðursmanns því um leið og hún var skrifuð þá var þar með ritaður kafli úr sögu vors lands. Að okkur sé nokkur smán að minnast þessa tíma, get eg ekki séð og efast um, að nokkur annar sé fær um að dæma um það, hvort hagur okkar nú hefði staðið nokkru ver, þótt sú stjórnarskipun hefði komist á, sem Jörundur kongur vildi innleiða hér.

Kristján Jónsson: Í raun og veru hefir h. þm. Ísf. (S. St.) þegar sagt það, er eg vildi sagt hafa, en úr því eg bað um orðið á annað borð, skal eg leyfa mér að koma með nokkrar athugasemdir. Þm. Ísf. (S. St.) hefir tekið það fram, að ef á annað borð er farið að selja þessa lóð, þá eigi ekki að selja hana minna en aðrar lóðir af sama tagi hér í bænum eru seldar, og er eg samþykkur honum um það. En eg vildi sérstaklega benda á eitt atriði, sem eg held að ekki hafi verið tekið fram í umræðunum, og það er, að eg veit ekki til, að landssjóður eigi hér í Rvík eina einustu þúfu lands, nema þennan blett. — Það kom einmitt fram í vetur, þegar stríðið var út úr kirkjugarðslóð milli bæjarstjórnar og stiftsyfirvaldanna, en það stafaði að sumu leyti, eftir því sem mér hefir skilist, af því, að hér í bænum var engin hentug lóð, landsjóði tilheyrandi. Mér finst, þegar svona stendur á, að varla megi selja þann eina blett, sem landsjóður á hér. Menn geta svarað því, að þetta sé svo lítið petti, sem um sé að ræða að nóg sé eftir samt. En þess er að gæta, að sé fingri smeygt inn, kemur bráðum öll höndin á eftir. Séu nú seldar 5000 □ álnir norðan af túninu, kemur annar á næsti þingi og biður um 2000 □ álnir austan af því, þriðji vill hafa blett vestan af því o. s. frv. — og hví skyldi þeim þá neitað, ef þessi fær lóðina keypta sem nú æskir þess; hví skyldum vér fremur gera undantekning, þegar hann æskir þess, heldur en ef einhverjir aðrir beiðast lóðarkaupa? Eg ætla, að ef þessi lóð verður nú seld, og svo beiðast aðrir seinna lóðar af túninu, að þá verðum vér að gera þeim jafnrétti, og þannig getur vel farið svo, að alt túnið skiftist út meðal einstakra manna.

Það var talað um það, þegar seld var lóðin undir kalkofninn, að óhyggilegt væri,

að selja ræmuna með sjónum frá túninu, því að sú ræma mundi einmitt verða í mestu verði ef bærinn á annað borð hefði nokkra framtíð. Það er athugavert, hvort það er rétt regla að selja nokkuð af túninu til einstakra manna. *(J. Havsteen:* Það er búið að gera það!) Það er satt, en það sannar engan veginn að það sé ekki varasamt. — Af því hér er talað um að selja afmarkað og eigi mjög stórt lóðarpetti, þá mundi eg þó ekki vera á móti því, ef selt væri því verði, sem lóðir eru seldar hér í bænum alment; eg álít eigi rétt, að ferhyrningsalinin í þessari lóð, sem um er að ræða, sé seld fyrir minna en 20 au. Eg kom ekki fram með breyt.till. um þetta af því að eg vissi, að önnur var á ferðinni, sem fer að vísu dálítið lengra. *(Landshöfðingi:* Helmingi lengra!). Það vakir fyrir mér, og eg þykist muna það rétt, að bæjarstjórnin í Reykjavík hafi fyrir nokkrum árum óskað að fá keypt tún það, er þessi lóð er blettur af. Bæjarstjórnin bauð 10 þús. kr. fyrir það, en þessu tilboði var hrundið og hafnað, eins og ekki væri við því lítandi; ástæðurnar til þess veit eg ekki vel, en það er auðséð, að bæjarstjórnin hafði þá huga á þessu svæði, og það er líka auðsætt, að hinni núverandi bæjarstjórn ætti að vera það áhugamál, að það bygðist hentuglega. Bærinn eykst altaf austur á við og eftir nokkur ár er sýnilegt, að miðpunktur bæjarins verður einmitt þarna, og mikil líkindi til, að aðalhöfnin verði með tímanum einmitt fyrir austan Batteríið, og yrði þá þessi lóð aðalverzlunarlóðin í bænum. Það er annað líka, sem sýnir, að þetta er hentugt pláss fyrir verzlun, og það er það, að hvergi er hægra að skipa upp vörum en þar; þangað er stytst í land og þar eru tvær varir, hinar beztu lendingar hér, er gera mætti öruggar með litlum tilkostnaði. Svo er það eitt enn, sem eg hefi fyrir augum, sem sé, að þetta er staður, sem hefir verið nokkurs konar „Udsigtspunkt" fyrir bæjarbúa, og mundi margur sakna þess, ef hann væri afhentur sem byggingarlóð. Eg held því, að ekki sé rétt, að selja þennan blett, án þess að leitað sé álits bæjarstjórnarinnar, sem umboðsmanna bæjarbúa, og eg fyrir mitt leyti er því mótfallinn, að þessu máli sé ráðið til lykta áður en hún hefir látið uppi álit sitt þar að lútandi, þar sem þetta hefir bæði fjárhagslega og „æsthetiska" þýðingu fyrir bæjarbúa.

Að því leyti, sem sagt hefir verið, að söguleg helgi hvíli yfir þessum stað, þá þarf eg ekki þar um að tala. En þar sem því hefir verið haldið fram, að vér mættum verða fegnir, að afmáðar séu menjar um þá stjórnarbylting, sem hér varð í byrjun aldarinnar, þá get eg ekki fallizt á það. Sá viðburður sýndi eins og aðrir fleiri, að sá sem hlífa skyldi var heldur fjarri, og margt lakara hefir komið fram í sögu vorri, heldur en sá viðburður, enda þykir það líklegt, að sá maðurinn, sem þá lét hér mest til sín taka um flest, og bar það nafn, er vér nú virðum mjög mikið, hafi einmitt hallast að stefnu þeirri og skoðun á stjórnmálum, sem bylting sú virtist vera ávöxtur af.

Flutningsmaður (Júlíus Havsteen): H. sessunautur minn (S. St.) sagði, að ef landssjóður seldi þessa lóð, þá ætti hann að reyna að fá fyrir hana sem mest verð, en þó þannig, að verðið væri sanngjart og var hann að sýna fram á, að uppástunga sú, að heimta 2000 kr. fyrir lóðina væri sanngjörn en hann sýndi einmitt, að hún er ósanngjörn. Hann vildi sem sé taka meðaltal af dýrustu og ódýrustu lóðum hér í bæ og hafa svo það fyrir mælikvarða, en slíkt er gjörsamlega rangt; það verður að taka tillit til hvar staðurinn er og hvernig hann er á sig kominn. Ásigkomulag hans er þannig, að gera verður þar allmikið mannvirki og leggja til þess ærinn kostnað, áður en hann verður notaður sem hússtæði, og í annan máta

er staðurinn út við sjó á móti norðri, útsettur fyrir norðanroki og sjógangi og er það mjög óþægilegt; mér er það kunnugt um hús consuls Zimsen, sem líkt er ástatt með, að þar er oft varla vært fyrir sjávarroki í norðurhlið hússins. Hið sama á sér stað með lóðina á „Batteríinu".

H. 3. kgk. (Kr. J.) lagði mikla áherzlu á það, að ekki mætti selja neitt af Arnarhólslóðinni, með því að landssjóður ætti ekki aðra lóð hér í bænum. Það liggur fyrir annað frv. í h. Nd. um að selja enn meira af lóð þessari, svo að eg get ekki séð, að þetta sé nein ástæða móti frumv. þessu; auk þess vitum vér, að búið er að selja margar lóðir af túninu meðfram Bankastræti, og frá læknum alla leið inn undir „Batterí", svo að ekki munar mikið um, þótt „Batteríið" fylgi nú með.

Þá hefir verið sagt, að „Batteríið" sé skemtistaður fyrir bæjarmenn. Eg held að það sé þá aðallega skemtistaður fyrir víst fólk á síðkveldum, en alls eigi fyrir alla bæjarmenn. Og að þetta sé „Udsigtspunkt" hygg eg þá segja megi um fleiri staði hér, svo sem Skólavörðuna, Valhúsið o. fl., svo að sú viðbára er ekki mikils virði.

Að bera þetta mál undir bæjarstjórnina hér nær ekki nokkurri átt, því að það kemur henni ekkert við, heldur að eins þinginu og stjórninni. Mig furðar á þeim ummælum, að það sé skaði fyrir Arnarhólstúnið að það sé sléttað. Það er eftir aftali við hæstv. landsh., að eg hefi sett ákvæði um sléttunina í frv. þetta, og það er hann, sem hefir notarétt túnsins, og mundi hann ekki vilja láta slétta það, ef honum væri það skaði. Kaupi síðar meir Reykjavíkurbær túnið eða einhvern hluta þess, borgar hann því meira fyrir það því betri sem jörðin er orðin, og verður það þá landssjóðs gagn.

Sigurður Jensson: Eg sé ekkert á móti því, að lóð þessi sé seld, en eg álít, að það sé skylda þingsins að sjá um, að landssjóður fái fult verð fyrir lóðina. Hér er því aðalspurningin, hvað er fult verð. Það liggja nú fyrir hér tvær uppástungur um verðið, og eru þær mjög mismunandi. En mér finst vera til einn vegur til þess, að fá að vita, hvað fult verð er, og hann er sá, að fara eins að hér eins og gjört er, þá er þjóðjarðir eru seldar. Þingið segir: land þetta er falt fyrir þetta eða þetta verð, og svo er hverjum frjálst að bjóða í sem vill. Ef Pétur falar jörð og býður í hana t. d. 1000 kr., en svo býður Páll í hana 2000 kr., þá fær Pétur hana ekki, þótt hann hafi ábúðarréttinn, ef hann vill ekki hækka boð sitt. Eins mætti fara hér að; þingið gæti látið lóðarblett þennan falan fyrir eitthvert tiltekið verð minst, og svo væri hverjum frjálst að gjöra boð í hann. Það væri eðlilegt að kona sú, sem nú falar blettinn, gangi fyrir öðrum við kaup hans, ef hennar boð er sómasamlegt, en sé Reykjavík kær staðurinn sem einskonar skemtistaður, finst mér ekkert á móti því, að henni gefist einnig kostur á að bjóða í hann.

Ef fleirum af h. þdm. sýnist hið sama sem mér í þessu efni, hefi eg í huga að koma með breyt.till. í þessa átt við 3. umr.

Jónas Jónassen: Eg skil ekki hví mönnum er svo sárt um þetta horn af Arnarhólstúninu, er skagar þarna út í sjóinn. Eg var flutningsm. með h. 1. kgk. þm. (J. H.) að frv. þessu, og mér virtist og virðist enn 600 kr. mjög boðlegt verð fyrir þetta lóðarhorn. Það getur ekki komið í neinn bága við neinar götulagningar hér í Rvík, þótt hús verði bygt á þessum stað, og þar er nærri því óbyggilegt í sjálfu sér, og á vetrum í norðanátt er sjálfsagt ógnarlega óþægilegt að búa þar, svo eg skil varla í því, að sú frú, sem hér á hlut að máli, vilji gefa 2000 kr. fyrir þetta horn. Eg get heldur ekki séð, að það sé nein bæjarprýði að „Batteríinu", eins og það er nú; það er svo

sem ekki ræktað tún heldur bara grasivaxið horn út í sjóinn með klöppum og stórgrýti í kring. Mér finst því að 850 kr. vera fullnóg verð fyrir það og þegar við það bætist að slétta 5000 □ álnir í vondri og grýttri jörð, þá verður það fjarska dýrt.

Mér sýnist því ekki að það geti náð nokkurri átt að vilja fá 2000 kr. fyrir þetta horn. Það dugar ekki að miða við hvað lóðir eru seldar hér við aðalgötur niðri í bænum, því að þetta eru klappir og óræktaður grashóll, sem skagar út í sjóinn.

Hallgrímur Sveinsson: Það hafa orðið meiri umr. um frv. þetta heldur en við hafði verið búist, og h. þdm. hafa komist út í það, að meta verð þessa staðar og gildi hans í fortíð, nútíð og framtíð. Sem sögustaður held eg ekki að lóðarblettur þessi hafi mikla þýðingu, svo að Reykjavík muni þess vegna vilja kaupa hann, enda hefir honum enginn sómi sýndur verið, ekki sléttaður né að honum hlynt, heldur látinn eiga sig eins og hann er: grasi vaxinn hóll með stórgrýti og urð niður í fjöru, og enginn vegur þangað gerður, og vilji menn komast þangað þurrum fótum, þarf að stikla þar yfir lækjarsitru, svo að þangað virðist ekki fjölfarið. En þar er efni í fagran stað ef vel er aðgert. Eg hygg þó ekki að bæjarfélagið muni hafa í hyggju að leggja veg þangað út og gera þar skemtistað fyrir bæjarmenn, en hins má vænta, að verði hann seldur þeim kaupanda, er frv. ræðir um, mun verða kostað kapps um að gjöra hér fríðan stað, sem verði til prýðis fyrir bæinn, og að það hús, sem þar verður reist, verði eigi síður en önnur hús hér, að lögun og öllum ytri umbúnaði, til sóma og prýðis þessum bæ.

Eg skal játa það, að mér er eigi fullljóst, hver ummerki verða þessara 5000 □ ál., er selja á. Mér skildist svo á ummælum h. flutn.m. (J. H.), að nokkur hluti lóðarinnar, einn þriðji partur eða svo, mundi vera klettar í kringum hólinn og fjöruurð niður að sjó. Hvað sjálfa fjöruna snertir, þá eru þar tvær varir eða lendingar, sín hvoru megin við hólinn, en þessar varir hygg eg að ekki muni lenda í útmælingunni. Eg hygg að þær muni verða frjálsar eins eftir sem áður, og lending verður eigi gjörð út af hólnum sjálfum, nema með bryggjubygging eða miklum ruðningi.

Þá hafa menn eigi orðið á eitt sáttir um verðið fyrir þessa lóð. Mér virtist í fyrstu, eftir stærð lóðarinnar, að 1000 kr. mundi vera fult verð fyrir hana, og mér virðist það enn hæfilegt. Eg veit eigi með vissu, hvað kosta muni að slétta 5000 □ ál. og ætli maður 150 kr. til þess, eins og h. flutn.m. (J. H.) gjörir ráð fyrir, þá kann það að vera heldur mikið, þar sem hér er um að eins $^5/_9$ úr dagsláttu að ræða; en heyrt hefi eg áætlað 200 kr. að slétta heila dagsláttu, svo að svigrúmið verður þó aldrei mikið. Eg get því eigi annað sagt, en mér virðist verðið hæfilega ákveðið á þingskj 402, það verður samkvæmt þeirri br.till. nálægt 1000 kr. Hitt kann eg ekki við, að setja lóð þessa til uppboðs, eins og h. varaforseti (S. J.) stakk upp á, þar sem hér býðst sérstakur kaupandi. Uppboðsþing á lóðum og blettum getur átt við, þegar um erfðafestuland er að ræða, en hér er um annað að ræða, hér er tilboð fyrir hendi, og er þá annaðhvort að neita því alveg eða taka því á þann hátt, að verðið sé ákveðið hæfilegt, og umbiðjanda sé gefinn kostur á að ná kaupunum.

Eg hallast mest að breyt.till. á þingskj. 402; br.till. á þingskj. 404 virðist mér ákveða verðið óhæfilega hátt, þar sem nokkur hluti lóðarinnar er urð og grjót, og því ekki verðmæt eign.

Júlíus Havsteen: Það eru að eins örfá orð, sem eg vildi segja út af þeim orðum h. þm. Barðstr. (S. J.), að hann vildi

helzt að frv. væri þannig orðað, að landsstjórninni væri gefin heimild til að selja lóðina hæstbjóðanda. En það er aldrei síður, þegar svo stendur á. (*Sig. Stef.:* Þjóðjarðir!). Þjóðjarðir má ekki selja öðrum en ábúendum, og það er aldrei síður að landsstjórnin selji eignir öðru vísi en ákveðnum mönnum. — Að öðru leyti skal eg ekki tala meira um þetta litla mál, því mér finst vera búið að ræða það nóg, svo lítilfjörlegt sem það er..

Sigurður Stefánsson: Mér þykir leitt að br.till. sú, sem eg flyt er kölluð ósanngjörn, þegar eg hefi sýnt með ómótmælanlegum rökum, að lóðin er einmitt, jafnvel með því verði, sem eg sting upp á, miklu ódýrari en aðrar lóðir, sem seldar hafa verið nýlega hér í bænum. Fyrir skömmu var seld lóð hér í miðjum bænum fyrir 5 kr □ alinin, og það er ekki langt síðan, og aðrir hafa selt lóðir fyrir ekki minna en 2 kr. □ al., — hvernig geta menn þá sagt, að hér sé miðað við hæsta verð, þegar ekki er einu sinni miðað við gangverð á byggingarlóðum. Það er merkilegt, að þegar landssjóður selur, má aldrei miða við annað en lægsta verð, og eg verð að álíta, að það sé örðugt að forsvara það, að láta þessa lóð fara fyrir minna en það verð, er eg hefi stungið upp á. Það er engin ástæða til þess fyrir landssjóð að selja þessa lóð fyrir lægsta verð, því að því verður ekki neitað, að einmitt þessi staður hlýtur áður en langt um líður að verða centrum bæjarins, og er jafnvel orðinn það, svo að það er efalaust að altaf er hægt að fá kaupendur að honum í framtíðinni. Og nú sem stendur get eg ekki hugsað mér betra byggingarstæði en þetta, og miklu ákjósanlegra fyrir privatmenn að búa þar heldur en niðri í miðbænum. Eg geri ekki mikið úr, að þar sé óverandi fyrir norðanveðrum og sjógangi; eg bý sjálfur miklu nær sjó en það hús mundi standa, er fyrirhugað er að byggja á þessari lóð, og er þar oft stórsjór og brim, það þykir mér fyrir mitt leyti skemtilegt og ofur þægilegt að sofna við á kveldin. Hvort kostnaðurinn við að undirbúa byggingarstæði þetta er mikill eða lítill, kemur oss ekki vitund við, kaupandinn vill nú einu sinni byggja þarna, svo að það verður hans sök, að sjá fyrir því, og byggingarkostnaður, brimhljóð og norðanveður er oss óviðkomandi. Það eina sem kemur oss við í þessu efni, er að lóð þessi sé seld hæfilegu verði, og eg get engan veginn kannast við, að það verð, sem br.till. mín fer fram á, sé í minsta máta ósanngjarnt.

Kristján Jónsson: Það virðist eigi enn vera athugað til neinnar hlítar, hvað er aðalatriðið í þessu máli, hefi eg þó bent á það; en það er, hvaða land landssjóður á eftir hér í Reykjavík. Þegar það liggur fyrir oss, að láta byggja ýmsar stórbyggingar hér fyrir landssjóðinn, þá er það sannarlega athugandi, hvort selja megi hið eina byggingarstæði, sem hann á hér, svo að hann verður ef til vill síðar að kaupa lóð fyrir mikið fé, undir sínar eigin byggingar. Þessar byggingar eru eins og nú stendur fyrst og fremst landsspítalinn. Eg átti tal við landlækninn í morgun, og spurði hann hvar ætlast væri til að hinn fyrirhugaði spítali yrði reistur; eg hélt að honum væri fyrirhugaður staður á móti gamla spítalanum, en landlæknirinn svaraði mér, að staðurinn fyrirhugaði væri norður á landshöfðingjatúni. Nú, en ef búið er að selja það, — hvar á þá að byggja spítalann? Eg veit ekki betur, en að það sé í ráði, að byggja stórt hús fyrir söfnin, engin lóð fæst undir það betri en á þessum stað, nema ef til vill fyrir ærna peninga. Í þriðja lagi stendur til að byggja sóttvarnarhús. Öll þessi hús væri hentugast að byggja þarna, og sóttvarnarhúsið ætti að sjálfsögðu að vera rétt fram við sjó; en þetta getur ekki orðið, ef ræman fram með sjónum er seld. Eg byggi það beint á hagsmunum lands-

sjóðs, án nokkurs tillits til bæjarins hagsmuna, að heppilegast sé, að selja ekki lóðina.

Menn hafa forðast það hér í dag, að minnast á atriði, sem einmitt hefir sérstaka þýðingu í þessu efni, en það er framtið þessa bæjar, hversu hann vex einmitt í kringum og austur fyrir þetta svæði svo að þessi lóðarsala gæti orðið eins og stífla eða haft á vexti hans. Að öðru leyti segi eg sama og áður, að eg fyrir mitt leyti er ekki móti því, að gefa frv. atkvæði, ef nægilega há borgun er boðin fyrir lóðina, en þegar eg sé af umræðunum í dag, að flutningsm, frv. vilja ekkert tillit taka til landssjóðs né sveitarfélags þess, sem hlut á að máli, og til einskis annars en hagsmuna þessa eina privatmanns, sem frv. nefnir, þá hefir það haft þau áhrif á mig, að eg mun nú greiða atkv. móti frv.

Júlíus Havsteen: Mér þykir undarlegt að heyra talað um að disponera yfir Arnarhólstúninu, þegar hér í salnum situr maður, sem hefir fullkominn notkunarrétt yfir túninu, og þarf eigi að líða það, að nokkuð sé af því tekið.

ATKVGR.: 1. Br.till. (404) felld með 5 : 3 atkv.; br.till. 402 sþ. með 7 atkv.; 2. br.till. (404) tekin aftur. Frv. með áorðinni breytingu samþ. með 6 : 2 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 6 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 6 : 2 atkv.

Þriðja umr. (C. 427) 16. ág.

Sigurður Jensson: Eg hefi leyft mér að koma með þessa br.till. ásamt 2 öðrum h. þdm. Eins og menn muna, varð nokkur ágreiningur um það við 2. umr., hvaða verð ætti að setja á þessa lóð. Með því að eg treysti mér ekki til að skera úr þeim ágreiningi, þá hefi eg komið mér saman um það við nokkra aðra h. þm., að stinga upp á, að söluverðið verði lagt undir mat dómkvaddra manna, og ætti það að vera beinasta leiðin til að fá hið rétta verð út. Vér höfum sett 850 kr. sem minimum, af því að það má skoða sem tilboð kaupanda, og ef hinir tilkvöddu matsmenn álíta, að lóðin sé ekki meira virði, þá verður hún auðvitað seld því verði.

Júlíus Havsteen: Eg veit varla hvað eg á að segja um þessa br.till. Eg held að hún sé naumast til bóta því að h. sessunautur minn til vinstri handar (Dr. J. J.) hefir leitt ljós rök að því við 2. umr. málsins, að lóðin væri ekki meira virði en til er tekið í frv., og ef dómkvaddir menn ættu að meta hana, gæti svo óheppilega tekizt til, að fyrir því vali yrðu menn, sem hefðu alt of háar hugmyndir um þessa lóð; að almenningur gerir sér of háar hugmyndir um verðmæti lóðarinnar er alveg víst. Sumir álíta þetta ómissanlegan sumarskemtistað bæjarbúa, sem bæjarbúar ekki mættu missa af, og er sú skoðun allhættuleg fyrir söluna. Eg veit að í vetur, þegar stiftsyfirvöldin vildu fá melana fyrir kirkjugarðsstæði, þá var ein mótbára á móti því sú, að þeir væru fallegasti og bezti skemtistaðurinn fyrir fólk hér í Reykjavík, og eitt blaðið hélt því jafnvel fram, að það mætti búa til úr þeim nokkurskonar Tivoli! Ef slík skoðun ryður sér til rúms hér viðvíkjandi þessum stað sem hér er um að ræða, þá er eg hræddur um, að erfitt verði að fá skoðunarmann, sem ekki sé snertur af henni, og jafnvel álíti, að Batteríið sé svo mikils virði, að ekki mætti selja það. Sú skoðun hefir líka komið fram, að Reykjavíkurbær hefði sérstaka Interesse af því, að lóð þessi væri ekki seld. Mig minnir, að sú skoðun væri bygð á því, að bærinn ætti að eignast alt Arnarhólstún og skifta því svo út í byggingarlóðir. Líka hefir sú skoðun heyrst, að ef bærinn færi að byggja höfn hér, þá þyrfti að nota fjöruna fyrir framan þessa lóð, og er kannske óþarfi að kalla það loftkastala. Eg vildi því helzt, að breyt.till. væri ekki tekin

til greina og ekki ætla eg að greiða atkv. með henni.

Brtill (435) feld með 5 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón Jakobsson,
Hallgr. Sveinsson,	Gutt. Vigfússon,
Kristján Jónsson,	Jón Jónsson,
Sigurður Jensson,	Jónas Jónassen,
Sig. Stefánsson.	Júlíus Havsteen.

Frv. í heild sinni samþ. með 7 : 2 atkv. og sent forseta Nd.

Fjármál hjóna.

FRUMVARP til laga um fjármál hjóna 1. umr. (C. bls. 97.) 4. júlí.

Sigurður Stefánsson stakk upp á að setja 3 manna nefnd í málið. Samþ. í e. hl. að setja 3. manna nefnd í málið og voru í hana kosnir:

Kristján Jónsson . með 10 atkv.
Júlíus Havsteen . — 9 —

Þeir Sigurður Stefánsson og Þorleifur Jónsson fengu 5 atkv. hvor og var þá varpað hlutkesti og hlaut kosningu Sigurður Stefánsson. 1. umr málsins frestað.

Framhald 1 umr. (C 138) 21. júlí.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það má segja um breyt.till. við frv. þetta, að þær eru langt skaft á lítilli grýtu, því að þær gleypa að mestu n.ál. Býst eg við, að háttv. þingdeildarmönnum muni lítast svo á skjal það, sem þeir hafa handa á milli, sem sé nefndarálitið, en vegna þess hve liðið er á þingfund, ætla eg ekki að hefja ítarlega umr. um þetta frv. að þessu sinni; það mun væntanlega koma til 2. umr., og þá er hægt að minnast á br.till. og svo út af þeim hin helstu ákvæði frv. Eg læt mér því að þessu sinni nægja að óska, að það fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Önnur umr. (C. 138) 24. júlí.

Framsögumaður Kristján Jónsson: Þegar mál þetta var til 1. umr. hér í deildinni. var tíminn svo naumur, að eg fekk hér um bil ekkert tækifæri til þess að minnast á undirbúning og gang þess og stefnu, og því síður á einstök atriði frv. Að því er sögu þessa máls snertir, þá er það kunnugt, að oft hafa heyrst hér á landi raddir í þá átt að nauðsyn bæri til að skipa betur með lögum en gjört er fjármálum hjóna, einkum til að tryggja betur rétt konunnar í fjármálum en gjört er, og sumarið 1895 skoraði alþingi á stjórnina að leggja fyrir þingið frv. hér að lútandi, þar sem, eins og komist er að orði í áskoruninni, réttur konunnar væri betur trygður en í nú gildandi lögum. Stjórnin svaraði, að hún hefði áhuga á málinu, en að hún vildi bíða þeirra breytinga á þessum efnum, sem væru á prjónunum í Danmörku, eða þangað til búið væri með lögum að skipa þessum sömu málum þar. Það er kunnugt, að sömu lögin eða mjög áþekk lög hafa gilt í þessu efni hér á landi eins og í Danmörku og Noregi frá því á öldinni sem leið; má því ætla að sömu eða líkar breytingar á lögum eigi við í öllum þessum löndum; nú er það kunnugt að breyting á hjúskaparlöggjöfinni hafði verið lengi í undirbúningi í Noregi, eða nærfelt 20 ár, og var ekkert sparað til þess, að lagabreytingin yrði sem vönduðust; fengu Norðmenn lög sín um fjármál hjóna, þau er nú gilda, árið 1888. Þá tók sjórn Danmerkur sér fyrir hendur að koma á samskonar lögum þar í landi og fekk tvo hina færustu lögfræðinga Dana, til þess að taka málið til meðferðar; þeir leystu það starf af hendi og sömdu lagafrumvarp hér að lútandi, og sniðu það í öllum meginatriðum eftir hinum norsku lögum. Þetta lagafrv. var síðan lagt fyrir ríkisþingið, og er það nú orðið að lögum fyrir Danmörku 7. apríl þ. árs. Þegar svo var komið málinu í

Danmörku tók stjórn vor sér fyrir hendur að semja samskonar lög handa oss; þetta frumv, sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir hinum dönsku lögum, en samið af stjórnarráðinu fyrir Ísland og hefir verið leitað álits landshöfðingja um það. — Þegar nú litið er til þess, að því nær sama löggjöfin um þetta efni hefir gengið um æfalangan tíma í Danmörku, Noregi og Íslandi, og að breytingarnar á henni eru gerðar af þeim mönnum, sem af öllum má álíta færasta til þess, þá má segja, að þetta frumv. sé ágætlega undirbúið, þar sem líka landshöfðingja var gefinn kostur á að segja álit sitt um það, svo hann gæti lagað það, eftir því sem hér hagaði til.

Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að frumv. að efninu til væri mikilsverð réttarbót, og því hefir hún ráðið h. deild til að samþykkja það. Þær réttarbætur, sem frumv. aðallega fer fram á að innleiddar séu hér, eru taldar á 19. og 20. bls. í stjórnarfrv. og enn fremur er drepið á þær í nefndarálitinu. Eftir gildandi löggjöf vorri er konan ómyndug, fjársameign hjóna fullkomin og öll umráð yfir búinu hjá bóndanum. Frumv. fer nú aðallega fram á það, að breyta þessu. Eftir frumv. eiga sömu reglur að gilda um myndugleika giftrar konu sem um ógiftrar; umráð bóndans yfir félagsbúinu eru í ýmsum atriðum takmörkuð; greiðari aðgangur settur til þess að hjónin geti með kaupmála skipað fjármálum sínum á annan veg en hinn venjulega, o. s. frv.

Það er eitt, sem sýnir, að þetta lagafrumv. er af öðru bergi brotið en önnur stjórnarfrumv., og það er það, að það er svo orðmargt, og kveður á um ýmislegt, sem hér hefir ekki verið tekið upp í lög, og mun það stafa frá hinum norsku lögum, því að þau eru ítarlegri en hér gerist og taka fram mörg atriði, sem annars liggja undir umboðsvaldið eða dómstólana. Eg get þessa, af því menn munu reka augun í, að frv. er frábrugðið öðrum lagabálkum, sem hér hafa gerðir verið á síðustu 20—30 árum.

Nefndin hefir nú getað fallist á frumv. í heild sinni, eins og ítarlega er útlistað í nefndarálitinu, og þær breytingar, sem hún hefir gert við frumv., eru mestmegnis orðabreytingar. Frumv. er vel vandað að efni til, en eg get ekki sagt hið sama um frágang þess að öðru leyti; málið er mjög óvandað, og víða er jafnvel hinn danski frumtexti rangt þýddur.

Efnisbreytingar eru að eins breyt.till. nefndarinnar við 3. gr., að í staðinn fyrir „er hann þá skuldbindandi“, komi: „er hann þá án konungsstaðfestingar skuldbindandi“, við 7. gr. og við 28. gr.; þessar eru aðalefnisbreytingarnar, og þó ekki verulegar. En víða geta orðabreytingarnar verið svo lagaðar, að efni sé vikið við, en þó hvergi svo, að stefnu frv. sé raskað. — Annars er vel gerð grein fyrir ástæðum frumvarpsins í frumv. stjórnarinnar, og þarf eg því ekki að fjölyrða um þær, og heldur ekki um hverja einstaka breyt.till., því að það hefir verið reynt að setja þær fram svo greinilega, að allir geta áttað sig á þeim.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér að þakka hinni h. nefnd fyrir, hve ítarlega hún hefir íhugað frumv. og fyrir hversu mikið far hún hefir gert sér um að laga það, sem hún hefir fundið athugavert. Eg er nefndinni samdóma um það, að af breyt.till. hennar er eiginlega ekki nema ein efnisbreyting og hún ekki sérlega mikilvæg. Breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. er einungis skýrari orðun á því, sem vitanlega er til ætlast í frumv., þar sem það er tekið nákvæmlega fram, að ekki þurfi konungsstaðfestingu til kaupmála, ef hann er gerður fyrir hjónabandið. Þetta liggur í frumv. stjórnarinnar, en það er skýrara og ljósara eins og nefndin hefir breytt orðum greinarinnar. Hið sama er að segja um breyt till. nefndarinnar við 7. gr., og eins 28. gr.; breyt.till. við 28. gr.

sýnist í fljótu bragði vera mikil efnisbreyting, þar sem farið er fram á, að landshöfðingi skuli hafa æðsta úrskurðarvald en ekki ráðaneytið, í því efni, sem greinin um getur, en hún getur þó ekki, þegar nánar er aðgætt, skoðast sem sérleg efnisbreyting, enda er það í samræmi við gildandi lög hér í landi, að slík atriði skuli ekki þurfa að ganga lengra en til landshöfðingja. Yfir höfuð eru allar breytingartill. nefndarinnar til bóta, og eg skal taka undir þá ósk h. framsögum. (Kr. J.), að h. deild samþykki frumv. með breytingum h. nefndar.

ATKV.GR: Fyrirsögnin og hver einstök grein samþ. í einu hljóði; breyt till. nefnd. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 181, 211); 27. júlí.

Kristján Jónsson: Þetta mikilsverða mál hefir verið nákvæmlega athugað við tvær umr. hér í deildinni, og álít eg ekki, að eg þurfi nú að vera langorður um það. Það hefir þegar verið rætt um aðalefni og aðal-stefnu þessa frv., og fyrir hvorutveggja hefir verið gerð nokkurn veginn ítarleg grein í nefndarálitinu. Frumv. var með breyt.till. nefndarinnar samþykt við 2. umr., og má því ætla, að h. þingd. samþykki það nú við 3. umr. En nefndin hefir leyft sér að koma fram með nokkrar breyt.till. við það (á þingskj. 211), sem hún óskar að verði samþyktar. — Þegar nefndin athugaði frumv. eins og það var samþ. við 2. umr., þótti henni ástæða til að gera nokkrar breytingar á því, og í þá átt miða ofannefndar tillögur.

1. breyt.till. er við 6. gr, að fyrir orðin: „og á þó að“, komi: „og skal þó“; þetta er að eins orðabreyting, sem nefndinni þykir fara betur. Hið sama er að segja um 2. breyt.till. við 7. gr., að fyrir: „með tilliti til“ komi: „við varnarþing“. Það er ekki rétt íslenzkt mál á þessum stað: „með tilliti til“, en hér er átt við varnarþing fasteignarinnar; er því rétt að breyta orðalaginu á þá leið, eins og hefir verið gert í niðurlagi greinarinnar. 3. br.-till. við 9. gr., að fyrir: „auglýsingablaði stjórnarinnar“ komi: „auglýsingablaði landsstjórnarinnar“, er gerð vegna þess, að nefndinni þótti það of óákveðið, að hafa orðið „stjórn“, án þess að kveða nánar á, hvaða stjórn væri um að ræða, en það er: landsstjórnin, ɔ: stjórn Íslands.

4. breyt.till. við 11. gr., að fyrir: „Ekki heldur má hann“, komi: „Hann má ekki heldur“, er, eins og allir sjá, að eins umfærsla á orðum.

Þá er síðasta breyt.till. við 24. gr. Það er eina breyt.till., sem hefir efnislega og mjög verulega þýðingu. Breytingin er sú, að í staðinn fyrir orðin: „eða sé gjöf“, komi: „eða sé gjöfin“, og á komman á eftir orðinu gjöf að falla burt. Það er alveg rangt, eins og það er nú orðað í frv.; meiningin er sú, að gjöfin, sem um er rætt, sé lífeyrir, forlagseyrir o. s. frv., en eigi hitt, að gjöf, lífeyrir og forlagseyrir séu þrjár sérstakar kvaðir eða greiðslur.

Eg skal leyfa mér að vekja máls á því, hvort ekki væri rett að breyta orðmyndinni „eður“, þar sem hún kemur fyrir í frumv., í „eða“. Í stjórnarfrumv. er orðmyndin „eður“ alstaðar höfð, en nefndin skrifar alstaðar „eða“, sem mér þykir viðkunnanlegra. Eg skýt því til forseta, hvort ekki megi leiðrétta þetta, þegar frv. verður sent héðan úr deildinni til prentunar.

Eg skal svo ekki orðlengja um málið frekara, en óska að eins, að breyt.till. nefndarinnar verði samþyktar, og að þetta mikilsverða mál ödlist samþykki deildarinnar og verði sent h. Nd.

ATKV.GR: Breyt.till. nefnd. samþ. í e. hlj. Frumv. samþ. e. hlj. og verður sent forseta Nd. til að leggjast fyrir deildina þar.

Ein umræða (C. 400, 430); 17. ágúst.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eftir að efri deild hafði haft þetta frumv. til meðferðar og lagað það, eins og henni þótti við eiga, og auðið var eftir tíma og kringumstæðum, hefir h. Nd haft það til meðferðar og umræðu, og hefir hún fallist á allar breytingar þær, er vér gerð um á hinu upphaflega frumv. og samþykt frumv. svo að kalla óbreytt, eins og það kom frá þessari deild. Að eins hefir h. Nd. gert 2 orðabreytingar á frumv., og eru þær tilgreindar í framhaldsáliti nefndarinnar á þingskj. 430. Báðar breytingarnar eru aðgengilegar, og önnur þeirra (ɔ: hin síðari) til bóta. Nefndin vill ráða h. deild til að samþykkja frv. með þessum breytingum, enda þótt þær hafi ekki verið nauðsynlegar; og jafnvel þó að eg, er eg nú af nýju hefi lesið frumv. yfir og athugað það, hafi komist að raun um, að það hefði gott af því að fá einn þvottinn enn þá, með því að bæði er málinu á frv. enn ærið ábótavant og hinar einstöku greinar þess eru eigi svo samræmilegar, sem æskilegt væri, — þá legg eg það samt til, að frumv. verði samþykt óbreytt, eins og það liggur fyrir.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 9 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Stofnun veðdeildar í landsbankanum.

FRUMVARP til laga um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík (C. bls. 145); 1. umr. 4. júlí.

Sigurður Jensson stakk upp á að setja 5 manna nefnd í málið; var það samþykt í e. hlj. og í hana kosnir:

Kristján Jónsson	með	10 atkv.
Hallgr. Sveinsson	—	9 —
Þorl. Jónsson	—	9 —
Jónas Jónassen	—	8 —
Sig. Stefánsson	—	6 —

Fyrstu umr. málsins frestað.

Framhald 1. umr, (C. 60); 15. júlí.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg hafði hugsað mér að taka mál þetta fyrir til ítarlegrar umræðu og útlistunar nú, við frh. 1. umr., en úr því verður þó ekkert að þessu sinni, vegna þess, að eg hefi ekki verið vel friskur undanfarna daga og er lasinn enn, og hefi því eigi getað lagt stund á málið eins vel og eg hefði óskað. Eg skal því að eins fara stuttlega yfir málið að þessu sinni, en geyma það til 2. umr. að fara ítarlegar út í það; enda álít eg ekki þörf á að ræða það svo rækilega á þessu stigi, því að eins og sést af skýrslum þeim, sem málinu fylgja, þá hefir það verið mjög vel undirbúið. Grundvöllur málsins er lagður með frumv. frá glöggum fjármálafræðing, amtmanninum fyrir norðan og austan, Páli Briem. Þá hefir mál þetta gengið gegn um hendur bankastjórnarinnar, er þá var, gegn um hendur landshöfðingja og ráðaneytisins, og jafnframt hafa bankafróðir menn erlendir fjallað um það, svo sem vor gamli ráðgjafi Nellemann og Ström þjóðbankastjóri o. fl. Undirbúningur málsins hefir þess vegna verið svo rækilegur sem frekast er hægt að óska sér. Þar sem frv. er svo vel undir búið, og enn fremur mjög og einkennilega vöndunarlega samið, að því er orðfæri snertir, þá álít eg ekki þörf á að ræða það frekar nú, heldur legg eg það til fyrir hönd nefndarinnar, að það fái að ganga til 2. umr. með þeim litlu breytingum, sem nefndin hefir farið fram á, og sem munu verða ræddar við 2. umræðu. Það sem aðallega er farið fram á í þessu frumv. er það, að útvega eigendum fasteigna lán með vægari kjörum og með lengri afborgunarfresti en áður, og gegn svo lágum vöxtum, sem unt er. Þessa hefir almenningur mjög oft óskað eftir undanfarin ár, og hafa síðan 1880 komið fram ýmsar tillögur á þingi til þess að koma því fram, að bændum yrði gert léttara fyrir að bæta jarðir sínar, efla búskap sinn o. s.

frv., með því að veita þeim aðgang að hagfeldum lánum með vægum borgunarkjörum.

Við aðra umræðu mun verða talað um það, hvernig frumv. ætlast til, að ráðin verði bót á þessu, og hvernig bændum verði veittur hægur aðgangur að því að fá lán með löngum afborgunarfresti og gegn svo vægum vöxtum, sem unt er. Hingað til hefir ekkert verið tíðara að heyra en þetta, að það vanti peninga. Orðið peningaekla er nú það orð, sem hver maður tekur í munn sér. Það lítur út fyrir að almenningur álíti, að hægt sé að skapa peninga eins og pappír etc. Það lítur út fyrir að almenningur álíti, að bankar yfir höfuð búi til peninga, til þess að geta haft þá á reiðum höndum. En því er nú ekki svo varið. Bankinn skapar ekki peninga; hlutverk hans er, að laða að sér þá peninga, sem liggja arðlausir eða fyrir lægri rentu en þarf að vera; hann á að ná í þessa peninga með því að bjóða trygg og góð ávöxtunarkjör. Þegar nú litið er á þessa hlið málsins, þá hygg eg, að eigi muni vera all-lítið fé hér á landi sem liggur arðlaust eða fyrir lægri rentu en það ætti að vera.

Til þess nú að ná í þessa peninga, fer frv. fram á, að skapa ný verðbréf (bankavaxtabréf). Þessi vaxtabréf álít eg vera svo vel trygð með frumv., sem frekast er hægt að hugsa sér. Ef þau ná að gefa sæmilega vezti, ekki minna en 4% eða $4^1/_2$%, þá eru líkindi til, að þau geti útrýmt öðrum verðbréfum og náð markaði hér á landi; en það þarf líka að sjá um, að þessi verðbréf verði svo áreiðanleg og útgengileg, að þau geti fengið markað erlendis. Eg er sannfærður um, að það væri ekki aðeins stór framför, heldur einnig mikill álitsauki fyrir oss, ef vér sköpuðum verðmiðil, sem gengi í kaupum og sölum á erlendum markaði. Það mundi hafa eigi all-litla þýðingu fyrir íslenzka framtakssemi og lyfta upp íslenzkri verzlun. Hér er því farið fram á, að hin fyrirhugaða veðdeild gefi út bankavaxtabréf, er séu svo vel trygð, að vænta megi, að þau verði keypt, eigi að eins fyrir innlenda peninga, heldur og einnig útlenda. Landssjóður veitir aðallega trygginguna fyrir stofnuninni, þar sem hann í þessu skyni leggur fram 200,000 kr. í konungiegum skuldabréfum, og hygg eg að trygging þessi sé nægileg í hlutfalli við bankavaxtabréfa-upphæðina, sem heimilt skal vera að gefa út.

Eins og eg tók fram áður, hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að frumv. þetta sé mjög vel úr garði gert, og að stefna þess sé hin æskilegasta, eftir því sem nú er ástatt hér hjá oss.

Eg skal leyfa mér að benda á að þetta er alinnlend stofnun; hér getur ekki verið um það að ræða, að umráðin komist í hendur öðrum en innlendum mönnum; vér seljum ekki öðrum sjálfstæði vort í fjárhagsmálum, þó frumv. þetta verði að lögum.

Við aðra umr. mun eg taka fyrir einstakar greinar frv. Eg skal svo ekki fjölyrða meira að þessu sinni, en að eins leggja það til, að frumv. fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. 60) 18. júlí.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Við 1. umr. frv. þessa leitaðist eg við að skýra stefnu frv. og tilgang þess. Frv. sjálft er mjög ítarlega og greinilega samið og í alla staði vandað; fylgja því svo nákvæmar athugasemdir, og ber alt vott um, að stjórnin hefir vandað allan undirbúning málsins hið bezta.

Það er aðallega tvent, sem frv. þetta hefir fyrir augum, það fyrst: að skapa innlend verðbréf, sem peningamenn, eða þeir, er peninga kynnu að hafa aflögu hér á landi og eins erlendis, girntust að leggja peninga í, og það annað, að setja

á stofn lánsdeild, er ráðstafi fé því, er fengist á þennan hátt, til hagkvæmra lána, með veði í fasteignum, hvort sem eru jarðir eða vátrygð hús. Til þess að ná hinu fyrnefnda augnamiði, er í frv. lögð stund á það, að verðbréfin séu svo rækilega trygð, sem unt er, og einnig að bera umhyggju fyrir því, að vextirnir af verðbréfunum séu svo háir, að líkur seu til þess, að menn vilji leggja peninga sína í þau og vilji eignast þau. — Hinu síðarnefndi tilgangur frv., lánveitingin, er aðallega miðaður við þá skoðun, að nauðsynlegt sé að styðja landbúnaðinn og fyrir því er ákveðið, að lánin skuli aðeins veitt gegn veði í fasteign, en þó einnig látin ná til vátrygðra húseigna.

Nefndin hefir nú í alla staði aðhylst stefnu frv., og er það mitt eigið álit, svo og nefndarinnar í heild sinni, að öllu sé komið bæði gætilega og skynsamlega fyrir í frv., og vill því nefndin ráða til, að frumv. sé samþykt með lítilfjörlegum breytingum.

Breyt.till. nefndarinnar (á þingskj. 60.) eru aðallega orðabreytingar að eins. Þó eru 3 breytingar sem kalla má efnisbreytingar, og skal eg fyrst stuttlega minnast á þær. Hin fyrsta breyting er við 7. gr, Þar er ákveðið, að lánsupphæðin gegn veði í húseignum megi ekki fara fram úr $^2/_5$ hlutum verðsins. Hér leggur Nd. til að ákveðið sé, að lánsupphæðin megi ekki fara fram úr $^1/_2$ virðingarverðsins. Nefndin ætlast þó að sjálfsögðu til að stjórn veðdeildarinnar láni gætilega, en fyrir nefndinni vakti, að þegar svo færi, að láni með veði í vandaðri húseign væri sagt upp, en það lán nymdi $^1/_2$ virðingarverðs hennar, gæti svo farið, að skuldunautur ætti erfitt með að fylla það skarð, sem ávantaði, ef lándeildin mætti undir engum kringumstæðum veita jafnhátt lán hinu eldra láni. Hér er að elns um heimild að ræða, sem stjórn lánsdeildarinnar getur í hverju einstöku tilfelli metið, hvort hún sér ástæðu til að nota eða ekki.

Hin 2. breyting er við 11. gr., staflið 18. og 19. Þar er svo ákveðið, að tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs skuli vera $^1/_2$ % á ári. Þetta tillag stingur nefndin upp á að sé fært niður í $^2/_5$ % eða lækkað um $^1/_{10}$ %. Nefndin álítur ekki þessa breyting neitt háskalega; hún nemur lítilli upphæð, en gerir þó frumv. aðgengilegra í augum almennings, þar sem kostnaðurinn er ögn lægri. Nefndin hafði og það fyrir augum, að í frv. stjórnarinnar um lánsstofnun, sem var fyrir þinginu 1881 mun kostnaðurinn einmitt hafa verið ákveðinn $^2/_5$ % Í þessari sömu gr. er og ákveðið, að afborgunargjaldið megi eigi nema minna en $1^1/_2$ % á ári, af hinni upprunalegu upphæð, þegar veðið er jarðeign, og $2^1/_2$ % þegar það er húseign. En hér fer nefndin fram á, að afborgunupphæðin sé ekki ákveðin í frv. í hundraðstali, heldur séu sett ákvæði um, til hve langs tíma lánin megi í hæsta lagi veita, sem er lán gegn jarðarveði í 40 ár og gegn veði í húseignum til 25 ára. Nefndinni virtust ákvæði frumv. aðgengilegri, ef það yrði orðað á þennan hátt. Ef lánaðar eru 1000 kr. til 40 ára, þá þarf að greiða á ári:

ef vextir eru 4 % . . . . kr. 50.50
— — — $4^1/_2$ % . . . . — 54,35
— — — 5 % . . . c. — 58,00

eða alls tæplega 6 % eins og bent er á í nefndarálitinu, sem eg að öðru leyti leyfi mér að vísa til í þessu efni.

Hin 3. verulega br. nefnd. er við 17. gr. Þar stingur hún upp á að orðin: „Ennfremur hefir veðdeildin heimild, til að láta gjöra fjárnám í lausafé skuldunauts, eins og sátt hefði verið gerð um skuldina“ falli burtu. Nefndin kunni ekki við þetta ákvæði, enda mun það vera nýtt í íslenskum lögum og víst heldur ekki til í Danmörku. Fanst nefnd. ekki næg ástæða

til að leiða þetta nýmæli í lög, þar sem skuldabréf þau, sem hér um ræðir, annars virðast fullkomlega trygð. — Þetta eru nú þær aðalbreytingar, sem nefnd. stingur upp á; hinar aðrar breyt. eru orðabreyt. eða lagfæring á máli.

1. br. við 3. gr. þar vill nefnd. setja orðið: „landsstjórnarinnar“ í stað: „stjórnarinnar“. Það er málvenja hjá oss að þýða danska orðið „Regering“ með landsstjórn.

2. br. er samskonar.

3. og 4. br. eru að eins orðabr.

5. br. hygg eg að mæli með sér sjálf.

Um aðalbr. við 7. gr. hefi eg áður talað.

10. br. er, að fyrir orðið „jarðeigna“ komi „fasteigna“.

Nefndin sá ekki ástæðu til að gera greinarmun þar milli húseigna og jarðeigna.

11. br. er að eins orðabr.

12. br. ætlast nefndin til að sé að eins orðabr. og hefir hún sett ákvæðin skýrari en í frv.

13. 14. og 15. br. eru að eins orðabr.

16. br. er sú, að nefndin vill setja í stað orðanna: „með veðrétti í eigninni er gengur“ orðin: „er ganga“, því að nefndin áleit vafasamt að orða það svo, að hér sé um veðrétt að tala.

17. br. er að orðin: „að jafnaði“ falli burt; ganga út frá því að ávalt séu greiddir vextir tillög og afborgun í einu lagi.

Um 18. og 19. br. hefi eg áður talað.

Br. 20.—23. eru orðabr.

Br. 24. Nefndinni þótti orðið „velta“ óviðkunnanlegt, en fann þó ekki betra orð að setja í staðinn.

Br. 25. Nefndin kunni heldur ekki við orðið: „klippingastofn“, vill hún heldur hafa orðið: „stofn“ á þeim stað, og orðið: „Talons“ til skýringar milli sviga.

26.—28. br. eru orðabr.

29. br. hefi eg áður minst á, og 30. og 31. br. eru afleiðingar hennar.

Br. 18. gr. (tölul. 32.) er að eins til skýringar, því nefndin áleit vafasamt, hvort orðin í frv. næðu til sjóða sem þó er hugsun sú, sem í gr. liggur.

33. og 34. br. eru einnig báðar að eins til skýringar.

Eg hefi svo eigi fleira um mál þetta að segja. Eg óska að háttv. þd. taki frv. vel, og sþ br.till. nefnd.

Landshöfðingi: Mér hefir þótt einkar vænt um að lesa þetta mál, og heyra það af vörum háttv. framsögm. (Kr. J.), að hann óskar frv. góðs byrjar, álítur það vel úr garði gjört og væntir að það muni ná tilgangi sínum.

Eg felst á orðabr. háttv. n. og efnisbr. hennar að miklu leyti, því að þær stefna eigi í þá átt að breyta að neinu leyti grundvallarreglum frv. Nefni eg í því till. br. við 11. gr., þar sem farið er fram á að setja inn áratöluna, til hve langs tíma lánin skulu í lengsta lagi veitt. Þeirri breyt. hefi eg ekkert á móti. Aftur á móti virðist mér vafasamari br. í sömu gr. um. að færa kostnaðartill. úr $^1/_2\%$ niður í $^2/_5\%$. Eins og háttv. framsögum. (Kr. J.) tók fram, er það eitt af aðalatriðum þessa frv. að búa svo um bankavaxtabréfin, að þau geti öðlast traust manna; en því fljótar sem varasjóður stofnunarinnar vex, því meira traust fá vaxtabréfin. Munurinn er að sönnu lítill, að eins 1 af 1000, en hann getur þá heldur ekki dregið lántakendurna svo sem neitt, en þar sem margt smátt gerir eitt stórt, getur hann dálítið munað veðdeildina, og varasjóður hennar vaxið nokkuð fljótar ef hærra markinu er haldið. Það er þó eigi svo að skilja, að eg vilji gjöra þetta að neinu kappsmáli; eg bendi að eins á það, af því að stj. og nefnd. kemur svo vel saman um það, að útvega þurfi vaxtabréfunum sem bezt traust, og því skuli eigi gera neina þá br. við frv. sem rýrt geti þetta traust. En eg álít þó heldur að það miði í þá átt, að færa gjaldið til varasjóðsins niður.

Eg vil taka undir með háttv. framsögum. og óska að háttv. þd. greiði sem bezt fyrir frv. eins og nefndin hefir gjört, samþ. allar br.till. hennar nema þessa, sem eg hefi minst á, og greiði á þann hátt gang þess.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það gladdi mig, og án efa alla nefnd. í heild sinni, að heyra það, að hæstv. landsh. er all ánægður með gjörðir hennar.

Mér er sannarlega heldur ekki kappsmál um þá br.till., að kostnaðartillagið sé fært úr $^1/_2$% niður í $^2/_5$%. Það er í sjálfu sér lítilræði. En eg vil þó benda á, að fyrir nefndinni vakti, að ákveðið er í frv. að tillagið skuli vera $^1/_2$% á ári af hinni upprunalegu upphæð lánsins Af þessu ákvæði í frv. leiddi það, að nefndin varð að álíta að tillagið yrði nægilega hátt, þótt það yrði ákveðið $^2/_5$% af hinni upprunalegu lánsupphæð. En sem sagt, eg ætlast ekki til þess, að neitt kapp verði lagt á það að halda fram þessari br.till.

ATKV.GR.: 1. og 2. gr. sþ. í e. hl. 1. br. við 3. og 4. gr. sþ. í e. hl.; 2. br. við 5. gr. sþ. án atkv.; 3.—13. br. við 5. —9. gr. sþ. í e. hl.; 13. br. við 10. gr. sþ. án atkv.; 14.—17. br. við 10. gr. sþ. í e. hl.; 18. br. við 11. gr. sþ. 10 : 1. 19. br. við 11. gr. sþ. í e. hl.; 11. gr. sþ. með 10 atkv.; 20.—26. br. við 11.—15. gr. sþ. í e. hl.; 27. br. við 16 gr. sþ. í e. hl.; 16. gr. sþ. í e. hl.; 28. br. við 17. gr. sþ. án atkv.; 29.—34. br. 17.—21. gr. sþ. í e. hl. Fyrirsögn frv. sþ. í e. hl. Vísað til 3. umr. í e. hl.

Þriðja umr. (C. 128.) 20. júlí.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Máli þessu hefir verið svo vel tekið hingað til hér í þessari háttv. deild. að eg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um það að þessu sinni, enda hafa engar breyt till. nú komið fram við það. Eg sé þess vegna ekki, að eg hafi annað að gera en biðja háttv. þd. að veita því hið sama fylgi, eins og hingað til, og láta það nú ganga viðstöðulaust til háttv. Nd.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Ein umr., (379, 396) 15. ágúst.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eins og háttv. deild er kunnugt, var þetta mál afgreitt til háttv. Nd. í miðjum síðasta mánuði. Þar var það tekið til meðferðar og farið vel með það. Háttv. Nd. hefir ekki gert neinar breytingar á því aðrar en þær, sem hún áleit hættulausar fyrir framgang málsins, bæði gagnvart Ed. og stjórninni. Nefndin í þessari deild hefir látið uppi álit sitt um breytingar þær sem háttv. Nd. hefir gert á frv., eins og sjá má á þingskj. 396 og leggur til að frv. verði samþykt, eins og það kemur frá háttv. Nd.

Frv. þessu hefir verið breytt í 3 atriðum. Eg skal leyfa mér að fara aftan að síðunum og minnast á síðustu breytinguna fyrst. Hún er að eins orðabreyting og er fólgin í því, að orðið „kauphöllinni“ í 18. gr., er sett i staðinn fyrir „kaupmannahöllinni“ og er ekkert frekar við það að athuga. Hinar 2 breytingarnar eru mikið verulegri, og snerta sjálft aðalefni málsins. Fyrri breytingin á 2. gr. frumv, fer í þá átt, að tillagið úr landssjóði sé ákveðið til 5 ára, í stað þess að í frumv., eins og það fór frá Ed., var það ákvðið til 10 ára. Nefndin hefir getað fallizt á þessa breytingu, af því að hún álítur, að það sé svo vel búið um þessa stofnun, að henni ekki muni verða neinn háski búinn með að standa straum af sér sjálf eftir 5 ár. En ef það ekki skyldi reynast svo, þá er altaf tækifæri á næstu þingum til að fá breytingar á þessu ákvæði í þá átt, að landsjóðsstyrkurinn verði ákveðinn fyrir lengri tíma. Af þessum ástæðum getur nefndin fallist á þessa breytingu h. Nd.

Að því er snertir hina breytingu háttv.

Nd. á 11. gr. frv., nfl. að kostnaðartillagið og gjaldið til varasjóðs sé hækkað úr $^2/_5$ % upp í $^1/_2$ %, þá hefir nefndin einnig getað fallist á hana, enda var upphaflega þannig ákveðið í frv. stjórnarinnar, sem sé að gjald þetta skuli vera $^1/_2$ % og úr því að þessi breyting var samþ. með mjög miklum meiri hluta í háttv. Nd., þá þykir nefndinni varhugavert, að fara fram á það, að þessu ákvæði sé aftur breytt, og eiga það á hættu, að málið rekist á milli deildanna og ef til vill falli fyrir þessa lítilfjörlegu breytingu, sem eigi hefir meiri gjaldhækkun í för með sér en $^1/_{10}$ %. Eg sé að háttv. þm. Barðstr. (Sig. J.) hefir komið fram með breyt.till., sem fer í þá átt, að færa kostnaðartillagið og gjaldið til varasjóðs úr $^1/_2$ % niður í $^1/_5$ %. Þessi ummæli mín eiga því einnig við breyt till. hans, og eg vil innvirðulega óska þess, að þessi háttv. þingd. fari nú ekki að gera breyting á frumv. og senda það aftur til Nd., því að það gæti orðið til þess að hefta framgang þess. Eg vil þess vegna leggja það til, að frv. verði samþ. óbreytt í öllum greinum eins og það kom frá háttv. Nd.

Sigurður Jensson: Eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till. við frumv. þetta vegna þess að eg veit ekki betur, en að bæði nefndin hér og margir aðrir sem eg hefi átt tal við um þetta mál, álíti óþarfa hækkunina á gjaldinu til varasjóðs úr $^2/_5$ % upp í $^1/_2$ %, og úr því að hún er óþörf, þá álít eg rangt að gera lántakendum erfiðara fyrir með að fá lán, þar sem það þó er meiningin með frumv. þessu, að gera mönnum sem bezt kjör í þessu efni. Ef nokkur hætta væri á því að mál þetta ekki væri nægilega trygt með því að samþykkja þessa br.till. mína hér í deildinni, þá mundi eg taka hana aftur, en úr því að svo er ekki, og úr því að þessi hækkun á gjaldinu til landsjóðs úr $^2/_5$ % upp í $^1/_2$ % er óþörf, þá álít eg það skyldu mína að koma fram með þessa breyt.till. á þingskj. 420.

Mér heyrðist háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) vera hræddur um, að það mundi gera framgang frumv. erfiðari í Nd. ef þessi breyt.till. mín yrði samþykt; en eg get með engu móti skilið það. Eg hefi heyrt menn úr nefndinni segja, að í Nd. væri mönnum ekkert kappsmál með þessa hækkun á gjaldinu.

Eg þarf ekki að tala meira fyrir þessari br.till. minni, en vona, að allir háttv. þd.menn séu mér samdóma um að það færi betur á að hún yrði samþykt.

Kristján Jónsson: Háttv. þm. Barðstr. (Sig. J.) talaði svo liðlega og laglega fyrir breyt.till. sinni, að eg þarf ekki að svara miklu upp á það. En það sem eg sérstaklega vil taka fram móti því, að breyt.till. verði samþykt, er það, að nú er orðið svo liðið á þingtímann, að álíta má varhugavert, að breyta frumv. nú fyrir smámuni og búa því nýjan hrakningaveg milli deildanna. Það er þetta, sem vakir fyrir mér, er eg mæli á móti breyt.till. háttv. þm. Barðstr. (Sig. J.)

Eg verð að vera á þeirri skoðun, að öllum þeim, sem vilja framgang þessa máls, hljóti að þykja það töluvert varhugavert, að láta frv. fara aftur til Nd. Úr því að vér alment erum sammála um að frv. sé góð réttarbót, eins og það nú liggur fyrir frá háttv. Nd., þá hygg eg ekki, að það sé vogandi að senda það aftur til Nd. fyrir jafn lítilfjörlega breytingu eins og þessi er, sem eigi nemur meiri gjaldhækkun en $^1/_{10}$ %. Hvernig sem á er litið, mundi einnig af því hljótast tímatöf og dálitill kostnaður, bæði við prentun frumv., korrektúr o. fl. Eg vona þess vegna að háttv. tillögumaður (Sig. J.) taki aftur breyt.till. sína.

Sigurður Jensson: Eg skil ekki að háttv. kgk. þm. (Kr. J.) skuli vera svo hræddur við að breyt.till. mín verði frv. til fyrirstöðu, eða til þess að spilla fyrir

framgangi þess; eg sé þess vegna ekki ástæðu til að taka hana aftur.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 420 feld með 8 gegn 2. Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Meðgjöf með óskilgetnum börnum.

FRUMVARP til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. (C. bls. 157).

Fyrsta umr. 5. júlí.

Júlíus Havsteen stakk upp á að sett yrði 3. manna nefnd til að íhuga frumv., samþ. e. hlj.

Kosnir:

Júlíus Havsteen með 9 atkv.
Kristján Jónsson — 6 —
Jón Jónsson — 5 —

1. umræðu frestað.

Framhald 1. umr. (C. 43) 12. júlí.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Eg skal ekki fara langt út í þetta mál að þessu sinni. Eg hugsa mér að það sé svo vaxið, að bezt sé að framsaga þess fari fram í einu lagi, og að þá sé farið bæði út í einstakar greinar og aðalmálið.

Eg skal því ekki fjölyrða um það í þetta skifti en að eins leggja það til, að það fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. 43); 14. júlí.

Framsögumaður (Julius Havsteen): Það sem helzt hefir þótt að lögunum 24. jan. 1890 um meðgjöf með óskilgetnum börnum, sem þetta frumv. er komið í staðinn fyrir, er ákvæðið í 3. gr. laganna, nefnilega um aðganginn að dvalarsveit barnsföður, að því er snertir greiðslu á meðlögum með óskilgetnum börnum hans.

Eins og það oft er örðugleikum bundið fyrir yfirvöldin að hafa upp á barnsföðurnum, svo er það og oftsinnis örðugt að hafa upp á dvalarsveit hans. Í öðru lagi er það ósanngjarnt að ganga að dvalarsveitinni með greiðslu á barnsfúlgunni, vegna þess, að hún getur oft ekki fengið fúlguna endurgoldna, þar sem skilyrðið fyrir því, að hún geti fengið framlag sitt endurgoldið hjá framfærslusveit barnsföðursins, er eftir lögunum það, að hún hafi reynt til að innheimta það (með lögtaki) hjá föðurnum, en nú getur það komið fyrir, að krafan hafi komið svo seint til hennar, eða eigi fyrri en lögtaksréttur sá, sem meðlagskröfunni fylgir, eitt ár frá því hún féll í gjalddaga, er að hverfa, og fær þá dvalarhreppurinn að sitja með það að fá ekki fúlguna endurgreidda hjá framfærslusveit barnsföður. Í „praxis" hafa stjórnarvöldin reynt að bæta úr þessu þannig, að ef ekki hefir verið hægt að finna dvalarsveit barnsföður, þá hefir verið gengið beint að framfærslusveit hans. En ef dvalarsveitin hefir greitt barnsfúlguna, án þess að geta síðar fullnægt fyrnefndu skilyrði, hefir henni samt verið úrskurðaður réttur til þess að fá fúlguna endurgoldna hjá framfærslusveitinni, og er þá bygt á því, að hún ávalt hefði aðgang að barnsföðurnum um endurgjald, samkv. lögum 4. nóvbr. 1887 um sveitarstyrk og fúlgu, því framlagið fyrir föðurinn er skoðað sem fátækrastyrkur honum veittur. Með þessu nýja lagaboði eru settar langtum hagkvæmari reglur en áður fyrir greiðslu á meðlögum með óskilgetnum börnum. Eg þykist ekki þurfa að útlista það frekar; hinir h. þingm. geta lesið frv., og munu þeir þá sjá, að það er mikil réttarbót í því.

Eg skal svo leyfa mér að minnast stuttlega á breytingar þær, sem gerðar hafa verið við hinar einstöku greinar frumv.; þær eru sumpart efnisbreytingar en sumpart að eins orðabreytingar.

Í 1. gr. er slept úr fyrirskipunum um aldur barnsföður og fæðingarstað, með því að það getur oft valdið umsvifum að útvega upplýsingar um það, og ef þær ekki standa í úrskurðum amtmanns, þá geta

menn ef til vill vefengt gildi þeirra, og þess vegna höfum vér álitið það nægja, að tilgreindar séu upplýsingar um framfærslusveit barnsföðursins, þó því að eins ef unt væri; hlutaðeigandi yfirvald mun vitanlega á hinn bóginn setja ávalt í úrskurði sína allar þær upplýsingar, sem kostur er á að fá um framfærslusveit barnsföðursins.

Í 2. gr. frumvarpsins er bætt orðunum „ef þörf gerist“ og er greinin þá alveg eins og hún er í lögunum 24. jan. 1890. Það er ef til vill ekki beinlínis þörf á þessari viðbót, enda mun það koma sjaldan fyrir, að barnsmæður heimti kostnað þann, er þar er um að ræða.

Fyrirmælum í 3. gr. frumv. um að ekkju barnsföður sé skylt að greiða meðlög með óskilgetnum börnum hans — eigi að eins með þeim, sem fædd eru fyrir hjónabandið, heldur með þeim, sem getin eru fyrir það, — hefir nefndin viljað breyta þannig, að þau nái að eins til þeirra barna, sem fædd eru fyrir hjónabandið; en ekki líka til þeirra, sem getin eru fyrir það. Með þessu móti verður komist hjá því að viðhafa rannsóknir um það, hvenær barnið sé komið undir, og er nóg að hafa þær í barnsfaðernismálum.

Á 4. gr. eru að eins orðabreytingar, en nokkuð margar, þar sem nefndinni virtist orðfærið á greininni víða miður heppilegt; með orðunum: „af hinu opinbera“, hélt eg, er eg fór fyrst fljótlega yfir frumv., að átt væri við landssjóð. Vitanlega var hér átt við sveitarfé, og í stað nefndra orða setti nefndin því orðin: „af sveitarfé“. Orðin: „þótt eftirlýst eftir þörfum“ hefir nefndin felt úr; það stendur í sambandi við breytingu þá, sem hún hefir gert við 6. gr.

5. gr. ráðum við til að sé feld úr frv. Ákvæðið þar um „normal“ meðlag er eigi nauðsynlegt hér á landi og er að áliti nefndarinnar að eins til að valda umsvifum. Nú er alment meðlag 40 kr. í sveitum en 50 kr. í kauptúnum og við sjó. Við álitum ekki þörf á sérstökum reglugjörðum um þetta. Það er að eins til að valda umsvifum og er þýðingarlaust í sjálfu sér að meðhöndla einn hluta af meðlagi, og það oft lítinn hluta af meðlaginu, öðruvísi en hinn, og það á bezt við, að láta meðlagið alt sæta sömu kjörum; og legg eg því áherzlu á, að 5. gr. sé slept.

6. gr. frumv. þótti nefndinni við eiga að skift væri í 2 greinar, þannig, að 5. gr. nái yfir tvo fyrstu málsliðina, en 6 gr. yfir þriðja málsliðinn.

Úr síðasta hluta 6. gr. frumv. er slept ákvæðinu um, að lögreglustjóra skuli heimilt að lýsa eftir barnsfeðrum, og eru ástæðurnar fyrir því teknar fram í nefndarálitinu.

Við 7. gr. eru að eins orðabreytingar.

Eg skal svo ekki fara frekar út í þetta mál að þessu sinni, og bið þess, að h. þingdm. láti nefndina vita, hvort þeir álíti þörf á að breyta frumv. meir en gert hefir verið, eða hvort þeir séu ánægðir með það eins og það nú liggur fyrir.

Landshöfðingi: Eg er þakklátur hinni h. nefnd fyrir undirtektir hennar undir þetta frumvarp stjórnarinnar.

Eins og hinn h. flutningsm. (J. H.) tók fram, þá eru flestar þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frumv., að eins orðabreytingar; efnisbreytingarnar eru ekki svo margar, að þær raski þræði frv.

Hinn h. framsögum. (J. H.) tók fram ástæðurnar fyrir því, að stjórnin vildi breyta lögunum 24. jan. 1890 um meðgjöf með óskilgetnum börnum. Eg vona að öllum hinum h. þingmönnum geti skilist, að það sé mikil réttarbót í því fólgin, að frumv. þetta verði að lögum; en þó efnisbreytingarnar séu ekki margar, þá finst mér samt, að þeim mætti fækka.

Eg álít æskilegt, að 1. gr. haldist óbreytt, eða að minsta kosti lítið breytt. Það er hentugt, að í úrskurði amtmanns komi sem flestar upplýsingar um barns-

föðurinn, fæðingarstað og um framfærslusveit hans og allar aðrar upplýsingar, sem kostur er á. Það er ef til vill óheppilegt, að það sé skipun, eins og það nú er orðað í frumv.; en ef því væri vikið við og sagt: „að svo miklu leyti sem hægt sé", þá held eg ekki, að það gæti gjört amtmönnunum mikinn óleik. Það er ekki meiningin, að amtmaðurinn skuli gera sérstakan rekstur með að ná í allar þessar upplýsingar, heldur að hann tilgreini þær upplýsingar, sem hann hefir fyrir hendi, þegar hann kveður upp úrskurð sinn.

Breyt.till við 2. gr. álít eg ekki vera til skaða, en hún er óþörf, af því að það kemur ekki til, að barnsföður sé þröngvað til að greiða þann kostnað, sem þar ræðir um, nema því að eins að þörf sé á því. Að þessi orð, sem stóðu í lögunum frá 1890, voru feld úr frv. stjórnarinnar, kom til af því, að þau þóttu óþörf og því eigi rétt að hafa þau.

Við 3. gr. hefi eg ekkert að athuga annað en það, að efnisbreytingin „fædd" fyrir „getin", er til bóta.

Við 4. gr. hafa að eins verið gjörðar orðabreytingar. Eg sé ekkert á móti að fella burt ákvæðið í 6. gr., um að lýsa eftir barnsfeðrunum. Aftur á móti finst mér ekki þörf á að fella burtu 5. gr. frv. Það er að vísu satt, að það er óþarfur úrskurðurinn um meðalfúlguna, og því get eg fallist á að fella burtu síðustu málsgreinina í 5. gr., en hitt vil eg að standi, nefnilega að leggja ekki hærri byrði á dvalarsveit barnsmóðurinnar en venjulegt er, að fátækir barnsfeður borgi í meðlag í þeirri sveit, er barnið er fært fram.

Ef ákveðin væri hærri fúlga, þá er það hart fyrir dvalarsveit móðurinnar að leggja hana fram. Mér finst það því ekki þurfa að valda neinum erfiðleikum í framkvæmdinni. Þótt meira sé heimtað af barnsföður en dvalarsveit móðurinnar.

Eg vil þess vegna að fyrri partur 5. gr. sé látinn standa, þótt síðasta málsgreinin sé feld. — Við breytingarnar á 6. gr. hefi eg ekkert að athuga, og því síður við 7. gr., þar sem henni að eins hefir verið breytt að orðalaginu til. Eg skal svo eigi fjölyrða frekar um breytingar nefndarinnar, en vona, að hin h. þingd. samþykki frumv. með þeim breytingum, sem eg hefi ekki lagt á móti.

Framsögumaður (Julius Havsteen): Eg er ekki mjög mótfallinn því, að 1. gr. verði orðuð eins og stendur í frumv. stjórnarinnar, ef bætt væri inn í hana orðunum: „ef unt er". Eg hefi reynslu fyrir því, hversu miklar vífilengjur og skriftir fram og aftur það kostar að fá sannar skýrslur um aldur barnsföðurs og fæðingarstað o. s. frv., svo að maður getur jafnvel átt það á hættu, að engan úrskurð sé hægt að kveða upp, ef heimtað er í lögunum sjálfum, að allar þessar upplýsingar skuli standa í úrskurðinum. Eg verð því að álíta heppilegast, að reglurnar séu í þessu atriði sem allra einfaldastar.

Hæstv. landshöfðingi er eigi samdóma nefndinni um, að fyrri hluti 5. gr. megi falla burt, hann vill að hún standi, þótt síðasta málsgreinin sé feld. En eg held það sé að eins til þess að auka fyrirhöfn, að halda þessum fyrirmælum, og hver á að ákveða þetta „normal"-meðlag? (*Landshöfðingi:* amtmennirnir). Eg vil helzt vera laus við að gera þennan greinarmun; hann er að jafnaði mjög lítill, ef nokkur yrði. Eg man að eins eftir einu tilfelli viðvíkjandi meðlagi með óskilgetnu barni, þar sem það hefði átt við, að hafa „normal"-meðlag. Barnsfaðirinn, sem var öreigi og flækingur, gekk inn á það við sátt fyrir lögreglurétti að greiða langt um hærra meðlag með barninu, heldur en venja var til; hann gjörði það að eins framfærsluhrepp sínum til bölvunar, sem sé í þeim tilgangi, að láta hann þurfa að borga sem mest; sjálfur greiddi faðirinn ekki einn eyri og gat ekki. En á eftir var ekki tekið tillit til þessarar sáttar.

Mér þætti vænt um að losast við 5. gr. alla; hún veldur að eins umsvifum, eins og eg hefi sagt.

ATKV.GR.: br. n. við 1. gr. sþ. með 7. atkv.; br. n. við 2. gr. sþ. með 8. atkv.; 2. gr. sþ. í e. hl.; 1. br. við 3. gr. sþ. í e. hl.; 2. br. við 3. gr. sþ. í e. hl.; 3. br. við 3. gr. sþ. í e. hl.; 3. gr. þannig sþ. í hl.; br. n. við 4. gr. sþ. í e. hl.; br. n. að 5. gr. falli burt, sþ. með 9. atkv.; br. n. við 6. gr. sþ. með 10. atkv.; 2. br. við 6. gr. sþ. í e. hl.; 6. gr. þannig sþ. í e. hl.; að 6. gr. verði 5. og 6. gr. sþ. í e. hl.; br. n. við 7. gr. sþ. í e. hl. Frv. vísað til 3. umr. í e. hl.

Þriðja umr. (C. 72, 75) 17. júlí.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Það er hér komin fram br.till. frá hæstv. landsh. við 1. gr. frv. sem fer fram á, að í stað orðanna: „upplýsingar um framfærslusveit hans, ef unt er", komi: „upplýsingar þær, er fyrir hendi eru, um aldur hans, fæðingarstað og framfærslusveit". Eg hefi borið mig saman við meðnefndarmenn mína um br.till. þessa, og höfum vér ekkert á móti því að hún komist að í frv., með því þá er ekki fyrirskipað að upplýsingar þessar skuli ávalt vera í meðlagsúrskurði, heldur að eins þá, er þær eru fyrir hendi. Eg vil því leggja það til að br.till. verði samþ.

ATKV.GR.: br.till. (72) sþ. í e. hl. Frv. sþ. í e. hl. og afgr. til Nd.

Ein umr. (C. 440, 458.) 19. ágúst.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Frv. þetta er nú komið aftur hingað til deildarinnar eftir langa og stranga útivist eins og útlit þess ber með sér. Það hefir orðið fyrir svo miklum breytingum, að þær hljóta að hafa kostað háttv. Nd. langar umr.

Breytingarnar sem eg á við, eru gerð á 3. og 4. gr. — Í 3. gr. er rýmkaður mjög mikið réttur óskilgetinna barna til að fá ígildi ákveðinnar fúlgu úr búi föðursins, þar sem þessi réttur er veittur óskilgetnum börnum ekkils alment, þótt skilgetin börn hans séu á lífi. Eg skal líka geta þess, að í nefndarálitinu hefir slæðst ein villa, þar sem sagt er að með ákvæðum greinarinnar sé fjártökuréttur þessi heimilaður óskilgetnum börnum ekkils, sem fædd eru fyrir síðara hjónaband hans. Þetta er ekki rétt, heldur nær þessi réttur, eins og eg sagði, til allra óskilgetinna barna, hvort sem þau eru fædd fyrir síðasta hjónaband barnsföður eða ekki. Það er einungis þegar ekkja barnsföðursins er á lífi, að að eins þeim óskilgetnum börnum er lagt út fé úr búinu, sem fædd eru fyrir síðasta hjónaband. — Þessi rýmkun á rétti óskilgetinna barna er að áliti nefnd. mjög sanngjörn, en eg skal fúslega játa, að eitthvað megi tilfæra á móti henni, og í rauninni verður það „smagsag" hvað réttast er og heppilegast í þessu tilliti. Önnur br., sem háttv. Nd. hefir gert á 3. gr., er, að hún hefir bætt inn í orðunum: „er ekkja eða skilgetin börn barnsföðurs eru á lífi". Þessi orð eru einungis til skýringar.

4. gr. kemur nú fram í alt annari mynd en þeirri, sem hún hafði þegar hún fór frá þessari deild, að undanskildum síðasta málslið gr., sem Nd. hefir haldið óbreyttum. Breytingarnar miða að því að gera barnsmóðurinni hægra fyrir að ná í fúlguna, með því að hún getur snúið sér umsvifalaust til sinnar eigin dvalarsveitar og heimtað meðgjöfina. Eftir ákvæðunum í hinum núgildandi lögum verður móðir óskilgetins barns að snúa sér til dvalarsveitar föðursins, sem vitanlega oft og tíðum er miklum erfiðleikum bundið. Eftir frv. stjórnarinnar og Ed. var þessu að vísu breytt á þá leið, að barnsmóðirin átti aðganginn að sinni dvalarsveit, en hún varð þó að gæta ýmislegs fyrst, áður en hún gæti snúið sér að dvalarsveit sinni. Nú er þessu breytt í frv. Nd. þannig að hún get-

ur snúið sér beint að dvalarsveit sinni. Eg get nú búist við að menn kunni að hafa ýmislegt að finna að þessu fyrirkomulagi. Fyrst geta menn þá komið með þá aðfinningu, að með þessu væri föðurnum ekki gert neitt aðvart eða hann krafinn um fúlguna. En þessi aðfinning getur svo eigi haft neina verulega þýðingu, því eftir gildandi lögum 24. jan. 1890 er það nóg, að barnsfaðirinn hafi ekki í tíma borgað meðgjöfina, til þess að móðirin geti snúið sér til dvalarsveitar hans og heimtað fúlguna. Þá get eg hugsað að menn komi með þá aðfinningu, að móðirin geti eftir þessari gr., eins og háttv. Nd. vill hafa hana, heimtað fúlguna jafnvel þótt hún sé vel efnum búin og þess vegna ekki hafi þörf á að leita til dvalarsveitarinnar. Þessi aðfinning hefir að minni hyggju heldur ekki mikla þýðingu, því fyrst og fremst mun sú barnsmóðir, sem er vel efnum búin, varla snúa sér til amtsmanns til að fá úrskurð, og þótt hún hafi gert það, þá mundi hún ekki snúa sér til dvalarsveitarinnar, heldur beint til sýslumanns og biðja hann um að taka fúlguna með lögtaki hjá barnsföðurnum.

Mér finst yfir höfuð að tala mikið unnið með þeim br., sem Nd. hefir gjört á 4. gr. frv.; bæði eru ákvæði þess mikið óbrotin og eins er barnsmóður með því gert langtum hægra fyrir að ná rétti sínum en nú. Það er nóg fyrir hana að snúa sér með úrskurð amtsmanns beint til sinnar eigin hreppsnefndar og það getur engin spurning orðið um, hvort konan sé fær um að sjá fyrir barninu eða ekki án annara hjálpar, heldur er hreppsnefndin skyldug að taka beiðni hennar til greina án nokkurra frekari rannsókna um efnahag hennar.

Hinar tvær breytingarnar á 5. og 6. gr. eru orðabreytingar. Raunar er 6. gr. orðuð á alt annan hátt en áður, en þar sem meiningin er alveg hin sama, þá finn eg ekki ástæðu til að tala frekar um hana, en vil leggja það til í nafni nefndarinnar, að hin háttv. þd. sþ. frv. óbreytt eins og það liggur hér fyrir.

Landshöfðingi: Eg get í flestum atriðum verið samþykkur háttv. framsm. (J. H.). Eins og hann tók fram, þá eru aðalbreytingar háttv. Nd. við 3. og 4. gr. frv. Að því er snertir breytingarnar á 3. gr., þá verð eg að álíta þær til bóta. Það er ekki hægt að bera á móti því, að eftir frv. var talsvert misrétti á milli óskilgetinna barna og skilgetinna, og eins millum óskilgetinna barna innbyrðis. Eftir ákvæðum stjórnarfrumv. var það þannig, að þegar faðirinn hafði eftirlátið sér skilgetin og óskilgetin börn, þá gátu hin síðarnefndu heimtað fúlguna úr dánarbúinu sem skuld, er hvildi á því, ef þau væru getin fyrir síðasta hjónaband, en væru þau getin eftir það, gátu þau ekkert heimtað. Eg skal líka taka það fram, að eftir stjórnarfrv. væru óskilgetin börn ekkils, sem voru fædd eftir að hann varð ekkill, útilokuð frá barnsfúlgu, ef skilgetin börn væru á lífi. Þetta var nokkuð hart, en þetta getur nú ekki komið til greina. Það er líka frv. til bóta þetta, sem skotið hefir verið inn í greinina, að meðgjöf sú, er greidd er með óskilgetnu barni, megi ekki nema meiru fé en því, sem það hefði fengið í arf, ef það hefði verið skilgetið. Þetta hefir þá þýðingu, ef búið er þrotabú, að þar sem barnið, eftir frumv. stjórnarinnar, hefði orðið að skoðast sem creditor búsins og þannig fengið hlutfallslega á við aðra creditora búsins, þar sem aftur á móti hið skilgetna barn í þessu tilfelli hefði ekki getað fengið einn eyri í arf, þá getur þetta nú ekki komið fyrir, með því ákvæði að óskilgetið barn geti ekki fengið meira framfærslufé en arfur þess hefði orðið, ef það hefði verið skilgetið og þannig er komið í veg fyrir þetta misrétti með óskilgetnum og skilgetnum börnum, sem virtist mjög óeðlilegt.

Þá eru breytingarnar á 4. gr. og er eins og háttv. framsm. (J. H.) tók fram, sérstaklega að búast við tveimur mótbárum á móti þeim. Eg skal játa að það er mikill kostur á þessum breytingum, að móðurinni er gert svo miklu hægra fyrir að ná inn fúlgunni og þessi kostur er kanske meira virði en aðfinningarnar. Það, sem sérstaklega mun fundið að þessum breytingum, er það, að það mun þykja nokkuð hart fyrir dvalarsveit móðurinnar, að hún er skylduð til að borga út fúlguna án þess reynt sé til að ná henni fyrir tilstilli dvalarhrepps föðursins. Eg býst við að sumir kunni illa við þessi ákvæði, og að þau geti orðið til þess, að mæður með óskilg. börnum verði hraktar sveit úr sveit.

Hvaða álit stjórnin kann að hafa á þessum breytingum get eg ekki sagt, en eins og eg tók fram, þá er þessi kostur með innheimtu fúlgunnar fyrir móðurina meira virði en aðfinningarnar, og eg verð því að ráða háttv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt eins og það kom frá Nd., með því líka eg er hræddur um að háttv. Nd. vilji ekki ganga inn á annað, en að móðurin geti fengið fúlguna strax hjá sinni eigin dvalarsveit.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh., sem *lög frá alþingi.*

Stofnun landsspítala.

FRUMVARP til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík (C. 100); 1. umr. 18. júlí.

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Eg hefi leyft mér að bera fram frv. þetta; en af því þetta er svo mikilvægt mál, og þarf ítarlegrar og rækilegrar íhugunar við, þá virðist mér æskilegt að nefnd verði skipuð í það Eg vil þess vegna leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd. Hallgrímur Sveinsson stakk upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: 5 manna nefnd feld með 6 gegn 4; 3 manna nefnd sþ. með 9 atkv.

Kosningu hlutu:

Jónas Jónassen 10 atkv.
Kristján Jónsson 5 atkv.
Júlíus Havsteen 4 atkv.

Framhald 1. umr. (C. 100, 244) 31. júlí.

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Eins og háttv. þingd. er kunnugt, var stjórninni falið á hendur á síðasta þingi að fá upplýsingar um, hve mikið mundi kosta spítali fyrir 45 sjúklinga. Þetta hefir stjórnin nú gert og komið með áætlun til þingsins um spítala, er kosta ætti yfir 200 þús. kr. Þetta er auðvitað sama sem að segja: „Þið getið ekkert gert í þessu efni“. Yfir 200 þús. kr. kostnaður til spítala er alt of mikið fyrir landssjóð, og þess vegna var ekki tiltökumál að bera slika áætlun fram.

Eg hefi talað við annan smiðinn og spurt um, hve mikið mundi kosta að byggja spítala fyrir 40 sjúklinga; hann hélt að það mundi mega gera það fyrir 120—130 þús. kr. og þess vegna kom eg fram með frv.

En þegar til nefndarinnar kom, þá komst hún, eftir nákvæmlega íhugun, að þeirri niðurstöðu, að 130 þús. kr. væri alt of mikil upphæð fyrir landssjóð, og að ekkert útlit mundi vera til þess, að þingið samþykti hana, og þess vegna færðum við upphæðina niður í 50 þús kr. í von um að þingið mundi ganga að því.

Eg þykist vera viss um, að það sé vilji stjórnarinnar, alþingis og þjóðarinnar í heild sinni, að þeir menn, sem leggja stund á læknisfræði og eiga að verða læknar þjóðarinnar, verði sem bezt færir um að gegna þeim starfa. Eg er sannfærður um að hin bóklega kensla, sem læknisfræðisnemendur fá við læknaskólann hér, er mjög vel viðunanleg, og stendur ekki mikið að baki kenslunni við há-

skólann í Kaupmannahöfn; en það er eitt skilyrði sem vantar hér við læknaskólann til þess að kenslan geti orðið í góðu lagi; það vantar sjúklinga. Þetta skilyrði stendur í svo nánu sambandi við kensluna, að það er ekki hægt að aðskilja það frá henni. Það er landinu fyrir beztu að fá sem færasta lækna frá skólanum, en til þess vantar aðalskilyrðið nfl. sjúklinga. Það er sama hugsunarleysi að stofna læknaskóla og aðalskilyrðið vantar, nfl. sjúklingana, eins og ef landssjóður gerði út 12 menn, sem væru úrsmiðir, og sendi þá til manns, sem verzlar með úr, sem ganga; en þegar þeir vilja fræðast um hvernig gjöra skuli við þau ef þau skemmast, þá svarar hann: „Það get eg ekki sagt ykkur". Þið verðið að fara til þeirra, sem gera við úr til þess að fræðast um það; en þá þurfa þessir menn að fá styrk til þess.

Alveg eins er hér ástatt að miklu leyti. Læknisfræðisnemendur fá svo litla verklega æfingu að hún er ekki lengur viðunandi. Það er þess vegna brýn nauðsyn á að gera eitthvað til þess að ráða bót á þessari vöntun. Það má ekki vera minna en að hér sé einhver spítalamynd sem kostaði að minsta kosti 50 þús. kr. auk útbúnaðar; ef slíkur spítali fengist hyggur nefndin að mikið væri unnið.

Landssjóður hefir hingað til verið allríflegur með fjárframlög til skólans en naumur með þetta skilyrði. Af því að við höfum læknaskóla þá þurfum við að fá spítala, og þar af leiðir aftur að landssjóður verður að leggja fram fé til þess. Í öðru lagi er það minkun fyrir landið, að hér sé ekki nægilega stór spítali til að taka á móti sjúklingum, sem leita hingað til þess að fá læknishjálp. Húsnæðið á spítalanum, sem við nú höfum, er af svo skornum skamti, að hann getur að eins tekið á móti mjög fáum sjúklingum, sem til hans leita. Oft hefir orðið að vísa sjúklingum burt og koma þeim fyrir út um bæ, og getur oft verið mjög erfitt að útvega þeim húsnæði í bænum. Eins og eg áður hefi tekið fram, þá er landsspítalinn bráðnauðsynlegur vegna læknaskólans.

Reynslan sýnir að spítalinn er mest sóttur af mönnum utan af landi, en minst héðan úr Reykjavík. Spítalinn er þess vegna ekki fyrir Reykjavík heldur fyrir landið. Eg skal svo ekki fjölyrða að þessu sinni en við 2. umr. mun eg gjöra grein fyrir breytingum þeim, sem nefndin hefir gert á frv.

Það er háttv. Nd. að þakka að læknamálinu hafa verið veittar svo góðar viðtökur, að það hefir verið afgreitt sem lög frá alþingi, en það hefði ekki orðið, ef þessi háttv. þd. hefði ekki tekið heiðarlega í málið. Eins vona eg nú að þessi háttv. þd. sýni þessu máli sömu velvild og lofi því að ganga til 2. umr. og veiti því fylgi sitt. Þetta mál hefir oft verið fyrir þinginu, en verið flaustrað af án þess að menn hafi hugsað um hve þýðingarmikið það er, sérstaklega fyrir þá menn, sem takast á hendur hið ábyrgðarmikla embætti að vera læknar.

Sigurður Stefánsson: Mér dettur ekki í hug að rengja það sem h. framsögum. hefir tekið fram í þessu máli. Eg veit að hann talar af mestu þekkingu um það af öllum í þessari þd. Eg skal alls ekki neita því, að nauðsyn sé á að fá spítala hér í Reykjavík; en hvaðan á að fá fé til þess að koma honum á stofn? Er ástandi voru í fjárhagslegu tilliti þannig varið nú, að gerlegt sé að auka svo stórkostlega gjöld landssjóðs sem hér er gert ráð fyrir. Eins og kunnugt er hefir þingið nú sþ. ný lög um læknakipunina hér á landi, þar sem gjört er ráð fyrir 20 þús. kr. auknum útgjöldum á ári fyrir landssjóð. Það er ekki svo að skilja, að eg sjái eftir því að verja fé til spítala; en þótt það sé nauðsynlegt fyrirtæki, þá verðum við fyrst að líta á hið fjárhagslega

ástand landssjóðs og sníða oss stakk eftir vexti. Við erum ekki komnir hingað á þing til þess að ausa út fé landsins, til hvers sem oss svo að segja dettur í hug, og eftir því sem nú er ástatt, heldur er það skylda okkar að hugsa okkur vel um, hvort þetta fyrirtæki ekki mætti dragast þangað til fjárhagurinn yrði ögn betri en nú lítur út fyrir að hann verði. Þótt eg fullkomlega viðurkenni að spítali sé nauðsynlegur hér í Reykjavík, þá virðist mér margt mæla með því, að láta það bíða fyrst um sinn. Það getur verið hagnaður af að láta það dragast ef tekið er tillit til þess, sem háttv. framsögum. tók fram, þar sem hinn áætlaði kostnaður stjórnarinnar til spítalans er 200 þús., eftir frv. h. framsögum. 130 þús, en nú eftir áætlun nefndarinnar fært niður í 50 þús. kr. Eg get hugsað mér að það mætti spara enn þá meira með því að láta það dragast. Spítali sá sem hér er nú, er ekki gamall; mér dettur í hug hvort ekki mætti stækka hann svo, að hann gæti dugað 5—6 ár. Til þess þarf ekki 50 þús. kr., það mætti sjálfsagt fyrir miklu minni upphæð gjöra hann svo úr garði, að hann gæti orðið viðunandi.

Það hefir verið tekið fram, að það væri sérstaklega nauðsyn á landsspítala hér vegna læknaskólans, og að vöntun slíks spítala gerði kensluna mjög ófullkomna. Þetta get eg fullkomlega fallist á. En eg hygg að það sé að öðru leyti minni ástæða til landsspítala í Reykjavík hér eftir en hingað til, sérstaklega að því er aðsókn að spítalanum snertir, þar sem nú eru komnir spítalar í öllum stærstu kaupstöðum landsins, nfl. Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Það ætti þó heldur að draga úr aðsóknninni til Reykjavíkur; spítalinn yrði þá mest sóttur af mönnum í Reykjavík. Mér finst það ekki sæma höfuðborginni ef hún ekkert vill leggja til slíkrar stofnunar, þar sem smábæirnir hafa reist spítala af miklum áhuga en litlu fé. Eg held ekki að hér sé þörf á nýjum spítala; eg vil að minsta kosti láta reynsluna skera úr því, og legg það til, að reynt sé að bjargast við þann spítala, sem við nú höfum í Reykjavík. Eg vil því í þetta sinn veita fé til þess að stækka þenna spítala og gera svo við hann, að hann geti orðið viðunanlegur; en eg er í efa um, hvort það sé rétt að bæta nú 50 þús. kr. við tekjuhalla landssjóðs til spítalabyggingar, eins og h. nefnd hefir lagt til.

Í hvaða átt sem litið er, sýnast ástæður almennings ekki vera þannig vaxnar, að gerlegt sé að auka gjöld landssjóðs, þar sem ganga má að því vísu, að þetta næsta fjárhagstímabil, sem nú er fyrir höndum, endi með stórkostlegum tekjuhalla.

Af þessum ástæðum, sem eg nú hefi tekið fram, er eg heldur á móti því, að mál þetta sé afgreitt sem lög frá þinginu í þetta sinn.

Hallgrímur Sveinsson: Eg skal lýsa því yfir, að eg þykist í nokkrum vanda staddur með þetta mál.

Að einu leyti dylst mér eigi, hve mikið nauðsynjamál það er fyrir Reykjavík, bæði sem hinn stærsta kaupstað landsins og sem aðal-miðstöð landsins í mörgum efnum, að vera betur útbúin að því er spítala snertir en nú er, og sér í lagi vegna læknaskólans. En hins vegar er, eins og h. þm. Ísf. (Sig. St.) tók fram, á það að líta, að landssjóður sé ekki ofhlaðinn gjöldum.

Fjárhagur landsins og ástand er nú sem stendur þannig, að nauðsyn ber til að hlífa sér við kostnaði til alls þess, sem um verður sagt að reki ekki því harðara á eftir, og það má að nokkru leyti segja um það fyrirtæki, sem hér ræðir um. Það má segja sem svo, að eins og það hafi dregist ár frá ári, og það hafi komist af hingað til, eins geti það komist af hér eftir. En afkoman hefir reyndar ekki verið góð, og það er víst óhætt að segja

það, að það er dálítið óþægilegt fyrir höfuðstað landsins, að allmyndarleg sjúkrahús eru komin upp á Akureyri, á Ísafirði og á Seyðisfirði, en að Reykjavík skuli standa í þessu efni í sömu sporum, sem hún hefir gert um síðustu 30 ár. Þegar um þess konar nauðsynlegar og mikilvægar stofnanir er að ræða, þá er það venja annarsstaðar, að fyrst koma höfuðborgirnar og síðan hinar smærri. En hér hefir rekspölurinn verið sá, að Reykjavík stendur í stað, meðan minni kaupstaðir hafa nokkurn veginn bætt úr spítalaþörf sinni. En svo óviðkunnanlegt sem þetta er, þá má að öðru leyti segja, að Reykjavík sé ekki svo nauða-illa stödd vegna þess að hún hefir spítala, þó ófullkominn sé. En spítalinn hèr hefir í sannleika verið allsendis ófullnægjandi, að minsta kosti 20 síðastliðin ár, bæði vegna þess, að aðrir kaupstaðir fara fram úr, og vegna þess, að aðsóknin af landinu verður meiri og örari en áður. Og þó að menn viti, að landssjóður hefir í mörg horn að líta, þá virðist bera nauðsyn til, að hann láti þetta mál til sín taka.

En hér kemur annað til greina. Eftir þeim skýrslum, sem fyrir munu liggja frá stjórninni um kostnað við að reisa hér spítala fyrir um 45—50 sjúklinga, er svo að sjá, að hér þurfi stórfé til. Það er nokkuð yfir 200,000 kr., sem hún hefir ætlast á að þyrfti til spítalabyggingar. Þegar nú þess er gætt, að stjórnin hefir talið kostnaðinn á þriðja hundrað þúsund krónur, þá finst mér vera mjög mikil hætta á, að það muni vera alt of lítið, sem h. nefnd hér fer fram á, svo að þótt þingið veiti það, þá reynist þetta fé alt of lítið. Stjórnin er bundin við það, að hafa spítalann nokkurn veginn eftir kröfum læknaskólans, og ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, að fé það, sem þingið veitir, sé alt of lítið, þá virðist mér vera komið í töluvert óefni. Eg fyrir mitt leyti er hræddur um, að h. nefnd hafi lagt of lítið í sína áætlun, og mér finst að stökkið frá 200,000 kr. niður í 50,000 kr. sé of stórt. Annaðhvort hefir sá spítali, sem stjórnin hefir gert ráð fyrir, verið óþarflega stór og mikilfenglegur, eða þá að þessi spítali, sem nefndin leggur til að bygður sé, verður alt of lítill og fátæklegur, og er þá úr mjög vöndu að ráða.

Eg fæ eigi séð yfir höfuð, að hér sé fyrir hendi sá undirbúningur, sem nauðsynlegur er til þess, að þingið geti ráðið þessu máli til lykta, og eg er hræddur um, að þó þingið samþykki það, sem h. nefnd fer fram á, þá verði niðurstaðan sú, að kröfurnar verði of litlar, og að stjórnin segi, að slíkur spítali muni með öllu ófullnægjandi og það verður þá að bíða næsta þings, og er þá mjög vafasamt hvort málinu skilar betur áfram með þessu móti, en með að bíða enn næstu tvö ár, og fela stjórninni enn á ný undirbúning þess. Við það er aðgætandi, að hér er spítalahugmyndin í smærri stíl en í áætlun stjórnarinnar, þar sem sjúklingatalan er minkuð hér um bil um helming. Nú segir það sig sjálft, að þó sjúklingatalan minki, þá muni sum útgjöld ekki minka að sama skapi, svo sem eru útgjöldin við stjórn og umsjón spítalans, og ýmsa þjónustu á honum, því að það getur ekki minkað eins mikið og sjúklingatalan.

Eg vil því fá að vita, hvort menn hefðu nokkra von um, að þessi spítali, sem gert er ráð fyrir, mundi geta sameinast þeim spítala, sem er hér á staðnum, og hvort Reykjavík mundi ekki vilja styrkja til með fjárframlagi.

Að því er snertir þennan spítala, sem hér er, þá verð eg að segja, að eg álít að Reykjavík eigi hann ekki. Það er að minni hyggju næst sanni að segja, að þetta sé sjálfstæð stofnun, sem eigi sig sjálf. Úr því spítalinn var stofnaður með félagsskap og samskotum einstakra manna, innanlands og utan, þá verður svo á að líta,

sem að þessi stofnun sé eign nokkurra manna, sem voru í spítalafélaginu gamla, en þeim hefir fækkað við það, að meðlimir hafa dáið, svo nú er spítalafélagið orðið fáment í samanburði við það, sem áður var.

Eg fæ ekki betur séð, en að svo miklu leyti sem landssjóður ekki tekur þetta mál að sér, þá hljóti afleiðingin að verða sú, að annaðhvort verði spítalanum haldið áfram af spítalafélaginu, á sama hátt og nú er, ellegar þá að spítalafélagið treysti sér ekki við það lengur og spítalinn leggist niður, og hvar lendir þá? Ekki að eins fyrir Reykjavík heldur og fyrir læknaskólann mundi það vera ómetanlegur skaði, með því spítalinn er svo algerlega nauðsynlegur og ómissandi við kenslu læknanemenda.

Jónas Jónassen: Eg skal fúslega játa, að þessar athugasemdir, sem komið hafa frá h. þingm. (H. Sv.), hafa verið á rökum bygðar. Eg vil geta þess, að eg hefi leitað mér upplýsinga hjá manni, sem er alvanur húsabyggingum, og hefir hann látið í ljósi að fyrir 50,000 kr. muni mega koma upp spítala, sem yrði vel við unandi fyrir Reykjavík um langan tíma. Eg verð því að álíta, að maður geti fengið hús fyrir 50,000 kr. Upphaflega voru það einstöku menn, sem mynduðu félag til þess að koma upp spítala hér í Reykjavík með frjálsum samskotum. Skyldi hann ætlaður Reykjavíkurbúum, en einnig gætu aðrir átt kost á að leita hans, ef rúm leyfði. Smámsaman hefir þeim mönnum fækkað, sem upphaflega voru félagsmenn, sumir dáið, sumir farið af landi burt, svo nú eru ekki eftir nema 4—6 félagsmenn. Spítalinn er því eign félagsmanna. Þegar menn eru að tala um það, eins og h. 2. kgk. þingm. (H. Sv.), að fela stjórninni enn á ný að gera áætlun um spítalabyggingu, þá álít eg það hið mesta óráð. Ef stjórnin á nokkurn hlut að eiga við þetta mál, þá ætti það að vera hin innlenda stjórn, en ekki hin erlenda; ef útlendir menn eru fengnir til að gera áætlun, þá gera þeir það svo dýrt, að það verður okkur ofvaxið; það er því mitt ráð, að innlendir menn séu látnir fjalla um þetta mál, en alls ekki láta það fara út yfir pollinn.

Það, sem er aðalatriðið í máli þessu, er, að vilji landssjóður halda áfram með læknaskólann, þá hefir spítalinn svo mikla þýðingu, en ef landssjóður vill ekki kosta til spítalans, þá verður hann líka að hætta við læknaskólann. Vilji landssjóður ekki byggja spítalann fyrir læknaskólann, þá væri bezt að leggja niður læknakensluna. Aðaláherzlan í þessu máli er sú, að læknaskólinn getur ekki verið nema hafa spítala. Ef að verið er að draga þetta, þá líður landið mjög mikið við það. Menn tala um, að landssjóður eigi erfitt með að veita þetta nú, þessar 60,000 kr., en eg sé ekki betur en að það sé margt veitt nú í fjárlögunum, sem væri miklu, miklu betur varið til þessa fyrirtækis. Eg segi það satt, að þegar maður sér þessar þúsundir veittar fyrir hitt og þetta, sem engin þörf er á, þá gremst mér, að þetta geta menn veitt, en svona fyrirtæki, sem er bráðnauðsynlegt fyrir landið, verður að sitja á hakanum. Ef teknar væru nokkrar af þeim upphæðum, sem fjárlögin hafa veitt til ýmsra hluta, þá mundi mega tína saman í þessar 60,000 kr., með hægu móti.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta meira, en vona sem sagt, að háttv. þingm. hugsi sig vel um áður en þeir fella þetta mál.

ATKV.GR.: Vísað til 2. umr. með 7 atkv.

Önnur umr. (C. 100, 244); 4. ágúst.

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Af því að þessu máli víkur nokkuð öðruvísi við nú, heldur en við 1. umr., skal eg leyfa mér að stinga upp á, að tveim mönnum verði bætt við í nefndina.

Samþykt í einu hljóði og voru kosnir í hana:

Sigurður Stefánsson með 7 atkv.
Sigurður Jensson — 5 —
2. umr. frestað.

Framhald 2. umr. (C. 100, 244, 350); 9. ágúst.

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Þegar þetta mál var til 1. umr. hér í deildinni, þá leitaðist eg við að sýna fram á, hver væru aðalatriðin í þessu máli og skal ekki taka það upp aftur hér, til þess að lengja ekki umræðurnar. Síðan nefndin fyrst lét álit sitt í ljósi á þessu máli, hefir orðið talsverð breyting á tillögum nefndarinnar, einkum að því er snertir tillagið úr landssjóði, eins og sjá má af nefndarálitinu. — Eg verð nú að segja það, að mér fyrir mitt leyti þykir mjög leiðinlegt að þurfa að gefa atkvæði mitt með því, að færa landssjóðstillagið úr 50,000 niður í 40,000 kr., en nefndin kom sér saman um þessa breytingu, vegna þess, að Reykjavíkurbær hefir boðið að leggja fram 10,000 kr. úr sínum vasa auk spítalahússins, ef frumvarpið nái fram að ganga á þessu þingi. Af þessari ástæðu hefir nefndin orðið að leggja til að gera þá breytingu á 1. gr., sem hún hefir farið fram á að gerð yrði. Á 2. gr. er um talsverða breytingu að ræða, en eg held að hún sé fremur til batnaðar, og sýnir greinin það, að hér er ekki haldið fram Reykjavik á kostnað annara landssveita, með því að gefa ömtunum sama rétt sem Reykjavík; raunar held eg, að þessi breyting verði meir á pappírnum, þegar til framkvæmdanna kemur. en eg vonast því til, að háttv. þingdeild geti felt sig við hana. Hinar breytingarnar eru að eins launabreytingar og smávegis orðabreytingar, sem eg fyrir mitt leyti ekki held neitt fast við, en verð þó að álíta að fremur séu til batnaðar. Málið er annars orðið h. þingdeild svo kunnugt, að eg skil ekki að hinir h. þingdeildarmenn þurfi langan tíma til að hugsa sig um hvernig þeir eigi að greiða atkvæði í því, og eg skal því ekki tefja deildina með lengri umræðum.

Hallgrímur Sveinsson: Eg hreyfði því við fyrstu umr. þessa máls, að eg vildi gjarnan styðja að því, að slíkur spítali, sem hér er um að ræða, yrði stofnaður, og að eg álíti það jafnvel beina nauðsyn. Þessa sömu skoðun hefir einnig nefndin haft, þar sem hún telur það alveg óhjákvæmilega nauðsyn fyrir kensluna á læknaskólanum, að slíkur spítali verði stofnaður, án nokkurs tillits til þeirrar nauðsynjar, sem Reykjavik og nærliggjandi sveitum og jafnvel öllu landinu er á slíkri stofnun. En nú er víst, að það er engu minni þörf á spítalanum sjúklinganna vegna, heldur en læknaskólans. Þetta hefi eg áður tekið skýrt fram, svo eg finn ekki ástæðu til að fara frekar út í það atriði nú. En eg tók líka fram, að eg væri hálfdeigur að fylgja þessu máli, vegna þess, að mér virtist það ekki hafa fengið nægilega staðgóðan undirbúning, þar sem nefndin hefir ekki getað notað þann undirbúning, sem málið hafði fengið hjá stjórninni, vegna þess, að sá kostnaður, sem stjórnin hafði fengið áætlun um, er of stórvægilegur fyrir okkur. Nú hefir nefndin ekki haft annað fyrir sér en tvær lauslegar áætlanir, nefnilega sína eigin og áætlun héraðslæknis Guðmundar Björnssonar. Nú er eg nokkuð efandi um, hvort þessi áætlun er fullnægjandi, hvort þessar 50,000, sem ætlaðar eru til húsbyggingar og þessar 10,000 til útbúnaðar spítalans eru nægilegt fé. Því fari svo, að reynslan sýni, að það vanhagi um ein 5—6 þúsund, já, ef til vill alt að 10—12 þúsundum, sem eg álít alls ekki óhugsanlegt að gæti átt sér stað, þá verð eg að álíta það ákaflega illa farið. Þetta er að eins spurning frá minni hálfu, því eg hefi sjálfur enga þekkingu í þessu efni, og ekki heldur haft tækifæri til að afla mér hennar. Ef því h. framsögum. nefnd. (Dr. J. J.), sem stendur þessu máli nær en ef til vill nokkur

annar, treystir sér til að geta fengið velviðunanlegan og sómasamlegan spítala fyrir þessa fjárupphæð, þá skal eg fúslega gefa þessu frumv. atkvæði mitt, með því að eg álít þetta nauðsynjar- og velferðarmál fyrir þjóðina í heild sinni.

Það er naumast við því að búast, að héraðslæknirinn hafi á hinum stutta tíma, sem var fyrir hendi, getað gert vel sundurliðaða áætlun yfir kostnaðinn við þessa spítalabyggingu, og eg hygg að hún hafi verið samin að mestu með hliðsjón til þess kostnaðar, sem samskonar stofnanir, er nýlega hafa verið bygðar, hafa kostað, sérstaklega með hliðsjón til spítalans á Akureyri og Seyðisfirði. Sé það nú rétt, sem eg hefi heyrt, að spítalinn á Akureyri sé all-sómasamlegur og góður smáspítali, og hafi ekki kostað meir en 20 þúsundir, þá finst mér það gefa von um, að það megi takast að byggja all-sómasamlegan landsspítala fyrir þessa upphæð, sem þó er meir en tvöfalt hærri. Vitanlega hlýtur það að vaka fyrir nefndinni, að þessi spítali geti ekki fullnægt þörfum okkar um langan tíma, heldur að eins í bráð, en mér hefir skilist svo, sem það sé tilgangur nefndarinnar, að byggingu sé þannig hagað, að hægt sé að auka við hana án stórvægilegt kostnaðar svo að bæta megi smámsaman úr þörfinni, eftir því sem hún eykst, án þess að raska aðalfyrirkomulagi spítalans. Sé þessu þannig varið, þá eru það líka meðmæli með frumv., og eg greiði því innilega og af heilum hug atkvæði með frumv. í því trausti, að nefndin byggi hér á svo góðum grundvelli, þessu máli viðvíkjandi, sem framast er kostur á

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Það eru aðeins fáein orð út af þeim orðum háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.), að hann mundi gefa þessu frumv. atkv. sitt, ef við treystum okkur til að byggja vel viðunandi og sómasamlegan spítala fyrir þessa upphæð, sem hér er tiltekin. Það er svo langt frá því, að við treystum okkur til að byggja spítala fyrir þessa upphæð, sem sé vel viðunandi í lengdina, heldur er þetta aðeins gert til þess að ráða bót á þeirri brýnustu nauðsyn, og ætlun okkar er, eins og sjá má af nefndarálitinu, að spítalinn verði þannig bygður, að það megi auka við hann, þegar þörfin kallar að, án þess að raska við því, sem áður hefir verið gert.

ATKV.GR.: 1. og 2. gr. á þingskj. 350 samþ. með 8 samhlj. atkv.; 3. gr. frv. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 3. breyt till. á þingskj. 350 samþ. með 8 samhlj. atkv.; 4. gr. frv. með áorðnum breyt. samþ. með 7 samhlj. atkv.; 4. breyt.till. á þingskj. 350 samþ. með 8 samhlj. atkv.; 5. gr. frv. m.áorðn.br. sþ. með 8 shlj. atkv.; 6 gr. frv. samþ. með 8 samhlj. atkv. Fyrirsögn frumv. sþ. með 8 samhlj. atkv.
Málinu vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 362, 374) 11. ágúst.

Hallgrímur Sveinsson: Ásamt 2 öðrum háttv. þingdm. hefi eg leyft mér að koma fram með nokkrar lítilfjörlegar br.-till. á þingskj. 374 þær eru bæði fáar og smáar, og miða ekki til að breyta efni heldur að eins til þess að bæta úr misfellum, sem eru á málinu.

Fyrsta breyt.till. er við 2. gr.; þar er talað um ókeypis sjúkrarúm, sem sumpart Reykjavík og sumpart ömtin eiga að fá á hinum fyrirhugaða spítala; þar segir svo: „rétt til . . . að fá . . . læknishjálp á sjúklingum er legið geta í 3 sjúkrarúmum á spítala þessum“ og svo er bætt við: „á ári hverju“; þetta er auðsjáanlega komið inn af vángá, því að það leiðir af sjálfu sér, að þessi réttindi standa um aldur og æfi, eða þangað til ákvæðinu er breytt, svo að þessi viðbót er alveg óþörf, þó að hún sé meinlaus að öðru leyti.

Hinar breyt.till. eru við 3. og 5. gr og fara fram á, að orðið „stjórnin“ sé breytt í „spítalastjórnin“ í báðum greinunum. Í okkar máli er það orðin venja, að orðið

„stjórnin“ er venjulega viðhaft um landsstjórnina, en hér er að ræða um spítalastjórnina. Í 3. gr. má að vísu sjá það, hvað við er átt, en það er engu að síður réttara að taka þetta skýrt og ótvíræðlega fram, svo að enginn hneykslist á því. Í 5. gr. stendur: „og má greiða alt að 1200 kr. fyrir læknisstörfin, eftir því sem stjórnin nánar ákveður“ o. s. frv.; hér er alveg sama hlutfallið, að spítalastjórnin á að ákveða launin eins og sést á sambandinu, en landshöfðingi samþykkir. Br.till eru smávægilegar, en þær miða til að gera málið skilmerkilegra og lögulegra. Að öðu leyti skal eg ekki fara fleirum orðum um málið.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. í þingskj. 374 samþ. í e. hlj.; 2. br.till. á þingskj. 374 samþ. í e. hlj.; 3. br.till. á þingskj. 374 samþ. í e. hlj. Frumv. í heild sinni sþ. með 7 atkv. og sent til Nd.

Ein umr. (C. 539; 557) 24. ágúst.

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Mál þetta er, eins og háttv. þingd.menn vita, komið hingað aftur frá háttv. Nd. Þótt hún hafi gert verulegar breytingar á frv. frá því sem það var, þegar það fór héðan úr deildinni, þá álít eg samt, eins og málið er nú komið og svo mjög liðið á þingtímann, réttast að deildin samþykki það eins og það kom frá h. Nd.

Eg hefi svo ekki fleira að athuga við frv. eins og það nú liggur fyrir, en óska að eins að háttv. deild samþykki það alveg óbreytt.

Sigurður Stefánsson: Þegar þetta mál var hér til 1. umr., lýsti eg því yfir með fáum orðum, að eg væri í vafa um, hvort rétt væri að afgreiða það nú frá þessu þingi. Ástæðurnar, sem eg færði fyrir þessari skoðun minni. voru hið bágborna útlit á fjárhag landsins, og að vér þess vegna neyddumst til að fresta ýmsum þeim útgjöldum, er ekki væru bráðnauðsynleg.

Að því er þetta mál snertir, þá hefir það verið tekið fram, að það sé nauðsynlegt vegna tilveru læknaskólans, með því að hann geti ekki borið eins góðan árangur eins og æskilegt væri, af því að hér vantaði góðan spítala. Þetta er rétt athugað og eg fyrir mitt leyti vil jafnvel leggja töluvert mikið fé í sölurnar til þess að vér getum fengið góðan spítala, er veiti læknaskólanemendum betri æfingu og kenslu í praktiskri læknisfræði, heldur en lítið fé til þess spítala, sem eg ekki er sannfærður um að geti komið að verulegum notum fyrir læknaskólann.

Eins og kunnugt er, var fyrst skipuð 3 manna nefnd í þetta mál hér í deildinni og undir meðferð málsins var síðan bætt við 2 mönnum í nefndina, og var eg svo óheppinn að verða annar þessara manna. Eftir það varð sú breyting gerð á frv., að einni grein var bætt inn í það, og ef sú grein hefði fengið að standa, þá hefði fengist trygging fyrir því, sem mér þótti helzt vanta inn í það, nfl. að læknisfræðisnemendur gætu á þessum fyrirhugaða spítala fengið æfingar i praktiskri læknisfræði. En nú hefir háttv. Nd. þóknast að kippa burtu þessari grein, er gerði það að verkum, að eg var þá máli þessu meðmæltur. Eg lít nfl. á þetta mál einungis í sambandi við læknaskólann. Því það, að byggja þennan spítala fyrir Reykjavík og næstu sýslur, álít eg vera all-fjarri skyldum landssjóðs, þar sem tveir fjórðungar landsins hafa sýnt af sér þann myndarskap og lofsverða dugnað og örlæti, að koma sér upp allgóðum sjúkrahúsum fyrir nálega ekkert fé úr landssjóði. Þar sem því hinir fjórðungar landsins hafa reist allviðunandi sjúkrahús, þá álít eg minni líkindi til að margir sjúklingar mundu leita hingað til spílalans annarsstaðar en hér úr Reykjavík sjálfri og næstu sýslum. Hinir landsfjórðungarnir mundu síður senda sjúklinga sína hingað til spítalans, þar sem þeir hafa

þegar sjálfir fengið spítala með allgóðum kröftum. Þess vegna hélt eg fast við áður nefnda gr. í frumv., sem ákvað, að hver fjórðungur landsins hefði ákveðna tölu af ókeypis sjúkrarúmum á spítalanum; þetta ákvæði var töluverð trygging fyrir því að spítalinn yrði svo sóttur, að hann gæti orðið að tilætluðum notum fyrir læknaskólann. En nú hefir hún verið feld burtu í háttv. Nd., og þar með er í mínum augum feld burtu tryggingin fyrir því, að meiri aðsókn yrði að þessum fyrirhugaða spítala en þeim, er nú er hér.

Með því að ákveða ókeypis pláss, er fátæklingar mættu nota, hefði verið fengin trygging fyrir því, að spítalinn yrði notaður; en eins og frumv. er nú, er engin trygging fyrir að spítalinn, þótt hann yrði bygður, fullnægði betur þörfum læknaskólans en hinn núverandi spítali. Hann yrði sem sagt mest fyrir Reykjavík og Suðuramtið. Það er ekki svo að skilja að eg sæi eftir styrkveitingu til þessa spítala, en mér finst engin vorkunn fyrir þennan landsfjórðung að legga æði mikið meira fé til slíkrar stofnunar en hann hefir gert. Eg kannast að vísu við, að Reykjavík leggi til drjúgan skerf, en það nægir ekki til þess að jafnast við hina landsfjórðungana.

Eg get ekki séð að í frv. þessu sé nein trygging fyrir því, að spítali þessi verði að tilætluðum notum fyrir læknaskólann; en aftur á móti sé eg að hér á að reisa spítala fyrir 40 þús. kr. með beinum útgjöldum fyrir landssjóð. Það er engin trygging fyrir því, að spítali þessi verði fullur af spítalalimum, sem læknaskólinn þarf á að halda. En hann verður samt ekki tómur. Hann verður vel skipaður að öðru leyti, þar sem hann, auk nauðsynlegs vinnufólks og hjúkrunarfólks, á að vera skipaður af 2 yfirlæknum, einum aðstoðarlækni, ráðsmanni og ráðskonu, yfirhjúkrunarkonu og gjaldkera.

Eftir þessu „personale“ kostar það þá árlega landssjóð um 3000 kr. Fari nú svo, að aðsóknin að spítalanum ekki verði meiri en nú, þá segi eg að landssjóður kaupi nokkuð dýrt þessa nýju stofnun. Það var talað um það í h. Nd., að fríplássin fyrir fátæklinga yrðu nokkuð dýr fyrir landssjóð; en mér vex meira í augum fríplássin fyrir allan þann sæg af embættis og starfsmönnum við þennan fyrirhugaða spítala; fyrir þá kostar hvert frípláss töluvert á fimta hundrað krónur. Eg vildi helzt óska að frv. þetta ekki gengi lengra í þetta sinn. Eg veit reyndar að eg muni standa hér um bil einn uppi með þessa skoðun á málinu; en eg greiði atkvæði móti því, vegna þess, að mér finst fjárhagur landsins ekki vera svo glæsilegur, að tiltækilegt sé að bæta á landssjóð stórum útgjöldum, nema brýn nauðsyn beri til og full trygging sé fyrir því, að þau fyrirtæki eða þær stofnanir, sem fénu er varið til, verði að notum fyrir landið í heild sinni. En hér sé eg ekkert nema spítalabyggingu með heilum hóp af heilbrigðu fólki, sem kostar landssjóð ærið fé á ári hverju. Eg veit að vísu, að hið árlega viðhald verður nokkuð ódýrara við þessa fyrirhuguðu stofnun eftir þessu frv. Nd. en eftir frv. Ed., en eins og eg tók fram áður, þá vil eg heldur leggja töluvert mikið fé í sölurnar til þess að geta fengið góðan spítala, sem trygging sé fyrir að verði að tilætluðum notum, en lítið fé til þeirrar stofnunar, sem ekki getur fullnægt tilgangi sínum. Mín sannfæring er, að þessi fyrirhugaði spítali verði ekki að meiri notum fyrir læknaskólann en sá spítali, sem hér er nú.

Eg mun þess vegna greiða atkv. móti frv. eins og það nú liggur fyrir frá háttv. Nd.

Hallgrímur Sveinsson: Eg kannast að vísu við, að það hefir orðið töluverður galli á frv. við breytingu þá, er háttv. Nd. hefir gjört á því, þar sem hún hefir numið burtu ákvæðið um fríplássin, og á-

lít eg það illa farið, og eg skal játa það, að frv. er ekki eins aðgengilegt í mínum augum eins og það var áður. En af því að það þó hefir inni að halda svo mikilsvarðandi og nauðsynleg ákvæði, þá mun eg samt, þrátt fyrir þessa breytingu h. Nd., samt eigi hika við að gefa því atkv. mitt, og það því fremur, sem eg hygg að þess muni eigi langt að bíða, að þingið kippi því í lag og bæti aftur úr því, sem ábótavant kann að reynast við hina fyrirhuguðu stofnun. Ef reynslan sýnir að spítalinn verði of lítið sóttur, svo að hann eigi fullnægi þörfum læknaskólans, þá getur þingið ekki verið svo blindað, að það ekki sjái um að bætt verði úr því. Þótt því sjúklingarnir í fyrstunni yrðu færri en æskilegt væri, þá mundu þeir samt verða nokkrir og fleiri en þeir hafa verið og eru á hinum núverandi spítala.

Það sem hefir hamlað sjúklingum að leggjast á hinn núverandi spítala er einkum það, að hann er ekki svo útbúinn, að hann fullnægi sanngjörnum kröfum sjúklinganna, þannig að þeir hafa fráfælst hann, sem ekki hafa beinlínis neyðst til að leggjast inn á hann.

Þessi fyrirkugaði spítali fullnægir betur þessum kröfum og hefir því meira aðdráttarafl.

Í fullu trausti til þess að eigi líði á löngu áður en þessi fyrirhugaði spítali verði fær um að fullnægja hlutverki sínu, gef eg frv. atkv. mitt eins og það nú liggur fyrir.

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 7 : 1 og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Breyting á tilskipun um fjárkláða.

FRUMVARP til laga um viðauka við og breyting á tilskipun 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilskipun 4 marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa. 1. umr. 4. júlí.

Júlíus Havsteen stakk upp á 3 manna nefnd í málið og var það samþ. í e. hl. Kosningu hlutu:

Þorkell Bjarnason . . með 9 atkv.
Guttormur Vigfússon . — 5 —
Júlíus Havsteen. . . — 5 —

1. umr. málsins frestað.

Framhald 1. umr. (C. 52.) 14. júlí.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Af athugasemdum stjórnarinnar við frv. má sjá tildrögin til þess.

Það hefir að nokkru leyti myndast upp úr frv. því til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, sem þingið samþ. 1897, og voru með því frumvarpi gjörðar all-víðtækar breytingar á hinum núgildandi kláðalögum.

Eins og kunnugt er, var þetta frv. eigi staðfest, og er mér líka nær að halda, að það hafi eigi að öllu leyti verið bót á lögum þeim, sem fyrir voru. Það er nú orðið ofan á að fara þá stefnu, að halda sér sem mest við hin gildandi kláðalög eða breyta sem minst út af þeim.

Það vakti sér í lagi fyrir amtsráðunum í Suður-og-Vesturömtunum, sem hafa látið uppi álit sitt um þetta mál, að tilsk. 5. jan. 1866 hefði reynst vel til framkvæmdanna, og hefir það tekist oftar en einu sinni að stöðva kláðann, eg vil ekki segja útrýma honum, með því að framfylgja l. þessum strangl., enda voru þau samin af mönnum, sem höfðu fult eins mikla reynslu í baráttunni á móti kláðanum og vér. — Það var líka haft fyrir augum, að það gæti verið miður vel fallið, að gjöra einmitt nú gagngjörða breytingu á hinum núgildandi kláðalögum, á meðan barátta við kláðann stæði yfir. Að því leyti sem snertir ástand sauðfjárins í kláðalegu tilliti, ef svo mætti að orði komast, þá hefir kláðinn farið rýrnandi á hinu svonefnda kláðagrunaða svæði í Suður- og Vestur-

ömtunum: (í Strandasýslu, austurhluta Barðastrandarssýslu, Dalasýslu, Snæfellsness og Hnappadalsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og vesturhluta Árnessýslu), og vil eg vísa til skýrslna hér að lútandi í stjórnartíðindunum og endurriti úr gjörðabók amtsráðsins í Suðuramtinu, viðvíkjandi fundarhaldi ráðins 23—26. f. m., sem nú er fram lagt á lestrarsalnum ásamt með tilheyrandi skýrslum sýslumanna. Að því leyti er snertir ástandið í Norður- og Austuramtinu, hefi eg eigi milli handa yngri skýrslu en frá því í fyrra og segir amtmaður þar, að á árinu 1897 hafi fjárkláði gert vart við sig í öllum sýslum Norðuramtsins, en í Austuramtinu eigi nema í Norður-Þingeyjarsýslu og nokkrum hluta Norður-Múlasýslu.

Bréf frá amtmanninum til landshöfðingja, dagsett 28 f. m., sem er framlagt á lestrarsalnum með fylgiskjölum, hefir eigi neinar verulegar upplýsingar að innihalda um heilbrigðisástand sauðfjárins fyrir norðan og austan, en af bréfi þessu, sem skýrir frá ráðstöfunum gegn fjárkláða á svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú, má sjá, að hann sé uppi enn á sömu stöðum og áður. Nefnt bréf er mest um nauðsynina á að fá leiðbeiningu frá Noregi til þess að útrýma fjárkláðanum þar nyrðra og eystra, enda er enginn dýralæknir til þar, til þess að leiðbeina mönnum, sem virðast hafa mjög undarlegar skoðanir um fjárkláðann og um áhrif baðanna á hann. Þannig hefir sú skoðun komið fram, að baðanir væru skaðlegar og að eins til þess að auka kláðann, því baðið dræpi færilýsnar, sem ætu kláðamaurinn.

Eg skal geta þess, að amtmaður stakk upp á því við mig á síðastliðnu hausti, að senda dýralækni Magnús Einarsson til Noregs, til þess að læra aðferð þeirra við útrýmingu fjárkláðans; en bæði var það, að eg þóttist eigi geta mist dýralæknirinn héðan, enda segir amtmaðurinn sjálfur í fyrnefndri skýrslu sinni, að menn hafi í Noregi á síðari árum algerlega útrýmt fjárkláðanum. Eg gat því eigi álitið, að þar væri neitt að læra í því tilliti.

Með því að eigi má fara út í hinar einstöku greinar frumv. nú, læt eg lenda hér við að sinni, og leyfi mér að leggja það til, að frv. fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umr. (C. 52) 17. júlí.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Nefndin hefir eigi komið fram með nema eina breyt.till. við frv. þetta, og engin önnur breyt.till. hefir fram komið. Þessi breyt.till. nefndarinnar er við 1. gr., sem sé, að í staðinn fyrir orðin: „almenna skoðun og böðun“ komi: „almennar skoðanir og baðanir“ og eru með breyt.till. þessari tekin af öll tvímæli um, að amtmaður hafi heimild til að fyrirskipa fleiri en eina skoðun og böðun í einu, þegar ástæða kann að vera til.

Þá er vér lítum yfir hinar einstöku greinar frv., þá kemur í ljós, að öll þau stjórnarvöld, sem fjallað hafa um málið, eiga hlut í því; þannig er fyrri hluti 1. gr. saminn eftir bendingu amtráðsins í Suðuramtinu og síðari hlutinn samkvæmt tillögum landshöfðingja; 2. gr. er búin til af alþingi sjálfu 1897, og 3. og 4. grein búnar til eftir tillögum amtsráðanna í Norðuramtinu og Austuramtinu. Það á þannig ekki einn fremur en annar ákvæðin í frv. þessu, og vona eg að það verði til þess, að frv. þetta fái að ganga leið sína gegnum þessa háttv. þingd. og að háttv. Nd. leyfi því einnig að komast þar í gegn.

Þorleifur Jónsson: Þá er gera skal ráðstafanir gegn fjárkláðanum, á það að vera markmiðið að útrýma honum gersamlega úr landinu. En eg ber kvíðboga fyrir að því takmarki verði ekki náð með á-

kvæðum þessa frv. Breytingar þær, sem það gerir á fyrirmælum gildandi laga eru litlar, aðeins fólgnar í því að gefa amtmönnunum dálítið meira vald og svo eru sektirnar hækkaðar að nokkrum mun. En eg hygg að meira þurfi til, en frv. þetta gerir, til að útrýma fjárkláðanum, hann er á síðari árum orðinn svo magnaður víða um land. Þótt hann kunni að hafa rénað aftur sumstaðar á landinu, þá hefir hann magnast aftur á öðrum stöðum, t. d. í ýmsum hreppum á Norðurlandi. Eg hallast því meira að frv. því, er amtsráð Norður- og Austuramtsins hafa sþ., af því að eg hygg að árangur þess frv. mundi verða meiri til útrýmingar kláðanum, heldur en eg get gert mér vonir um að árangur verði af þessu frv. þótt það verði að lögum. Aðalatriðið í frumv. amtráðanna í Norður- og Austuramtinu var, að skipa skyldi framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri í hverju amti, til að hafa á hendi alla framkvæmd á ráðstöfunum þeim, er gerðar verða gegn kláðanum. Eftir reynslunni bæði hér á landi og í Noregi sé eg ekki betur, en að þetta væri hið eina ráð sem dygði. Hér á landi var fyrir 1880 skipaður sérstakur lögreglustjóri á Suðurlandi í þessu skyni, og var það álit manna, að hann hafi gersamlega útrýmt kláðanum á því svæði, sem vald og verksvið hans náði yfir. Eins var í Noregi. Þar hafa verið skipaðir sérstakir framkvæmdarstjórar yfir stærri og minni svæði og hafa Norðmenn á þennan hátt útrýmt eða því nær útrýmt kláðanum hjá sér. Það var því meðfram eftir bendingu frá norskum manni, að amtsráð Norðuramtsins samdi frumv. sitt, enda er reynsla þeirra í þessu efni ekki lítilsvirði. Það er af þessum ástæðum, sem eg hallast fremur að því frumvarpi.

En menn kunna nú að spyrja mig, hví eg hafi þá ekki komið fram með slíkt frumv. Eg hefi ekki viljað gera það af því, að það mundi falla hér í þessari háttv. þingd. Aftur á móti þykir mér all-líklegt að það frumv. muni koma fram í háttv. Nd. og ef það yrði samþykt þar, og kæmi svo hingað til háttv. Ed., hygg eg að hún mundi taka því betur, heldur en ef það kæmi fyrst fram hér. Ef það frv. kæmi á þennan hátt hingað til deildarinnar, mun eg verða með því, en ekki með þessu frumv., þótt eg nú vilji gefa þessu frv. atkv. mitt.

Eg hefi viljað skýra frá þessu, svo að háttv. þingd. vissi afsöðu mína í málinu.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): H. þm. Húnv. (Þ. J.) hefir ekki trú á því, að fjárkláðanum verði útrýmt með ráðstöfunum þeim, sem gjörðar verða eftir ákvæðum þessa frv. Það er heldur ekki mín von. Eg held sem sé, yfir höfuð að tala, að fjárkláðanum verði seint eða aldrei algerlega útrýmt hér úr landi; því að til þess þyrfti að drepa hinn síðasta kláðamaur. Eins vist er og hitt, að kláðanum var alls ekki útrýmt 1880; verkin sýna merkin; hann væri þá ekki eins útbreiddur um landið nú, eins og hann er. Til þess að útrýma kláðanum er svo sem ekki nægilegt að baða fé og sótthreinsa húsin, því að maurinn felst í sjálfum jarðveginum, og hraunhellur, eins og t. a. m. í Þingvallasveit, þar sem fé hefst oft við í hraungjótum, yrði aldrei auðið að sótthreinsa til hlítar. Það, sem hægt er að gera, er að halda kláðanum í skefjum, svo að sem minst tjón verði að honum og beri sem minst á honum, en það verður bezt gert með góðum vilja landsmanna sjálfra, og góðri meðferð fénaðarins. en ekki með því að setja margbreyttar reglur og skipa svo og svo marga framkvæmdarstjóra, sem hreppsnefndir kjósa — eða gleyma að kjósa — og sem svo ekkert þvingunarvald eða lögregluvald hafa. Eg hefi ekki mikla von um, að þeim mönnum yrði mikið ágengt eða skipunum þeirra hlýtt.

Eg hygg því vænlegra sé, að sþ. þetta frv.

Jón Jónsson: Eg hefi líka skoðun á þessu máli sem háttv. þm. Húnv. (Þ. J.) og afstaða mín í málinu er því hin sama sem hans.

Eg vildi vekja athygli á einstökum atriðum frv. t. a. m. á ákvæðunum um, að eigandi borgi sjálfur allan kostnað af lækningaráðstöfunum. Það getur verið það væri ekki heppilegt, að greiða allan þann kostnað af landssjóði eða amtssjóðunum, en það er heldur ekki réttlátt, að eigandi fjárins borgi einn allan kostnaðinn. Komi t. d. kláði upp á einum bæ í hreppi, þá er það óneitanlega hart, að einn maður borgi allan kostnað við þær ráðstafanir, sem gera þarf til þess að lækna kláðann, því að það er þó til hagsmuna fyrir miklu fleiri menn heldur en hann einn. að fyrirbyggja að kláðinn geti breiðst víðar út. Það væri því aldrei nema sanngjarnt, að t d. baðlyfin væru borguð af almannafé. Það mun margur kinoka sér við, kostnaðarins vegna, að skýra hreppstjórn tafarlaust frá, þótt hann kunni að hafa grun um einhvern kláðavott í kindum sínum, og eins mun hann fremur kaupa hin ódýrustu baðlyf, en taka ekki eins mikið tillit til gagnsemi þeirra.

Eg hefi viljað vekja máls á þessu svo að hægt sé að taka það til íhugunar til 3. umræðu.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Eg hefi ekki heyrt neinar umkvartanir um kostnað við kláðaráðstafanir. Honum er jafnað niður og kemur þá lítið á hvern. Eg get heldur ekki álitið heppilegt, að baðmeðulin séu keypt af opinberu fé.

Þorleifur Jónsson: Háttv. framsm. (J. H.) hefir ekki trú á því, að fjárkláðanum verði útrýmt hér á landi. Í Noregi er þó annaðhvort alveg búið að útrýma kláðanum eða því nær búið að því, og af því að Norðmönnum hefir tekist það, ætti það að vera mögulegt hér á landi. Hann álítur heldur ekki, að honum hafi verið útrýmt hér á Suðurlandi um 1880. Þá skoðun hafa menn þó haft, og getur hún verið rétt fyrir því, þótt kláðinn hafi komið hér upp síðan, því að eins og menn vita, eru miklar fjársamgöngur milli Húnavatnssýslu og Suðurlands, og getur sýkin hafa þannig borist við smittun.

Sami háttv. þm. (J. H.) sagði, að eigi væri einhlítt að sótthreinsa húsin, því að maurinn lifði í jarðveginum. Það er þó kenning dýralækna, að maurinn geti ekki lifað í húsum eða í jörðunni nema ákveðinn tíma, svo að það er aðallega skepnurnar sjálfar sem hann lifir í. Það getur því ekki verið ómögulegt að útrýma honum, ef allir legðust á eitt til þess. Og bezta ráðið er það, að hafa sérstaka menn, sem hafa á hendi alla framkvæmdina, sem ferðast um, skoða, skipa fyrir, lækna sjálfir kláðann og kenna öðrum það og ráðleggja hverjum einstökum fjáreiganda hvað gera þarf í hverju einstöku tilfelli. Það liggur í augum uppi, að slíkar ráðstafanir hljóta að hafa mestan árangur.

Það getur verið, að kláðinn sé í rénun í Vesturamtinu og Suðuramtinu, en hið sama get eg ekki sagt um Norðurland, þar sem eg er kunnugastur. Og hann mun einnig vera að útbreiðast til Austuramtsins, sem háttv. þm. N-Múl. (J. J.) mun geta vottað.

Sigurður Stefánsson: Eg verð að taka undir með þeim mönnum, er álíta, að talsverð réttarbót sé í þessu frv. Það gefur án efa mestan árangur að dreifa valdinu sem minst, og bezta réttarbótin í frumv. er sú, að gefa nú amtmönnunum valdið þar, sem vafasamt var eftir gildandi lögum að þeir hefðu það áður.

Það verður erfitt að útrýma fjárkláðanum og öðrum þeim meinum, sem standa búskapnum fyrir þrifum, meðan sómatilfinning landsmanna er ekki næmari heldur en hún er, og meðan þeir eru ófúsir á að hlýða þeim fyrirmælum, sem sett eru. Reynslan í Vesturamtinu og Suðuramtinu

er sú, að þegar menn hafa framfylgt þeim fyrirmælum, sem sett hafa verið, hefir kláðinn minkað. En fregnir hafa borist um, að bændur hafi fyrir norðan þverskallast fyrirskipunum amtmanns þar og þar lifir kláðinn líka góðu lífi. Og ef menn þrjózkast við að hlýða ráðstöfununum, sem amtmaður gerir og sýslumaður með lögreglustjóravaldi, má búast við, að menn þrjóskist ekki síður að hlýða fyrirskipunum margra framkvæmdarstjóranna, sem ekkert slíkt vald hafa. Það yrði því að líkindum að eins til þess að gjöra allar ráðstafanir flóknari og erfiðari að skifta valdinu niður á marga framkvæmdarstjóra, eins og meiningin er eftir frumvarpi amtmannsins í Norðuramtinu. Það hefir og sýnt sig, að vér fengum mestu áorkað í útrýmingu kláðans þegar einn maður hafði valdið og gat einn þvingað og hegnt. Það er eigi svo mjög skortur á lögum, fyrirmælum og ráðstöfunum, sem veldur því, að kláðinn er enn í svo miklum blóma heldur óhlýðni manna við gildandi lög og fyrirskipanir, skammsýni og hirðuleysi. Það var sagt áðan, að réttast væri, að baðmeðulin væru borguð af opinberu fé, því að þegar bændur keyptu þau sjálfir, hefðu þeir þau ónýt, til þess að spara sér kostnað, þetta er gott dæmi upp á íslenzka hugsunarháttinn, og þar sem áhuginn er ekki meiri á því að bjarga bústofni sínum frá eyðileggingu, að menn telja eftir sér að kosta almennilegt bað á kindur sínar, þá yrði hann aldrei mikið meiri, þótt þeim væri gefin baðmeðulin. Og rísi mönnum hugur við að borga sjálfir baðmeðul handa fé sínu, mun þeim ekki síður rísa hugur við að borga kostnað við alla þessa framkvæmdarstjóra, því að eitthvað munu þeir kosta. Það liggur mest á því, að góður vilji skapist og að sá hugsunarháttur verði ríkjandi, að áríðandi sé til sigurs, að hver og einn leggi fram krafta sína og hlýðnist lögum og skipunum yfirvaldanna, til þess að útrýma kláðanum og öðrum þeim meinum, sem nú standa búskap vorum fyrir þrifum.

Jón Jónsson: Eg hefi eigi við hendina frumv. það, sem amtsráð Norðuramtsins bjó til, en eg hygg, að í því frumv. hafi amtmönnum verið gefið sama vald, sem í þessu frumv. Og í frv. þessu er einnig gert ráð fyrir aðstoðarmönnum við kláðalækningarnar og þeir munu eitthvað kosta eigi síður en framkvæmdarstjórarnir.

Hitt er víst, hvort sem kvartanir hafa um það fram komið eða ekki, að kostnaðurinn út af kláðaráðstöfunum getur komið mjög ósanngjarnlega niður. Eg skal taka dæmi af því, að settur var kláðavörður við Jökulsá á Brú. Bændum öllum fyrir norðan ána var skipað að baða fé sitt, þótt þar væri ekki kláðavart; þeir urðu einir að bera kostnaðinn, þótt hreppar þeir, sem eru fyrir austan ána, hefðu sama gagn af þessum ráðstöfunum, og hefðu því átt að bera líka kostnaðinn. Það er þó ekki svo lítið, þegar að minsta kosti 400 kr. kostnaður jafnast niður á 18 bændur, eins og var síðastl. ár í hrepp þeim, er eg er í. Menn eru máske fúsari á að bera gjöld þar, sem þm. Ísfirðinga (S. St.) er kunnugastur, en oss Austfirðingum finst kostnaður, sem þessi, tilfinnanlegur. Eg verð að neita því, að Austfirðingar hafi óhlýðnast fyrirmælum um baðanir í fyrra. Það var eigi af óhlýðni, að ekki var baðað í hitteðfyrra, heldur af því baðmeðul fengust ekki, það höfðu ekki verið gerðar ráðstafanir til að þau væru til í kaupstaðnum.

Það er satt, sem h. þm. Húnv. (Þ. J.) benti á; fjárkláðinn hefir borist inn í 2 nyrztu hreppa Norður-Múlasýslu, og verið þar útrýmt eftir ráðstöfunum amtmanns.

Þorkell Bjarnason: Eg verð að taka undir með h. framsögum (J. H.) og þm. Ísf. (S. St.) í því, að talsverð réttarbót sé í frumv. þessu. Í 1. gr. þess eru sett inn ákvæði um það, að amtmaður hafi heimild til að láta fara fram skoðanir og baðanir á stórum svæðum, sem hann álítur

nauðsynlegar til útrýmingar fjárkláðanum, en sem vafasamt er eftir eldri lögum, hvort hann hafði vald til að fyrirskipa.

Eg hygg að vísu, að það sé mjög vafasamt, hvort kláðanum verður nokkurn tíma útrýmt með öllu úr landinu; til þess þarf hugsunarháttur manna mjög að breytast, því að ekki þarf nema einn einasta mann, sem vill skjóta sér undan því, sem hann á að gera, til þess að ónýta kláðalækningu í sveit hans. Eftir frumv. því, sem amtsráðin í Norður- og Austuramtinu hafa búið til, og sem eg hefi séð, eiga 1—2 framkvæmdarstjórar að vera í hverju amti, menn í hverri sýslu, sem eiga að sjá um útrýmingu kláðans og svo baðstjórar í hverjum hreppi. Þetta fyrirkomulag, ef það yrði að lögum, yrði afskaplega dýrt.

Eg hefi lifað allan minn búskap á kláðasvæði og þekki því vel atferli manna og hugsunarhátt viðvíkjandi kláðanum, og þá hygg eg fyrst kæmi þrjóska í menn, ef það kæmist að, að þessir framkvæmdarstjórar og ótal aðrir, sem ættu að stuðla að útrýmingu kláðans, kæmu og færu að skipa það fyrir, sem mönnum væri mjög ógeðfelt og auk þess mjög dýrt. Eg hygg, að ýmsir mundu þá gera hvað þeir gætu til að koma í veg fyrir framkvæmdirnar, en þetta mál vinst að eins með góðum vilja almennings.

H. þm. N.-Múl. (J. J.) vildi láta borga baðmeðulin af opinberu fé. Eg er öldungis hissa á þeirri uppástungu; það er auðséð að honum er ekki ljóst hve lítið baðmeðulin kosta annars vegar móti því hve mikið gagn þau gera hins vegar, því að þau margborga sig með því, hve skepnurnar þrífast betur vegna baðanna og með því, hvað ullin verður meiri og betri. Eg hygg, að munurinn á ullinni einni saman sé fullkomlega þess virði, sem baðmeðulin kosta.

Það sem einkum og sér í lagi veldur því, að kláðanum er ekki útrýmt, er ótrú almennings á böðununum, og það hygg eg að sérstaklega eigi sér stað fyrir norðan. Menn þurfa að komast í skilning um það, hversu gagnlegt það er að baða fé, enda þótt það hafi engan kláða.

Eg vona, að frumv. þetta verði samþ., því að af því mun leiða, að kláðanum verður að miklu leyti útrýmt; það er sannfæring mín; en þess óska eg, að frumv. amtsráðs Norðuramtsins komi ekki fram og verði aldrei að lögum, þótt það kæmi inn á þingið.

Jónas Jónassen: Eg er sannfærður um, að fjárkláðinn hefir verið, er og mun verða hér á landi alla tíma; það er öldungis hið sama um hann eins og mannakláðann, og þessa skoðun hafði einnig dýralæknir Bruland, sem var hér um árið. Hann tók kláðamaur úr kindum, sem engann grunaði að hefði nokkurn kláða. Eg hygg að það sé alveg ómögulegt að útrýma kláðanum með lögum; það verður ekki fyr en allir, sem hlut eiga að máli, hafa eindreginn vilja til þess, og það mun sannast, að það verður seint. Alveg eins er með mannakláðann; það er til fólk hér í bænum, sem hefir haft kláða í yfir 30 ár. Það var kvenmaður hér af betra taginu, sem kom til mín og var að sýna mér útbrot, sem hún hafði. Það var ekkert annað en kláði. „Hvernig í ósköpunum á eg að geta hafa fengið kláða?“ sagði hún. Jú það var ekkert annað en kláði; eg lét hana fá meðul til að brúka; hún læknaðist og þótti, sem eðlilegt var, mjög vænt um. En svona er það. Menn þekkja ekki ávalt kláðann; menn kalla ýmist kláða það sem ekki er kláði eða kalla það ekki kláða, sem er kláði. Til þess því að þessar almennu skoðanir komi að nokkru gagni, þurfa mennirnir sjálfir að þekkja kláðann, o: geta sýnt kláðamaurinn. Annars hafa skoðanirnar litla þýðingu. Það geta einnig ýmsir hörundskvillar, sem ekki er kláði, verið skaðlegir og sem lækna þarf, en þessir skoðunarmenn hafa ekkert vit á því. Og hvað

ætli þeir útrými kláðanum, þar sem hann er magnaður, þótt þeir dýfi kindinni snöggvast niður í trog og kippi henni svo strax upp úr aftur; og gera þetta svo að eins einu sinni. Nei, það þarf meira til, og svo ónýta slóðarnir það alt aftur og breiða út kláða frá sér, þótt einstöku manni, sem vit hefir og er nógu hirðusamur, takist að lækna hann á sínu fé. Eða þessar sótthreinsanir á fjárhúsunum! Maður getur sjálfur getið því nærri, hvaða gagn muni vera að því að þykjast vera að sótthreinsa þessa moldarkofa, sem kölluð eru fjárhús og varla er mögulegt að skríða inn í. *(Jón Jónsson:* Við brendum kofann fyrir austan). Já, það var einmitt ráðið. Nei, allar þessar svo kölluðu sótthreinsanir fjárhúsanna eru skærasta „humbug", og kláðanum verður ekki útrýmt; hann hefir svo sem lifað góðu lífi alt af hérna í Kjósinni; það var þar, sem mig minnir að Bruland fann kláðamaurinn. Og svona verður það alstaðar; það er ekki minsta von um, að menn geti útrýmt alveg kláðanum, en menn geta læknað hann svo, að hann geri lítinn skaða. En hann verður alt af til hér á landi; það er eg öldugis sannfærður um.

ATKV.GR.: 1. br. við 1. gr. samþ. í e. hlj.; 1. gr. samþ. með 10 atkv.; 2., 3. og 4. gr. samþ. með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. í e. hlj. Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 103); 19. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Aukning seðlaútgáfu landsbankans.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 (C. 64); 1. umr. 15. júlí.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Mál þetta stendur í nánu sambandi við frv. það, er var nú hér til umr. næst á undan. Nefndin í því máli sá, að ef bankinn ætti að geta fullnægt þeim kröfum, sem til hans eru gerðar í því frv., þá bæri að gera ráðstafanir til að hann hefði nokkurt viðbótarfé til þess að geta varið því til vaxtabréfa þeirra, er hann kann að þurfa að innleysa. En það er nú eigi nóg að segja, að þörf sé á þessu frv., heldur þarf einnig að sýna fram á, að ákvæði þess séu ekki háskaleg fyrir oss, — að enginn voði stafi af því fyrir oss, að gefa út þá seðlafúlgu, sem frv. ræðir um. Vér þekkjum allir, að þau orð eru daglega látin klingja að hér í landi sé vöntun á peningum, vöntun á gjaldmiðli. Eins og ástæðurnar eru hjá oss, eru pappírspeningar þeir, er landssjóður gefur út, í alla staði jafngildi gulls og silfurs í viðskiftalífinu, svo lengi sem upphæð þeirra er eigi meiri en svo, að hægt er tálmanalaust að útborga þá innanlands og utan með markaðsmynt. Með bankalögunum 18. sept. 1885 var seðlaupphæðin ákveðin 500,000 kr. og veiti maður því eftirtekt, hvernig gangi seðlanna er varið á ýmsum tímum, þá kemur í ljós, að stundum safnast mikill hluti þeirra upp í landssjóðnum og bankanum, aftur á öðrum tímum, eins og t. a. m. í fyrra, er mestur hluti þeirra á víð og dreif út um landið, en tiltölulega lítill hluti þeirra hjá landssjóði og bankanum. Eg skal ekki hér fara lengra út í að ransaka orsakirnar fyrir þessu, en að eins benda á, að það, að seðlarnir dreifast svo mjög út sum árin, sýnir, að þeir eru þýðingarmikill verðmiðill manna í milli og eins hitt, að það er svo langt frá að upphæð sú, sem er í veltu, sé ofmikil, að alt sýnist miklu fremur benda á, að óhætt sé í alla staði að auka upphæð þeirra til muna. Hagfræðingar vorir hafa reiknað út, að peningaupphæð sú, sem er í gangi í landinu, og sem viðskiftaþörfin heimtar, muni vera frá $1^1/_2$ miljón kr. til 2 miljónir kr. Sé nú þessi upphæð nærri lagi, fer seðlaupphæðin ekki fram úr helming veltufjárins, þótt hún sé aukin

upp í 750 þús. kr. Og sé svo, að seðlaupphæð sú, sem út er gefin, fari ekki fram úr helmingi af verðmiðli þeim, er nauðsynlegur er til umferða í landinu, er bersýnilegt, að enginn háski er á ferðum og að vér spillum ekki með því lánstrausti voru.

Og þá er vér lítum á efnahag vorn getur slíkt heldur ekki komið til mála, að nokkur hætta sé á ferðum þótt seðlaupphæðin væri aukin upp í 750 þús. Landssjóður, er gæfi seðla út, á nú í viðlagasjóði yfir eina miljón kr. og af þeirri upphæð er í kgl. ríkisskuldabréfum eða innritunarskýrteinum 208 þús. kr. eða meira en $^1/_4$ af upphæð seðlanna. Tryggingin virðist þannig vera nægileg.

Skoðum svo hag bankans. Varasjóður hans mun nú nema alls nær 220 þús. kr. Að vísu hefir nokkur hluti af því verið settur fastur í byggingu, en handbært fé varasjóðs má þó reikna 150—160 þús. kr. Bankinn hefir enn í auðseljanlegum erlendum verðbréfum um 360 þús. og bankastjórnin mun hafa í hyggju, að hafa það fyrir reglu, að upphæð slíkra handbærra verðbréfa fari ekki mikið niður úr þeirri upphæð. Alt þetta sýnir, að eins og það er æskilegt að auka að nokkru verðmiðil í landinu, eins er enginn háski á ferðum, þótt það sé gert á þann hátt, sem farið er fram á í frv. þessu; bæði landssjóður og landsbankinn hafa nægilegt fé í verðbréfum, er fljótlega er hægt að breyta í gull og silfur og innleysa með seðlana, hvenær sem á þyrfti að halda.

Um trygging hinna íslenzku bankaseðla skal eg leyfa mér að segja það, að eg þekki enga bankaseðla, sem betur eru trygðir, svo lengi að sjálfsögðu, sem fúlgu þeirri, út er gefin, er haldið innan takmarka viðskiftaþarfarinnar. Og í sjálfu sér er það misskilningur að kliía á því, seðlarnir séu í reyndinni óinnleysanlegir. Bæði er svo, að bankinn sjálfur, að því er eg þekki til, — það eru nú 15 mánuðir síðan eg kom til bankans — skiftir þeim og öðrum útlendum seðlum fyrir gull og silfur eins og óskað er eftir, og eins er hitt, að menn geta keypt fyrir þá með fullu verði alt, er menn vilja, innanlands og frá útlöndum. Eg hefi aldrei heyrt, að íslenzkur bankaseðill hafi verið keyptur eða seldur fyrir minna en ákvæðisverð sitt. Þetta er alt hinn besti vottur um, að seðlarnir eru í raun réttri eins verðmætir og eins áreiðanlegir. eins og þótt á þeim stæði, að þá skyldi innleysa með fullri upphæð þeirra í gulli.

Eg skal svo ekki fjölyrða um frv., en óska að það fái að ganga til 2. umr.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Önnur umr. (C. 64); 18. júlí.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Þá er frv. þetta var hér til 1. umr. mætti það engum andmælum, og vona eg að eins verði nú. Eg skýrði þá frá því, hvað hefði valdið því, að nefndin í veðdeildarmálinu hefði komið fram með það, og að það væri sakir ákvæðanna í áðurnefndu veðdeildarfrv. —

Vér heyrum stöðugt kvartanir um vöntun á gjaldmiðli í landinu og nefndin hyggur, að talsvert verði bætt úr þeirri vöntun með þessu frv.

En þá er þeirri spurningu að svara: Er það hættulaust, að auka seðlafúlguna um það, sem farið er fram á í frv. Eg er ekki í neinum vafa um það, að sú aukning sem farið er fram á í frv. þessu, sé hættulaus. Varasjóður landbankans er nú orðinn yfir 200 þús. kr., hann nemur því meiru en fjórða parti allrar seðlafúlgunnar, sem verður alls 750 þús. kr. ef frv. þetta verður að lögum. Trygging má það einnig telja, að bankinn hefir liggjandi nú 350 þús. kr. í tryggum, auðseldum verðbréfum; með orðinu „auðseldum“ á eg við þau verðbréf, sem fljótt má fá gull og silfur fyrir, hve nær sem óskað er.

Um ástand landssjóðs, sem gefur seðla út, vitum vér allir, að það er full trygt.

Það er nú enn fremur víst, að viðskiftaþörf landsins nemur miklu meira en 750 þús. kr. Eftir ummælum eins af fjármálafræðingum vorum nýlega, þurfa viðskiftin að minsta kosti $1^1/_2$ milj. kr. Seðlafúlgan verður því ekki meira en helmingur viðskiftaþarfarinnar. Eg hygg því, að frv. sé eins háskalaust eins og það er æskilegt.

Því hefir verið hreyft, að óviðkunnanlegt sé, að auka upphæð hinna óinnleysanlega seðla. En það er ekki hægt að kalla bankaseðla vora óinnleysanlega, þá er um viðskifti við önnur lönd er að ræða, þar sem hægt er að fara með þá á pósthúsið og kaupa fyrir þá póstávísun hvert sem óskað er. Það er því að eins hér á landi, í innanlands viðskiftum, sem þeir eru að nafninu til óinnleysanlegir, en eru innleysanlegir í öllum viðskiftum við önnur lönd.

Eg skal svo ekki fjölyrða um frv. en óska að háttv. þd. sþ. það.

Landshöfðingi: Eg vil leyfa mér að taka undir það, er háttv. 3. kgk. (Kr. J.) hefir sagt um frv. þetta. Eg álít það mjög æskilegt og að nauðsynlegt sé, að bankinn fái meira starfsfé, einkum þegar hann verður vegna veðd. að verja fé til vaxtabréfanna; og svo má einnig búast við, að ýmsir muni vilja taka út fé sitt úr sparisjóði og verja því fyrir vaxtabréf, svo að bankinn kunni að eiga erfitt með að inna það af hendi, ef starfsfé hans er ekki aukið.

Háttv. sami þm. sýndi glögglega fram á það, að engin hætta getur verið á ferðum, þótt seðlafúlgan sé aukin upp í 750 þús. kr., né að traust seðlanna minki. Hafi lánstraust landssjóðs eitt saman verið nægileg trygging fyrir $^1/_2$ miljón í seðlum árið 1885, þá hlýtur það nú, í sambandi við eignir og varasjóð bankans, að vera óyggjandi trygging fyrir $^3/_4$ miljón í seðlum.

Menn muna víst eftir því, að 1885 þegar seðlarnir fyrst voru lögleiddir, álitu margir hættulegt að gefa út þessa svo kölluðu óinnleysanlegu seðla; spáðu því, að þeir mundu falla í verði og landið bíða tjón og voða af því. En nú hefir 14 ára reynsla sýnt hið gagnstæða. Þeir eru í fult eins miklum metum eins og gull. Eg álít því frumv. þetta orð í tíma talað og haganlegt í alla staði. Eg vil því mæla hið bezta með, að h. þingd. samþ. það.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. í e. hlj.; 2. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn samþ. í e. hlj. Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 64); 20. júlí.

Kristján Jónsson: Eg vona að lfrv. þetta sæti sömu kjörum eins og hið fyrra frumv., sem síðast var hér til umr. Það hafa ekki komið fram nein andmæli gegn því við 1. og 2. umr.; hæstv. landsh. hefir mikillega mælt með því.

Eg vona því að þessi háttv. þingdeild samþykki það við þessa 3. umr., svo að það geti sem fyrst komist til háttv. Nd.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Ein umr. (C, 441); 18. ágúst.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eftir að frumv. þetta, sem fyrst kom fram í þessari háttv. þingd., kom til háttv. Nd., var þar aukið við það 2 nýjum greinum, sem nú eru 3. og 4. gr., og kemur það nú aftur þaðan þannig aukið, en 1. og 2. gr. frv. eru samhljóða frumv. því, sem héðan fór í sumar. Frumv.gr. þær, er við hefir verið aukið í háttv. Nd., gerir breytingu á hinum gildandi bankalögum um endurskoðun bankareikningsins og eftirlit með heimafé hans. Í bankalögunum er svo mælt fyrir, að einn endurskoðandi, skipaður af landshöfðingja, skuli hafa endurskoðunina á hendi, en á þessu er sú breyting gerð í þessu frv., að endurskoðendur skuli vera 2, annar, er landshöfðingi útnefnir, en hinn valinn af sameinuðu alþingi.

Eg get felt mig við þessa breytingu, sem frv. hefir þannig fengið, og vil eg því leggja til, að háttv. þingd. samþykki frumv. eins og það er nú orðið. Eg vil að eins gera þá athugasemd, að sumum kann að virðast það óviðfeldið, að frumv. mælir svo fyrir að kjósa skuli nú þegar á þinginu endurskoðanda, þannig áður en frumv. þetta hefir fengið konungs staðfestingu, í því trausti að það verði að lögum. En eg hygg að uppástungumenn þessara ákvæða hafi haft fyrir augum, að eins var farið að, þá er bankalögin voru samþykt á þingi 1885, og eins lögin um Söfnunarsjóð Íslands, að gæzlustjórar voru kosnir af þinginu áður en lög þessi voru staðfest. Það er því ekki eins dæmi, þótt eins verði farið að hér.

Eg vil því sem sagt leggja til, að frv. verði samþykt eins og það liggur nú fyrir; eg þykist mega í þessu efni tala fyrir hönd nefndar þeirrar, er upphaflega kom fram með frumv. þetta, enda þótt eg hafi ekki fengið beint umboð hennar til þess.

Landshöfðingi: Eg held eg hafi ekki látið í ljósi í þessari háttv. þingd. skoðun mína á þessu máli, og vil eg því lýsa henni nú, en eg skal taka það fram, að eg tala ekki í nafni stjórnarinnar, með því að eg hefi ekki haft tækiferi til að fá vitneskju um, hvernig hún muni líta á það, að seðlafúlgan verði aukin um $^1/_4$ milj. króna.

Þær tvær mótbárur gegn frumv. þessu komu fram í háttv. Nd., að viðskiftaþörf landsins útheimti ekki 750 þús. kr. gjaldeyri og í öðru lagi, að hættulegt væri að gefa nú út svona mikið af ómálmtrygðum seðlum, því að það mundi leiða til þess, að næsta þing gæfi svo aftur út $^1/_4$ milj. á ný og svo koll af kolli, er svo mundi hafa þær afleiðingar, að seðlarnir féllu í verði og landið biði tjón af því. En eg hefi þá skoðun, og treysti því, að það sé rétt, sem tekið hefir verið fram, bæði í þessari háttv. þingd. og einnig í háttv, Nd., að viðskiftaþörf landsins útheimti ekki minna en $1^1/_2$ milj. kr. og þá er 750 þús. kr. í seðlum ekki ofhá upphæð. Þessi skoðun styrkist einnig við það, að oft hefir komið fyrir, að varla neitt af seðlum hefir verið fyrirliggjandi í landssjóði og bankanum, svo að þá hafa allir seðlarnir $^1/_2$ milj. kr. verið í umferð í landinu, og einnig er kunnugt, að talsvert er að jafnaði í umferð hér af dönskum, norskum og svenskum bankaseðlum. Fyrir því má álíta hættulaust með öllu að auka seðlafúlguna svo sem farið er fram á í frumv. Seðlunum er ætlað að ganga hér en ekki í útlöndum, og þar sem þeir eru lögbundinn gjaldeyrir eins og slegin mynt, get eg ekki skilið, hvernig þeir ættu að geta fallið í verði.

Hin mótbáran, að löggjafarvaldið með þessu komist inn á þá braut, að auka seðlafúlguna þing eftir þing, er að eins grýla, sem búin er til að ástæðulausu. Þingið hefir það á sínu valdi að segja hingað og ekki lengra, hvenær sem það vill. Nú er það skoðun þingsins, að ekki skuli hærra fara en þetta, og þá er ekki hætt við að næsta þing hækki enn seðlafúlguna upp í 1 milj. kr. Nei, það er ekki hér sem voðinn er, heldur er voðinn annarsstaðar, sem sé á fjárlögunum. Þar er þingið komið inn á braut, sem leiðir niður á við, þar sem tekjuhallinn vex ár frá ári. Á yfirstandandi fjárhagstímabili verður tekjuhallinn á 2. hundrað þúsund krónur; og fyrirsjáanlegt er, að hann muni verða á næsta fjárhagstímabili nær 300 þús. kr. samkvæmt fjárlagafrumv. því, sem þingið hefir nú til meðferðar og öðrum þeim lögum, er afgreidd verða frá þinginu.

Eg mun mæla með því, að frv. það, sem liggur hér fyrir, fái staðfestingu, en það er ekki á mínu valdi að gefa fullar vonir um, að þær tillögur mínar verði teknar til greina.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Lögaldur.

FRUMVARP til laga um lögaldur (C. 183); 1. umr. 26. júlí.

Kristján Jónsson: Mál um þetta sama efni var fyrir þingi 1897 og var þá, eins og h. þingm. mun reka minni til, talsvert mikið þráttað um það; það komst loks í sameinað þing og féll þar. Málið hafði þá komið fyrst fram í h. Nd. og var efni þess aðallega hið sama sem efni þessa frumv., en þó að því leyti öðruvísi, að takmarkið fyrir hálfmyndugsaldri eða þá er menn verða fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni, var sett við 18 ár, en fullmyndugleikatakmarkið var sett, eins og hér, við 21 ár. Hér í h. Ed. var málið íhugað í nefnd og komst hún að þeirri niðurstöðu og h. þingd. einnig, að setja hálfmyndugleikatakmarkið 16 ár og fullmyndugleikamarkið við 20 ára aldur. Um þetta varð svo deiluefnið milli beggja þingdeilda, og fór svo málið út af því á þann hátt, sem eg áður gat um, að það féll í sameinuðu þingi.

Nú hefir h. Nd. farið millumveg og sett hálfmyndugleikaaldursmarkið við 16 ár, eins og h. Ed. hafði það í hitt eð fyrra og lagði þá áherzlu á, en heldur enn fast við 21 árs fullmyndugleikamarkið.

Eg hygg, að eigi sé þörf á því nú að kjósa hér nefnd í þetta mál; það var íhugað svo rækilega á síðasta þingi og nú er einnig orðinn svo lítill meiningamunur, sem sé að eins um fullmyndugsmarkið. Eg fyrir mitt leyti get fallist á, að það sé sett við 21. aldursár; það munar að eins einu ári frá því sem var í fornri löggjöf vorri. Það er og kunnugt, að þetta myndugleikamark hefir verið að ryðja sér til rúms síðan um 1790 í flestum löndum álfu vorrar, rómönsku þjóðirnar hafa tekið það upp, og sumar hinna germönsku einnig, svo sem Noregur o. fl. Fyrir því er það eigi óráðlegt, að vér einnig leiðum í lög þetta sama myndugleikamark. Það kemur eigi í bága við löggjöf annara þjóða né almennar internationalar reglur.

Eg vil því leggja til, að h. þingd. samþykki frv. óbreytt, og láti það nú ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. 183); 28. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. samþykt í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. með 10 atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Þriðja umr. (C. 183); 31. júlí.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 9 atkv. og afgr. sem *lög frá alþingi.*

Aðflutningsgjald af kynjalyfjum.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilskip. 26. febr. 1872. (Frv. til laga um aðflutningsgjald af kynjalyfjum [arcana]) (C. 184); 1. umr. 26. júlí.

Guttormur Vigfússon stakk upp á að máli þessu væri vísað til nefndar þeirrar, er kosin var í frumv. til laga um aðflutningsgjald af tóbaki og var það samþ. með 9 atkv.

Fyrstu umr. frestað.

Framh. 1. umr. (C. 184, 340); 9. ágúst.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Eins og h. þingd. sér, hefir nefndin í máli þessu skiftst í tvent; þó eru bæði meiri og minni hluti sammála um það, að aðflutningstoll skuli leggja á allar bittertegundir, en svo skiftast skoðanirnar; meiri hlutinn vill leggja tollinn á öll kynjalyf, en minni

hlutinn vill að eins leggja hann á bittertegundirnar, en sleppa öllum öðrum kynjalyfjum. Flest af þessum kynjalyfjum eiga að geta læknað alla sjúkdóma, en eins og menn vita er þetta skakt, og efasamt er hvort þau geta læknað nokkurn sjúkdóm. Vér höfum nú landlæknirinn hér í þessari h. deild og getur hann gefið upplýsingar í þessu máli. Það getur hugsast, að einhver af þessum kynjalyfjum geti verið gagnleg sem meltingarlyf, en eg efast þó um það, og tel enda víst að þeir sem kaupa þau, eyði með því peningum til ónýtis. Væri tollur lagður á þau, mundi það draga úr kaupunum og jafnframt vera bending til fólks um að kaupa helzt ekki þennan óþarfa. Sum af lyfjum þessum geta jafnvel verið skaðleg, aftur eru önnur, sem kalla má meinlaus og gagnslaus, svo sem Voltakrossinn. Það virðist mega leysa það milli línanna hjá háttv. minni hluta, að sum af kynjalyfjunum geti verið til bóta, en það hygg eg ekki að rétt sé, og fyrir því væri réttast að tolla þau öll

Jónas Jónassen: Eg verð að álíta það mjög heppilegt, að samin séu lög um toll á kynjalyfjum. Það eru ótrúlegar upphæðir, sem ganga út úr höndum landsmanna fyrir þessi lyf, sem eru alveg gagnslaus og oft háskaleg. Eg er sannfærður um, að Bramalífselixírinn hefir drepið mörg ungbörn hér á landi, og að það er mesti háski að gefa þeim hann.

Eg get ekki fallist á þau ummæli h. minni hluta, að það sé óvíst og ósannað, að kynjalyf séu gagnslaus eða skaðleg. Það er þvert á móti viðurkent, að þau séu alveg gagnslaus og oft skaðleg.

Enn fremur finst mér það vel til fallið hjá meiri hlutanum að fara fram á að leggja toll á allar bittertegundir; því að bitterar eru oft alt eins skaðlegir eins og kynjalyf, enda þekkja menn ekki samsetningu þeirra. Það er undarlegt að leggja toll á rauðvín en ekki á bittera; eg skil ekki hvaða meining getur verið í því. Þegar hæstv. landshöfðingi skaut því til ráðgjafans fyrir nokkrum árum síðan, hvort leggja skyldi toll á bittera, þá fekk hann það undarlega svar, að Bramalífselixír ekki skyldi vera tollaður, en aftur á móti bitter, sem drukkinn væri í snöpsum. Það er undarleg skoðun að leggja megi toll á bittera, sem teknir eru í snöpsum, en ekki á Bitter-Essensa, sem stundum eru teknar í snöpsum, en stundum saman við annað. Þess vegna finst mér það rétt orðað hjá meiri hluta nefndarinnar að leggja skuli toll á allar bittertegundir og setja þær þannig á bekk með kynjalyfjum. Ef það er satt, að Valdemar Petersen telji Ísland hinn bezta markað fyrir Kínalífselixír, þá er hörmung til þess að vita, að það skuli ganga ógrynni fjár út úr landinu fyrir þau lyf, sem ekki eru til neins gagns, en mörgum til bölvunar og sumum til líftjóns.

Eg verð að álíta það illa farið, ef breytingar h. minni hluta yrðu til þess, að málið kæmist aftur niður í Nd. og yrði ekki afgreitt frá þinginu.

Eg mun greiða atkvæði með því nú, að öll kynjalyf verði tollud.

Sérstaklega er eg ánægður með þær breytingar á 3. gr., sem h. meiri hluti leggur til, nefnilega að skjóta ágreiningnum um, hvort eitthvert lyf er kynjalyf eða ekki, undir úrskurð landlæknis og tveggja kennenda við læknaskólann.

Eg vona, að h. þingd. sé ásátt um, að rétt sé að leggja toll á þennan fjanda, svo að kaupunum á því einhvern tíma linni, sem nú keyra fram úr öllu hófi. En ef h. deild ekki vill samþykkja það, þá er innan handar að hækka tollinn eða banna alveg að kaupa þessi lyf, en aðgjörðalaust má það ekki lengur svo til ganga.

Landshöfðingi: Eg er alveg á sama máli nú eins og þegar þetta frumv. var til umr. í h. Nd. Eg álít frumv. eins og það nú liggur fyrir frá meiri hluta nefnd-

arinnar óaðgengilegt og óframkvæmanlegt fyrir umboðsvaldið. Eg get ekki skilið, hvernig lögreglustjórnin getur haft nægilegt eftirlit með aðflutningnum. Í 2. gr. frumv. stendur, að á vöruskránum skuli tilgreint, hvers konar kynjalyf og hve mikið af þeim sé flutt með hverju skipi. En þá vil eg spyrja: Hvað er kynjalyf? Það sem læknaskólakennararnir í Reykjavík álíta að séu kynjalyf! Menn yrðu þá að skrifa fyrst til hans frá Kaupmannahöfn til þess að fá álit kennaranna um það, hvort einhver vara væri kynjalyf. Ef nú einhver fær vöru, sem hann er sannfærður um að sè ekki kynjalyf, þá getur hann komist í háa sekt, ef læknaskólinn dæmir hana að vera kynjalyf. Þetta ákvæði gerir því frumv. með öllu óaðgengilegt. Hins vegar verð eg að álíta það mjög gott, ef breyting h. minni hluta (Sig. J.) verður tekin til greina, því að hún gerir frumv. aðgengilegra og framkvæmanlegt. Eg álít rétt að leggja toll á bittera. Þar sem h. 4. kgk. þm. (Dr. J. J.) fann að úrskurði ráðgjafans í ráðgjafabréfi 21. ág. 1886, þá er hann bygður á réttum skilningi á lögunum um aðflutningsgjald af áfengum drykkjum. Essens er ekki drykkur, heldur efni í drykk. Það mætti þá alveg eins segja um kaffibaunir, að þær séu drykkur, af því að búinn er til úr þeim drykkur.

Eg álít þess vegna, að frumv. sé því að eins mögulegt, að breytingar h. minni hluta verði samþyktar; en eg hefi enga trú á að það verði að lögum, ef það verður samþykt, sem h. meiri hluti fer fram á. Auk þess er mér illa við, að löggjafarvaldið gerist formyndari manna með því að leyfa þeim ekki að kaupa einhvern óþarfa, ef þeir hafa gaman af því; það mundi jafnvel vera ópraktiskt líka. Því að ef kynjalyf ekki flyttust hingað til landsins frá útlöndum, þá mundi spretta upp aragrúi af kynjalyfjum í landinu sjálfu. Skottulæknar hafa ýmislegt, sem mætti kalla kynjalyf, og þegar af þeirri ástæðu geta lögin ekki náð tilganginum. Það er ekki hægt að fyrirbyggja að menn kaupi slík lyf, sem þeir hafa trú á, þótt læknar álíti þau einskis virði. Sem sagt álít eg ekki rétt að gerast formyndari manna með því að banna þeim að kaupa það, sem þeir vilja, slíkt liggur fyrir utan verksvið löggjafarvaldsins.

Eg ræð þess vegna h. þingd. til að samþykkja breytingar h. minni hluta á frumv., því að eg get ekki ábyrgst að frumv. nái staðfestingu hans hátignar konungsins, ef tillögur meiri hlutans verða samþyktar.

Þorleifur Jónsson: Það er slæmt, að ekki má gera sér von um, að hæstv. landshöfðingi verði þessu máli meðmæltur, því það getur orðið til þess, að lögunum um þetta efni verði neitað staðfestingar. En mér þóttu þó mótbárur hans þess leiðis, að eg gat ekki fallist á þær. *(Landsh.:* Þær eru nógar fyrir mig!). Hæstv. landsh. sagði, að ekki væri hægt að setja kynjalyf á tollskrár, fyrr en búið væri að skrifa læknaskólanum og fá álit hans um, hvort viðkomandi lyf í rauninni væri kynjalyf eða ekki, en væri þess ekki gætt, þá mætti búast við, að sá yrði fyrir stórsektum, er keypti lyf, sem hann sjálfur áliti ekki vera kynjalyf, en sem læknaskólinn úrskurðaði kynjalyf að vera. En til þessa liggja þau svör, að um mörg lyf getur enginn vafi leikið á að séu kynjalyf, og engir erfiðleikar eru á því að setja þau á tollskrár, án þess til læknaskólans þurfi að leita. En væri nokkuð til landsins flutt, er vafi léki á hvort kynjalyf væri eða ekki, og yrði selt sem ótolluð vara, og úrskurðaði læknaskólinn, að þetta væri kynjalyf, er bæri að tolla, þá kæmi ekki til mála að sekta þann er selt hefði. Þar sem hann, af ásettu ráði eða vísvitandi, hefir eigi gerst sekur í tollsvikum.

Þá gat hæstv. landshöfðingi þess, að það væri óheppilegt, að þingið færi að gerast formyndari þjóðarinnar og óvið-

kunnanlegt að gera mönnum örðugra fyrir með að kaupa þessi kynjalyf, því þó þau væri óþarfi, þá væri það skaðlaus óþarfi. Eg skil ekki, hví hæstv. landsh. kallar það skaðlausan óþarfa, sem landlæknirinn, er situr hér í deildinni, hefir upplýst um að geti valdið líftjóni, og að eitt kynjalyfið að minsta kosti hafi vafalaust drepið mörg ungbörn.

Enn fremur tók hæstv. landshöfðingi það fram, að þó tollur yrði lagður á kynjalyf, þá mundi það enga þýðingu hafa, vegna þess, að hér í landi mundu spretta upp önnur engu betri. Þetta kann að hugsast. En þá koma dagar og þá koma ráð, og sýnist mér óþarfi að kvíða því, eða gera ráðstafanir móti því, fyrr en þar að rekur.

Guttormur Vigfússon: Af því að eg að öllum líkindum mun greiða atkvæði með minni hluta nefndarinnar, þá skal eg leyfa mér að gera grein fyrir atkvæði mínu með fáum orðum.

Frumv. þetta heitir: „Frumv. til laga um aðflutningsgjald af kynjalyfjum“. Eg hefi, síðan eg las frumv., oft verið að hugsa um það, hvað felist í þessu orði: „kynjalyf“, en mér hefir verið ómögulegt að átta mig á því, hvað kallað mundi verða kynjalyf og hvað ekki, þegar framfylgja ætti lögum þessum. Eg veit að nú á tímum flytjast ákaflega margar bitertegundir til verzlana hér hringinn í kringum land. Eru það kynjalyf? eða mundu þær sleppa við allan toll? Þetta er mér alls ekki ljóst. Það er mín skoðun, að ef innfluttir bitterar verða tollaðir, sem eg og álít rétt, að þá mundi jafnframt vera ástæða til að reisa skorður við að farið verði að búa til í landinu sjálfu bittera, sem sjálfsagt yrðu ekki nokkurn skapaðan hlut hollari en sumir hverjir þeirra sem inn eru fluttir. Eg hefi t. d. einu sinni verið samferða manni, sem hafði bitter meðferðis, keyptan og eg hygg tilbúinn í einu apóteki landsins. Þegar hann fór að taka bitterinn upp og hella honum í brennivín, sem hann hafði með sér, þá varð maðurinn rauður um hendurnar, og þegar hann svo saup á flöskunni, varð skeggið alt rósrautt. Mundi þetta hafa verið skoðað sem kynjalyf? En kynjabitter var það, og hann innlendur. Hvað voltakrossinn snertir, þá álít eg að ekki beri að tolla hann, heldur banna með öllu að flytja hann inn í landið. Hvað því viðvíkur, að leggja toll á aðflutta plástra og smyrsli, þá er eg því mótfallinn af þeirri ástæðu, að tolleftirlit á þeirri vöru mundi verða mjög erfitt, en á hina hliðina innflutningur tiltölulega mjög lítill, enda munu flestir plástrar og smyrsli, sem til landsins flytjast, vera mjög ósaknæm meðul.

Eg mun sem sagt greiða atkvæði með minni hlutanum, en ekki með meiri hlutanum.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr með 8 shlj. atkv.

Önnur umr. (C. 184, 340), 11. ágúst.

Þorleifur Jónsson: Við 1. umr. þessa máls tók eg fram aðalatriðin um þetta mál, þar á meðal hvort ástæða væri til að leggja toll á kynjalyf yfir höfuð eða ekki. Eg skal ekki fara út í það nú, en að eins snúa mér að breyt.till. meiri hluta nefndarinnar.

1. breyt.till. gengur í þá átt, að leggja toll ekki einungis á alls konar kynjalyf, heldur líka á allar bitertegundir, hvort sem það er kynjalyf eða ekki. Þessa breyt.till. hefir háttv. minni hluti líka getað fallist á, en vill láta þar við sitja: í því er munurinn fólginn.

2. breyt.till. meiri hlutans er afleiðing af hinni fyrstu, og þarf því ekki frekari skýringar við.

3. breyt.till. meiri hluta nefndarinnar er í því fólgin, að fela landlækni og tveimur kennendum við læknaskólann að skera

úr hvort eitthvert lyf sé kynjalyf eða ekki, ef ágreiningur verður um það.

Meiri hluta nefndarinnar þótti meiri trygging í því, að leggja það undir úrskurð þessara manna en héraðslæknanna. Það getur nfl. vel hugsast, að einn héraðslæknir skeri öðruvísi úr því en annar, og að einn héraðslæknir álíti það kynjalyf, en annar telji það ekki, og afleiðingin af því mundi þá verða sú, að eitthvert lyf yrði tollaust á einum stað, en tollað á öðrum. Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um þetta mál, en óska aðeins, að breyt.till. meiri hlutans verði samþyktar.

Sigurður Jensson: Hæstv. landsh. talaði svo vel fyrir uppástungum mínum, þá er frv. var til síðustu umr., að eg gæti sparað mér að tala, en þess vil eg geta, að eg tók það ráð, að koma fram með þessar breytingar á frv., að eg taldi lítil líkindi til, að það mundi fá staðfestingu hjá stjórninni eins og það hefir komið frá háttv. Nd. og eins og háttv. meiri hluti vill hafa það, og á þessari skoðun styrktist eg við ræðu hæstv. landsh. nú um daginn. Eg hygg og, að ef breyt.till. mínar komast að, nái frumv. til hinna helztu kynjalyfja, sem mest flytjast til landsins og mest eru hér keypt. Af kynjalyfjum, sem eru hér mest auglýst, munu þá aðeins sleppa við toll Voltakross og Sybilles Livsvækker.

Háttv. framsm. meiri hlutans (Þ. J.) sagði við síðustu umr. að það mætti lesa það milli línanna í nefndaráliti mínu, að eg hefði trú á þessum kynjalyfjum; en háttv. þm. (Þ. J.) les þá ekki rétt, því að mín skoðun er að eins, að þessi meðul séu eigi öll verkanalaus og gagnslaus. Og um öll þeirra er ekki hægt að segja, að þau séu skaðleg; og eg stend eigi einn uppi með þessa skoðun; hana hafa fleiri en eg og það enda menn, sem eru læknisfróðir og hafa því vit á þessu. En þau eru skaðleg að því leyti, að reynt er að snuða þeim inn á fólk með afardýru verði.

Eg hygg að tilgangur frumv. náist hér um bil ef breyt.till. mínar verða samþyktar og það mælir með að samþykkja þær, að ómögulegt verður að framkvæma frv. eins og það er frá háttv. Nd. og einnig eins og háttv. meiri hluti vill hafa það, með því að ætlast er til að leggja aðflutningstoll á hluti, sem ekki eru taldir upp í sjálfum lögunum. Það er þó betra að þeir hlutir verði tollaðir, sem breyt till. mínar fela í sér, heldur en ekkert verði úr tolli á neinum af kynjalyfjunum, eins og afleiðingin verður, ef frumv. er þannig úr garði gert, að það öðlast ekki staðfestingu.

Breyt.till. hæstv. landsh. um að hækka tollinn af hverjum pela eða minna íláti upp í eina krónu virðist mér fara nokkuð langt; en eg er þó ekki fastlega á móti henni.

Hallgrímur Sveinsson: Eg játa það að tilgangur frv. þessa er skiljanlegur og góður, því að leiðinlegt er til þess að vita, hve mikið keypt er hér á landi af þessum kynjalyfjum, það er að segja lyfjum, sem ekki eru tilbúin eftir ákveðnu recepti lækna, heldur á heimullegan hátt, og sem því óvíst er, hver efni innihalda; enda hefir það komið fyrir, eins og landlæknirinn, háttv. 4. kgk. (Dr. J. J.) upplýsti hér í þessari háttv. þd. um daginn, að slík meðul hafa eigi reynst hættulaus fyrir ungbörn, enda þótt þau hin sömu meðul séu eigi óheilnæm eða hættuleg fyrir fullorðna. Og öll eru meðöl þessi skaðleg að því leyti að þau ala hjátrú og hindurvitni í landinu. Annars er það allmerkilegt, hversu menn á þessari upplýstu öld hneigjast til þess að trúa betur ólærðum læknum, hinum svo nefndu skottulæknum, heldur en hinum lærðu læknum. Og bein afleiðing af slíku ætti að vera sú, að þekkingin væri skaðleg. Skottulæknarnir eru ekki betur til lækninga færir en hin-

ir, áður en þeir hafa aflað sér þekkingar, og ættu þeir því eftir námið að vera hinum fremri, sé þekkingin nokkurs virði, en svona sterka trú hefir samt almenningur á hinu óþekta og leyndardómsfulla, að þeir kjósa það heldur en meðul þau sem tekin eru til eftir reynslu og þekkingu vísindanna.

Eg er hræddur um að tilgangurinn, sem á að vera í frv. þessu, muni þó ekki nást eftir frv. háttv. Nd. né heldur með því að sþ. brtill. háttv. meiri hlutans, og fyrir því sé réttast að aðhyllast till. háttv. varaforseta (S. J.). Eg hygg að till. h. meiri hluta muni reynast mjög erfiðar í framkvæmdinni, og framkvæmd laganna yrði fyrst möguleg, eins og tekið hefir verið fram, ef öll þau kynjalyf væru talin upp í lögunum, sem tollskyld væru. En slíka upptalning er þar eigi unt að hafa. Nú í ár eru það sérstakl. þessi eða þessi kynjalyf, sem flytjast, en svo koma önnur kynjalyf hitt árið, eða hin eldri hafa þá skift nafni og slíkt er ómögulegt að elta með lögum. Menn hafa ætíð nóg ráð til að skjóta sér undan ákvæðum laganna, þegar upptalningin hlýtur að verða svo ófullkomin. Orðalag síðustu málsgreinar, í 1. gr. sýnir berlega, hve erfitt höfundar frv. hafi átt með að koma því fyrir í frv., sem tilgangurinn er að tolla. Þar stendur: Af öllum kynjalyfjum, hvort heldur það eru hlutir o. s. frv. Orðið hlutur innibindur í sér alt, sem um er talað í 1. gr. En hér er þetta orð auðsjáanlega viðhaft til þess að ná í Voltakrossinn. Það getur og verið vafasöm spurning hvaða plástur og hvaða pillur eiga að kallast kynjalyf. Er t. d. Kjöngsplástur kynjalyf, eða Keatings hóstakökur eða Sweizerpillur eða Brandrethspillur o. s. frv.? Þessi lyf eru vitanlega notuð töluvert alment og geta víst verið heilsusamleg hvert upp á sinn máta, en þó hygg eg að þau geti kallast arcana, þar sem samsetning þeirra hefir verið fundin upp af sérstökum mönnum, er haldið hafa samsetningunni leyndri og fengið sér einkarétt til tilbúningsins.

Af þessu sést hversu erfitt það er, að velja orð frv. bæði nægilega víðtæk en þó svo ákveðin og takmarkandi, að framkvæmdin verði möguleg og tilgangurinn náist. Eg hygg að rétt sé að hallast að stefnu háttv. minni hluta (S. J.), og láta sér nægja það, að frv. nái yfir hinar fljótandi vörur.

Auk þessara almennu athugasemda vil eg leyfa mér að benda á nokkur sérstök atriði í frv. og till. meiri hlutans, sem mér virðast athugaverð. Í 2 gr. frv. stendur: auk þess skal hver sá, sem fær flutt kynjalyf frá útlöndum, skyldur að segja til upp á æru og samvizku, hvort hann hafi fengið kynjalyf frá útlöndum etc. Þetta er ekki heppilega orðað, því að sá sem fær kynjalyf, hefir fengið þau og þarf því ekki að segja til hvort hann hafi fengið þau, heldur að hann hafi fengið þau. Í 4. gr. stendur: „Verði hinn sakfeldi uppvís“. Það er rangt mál, því að hér er um hinn sakborna að ræða, en sem ekki er hægt að kalla hinn sakfelda fyrri en hann hefir sakfeldur verið.

Í 3. br.till. meiri hlutans stendur „skjóta þeim ágreiningi undir úrskurð landlæknis og tveggja kennenda við læknaskólann“. En séu nú 5—6 kennendur við læknaskólann, hverjir 2 af þeim eiga þá að dæma um þetta með landlækni? Stendur það öldungis á sama? Eg hyggað ekki væri óheppilegt að setja einhver ákvæði um það, t. a. m. að væri um efnafræðisleg atriði að ræða, skyldu þeir kennarar vera meðdómendur, sem kenna meðalafræði og efnafræði. Og í öðrulagi: Hver á að tiltaka þessa tvo menn,? Er það landlæknir eða landsstjórnin eða þá hinn sakborni? Um það stendur ekkert. Og enn fremur: hvernig fer ef nú fæst ekki „samhuga álit“ þessara 3 manna? Á hinn sakborni að sleppa, ef 2 vilja dæma hann en 1 ekki. Það er þó ekki í samkvæmni við það, sem venja

er til, þá er 3 menn sitja í dómi. Þetta þyrfti alt að laga, ef tillögur háttv. meiri hluta yrðu hér ofan á í háttv. þd. Eg kann heldur ekki við orðið: drykkjarvaran“ í 1. gr. hjá háttv. minni hluta (S. J.), því að það hefir þegar verið ákveðið fyr í gr. hver þessi drykkjarvara sé. En þetta mætti laga með br. atkv.

Hæstv. Landsh. hefir komið með br.tlll. um að gjaldið sé ákveðið 1 kr. af hverjum pela eða minni ílátum. Háttv. varaforseta (S. J.) þótti gjald þetta nokkuð hátt, en var þó ekki fjarlægur því að sþ. það. Eg skal benda á, að þetta er samhljóða frv. háttv. Nd.; henni hefir 1 kr. gjald þótt hæfilegt, og eftir þeim hug sem virðist koma fram í frv. til „hinna sakfeldu“ mun hún ekki sjá eftir því, þótt þeir þurfi að greiða það gjald fyrir oftrú sína.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Margt af því, sem háttv. 2 kgk, þm. (H. Sv.) tók fram, get eg felt mig við, en sumt af því var þó þannig, að eg verð að mótmæla því. — Eg get fallist á það, sem h. þm. sagði um orðalagið á 2. og 4. gr., að það fer ekki sem bezt á því, en þetta mætti laga til 3. umr. Þm sagði að frv. gæti ekki náð tilgangi sínum, en eg heyrði hann ekki útlista það; h. þm. sagði að það væri ónákvæmt í frv., að það væri ekki tiltekið hverjir af kennendum læknaskólans skyldu vera dómarar með landlækninum um hvað skyldi skoðast sem kynjalyf og hvað ekki. Það er rétt, að kennendurnir við læknaskólann eru fleiri en tveir og það er líka rétt, að það er ekki tiltekið neitt nánar í frv. hverjir þessir tveir skulu vera, en meining okkar var að landlæknirinn tilltæki þá (H. Sv. Ávalt þá sömu?) Nei, tiltæki þá í hvert skifti, eftir því sem honum sýndist. Eg skal játa að það væri skýrara að taka þetta nákvæmar fram í lögunum sjálfum, og eg gat þess líka við háttv. meðnefndarmann minn, en hann áleit þess enga þörf. Háttv. 2. kgk. áleit annars það ákvæði í lögunum ekki gott að það skyldi skoðast tollskylt, sem að samhuga áliti landlæknis og 2 kennenda við læknaskólann væri kynjalyf, og spurði, hvernig að ætti að fara, ef ekki fæst samhuga álit þessara þriggja manna. Það var meining okkar að ef ágreiningur væri meðal dómendanna um hvort eitthvert lyf skyldi skoða sem kynjalyf, þá skyldi ekki greiða toll af því, og eg fyrir mitt leyti get ekki séð neitt á móti þessu.

Aðrar bendingar háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) mun meiri hluti nefndarinnar taka til athugunar og er honum þakklátur fyrir þær.

Jónas Jónassen: Þar sem hæstv. ldsh. hefir lýst því yfir, að tillögur nefndarinnar séu með öllu óaðgengilegar, þá álít eg það alveg tilgangslaust að vera að tefja tímann með því að ræða þær. Eg verð því að hallast að tillögum minni hlutans, og það því fremur, sem aðaltilgangurinn að mestu leyti næst. Því hvaða tegundir eru það, sem falla undir frumv. minni hlutans? það er Brahma, Kína og nokkrir aðrir bitterar og kynjalyf, sem hafa orðið til þess að tæla svo þúsundum skiftir út úr landsmönnum. Þar með er ekki loku fyrir skotið, að fleiri lífs-elixírar komi á eftir, en þetta eru þau helztu. Það er alveg bráðnauðsynlegt að stöðva þessi dæmafáu vitleysislegu kaup á kynjalyfjum. Eigendur og útsölumenn þessara kynjalyfja kaupa menn til að gefa vottorð til þess að ginna fáfróða alþýðu til að kaupa þau. Af þessum ástæðum verð eg að álíta það mjög vel tilfallið, að tolla þessar bittertegundir svo hátt, að þær hættu alveg að flytjast. Eg skal geta þess, að eg álít 1. gr. mjög heppilega orðaða hjá mimi hlutanum, því eftir skýringu hans á bittertegundum, nfl. bitteressens, bitter-likör, elixír og fleiri, þá imynda eg mér, þó eg raunar sé ekki nákunnugur þessum Sybilles-lífsvekjara, að það megi takast að heim-

færa hann undir þessa grein og kannske ýms fleiri þess háttar kynjalyf.

Aðfinning háttv. 2. kgk. (H. Sv.) að málinu á fyrri málsgrein 2. gr. finst mér með öllu óþörf. Sé ekki annað, en að það sé alveg rétt mál að segja: „skyldur skal hver sá, sem fær kynjalyf frá útlöndum, að segja hvort hann hafi fengið". Ef bæjarfógetinn kemur til mín og spyr mig um hvort eg hafi fengið áfengi frá útlöndum, þá er eg skyldugur til að segja honum hvort eg hafi fengið það eða ekki.

Með því að tillögur meiri hlutans eftir yfirlýsingu hæstv. landsh. ekki geta náð staðfestingu, þá vona eg að till. minni hlutans verði samþyktar, því það væri illa farið ef ekkert væri gert í þessu efni, með því líka tillögur minni hlutans hafa í sér fólgin aðalatriðin í þessu máli.

Jón Jónsson: Eg get ekki verið h. 4. kgk. (Dr. J. J.) samdóma um, að með till. minni hlutans sé aðaltilgangi þessa frumv. náð. Eg get trúað því, að verði þessar bittertegundir einar tollaðar, þá sé aðflutningur þeirra stöðvaður að nokkrum mun um 1 eða 2 ár, en að þeim tíma liðnum verður sú breyting, að hætt verður að flytja þessa bittera sem fljótandi vökva, og í stað þess verða kynjalyfin flutt inn í einhverri mynd, sem ekki er fljótandi, því það er ekki aðalskilyrðið til þess að geta selt þessi lyf, að þau séu fljótandi, heldur að þau séu auglýst með glæsilegum vottorðum, sem fáfróðir alþýðumenn glæpist á. Afleiðingin af tollinum yrði því ekki önnur en sú, að nokkur tollur kæmi í landssjóð þessi næstu tvö ár, en úr því yrði aftur að fara að breyta lögunum, ef menn óskuðu að hefta sölu þessara kynjalyfja og bittera.

Því hefir verið haldið fram, að sum af þessum kynjalyfjum gerðu gagn, og skal eg ekki dæma um, að þetta geti ekki átt sér stað með einhver einstök, en enda þótt svo sé, þá verð eg að halda því fram, að það litla gagn, sem þau kunna að gera í einstökum tilfellum, sé nokkuð dýrkeypt. og að þá sömu verkun, sem þau hafa, sé hægt að fá hér á annan hátt, fyrir langtum minna verð.

Að þessi lyf séu ætíð óskaðleg og meinlaus, get eg ekki fallist á. Eg hefi átt tal við lækni, sem hefir sagt mér, að hann hefði verið sóttur til sjúklings, sem var kominn að andláti af notkun kynjalyfja, svo ekki hefir það lyf eftir þessu verið alveg óskaðlegt. En auk þess er það alveg rangt, að kynjalyf yfir höfuð séu meinlaus, því reynslan hefir sýnt, að margur sjúklingur dregur það viku eftir viku, mánuð eftir mánuð og ár eftir ár að leita læknis, vegna þess að hann lifir einlægt í voninni um, að þessi kynjalyf lækni hann.

Viðvíkjandi því, er hæstv. landshöfðingi mintist á við fyrri umr. þessa frumv. hér í deildinni, að afleiðingin af till. meiri hlutans yrði sú, að menn færu að búa þessi kynjalyf til her í landinu, þá skal eg geta þess, að ef svo góður jarðvegur fyrir fáfræði og heimsku er hér á landi, þá verð eg að álíta það betur farið, að landið hafi sjálft arðinn, heldur en að heimskan og bábiljanin hér sé auðsuppspretta fyrir útlendinga í öðrum löndum og þeim til athlægis.

Eg hefi heyrt því barið við, að stjórnin mundi ófáanleg til að samþykkja frumv. meiri hlutans og skal eg ekki bera á móti því, að svo kunni að vera, en ef ekki væru nein sérstök ákvæði í frumv., sem hlytu að hafa þá verkun, að frumv. gæti ekki orðið að lögum, þá vildi eg gjarnan lofa frumv. að ganga í gegn um þingið, svo það gæti komið í ljós, hvort stjórnin sjálf vildi líka styðja að sölu þessara kynjalyfja.

Þorleifur Jónsson: Háttv. 4. kgk. (Dr. J. J.) sagði, að ekki væri til neins að halda fram frumv. meiri hlutans af því, að landshöfðingi mundi mæla á móti því. Það eru auðvitað nokkrar líkur til, að

frumv. nái ekki að verða að lögum, ef landshöfðingi leggur á móti því, en engin vissa er þó fyrir því, því við þekkjum allir dæmi til þess, að frumv. hafa öðlast staðfesting konungs, þó að landshöfðingi hafi lagt á móti þeim.

Í frv. er málvilla, sem eg hefi gleymt að benda á; „kynjalyfum“ í staðinn fyrir „kynjalyfjum“ og vona ég, að fyrir orðið „kynjalyfum“ megi setja „kynjalyfjum“ alstaðar þar, sem það kemur fyrir, þegar frumv. verður prentað upp aftur, ef það verður á annað borð samþykt.

ATKV.GR.: Breyt till. á þingskj. 381 samþ. með 7 atkv.; breyt.till. 1.—6. á þskj. 340 (minni hl.) sþ. með 6 atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 7 atkv.

Þriðja umr. (C. 387); 14. ágúst.

ATKV.GR: Breyt.till. (395) samþ. með 6 shlj. atkv. Frv. sþ. með 8 shlj. atkv. og sent forseta Nd.

Fjárlög 1900—1901.

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1900—1901 (C. 359); 1. umr. 10. ágúst.

Sigurður Stefánsson: Eg skal játa það, að þegar eg sá fjárlagafrumvarp h. Nd., eins og það nú liggur fyrir, þá brá mér í brún, en það er nú máske af því, að eg er ekki mikill fjármálamaður og ekki svo vel inni í slíkum efnum sem skyldi. En sú grein, sem eg les fyrst í þessu frumv., hvort heldur stjórnarinnar eða h. Nd, er sú grein, sem ræðir um hvort heldur sé tekjuafgangur eða tekjuhalli; þá grein er mér ávalt mest forvitni á að sjá. Í frv. stjórnarinnar er tekjuhallinn liðugar 30 þús. kr., og þótti mér það ekki álitlegt. En þegar eg fór að ganga í gegnum frv. stjórnarinnar komst eg að raun um, að þar voru ekki margar upphæðir, sem tiltækilegt væri að stryka út. En þegar eg aftur á móti gekk í gegnum frumv. h. Nd., þá sá eg, að þar var alt öðru máli að gegna, og í staðinn fyrir að ámæla stjórninni, þá lægi nær að telja, að h. Nd. hefði farið helzt til langt í að hækka útgjöld landssjóðs.

Eg fæ ekki betur séð, en að æði margar af þessum upphæðum Nd. frumv. séu þannig vaxnar, að vafasamt sé, hvort þær nái þeim tilgangi, sem þær eiga að hafa. Eg get ekki annað en verið hræddur við þann rekspöl, sem frv. er komið á, þegar litið er á allar þessar fjárveitingar úr landssjóði, og hefir h. Nd. í þessu efni farið feti framar en stjórnin, og eg efast um, að allar þær fjárveitingar séu heppilegar, sem þar er farið fram á.

Nú er tekjuhallinn, eftir frumv. h. Nd., um 200 þús. kr., þegar með eru taldar þær 75 þús. kr., sem veittar eru til ritsímans. Eftir því sem mér hefir skilist af frumv. Nd., þá eru stórkostlegar upphæðir ætlaðar til útlána af viðlagasjóði, svo að í raun og veru verða útgjöldin miklu meiri en beinlínis er ráð fyrir gert.

Eg verð að álíta svo sem h. Nd. ætli að hægt muni vera að veita allar þessar upphæðir, sem ráð er fyrir gert í frumv. hennar; því séu þær settar þar, án þess að nokkur von sé um að þær fáist, þá eru þær að eins til að blekkja landsmenn, sem hljóta að ætla að þessi lán fáist, og þá eru upphæðir þessar verri en gagnslausar. Eftir frumv. Nd. er tekjuhallinn 130 þús. kr., þar við bætast svo 75 þús. kr. til ritsímans, þá verður það alls 205 þús. kr. Þar við bætist svo öll halarófan af lánum úr viðlagasjóði, nefnilega 30 þús. kr. til þilskipakaupa, 20 þús. kr. til mjólkurbúa, 30 þús. kr. til sveitarfélaga, 90 þús. kr. til hafskipabryggjugerðar í Reykjavík, 2 þús. 500 kr. til múrsteins- og þakhellugerðar eða samtals 378,472 kr. 75 aurar. Þar við bætist tryggingarfé veðdeildarinnar plús 5000 kr. tillagi á ári, og svo öll þau miklu útgjöld, er stafa af ýmsum lögum, sem þingið væntanlega samþykkir.

Þegar litið er á allar þessar upphæðir og svo á það, hvernig hagur landssjóðs stendur nú, þá sýnist þetta vera bráður voði fyrir landssjóð og að ástand hans verði næsta iskyggilegt, ef allar þær upphæðir, sem standa í frumv. h. Nd., verða samþyktar, því að þótt viðlagasjóðurinn sé djúpur brunnur, þá er hann þó ekki svo djúpur, að hann verði ekki upp ausinn. Mér þætti fróðlegt að heyra frá hæstv. landshöfðingja, hvort hann geti búist við, að stjórnin geti orðið við öllum þessum lánveitingum, sem getið er um í 18. gr. frumv. Það er þýðingarlaust og ekki nema leikur að setja allar þessar lánveitingar inn í frumv., ef stjórnin telur sér ekki fært að veita þessi lán, þær eru þá, eins og eg áður tók fram, að eins til að blekkja menn.

Mér virðast mýmargar af þessum upphæðum Nd. frumv. þannig vaxnar, að þær ekki verði til framtíðarhagnaðar, að minsta kosti í bráðina, og þó aldrei nema svo væri, þá verðum við sem bændur á þjóðbúinu að sníða oss stakk eftir vexti; því er eins varið með þetta eins og með búskap hvers einstaks manns, að þótt hann sjái, að ýms útgjöld miði búskap hans til eflingar, þá verður hann oft að fara hægar í sakirnar en hann gjarnan vildi óska, og bíða með að færa út kvíarnar þangað til betur lætur í ári. Alveg sömu reglu verður þingið að fylgja í fjármálunum, og skoða vel huga sinn um, áður en það samþykkir hverja upphæðina á fætur annari, án þess að hugleiða, hvort landssjóður sé í raun og veru fær um að standast útgjöldin.

Eins og frv. liggur fyrir nú, þá er það næsta iskyggilegt, og ef til þess kæmi, að allar upphæðir þess yrðu veittar, þá mundi koma dýpra skarð í viðlagasjóðinn en nokkurn tíma hingað til.

Landshöfðingi: Eg skal út af ræðu h. 1. þm. Ísf. (S. St.) geta þess, að eg við framh. 1. umr. þessa frumv. í Nd. tók það skýrt fram, að það væri að eins til málamynda að setja inn í frumv. öll þau lán, sem getið er um í 18. gr., af því að eg býst ekki við, að landssjóður muni hafa neitt fé, sem geti nálgast þær upphæðir, sem þar er farið fram á að veita. Það verður líka að taka tillit til þess, að auk þess sem hér í frumv. er gert ráð fyrir töluverðum sjóðþurði, þá er hann þegar talsverður fyrir árið 1898, hér um bil 60 þús. kr., og má búast við, að hann verði heldur meiri fyrir árið 1899. Því að auk þess sem búast má við, að tekjurnar reynist minni í ár en í fyrra, þá er enn fremur eitt stórt gjald, sem fellur á árið '99 fram yfir árið '98, nefnilega alþingiskostnaðurinn; eg gæti því hugsað mér, að tekjuhallinn fyrir árin 1898—'99 mundi verða c. 150,000 kr.

Stjórninni var ámælt fyrir það í h Nd., að hún hefði ekki sett neina sérstaka lánveitingu til sveitarfélaga til jarðabóta inn í frumv. sitt; en orsökin til þess var sú, að hún bjóst ekki við, að það mundi verða fé aflögum til þess; en henni þótti sér það ekki samboðið að setja þær upphæðir inn á fjárlögin, sem að eins væru til þess að vinna hylli manna í svipinn, en sem hlytu að bregðast mönnum, þótt þær yrðu samþyktar, af því að ekki væri nægilegt fé fyrir hendi, þegar til þess kæmi að útborga þær.

Eg er alveg samþykkur því, sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) tók fram, að frumv. er mjög iskyggilegt eins og það nú liggur fyrir frá h. Nd., og að hún hefir verið nokkuð rif á fjárveitingum sínum, þar sem tekjuhallinn hefir hækkað um 100 þús. kr. Það verður líka að gæta þess, að nú eru mörg lög á ferðinni frá þinginu, sem ýmist valda landssjóðnum útgjöld eða rýra tekjur hans; eg skal taka til dæmis læknalögin; svo eru fleiri lög, sem líklega verða samþykt, svo sem t. d. lögin um ræktunarsjóðinn og ýms önnur lög, sem miða til þess að rýra tekjur landssjóðs; ræktunar-

sjóðurinn um 150 þús. kr., en af því renna vextirnir ekki í landssjóð.

Yfir höfuð er eg hræddur um, að ýmsar þær tekjugreinir, sem gert er ráð fyrir í 2. gr., muni reynast lægri en ráð er fyrir gert nú. Það er auðséð á tekjunum fyrir árið 1898, að margir tollar hafa gengið úr sér. Sama er að segja um aðrar tekjugreinar. Þess vegna verða menn að hafa það hugfast, að ef menn vilja fá nokkurn veginn „Ballance“ milli tekna og útgjalda, að það er ekki áreiðanlegt, að allar þær tekjur fáist inn á fjárhagstímabilinu, sem gert er ráð fyrir í þessu frumv. h. Nd.

Sigurður Stefánsson stakk upp á að kosin væri 5 manna nefnd í málið. Samþ. í e. hlj. að kjósa 5 manna nefnd. Kosningu hlutu:

Júlíus Havsteen	með	9	atkv.
Þorl. Jónsson	—	8	—
Gutt. Vigfússon	—	8	—
Hallgr. Sveinsson	—	8	—
Sigurður Stefánsson	—	8	—

1. umr. málsins frestað.

Framh. 1. umr. (C. 359, 377, 429); 16. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eg hefi fyrir hönd nefndarinnar lítið að segja að þessu sinni. Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefir þar verið gerð grein fyrir þeirri stefnu, sem nefndin áleit skynsamlegt að fylgja, og vona eg að h. þd. geti fallist á skoðanir nefndarinnar að þessu leyti.

Eg tók það fram í byrjun 1. umr. þessa máls, að eg hefði fremur kosið frv. eins og það kom frá stjórninni en frumv. h. Nd., og eg hygg að meðnefndarmenn mínir hefðu líka getað skrifað undir það. Því að eins og frumv. kemur frá h. Nd., þá eru fjárhagshorfurnar alt annað en glæsilegar; en þótt nú nefndin teldi það aðalhlutverk sitt að reyna sem mest að spara til þess að minka hinn afarmikla tekjuhalla í frumv. h. Nd., þá hefir hún samt farið varlega í það, bæði af því að hún viðurkenuir, að þungamiðja fjárveitingarvaldsins er að réttu lagi í Nd. og í öðru lagi af því, að ef hún hefði farið ört í breytingarnar og niðurfærsluna, þá mundi það verða til að vekja meiri umræður án þess að nokkur von væri um árangur í þá átt, sem nefndin vildi fara.

Eins og sjá má af þessum breytingum nefndarinnar, þegar þær eru bornar saman við frumv. Nd., þá hefir nefndinni hér tekist að spara um 40 þús. kr. á fjárhagstímabilinu og er það allveruleg upphæð, og ef fjárlögin verða afgreidd frá þinginu að þessu sinni, þannig, að stefna nefndarinnar hér verður tekin til greina, þá er það töluverð bót frá því sem nú er. Það er með fjárlög vor eins og margt annað hér á þingi, að afskifti þingsins af þeim koma ekki vel heim við það, sem þingmenn alment halda fram í orði. Nú er það t. d. næstum á hvers manns vörum hér á landi, að hagur landsmanna sé mjög bágur, svo að landsmenn eiga jafnvel örðugt með að sjá borgið hinum nauðsynlegustu daglegu þörfum sínum. Eg skal ekki bera brigður á, að mikið sé til í þessum umkvörtunum, bæði utan þings og innan; en á mig hafa þær þau áhrif, að þegar um fjárhag landsins er að ræða, þá eigi varlega að fara í að hækka útgjöldin með þeim fjárframlögum, sem ekki eru bráðnauðsynleg og ekki fjarska þýðingarmikil fyrir landið. En þessu virðast margir gleyma, er þeir vilja koma nýjum útgjöldum inn í fjárlögin.

Þegar tekið er tillit til hins bága ástands landsmanna, þá virðist það vera mjög varhugavert að hækka útgjöldin svo mikið, að afleiðingin verði sú, að á næsta þingi verði að auka skattana eða leggja á nýja tolla. Ef landsmenn eru illa færir um að sjá borgið daglegum nauðsynjum sínum, þá eru þeir ekki færir um að bera aukna skatta. Það sem hver maður einkum hlýtur að reka augun í, þegar hann lítur á frv.

h. Nd., eins og það kom þaðan nú, er það, hversu löng hin svo kallaða bitlingagrein er. Eg skal ekki fara út í einstök atriði að þessu sinni, en mér dettur í hug hvort ekki væri heppilegt að þingið gæti losast við að hafa umráð yfir því fé sem ræðir um í þessari grein. Eg veit til þess að fyrir nokkrum árum kom fram sú stefna, að láta ekki stjórnina hafa nein umráð yfir fé til vísindalegra og verklegra fyrirtækja; ástæðan til þess var sú, að þinginu þótti ekki stjórnin hafa farið eins vel með það sem skyldi; en hvað sem nú um það er, þá skal eg játa, að afskifti þingsins af þessum fjárveitingum hafa oft verið engu betri. Allir vita að bitlingarnir eru stundum hið mest brennandi spursmál fjálaganna, og þó stjórninni hafi ef til vill verið mislagðar hendur í meðferð fjár þess, sem hér ræðir um, þá hygg eg að sama megi oft segja um útbýtingu þingsins á því. Vér megum ekki eingöngu líta á hvernig þessu fé er útbýtt, heldur einnig þann tíma, sem gengur í umræðurnar og þann kostnað, sem það hefir í för með sér. Þingmenn fara beinlínis í kapphlaup hver við annan; einn vill koma Pétri að, annar Páli; einn vill stryka þetta út, annar hitt, og árangurinn verður oft annar en sá, sem allur fjöldi þingmanna vill. Eg tek þetta fram af því að nefndin hér hefir gjört sér far um að fækka þessum bitlingaliðum; eg vona, að eins og háttv. þd.-menn muni nefndinni samdóma um að fara varlega í sakirnar í fjárhagslegu tilliti yfir höfuð, þá muni þeir líka vera henni samdóma um það, sem hún hefir lagt til á þessum dálki fjárlaganna.

Eg sé ekki ástæðu til að halda langa ræðu að þessu sinni og skal því láta mér nægja með það, sem eg nú hefi tekið fram.

Landshöfðingi: Eg er fullkomlega samþykkur því, sem tekið er fram í inngangi nefndarálitsins um þá grundvallarstefnu, sem nefndin hefir haft fyrir augum. Nefndin hefir sjálfsagt viljað reyna að koma á betri jöfnuði milli tekna og útgjalda en gjört var í frv. h. Nd., og hefir hún í því skyni stungið upp á nokkurri niðurfærslu á útgjöldum. Þetta „princip“ get eg fyllilega skrifað undir, en að eins hefði eg óskað að nefndin hefði gengið nokkuð lengra en hún hefir gjört í að framfylgja þessu „principi“ sínu, og sérstaklega að hún hefði ekki bætt við ýmsum nýjum útgjöldum, eins og hún hefir gjört. Það er einnig tekið fram í inngangi nefndarálitsins, að þar sem fjárhagur landsins standi eins illa og nú, þá hafi nefndinni þótt ráðlegast að skjóta á frest öllum þeim fjárveitingum, sem ekki eru bráðnauðsynlegar. En mér getur ekki dulist, að nefndin hafi tekið upp í frv. nokkra nýja útgjaldaliði, sem ekki eru bráðnauðsynlegir; en þar sem þetta er famhald 1. umr., þá verður ekki nú farið út í einstaka liði, og verður það því að bíða til 2. umr. Að öðru leyti er eg samþykkur h nefnd í aðalstefnu hennar, en hefði, eins og eg áður tók fram, að eins óskað að hún hefði gengið enn lengra í að framfylgja þessari stefnu sinni.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Önnur umr. (C. 359, 377, 429, 444, 445, 461, 465, 466, 471, 472). 18. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eg tók það fram, þá er frv. þetta var hér til framh. 1. umr., að það hefði verið stefna nefndarinnar að reyna að draga sem mest úr útgjöldunum til þess að minka tekjuhalla frv. Við þessa stefnu nefndarinnar eru flestar brtill. hennar miðaður.

Eg skal nú minnast stuttlega á br.till.

1. br.till er sú, að lækka styrkinn til búnaðarfél. úr 20,000 kr. niður í 18,000 kr.; láta hann verða eins og hann er á gildandi fjárlögum og eins og hann var ákveðinn í frv. stjórnarinnar. Nefndinni fanst ekki ástæða til að hækka hann, því að henni var ekki kunnugt um, að neinar málaleitanir væru komnar um það til

þingsins né að búnaðarfélögunum hefði fjölgað neitt verulega á yfirstandi fjárhagstímabili; enda er þetta all-sæmileg upphæð.

2. br. er sú, að færa styrkinn til búnaðarfél. Íslands úr 8000 kr. niður í 6000 kr. Nefndin efast ekki um það, að búnaðarfélag þetta muni í framtíðinni gera margar umbætur á landbúnaðinum, en hún fann þó eigi ástæðu til að veita því meira fé en 6000 kr. Það er ekki fullráðið enn, hvort öll ömt landsins ganga inn í félagið. Félagið er ungt enn og er ekkert farið að sýna sig; framtíðin geymir enn í skauti sínu allar framkvæmdir þess, og það getur brugðið til beggja vona hversu miklar og happasælar þær kunna að verða; þó að nefndin geti viðurkent, að sumar gjörðir Búnaðarfél. Suðuramtsins, sem þetta nýja félag er afspringur af, hafi verið þarflegar og gagnlegar, þá hafa þó allmargar ráðstafanir þess verið þannig lagaðar, að eg fyrir mitt leyti mundi ekki hafa greitt atkv. með miklum landssjóðsstyrk til þeirra. Búnaðarfél. Íslands er nú nýlega stofnað og hefir enn alls ekkert sýnt sig, svo að það virðist ekki ástæða til að hafa styrkinn til þess hærri en 6000 kr., en sá styrkur samsvarar 2000 kr. til hvers amts, sem gengið hefir inn í félagið nú, nl. suðuramtið, austuramtið og norðuramtið. Um vesturamtið er enn þá óvíst, hvort það verður með í félaginu eða ekki.

Hin 3. br. nefndarinnar er sú að nema burtu styrkinn til gróðrartilrauna; hann er settur í frv. 3000 kr. fyrra árið en 2000 kr. síðara árið. Nefndin áleit að vísu, að styrkur þessi gæti ef til vill haft einhverja þýðingu, en hún áleit að hann væri eigi svo bráðnauðsynlegur, að hann mætti ekki bíða í þetta skifti þar sem fjárhagurinn er svo slæmur. Eg fyrir mitt leyti verð að segja það, þótt þau orð kunni ekki að láta vel í eyrum, að styrkur þessi er ekki nauðsynlegur. Eg hygg að um landbúnað vorn megi segja, að vér vitum þar betur en vér gerum. Á hverju heimili á landinu á að vera gróðrartilraunastöð, og er það, þar sem eru tún og engjar hverrar jarðar, það er því að seilast um hurð til loku að veita fé af landssjóði til þesss að setja á stofn sérstaka gróðrartilraunastöð. Það verða allir að játa, að landbúnaður vor væri í betra ástandi, ef bændur yrktu betur túnin sín en þeir gjöra, og það er ekki vitið og þekkinguna sem aðallega vantar þar, heldur framkvæmdina.

Hin 4. br. n. er það, að hækka styrkinn til að semja og gefa út ljósmóðurfræði úr 500 kr. í 800 kr. Landlæknirinn sýndi nefndinni fram á það skirlega, að 500 kr. styrkur nægir að eins fyrir prentunarkostnaði og pappír, og sé hann því veittur af svona skornum skamti, er engin þóknun veitt fyrir samning ritsins; auk þess sem bókin þarf að vera með myndum, er hleypa kostnaðinum talsvert fram. Nefndin varð að fallast á, að þessar bendingar landlæknis væru á rökum bygðar, og þar sem hún áleit nauðsynlegt að bókin yrði samin og gefin út, vildi hún hækka styrkin svo, að hann gæti orðið nægilegur.

5. br. er sú, að færa fjárveitinguna til flutningabrauta úr 25,000 kr. niður í 20 000 kr. Nefndin var á einu máli um það, að nú væri það ekki bagalegt, þótt styrkurinn væri lækkaður þetta.

Á síðasta þingi var veitt ærið mikið fé til flutningabrautar í Eyjafirði, en spurning getur verið um, hve nauðsynleg sú brautarlagning er, þótt hún sé samkv. fyrirmælum vegalaganna, og verkið hafi verið unnið samkv. ákvörðun síðasta alþingis. Það mun á flestum stöðum í landinu meiri þörf á flutningabraut heldur en í Eyjafjarðarsýslu, þar sem flutningabrautina á að byggja og byrjað hefir verið að byggja hana. Vér vitum það allir, að þar er bezti vegur af náttúrunnar hendi

á sumrum, og á vetrum er þar alloftast hið bezta akfæri; enda mun maður sá, er mest á að hafa af flutningabrautinni, nota allra helzt akfærið á veturna til þess að viða að sér vörum sínum. Nefndin ætlast því til, að á næsta fjárhagstímabili verði minna unnið að flutningabrautinni í Eyjafirði, en fénu meira varið til þess að sameina þá flutningabrautarstúfa, sem komnir eru í Húnavatnssýslu, því að hverjum, sem til þekkir, getur ekki blandast hugur um það, að þar er þörfin meiri en í Eyjafirði.

Upphæðina til þjóðvega vill nfd. lækka um 10,000 kr. fyrra árið, hafa upphæðina jafnstóra og farið er fram á í frv. stjórnarinnar. Háttv. Nd. hefir hækkað þessa upphæð, en nefndin sá ekki ástæðu til þess. Vér förum einnig fram á það, að athugasemdin innan stryks sé feld burtu. Nefndina vantaði staðarlega þekkingu viðvíkjandi þessari vegalagning austan Hrútafjarðar, en treystir því, að landsstjórnin muni verja því fé til þeirrar vegagerðar, sem nauðsyn krefur, eins fyrir það, þótt athugasemdin innan stryks sé feld burt. Samkvæmt 8. breyt.tillögu leggur nefndin til, að skilyrðið fyrir styrkveitingunni til vegalagningar í Kjósar og Gullbringusýslu sé felt burtu. Nefndinni var kunnugt um, að í háttv. Nd. var það almenn skoðun, að styrk þenna væri að álíta sem hallærishjálp, enda þótt mönnum þætti viðkunnanlegra að veita hann til vinnu. Og það hefir í framkvæmdinni því minni þýðingu að halda þessu skilyrði, sem sýslan hefir þegar unnið það verk, sem leggja á á móti styrkveiting þessari. Næsta breyting nefndarinnar eru sú, að fella burtu fjárstyrkinn til að bæta innsigling og skipalægi á Stokkseyri. Eftir því sem nefndin hafði fregnir af, hvernig hér hagar til, gat henni ekki dulizt, að styrkur þessi, eins og hann er ákveðinn í frumv., mundi verða alt of lítill, og verkið þar af leiðandi verða að eins kák. Það er eigi kunnugt, að nokkur verkfróður maður, er fult vit hefir á þessu verki, og treysta megi, hafi gert neina áætlun um verk þetta. Vegagerðarmaður Erlendur Zakaríasson mun hafa skoðað stað þenna, en þar sem hann er enginn verkfræðingur (Ingeniör) gat nefndin ekki bygt neitt á áætlun hans. Það kom fram um daginn, þá er ræða var um aðgerðir við Lagarfljótsós, spurningin um það, hvort verkfræðingur landsins mundi hafa næga þekkingu til að dæma um það verk. En því síður er ástæða til að treysta áætlun þegar um höfn á Stokkseyri er að ræða, áætlun manns, sem vantar þá bóklegu og verklegu þekkingu, er verkfræðingur landsins hefir. Það er þá fyrst leggjandi út í, að framkvæma það verk, sem hér er um að ræða, þegar fengið er álit og áætlun þess manns, er sannarlega hefir þekkingu og vit á slíkum málum.

Fyrri en slíkt álit er fram komið, er engin trygging fyrir því, að fjárveitingin geti komið að tilætluðum notum.

10. breyt.till. nefndarinnar er við 13. gr. A. 8: „til að endurreisa $2^1/_2$ fallin prestsmötukúgildi á Laugarbrekku í Nesþingum og sem uppbót til séra Helga Árnasonar fyrir prestsmötumissi 300 kr.“ Þenna lið vill nefndin hækka upp í 400 kr. Eins og mönnum mun kunnugt, þá eru mörg ár síðan kúgildin féllu, og eins og þinginu er þegar kunnugt, þá mun þessi prestur hafa beðið alls um 400 kr. tekjumissi af falli kúgildanna. Helmingurinn af þeim 400 kr., sem nefndin leggur til að verði veittar, mundu ganga til að endurreisa þessi föllnu kúgildi, og yrðu þá ekki eftir nema um 200 kr., sem uppbót til prestsins fyrir þennan 400 tekjumissi. Eg vona því að deildin verði svo sanngjörn, að hún fallist á þessa hækkun, allra helzt, þar sem hér er ekki um neina stórvægilega upphæð að ræða.

11. breyt.till. nefndarinnar er við 13. gr. B. III. c. 4. að í staðinn fyrir 1000

— 1000 komi 1050 — 1050, eða með öðrum orðum, að upphæðin verði færð aftur til þess, sem hún var í stjórnarfrumvarpinu. Háttv. Nd. hefir klipið af þessar 50 kr. og hugsað að 100 kr. mundu nægja til að launa með prófdómendur við latínuskólann, en eftir því, sem yfirstjórn skólans hefir upplýst, þá vantar 50 kr. á að upphæðin sé nægileg. Nefndin var nú á sömu skoðun og háttv. Nd. með það, að það væri hálf óviðkunnanlegt, að þurfa að vera að veita þessa upphæð. Henni fanst það vera svo mikill heiðurspóstur að vera prófdómandi við latínuskólann, að það ætti ekki að þurfa að bjóða mönnum fé til að taka þann starfa að sér, en fyrst tormerki eru orðin á því að fá hæfa menn til þess borgunarlaust, þá þótti nefndinni það leiðinlegt fyrir stjórnina, að geta ekki borgað þeim sómasamlega, sem hún fengi til þess starfa, og á hinn bóginn leit nefndin svo á, að starf þetta væri svo mikils vert, að ekki væri takandi til þess nema hæfir menn.

Þá leggur nefndin til, að fella burtu athugasemdina við þennan lið, sem óviðkunnanlegan og óþarfan, af þeirri orsök, að stiftsyfirvöldin hafa lyst því yfir í nefndinni, að þau, sem yfirstjórn skólans, mundu gera ráðstafanir þessu aðlútandi, svo óþarfi væri að setja það inn á fjárlögin, og nefndin gat því fremur gengið að þessu, sem yfirstjórn skólans kannaðist við, að naumast væri réttmætt, að heimta latneskan stíl til inntöku í lærða skólann.

13. breyt.till. nefndarinnar er við 13. gr. B. III. c 6., að styrkurinn til námssveina latínuskólans verði færður úr 5000 kr. niður í 4500 kr., eða lækkaður um 500 kr. hvort árið. Þingið hefir undanfarin ár fylgt þeirri stefnu, að smálækka þennan styrk, fyrst úr 10,000 niður í 8000 og svo áfram, þangað til hann nú var orðinn 5000 kr. Þessari stefnu virtist nefndinni ekki enn þá kominn tími til að hverfa frá. Þegar styrkur þessi var lækkaður, hefði mátt búast við því, að aðsóknin að skólanum minkaði, en það hefir ekki orðið tilfellið, þvert á móti hefir aðsóknin farið vaxandi. Nefndin áleit, að eins slæmt eins og það væri, að ekki nógu margir kandídatar væru til í embætti landsins, eins viðsjárvert væri það á hinn bóginn, ef aðsóknin að lærða skólanum yrði alt of mikil, því þá gæti farið svo, að innan skamms myndaðist hér flokkur af mönnum, sem enga atvinnu hefði og ekki heldur mundu verða til mikillar uppbyggingar, og að þess vegna væri ekki ástæða fyrir þingið til þess að örva menn til að ganga þessa leið með mjög ríflegum fjárstyrk. Í sambandi við þenna fjárstyrk hefir nefndin lagt til. að útborgun hans væri hagað öðru vísi en nú, nfl., að hann sé ekki útborgaður fyrirfram, heldur eftir á, að loknu miðsvetrarprófi fyrri helmingurinn, en síðari helmingurinn síðast í maí. Þetta er miðað við það ólag, sem síðast liðinn vetur var á skólannm, og tilgangurinn er að koma í veg fyrir, að styrkurinn sé út borgaður piltum, sem alls ekki hafa gert sig verðuga fyrir hann, eins og stundum mun hafa átt sér stað, en þetta fyrirkomulag áleit nefndin næga trygging fyrir að svo mundi ekki fara framvegis.

15., 16. og 17. breytingartill. nefndarinnar snerta allar stýrimannaskólann. Háttv. fjárlaganefnd Nd. kannaðist við, að þetta væri þýðingarmikil stofnun, sem ekki einungis hjálpaði til að gera okkur færa til að nota okkur auðsuppsprettu sjávarins og draga á land auð þann, sem í honum er fólginn, heldur einnig gæti orðið til þess, og er í raun og veru lika að gera það, að bjarga lífi margra manna, en þrátt fyrir þetta hefir þó háttv. Nd. dregið úr flestöllum þeim upphæðum, sem á stjórnarfrumv. voru ætlaðar þessari stofnun. Eg get ómögulega verið háttv. Nd. samdóma um að þetta sé rétt, og í frv. stjórnarinnar eru ljós rök færð fyrir

því, hvers vegna þessar upphæðir séu nauðsynlegar. Sú fyrsta af þessum breyt.-till. er við V. b. 2., að í staðinn fyrir 800 — 200 kr. til áhaldakaupa komi: 1300 — 300 kr. Þessar 300 kr. voru ætlaðar til þess : ð höggva siglutré sem piltunum var ætlað til æfinga í staðinn fyrir æfingaskip, sem aðrar þjóðir hafa handa slíkum skólum. Um slíkt skip gat ekki verið að tala vegna kostnaðarins, en mér er kunnugt um, að skólastj. leggur mjög mikla áherzlu á, að þetta siglutré fáist, svo piltunum gefist þá kostur á einhverjum vísi til praktiskra æfinga. Önnur breyt.till. er við V. b. 4, að til ýmisl. útgjalda verði veittar 600— 500 kr. í stað 500 — 400 kr. eða hækkað um 100 kr. hvort árið. Breyt.tillaga þessi er miðuð við það, að sökum hinnar miklu aðsóknar að skólanum hefir orðið að auka áhöld skólans og þar af leiðandi vantaði hæflegan geymslustað fyrir þau, því það er áríðandi að þessi áhöld, af hverjum sum eru töluvert kostbær, séu geymd á góðum stöðum. Þá er loks þriðja og síðasta breyt.till. nefnd. viðvíkjandi skólanum, og er hún þess efnis, að veittar séu 400 kr. til þess að kaupa lóð handa skólanum. Þessi upphæð stóð einnig á frumv. stjórnarinnar, en háttv. fjárlaganefnd Nd. hefir slept henni og getur verið að það sé af ókunnugleika. Nú er það svo, að skólinn á enga lóð að undantekinni þeirri, sem hann stendur á, og er það mjög óheppilegt, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að nauðsynlegt er að einhver blettur sé handa piltunum, svo þeir hafi svigrúm til að hreifa sig og draga að sér fríska loft; í öðru lagi þarf skólinn nauðsynlega lóð til að reisa á mastur það, sem um hefir verið talað, og í þriðja lagi er það mjög leiðinlegt, ef lóðin í kringum skólann verður bygð af einstökum mönnum, en það er mjög hætt við því, að svo fari, því eigandi segist ekki hafa ráð á að halda henni óseldri ef kaupandi býðst, sem sjálfsagt verður, ef skólinn ekki kaupir hana. Nefndin vonar því, að bæði þessi háttv. þingd. og sömuleiðis háttv. Nd. fallist á þessa till. nefndarinnar. Þegar við berum saman þær fjárveitingar, sem á fjárlögunum eru ætlaðar landbúnaðinum og sjávarútveginum, þá sjáum við, að munurinn er ærið mikill. Eg tek þetta ekki fram af því, að eg sjái ofsjónum á því fé, sem ætlað er landbúnaðinum, heldur til þess, að menn skeri ekki of við neglur sér styrkveitinguna til þessa skóla. Þær árlegu fjárveitingar, sem á fjárlagafrumv. eru ætlaðar til eflingar landbúnaðinum, eru:

til búnaðarskólanna	10,000
— búnaðarfélaganna	20,000
— búnaðarfélags Íslands . .	8,000
— gróðrartilrauna	3,000
— útgáfu búnaðarrits . . .	240
— kenslu á mjólkurmeðferð .	2,000
laun tveggja dýralækna . . .	2,800
styrkur til að stunda dýralækningar	1,200
styrkur til Hólmgeirs Jenssonar	300
styrkur til Guðj. Guðmundssonar til landbúnaðarnáms . . .	500
eða til samans kr.	48,040

Til eflingar sjávarútveginum eru aftur á móti ætlaðar 6000 kr. fyrra árið og 5400 kr. seinna árið. Þegar þessar upphæðir eru bornar saman, þá vona eg menn sjái, að hér er um svo stóran mun að ræða, að engin ástæða er til að skera um of við neglur sér þennan styrk til stýrimannaskólans, og það því fremur, sem þessum skóla mun hafa verið hvað bezt stjórnað af þeim skólum, sem hér eru. Eg veit til þess, að það er margur maður sáróánægður með búnaðarskólana og alt fyrirkomulag þeirra, en slíkt hið sama verður ekki sagt um stýrimannaskólann, enda sýnir aðsóknin að honum síðasta vetur bezt, að svo er ekki; námssveinar á skólanum síðasta vetur voru yfir 70 og komust þó ekki allir á skólann, sem vildu.

18. breyt.till. nefndarinnar er við 13. gr.

C. 1. c., að styrkurinn til landsbókasafnsins fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá sé færður upp í 4000 kr. úr 3400 kr. Ástæðan til þessarar br.-till. var bréf frá nokkrum merkum mönnum hér í bænum, þar sem tekin var fram nauðsynin á því, að búin væri til spjaldskrá. sem væri skilyrði fyrir því, að safnið gæti orðið að fullum notum þeim, sem þyrftu að nota það. Að vísu var í þessu bréfi farið fram á, að til þessa væru veittar 1200 kr. hvort árið, en þar eð nefndin áleit sér ekki fært að fara fram á mikla hækkun landssjóðs vegna, þá hefir hún að eins farið fram á að hækka þennan lið um 600 kr. og um leið bætt aftan við hann: „og til samnings spjaldskrár". Sjálfur get eg ekkert sagt um samning þessarar spjaldskrár, því eg þekki ekki neitt til þeirra, en bæði mér og nefndinni í heild sinni fanst, að orð þessara manna, sem ætla má að hafi einna bezt vit á þessu, yrðu að takast trúanleg.

20. br.-till. er við 13. gr. C. 3. a., að aftan við „laun skjalavarðar" bætist: „sem landshöfðingi skipar". Nefndinni fanst það eðlilegt, að landshöfðingi, sem hefir aðsetur alt árið á sama stað og safnið er, réði, hver skipaður yrði skjalavörður safnsins.

21. breyt.till. er við 13. gr. C. 6. b., að styrkurinn til umsjónar við forngripasafnið verði hækkaður úr 400 kr. upp í 600 kr. eða um 200 kr. Umsjónarmaður safnsins hafði tjáð nefndinni, að það væri ómögulegt, sérstaklega um sumartímann, þegar fult væri af aðkomumönnum á safninu, bæði innlendum og útlendum, fyrir einn mann að hafa nægilegt eftirlit með munum safnsins, að þeir ekki væru skemdir, og að hann gæti jafnvel ekki verið viss um, að engir munir glötuðust. Þetta varð nefndin að viðurkenna, að væri alveg rétt, og vill því ráða deildinni til að samþykkja þessa 200 kr. hækkun, svo umsjónarmaðurinn geti fengið þá nauðsynlegu aukning á kröftum sér til aðstoðar, sem þörf er á um sumartímann. Við sama staflið d. hafa orðin: „fyrra árið" fallið úr, en eg áleit það ekki hafa svo mikla þýðingu, því bæði mætti laga þetta án nokkurrar sérstakrar br.-till. og eins getur það ekki misskilist, því auðvitað getur ekki verið að tala um að flytja safnið nema einu sinni.

13. gr. C. 9. tölul. b leggur nefndin til að verði feldur burtu. Þótt nefndin játi að það geti verið gott og skemtilegt að eiga myndir af helztu þjóðgripum okkar, þá finst henni það þó ekki svo bráðnauðsynlegt, að það ekki geti beðið, og eins og eg hefi tekið fram, þá hefir nefndin fylgt þeirri stefnu að spara sem mest fyrir landssjóð, sem sannarlega ekki má við því, að styrkja önnur fyrirtæki og verk en þau, sem mest nauðsyn er á.

23. br.-till. nefndarinnar er, að inn í frumv. bætist nýr tölul. svohljóð.: Styrkur til hins íslenzka biblíufélags til nýrrar þýðingar biblíunnar 1200 — 1200. Eins og kunnugt er, þá hefir biblíufélagið byrjað á að láta þýða biblíuna á ný, og eftir því sem formaður félagsins hefir skýrt nefndinni frá, þá mun sjóður félagsins ganga til þurðar áður en útgáfunni er lokið, ef félagið á eitt að standast allan kostnaðinn. Nefndin hlaut að kannast við, að hér væri um þá bók að tala, sem væri allra bóka merkust, og að það væri skylda þjóðfélagsins, að þessi útgáfa væri sem bezt úr garði gerð, ekki einungis vegna þess, að þetta væri trúbók, heldur einnig vegna þess, að þessi bók hefði mikið bókmentalegt gildi, og að það hefði afarmikla þýðingu (fyrir okkar tungu), að hún væri á sem beztu máli, en það verður því miður ekki sagt um þá þýðingu, sem við nú höfum. Eg vona að háttv. þingd. sjái þessa nauðsyn, og að hér er um þýðingarmikið og þarft verk að ræða, svo eg þurfi ekki að tala frekara um þessa breyt.till. nefndarinnar.

24. breyt.till. er að fella burtu 13. gr.

C. 11, styrkinn til að gefa út bækling um Ísland með myndum og kortum vegna Parísarsýningarinnar. Nefndinni fanst satt að segja þessi bæklingur ekki geta haft svo mikla þýðingu, það væri helzt einhver auglýsingarleg þýðing, en af því fjárhagurinn hjá okkur er ekki í svo sérlega glæsilegu ástandi, þá fanst nefndinni réttara að spara þessar 1000 kr. Mér er satt að segja heldur ekki kunnugt um, að við höfum haft neitt sérlegt gagn af þessum sýningum, sem við höfum veitt mönnum styrk til að komast á. Í hitt eð fyrra var nokkrum mönnum veittur töluverður styrkur til að komast á Björgvinarsýninguna og allur árangurinn, sem við höfðum af þeim styrk, voru einn eða tveir dagblaðsdálkar, sem eg held að við höfum mjög lítið grætt á. Yfir höfuð ímynda eg mér, að þess konar sýningarstyrkir séu fremur til þess að afla þeim sem fara einhverrar skemtunar, heldur en að þeir geri beinlínis mikið gagn.

Þá kemur nú þessi óskemtilega raunarolla um styrkina til einstakra manna. Nefndin vildi sem minst um þessi atriði tala og hefir því ekki minst neitt á þau í nefndarálitinu og líklega væri það líka bezt, að láta atkvæðin ein gera út um þessar fjárbeiðnir, því það er sannarlega leiðinlegt, að þurfa næstum að vera að knésetja menn opinberlega eins og oft vill verða í bitlingaumræðunum á þingi. Af því nefndin þó hefir stungið upp á nokkrum breytingum, dugar mér víst ekki að ganga alveg þegjandi fram hjá þeim. — Það er þá fyrst, að nefndin leggur til að fella burtu styrkinn til Boga Melsteðs. Eins og kunnugt er, þá hefir þessi maður nú undanfarin þrjú þing haft töluverðan styrk af landsins fé, svo ætla mætti, að einhver árangur væri farinn að koma í ljós af starfi þessa manns. Að minsta kosti hefði mátt ætlast til, að hann hefði getað verið búinn að semja og koma út einhverjum hluta sögu Íslands fyrir 1268. Það verður naumast sagt, að það hefði verið honum ofætlun, að láta eitthvað sjást eftir sig af þessum hluta sögu vorrar, þar sem kalla má, að alt sé lagt upp í hendurnar á söguritara Íslands fram til þessa tíma eða 1268. Hér liggja fyrir á prenti mörg ágæt keldurit, eg skal t. d. benda á hina ágætu bók Konráð Maurers, „Ísland“, sem má kallast ágæt Íslandssaga yfir þann tíma, sem hún nær. Annað mál væri það, ef þessi sagnritari væri kominn svo langt í sögurituninni, að hann yrði aðallega að byggja á óprentuðum skjölum, sem hann yrði að grafa upp í söfnunum. Það virðist því svo, sem þessi maður hafi ekki varið þessum styrk sem skyldi, enda hefir hann ekki látið svo lítið að senda þinginu eina einustu línu um það, hvernig hann hefir varið þessum styrk, svo þinginu er alsendis ókunnugt, hvort hann hefir skrifað nokkurn staf í sögu Íslands eða ekki. Það hefði þó ekki mátt vera minna, en að skýra þinginu frá, hversu langt hann væri kominn með þessa Íslandssögu sína. Auk þess virtist nefndinni peningahagur þessa manns, sem um langan tíma hefir notið styrks af tveimur þjóðlöndum, ekki vera svo bágstaddur, að nokkur hætta væri á, að hann yrði að hætta við starf sitt, þótt þessi styrkur væri tekinn af honum, þangað til einhver árangur af starfi hans að minsta kosti sæist. Þetta voru þær athuganir, sem komu nefndinni til að ráða til að fella þennan lið burtu, en hvað mig sjálfan snertir, og enda fleiri nefndarmenn, þá skal eg bæta því við, að eg ekki meira en svo treysti þessum manni til að skrifa sögu Íslands, bæði er hann mér persónulega kunnugur — við vorum saman í skóla — og eins hefir hann í bæklingi þeim, sem hann hefir skrifað um eitt af stórmálum okkar, sýnt svo stórkostlegan misskilning á öllum stjórnmálum vorum og sögu, að slíkt væri varla ætlandi neinum meðalgreindum bónda, sem nokkuð þekti til sögu vorrar. Eg verð

að kalla það sannarlega sorglega sjón, að sjá annan eins óskapnað frá hendi þess manns, sem þykist gera sögu Íslands að lífsstarfi sínu, eins og þennan bækling, sem hann hefir skírt „aðra uppgjöf Íslendinga“. Eg skal svo ekki tala frekar um þennan lið. Þá leggur nefndin til að fella burtu að þessu sinni næsta lið, styrkinn til Jóns Jónssonar sagnfræðings.

27. br.-till. nefndarinnar er um að fella burtu 26. lið, styrkinn til Helga Jónssonar. Nefndin neitar því ekki, að rannsóknir þessa manns geti haft og að öllum líkindum hafi töluvert vísindalegt gildi, en þar sem þær mest munu lúta að því, að rannsaka ýmsar þangtegundir, þá áleit nefndin, að það gæti ekki í bráðina haft neina verulega praktiska þýðingu fyrir okkur. Þessi maður mun, eins og kunnugt er, hafa skrifað mest af því, sem hann hefir ritað, á dönsku, sem mér raunar alls ekki dettur í hug að lá honum, bæði vegna þess, að hann hefir notið styrks af dönsku fé og eins vegna þess, að bækur um þess konar efni munu ekki vera mikið eftirsóttar eða lesnar hér á landi.

28. breyt.till. er sú, að nefndin fer fram á að lækka borgunina til snikkara Jóns Sveinssonar um 100 kr., lækka hana niður í 250 kr. Nefndinni fanst, eftir þeim upplýsingum, sem hún hefir aflað sér, ekki rétt að fella alveg burtu þessa borgun, en að 250 kr. mætti heita allsæmileg borgun fyrir tíma þann og fyrirhöfn, er maður þessi hefir varið til uppdráttarins af sjómannaskólanum.

29. breyt.till. er sú, að 500 kr styrkur til „Leikfélags Reykjavíkur“ falli burtu. Það lætur ekki svo vel í ári nú, að nefndinni virðist tilhlýðilegt, að landssjóður taki upp þá reglu, að styrkja leikfélög. Þó að slíkir leikir kunni að hafa nokkra fagurfræðilega og skáldlega þýðingu, þá hygg eg að gjaldendur til landssjóðs muni ygla brún yfir því, að landssjóður fari að bera fé í þess konar fyrirtæki, enda virðist það standa Reykjavík næst, að styrkja félag þetta, ef það er styrks maklegt, þar sem Reykvíkingar munu hafa mesta skemtunina og gagnið af leikjunum.

Hin 30. breyt.till. er fólgin í því, að nema burtu 31. tölul. 13. gr., sem er styrkur til Halldórs Lárussonar til að fullkomna sig í hraðritun og til að kenna hana. Nefndinni er ekki vel kunnugt um, hver tilgangur er með fjárveiting þessari, hvað vakað hefir fyrir háttv. Nd., þá er hún samþykti styrkinn. Hafi það verið tilgangurinn, að ætla að innleiða hraðritun af ræðum á alþingi, þá álít eg fyrir mitt leyti beinlínis skaða, ef prenta ætti orðrétt öll þau ósköp, sem talað er á þingi. Eg held enda, að þingræðurnar, eins og þær eru prentaðar nú, séu fjársjóður, sem fáir mundu sakna, þótt ekki væri til. Mér virðist það misfarið með fé landssjóðs að eyða 12000 kr. til að prenta þingræður, er fáir landsmenn lesa, og sem heldur ekki eru að jafnaði þess verðar, að þær séu lesnar. Eg hygg því, að nær lægi að hætta við að prenta öll þessi ósköp, sem vér tölum hér á þingi, það væri mikill sparnaður fyrir landssjóðinn, án þess þó að nokkru sé við það tapað. Það liggur miklu nær heldur en hitt, að fara að innleiða hraðritun, er hafa mundi þær afleiðingar, að þingtíðindin stækkuðu enn meira. Útbreiðsla þingtíðindanna nú er lítil og sárfáir kaupa þau, þótt þau séu seld með gjafverði, en þau, sem send eru ókeypis í sveitirnar til hreppstjóra og hreppsnefndaroddvita, liggja í bunkum óuppskorin, því varla nokkur maður lítur nokkurn tíma í þau. Eg hygg því, að það væri hin mesta bót, auk þess sem það væri mjög mikill sparnaður, að hætta að prenta ræður þingmanna, og því sé sízt ástæða til að gera þau enn lengri en þau eru nú. Það stendur langt um nær að fá á þingið þá skrifara, sem kynnu að draga saman ræðurnar, heldur en hitt að innleiða það, að þær verði skrifaðar upp orð-

réttar, því að við það álít eg ekkert unnið; að eins eytt miklu fé að óþörfu.

Hin 31. breyt.till. er sú, að bæta við í frumv.: „Til leikfimiskennara Ólafs Rósenkranz fyrir kostnað við ókeypis kenslu í leikfimi og líkamsæfingum 200 kr. hvort árið". Af skýrslu þeirri, er þessi maður hefir sent til þingsins, er það ljóst, að hann hefir sjálfur haft talsverðan kostnað af leikfimisáhöldum o. fl. til þess að geta kent ókeypis leikfimi og líkamsæfingar, og þar sem nemendur eru að jafnaði bláfátækir menn, en hafa löngun og hæfileika til námsins, virtist nefndinni tilhlýðilegt og fyrirtækið þess vert, að veittur væri þessi litli styrkur.

Hin 32. breyt.till. er um það, að fella burtu úr 18. gr. lánveitingu 20,000 til mjólkurbúa. Þó að slík fyrirtæki kunni að vera góð, áleit nefndin að tilgangslítið væri að láta upphæð þessa standa, með því að litlar líkur væru til þess að fé mundi á fjárhagstímabilinu verða aflögu, er stjórnin gæti lánað. Nefndin áleit einnig vert að sjá, hver árangur yrði af þeirri 2000 kr. fjárveitingu, sem farið er fram á í frv. að veita til kenslu í mjólkurmeðferð, áður en farið er að veita mikið fé til þess að stofna mjólkurbú. Sýni reynslan það, að styrkur þessi komi að góðum notum og batni í ári fyrir landssjóðnum, verður tími til að hlynna að því, að mjólkurbú komist á stofn.

Um 33. br.till., að fella burt 90,000 kr. lánveiting til hafnarbryggjugerðar hér í Rvík, er líkt að segja, að engar líkur eru til þess að stjórnin geti lánað fé þetta af landssjóði. Nefndinni var og kunnugt um, að bæjarstjórnin hér telur ekki sérlega líklegt, að lánsheimild þessi mundi verða notuð, og er þá þýðingarlaust að hún standi á fjárlögunum.

Mér láðist eftir, þá er eg mintist á þjóðvegina, að geta þess, að nefndin vill að landsstjórnin láti sem fyrst varða Þorskafjarðarheiði og gera við sæluhús þar. Það liggur við að stórslys verði á heiði þessari á hverjum vetri og síðastliðinn vetur mun pósturinn hafa legið þar úti viltur tvisvar sinnum. Það er því lífsnauðsynlegt að varða hana, og það sem allra fyrst. Það var vakin athygli landsstjórnarinnar á þessu á síðasta þingi, en þó hefir verkið ekki verið framkvæmt enn. Það kom því til umr. í nefndinni, að veita sérstaka upphæð fjár til heiðarinnar, en nefndin gerði það þó ekki, í því trausti að hæstv. landsh. mundi lýsa yfir því á þinginu, að hann mundi láta framkvæma verk þetta. Þar sem fara þarf yfir heiði þessa með jafn áríðandi flutning eins og póstflutningurinn er, er það óforsvaranlegt, að varða hana ekki, svo að líf póstsins og póstflutningurinn sé ekki í voða.

Eg hygg eg hafi nú bent á flestar br.-till. nefndarinnar og gert grein fyrir þeim. Um hinar aðrar br. till. ætla eg ekki að tala fyrri en eg heyri ástæður þær, sem flutn.m. þeirra hafa fram að færa fyrir þeim.

Landshöfðingi: Eg hefi leyft mér að koma fram með fáeinar br.till. við frv. eins og það er hingað komið frá háttv. Nd.; vona eg að háttv. þd. hafi veitt því eftirtekt, að þær að samanlögðu lækka þó nokkuð útgjöldin.

Br.till. á þgskj. 377 er um það, að veita styrk til Brynjólfs skrifara Þorlákssonar til þess að fullkomna sig í orgelspili og „Musiktheori" í Kaupmannahöfn fyrra árið 800 kr. Eins og þingið man, var þessum sama manni veittur dálítill styrkur á síðustu fjárlögum, sem hann hefir notað eins og til var ætlast. Í þessu sama skyni hefir hann nú aftur sótt um framhaldsstyrk til þess hann gæti fullkomnað sig í þessu námi. Umsókn hans fylgja vottorð frá kennurum hans um það, að hann hefir notað vel tíma þann, er hann varði síðast liðinn vetur til námsins, og einnig um það, að ef hann gæti varið nokkrum mánuðum enn til námsins, mundi hann

geta tekið próf í því; en til þess útheimtist þó, að hann sé undir kennaranna hendi. Eg veit til þess, að hann skrifast á við eina 2 af kennurunum og þeir senda honum uppgáfur, sem hann leysir og heldur þannig við náminu. Hér er um að eins litla fjárupphæð að ræða og tel eg einnig fjárveitingunni það til gildis, að hún er í eitt skifti fyrir öll, svo að ekki er hætt við að hún þurfi að koma aftur inn á fjárlögin. Eg vil því mæla með því, að þessi litli styrkur sé veittur.

Hinar aðrar br. till. minar eru á þingskj. 444. Fyrsta till. er einnig fjárveiting. Það var tekið fram í háttv. Nd., að réttast væri, að það stæði með berum orðum á fjárlögunum, að póstmeistarinn hefði ókeypis afnot íbúðarherbergja þeirra, sem hann býr í nú.

Íbúð þessi er lítil, varla meira en fyrir einhleypan mann, en eg hefi þó orðað viðaukatillöguna á þann hátt, að ekki verði heimtað frá póstafgreiðslunni fleiri herbergi til íbúðar, en nú eru. En það liggur í augum uppi, að hentugt er, að póstmeistari búi í því húsi, þar sem póstar og póstsendingar koma. Og þar sem öllum kemur saman um, að hann eigi að hafa þennan bústað ókeypis, er rétt að samþykki þingsins standi í fjárlögunum, svo að það verði ekki vefengt.

Hin 2. br.till. mín á sama þingskj. er sú, að orða töluliðinn við 12. gr. B. 1. eins og gert er í frv. stj., og núgildandi fjárlögum. Eg skyldi ekki tilgang háttv. Nd. með því, að orða tölul. þennan svo sem gert er í frv. nú; mér er ekki fyllilega ljóst hvaða ákvæði þetta erindisbréf á inni að halda; eg treysti mér ekki til að semja það svo, að grípi yfir hvað eina, er árlega kann fyrir að koma, því að það er árlega breytingum undirorpið, hvað gera þarf. Stundum hefir verkfræðingurinn umsjón með brúarsmíði og brúarlagning, stundum fer hann til útlanda til að kaupa inn brúarefni o. s. frv., og margt fleira hefir hann að framkvæma og annast um, svo að það er mjög erfitt að telja slíkt upp í erindisbréfi. Eg hygg því að hentugra sé og enda nægilegt að orða þennan tölul. á sama hátt, sem gert hefir verið áður á fjárlögunum.

Hin 3. br.till. mín er um það, að fella burtu tölul. 13. á 13. gr. C. „Styrkur til kaupmanns Björns Kristjánssonar til að koma á fót tígulsteinsverksmiðju 2500 kr.“

Mér er ekki ljóst, hvert gagn þetta fyrirtæki getur haft. Það hefir ef til vill vakað fyrir mönnum, að hér sé líkt á komið og áður, þegar lán var veitt af landssjóði til kalkbrenslu hér í Reykjavík. Það fyrirtæki gat haft praktiska þýðingu, en þó lognaðist það fljótlega út af. Mönnum þótti það kalk dýrt, sem brent var hér, svo að margir kusu heldur að kaupa útlent kalk heldur en það. Að vísu hefir landssjóður fengið aftur þá peninga, sem hann lánaði til þess, en úr því það fyrirtæki reyndist ekki betur en svo, að það varð að hætta svo bráðlega aftur, er ekki líklegt að betur geti gengið með þessa fyrirhuguðu tígulsteinsverksmiðju. Tigulsteinar eru varla brúkaðir hér á landi til annars en í reykháfa hér í Reykjavík og öðrum kaupstöðum og verzlunarstöðum, og þar sem verksmiðjan verður hér í Reykjavík, verða tígulsteinar aðallega handa Rvík og ef til vill seldir lítið eitt til kauptúna þeirra, er standa í skipa-sambandi við Rvík. Eg hefi því ekki trú á því, að tigulsteinarnir verði keyptir svo mikið, að fyrirtækið geti borgað sig fremur en kalkbrenslan um árið. Það er því mjög hæpið, að fyrirtæki þetta hafi þá þýðingu fyrir landið í heild sinni, að ástæða sé til að fleygja út í það 2500 kr. að gjöf, og öðrum 2500 kr. að láni. Mér virðist fé þetta heyra undir eitt af því, sem háttv. fjárlagan. hefði getað sparað, eftir því principi, sem hún vildi fylgja.

Það er gert að skilyrði fyrir styrkveit-

ing þessari, að hlutaðeigandi eigi að leiðbeina mönnum í leirbrenslu. Eg fyrir mitt leyti hefi litla trú á því, að heimabrensla á leir geti komist á hér á landi. Eftir þeim hugmyndum, sem eg geri mér um hana, mun hún út heimta sterkara og hitameira eldsneyti en mó og það, sem þó er hið venjulega eldsneyti til sveita. Þessi ástæða getur því trauðlega talist fyrir styrkveitingunni.

Um br.till. háttv. fjárlagan. svo og annara háttv. þm. get eg í stuttu máli sagt, að eg er samdóma flestum þeim, er miða í þá átt, að gjöra tekjuhalla fjárlaganna minni. Að eins er það ein niðurfærsla háttv. n., sem eg er ekki alveg samdóma, og er það br.till. Nr. 5, við 12. gr. B. 3. til flutningabrauta.

Háttv. framsögum. (S. St.) gat þess í ræðu sinni og það er einnig tekið fram í nefndál. að ekki sé ætlast til að varið sé nema litlu fé til framhalds flutn.braut. í Eyjafirði. Það geta ef til vill allir verið samdóma um það, að það hafi verið fljótráðið af síðasta alþingi, að veita af fé þessu 14,000 kr. til flutningabrautar í Eyjafirði, og það af þeim ástæðum, sem háttv. framsögum. (S. St.) tók fram, en úr því svo miklu fé hefir verið varið til þessarar brautar, virðist mér eiga illa við, að hætta við hana svona á miðri leið og halda henni ekki áfram fram að Grund í Eyjafirði, en til þess útheimtist álíka mikið fé og ætlað var til hennar eftir fjárl. 1897. Verði nú fé þetta lækkað nú í fjárl.frv., eins og nefndin leggur til, hlýtur það að ganga út yfir braut þessa, því að varla mun veita af 20,000 kr. til viðhalds þeim flutningabrautum, sem þegar eru lagðar, og svo til þess að samtengja þá brautaspotta, sem lagðir hafa verið í Húnavatnssýslu, og aukning þeirra, þar sem vegur er verstur.

Aftur á móti hefi eg ekkert á móti því, að fjárveitingin til þjóðvega sé lækkuð niður í 50 þús. kr. fyrra árið. Það gerir heldur ekkert til, þótt athugasemdinni við þann tölulið sé slept. Að vegurinn austan Hrútafjarðar hefir eigi verið lagður enn, kemur til af því, að menn hafa eigi verið á eitt sáttir um, hvar hann eigi helzt að leggjast yfir Hrútafjarðarháls. Um þetta mun ákvörðun verða tekin á fjárhagstímabilinu og nokkru af fénu svo varið, eins og farið er fram á í athugasemdinni.

Landsstjórnin mun og taka til greina áskoranirnar um að varða Þorskafjarðarheiði og gera við sæluhúsið þar, því að mér er kunnugt um, að þar er villugjarnt á vetrum. Það sem hér er varhugavert er það, að 3 vegir liggja um heiðina, um Illagil, Ísafjarðargil og Þorgeirsdal, svo að það er enn þá ekki ákveðið, hverja leiðina helzt ætti að varða; en eg hygg að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu muni ráða fram úr því, svo að hægt verði að láta varða heiðina og gera við sæluhúsið á næsta fjárhagstímabili.

Eg er samdóma háttv. fjárlaganefnd um hina litlu hækkun á tölulið 10 og 11 á þingskj. 429; eg get viðurkent nauðsynina á hækkun tölul. 21, hækkunina til umsjónar forngripasafnsins. Aftur á móti eru aðrir 2 tölul. á sama þingskj., sem mér dettur í hug um, þegar eg ber þá saman við inngangsræðu háttv. framsögum. (S. St.) og princip það, sem nefnd. ætlaði að láta ráða gerðum sínum, að „andinn sé reiðubúinn, en holdið veikt“. Eg sé ekki að þeir 2 liðir séu bráðnauðsynlegir; eg á hér við samning spjaldskrár fyrir landsbókasafnið og styrkinn til biblíufélagsins. Eg skal ekki neita því, að ástæða kunni að vera til þess, að búa til þessa spjaldskrá, en eg hygg að þessi styrkur til þess, 600 kr. hvort árið, sé að eins lítill partur af því, sem verk þetta alt kostar, þannig að hér sé að eins um byrjunarstyrk að ræða, sem haldast þurfi mörg fjárhagstímabil. Eg hygg jafnvel, að þó veittar væru 1200 kr. á ári til

þess, mundi ekki veita af 4—5 fjárhagstímabilum með sama styrk, til þess að spjaldskrá yfir svo mörg þúsund bindi, sem hér er um að ræða, yrði fullgerð. Það yrði þannig allmikið fé á endanum, sem til þess gengi.

Um styrkinn til bibliufélagsins er mér ekki ljóst, hvort hugsunin er sú, að veita hann árlega unz búið er að endurskoða allan texta biblíunnar og gefa hana alla út. Sé hugsunin sú, kann það að gera styrkveitinguna óaðgengilega í ýmsra augum, því að eftir þeirri byrjun, sem þegar er komin, má búast við, að þetta taki mjög mörg ár. Þó að sjóður biblíufélagsins rýrni við verk þetta, get eg ekki álitið nema eðlilegt, því að hann er sérstaklega til þess ætlaður, að honum sé varið til þess að annast góða útgáfu af biblíunni. Þegar það sýnir sig að hann hrekkur ekki til, þá er tlmi til þess kominn að biðja fjárveitingarvaldið um aðstoð sína, en hitt virðist mér samkvæmt tilgangi hans, að nota hann fyrst það sem hann nær, og leita síðan hjálpar frá þinginu.

Eg get verið samdóma flestöllum þeim tölul. háttv. fjárlaganefnd., sem þannig hljóða: "töluliðurinn falli burtu". Að eins eru það 25 og 27. tölul., sem eg ekki hefi leyfi til að mæla með að fella, af því að þeir standa í stjórnarfrumv. Eg skal taka það fram um styrkinn til Boga Melsteð, að tekið er fram i athugas. við stjórnarfrv., að bráðlega má vænta að 2 rit muni koma út eftir hann um sögu landsins, og að engin skýrsla hefir nú komið frá honum, mun stafa af því, að þótt stjórnin hafi hingað til sent til þingsins styrkbeiðni hans þar sem skýrt er frá, hvað hann hafi starfað fyrir styrkinn, þá hefir það gleymst í þetta sinn, svo að það er víst ekki honum sjálfum að kenna

Um styrkinn til Helga Jónssonar er það að segja, að verk það, sem hann vinnur, hefir að sönnu ekki praktiska þýðingu, en að eins vísindalega þýðingu, að auka þekkingu á jurtafræði landsins. Viðaukatill. undir tölulið 31 er að sönnu lítil upphæð, en eg býst heldur ekki við að hún komi að miklu gagni. Það var veitt á síðustu fjárlögum dálítil upphæð í líkum tilgangi, sem ekki mun hafa borið mikinn árangur; hvort árangurinn verður meiri af þessari fjárveitingu mun reynslan sýna.

Eg er á móti öllum breyt.till. frá einstökum háttv. þm., er fara í þá átt, að hækka útgjöldin. Eg get ekki séð, að nein þeirra geti talist nauðsynleg. Um styrkinn til Kjósar- og Gullbringusýslu, sem á þingskjali 471 er farið fram á að fella burtu, skal eg játa, að sýslan mun hafa hans fulla þörf, ef þá væri trygging fyrir því, að honum yrði varið eins og hallærisstyrk, þannig að þeir, er mestu þörfina hafa, geti notið hans. En því miður er litil trygging fyrir því, að þeir hinir sömu muni fúsir til að vinna að því verki, sem til er ætlast að unnið verði; reglan er sú, að menn kjósa helzt að fara burt til Austfjarða að vorinu til. Þeir háttv. 3 þm., sem vilja fella burtu þenna 9. tölulið í 12. gr. B, hefðu einnig átt að leggja til að fella burtu tölulið 6., 7. og 8. Mér finst enginn þeirra vera nauðsynlegur. Þó að eg kunni að koma við kaun háttv. framsm. (S. St.), þar sem um styrkinn til vegagerðar yfir Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu er að ræða, get eg þó ekki að því gert, að mér finst, að það ekki vera ofverk sýslunnar sjálfrar að kosta þann veg. Að vísu mun sýsluvegagjald sýsl. eigi vera mikið á ári, en viðhaldskostnaður sýsluveganna þar mun heldur ekki vera mikill, og þar sem þeir veita ekki framar neinn styrk til gufubátsferða í sýslunni, virðist það ekki ofverk hennar að gera af eigin ramleik veg þann, sem hér er um að ræða.

Jónas Jónassen: Mér finst yfir höfuð að tala fylsta ástæða fyrir deildina að

vera ánægð með tillögur háttv. fjárlaganefndar. Eins og tekið er fram í nefndálitinu hefir hún viljað spara alt hvað hún gat, og hefir hún líka sýnt það í tillögum sínum, að henni væri alvara með það; en þrátt fyrir það hafa ýms smáatriði skotist inn í, sem ekki fara í sparnaðaráttina að mínu áliti og sem að mínu áliti mátti spara, en sínum augum lítur hver á silfrið. Eg skal ekki lengja umræðurnar svo að miklu nemi, en að eins gera grein fyrir þeim breyt.till., sem eg sting upp á að gerðar séu við fjárlagafrumv. í þetta sinn.

Sú fyrsta er viðvíkjandi styrknum til kaupmanns Björns Kristjánssonar til múrsteins- og þakhellugerðar. Nefndin hefir látið styrkinn standa, eins og hann var í frumv., þegar það kom hingað. Upprunalega var farið fram á, að styrkur þessi væri 5000 kr., en Nd. setti hann niður í 2500 kr. Þegar litið er til þess, að styrkurinn útborgast ekki fyrr en fyrirtækið er komið á stofn og hægt er að brenna 5000 múrsteina í einu, þá finst mér ekki mikil risiko að veita þenna styrk. Ef slík verksmiðja kæmist á, get eg ekki annað séð, en að það væri talsverður hagur fyrir landið, og mér er ómögulegt að sjá annað, en að það væri vel gert af landssjóði að leggja fé til þeirrar stofnunar.

Hæstv. landsh. sagðist ekki sjá, að slík verksmiðja kæmi að nokkuru gagni, og að það mundi að líkindum fara eins um hana, eins og um kalkofninn sáluga. En það hagaði nokkuð öðruvísi til um hann, svo að það tvent verðnr ekki saman borið. Eins og kunnugt er, er múrsteinn talsvert mikið brúkaður hér á landi, en hann er svo óbærilega dýr, einkum vegna þess að fragtin á honum er svo geysimikil. Eg er sannfærður um, að sveitamenn mundu margir kaupa hann. *(Landshöfðingi:* Og flytja hann á hestum?!) auk þess sem notað mundi verða hér í Reykjavík og öðrum kauptúnum landsins, því að okkar högni steinn er dýrt byggingarefni. Hvernig stendur á því, að reykháfar eru hér aldrei úr múrsteini, heldur úr miklu endingarverra og því dýrara efni. Eg álít það mjög mikinn hagnað fyrir alt landið, ef þetta fyrirtæki kæmist á stofn. Eg játa það, að eg mundi hika mér við greiða atkvæði með fjárveitingunni, ef ekki fylgði þessi aths.; þetta er mikilsverð framfaratilraun, sem er líkleg til mikils gagns fyrir alt landið, og þegar svo ströng skilyrði eru sett fyrir styrkveitingunni, eins og gert hefir verið, þá líst mér áhættulaust og sanngjarnt að veita alt hið umbeðna fé, 5000 kr., og vera ekki að nema það við neglur sér.

Hin önnur breyt.till. mín fer fram á að fella burtu launin til séra Mattíasar. Eg verð að segja það, að það er einhver hin skrítnasta fjárveiting, sem nokkurn tíma hefir inn á fjárlögin komið. *(Landshöfðingi:* Ekki skrítnari en till. þm. við 13. gr. 13. till. um hækkun styrks t. B. Kr. frá Dr. J.) Jú, miklu skrítnari. Eg veit ekki til að fyrir liggi nein beiðni frá þessum manni, heldur mun þetta vera fram borið af öðrum, og verð eg að álíta að það sé sprottið annnaðhvort af því að söfnuðurinn vilji losna við hann, eða að hann vilji losast við söfnuðinn. Eg skal fúslega játa, að þessi maður er gott skáld en það eru líka til fleiri skáld en hann, kannske alveg eins góð, og á að fara að kosta þau öll af opinberu fé? Þingið hefir líka viðurkent hans skáldskap með því að veita honum 600 kr. styrk á ári í mörg ár. Hann hefir verið í góðum brauðum, en að fjárhagur hans, ef til vill, er ekki sem beztur, kemur oftast nær til af því, að hann er ekki góður búmaður, og sýnist mér landssjóður ekki eigi að gera við því.

Þá er breyt.till. mín við 19. tölulið, að styrkurinn til Páls Ólafssonar skuli falla

burtu. Hann komst inn á fjárlögin hérna um árið, þegar alt ætlaði að kafna í bitlingum; það var bitlingaárið mikla, þegar hver þingmaður hafði 3—4 bitlinga fram að bera og hver sagði við annan: Ef þú fellir mínn, þá skal eg fella þinn", og svo var farið í hestakaup út úr öllu saman. Persónulega þekki eg ekkert þenna mann, hefi aldrei talað við hann, eg hefi heyrt ýmsar vel ortar vísur eftir hann, en margur gerir vísu og er ekki launaður úr landssjóði fyrir það. Eg trúi því vel að hann sé góður maður og eins hinu, að hann hafi verið drykkjumaður. Og það er engin ástæða til, þó að hann einu sinni af tilviljun hafi komist inn á fjárlögin, að láta hann standa þar ár frá ári; þó maður einu sinni hafi hlaupið á sig, þá á maður ekki að halda því áfram lon og don um aldur og æfi. En það dugar víst ekki að tala um það, hann er nú einu sinni orðinn fastur við fjárlögin og losnar ekki við þau, fyr en dauðinn losar hann.

Þá er breyt.till. mín við tölulið 30 í 13. gr., að styrkurinn til Þórarins Þorlákssonar falli burtu, og er ástæðan fyrir henni sú, að þessi maður verður aldrei annað en dilettant. Hvaða ástæða er fyrir landssjóð að vera að kosta mann ár eftir ár, sem maður veit um, að aldrei getur orðið annað en dilettant, sem úir og grúir af í útlöndum; hann getur hvorki unnið sjálfum sér lífsviðurværi né landinu sóma, hann getur aldrei komist svo langt, hann byrjaði alt of gamall til þess. Það er dálítið annað með hinn manninn, Einar, þó eg játi, að það sé kannske ekki til mikils að vera að styrkja hann. Helzt vildi eg að þeir væru báðir feldir; það er auðvitað dálítil bót í máli, að þetta er í síðasta sinn, sem þetta fé er veitt, en 2000 kr. er heldur ekki svo lítil upphæð.

Eg hefi leyft mér að bera fram aftur þenna hraðritara, og skal eg leyfa mér að leiða stuttlega rök að því, hvers vegna eg hefi gert það. Eg heyrði það í dag, að það hefði ekki verið meining fjárl.n. Nd., þegar hún veitti honum þennan 400 kr. styrk, að hann sigldi fyrir það, þeir þar hafa víst álitið að hann kynni nóg, og þyrfti ekki að læra meira, heldur til þess að hann gæti keypt sér áhöld og bækur. En þetta er sá fyrsti unglingur, sem leggur sig eftir þessari list, og þó eg geti skrifað undir það með h. framsögum. (S. St.), að það væri skaði fyrir þingið, ef skrifað væri hvert orð sem hér er talað, þá finst mér að þessari list mætti víðar við koma en á þingum, t. d. á málfundum og skrifstofum; það getur oft komið fyrir, að það sé einstaklega gott að ná orðum einhvers, eins og hann hefir talað þau, svo að viðkomandi geti ekki gengið frá þeim. Þessi maður hefir kent sér sjálfur og sýnt í því lofsverðan áhuga, og eg er viss um, að þeim styrk er ekki illa varið, sem varið yrði til að styrkja hann til að fullkomna sig í Danmörku eða Englandi.

Svo er enn eitt, sem eg er hissa á, að ekki skuli hafa verið skorist í af annari hvorri deildinni, og það er styrkurinn til hússtjórnarskólans *(Landshöfðingi:* Hann var feldur í Nd.!) Hússtjórnarskólinn er stofnun, sem sannarlega hefir átt erfitt uppdráttar. Þegar hann var byrjaður, var hlegið að honum, og spurt: „Hver á að eta allan matinn, eiga stúlkurnar að gera það sjálfar, eða á að gefa hann burt? Nú hefir hann ekki staðið lengi, en þó nógu lengi til þess, að menn geta séð hvað reynslan hefir kent. Skólinn hefir verið mjög vel sóttur, og það hefir reynst svo, að stúlkum þeim, er hann hafa sótt, hefir gefist ágætt tækifæri til að læra að búa til góðan og margbreyttan mat.

Í Noregi t. d. eru slíkir skólar ekki eingöngu styrktir með fjárframlögum, heldur er einnig stúlkum þeim er sækja þá veittur námsstyrkur, þær eru beinlínis keyptar til að ganga á skólana. En hér á landi er nokkuð annað efst á baugi.

Ef þær persónur, sem í hlut eiga, eru í pilsi, þá er loku hleypt fyrir landsjóðinn, og þá þykjast hinir háttv. þm. geta skelt skolleyrunum við styrkbónum með allra beztu samvizku, en í karlmennina ausa þeir af alefli. Til þeirra skóla, sem karlmenn ganga á, er lagt fé svo mörgum tugum þúsunda skiftir á hverju ári, til prestaskólans 12,000 kr., til latínuskóla 30—40,000, stýrimannaskóla 6000 kr., til gagnfræðaskóla 15000 kr, til búnaðarskóla 10000 kr. — og til mentunar kvenfólksins 7000! Karlmannaskólunum hér á landi eru veittar fast að 100,000 kr. en kvennaskólunum 7000! Og svo vilja menn ekki veita lítlfjörlegan styrk til skóla, sem einmitt bætir úr miklu meini, sem víða brennur við hér á landi, sóðaskapnum. Þrifnaður innanhúss og hreinlæti í meðferð matar hefði eg þó hugsað að væri kostur, sem kvenfólkinu væri nauðsynlegur, því að þetta er þeirra aðalstarf á heimili, og allir viljum vér þó hafa hreinan mat. Það er og hefir verið meinið, að hingað til hafa stúlkur ekki átt kost á að sjá neitt annað í þessu efni en það, hvernig móðir þeirra hefir haft það, og móðurmóðir og svo koll af kolli, og því er ekki við því að búast að miklar framfarir hafi orðið í þessu efni. En er þá þeim peningum illa varið, sem veittir eru til skóla, þar sem stúlkunum gefst kostur á að læra þrifnað og reglusemi í innanhússtörfum, og hreinlæti í tilbúningi matar? Eg gæti skilið, að menn væru þessu andstæðir, ef það hefði sýnt sig, að engin þörf væri á slíkum skóla, eða að skólinn væri svo auðvirðilegur, að hann þess vegna væri ekki styrks verður. En þetta getur enginn borið fyrir sig. Reynslan hefir sýnt einmitt hið gagnstæða. Reynslan hefir sýnt, að þó að þessi skóli sé langdýrasti skólinn á landinu, fyrir þær sem á hann ganga, þá hefir hann þó lengst af verið fullskipaður, og stundum hefir ekki verið hægt að veita öllum þeim viðtöku, er til hans sóttu. Ef menn gætu sýnt, að kenslan væri einskisvirði, þá væri ekki nema sjálfsagt, að neita skólanum um allan styrk. En það hefir enginn gert, það er heldur ekki hægt, því að eg veit að kenslan er ágæt, og þessi styrkur, sem hér er farið fram á, á einmitt að ganga til þess að gera hann enn betri; aðsóknin að skólanum er orðin svo mikil, að forstöðukonan kemst ekki yfir það ein, að kenna öllum, og styrk þessum á einmitt að verja til þess að launa kenslukonu, sem lært hefir í Noregi.

Eg álít það illa gert, að neita þessum fyrsta vísi til kenslustofnunar, þar sem ungar stúlkur geta átt kost á að læra að búa til góðan mat og venjast góðum siðum, neita honum um lítilfjörlegan styrk, en ausa út fé í þær kenslustofnanir, sem karlmenn ganga á, hversu auðvirðilegar sem þær kunna að vera. Eg segi þetta ekki í þeirri von að tekið muni verða tillit til þess, því að eg veit, að sá vani, að stinga fingrunum í eyrun þegar kvenfólk biður um styrk, er orðinn svo rótgróinn hér á þinginu, að eg býst alls ekki við að geta unnið svig á honum; eg segi þetta að eins af því, að eg kunni ekki við að þessi laglegi vísir til þarfiegs fyrirtækis hefði engan formælanda hér í deildinni.

Nú skal eg stytta lesturinn úr þessu.

Það er að eins eitt, sem eg verð að minnast á, og það er það, að mér finst dálitið undarlegt af nefnd. að vilja stryka einn mann út, eg á við Helga Jónsson, og halda styrknum til Stefáns á Möðruvöllum. Mér finst vera mjög líkt á komið með þessum mönnm. Háttv. framsm. (S. St.) lét þess getið, að hann áliti ekki praktiskt að veita Helga styrk, en eg held að það sé ámóta, því að eg býst ekki við miklum praktiskum árangri af því að fá eitthvað á prent um fóður og beitijurtir; ef eg mætti ráða, þá skyldu

báðir þessir menn fá að standa, en eg get ekki kallað það annað en ósanngjarnt, að veita öðrum styrk, en synja hinum.

Sigurður Jensson: Eg flyt 2 breyt.till., sem eg vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um; eg skal vera stuttorður, en eg álít nauðsynlegt, að taka fram ástæðurnar fyrir þeim, af því að háttv. þingd.m. munu vera þeim ókunnir.

Önnur breyt.till., nr. 2 á þingskj. 461, fer fram á, að Helga Guðmundssyni verði veittur 500 kr. styrkur til náms við landbúnaðarháskólann. Þessi maður er nú við búnaðarnám á búgarði í Skotlandi, og hefir hann skrifað mér, af því að eg þekti hann dálítið, og beðið mig að fylgja fram þessari styrkbón hans til þingsins. Háttv. Nd. hefir veitt öðrum manni styrk í sama skyni, og nú leyfi eg mér að fara fram á, að þessum manni sé veitt jafnmikil upphæð. Hann er, þessi ungi maður, gáfaður og reglusamur, og það get eg sannað með vottorðum góðra manna, sem deildin tekur trúanlega, kennarana við Flensborgarskólann, og samskonar vottorð get eg útvegað frá búnaðarskólastjóranum í Ólafsdal. Þessi maður hefir nfl. fyrst gengið á búnaðarskólann í Ólafsdal og útskrifaðist þaðan, og síðan verið á gagnfræðaskólanum í Flensborg og hefir mikinn áhuga og löngun til að geta fengið sem fullkomnasta mentun í því sem snertir landbúnaðinn, og því hefir hann ráðist í að sigla og komið sér fyrir á búgarði í Skotlandi, til þess að kynna sér þar verklegar framfarir í búnaði.

Eg get sem sagt sannað það með vottorðum, sem eg hefi sagt um þennan mann, og eg vona að h. deild taki mig trúanlegan fyrir því, að hann er maklegur þess að njóta styrks og líklegur til að verða landi sínu þarfur maður. Eg hefði aldrei tekið að mér að flytja þessa styrkbón, hefði eg ekki verið sannfærður um að styrk þeim yrði vel varið. Það er ekki svo skemtilegt að standa hér og mæla fram með styrkveitingum til manna, sem eru þingmönnum alveg ókunnir og ekki geta sjálfir talað við þá.

Eg get borið þenuan styrk saman við ýmsa aðra, og sýnt fram á að þessi maður er eins maklegur að fá styrk, eins og sumir aðrir, sem fá hann á þessum fjárlögum, og hversu miklu nær væri ekki að styrkja hann, heldur en t. d. málara og listamenn og músikanta og alla mögulega aðra. Vér heyrum þó til þjóð, þar sem megnið af fólkinu eru bændur og ef landið á að eiga nokkra framtíð fyrir sér, þá þarf landbúnaðinum fyrst að fara fram, og því má kalla því fé vel varið, sem lagt er til að styrkja unga og efnilega menn til þess að leggja stund á búnaðarnám.

Vér veitum margar þús. kr. til að styrkja lærða mentun í landinu, vér veitum margar þús. kr. í ölmusur til þess að draga menn í latínuskólann, og látum þær standa ár eftir ár þó að mikil ástæða sé til að halda, að því fé sé ekki sem bezt varið, og þá skoðun virðist háttv. fjárln. vilja styðja með því að hún hefir fært niður ölmusustyrkinn til latínuskólans, og eru þó báðir yfirstjórnendur hans í nefndinni. Nú munu vera fjöldamargir piltar í latínuskólanum, sem als ekki eru þess verðir, að þeir séu styrktir, af því að þeir sýna svo lítinn áhuga á náminu, að því er sagt er, og eg er viss um að margir h. þdm. vildu alveg taka burt ölmusurnar, ef þeir væru ekki hræddir um, að það kynni að koma niður á góðum og efnilegum piltum, sem eiga skilið að fá styrk. Vér erum allir samdóma um það, að því fé er vel varið, sem veitt er til að hjálpa ungum efnismönnum, sem líklegir eru til að verða landinu til framfara. Hér er að tala um það, sem okkur öllum er mest áhugamál, framfarir landbúnaðarins. Það kveður við í öllum blöðum og á öllum þingmálafundum: Gerið eitthvað fyrir landbúnaðinn, — og þó lítið sé, þá er þó

þetta í áttina. Að pilturinn sé styrksins verður, get eg ábyrgst.

Hin br.till. mín er við 12. gr. A 2., að aftan við féð, sem veitt er til póstflutnings, bætist inn: þar af má greiða Jóhanni pósti Jónssyni á Bakka í launauppbót fyrra árið allt að 500 kr.

Br.till. þessi er svoleiðis tilkomin, að það var skorað á mig á þingmálafundi í vor, að styrkja að því að þingið vildi veita þessum manni, sem hefir verið póstur í 25 ár, einhverja þokkabót fyrir langa og trúa þjónustu. Hann hefir haft á hendi hinar erfiðu póstferðir milli Bæjar í Króksfirði og Bildudals og er það löng leið og torsótt. Það er sannast að segja, að sá starfi hefir verið illa launaður, — svo illa, að það er óskiljanlegt, að nokkur maður skyldi fást til þess að taka hann að sér fyrir það endurgjald, sem framan af var borgað fyrir ferðirnar. Reyndar er það algengt hér á landi, að menn vilja taka að sér störf fyrir litla borgun, ef peningar eru í boði; sömuleiðis eru öll líkindi til, að á þessari leið hafi óvíða verið tekin borgun fyrir greiða af póstinum, enda þó það sé ósæmilegt að launa starfsmönnum hins opinbera svo illa, að þeir geti ekki borgað fyrir, þar sem þeir þiggja greiða.

Hann hafði fyrsta árið að eins 40 kr fyrir hverja ferð, sem stendur yfir í 10 daga fram og aftur á sumardag, og þarf þá að minsta kosti 3 hesta, og að vetrinum hefir það jafnvel komið fyrir, að til ferðarinnar hafi farið 25 dagar. Nú allra síðustu árin hefir hann fengið 75 kr. fyrir ferðina, enda er nú leiðin lengri og krókóttari, því viðkomustöðum hefir verið fjölgað. Eg hefi borið þá borgun saman við það, sem borgað er annarsstaðar, og komist að þeirri niðurstöðu, að hér sé talsvert lakar borgað en annarsstaðar, þegar á allt er litið, vegalengdina, erfiðleika og torfærur o. s. frv.

Þessi maður er talinn frábærlega duglegur og hefir leyst starfa þennan samvizkusamlega af hendi, hann er nú búinn að slita sér út í þessu erviða starfi, og farið að hnigna að heilsu, og biður nú um dálitla launauppbót á sínum litlu launum. Hann hefir leitað til þingsins tvisvar áður en ekki fengið áheyrn. Eg hefi ekki stungið upp á öðru, en að póststjórnin megi, ef henni sýnist þessi maður hafa haft of lítil laun, borga honum einhverja upphæð, allt að 500 kr.

Eg skal svo ekki tala lengra, hvorki um þessa br.till né aðrar.

Guttormur Vigfússon: Þótt eg væri með í fjárlaganefndinni hefi eg samt einn míns liðs leyft mér að koma fram með 2 viðaukatill. við frv. og eru þær á þsk. 465. Hinum háttv. meðnefndarmönnum koma ekki brtillögur þessar á óvart, að eg vona, því eg hafði strax í nefndinni ráðgjört að bera þær fram, úr því nefndin öll gat ekki fallist á að taka að sér þessar litlu fjárbænir. Fyrri till. fer fram á að veittar séu 500 kr. fyrra árið til leikfimis og skotfélags Eskfirðinga.

Það kann nú ef til vill að þykja nokkuð djarft að bera tillögu þessa fram nú, þar sem hún aldrei kom fram í háttv. Nd. En eg skal leyfa mér að skýra frá því, að beiðni viðvíkjandi þessum litla styrk var send til fjárlagnefndar háttv. Nd., og þótt hún, eftir því sem mér er kunnugt, fengi þar töluvert meðhald, þá fekk hún þó ekki meiri hlutann með sér. Í háttv. Nd. var enginn, sem tók tillögu þessa upp, enda lagði eg ekki sérlega áherzlu á að það væri gjört. Því eg áleit, að eins rétt væri að bera hana hér fram fyrst, úr því fjárlaganefnd háttv. Nd. ekki vildi taka hana að sér. Til þess nú að sýna h. deild fram á, að þessi fjárbeiðni ekki sé fram komin að ástæðulausu, þá skal eg leyfa mér að skýra stuttlega frá málavöxtum.

Félag það, sem hér ræðir um, var stofnað fyrir 3 árum, og hefir það síðan verið undir umsjón manns, sem að allra dómi

er mjög vel hæfur kennari í leikfimi, þessi maður er sýslumaður Axel Tulinius. Fyrsta veturinn eftir að félagið var stofnað tóku 20 nemendur stöðugan þátt í leikfimisæfingum þess, og hafa þeir, eftir því sem mér er kunnugt, árlega fjölgað. Kenslutíminn á veturna stendur yfir frá því í nóvember, þangað til í maí, eða fulla 6 mánuði, og eru æfingar haldnar 3—4 sinnum á viku. Á næstliðnu sumri var eg svo heppinn að vera sjónarvottur að íþróttum nokkurra manna úr félagi þessu, og var það bæði að mínum dómi og annara, sem sáu til þeirra, bæði mjög góð skemtun og ágæt frammistaða að öllu leyti. Auk leikfimiskenslunnar á vetrum hefir skóli þessi líka haldið áfram yfir sumarið sem skotæfingafélag. Nú hafa þar að auki verið stofnuð tvö félög þar eystra, er standa undir umsjón forstjóra þessa félags, er annað þeirra á Djúpavog hitt á Fáskrúðsfirði. Það verður nú máske komið með þá mótbáru móti þessari fjárbeiðni, að félagið þurfi ekki fjárstyrks við. En vona að sú mótbára falli um sjálfa sig, þegar þess er gætt, að félagið var stofnað með alls engum eignum; en til þess að koma kenslunni í nokkurn veginn viðunandi lag, þarf ýms áhöld, og þau sum töluvert dýr, svo sem klæðnað til leikfimisæfinganna o. m. fl. Fyrstu tvo veturna sem kenslan fór fram þurfti félagið að leigja sér hús, en það húsnæði var svo óþægilegt og óhentugt á ýmsan hátt að ekki var unandi við; félagið varð því, til þess að geta haldið æfingum sínum áfram, að kosta til sérstakrar húsbyggingar. Að þessi húsbygging og allur útbúnaður hafi orðið félaginu æði-dýrt, vona eg að enginn efist um, jafnvel þó eg ekki geti nú í svip sýnt reikning yfir þann kostnað. Kostnaður þessi hefir nú auðvitað komið æði þungt niður á félagsmenn, en harðast mun hann þó hafa komið niður á formanni og kennara félagsins, sem mér er kunnugt að hefir varið töluverðu fé úr sínum eigin vasa til þessa fyrirtækis, sem hann hefir lagt svo mikla stund á, og það af þeim einu hvötum, að hann álítur þetta nauðsynjafyrirtæki ekki að eins stofnað mönnum til skemtunar, heldur, og það jafnvel miklu fremur, til þess að þroska líkamann og gjöra menn hraustari og heilsubetri.

Félag þetta hefir mætt þeirri viðurkenningu erlendis frá, að því hafa verið gefnir 30 riflar og nokkrar byssur til skotæfinga, og enn fremur hefir það fengið dálítinn styrk bæði úr amtssjóði austuramtsins og sýslusjóði S.-M.sýslu. Þessar viðurkenningar vona eg hljóti að vera mikil meðmæli með félaginu og vona að hin háttv. deild sannfærist af því um, að félagið ekki sé „humbug“ heldur verðskuldi fyllilega þennan litla styrk, sem hér er farið fram á. Að þingið kannist við að það sé vert að styrkja tilraunir í þessa átt, má sjá á því, að það í hitt eð fyrra veitti 1200 kr. upphæð á fjárlögunum til ókeypis leikfimiskenslu í Reykjavík, og að fjárlaganefnd Ed. sé mér samdóma um, að vert sé að styrkja slíkar íþróttir má sjá á því, að hún stingur upp á styrk í þessu skyni, á líkan hátt og hér er farið fram á, til þess nefnilega að einstakir menn, sem leggja kapp á að kenna og útbreiða fagrar og þarfar íþróttir í landinu, þurfi ekki að leggja út stórfé úr sínum eigin vasa auk tímaeyðslu og annarar fyrirhafnar.

Eg vona, að h. þingd. sé svo sanngjörn, að hún sjái, að þessar styrkveitingar hér í Reykjavík og á Eskifirði standi í svo nánu sambandi, að þær hljóti báðar að falla eða standa.

Þá kem eg að hinni síðari viðaukatill. minni á sama þingskj., og er ef til vill enn þá djarfara að bera hana upp; en eg áleit skyldu mína að bera þessa till. inn á þingið, og eg er sannfærður um, að hún er svo sanngjörn og réttlát, að þingið hljóti að fallast á hana. Till. þessi fer

fram á, að veittar séu til Ísaks Jónssonar á Búðum á Fáskrúðsfirði, í viðurkenningarskyni fyrir störf hans við íshúsbyggingar, fyrra árið kr. 300. Fyrir mörgum árum fluttist þessi sami maður, sem hér ræðir um, til Vesturheims og settist þar að sem bóndi. Maður þessi hafði ekki dvalið mörg ár vestan hafs, þegar hann sá nývirki nokkurt, sem hreif huga hans og sem hann strax ætlaði að mundi geta komið Íslandi að miklu gagni, það voru nefnilega ís- og frystihús, sem Ameríkumenn notuðu til að geyma í fisk og kjöt og önnur matvæli. Hann varð svo hrifinn af þessu, að hann fór strax að skrifast á við kunnuga menn á Austurlandi um þetta og lýsti því fyrir þeim, hversu mikil nauðsyn væri á að koma upp slíkum húsum hér á landi, sérstaklega til þess að geta ætíð verið viss með nóga fiskibeitu, þó hún ekki aflaðist í þann og þann svipinn. Hann var upp alinn í einum hinum fiskisælasta firði á Austurlandi og hafði búið þar bæði sem sjó- og landbóndi, var hann því gagnkunnugur þeim altíðu en þó sorglegu tilfellum, að þótt firðirnir væru fullir af fiski, þá fengist ekki dráttur úr sjó vegna beituleysis. Þetta brýndi hann fyrir sveitungum sínum og öðrum, sem hann var kunnugur á Austurlandi. En menn héldu að þetta væri ómögulegt og höfðu enga trú á því, og héldu því fram, að fiskurinn vildi ekki taka beituna nema hún væri alveg ný og mörg önnur tormerki, sem talin voru á fyrirtæki þessu. Þá datt Ísak í hug að snúa sér til þess manns hér á landi, sem honum var kunnugt um, að lengi hafi haft mikinn áhuga á að styðja verklegar framfarir landsins, en það var hinn núverandi bankastjóri Tryggvi Gunnarsson, fór hann því að skrifast á við hann um þetta mál, og sýna honum sem öðrum fram á þá miklu nauðsyn, að koma því sem allra fyrst á gang. Árangurinn af þessum bréfaskriftum varð sá, að Ísak Jónsson tekur sig upp frá Ameríku, eftir áskorun Tryggva, ásamt öðrum manni, til þess að koma ís- og frystihúsum í gang hér á landi. Þessir tveir menn komu svo upp hingað til landsins og fer annar þeirra hingað til Reykjavíkur og stofnar íshús hér, en hinn, sem var kunnugur á Austur- og Norðurlandi, fer þangað til þess að segja fyrir og vinna að ís- og frystihúsum þar. Í tvö til þrjú ár mun Ísak svo hafa unnið sem daglaunamaður við íshússbyggingar á Norður- og Austurlandi eða sagt fyrir verkum, þar sem hann ekki gat verið sjálfur við, og held eg því, að nú sé komið það lag á þar nyrðra og eystra, að það sé af tilviljun, ef aflalaust er til langframa vegna beituleysis. Til frekari sönnunar því, hversu þetta mál átti erfitt uppdráttar í fyrstu, get eg ekki stilt mig um að minnast á það atvik, að Otto Wathne, sem vér allir þekkjum og allir hafa viðurkent fyrir dugnað og framtakssemi, vildi alls ekki sinna þessu í fyrstu og hélt að það væri ekki til nokkurs gagns. En eftir að fyrsta íshúsið var bygt á Seyðisfirði sá hann brátt, að þetta var ekki ameríska „humbug“. Hann biður Ísak um að koma til sín hið allra fyrsta og byggja íshús fyrir sig á Seyðisfirði. Nú er þetta mál komið á þann rekspöl, að ís- og frystihús eru komin bæði á Norður- og Austurlandi í flestum ef ekki öllum sjávarplássum, og hvað hefir svo unnist við þetta? Jú, það hefir unnist það við ís- og frystihúsin, að þar sem það áður var undir síldarveiðinni, í þann og þann svipinn, komið, hvort nokkuð fiskaðist, þá geta sjómenn nú á hverjum tíma sem er haft nóga beitu af ísvarinni síld, en við það hefir landssjóður hlotið að græða mörg þúsund krónur í útflutningstolla. Fyrir 2—3 árum var skýrt frá því í blaði einu, að ef ekki hefði verið íshús á Mjóafirði, þá hefði landssjóður við það tapað 700 kr. Í hitt eð fyrra (1897) viðurkendi stjórnin gagnsemi þessara fyrirtækja, sýndi hún það með því, að stinga upp á því á fjár-

lagafrumv. sínu, að veita 500 kr. styrk til Ísaks Jónssonar, bæði upp í ferðakostnað og sem þóknun fyrir að rífa sig upp frá Ameríku og flytja hingað heim. Í annan stað lagði stjórnin og til í sama frv. að veita styrk til sama manns til þess að halda áfram að leiðbeina landsmönnum í þessu verki. Þingið 1897 virtist vera sammála stjórninni um það, að íshúsbyggingar séu nauðsynlegar, enda var á þess árs fjárlögum ætlað töluvert fé til lána handa þeim mönnum, sem vildu byggja slík hús. Um leið og þingið samþykti þessa lánveitingu, hefði það verið ekki einasta eðlilegt heldur og sjálfsagt, að þingið féllist á tillögu stjórnarinnar um að veita styrk hæfum manni til að leiðbeina þeim, sem lánin tækju, svo þau gætu orðið að fullum notum, en svo var þingið ekki sjálfu sér samkvæmt, heldur feldi það burt hinn litla styrk til þessa manns, er hæfastur var til þess að veita tilsögn í slíkum byggingum; og hver var svo árangurinn af þessu? Hann varð sá, að enginn notaði lánið, sem heldur ekki gat verið við að búast, eftir að hin tillagan var fallin. Eg verð að álíta það mikinn skaða, ekki að eins fyrir sjávarbændur, heldur líka fyrir landssjóð. Auk þess sem síðasta þing neitaði Ísak um hinn litla styrk til þess að halda áfram íshússbyggingum, neitaði það honum einnig um ferðastyrk þann, er stjórnin hafði stungið upp á, en vísaði honum í þess stað til þess manns, sem hafði pantað hann hingað heim. Eg skal ekkert um það segja, hvort Ísak hafði lagalegan rétt til þess að fá ferðastyrkinn hjá landssjóði eða manni þeim, er narraði hann hingað heim frá góðum kjörum í Ameríku, ef að svo er, liggur auðvitað enn opinn vegur fyrir Ísak til lögsóknar, en á hina hliðina var það svo mikil sanngirniskrafa, að eg veit það með sönnu, að þessi aðferð þingsins hefir valdið mikilli óánægju út um landið. Eg hefi nú farið fram á þessa 300 kr. fjárveitingu í viðurkenningarskyni við þenna mann fyrir dugnað hans og framtakssemi og af því að eg álít, að hann eigi fullkomlega bæði peninga og þakkir skilið fyrir þessar lofsverðu tilraunir sínar. Þetta er að vísu ekki sú upphæð, sem hann ætti fylst skilið, en það er þó dálítið í áttina, því frekar sem maðurinn er nú atvinnulaus á gamals aldri.

Eg vona nú, að h. þingd. kannist við, að eg hér hafi skýrt svo satt og rétt frá þessu máli, sem mér framast er unt; og skal eg svo ekki fjölyrða um það meira, en vona svo góðs til háttv. deildar, að hún taki tillögu þessari vel.

Þá er ein breyt.till. komin fram, sem eg ekki greiði atkv. með, hvort sem hún er orðuð eins og hún kemur frá nefndinni eða ekki, nefnilega um það, að stryka út styrkinn til Kjósar- og Gullbringusýslu til að gera veg frá Reykjavíkurlandi suður sýsluna. Eg skal játa, að það hefir verið margtekið fram, að þetta eigi að vera hallærisstyrkur og þá tek eg mér nærri að vera honum andstæður; en því meira sem eg hugsa um þenna styrk, því betur sannfærist eg um, að það ekki muni verða verulegur hallærisstyrkur fyrir sýsluna, með því að verja honum á þennan hátt, í fyrsta lagi af því, að það er engin trygging fyrir, að þeir, sem bágast eru staddir, sitji fyrir vinnunni við þessa fyrirhuguðu vegagjörð; eg get miklu fremur búist við, að þessir peningar lendi hjá einstökum æfðum mönnum, sem helzt væru teknir til þessarar vegagjörðar. Ef vegur þessi væri bráðnauðsynlegur, þá mundi eg máske hugsa um, áður en eg greiddi atkvæði móti honum; en þar sem eg hefi heyrt, að hann sé í hæsta máta ónauðsynlegur, þá get eg því síður greitt atkvæði með þannig lagaðri fjárveitingu. Ef till. þessi hefði farið í þá átt að veita fátækum húsmönnum eða bændum einhverja þóknun eða jafnvel full daglaun fyrir að rækta nýja matjurtagarða eða til túnrækt-

ar heima hjá sér, þá hefði eg verið miklu nær að greiða þessari fjárveitingu atkv. mitt, því á þann hátt mundu peningarnir geta lent þar, sem þörfin er mest og auk þess orðið til áframhaldandi bjargar fyrir héraðið.

Viðvíkjandi 6. breyt.till. nefndarinnar við 12. gr. B 4, um þjóðvegina, nefnilega, að fyrir 60,000 komi 50,000, þá hefir hæstv. landshöfðingi lýst því yfir, að töluverðu af því fé verði varið til vegarlagningar meðfram Hrútafirði og til vörðulagningar á Þorskafjarðarheiði. Eg vona að eg þurfi ekki að taka það fram, að hæstv. landshöfðingi einnig muni eftir hinum langa þjóðvegi í Suður-Múlasýslu; skýrslur um veg þennan hafa legið frammi hér á þinginu, sem ljóslega bera með sér, hver nauðsyn er á endurbótum á þeim vegi sem allra fyrst; eg vil því leyfa mér að leggja sérstaka áherzlu á, að sá vegur verði líka í huga hafður, og það því fremur, sem stjórnin hefir minst á það í athugasemdum sínum við fjárlagafrumv., að ætlast væri til að verja töluverðu af vegabótafénu einmitt á þessum stað.

Jón Jakobsson: Eg verð að biðja h. þgdm. að fyrirgefa, þó eg kunni að tala lágt og óskipulega, af því að eg er lasinn, og eg mundi heldur ekki hafa staðið upp, ef fjármálanefndin hefði ekki lagt til að fella burtu tvo liði, sem mér er töluvert áhugamál um, að komist í gegn.

Annars skal eg geta þess, að eg er nefndinni mjög þakklátur fyrir sparnaðartilraunir hennar og yfir höfuð er eg samdóma nefndinni í öllum höfuðatriðum.

Hvað snertir lækkunina á 12. gr. B. 3 til flutningabrauta, þá skal eg taka það fram, að eg er algerlega henni meðmæltur, og að eg jafnvel hefði verið með að stryka þann lið alveg út. Það er mín sannfæring, að landssjóður hafi ekki ráð á að halda uppi vegalögunum frá 1893 í þessum atriðum, er snerta flutningabrautir. Eg skal taka það fram, að eg fæ ekki betur séð, en að minst þörf sé að gera þar flutningabrautir, sem vegir eru áður nokkurn veginn góðir af náttúrunnar eða manna völdum, en aftur vill svo óheppilega til, að þar sem mest þörf er á vegagerðum, þar verða þær ekki framkvæmdar eða að minsta kosti illhægt að framkvæma þær, svo varanlegar verði, vegna snjóa og vatns. Hvað sérstaklega snertir Húnavatns-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu, þá eru þessar sveitir svo vel hestaðar, að ekkert útlit er fyrir, að flutningabrautir yrðu notaðar í þessum sýslum af almenningi, þó þær væru lagðar, því eg efast um, að það yrði nema einstöku maður, sem færi að leggja út í að kaupa sér vagnflutning á vörum sínum. Öðru máli væri að gegna, ef hér væri komið það brautanet, að bændur gætu flutt hey sitt heim á vögnum af engjunum, því þá gætu menn alment farið að minka hestahald við sig, og eg skal gjarnan játa, að mikið hestahald er niðurdrep fyrir tryggan landbúnað.

Þá skal eg fara nokkrum orðum um breyt.till. þá, sem eg ásamt tveimur öðrum þm. hefi leyft mér að koma fram með, um að fella burtu 9. tölul. 12. gr. B. um styrkinn til Kjósar- og Gullbringusýslu. Eg skal játa það, að nefndin hefir bætt þennan tölul. mikið og gert hann töluvert aðgengilegri en hann var hjá h. Nd., með því að fella burtu skilyrðið, því það er auðvitað alveg þýðingarlaust að leggja fram jafnmikla upphæð eftir þeim efnahag, sem nú er hjá öllum þorra þessara sýslubúa. En það, sem gerði, að eg aðallega var á móti þessari styrkveitingu var ekki svo mjög, að eg ekki vildi vera með að hjálpa þessari sýslu, eins og nú er ástatt fyrir henni, heldur það, að eg áleit, að með þessari tilhögun gæti skapast hættulegur „præcedens“ eða fyrirmynd og að önnur sýslufélög mundu koma á eftir og sækja um styrk á sama hátt til vegalagninga. Við vitum hvaða skrið er

komið á þessar styrkbeiðnir til þings, bæði frá einstökum mönnum og heilum landshlutum, og eg vil ekki eiga þátt í að stíga spor, sem þingið gæti iðrað eftir síðar að hafa nokkurn tíma stigið. Út af umr. um 13. gr. C. 1. c., um 600 kr. til samnings spjaldskrár, skal eg geta þess, að mér er ekki fyllilega ljóst, hve mikið fé þyrfti til að fullgera hana, en eg ímynda mér að spjöldin þyrftu að vera um 90—120 þúsundir að tölu og til þess að skrifa þau öll þyrfti auðvitað talsvert fé. Einhvern tíma rekur þó að því, að þetta yrði að gera, og auðvitað verður því örðugra að fást við það, sem lengra líður frá og bind. safnsins fjölgar og af þeim ástæðum mun eg greiða atkvæði með þessum 600 kr., enda þótt eg sjái að nokkur agnúi er á þessu öllu saman. Húsakynni þau, sem safnið hefir nú, eru sem sé svo vond og ónóg, að nauðsyn er til að flytja safnið fyr eða síðar, en við flutninginn mundi þurfa að fara aftur yfir alla hyllukataloga safnsins. Þetta er sá agnúi, sem eg sé á þessu, en þar sem hins vegar er þörf á þessum spjöldum, þá verð eg þó að gefa breyt.till. atkvæði mitt.

Þá kem eg til þeirra tveggja breyt.till., sem voru valdandi þess, að eg stóð upp, þótt eg helzt hefði viljað vera laus við það.

Fyrri breyt.till. er um að fella burtu 13. gr. C. 9. b., styrkinn til að gefa út myndir af þjóðgripum, er skýra sögu vora og siðu, 500 kr. hvort árið. Eins og deildinni er kunnugt, þá hefir komið bænarskrá frá Fornleifafélaginu um styrk til að framkvæma þetta verk. af því að það sæi sér ekki fært eitt að bera þann kostnað, sem af því leiddi. Þetta félag hefir unnið mikið og þarft verk fyrir kultursögu vorrar þjóðar, og sé nú þessi styrkur feldur, þá held eg að væri óhætt að fella margar aðrar fjárveitingar, sem nú standa á fjárlögunum. Nú hefir félagið fengið sérstakt tilefni til þess að reyna að koma þessu fyrirtæki fram. Kapteinn Bruun, sem hefir tekið ágætar myndir af mörgum gripum á Forngripasafninu, hefir boðið félaginu að sjá um útgáfu á þessum myndum, langtum ódýrari en ella mundi kostur á. Mér hefir verið sagt, að útgáfa hvers einstaks myndablaðs mundi kosta venjulega um 38 kr., en nú gefst félaginu kostur á að fá þetta miklu ódýrar, ef það sæi sér fært að leggja út í það. Tilgangur félagsins var sá, að myndunum fylgdu skýringar á íslenzku og ensku, og félagið óskaði, að þessar myndir gætu komist á Parísarsýninguna til þess að vekja eftirtekt á fornum menjum vorum, og eins til þess, að þar gæti selst ef til vill töluvert af þeim. Sjálfur hefi eg lofað, ef til þess kemur, að hafa þau til sölu á Forngripasafninu handa túristum. — Eg ímynda mér, að þessi styrkur þyrfti framvegis ekki að vera nema mjög lítill, því menn mundu talsvert leitast eftir að eiga myndir af þeim merkum gripum, sem við eigum í fórum okkar. Við sölu þessa fyrsta bæklings mundi því að öllum líkindum koma inn töluverð upphæð upp í prentun á næsta bæklingi og þannig koll af kolli.

Hin breyt.till., sem kom mér til að standa upp, var að fella burtu 13. gr. c. 11. „1000 kr. styrk til að gefa út bækling um Ísland með myndum og kortum vegna Parísarsýningarinnar“. Eg get ekki verið þessari tillögu nefndarinnar meðmæltur, vegna þess, að mér finst óviðfeldið, þegar við á annað borð tökum þátt í þessari sýningu, að þessi hluttaka sé þá ekki sem sæmilegust fyrir land og þjóð, að unt er. Mér finst það smásálarlegt og óviðfeldið að neita um þessar 1000 kr., þar sem ríkisþingið danska hefir veitt 500,000 kr. til Parísarsýningarinnar og þar af 25,000 kr. fyrir Grænland, Færeyjar og Ísland; af þessari upphæð hefir svo talsverðu fé verið varið handa Íslandi. Eg verð því að segja, að mér finst það hálf óviðkunnanlegt af okkur að neita alveg öllu fram-

lagi. Kapteinn Bruun hefir nú keypt hér á landi inn ýmsa íslenzka muni fyrir um 1000 kr. fyrir hönd þjóðmyndasafnsins í Höfn og þess utan hefir af því fé, er þessu safni var lagt af fjárstyrk ríkisins, verið kostuð ferð hans hingað og annars manns, til þess að taka myndir af ýmsum gripum á Forngripasafninu og ýmsum merkum stöðum á landinu. — Eg skal geta þess, að eg stakk upp á því við kapt. Bruun, sem hefir gengist fyrir þessu máli, hvort ekki mundi gjörlegt að þræða meðalveginn og reyna að komast af með 500 kr. styrk í stað 1000, en hann sagði mér, að hann kysi heldur, fyrir sitt leyti, að sleppa alveg útgáfu bæklingsins og réði mér því frá að koma með nokkura breyt.till. í þessa átt, vegna þess, að eftir þeim upplýsingum, sem hann hefði fengið, þá mundi „Generalstaben“ senda myndir bæði frá Grænlandi og Færeyjum, sem án efa mundu vera mjög vel úr garði gerðar og þess vegna væri betra að senda alls engar myndir héðan, en að þær væru alt of fátæklegar í samanburði við hinar. Eg skal benda á það, að mér er kunnugt um, að h. Nd. og sérstaklega fjármálanefnd Nd. er þetta talsvert áhugamál, en hins vegar finst mér þessi styrkveiting of lítil og of lág til þess að hún verði keppimál milli deildanna og því kysi eg helzt, að h. d. vildi fella breyt.till. nefndarinnar.

Áður en eg sest niður, skal eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær br.-till., sem eru komnar fram.

Breyt.till. nefndarinnar um að fella burtu C. 35, styrkinn til Halldórs Lárussonar til þess að nema betur hraðritun, get eg ekki verið meðmæltur. Eg verð að taka í sama strenginn sem h. 4. kgk. (Dr. J. J.), þvi þó það sé ekki svo mikil þörf fyrir þingið á hraðriturum, þá er það þó mjög heppilegt, að til sé einn hraðritari, sem á almennum málfundum getur tekið ræður manna orði til orðs. Eg get ekki betur séð, en að þessi maður hafi sýnt sýnilegan áhuga og þar sem hann hefir gert svo álitlega tilraun, þá finst mér það gefa fulla ástæðu til að ætla, að þessu fé sé ekki á glæ kastað. Að þessu leyti er eg fyllilega samdóma háttv. 4. kgk. (Dr. J. J.); en hann hefir komið fram með ýmsar aðrar breyt.till. en að hækka styrkinn til Halldórs Lárussonar, og hvað þær snertir, get eg ekki verið á sama máli og hann. Þó skal eg taka það fram, viðvíkjandi hinum nýja tölul. hans á þingskj. 445, um styrkinn til hússtjórnarskólans í Reykjavík, að eg get hugsað, að hann sé ekki að ástæðulausu fram kominn. Mér hefir verið sagt, að skólinn sé í töluverðum skuldum fyrir áhöld, sem hann hefir orðið að kaupa, og að útlit sé fyrir, að hann muni ekki geta borgað þessar skuldir nema með því að selja alt, sem hann á til, og svo auðvitað leggjast niður. Hvort þetta er nú sérlega þýðingarmikið atriði fyrir landið, skal eg ekki segja um, en eg hygg að það sé þó óhætt að segja, að þessi skóli hafi fult eins mikið praktiskt gildi eins og okkar heiðruðu kvennaskólar. Eg vildi því skjóta því til h. flutningsmanns (Dr. J. J.), hvort hann ekki fyndi ástæðu til að skifta þessari breyt.till. sinni þannig, að hún yrði borin upp í tvennu lagi, fyrst 800 kr. fyrra árið, og síðan 800 kr. seinna árið, því það gæti hugsast, að það gæti orðið til þess, að skólinn fengi 800 kr. annað árið, og það gæti ef til vill orðið nóg til þess, að skólinn þyrfti ekki að leggjast niður. Verði tillögunni skift þannig, mun eg að minsta kosti gefa því atkvæði mitt, að skólanum verði veittar 800 kr. fyrra árið.

Hvað snertir styrkinn til séra Matthíasar Jochumssonar, þá get eg ómögulega orðið h. 4. kgk. (Dr. J. J.) samferða. Hann sagði, að það lægi ekki fyrir nein beiðni frá þessum manni, en eg veit ekki betur en að hún hafi legið frammi um langan tíma bæði fyrir fjárlaganefndunum og á lestrarsalnum. *(Dr. J. J.:* Það er rétt,

eg vissi ekki af henni áðan). Þá sagði hann einnig, að hann vissi ekki til, að þessi maður hefði nein „merita", en það er víst, að séra Matthías, sem skáld, hefir ákaflega mikil „merita" gagnvart allri þjóðinni, og þótt hann kannske ekki verðskuldi, eins og 4. kgk. (Dr. J. J.) segir, neinn sérstakan styrk sem prestur, þá finst mér það í fylsta mæli vera samboðið og skylt þinginu að styrkja hvern þann mann, sem í löngu lífi er búinn að geta sér ágætan orðstír í einhverju atriði og langt um sómasamlegri en allir tilraunastyrkir til manna, sem óvíst er hvort nokkru sinni muni fylla meðalsæti.

Þó get eg enn þá síður verið samþykkur h. 4. kgk. (Dr. J. J.) í að fella burtu styrkinn til Páls Ólafssonar skálds, og enn þá síður fanst mér h. þm. rökstyðja þá breyt.till. sína. Mér þótti það sannarlega sorglegt að heyra þingm. segja, að hann þekti ekki þennan mann, því eg held, að það kot sé ekki til á öllu landinu, sem ekki þekkir Pál Ólafsson eða verk hans. *(Dr. J. J.:* Eg sagðist ekki þekkja hann persónulega). Þm. sagði alt annað; hann sagðist ekki þekkja Pál Ólafsson að öðru en því, að hann væri drykkjumaður, en ekki sem skáld. Hann sagði líka, að Páll Ólafsson ætti marga sína líka hér á landi, en eg efast um, að hann eigi sér nokkurn líka og eftirtíminn mun aldrei telja okkur það minkunn, að hafa veitt þessum manni skáldstyrk. Og hvað það snertir, að dauðinn einn muni losa fjárlögin við þennan bitling, eins og þm. sagði, þá get eg huggað þingmanninn með því, að eftir mannlegum reikningi, þá mun þess ekki langt að bíða unz dauðin gerir honum og landssjóði þessa þénustu.

Eg get ekki verið með því að stryka út af fjárlögunum 20,000 kr. lánveitinguna til að stofna mjólkurbú. Framtíðarhorfur landbúnaðarins eru svo tvísýnar og iskyggilegar, að mér finst það hrein og bein skylda þingsins að gera alt, sem í þess valdi stendur, til þess að reyna að hjálpa við þessum aðal-atvinnuvegi landsins.

Viðvíkjandi styrknum til Boga Melsteðs skal eg geta þess, að mér getur ekki fundist hann vera tekinn burt á hentugum tíma, þar sem nú er von á tveimur ritum frá þessum manni. Eg get heldur ekki séð, að það hafi verið vel tilfallið hjá h. framsögum. (S. St.) að bæta hér inn í politiskum atriðum og færa það fram sem ástæðu á móti styrknum, að þessi maður hefir skrifað bækling um stjórnmál, sem er andstæður í skoðunum miklum hluta þingmanna. Yfir höfuð álít eg það óheppilegt og ekki við eigandi, að blanda stórpólitíkinni inn í fjárlögin.

Aftur get eg verið h. framsögumanni (S. St.) samdóma um, að réttast hefði verið að veita aldrei styrkinn í 13. gr. 30. tölul., til Þórarins Þorlákssonar, og raunar heldur ekki til Einars Jónssonar. En þar sem þessi styrkur hefir nú einu sinni verið veittur og þetta, eftir því sem mér skilst, á að vera í síðasta skifti, þá finst mér það ekki rétt, í samræmi við það, sem eg tók fram um styrkinn til Boga Melsteðs, að svifta þá umsvifalaust þeirri hjálp, einmitt þegar komið er að því, að þeir eiga að fara að sýna, að hverju gagni styrkurinn hefir orðið þeim.

Á hinn bóginn skal eg taka það fram, að mér finst það vera hrein og bein samvizkusök fyrir þingið, að glepja með fjárveitingu hálffullorðna út á þá braut, að nema fræði, sem eru þannig, að þeir geta aldrei orðið fullnuma í þeim, og sem ekkert verksvið hafa hér á landi eftir á fyrir nemendurna. Hvernig ástandið er í öðrum löndum hjá þessum listamönnum, það mun flestum kunnugt. Fjöldinn er svo mikill, að hver treður skóna af öðrum, svo að naumlega þriðjungur þeirra hefir nokkurn veginn lífvænlega atvinnu. Eg vildi óska þess, að þingið setti ekki oftar gildrur fyrir menn á fjárlögunum til þess

að narra þá út á slíka glapstigu og allrasízt fullorðna menn.

Hallgrímur Sveinsson: Eg skal ekki þreyta h. deildarmenn á langri ræðu. Eg þarf ekki að fjölyrða fyrir hönd nefndarinnar, því að hún hefir bæði fengið vingjarnlegan dóm, og svo hefir einnig verið kannast við, að aðgjörðir hennar gengju í rétta stefnu og meiri viðurkennig gat hún ekki búist við að fá fyrir störf sín.

Í öðru lagi hefir h. framsögum. (S. St.) þegar haldið uppi svörum fyrir nefndina, og svo mun hann einnig gera hér eftir, eftir því sem þörf er á. En til þess að taka af honum ómakið, þá skal eg leyfa mér að hreyfa fáeinum atriðum.

Það er þá fyrst viðvíkjandi latneska stílnum sem skilyrði fyrir inntöku í skólann. Í fjárlagafrumv. því, sem samþykt var af h. Nd., stendur sú athugasemd, að fjárveitingin til tímakenslu og prófdómenda skuli bundin því skilyrði, að latneskur stíll sé eigi heimtaður við inntöku í neðsta bekk skólans. Allir hljóta að viðurkenna að það sé óviðfeldið að láta fjárlögin ganga milli deildanna og máske fara frá þinginu með slíkri athugasemd. Það virðist bera vott um, að þingið beri vantraust til yfirstjórnar og kennenda skólans, að þeir geri of harðar kröfur eða fari of langt með því að heimta það, sem eigi er beinlínis ákveðið í reglugjörð skólans. Nú hefir nefnd. hér lýst því yfir í áliti sínu, að yfirlýsing mundi koma frá yfirstjórn skólans um að afnema latneskan stíl sem inntökuskilyrði í skólann og það er þessi yfirlýsing, sem eg nú vildi gefa fyrir hönd okkar yfirstjórnenda skólans. Eins og kunnugt er, hefir verið ágreiningur um hvernig skilja skuli ákvæðin í reglugjörð fyrir hinn lærða skóla 12. júlí 1877 í Stjórnartíð. sama ár. A.-deildinni, bls. 20.

Í 2. gr. eru tekin fram þau skilyrði, sem sett eru til þess að piltur verði tekinn í neðsta bekk skólans, svo sem aldur o. fl.; hvað hann hafi numið í hinum ýmsu námsgreinum, sem heimtaðar eru, og viðvíkjandi latínunni í liðnum 2, C er það tekið fram, að hann skuli hafa numið aðalatriði hinnar latínsku mállýsingar, og geti lagt út latínu á íslenzku úr lesnum kafla, sem svarar hér um bil 100 blaðsíðum í 8 blaða broti.

Eftir því sem þessi liður er orðaður, virðist eðlilegast, að menn hafi alment skilið, að latneskur stíll ekki skuli vera talinn meðal inntökuprófsskilyrða í 1. bekk skólans. Þetta hafa líka allir viðurkent og jafnvel rektor sjálfur; og þótt hann hafi haldið því fram með allmikilli festu að sleppa eigi hinum skriflegu æfingum, sem hér ræðir um, þá hefir það jafnframt vakað fyrir honum, að það væri ekki stíll í eiginlegum skilningi, heldur að eins stuttar setningar, þar sem námssveinninn ætti að sýna, hvort hann hefði numið aðalatriði hinnar latínsku mállýsingar, þannig að hann geti hagnýtt sér þau í reyndinni. Þetta getur að mínu áliti eigi talist stríða á móti hinum settu skilyrðum fyrir inntöku í neðsta bekk skólans eða meir en í orði kveðnu, heldur að eins til þess að pilturinn sýni, hvort hann geti hagnýtt sér það, sem hann í málmyndafræðinni hefir lært af einkennum orðaflokka, beygingum, hneigingum o. fl. þess háttar, til þess að koma saman einföldum málsgreinum, og annað en þetta hefir inntökustíllinn ekki verið á síðari árum. Eg skal þó játa það, að mér virðist hæpið að heimta nokkuð, sem talist geti latnesk stílæfing við inntökuprót í neðsta bekk, eftir því sem reglugerðin er orðuð og sömu skoðun hygg eg að háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) hafi á þessu máli og er hann annar í yfirstjórn skólans, þótt yfirstjórn skólans ekki hafi hingað til fundið ástæðu til að gera gangskör að breytingu á því fyrirkomulagi, sem hefir átt sér stað í þessu efni. En þar sem þetta nú er orðið nærri því vandræðamál, þá höfum við yfirstjórnendur skólans komið okkur sam-

an um, að réttara væri að taka af skarið og hlutast til um að latneskur still eigi verði í neinni mynd heimtaður til inntökuprófs í 1. bekk, enda virðist mega ná sama marki með því að láta piltinn, þegar hann er reyndur í latínu, bæði í þýðingu og málmyndafræði, snúa setningum af islenzku á latínu, þannig að æfingin verði munnleg í staðinn fyrir skrifleg, eins og hingað til hefir átt sér stað, þetta er samkæmt hinum settu skilyrðum og með því móti getur námssveinninn sýnt munnlega að hann hafi numið aðalatriði hinnar latínsku mállýsingar sér til gagns.

Þá vildi eg leyfa mér að gera stutta athugasemd um spjaldskrárnar til landsbókasafnins. Hæstv. landsh. var að vísu ekki mótmæltur þessari ráðstöfun, og eigi sagði hann heldur að hún ekki mundi verða til gagns, en hann hélt, að hér væri að eins að ræða um fyrstu veitingu af mörgum, er hann ætlaði að mundu fylgja á eftir. Eg skal ekkert um það segja, hversu mörg ár þessi fjárveiting verður bundin við; líklega verða það fleiri en þessi tvö næstu ár. Beiðninni um þessa fjárveitingu, sem kom frá nokkrum málsmetandi mönnum hér í bænum, fylgdi áætlun um, hversu mikið mundi verða unnið, ef 1200 kr. væru veittar hvort árið. Eg man það að vísu eigi glögt, en ef mig ekki misminnir, þá mun hafa staðið í bænarskránni að fyrir 1200 kr. fjárupphæð á ári mundi mega setja spjaldskrár á 20—22 þús. bindi. Sé þessi áætlun rétt, þá mundi ekki þurfa að biðja um þessa fjárveitingu í mörg ár, því að eftir því sem háttv. þingm. Skagf. (J. Jak.) tók fram, mun ekki vera mikið yfir 45 þús. bindi á safninu. Ef veitt yrði sú fjárupphæð, sem um er beðið, þá mundi hún á 8 árum komast langt fram að hinu setta takmark. Eg verð að segja að mér vex ekki sú fjárveiting í augum, því að úr því að vér höfum bókasafn á annað borð, þá verður að sjálfsögðu að hlynna svo að því, að það geti orðið að fullum notum. Slikar spjaldskrár eru taldar nauðsynlegar alstaðar annarsstaðar; þessi ráðstöfun er að vísu ný og óreynd hér hjá oss, en þó svo sé, þá getur víst engum blandast hugur um, að vér eigum að veita oss þetta, úr því það er ekki örðugra en þetta og er álitið mjög nauðsynlegt. Annars er eg ófróður um þetta mál, en af því að þessi skýrsla er komin frá allmerkum mönnum, þá trúi eg þeim til að hún sé á góðum og gildum rökum bygð, og að þeir mundu eigi hafa komið fram með hana, ef þeir hefðu ekki aflað sér nægilegra upplýsinga um þetta mál. Eg verð því að álíta, að veiting þessi sé gagnleg og að hún sé eigi ofvaxin kröftum vorum. Vér höfum áður veitt fé til þessa bókasafns, og kostnaðurinn hlýtur að fara vaxandi eftir kröfum og rás tímans, og ef það er satt, að blindur sé bóklaus maður, þá má líka segja það um mann, sem á bækur, en vantar tækifæri til að færa sér þær til nota. Þá mintist hæstv. landsh. líka á styrkinn til bibliuþýðingarinnar, og af því að eg er því máli kunnugur, þá álít eg mér skylt að skýra það með fáum orðum. Fjárbeiðni þessi lá fyrir háttv. Nd., en hún sá eigi ástæðu til að sinna henni, og mun hún hafa álitið, að hér væri eigi um nauðsynjamál að ræða; en eg verð nú samt sem áður að skoða það svo. Stjórn Bibliufélagsins álítur að þetta mál varði oss alla Íslendinga sem kristna menn, bæði þjóðkirkjumenn, sem eru langflestir, og einnig og ekki síður hina fáu fríkirkjumenn, sem eru á landi voru; eg er sannfærður um, að þrátt fyrir það sem kann að skilja þá frá oss þjóðkirkjumönnum, þá bera þeir lotningu fyrir þessari bók bókanna og skoða hana sem aðaluppsrettu hinna siðferðislegu sanninda, sem eru undirstaða sannra heilla í öllum borgaralegum félögum. Hér er því um það fyrirtæki að ræða, sem í siðferðislegum skilningi,

þó ekki sé lengra farið, snertir alt landið.

Allar mentaðar og siðaðar þjóðir viðurkenna hversu mikils það sé vert, að þessi bók bókanna sé í sem fullkomnustum búningi, eigi að eins að því er snertir meiningu orðanna eftir frumtextanum, heldur líka að búningur málsins sé svo fullkominn sem verða má. Nú vita margir að hinn ytri búningur biblíuþýðingar vorrar er töluvert sundurleitur, þannig að sömu orð og hugmyndir í frumtext. eru víða táknuð með afar mismunandi orðum og nöfnum. En þeir, sem fást við lögun þýðingarinnar, vita enn þá meira um þetta mál, og það kveður svo mikið að þessum mismun, að eitt orð á hebresku er t. d. á ýmsum stöðum táknað með 12 þýðingum hjá okkur í staðinn fyrir með einni eða tveimur hjá öðrum; svo mikill er glundroðinn á þýðingunni hjá oss, að ómögulegt er að átta sig á því.

Eg skal ekki þreyta háttv. þingd. með því að fara langt út í þetta mál; en eg vona að eins að þeir trúi mér til þess er eg segi, að hér er meiri þörf á umbótum en flestir halda, og þess vegna álít eg það fyllilega samboðið ætlunarverki fjárveitingarvaldsins að styðja þetta mál.

Þá mintist hæstv. landsh. á, að þessi fjárveiting mundi ekki verða bundin við eitt ár heldur mörg ár. Það er alveg rétt; en eg álít það hvorki ótilhlýðilegt eða blygðunarvert að koma fram með þessa fjárbeiðni að eins sem byrjun. H. landsh. gat þess enn fremur, að Biblíufélagið ætti sjóð, sem hann ætlaðist til að væri notaður til þessa fyrirtækis. Það er einnig satt og rétt. Biblíufélagið á 23 þús. kr. í sjóði; en hann endist eigi til þessa fyrirtækis. Er það nokkru betra að Biblíufélagið komi eftir 6 eða 8 ár og segi við fjárveitingarvaldið: Nú er sjóðurinn þrotinn og verðum við því að biðja um styrk; en nú nægja okkur ekki 1200 kr. nú verðum við að biðja um 3000 kr.? Skyldi fjárveitingarvaldið þá ekki segja svo, að betra hefði verið að veita minna fyrr. Eftir áætlun stjórnar Biblíufélagsins mundi þurfa ein 10—12 ár enn til að ljúka við þýðingu gamla testamentisins, og ef félagið fengi hinn umbeðna styrk, 1200 kr. ári, þá mundi allur sjóður þess verða uppgenginn að verkinu loknu, nema 8—9 þúsund krónur, sem eigi veitir af til að kosta prentun hinnar nýju biblíuþýðingar. Eigi má heldur gleyma því, að útgáfa þessarar bókar er ekkert gróðafyrirtæki, þannig að salan endurborgi hinn útlagða kostnað. Bókin þarf að seljast við svo lágu verði, að von sé um, að hún — til þess að nota alþekt orðatiltæki — geti komist inn á hvert einasta heimili hér á landi. Það er sú meginregla, sem brezka Biblíufélagið fylgir. Það vill beinlínis að hún verði seld með skaða fyrir félagið, já, ver til þess mörgum miljónum króna ári. — Þegar nú félagsstjórnin vill eyða meiru en helmingnum af sjóðnum, þá álítur hún ekki heldur forsvaranlegt né ráðlegt að fara lengra.

Félagstjórninni þætti sorglegt ef hún þyrfti að skrifa Biblíufélaginu brezka og segja við það, að hún hefði sótt um styrk til þingsins til þessa fyrirtækis, en það hefði ekki viljað veita hann, og að hún þess vegna neyddist til að biðja brezka Biblíufél. um að veita sér þann styrk, sem hún ekki hefði getað fengið hjá alþingi Íslendinga.

Þetta væri óskemtileg aðferð, en það mun reka að því. Það má auðvitað segja að þessi fjárveiting sé þess eðlis, að hún megi bíða. En það má ekki láta hana bíða; úr því að einu sinni er byrjað á verkinu, þá verður það að halda áfram, og það munum vér gera meðan vér getum; og verði hætt við verkið nú, þá er vafasamt hvort nokkurn tíma verður haldið áfram með það síðar.

Eftir þessar skýringar vona eg að háttv. þd. blandist eigi hugur um, að hér sé um þarft mál að ræða, og að beiðnin um fjár-

styrk er borin fram með góðum rökum. Eg skal þó enn taka fram, að eg hefi orðið þess áskynja, að sumir halda því fram, að það sé eigi nema „fordild“, að vera að streitast við að útleggja bibliuna úr frummálinu og að beztu þýðingar á öðrum tungum séu nægilegar. Slík ummæli láta auðvitað vel í eyrum margra, og eg get ekki neitað því að mér hafi sjálfum einhvern tíma dottið líkt í hug, en eftir að eg fór að fást við þessi störf, sannfærist eg betur og betur um, að þessi skoðun er bygð á sandi. Aðalmeinið er með vora bibliuþýðingu, að gamla testamentið hefir aldrei verið lagt út úr frumtextanum, heldur er þýðingin frá 2. og 3. hendi, tekin eftir þýzkri og latinskri útleggingu, en slík aðferð er eigi í metum höfð hjá vísindamönnum, sem bera skyn á slíkt. Hversu góða þýðingu sem vér höfum fyrir oss, þá getum vér aldrei komist nógu nærri hinu sanna og rétta, ef vér eigi berum skyn á frummálið; annars grípum vér einatt rangt og í blindni; en vér getum aldrei gripið rangt, ef vér þekkjum frummálið.

Eg vona að eg þurfi eigi að fara frekar út í þetta mál, og að háttv. þd. sjái, að það er á góðum og gildum rökum bygt, og að hún sömuleiðis sjái það sóma þingsins að veita þá fjárupphæð, sem hér er farið fram á.

Þá kem eg að br. háttv. 4. kgk. þm. Dr. (J. J.) á þgskj. 445 um að fella burtu 2000 kr. styrkveitingu til sér M. Jochumss., ef hann fengi lausn frá prestsembætti eftir ósk sinni. Háttv. þm. vissi eigi til að nein beiðni lægi fyrir frá þessum manni, og af því að honum eigi er kunnugt um það, þá skal eg leyfa mér að taka það fram, að fjárbæn hans hefir einmitt legið fyrir. Í þessari fjárbæn sinni segist hann mundu hafa nú þegar beiðst lausnar frá prestsskap, ef hann efnanna vegna gæti það. Hann óskar að mega verja sínum síðustu stundum til þeirrar starfsemi, sem honum hafi bezt lagin verið, sem sé skáldskaparins, og hann bætir því við, að „frjálsir svanir syngi fegurst undir dauðann“. Hann óskar að mega vera einn af þessum frjálsu svönum og geta sungið það sem honum býr í brjósti áður en hann hneigir höfuð sitt til moldar. Eg óska og vona að hann láti oss fá marga fagra svanasöngva. Hann er sannarlegt skáld, eigi af því að hann hafi lært það, en skáldið af guðs náð. Það hljóta allir að viðurkenna. Hin íslenzka þjóð kannast við að hafa fengið frá honum mörg dýrmæt og ágæt ljóð. Hann er einn af þessum öldruðu svönum, sem heldur bezt áfram að syngja, og þá eru öll líkindi til að hann syngi að minsta kosti einn fagran söng og helzt marga áður en hann legst til moldar, fái hann eftiræskt næði til þess. Hann óskar að þinginu mætti þóknast að veita sér líka upphæð eins og tekjur hans eru nú.

Eins og kunnugt er hefir verið stungið upp á að veita honum 2000 kr. árlega styrk í stað launa þeirra og styrks, er hann hingað til hefir haft. Eg hefi leitað skýringa hjá h. 1. þm. Eyf. um það, hvernig skilja eigi þessa 2000 kr. upphæð, og hvort ætlast sé til að hann auk hennar fái einnig þau eftirlaun, sem hann á heimting á, fái hann lausn á venjulegan hátt; en háttv. h. þm. tjáði mér að það væri ekki hugsun hans. Ef hann fær lausn frá prestsembætti áður en skilyrðunum fyrir því er fullnægt, nfl. 75 ára aldur eða vanheilsa, þá gjörir hann eigi kröfu til eftirlanua. En ef hann fær lausn eftir læknisvottorði, þá fær hann bæði 2000 kr. og eftirlaun þau, sem hann á heimting á. Ef nú þingið veitir honum þessar 2000 kr. upphæð, þá verður hann sjálfur að taka ákvörðun um, hvort hann treystir sér til að biðja um lausn með þeim kjörum eða ekki; hann hefir ekki nefnt neina ákveðna upphæð í beiðni sinni, og þessvegna er ekki hægt að vita, hvað hann

kann að álíta sér nægilegt eða viðunandi.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 4. kgk. þm. drap á, að skáldlistargáfan láti honum betur en prestsstörfin, þá hygg eg að mér muni vera óhætt að segja það satt vera, að honum ólöstuðum sem presti; enda hallast hann einnig sjálfur að þeirri skoðun. Það er þess vegna eigi gert út í bláinn, þó þingið veiti honum þetta fé nú og áfram, ef á þarf að halda. Hann er þegar hniginn á efri ár og eigi líkindi til að hann muni þurfa þess við mjög lengi.

Þá kem eg að br.till. háttv. 4. kgk. þm. á þgskj. 445, sem fer fram á að fella burtu styrkinn til Þórarins Þorlákssonar. H. þm. hélt því fram, að slíkar styrkveitingar væru að eins til að leiða menn út á glápstigu vegna þess að þeir gætu aldrei orðið annað en „Dilettantar“. Það er auðvitað hægt að kasta slíku fram; en er hann nokkur dómari í þeim efnum? Höfum við betur vit á þeim en meistarar þeir, sem hann lærir hjá? Þeir segja að hann sýni framúrskarandi áhuga og elju við iðn sína og að hann hafi mikla og góða hæfileika til að bera.

Getur alþingi þá eigi staðið sig við að veita honum þessa upphæð, sem hér er farið fram á í síðasta sinni? H. sami þm. tók það enn fremur fram, að hér á landi mundi engin atvinna verða fyrir slíka menn, og sama ætti sér einnig stað með samskonar listamenn erlendis. Eg skal ekki rengja að svo sé í öðrum löndum, og að þar sé aragrúi af þess kyns listamönnum og þess vegna atvinnuþrengsli mikil fyrir þá. En er hér eigi alt öðru máli að gegna? Er þessi maður eigi hinn einasti af hérlendum mönnum, sem leggur fyrir sig málaralistina? Við þurfum eigi hér að tala um stærsta „pluralis“, meðan eigi er nema um 1 mann að ræða, í einfaldasta „singularis“. Við höfum þá ekki eins mikið af náttúrufegurð eins og talað er um, ef eigi væri hér nægilegt verksvið fyrir einn málara. Þá hefðu aðrar þjóðir eigi eins miklar mætur á okkar landi og náttúrufegurð þess, eins og alment er veðurkent, ef ekki væri hægt að selja nokkur vel gerð málverk héðan erlendis af þessum eina manni. Auk þess mundum við kaupa eitthvað af þeim sjálfir, til þess að skreyta með þeim bæði kirkjur og opinber hús. Það má mikið vera ef einn maður eigi gæti haft ærinn starfa hér hjá oss í þessari iðn. Þessi maður er eigi heimtufrekur; hann heimtar eigi eins og útlendir verkfræðingar 3000 kr. fyrir að skreppa hingað í 1 eða 2 mánuði.

Hann er ekki miklu vanur og mundi láta sér nægja, ef hann með sparnaði gæti dregið fram lífið. Eg vona að Ísland sé eigi svo aumt, að það eigi geti borið að minsta kosti einn málara og að hann geti fengið hér nokkra atvinnu; og mér þykir líklegt, ef hann er eins hæfur eins og hann er sagður, að hann geti orðið meira en „Dilettant“ þótt hann eigi hafi byrjað mjög ungur á þessari list. Það má benda á marga listamenn, sem hafa orðið frægir, þótt þeir eigi hafi byrjað á ungum aldri. Vér vitum eigi nema þessi maður geti orðið einn af þeim og að hann verði fullnuma í sinni list.

Þá kem eg loks að h. till. á þskj. 465, sem fer fram á 500 kr. fjárveitingu til leikfimis- og skotfélags Eskfirðinga. Eg get vottað eftir þeim kunnugleik, sem eg fekk um félag þetta á ferð minni þar eystra síðastliðið sumar, að háttv. þm. S.-M.sýslu hefir hermt þar rétt frá.

Eg get vottað, að eg hefi orðið var við mikinn áhuga á þessu máli, bæði hjá forgöngumanni þessa félags og ýmsum öðrum, er með honum voru, og enn fremur heyrði eg þau ummæli frá ýmsum öðrum, að það væri sannarlega virðingarvert, hversu mikið félag þetta hefði starfað á ekki lengri tíma. Mér hefði því verið kært ef atkv. mitt hefði verið hér óbundið. En nefnd-

arstörfunum er svo háttað, að hver verður nokkuð að laga sig eftir öðrum. Hér er líka farið fram á fjárveitingu í eitt skifti fyrir öll, og þar að auki er þetta að eins lítil fjárveiting. Sama er að segja um fjárveitinguna til Ísaks Jónssonar. Eg hefi eigi heyrt tildrögin til heimkomu hans áður. Ef mér hefði verið það jafnljóst áður, þá held eg að eg hefði naumlega getað bundist því, að gefa þeirri fjárveitingu atkv. mitt áður.

Jón Jónsson: Eg get fyrir mitt leyti víða fylgt háttv. fjárlaganefnd á sparnaðvegum hennar, eins og atkvæði mitt mun sýna; eg skal ekki fara út í mörg einstök atriði, en get þó ekki bundist að geta þess, að mér finst nefndin hafa gengið nokkuð langt í sparnaðinum við landbúnaðinn. Háttv. framsögum. sagði að gróðratilraunastöð ætti að vera á hverjum bæ, og ástæðan til að svo væri ekki, sé ekki þekkingarskortur, heldur af því að menn framkvæmdu ekki það sem menn vissu. Eg hefi ekki sömu trú, heldur ætla eg að framkvæmdarleysi manna í þessa átt stafi af því, að þeir þekkja ekki nógu vel þann ávöxt, er jarðarrækt getur af sér gefið. Ef að almenningur gæti sannfærst um það af eigin sjón, sem hann nú hefir að eins heyrt getið um eða lesið, þá efast eg ekki um að framkvæmdirnar mundu aukast í þessu efni.

Eg ætlaði sérstaklega að minnast á þá br.till. mína, að tillagið til spítalans á Seyðisfirði sé fært upp í 5 þús. úr 4 þús. Eins og háttv. þdm. er kunnugt, er spítali þessi reistur að mestu leyti á kostnað viðkomandi héraða. Að vísu var samskota leitað til hans í útlöndum, en þau komu mest frá kaupmönnum, er reka verzlun í þeim héruðum, er næst liggja spítalanum.

Húsið er nú fullbúið að utan, en áhöld vanta öll og spítalinn á ekki rúm fyrir einn einasta sjúkling. Eftir skýrslu spítalastjórnarinnar, sem liggur hér til sýnis, álítur hún að ekki verði komist af með minna, til að fullgera spítalann, heldur en 6000 kr. Landssjóður hefir hingað til ekki lagt meir en 1200 kr. til spítalans af þeim 15,000, sem hann hefir kostað, þar sem þó líkar stofnanir annarsstaðar hafa hlotið miklu meira í tiltölu við það fé, er komið hefir frá héraðsbúum.

Eg vona því að háttv. deild sé svo sanngjörn að hún samþykki þessa fjárveiting, ekki sízt þegar þess er gætt, að á Seyðisfjörð koma flest útlend skip, næst Reykjavík, og þess vegna er hættan hvað mest þar, að útlendar drepsóttir berist á land.

Eg vona að þingið meti það eitthvað við viðkomandi sýslufélag og bæjarfélag, að þau hafa tekið sér fram um að gera það, sem önnur sýslufélög hafa látið landssjóð einan um.

Nafn mitt stendur hér á 2 öðrum br.till., en það vill svo vel til, að eg þarf lítið um þær að tala, og get eg vísað til þess, sem aðrir hafa um þær sagt. En sérstaklega vil eg minna á orð háttv. þm. Skagf. (J. J.), að með 10000 kr. styrknum til Kjósar- og Gullbringusýslu sé stígið hættulegt spor, sem aðrar sýslur eru vísar að leita í. Ef styrkur þessi væri skoðaður sem hallærisstyrkur, þá mundi eg ekki vera móti honum, því eg er ekki svo sparsamur á landsfé, að eg vilji láta fólkið deyja úr hungri. En eg vil að hann komi fram í sinni réttu mynd, sé ekki dularbúinn. Sýslustjórninni er innan handar að verja þeim styrk til að veita fátæklingum atvinnu, og sjá um að hann komi að sem beztum notum, en ef styrkurinn er veittur í þessum búningi, þá er engin trygging fyrir, að fátæklingar í sýslunni njóti peninganna og atvinnunnar.

Eg get undirskrifað það, sem háttv. þm. Skagf. sagði viðvíkjandi styrknum til Halldórs Lárussonar, en ekki get eg fallist á skoðun háttv. framsögum. viðvíkjandi þingtíðindunum. Eg þekki marga, sem

hafa gaman af að lesa þau, og sjálfur les eg þau frá upphafi til enda. Eg hefi haft mjög gaman af að athuga till. ýmsra þm. í sömu málunum þing eftir þing, og kynnast þannig stefnu þeirra, og svo munu fleiri vera. Það hefir líka verið tekið fram, að hraðritun mundi koma sér vel, eða vera nauðsynleg víðar heldur en á þingi, t. d. við fyrirlestra hér í Rvík.

Loksins skal eg geta þess, að eg er mótfallinn styrknum til biblíufélagsins þrátt fyrir hin snjöllu meðmæli h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) og þykist jafn vel kristinn fyrir það.

Júlíus Havsteen: Að vísu hefir háttv. þm. Skagf. (J. Jak.) mótmælt brtill. við 13. gr. C. 19, nefnilega að styrkurinn til Páls Ólafssonar skuli falla burtu. En aldrei er góð vísa of oft kveðin og eg þykist þurfa að leggja þar orð í belg, af því að eg þekki Pál Ólafsson mjög vel, kannske betur en nokkur annar hér á þinginu, en háttv. 4. kgk. (Dr. J. J.) þekti hann að engu nema hann væri drykkjumaður, og þykir mér leitt að slík ummæli hafa töluð verið hér á þingi, enda hefir Páll Ólafsson aldrei verið drykkjumaður, þótt hann hafi getað verið glaður með öðrum, þegar svo hefir borið undir.

Páll Ólafsson hefir að eins staðið einu sinni á fjárlögunum áður, og er nú tekinn upp á fjárl.frv. stjórnarinnar. Það eru fáir sem yrkja jafnlétt og snjalt sem hann, og hann hefir ekki eingöngu ort gamankvæði, heldur líka mörg fögur alvörukvæði, og er það ekki honum að kenna, að þau hafa ekki birzt enn þá. Hann er nú gamall maður orðinn og hefir nýlega haft heilsuáfall, sem jafnvel heldur honum við rúmið, og í öllu falli gerir hann með öllu ófæran til vinnu. Það er að minni hyggju alveg rangt og eigi mannúðlegt að taka styrksvonina af honum.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eg skal vera stuttorður um br.till., sem fyrir liggja, enda hafa sumar þeirra þegar verið teknar til umr., svo að ómakið er tekið af mér.

Fyrsta brt. er á þsk. 377, frá hæstv. landshöfðingja. Eins og kunnugt er, var í háttv. Nd. felt að veita þenna styrk, svo enda þótt hann yrði sþ. hér, þá er lítil ástæða til að ætla að háttv. Nd. hafi skift skapi síðan, og því minni til að gera þetta að ágreiningsefni. Það er sama um þessa styrksbón að segja og aðrar, að viðkomandi sé vel hæfur, og rengi eg það alls ekki, enda er lítið vit í að bera fram mann til styrkveitinga, sem ekki er talinn hans verður. Allir styrkbeiðendur þykjast verðir hjálpar og vel hæfir til þess, sem þeir ætla að brúka hann til. Nefndin í heild sinni er ekki með þessari brt.

Þá er brt. á þsk. 444 við 12 1 a, að póstmeistari skuli hafa leigulausan bústað í pósthúsinu, og felst nefndin á hana, með því að hér er ekki að tala um neina aukning á húsrúmi í þessu skyni, heldur lögheimild til þess, sem þegar á sér stað.

Þá er 2. brt. landsh. á þsk. 444, að ákvæði frv. verði breytt, að því er snertir verkfræðinginn, þannig að „landsins“ falli burt og athugasemdin á eftir í 12. B. 1. Í staðinn vill landsh. hafa liðinn orðaðan eins og verið hefir í hinum fyrri fjárlögum. En það sem vakað hefir fyrir h. Nd., þegar hún breytti þessu, er ákvæði vegalaganna frá 13. apríl 1894, í 7. gr., þar sem segir svo: „vegagjörð skal landsh. ráðstafa eftir till. vegfróðs manns eða vegfræðingur landsins, ef slíkur verður skipaður“. Vegalögin gera beinlínis ráð fyrir að skipaður verði slíkur vegfræðingur og að sýslan þessi verði nokkurn veginn sjálfstæð sýslan undir yfirumsjón landsh., þetta var tilætlun Nd. og verð eg að álíta að heppilegra sé, að sýslan þessi sé svo sjálfstæð sem unt er, þannig að það sé skylda landsstjórnarinnar að leita álits vegfræðingsins og fara eftir tillögum hans, en ekki að hann sé nokkurs konar þjónn

landsstjórnarinnar, sem hún leitar einungis til, þegar henni þóknast, og án þess að vera nokkuð bundin við tillögur hans. Verkfræðingur hefir óneitanlega betur vit á þessum störfum en landsstjórnin, og hvað er þá eðlilegra, en að stjórnin sé skyldug til að leita álits hans og fara eftir því. Þetta á sér nú ekki stað hvað vegina snertir; þar standa ýmsir menn, sem eg vil kalla skottuvegfræðinga, vegfræðing landsins jafnhliða, og þeirra tillögur eru staðfestar, án þess leitað sé álits landsvegfræðingsins um þær; stundum ber það við, að hann hefir markað vegarstæði, síðan kemur einhver flökkuvegfræðingur og segir: Svona á vegurinn ekki að liggja, heldur svona! og svo er álitið að vegfræðingurinn sé ekki stöðu sinni vaxinn. Auk þess er leitt að þurfa að gera áætlun um verk, en hafa ekki vald til að segja fyrir um framkvæmd þess, og eiga þannig á hættu, að það sé gert öðruvísi en áætlað er, og er svo skuldinni skelt á þann, er áætlunina gerði. Það er eitt til dæmis, að í Holtunum var lagður vegur, og fylgt vegastefnu manns, sem kallar sig mjög verkfróðan, en ekki verkfræðing landsins; vegurinn var ódýrari í upphafi, en verkfræðingurinn hafði áætlað, og það var nú svo sem talið gott og blessað, en eftir eitt ár er hann farinn að bila, svo að mikillar viðgerðar þarf við hann, og ekki ólíklegt að hann verði eins dýr eða dýrari en sá, er verkfræðingur landsins áætlaði, áður en lýkur.

Eins og nú er, dugar verkfræðingnum alls ekki að finna að við verkstjórana við vegalagningarnar, því að þeir segja: „Okkur varðar ekkert um hvað þú segir, góði minn, landsh. hefir ráðið okkur, og við stöndum undir hans yfirstjórn en ekki þinni“. Væri nú verkfræðing gefið erindisbréf, um hvað hann ætti að gera, og tekið fram, að hann skyldi hafa yfirumsjón með vegagerðum og brúa, ráða verkstjóra og hafa eftirlit með þeim, þá væri miklum vanda og erfiði létt af landsstjórninni, og það fengið í hendur manni, sem væri langt um færari til að leysa það af hendi. Það mætti kannske segja, að verkfræðingurinn gæti ekki verið allsstaðar, en hversu miklu fremur má ekki segja það um landsh.? Eins og nú stendur, þá er landshöfðinginn aðalvegameistari landsins, en hann hefir alt of mikið að gera, til þess að hann geti gefið sig við því, og það liggur auk þess of langt frá hans eiginlega verksviði.

Eg vil því fyrir mitt leyti leggja það til, að till. hæstv. landsh. verði ekki tekin til greina.

3. og 4, breyt.till. hæstv. landsh. er um að fella burtu styrk og lán til múrsteins- og þakhellugerðar, en eins og háttv. 4. kgk. (Dr. J. J.) ljóslega sýndi fram á, getur þetta fyrirtæki haft töluverða þýðingu. Mér finst ekki rétt að kasta algerlega frá sér ráðstöfunum, sem ganga í þá átt, að auðga landið að byggingarefnum. Viðvíkjandi styrknum til að semja spjaldskrá og til bibliufélagsins hefir h. 2. kgk. (H. Sv.) tekið af mér ómakið og hefi eg engu við hans rækilegu greinargerð að bæta.

Hæstv. landsh. hélt að hann kæmi við kaun framsögum., þegar hann andmælti styrknum til vegagerðar yfir Breiðdalsheiði. En þau andmæli koma alls ekkert við kaun framsögumannsins. Það er að eins Ísafjarðarkaupstaður og vesturpartur Ísafjarðarsýslu, sem mest not hefir af þeirri vegagerð, en norðursýslan á þar lítinn hlut að máli, og hvað gufubátsferðirnar um djúpið snertir, þá mun Norður-Ísafjarðarsýsla leggja alt eins mikið til þeirra og áður, þótt skilyrðinu fyrir þessum landssjóðsstyrk til gufubátsins hafi verið kipt í burtu.

Af breytt. á þgsk. 445 eru 3 þær fyrstu teknar aftur, en um hinar hefir þegar verið talað. Hvað brt. við 19 tl. áhrærir, þá er eg þeirrar skoðunar, að það hafi aldrei verið ástæða til að taka Pál Ólafs-

son upp á fjárlögin og þeirrar skoðunar er eg enn.

Þá er br. 4. um að hækka styrkinn til Halldórs Lárussonar, og hefi eg litlu við að bæta það, sem eg hefi þegar sagt um það. Eg hefi skilið það á ræðum þeirra háttv. þm. sem talað hafa, að þeir ætlist ekki til að hann sé notaður við þingið, heldur annarsstaðar, á skrifstofum, málfundum og fyrirlestrum, en mér er ekki ljóst, hví landssjóður ætti að styrkja hraðritara til þess, því að ekki er það í landsins þarfir, og nefndin er fullráðin í að greiða atkvæði með því, að sá styrkur verði feldur burtu. Um Hússtjórnarskólann mun eg greiða atkv. eins og á síðasta þingi, og skal eg ekki fara fleirum orðum um hann.

Þá eru brtill. á þgskj. 461. Um hina fyrri skal eg taka það fram, að nefndin var því máli ekki svo kunnug, eða hafði ekki fengið upplýsingar um, að viðkomandi hafi haft óhæfilega lítil laun, en hafi svo verið, er vonandi að póststjórnin líti sanngjarnlega á málið, og ætti því að vísa því til póststjórnarinnar. Viðvíkjandi seinni brtill. á sama þgsk. verð eg að lýsa því fyrir nefndarinnar hönd, að hún getur ekki verið með henni að svo stöddu, enda þótt eg alls ekki rengi háttv. flm. hennar (Sig. J.) um að viðkomandi sé efnilegur og líklegur til að gera gagn. En mér virðist, að úr því einn maður er þegar að námi á landbúnaðarháskólanum með styrk úr landssjóði, þá sé bezt að láta þar við lenda, enda sýnist þetta taka til Búnaðarfélags Íslands frekar en til landssjóðs. Þar sem þessi maður er á búgarði á Skotlandi, þá hygg eg að honum sé bezt að fara þaðan ekki, því það er mikið spursmál, að hann græði mikið á því að fara þaðan á landbúnaðarháskólann.

Styrknum til leikfélags Eskfirðinga er nfd. í heild sinni ekki meðmælt; eg fyrir mitt leyti álít, að við höfum ekki ráð á því, að styrkja þetta fyrirtæki, þó að það sé í sjálfu sér gott, og viðkomandi hafi sýnt lofsverðan áhuga á því. Líku máli er að gegna með styrkinn til Ísaks Jónssonar. Stjórin hefir ekki gefið þeim manni minstu átyllu til að yfirgefa atvinnu sína í Vesturheimi, hann hefir komið hingað af eigin hvöt og auk þess unnið hér fyrir kaup, eins og aðrir; það hafa svo margir gert án þess að fá viðurkenningu opinbera fyrir.

Þá er till. um að hækka styrkinn til spítalans á Seyðisfyrði um 1000 kr. N. viðurkennir, að Austfirðingar hafa sýnt lofsverðan áhuga á því fyrirtæki, en hún vill líka að það sé við það kannast, að alþingi hafi sýnt þá viðurkenningu, með því að veita um $^1/_3$ hluta af því fé, sem spítalinn hefir kostað. Nefndin finnur þá enga ástæðu til að gaga inn á þá brtill.

Þá er brt. á þgsk. 471, að styrkur til Kjósar- og Gullbringusýslu falli burtu. Eg skal játa, að sú tillaga hefir talsvert til síns máls, en þó sýnist mér ekki ástæður nægar til að fella styrkinn burtu. Að þetta sé hættulegt spor, að því leyti sem önnur sýslufélög muni fara fram á hið sama, get eg ekki viðurkent, vegna þess að allir vita, að þetta er hreint og beint hallærisstyrkur, og álít eg betra, að veita hann í þessu formi, heldur en að honum sé skift út sem sveitarstyrk. Að það sé ónauðsynlegt að leggja veg suður með sjó, eins og þm. S.-Múl. (G. V.) tók fram, get eg heldur ekki fallist á, þar eru mörg stór þorp og mikil bygð, og þó að nú sé dauft yfir þeim héruðum, þá vonar maður þó að yfir þeim geti lifnað. Mér virðist landsstjórninni trúandi til að sjá um, að féð komi niður á réttan stað, og verður því nefndin að leggja á móti brtill. þessari að svo stöddu.

Háttv. þm. Skagf. (J. J.) fanst það ekki rétt, að blanda pólitiskum atriðum inn í umr. um fjárveitingar. Það var alls ekki meining mín, að gera þetta atriði að pólitisku flokksmáli, því að það mun sam-

huga álit beggja hinna pólitisku flokka, að sá bæklingur Boga Melsteðs, sem um er að ræða, hafi lýst svo gagngerðum misskilningi á hinum einföldu atriðum sögu vorrar, að meðalgreindur bóndamaður hefði alls ekki getað gert sig sekan í öðru eins. Að halda fram hinu rammasta skristofuvaldi, nú í lok 19. aldar, því stjórnarfyrirkomulagi, sem hinir raunalegustu kaflar í æfi þjóðar vorrar eru bundnir við og stafa frá, virðist svo fráleitt, að þeim manni, sem heldur slíku fram, sérstaklega þegar hann á að heita lærður sögumaður, virðist ekki bót mælandi. Að því leyti sem það hefir verið sagt, að ekki bæri að taka styrk af þessum manni, vegna þess að nú ætti hann að fara að sýna árangur iðju sinnar, þá skal eg geta þess, að þetta hefir verið tekið fram á hverju þingi, að nú kæmi sagan bráðum, nú sé þetta heljarverk að fæðast hjá hinum mikla sagnfræðing, — en það er ekki fætt enn þá, og fæðist líklega ekki í bráð. Eg hefi heyrt að hann í ár hafi afhent Oddi Björnssyni einhvern stuttan bækling, einhvers konar ágrip af sögu landsins, í líkingu við það, sem þegar er til, en að fara að launa hann fyrir það, virðist lítt við eigandi, að minsta kosti fekk höfundur þess ágrips, sem vér nú höfum, engan eða lítinn styrk, og efast eg þó um að þetta, sem nú er á ferðinni, verði nokkuð betra.

Þá mælti háttv. þm. Skagf. (J. J.) móti því að fella burtu styrkinn til mjólkurbúa. En nefndinni sýndist bezt að beðið sé við og séð hverju fram vindur, og meðan óvíst er, hvort nokkuð fé er til þess láns. Auk þess hefir yfirstjórnandi búnaðarskólans á Hvanneyri látið í ljósi að sér dytti ekki í hug að veita samþ. sitt til lántöku handa skólanum í þessu skyni.

H. þm. N.-Múl. (J. J.) þykir gaman að lesa þingtíðindin, að því er hann sagði, og hélt að mörgum þætti það gaman. En eg held einmitt þvert á móti (*J. J.*: Kannske ekki í Ísafjarðarsýslu!), og þó að það væru svo sem 3—4 menn í hverri sýslu, sem lesa þau, þá er það nokkuð dýrt gaman fyrir landssjóð að kosta 12—14000 kr. til þess gamans. Nei, eg verð að segja Ísfirðingum minum það til lofs, að þeir skera ekki einu sinni upp úr þeim, þeir hafa annað að gera, heldur en að sökkva sér ofan í lestur, sem ekki er til meira gagns en lestur þingtíðindanna er. Þau munu heldur ekki yfirleitt vera lesin af öðrum en þingmönnum sjálfum, og þá helzt til þess að finna mótsagnir hver hjá öðrum; til þess að vekja deilur og illindi, til þess eru þau góð, en þýðing þeirra að öðru leyti held eg ekki að sé stórkostleg.

Eg hefi kannske gleymt einstaka atriði, en með því að eg hygg, að umræður hafi ekki mikla þýðingu, fremur nú en endranær, í þá átt að breyta atkvæði manna, þá vil eg nú ljúka máli mínu.

Sigurður Jensson: Út af orðum h. frsm. (S. St.) skal eg lýsa yfir því, að eg tek aftur fyrri br.till. mína á þingskj. 461. Eg vona að það verði heilræði fyrir mann þennan, sem hann gaf honum í nafni fjárlaganefndarinnar, að hann skuli snúa sér til póststjórnarinnar, því að hún hafi myndugleika til að sinna þessari beiðni hans.

ATKVÆÐAGR.: 1.—10. gr. C. 1. 4. a. sþ. í e. hlj.; 1. br. n. sþ. í e. hlj.; 2. br. n. samþ. með 8 atkv. 10. gr. C. 5 sþ. með 9 atkv.; 3. br. n. sþ. með 6 : 2 atkv. 10. gr. afg. og 11. gr. 1—9 sþ. í e hlj.; 4. br. n. sþ. í e. hlj.; 7. br. (466) feld með 5 : 5.; tölul. 11. sþ. í e. hlj ; tölul. 12. sþ. i e. hlj.; 1. br. (444) sþ. með 8 atkv. 12. gr. A. sþ. í e. hlj.; 2. br. (444) samþ. með 6 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Þorleifur Jónsson,
Hallgr. Sveinsson,	Guttormur Vigfússon,
Jón Jónsson,	Sigurður Jensson,
Jónas Jónassen,	Sigurður Stefánsson.
Júlíus Havsteen,	
Kristján Jónsson.	

3. br. (444) sþ. með 6 atkv.; 2. stafl. sþ. með 9. atkv.; 5. br. n. sþ. með 9 atkv.; 6. br. n. sþ. með 8 atkv.; 7. br. n. sþ. í e. hlj.; 6. tölul. sþ. í e. hlj.; 8. br. (471) feld með 7 : 3 atkv.; 8. br. n. sþ. með 7 atkv. 12. gr. C. 1—2 sþ. í e. hlj.; 9. br. n. sþ. í e. hlj.; tölul. 4 sþ. með 7 atkv.; D. sþ. með 6 atkv. 13. gr. A. a. 1—7 sþ. í e. hlj.; 10. br. n. sþ. með 6 atkv.; tölul. 9—10 sþ. í e. hlj. 13. gr. I—III c. 3. sþ. í e. hlj.; 11. br. n. sþ. með 7 atkv.; 12. br. n. sþ. í e. hlj.; 5. tölul. sþ. með 6 atkv.; 13. br. n. sþ. í e. hlj.; 7. br. 13. tölul. sþ. í e. hlj. 13. gr. IV—V. 6. 1 sþ. í e. hlj.; 15. br. n. sþ. með 7 atkv.; 3. tölul. sþ. í e. hlj.; 16. br. n. sþ. með 7 atkv.; 17. br. n. sþ. með 8 atkv. VI—VIII sþ. í e. hlj. 13. gr. C. 1—a—b sþ. í e. hlj.; 18. br. n. sþ. í e. hlj.; 19. br. n. sþ. með 8 atkv. C. 1 d—2 sþ. í e. hlj.; 20. br. n. sþ. með 9 atkv.; 3. b.—6 a. sþ. í e. hlj.; 21. br. n. sþ. í e. hlj.; 6. c.—9 a. sþ. í e. hlj. 22. br. n. sþ. með 6 : 2 atkv.; 10. tölul. samþ. í e. hlj.; 23. br. n. sþ. með 6 : 1 atkv., 12. tölul. sþ. í e. hlj.; 24. br. n. samþ. með 6 atkv.; 3. br. (444) feld með 6 : 3 atkv.; 3. br. (445) feld með 8 : 1 atkv.; 13. og 14. tölul. sþ. með 9 atkv.; 15. tölul. sþ. í e. hlj.; 2. br. (461) feld með 6 : 3 atkv.; 25. br. n. sþ. með 7 : 2 atkv.; 26. br. n. sþ. með 6 atkv.; br. (445) M. J. feld með 7 : 2 atkv.; br. (445) P. Ól. feld með 6 : 2 atkv.; 20.—25. tölul. sþ. í e. hlj. 27. br. n. sþ. með 8 atkv. 27.—29. tölul. sþ. með 9 atkv.; br. (245) Þór. Þ. feld með 7 : 1 atkv.; br. (377) feld með 5 : 1 atkv.; 28. br. n. sþ. með 7 atkv.; 29. br. n. sþ. með 9 atkv.; 23.—24. tölul. sþ. með 9 atkv.; 30. br. n. feld með 5 : 5 atkv.; br. (445) feld með 6 : 1 atkv.; 31. br. n. sþ. í e. hlj.; 1. br. (465) feld með 5 : 4 atkv; 2. br. (465) feld með 5 : 5 atkv.; br. (445) Skólinn fyrra árið sþ. með 6 : 4 atkv., með nfk.:

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Jón Jónsson,
Þorleifur Jónsson,	Júlíus Havsteen,
Guttormur Vigfússon,	Kristján Jónsson,
Hallgr. Sveinsson,	Sigurður Stefánsson.
Jónas Jónassen,	
Sigurður Jensson.	

br. (445) Skólinn síðara árið feld með 7 : 1 atkv.; 13. gr. þannig sþ. í e. hlj.; 14. gr. þannig sþ. í e. hlj.; br. (472) við 15. sþ. í e. hlj.; 15.—17. gr. sþ. í e. hlj.; 18. gr. 1.—2. málsgr. sþ. í e. hlj.; 32. br. n. sþ. með 6 : 4 atkv., með nafnak.:

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón Jakobsson,
Gutt. Vigfússon,	Jón Jónsson,
Hallgr. Sveinsson,	Jónas Jónassen,
Júlíus Havsteen,	Kristján Jónsson,
Sigurður Jensson,	
Sigurður Stefánsson.	

4. málsgr. sþ. í e. hlj.; 33. br. n. sþ. með 8 : 2 atkv.; br. (444) feld með 5 : 5 atkv.; 5. málsgr. feld með 5 : 5 atkv.; 6. málsgr. sþ. í e. hlj. Frv. í heild svo sþ. í e. hlj. Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 489, 496, 497), 19. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Nefndin hefir að eins komið fram með 3 breytt till. Hin fyrsta er við eftirgjald lóðarinnar fyrir vitann á Skagatá. Síðan frv. þetta var samið, hefir lóð þessi verið aukin, svo að gjaldið eftir hana þarf að hækka um 6 kr. og fer því br.till. fram á, að fjárveitingin sé hækkuð úr 10 kr. upp í 16 kr. Hin 2. brt. er við styrkinn til sr. Matth. Jockumssonar. Nefndin hefir viljað orða skilyrðið fyrir styrkveitingu þessari á þann hátt, að það sæist glöggt lega, að hugsunin er sú, að eftirlaun hans eða styrkur verði ekki hærri en 2000 kr. Ef til vill hefir nefndinni ekki tekist að orða þetta svo ljóslega sem skyldi. Hún ætlast til að hann fái 600 kr. ef hann heldur áfram prestskap, en í mesta lagi 2000 kr. ef hann segir af sér.

Hin 3. brt. n. er við 31. tölul., styrkinn

til Halldórs Lárussonar. Nefndin kom við 2. umr. fram með till. um að fella furtu þennan styrk, en sú till. féll. Nefndin er enn sem fyrri sannfærð um það, að þessi fjárveiting sé þýðingarlaus; að hér er ekki um neina þá nauðsyn að ræða, er réttlætt geti það, að kasta þessu fé burtu. Þær ástæður, sem færðar voru fyrir fjárveitingunni á síðasta fundi hafa allar verið hraktar, því að það geta engar ástæður talizt, þótt slegið sé fram, að gott sé að hafa hraðritara á skrifstofum og málfundum; slíkt getur ekki komið neitt landssjóði við að kosta. Nefndin vill nú breyta þessari fjárveitingu á þann hátt, að veita 600 kr. að eins fyrra árið, svo að eigi líti svo út, sem þetta sé byrjun til margra ára styrks. Nefndin vonar að h. þd. geti orðið þessari breytingu samdóma.

Um breyt.till. á þingskj. 496 skal eg ekki fjölyrða; eg hefi lánað þar nafn mitt til þess að hún gæti komist að, en aðalformælendur hennar munu tala fyrir henni.

Hallgrímur Sveinsson: Eg hefi ásamt 2 öðrum h. þingm. komið fram með viðaukatill., og eg finn mér því skylt að gera nokkura grein fyrir henni. Hún er þannig: „Til þess að kaupa hina svo nefndu Melshúsalóð í Reykjavík ástamt parti af Melshúsatúninu út að Skólabæ, til grafreits eða kirkjugarðsstæðis fyrir Reykjavíkursókn, og til þess að búa svo um þetta svæði, að það sé hæfilegt sem kirkjugarðsstæði, alt að því 8000 kr. fyrra árið".

Hér er því um töluverða fjárupphæð að ræða, en menn verða á hinn bóginn að kannast við, að hér er einnig full nauðsyn fyrir hendi.

Eg skal nú í stuttu máli minnast á gang þessa máls.

Kirkjugarðsstæði það, sem nú er, er fengið fyrst 1837, og mun stjórnin þá hafa borið allan kostnað við útvegun þess, girðing o. fl., af ríkisfé. Síðan hefir garðurinn verið aukinn suður á Melana og mun Reykjavík hafa látið það land af hendi endurgjaldslaust, en sóknarmenn borið aðallega kostnaðinn við girðinguna. Nú er garðurinn orðinn svo útgrafinn, að á síðari árum hefir verið nauðsynlegt að taka upp gamlar grafir og raska með því ró þeirri og friði þeim, er heimta verður að líkkistur fái þó að hafa, og þeirri helgi, er samboðin er legstöðum framliðinna. Suðurhluta viðbótarinnar verður eigi auðið að nota, því að sumpart er þar stórgrýti og hörð klöpp, er venjuleg graftól vinna ekki á, þá er komið er 2—3 fet niður, og sumpart er í þessum hluta garðsins mikill slakki, þar sem vatn safnast saman, svo að grafir þær, sem þar eru teknar, fyllast af vatni. Grafararnir hlífast því við að grafa þar niður, og enda neita margir algerlega að láta líkkistur þar niður. Af þessu hefir leitt, að menn hafa hlotið að verða nokkuð aðgönguharðir í því að taka upp eldri grafir og jarða líkkistur þar á ný. Nú er því komið svo, að ekki er auðið lengur að fá hæfilegt grafarpláss í garðinum, og fyrir því er nauðugur einn kostur, að fá nýja viðbót við garðinn eða þá alveg nýjan kirkjugarð. Sóknarnefndin fór því þess á leit við stiftsyfirvöldin í fyrra sumar, að útvega nýjan grafreit. Stiftsyfirvöldin urðu að viðurkenna nauðsyn þá, sem beiðni þessi bygðist á, og fól því sóknarnefndinni að láta prófa með grefti á Melunum, þar sem virtist tiltækilegast grafreitsstæði. Sóknarnefndin lét síðan gera rannsókn í fyrra haust suður á Melunum, og voru þar grafnar allmargar grafir til reynslu. Árangurinn af þessum grefti var sá, að sumar grafirnar reyndust ekki vel, en þó reyndust sumar svo, að ransóknarmaðurinn áleit, að þar mætti á vissu, tilteknu svæði fá nokkurn veginn viðunanlegt kirkjugarðsstæði. Stiftsyfirvöldin sneru sér því til bæjarstjórnarinnar og báðu um nokkurt svæði af Mel-

unum fyrir kirkjugarð, og gaf bæjarstjórnin kost á því, þó með þeirri athugasemd, sem sýndi að hún hafði ekki mikla trú á því, að svæði þetta mundi reynast hæfilegt fyrir grafreit. Ef þarna mætti álítast tiltækilegt kirkjugarðsstæði hefir það þann kost, að vera ódýrt, en aftur er sá ókostur á því, að þar er engin grasrót og vatn getur staðið þar í bleytu- og rigningatíð. En svo hafa bæði landlæknir og héraðslæknir mótmælt því á kröftugan hátt, að svæði þetta væri notað fyrir kirkjugarð, og hafa þeir fært það sem ástæðu, að þar sé ofskamt niður að grunnvatninu. Það var og haldinn all-fjölmennur safnaðarfundur í vetur um þetta mál, og mótmælti funduriun með miklum atkvæðafjölda kirkjugarðsstæði á Melunum, og studdist hann í því við álit þessara tveggja lækna, að staðurinn væri óhæfilegur sakir þess, hve grunt væri niður að jarðvatninu, að þar væri for og leðja haust og vor, og í þriðja lagi mundi það sannast við nánari rannsókn, að grafir mundu þar fyllast af vatni.

Stiftsyfirvöldin hafa því á ný látið rannsaka Melana, og fór sú rannsókn fram á síðastliðnu vori. Fór þá svo við rannsókn þessa, eins og marga hafði grunað, að prófgrafirnar fyltust að meira eða minna leyti af vatni, og afleiðingin hefir því orðið sú, að hætta verður við að hugsa til þess, að fá grafreit á Melunum, og eru þá ekki önnur ráð fyrir hendi en að fá viðbót við garðinn fyrir norðan hann, á hinni svo nefndu Melshúsalóð og Melshúsatúni. Nú er ekki undanfæri lengur; og þegar stiftsyfirvöldin gátu engan annan stað fundið, er tiltækilegur væri hér í grendinni, þá fóru þau að grenslan eftir hversu mikill kostnaður mundi verða því samfara, að fá þessa lóð. Þessi lóð, Melshúsalóðin, er erfðafestuland og útmæld undir hús, og er eign þeirra manna, sem bygt hafa hús á henni og bæi, og fæst ekki nema gegn töluverðu endurgjaldi. Eftir rannsókn stiftsyfirvaldanna komust þau að þeirri niðurstöðu, að Melshúsalóðin sjálf, með þeim byggingum, sem á henni eru, mundi fáanleg fyrir hér um bil 3000 kr., þó þannig, að eitt steinhús sem á lóðinni er, fái að standa á henni; en það vill svo vel til, að sá maður, sem á húsið og í því býr, er einmitt hringjarinn við dómkirkjuna, og er hann fyrir sitt leyti ekki ófús til að láta það standa í kirkjugarðinum, og stiftsyfirvöldunum fanst það engin frágangssök, vegna þess, að það mun vera síður í öðrum löndum, að sá, sem hefir umsjón með grafatöku, og kirkjugörðum yfir höfuð að tala, búi annaðhvort utan við eða inni í sjálfum kirkjugarðinum.

Nú, en 3000 kr. er ekki nándar nærri nóg. Þessi lóð er ekki nema lítill blettur, þriðjungur úr dagsláttu eða svo, og mundi ekki nægja nema örfá ár, og væri ekki gerandi að kirkjugarði, nema miklu meiri lóð fengist til viðauka. En nú vill svo vel til, að upp að Melshúsalóðinni liggur tún, alt að 4 dagsláttum að víðáttu; það mundi ekki vera þörf á því öllu, heldur að eins meiri hluta þess, og mundi hann kosta um 4000 kr. — og þær teknar saman við hinar aðrar 3000 kr., verða 7000 kr. Nú væri þetta svæði þannig lagað, að mikið þyrfti við það að gera áður en það gæti orðið viðunanlegur grafreitur, og mundi sá kostnaður varla nema minna en 1000 kr., og er þá komið að þeirri upphæð, sem br.till. fer fram á.

Sumir kunna að segja, að þetta mál væri landssjóði óviðkomandi, það væri bæjarstjórn Reykjavíkur er annast ætti kirkjugarðinn. En það rekur að því, að því verður ekki neitað, að landssjóður er kirkjueigandi, og verður hann hér sem annarsstaðar væntanlega að leggja fram lóð undir kirkjugarð. Eg veit ekki til að landssjóður eigi aðrar lóðir í Reykjavík en Arnarhólstúnið, en þeirri lóð víkur þannig við, að hún liggur hvorki vel

við, né að öðru leyti vel viðeigandi sem kirkjugarðsstæði, þar sem þá yrði að skilja grafreitinn í sundur þannig að annar hlutinn yrði fyrir vesturbæinn, en hinn hlutinn austarlega í bænum, auk þess sem sá parturinn yrði umkringdur af bygð. En auðvitað væri það hugsanlegt að landssjóður gæti komist að lóðarkaupum; það er hugsanlegt, að hægt væri fyrir landssjóð að fá jafnstóran blett í Melshúsalóðinni, og Arnarhólslóðin er. En hvort þau skifti, sem komið munu hafa til orða í h. Nd. í öðru máli, gætu farið fram, þori eg ekki um að segja

Hér rekur þá að því, að sóknarnefndin gengur að kirkjueiganda og krefst af honum lóðar undir kirkjugarð og mundi þá ekkert undanfæri, þegar til dómstólanna kæmi.

Eg vona að h. þdm. sé það ljóst, að hér er um mál að ræða, sem ekki er hægt að vísa frá sér. Það vill svo illa til, að hér er um mjög fátt að velja; ef einhver gæti bent á ódýrari stað, jafnvel þó hann lægi töluvert langt í burtu, þá mundu stiftsyfirvöldin ekki láta það fyrir standa; hvar sem leitað er hér í kring, eru ekki annað en mýrar og graslaus holt og urðir, sem ekki væri gerandi að grafstæði nema þá með stórmiklum tilkostnaði. Eg vona því að háttv. deild líti á nauðsyn þessa, og verði ekki ófús á að veita þetta fé, jafnvel þótt það óneitanlega sé töluverð upphæð.

Landshöfðingi: Við 1. br.till. nefnd., á þ. 497, ímynda eg mér að ekkert sé að athuga, og hvað 2. brt. snertir, þá get eg felt mig við hana. Eg skil þá br.tillögu þannig, að viðkomandi prestur eigi því að eins að fá þessar 2000 kr. útborgaðar, að hann fái lausn frá prestskap á þann hátt, að hann fær ekki eftirlaun. En fái hann eftirlaun, eigi hann að fá svo mikið af þessum 2000 kr., að öll eftirlaun hans verði 2000 kr.

Þá er brtill. á þsk. 496, og þegar að henni kemur, sannast á mér hið fornkveðna, að margur dansar þó hann dansi nauðugur. Mér er það sannarlega nauðugt, að verða að leggja með því, að útgjöld landsjóðs verði hækkuð um aðra eins upphæð og þessi er. En hér er um brýna nauðsyn að ræða og hér er því að gegna að uppfylla skyldu, sem ómögulegt er að komast hjá. Mér blandast ekki hugur um að landssjóður sem kirkjueigandi má til að útvega kirkjunni grafreit, og ef hann gerir það ekki, þá getur sóknarnefndin fengið hann dæmdan til þess. En fari svo, að landsstjórnin verði skylduð til þess með dómi að útvega grafreitinn, þá verður hún að taka fé til þess, án þess að fé hafi til þess veitt verið; auk þess sem það getur ekki kallast sómasamlegt, að landsstjórnin verði dæmd til að gera það, sem hún sjálf álítur skyldu sína að gera.

Upphæð þessi er nokkuð há, en eg vona að það megi koma því svo fyrir, að hún verði ekki notuð upp í topp, og ef það kemur til minna kasta að sjá um framkvæmd þessa, mun eg reyna til að spara eins og eg get. En eins og eg sagði, álít eg ómögulegt fyrir þingið að neita um þessa fjárveiting, og eins og háttv. 2. kgk. sýndi fram á, er ekki hægt að ráða fram úr málinu á annan hátt en þennan. Og það vill svo vel til, að þessi staður, sem brtill. fer fram á að keyptur sé, er hinn heppilegasti frá heilnæmislegu sjónarmiði, eftir því sem læknar segja. Þetta tún er tiltölulega ekki dýrt, og væri heppilegt að geta fengið það með því verði, sem það nú fæst fyrir, því það gæti hugsast, ef frestað yrði kaupunum, að lóðin yrði þá dýrari.

ATKV.GR.: 1. brt. þ. 497 sþ. með 9 shl. atkv.; 1. málsgr. 10. gr. sþ. í e. hlj.; Brt. þsk. 496 sþ. með nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Þorleifur Jónsson,
Hallgr. Sveinsson,	Guttormur Vigfússon,
Jónas Jónassen,	Jón Jónsson,

já:	*nei:*
Július Havsteen,	Sigurður Jensson.
Kristján Jónsson,	
Sigurður Stefánsson.	

2. br.till. á þingskj. 497 sþ. með 7 samhlj. atkv.; 3. br.till. á þingskj 497 sþ. með 6 samhlj. atkv.; 1. málsliður 13. gr. sþ. í e. hlj. Frumv., þannig breytt, samþ. í e. hlj. og sent forseta h. Nd.

Ein umr. (C. 559, 563) 25. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Fjárlaganefndin í þessari h. deild hefir í þetta sinn tekið þann kost, sem margur hefði búist við, að hún ekki hefði tekið, nefnil. að leggja það til, að samþykkja óbreytt fjárlagafrv., eins og það kemur frá h. Nd. Eg skal taka það fram, að þetta kemur ekki af því, að nefndin sé samþykk þeim úrfellingum og viðaukum að öllu leyti, sem frv. varð fyrir í h. Nd. Það er öðru nær en svo sé! En það voru aðrar ástæður sem komu nefndinni til að taka þetta ráð. Þegar hún fór að athuga frv., vildi svo undarlega til, að þrátt fyrir hinar mörgu og miklu breytingar, sem það hafði tekið í h. Nd., kom það í ljós, að tekjuhallinn varð alveg sá sami eins og þegar það fór héðan úr deildinni. Nefndin gat ekki að þessu leyti haft ástæðu til að vera óánægð með frv., en hún hefði samt gjarnan viljað draga nokkuð út af viðaukunum, sem settir voru inn í h. Nd. Og aðalástæðan til að hún gerði það ekki, var að hún óttaðist, að svo óheppilegar, sem sumar af þessum nýjustu fjárveitingaruppástungum h. Nd eru, þá gæti svo farið, að þær ekki einungis stæðu í sameinuðu þingi, heldur yrði jafnvel fleirum við bætt í sameinuðu þingi. Þetta studdi hún við meðferð þá, er frumv. hefir fengið í h. Nd. Nefndin leitaðist við að koma sér saman við fjárlaganefndina í h. Nd., þann hlut deildarinnar, sem hefir sérstaka skyldu til að sjá um, að fé landsins sé vel varið, og ætla mætti að hefði glöggast yfirlit yfir fjárhaginn og vilja til að hafa hann í sem beztu lagi, en það kom fram, að þar sem styrkur h. Nd. á fjárlögunum oftast hefir verið mestur, þá var því svo varið nú, að meiningarnar í fjárlaganefnd h. Nd. voru eins margar eins og nefndarmennirnir eða jafnvel fleiri. Nefndin hér í deildinni gat því ekki búist við stuðningi hjá fjárlaganefnd h. Nd., til þess að gera frv. betur úr garði í sameinuðu þingi en það nú er frá h. Nd. Og þetta sannfærðist nefndin einkum um við síðustu umr. málsins í h. Nd., þegar hún sér fjárlaganefndarmenn h. Nd. fara hvern í sína áttina með fleiri eða færri fjárveitingarpósta á bakinu. Það er kannske ekki þingmannlegt orðatiltæki, en mér kom til hugar í þessu sambandi hið fornkveðna: „Lengi getur ilt versnað“. Það gæti vel svo farið að tekjuhallinn yrði enn meiri, ef fjárlögin kæmust í sameinað þing, eins og það er leiðinlegt, að sá siður hefir haldist, að þar geta komið fram breyt.till., sem enginn hefir séð áður. Enn fremur er sú meðferð ærið óheppileg, að við eina umr. fjárlaganna geta komið fram breyt. á fjárveitingum, sem báðar deildir hafa áður samþykt með öllum þorra atkvæða. Og eins og þetta hefir komið fram í h. Nd., þá má búast við, að það komi engu síður fram í sameinuðu þingi, og af því hljótist ringl og rugl, sem geri fjárlagafrv. hálfu verra heldur en áður, eins og h. Nd. er nú mönnum skipuð. Þetta var aðalástæðan til þess að nefndin hefir viljað láta frumv. standa eins og það er nú, og gera ekki breyt. við það, þó að h. Nd. hafi sett inn pósta, sem ekki eru til bóta, og felt úr sumt, sem nefndin fyrir sitt leyti vildi að staðið hefði, þó að það sé reyndar ekki margt.

Eg skal nefna nokkur atriði sérstaklega, sem breytt hefir verið til hins verra.

Það er þá í fyrsta lagi styrkurinn til Kjósar- og Gullbringusýslu. Þar hefir h. Nd. sett skilyrði, sem nefndin hér álítur að geri landsstjórninni það illmögulegt, eða

jafnvel ómögulegt að borga hann út. Hæstv. landsh. tók það fram þar í deild og nefndin hér er honum alveg samdóma um það. Þau skilyrði, sem hér voru samþykt, voru glögg og góð, og engin vandkvæði að fara eftir þeim. En það sem í staðinn hefir verið sett, get eg ekki kallað annað en barnalegt skilyrði. Sýslunefndin á að verja styrknum til jarðræktar í þeim hreppum, sem bágast eru staddir, þannig að fátækustu menn sitji fyrir vinnu. Þetta hlýtur að verða mjög erfitt fyrir sýslunefndina, í mörgum og stórum hreppum, og því örðugra er fyrlr stjórnina að hafa eftirlit með því, að skilyrðið sé uppfylt. Nefndin skoðaði þetta sem hallærisstyrk, en hún vildi veita hann þannig, að mönnum væri ekki færður hann á rúmstokkinn, heldur ynnu fyrir honum að þarflegum fyrirtækjum. En tánbótaákvæði í líka átt og þessa, verð eg að telja mjög lítils virði.

Þá er annað atriðið, að h. Nd. hefir hækkað styrkinn til Búnaðarfélags Íslands. Hér hefir hún farið miðlunarveg, þar sem hún hefir hækkað hann um 1000 kr., en hér var hann lækkaður um 2000 kr. Nefndin viðurkennir þessa tilhliðrun og álítur hana góðra gjalda verða, eftir því sem á stendur í þeirri deild nú. Auðvitað var styrkurinn nógur eins og hann var tiltekinn hér í deildinni, þar sem félagið nær að eins yfir 3 ömt, og hafði því 2000 kr. fyrir hvert amt, eins og Búnaðarfélag Suðuramtsins hafði áður.

Þá eru gróðrartilraunirnar; þar hefir h. Nd. líka farið meðalveg, sem er heiðarlegt af h. deild, en þessa gróðrartilraunastöð álítur nefndin ekki svo nauðsynlega, að miklu fé sé til hennar kostandi. Eg fyrir mitt leyti vildi óska, að ekki þyrfti að borga út þá upphæð, og að Búnaðarfélagið fari varlega í tillögum sínum um það á þessu fjárhagstímabili. Það var réttilega tekið fram af hæstv. landsh., að varla mætti velja óheppilegri stað til slíkra tilrauna en hér í holtunum, og eg hugsa að það mætti eins vel byrja á þeim norðan í Vindbelgjarfjalli við Mývatn.

Þá er ein tillagan um að veita 3000 kr. til rannsóknar á byggingarefnum og til leiðbeiningar í húsagerð. Þessi tillaga er svo óákveðin, og engin ástæða til að byrja á þessum rannsóknum nú, þó einhver ástæða verði til þess einhvern tíma í framtíðinni. Mér vitanlega eru hér lítil önnur byggingarefni en torfið og grjótið, og held eg að landssjóður þurfi ekki að leggja stórfé til þess að rannsaka torfristuna hjá okkur. Hér stendur, að verja skuli þessum 3000 kr. til leiðbeiningar í húsagerð og rannsóknar á byggingarefnum; það eru þá líklega tveir menn sem á að fá hingað, og annar þeirra eigi að rannsaka efnasambönd grjótsins og torfsins hjá okkur, en hinn að kenna okkur að byggja. Eg verð fyrir nefndarinnar hönd að láta þá von í ljós, að Búnaðarfélagið fari varlega í að eyða þessum peningum, og að landsstjórnin geri sitt ítrasta til, að þeir komi að einhverju gagni, þó að hún líklegast eigi örðugt með það.

Þetta er nú það helzta, sem hefði getað komið nefndinni til að gera breytingar við frumv., auk nokkurra annara atriða, sem viðvíkja því, sem úr hefir verið felt.

H. Nd. hefir aukið styrkinn til Halldórs nokkurs Lárussonar, þessa blessaða hraðritara, hann hefir hún endilega viljað hafa 400 kr. hvort árið. Um hann má víst segja sama og það, sem eg hefi sagt um styrkinn til Kjósar- og Gullbringusýslu, hann getur orðið einhverjum að gagni, sem fátækrastyrkur, hraðritunargagnið af honum verður ekkert.

Kristján Jónsson: Eg stend eigi upp til að mótmæla till. h. fjárl.n. um að fjárl.-frumv. verði samþykt óbreytt, eins og það liggur nú fyrir, því að það álít eg eftir atvikum vel ráðið, og eg hefði ekki staðið nú upp, ef ummæli h. framsögumanns (S. St.), um styrkinn til Gullbringusýslu,

hefðu ekki gefið mér tilefni til þess, þar sem hann lét í ljósi efa um það, að styrkur þessi mundi geta orðið útborgaður vegna þess, að erfitt mundi að uppfylla skilyrði það, sem hann er bundinn, eins og skilyrði þetta nú er orðað.

Út af þessum ummælum framsögum. (S. St.) vil eg láta þá skoðun mína í ljósi, að eg sé ekki nein sérleg vandkvæði á að útborga styrkinn, ef fyrir hendi er góður vilji sveitastjórnanna (sýslunefndarinnar) á aðra hliðina og landsstjórnarinnar á hina hliðina, en hvorugt virðist ástæða til að efa. Skilyrðið er það, að sýslunefndin verji styrknum til jarðræktar í þeim hreppum sýslunnar, sem bágast eru staddir, þannig að fátækustu menn sitji fyrir vinnu við jarðabæturnar. Þetta skilyrði má auðveldlega uppfylla á þann hátt, að láta fátæka menn vinna fyrirfram, o: áður en féð er útborgað að jarðabótunum. Þeir, sem kunnugir eru í sýslu þessari, vita að þar er engin vöntun á verkefni til jarðabóta. Túnstæði eru þar mikil, sem hægt er að rækta upp og auka. Í öðru lagi er þar víða allvel fallið til ræktunar matjurtagarða. Mundi því t. a. m. hægt að taka part af Garðskaga, sem liggur mitt i svæði því, sem bágast mun statt, og koma þar upp kálgörðum, og láta fátæklingana vinna að því. Þegar svo færðar væru sönnur á að verkið væri unnið af fátækum þurfamönnum, get eg ekkert séð því til fyrirstöðu, að styrkurinn verði útborgaður. Til þess að sveitarfélögin eignist jarðabæturnar, verða þau að eiga landið, þar sem þær eru unnar, og munu eigi heldur vera nein vandkvæði á því, eins og nú stendur, að hrepparnir kaupi land í þessu skyni, ræktað eða óræktað. Eg hefi viljað gefa þessar upplýsingar, til þess að sú skoðun h. framsögum. (S. St.), að styrkveiting þessi væri sett í fjárlögin að eins til málamynda, stæði eigi ómótmælt, og gæti ekki álitizt samróma skoðun þessarar h. þd.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eg gleymdi áðan að taka það fram, að við 13. gr. C. 16 hefir fallið í prentuninni burtu nokkur partur af skilyrði því, sem standa á við þann tölulið. Þetta þarf að leiðrétta, þegar frv. verður hreinprentað. Eg gleymdi einnig að minnast með fáum orðum á fjárupphæð þá, sem ákveðin er í frumv. til flutningabrauta. Það var tekið fram hér í þessari h. þd., að lækkunin á þessum gjaldlið ætti einkum að koma fram á flutningabrautinni í Eyjafirði, og hæstv. landsh. lýsti því þá yfir, að hann mundi taka þær bendingar til greina. Þá er um þetta var síðan rætt í h. Nd., voru skoðanir þingm. þar um þetta skiftar. Eg verð því að álíta, að þegar svona stendur á, að skoðanirnar um þetta eru skiftar í h. Nd., en h. Ed. er á einu máli, eftir því sem virðist, muni landsstjórnin fara eftir yfirlýsing h. Ed. í þessu efni.

Eg get ekki verið alveg samdóma h. 3. kgk. þm. (Kr. J.), að létt muni verða fyrir Gullbringusýslu að ná í þennan fyrirhugaða styrk. Það er svo sem auðvitað, að styrkurinn verður ekki borgaður út, fyrri en búið er að vinna verkið. Og það getur varla kallast ræktun, þótt skorið sé ofan af nokkurum þúfum og sléttað yfir, án þess borið sé undir; og fyrst þá þegar slík slétta er gróin, eftir ein 2 ár, er hægt um það að dæma, hvort um nokkura jarðrækt getur verið að tala. Og allmikla fyrirhöfn mun kosta að ryðja land til kálgarða, rækta þá og girða. Eg get heldur ekki álitið það skilyrði heppilegt, að sveitarfélögin eignist hin ræktuðu svæði, því að þá þurfa þau einnig að annast um, að þau falli ekki aftur í órækt, en sveitarstjórnir hafa venjulega annað að gjöra en að vafsast í slíku. Eg álít, að heppilegra hefði verið að segja hreinskilnislega, að þetta skyldi vera hallærisstyrkur; skilyrði það sem sett er, gjörir að eins torveldleik og hefir þær afleiðingar, að hlutaðeigendur þurfa að bíða óþarflega lengi eftir

honum, og það getur þó ekki orðið til þess að flýta fyrir jarðræktinni, ef þeir, sem að henni vinna, hafa ekkert að borða á meðan.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Stofnun klæðaverksmiðju.

FRUMVARP til laga um undirbúning og stofnun klæðaverksmiðju á Íslandi (C. 320); 1. umr.

Guttormur Vigfússon: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði kosin til að íhuga þetta frv.

ATKV.GR.: Nefnd samþ. með 8 atkv. og hlutu kosningu:

Guttormur Vigfússon með 8 atkv.
Jón Jakobsson — 5 —
Jón Jónsson — 5 —

Var síðan 1. umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 320, 443); 17. ágúst.

Framsögumaður (Jón Jónsson): Eg vona að eg þurfi ekki að tala langt um þetta mál; eg ímynda mér, að öllum h. þingm. sé svo ljóst, af hvaða orsökum frumv. þetta er sprottið og hver tilgangur þess er, að það þurfi ekki að rekja það í löngu máli.

Það er kunnugt, að íslenzk ull hefir um undanfarin ár verið og er enn í svo lágu verði, að hún er svo að segja engin eign; hún var áður ein hin bezta verzlunarvara landbóndans, en er nú orðin ein hin rýrasta, enda liggur hún óseld erlendis, jafnvel frá fleiri árum, og kemur það af því, að ekki hefir fengist það verð fyrir hana, sem kaupmenn hafa gefið hér, svo lágt sem það hefir verið.

Samhliða þessu hefir það farið í vöxt, að menn senda ull sína til Noregs, til þess að fá unna úr henni dúka; og orsökin til þess, að menn hafa tekið það ráð, er sú, að á þann hátt hafa menn fengið hana unna fyrir lægra verð en hér á landi, og fengið nokkurn veginn eins góða dúka, eins og þá sem gerðir eru hér heima. Og það er ekki eingöngu góð ull, sem menn hafa fengið unna á þennan hátt, heldur hafa menn einnig látið vinna úr slitnum fötum og ullarhnytjum, sem menn gátu ekki hagnýtt sér á neinn annan hátt, og fengið úr því nokkurn veginn eins góða dúka eins og menn fá í kaupstöðum hér fyrir meðalverð. — Það hafa margir talað um það, að þetta, að senda ull sína af landi brott til þess að fá hana unna, sé ómenskumerki, en móti þeim straum er víst ekki til neins að standa. Sú alda rís hér sem annarsstaðar, að menn vilja heldur beita góðum áhöldum en að vinna með tómum höndunum, og eg ímynda mér, að þegar sá rekspölur er kominn á, að menn geta fengið ull sína unna í verksmiðjum, muni sú aðferð fara í vöxt ár frá ári, og að það þyki óhæfa, að nokkurum tíma liðnum, að vinna ullina með snældu og kömbum og rokkum, og segi eg fyrir mitt leyti, að eg álít þá hugsun ekki ómenskumerki; eg ímynda mér meira að segja, að þetta færist yfir á aðrar atvinnugreinar hjá oss, að menn vilja fá störf sem fljótast af hendi leyst og vinna með sem beztum áhöldum, því þau áhöld, sem vér höfum nú, eru ofseinvirk og mannshöndin einsömul ofdýrt vinnuafl, til þess að með þeim sje hægt að keppa við útlendar verksmiðjur.

Nefndin játar að vísu, að það sé neyðarúrræði, að landssjóður skuli þurfa að vasast í svona fyrirtækjum, en menn verða að gæta þess, að auðmagn er hér svo lítið í landi, að það sem einn auðmaður og bankar styðja í öðrum löndum, verður landssjóður að styðja hér.

Að vísu hafa tilraunir verið gerðar hér á landi til að stofna klæðaverksmiðju, en þær hafa verið svo ófullkomnar, að þær hafa ekki komið nema að hálfu gagni,

svo að ekki getur kallast, að fengin sé full reynsla fyrir, hvort þess konar fyrirtæki geti þrifist hér á landi.

Það hefir verið talað um það, hvort verksmiðja þessi mundi geta kept við útlendar verksmiðjur af sama tagi. En eg ímynda mér, að það sé hreinn óþarfi að deila um slíkt eða gera sér áhyggjur af því í þetta sinn, því þótt þessi eina verksmiðja verði stofnuð, þá mun hún ekki gera betur en vinna það, sem nú er sent til Noregs af ull héðan af landi, svo framarlega sem hún getur leyst það af hendi fyrir jafnlítið endurgjald sem hinar norsku verksmiðjur gera.

Að svo mæltu vil eg ekki fara frekari orðum um mál þetta, en vona að allir h. þingdm. hugsi vel um það og láti það ganga sinn gang sem greiðast.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 320, 443) 19. ágúst.

Framsögumaður (Jón Jónsson): Eg fór nokkrum orðum um þetta frv. við 1. umr. þess, og málið fekk þá svo góðar móttökur í deildinni, að eg sé ekki ástæðu til að byrja nú neinar umræður um það, en óska að eins að deildin greiði götu þess og lofi því að ganga til 3. umr.

ATKV.GR.: 1.—5. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv. Fyrirs. samþ. með 8 samhlj. atkv. Vísað til 3. umr. með 8 samhlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 320, 443) 21. ágúst.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 8 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Verðlaun fyrir útflutt smjör.

FRUMVARP til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör (C 415); 1. umr. 16. ágúst.

Hallgrímur Sveinsson: Þegar frv. um toll á smjörlíki var til umræðu hér í deildinni, kom það til tals, að það væri viðsjárvert og jafnvel ógjörningur, að leggja þungan toll á þá vöru, sem mikill hluti landsmanna ekki gæti án verið eða ætti að minsta kosti erfitt með að vera án. Þessi skoðun réði afdrifum frumv. hér í deildinni. Deildin treystist ekki til að leggja það haft á notkun þessarar vöru, sem af slíkum tolli mundi leiða. Því var þá einnig haldið fram, að landið framleiddi svo mikið smjör, að þeir af landsmönnum, er við sjó búa, mundu ekki verða í nauðum staddir, þótt hætt væri að flytja þessa vöru inn í landið, eða að minsta kosti takmarkaður aðflutningur á henni. En aftur voru aðrir, sem efuðust um, að landið mundi framleiða svo mikið af smjöri, að hægt væri að fá nægilega mikið af ódýru viðmeti handa landsbúum.

Það var einnig tekið fram, að þótt viðunanlegar birgðir af smjöri væru framleiddar hér á landi, þá vantaði greiðan aðgang að markaði fyrir það. En sú athugasemd var einnig gerð, að ýmislegt af því smjöri, sem búið er til hér á landi, væri þannig á sig komið, að það verðskuldaði ekki að kallast smjör, að framleiðslan væri ófullkomin og hirðusemiuni og þrifnaðinum væri ábótavant, og það var jafnvel tekið fram af einum h. þm., sem ætla mætti að talaði af meiri þekkingu en aðrir um þetta mál, að það gæti stafað óhollusta af íslenzku smjöri fyrir heilsu manna.

Frumv. það, sem hér liggur fyrir, gengur í þá átt, að koma í veg fyrir, að þessi hættulega og slæma verkun á ísl. smjöri haldi áfram, Að minsta kosti ætti frv. þetta, ef það næði fram að ganga, að verða mönnum hvöt til þess að taka sér fram með að vanda betur smjörgerðina hér á landi en hingað til hefir sumstaðar átt sér stað. Það eru ekki að eins hinir fátæku, sem kaupa útlent smjör. Ýmsir, sem eru vandlátir með smjör, gera sig ekki ánægða með íslenzka smjörið, eins

og það nú getur fengist í betra lagi vandað. Þetta er í sjálfu sér óeðlilegt. Ef íslenzka smjörið er vandað og gott, þá ættu þeir ekki að þurfa að fá útlent smjör; og víst er um það, að ísl. mjólkin hefir þau gæði í sér fólgin, að það má búa til ágætt smjör úr henni; enda hefir nú á síðari árum sú hreyfing byrjað að ryðja sér braut, að landið framleiðir yfirleitt betra smjör og jafnvel meira en áður.

Að því leyti sem frumv. það, sem hér liggur fyrir, stefnir að fullkomnari og betri framleiðslu á ísl. smjöri, þá gengur það í rétta átt. Mér virðist það því eiga skilið, að h. þingd. styðji það. Þótt einhver ákvæði kynnu að vera í því, sem þyrftu lögunar við, eða þótt ákvæði 5. gr. séu ef til vill dálítið flókin, þá er aðalefni þess einfalt, og þess vegna sé eg ekki ástæðu til að stinga upp á nefnd til að íhuga það; en vil að eins óska þess, að h. þingd. taki því vel og lofi því að ganga til 2. umr.

Eg skal láta þess getið, að eg mundi ekki vera því mótfallinn, að nefnd væri skipuð í það, ef ekki væri orðið svo áliðið þingtímans, því að með því væri auðvitað fyllilegri trygging fengin fyrir góðum frágangi á því, en eg vil samt sem áður ekki koma fram með tillögu um nefndarsetningu.

Jónas Jónassen: Eg get ekki verið á sama máli og háttv. 2. kgk. (H. Sv.) um þetta frv. Eg held ekki, að það yfir höfuð að tala sé nokkur hvöt fyrir okkur til að flytja út smjör. Eg held það eigi langt í land, að einstakir menn geti flutt út smjör svo hundruðum punda skiftir, þar sem það er „notoriskt“, að ekki er til nóg smjör í landinu sjálfu. Eins og nú er ástatt, og öll líkindi eru til að verði 25 fyrstu árin, þá getur varla komið til tals, að við flytjum út smjör svo að nokkuru nemi. Auk þess eru verðlaunin svo lítil, og kostnaður við útflutninginn á hinn bóginn svo mikill, að engum einstökum manni kemur til hugar að leggja út í hann. Það getur ekki komið til mála, að flytja smjörið út nema í vönduðum, hreinum tréílátum, og til þess að búa þau til vantar okkur beykira; þeir eru ekki nema í einstöku kaupstöðum. (*Sig. Stef.:* „Margarine-tunnur“) Já, þær eru góðar, en við höfum ekki nóg af þeim, því þær ganga eðlilega úr sér.

Eg held ekki að það sé vel farið með tíma þingsins, að vera að eyða honum í þessi lög, sem bara verða til á pappírnum, en aldrei verða að neinum notum í framkvæmdinni, að minsta kosti ekki fyrst um sinn. Það væri óskandi, að sá tími væri kominn, að við gætum farið að flytja út smjör, en sá tími er því miður ekki kominn.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 415) 19. ágúst.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 8 atkv., 2. gr. samþ. með 6 atkv., 3. gr. samþ. með 8 atkv., 4. gr. samþ. með 8 atkv., 5. gr. samþ. með 8 atkv. Fyrirs. samþ. með 8 atkv. Vísað til 3. umr. með 6 atkv.

Þriðja umr. (C. 415) 21. ágúst.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Vegur um Arnarhólstún.

FRUMVARP til laga um leyfi til vegalagningar um Arnarhólstún í Reykjavík (um heimild til að selja Rvíkurkaupstað vegarstæði yfir Arnarhólslóð í Rvík.) (C. 491); 1. umr. 21. ágúst.

Júlíus Havsteen: Af því að svo miklar umræður og stapp hefir orðið út úr öðru frv., sem líka er um sölu á Arnar-

hólstúni, þá finst mér ástæða til, að íhuga þetta frv. nánara, og vil eg því leyfa mér að stinga upp á að 3 manna nefnd verði skipuð í þetta mál.

ATKV.GR.: 3. manna nefnd sþ. með 6 : 2. Kosningu hlutu:
Júlíus Havsteen . . . með 6 atkv.
Kristján Jónsson . . . — 4 —
Þorleifur Jónsson . . — 4 —
1. umr. málsins frestað.

Framhald 1. umr. (C. 491, 534.) 23. ágúst.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Um leið og eg vísa til nefndarálitsins, þó stutt sé, þá skal eg leyfa mér að láta í ljósi þá von, að frv. þetta komi ekki á stað neinni rimmu þó snerti Arnarhólstúnið í Reykjavík.

Nefndin var í nokkurum efa um, hvort þetta vegarstæði ætti að veitast ókeypis, en eftir þeim upplýsingum, sem eg hefi fengið, þá mun það vera meningin, og eg fyrir mitt leyti sé heldur ekki neitt á móti því, að stjórninni sé gefið leyfi til að gefa bænum þetta vegarstæði.

Annað, sem eg hefi að athuga við frv., er það, að það er óákveðið hvar þessar lóðir undir væntanleg hús eigi að vera, hvort það sé í norðurhluta túnsins eða meðfram veginum. Eg held, að það sé meiningin að það ætti að byggja fram með veginum, og það finst mér bezt eiga við.

ATKV.GR.: Vísað til 2. umr. í e. h.

Önnur umr. (C. 491, 534.) 24. ágúst.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Það er eins með þetta mál og hitt, að eg var búinn með það í gær, af því eg hélt þá að umr. væru komnar lengra en þær eru. Eg skal því ekki tefja það meira nú, en að eins óska að það megi óhindrað ganga veg sinn.

ATKV.GR.: 1. og 2. gr. sþ. í einu hlj. Fyrirsögn sþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 491, 534.) 25 ágúst.

Jón Jakobsson: Eg skal strax taka það fram, að þó eg standi upp nú, þá er það ekki til að hnekkja frv. þessu, því að eg ann Reykjavík af heilum hug rétti til vegarlagningar þeirrar, sem hér ræðir um, og eg álít að hún sé alveg nauðsynleg, heldur stend eg upp til þess að láta í ljósi þá skoðun mína, að eg hefði heldur óskað, að frv. þetta hefði verið öðruvísi og nákvæmlegar orðað; en héðan af er ekki hægt að gjöra breytingar á því vegna tímaleysis. Auk þess er, eins og áður hefir verið tekið fram, leyfi þetta nokkuð ónákvæmt, þar sem ekki er tekið fram, hvort vegarstæðið skuli vera til kaups eða að gjöf. 2. gr. er athugaverð líka. Þar stendur: „Stjórninni er og heimilt, að selja Reykjavíkur-kaupstað, þegar bæjarstjórnin fer þess á leit, lóðir í norðurhluta Arnarhólstúns, eftir dómkvaddra manna mati“. Hér er ekki getið um, hve langt suður eftir megi selja lóðir í túni þessu. Af því eg ber þetta svæði mjög fyrir brjósti sem sjálfkjörið til væntanlegrar safnabyggingar með nógri lóð í kring, þá ber eg það traust til stjórnarinnar, að hún taki tillit til þeirrar lóðar, sem slík bygging nauðsynlega þarf að hafa. Að öðru leyti hefi eg ekkert að athuga við frv. þetta. En í sambandi við þetta vildi eg geta þess, að í h. Nd. lét einn þm. þau orð falla, að eg hefði viljað hnekkja þessu frumv., og jafnvel haft hótanir í frammi um það, ef annað líkt frv. ekki yrði samþykt þar í deildinni; þessi orð h. þm. lýsi eg hrein og bein ósannindi; eg hygg að þau séu ímyndun ein, búin til í uppæstu skapi h. þingmanns Eg sagði að eins, að ef hinu frv. yrði hnekt, þá gætu menn átt það á hættu, að þessu frv. yrði hætta búin, því að þau mundu standa og falla hvort með öðru.

Eg hygg að það hefði verið fult eins gott fyrir h. þingm. og h. Nd., að sú upplýsing hefði verið tekin til greina á annan hátt og notuð öðru vísi en gjört var.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Gjöld til prests og kirkju.

FRUMVARP til laga um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju (196); 1. umr. 27. júlí.

Sigurður Jensson: Það kann að virðast svo fyrir sumum, sem að frumv. það, sem við flutningsm. höfum leyft okkur að koma fram með hér í deildinni, sé lítil réttarbót fyrir prestastéttina, og játa eg, að það fer ekki fram á neina breytingu á kjörum prestanna í þá átt að auka tekjur þeirra. Eins og h. þdm. máske muna, var hér í deildinni 1897 til umræðu frv. um innheimtu á tekjum presta, og lýstum við flutningsmenn þá yfir því í nefndaráliti, að okkur þætti eðlilegast, að prestar fengju laun sín beint úr landssjóði. Við höfum þó ekki komið með frumv. í þessa átt, vegna þess, að okkur þótti meiri tvísýna um framgang þess á þinginu, enda höfum við líka heyrt, að svona lagað frv. sé á leiðinni í h. Nd. Þó að sumum kunni að sýnast, að þetta frumv. komi í bága við frv. h. Nd., þá er það þó alls ekki meining okkar flutningsm., að vilja hindra framgang þess frv. á neinn hátt, þvert á móti, og eg held heldur ekki, að þetta frumv. þurfi að gera það. Það segir sig sjálft, að nái frumv. h. Nd. fram að ganga, þá fellur þetta frumv. af sjálfu sér, en fari svo, að frumv. h. Nd. falli, þá er þó ætíð nokkur bót í þessu frumv. frá því, sem nú er, því þótt ekki sé farið fram á í því, að auka tekjur prestanna, þá hefir það þó verið meining okkar flutningsm. að bæta kjör þeirra á annan hátt, nefnilega með því, að taka af þá óvissu, sem nú á sér stað með gjöld til prests og kirkju. Það er eitt af því, sem bakar prestunum mestu erfiðleika, að svo mikil óvissa er um svo mörg gjöld, sem þeir eiga að taka á móti. Mér finst það alveg ótækt, að vera að vísa prestunum á tekjur, sem eru svo óákveðnar, að þeir geta ekki sýnt nokkur heimildarlög fyrir, að þeir eigi þær að réttu, ef gjaldendur vilja ekki góðfúslega borga þær.

Það er með því að taka af þessa óvissu, að við viljum reyna að bæta kjör prestanna.

Allir, sem nokkur kynni hafa haft af þessu máli, vita hve mikill efinn og óvissan er. Þegar lög þau voru gefin, sem nú gilda um þessi gjöld, þá var ástandið alt annað hér á landi en nú, bæði hafa komið upp nýjar stéttir, sem áður voru ekki til eða gætti lítið, og svo hefir tíundin, sem áður var undirstaðan fyrir þessum gjöldum, breyzt svo, að nú er ekki talið fram til tíundar nærri alt, sem áður átti að telja fram. Nú er því svo komið, að það er oft ómögulegt að segja með neinni vissu um heila flokka af mönnum, hvort heimilt sé að lögum að krefja þá um þessi gjöld eða ekki. Þetta snertir ekki svo mjög þá, sem öll gjöld hvíla þyngst á, nefnilega bændastéttina, því um þau gjöld, sem á henni hvíla, er nokkurn veginn víst, en óvissan snertir mest þá, sem færastir eru um að bera gjöldin, nefnilega þá, sem að eins eiga að gjalda dagsverk. Hið sama gildir um þá, sem gjalda eiga offur. Sérstaklega þetta tvent, hverjir vinna eigi dagsverk og hverjir gjalda eigi offur, hefir gefið tilefni til ótal spurninga til prófasta, stiftsyfirvaldanna og landshöfðingja, bæði frá prestum og gjaldendum, og þetta hefir oft komið fyrir mörgum sinnum á ári. Svör landshöfðingja hafa svo staðið í stórnartíðindunum,

en þau hafa vanalega verið á þá leið, að þau hafa að síðustu vísað spyrjendunum til dómstólanna, eða með öðrum orðum, lögin hafa ekki verið svo skýr, að fullkomið svar hafi getað fengist hjá yfirvöldunum. En það vona eg að allir viðurkenni, að það er mjög óviðfeldið, já, nálega óþolandi fyrir prestinn, að eiga í málastappi við sóknarbörn sín út af gjöldunum, og afleiðingin er sú, að margir prestar kjósa heldur að verða af tekjunum, en að fara í mál út af þeim. Eins er það fyrir gjaldendur, marga hverja, að þeim er ógeðfelt að fara í mál við prest sinn út af gjöldum. Þeir kjósa heldur að borga gjöldin, þó þeir álíti, að þeir séu ekki lagalega skyldugir til þess, en að vera að eiga í málum út af þeim. Afleiðingin af því er aftur, að þeir fá kala til prestsins fyrir það, að hann sé að krefja þá um gjöld, sem honum ekki beri að lögum.

Eg fæ ekki séð, að það sé í minsta máta ósamboðið þinginu, að gefa þess konar skýringu, sem frumv. þetta inniheldur, því eg verð að álita það engu minni umbót á lögum, að skýra ónákvæm lög, sem ekki eru í samræmi við núverandi kringumstæður, en að gefa ný lög.

Frumv. okkar er að mestu leyti bygt og lagað eftir „leiðarvísi um gjöld til prests og kirkju“, sem þáverandi háyfirdómari Magnús Stephensen hefir samið. Leiðarvísirinn er mjög góður, eins og búast má við, þar sem hann er saminn af einum af hinum beztu lögfræðingum landsins, og það er óhætt að segja, að hann hefir talsvert bætt úr óvissunum, sem hér hafa átt sér stað. En það hefir oft komið fyrir, að aðrir lögfræðingar hafa gefið skýringar, sem koma í bága við leiðarvísinn, og þótt það kunni að vera, að þessir lögfræðingar ekki hafi kynt sér héraðlútandi ákvæði nógu vel, þá er þetta engu að síður sönnun fyrir því, að full þörf sé á þessu frumv.

Frumv. inniheldur að eins örfáar breytingar frá því, sem nú er, eða nýmæli. Eg skal þó nefna eitt nýmæli, sem frv. kemur með, það er að lyfsalar og bakarar skuli gjalda sömu gjöld, sem kaupmenn. Við getum ekki séð, að það sé nein ástæða til að láta lyfsala og bakara fremur vera gjaldfría, en t. d. kaupmenn; það er mjög lík atvinna, sem báðir reka. Aftur á móti er eðlilegt, þótt þeir nú séu gjaldfríir, því þeirra gætti alls ekki, þegar hin núgildandi lög væru samin.

Eg finn ekki ástæðu til að stinga upp á nefnd, án þess eg þó hafi nokkuð á móti henni, og eg mun fúslega taka á móti þeim bendingum, sem h. þm. vilja láta mér í té. Sérstaklega væntum við flutningsm. okkur góðs fyrir frumvs. hönd, þar sem eru bæði stiftsyfirvöldin og h. 3. kgk. þm. (Kr. J.), sem mun sérstaklega öðrum fremur kunnur þessum málum.

Hallgrímur Sveinsson: Eg stend að eins upp til þess með fáum orðum að leggja meðmæli mín með frv. því, er liggur hér fyrir deildinni.

Eg get tekið undir alt í ræðu h. þm. Barðstr. (S. J.). Það er sannarlega mikil óvissa, sem ríkir um þessi gjöld, sem hér er um að ræða, ekki einungis um hverjir eigi að gjalda þau, heldur einnig um hvað mikið hver eigi að gjalda. Þessi óvissa bætist, mér liggur við að segja, sem plága á plágu ofan, þar sem prestarnir nú verða að heimta, oftast allar sínar tekjur hjá mörgum og misjafnlega áreiðanlegum gjaldendum. Þetta fyrirkomulag er miklu tilfinnanlegra og sárara nú, en meðan viðskiftin manna á meðal gengu í gamla stílnum, sem var miklu þýðari og eins og föðurlegri, hvað sambandið milli prests og sóknarbarna snerti. Sú gjaldheimta, sem fór vel áður, hún getur farið og fer miður nú, þegar hugsunarhátturinn er orðinn allur annar, sem stendur eðlilega í sambandi við að atvinnuvegir manna og yfirhöfuð alt líf þjóðarinnar hefir tekið svo

miklum breytingum frá því, sem áður var.

Eg skal leyfa mér að benda á eitt atriði, sem að minni ætlun hefir haft töluverða þýðingu í þessu máli; það eru leiðbeiningar dagblaðanna viðvíkjandi þessum gjöldum. Eg sagði leiðbeiningar, því svo munu þær vera kallaðar og til þess ætlaðar, en þar sem þær oft eru innbyrðis sundurleitar, þá held eg að óhætt sé að segja, að þær séu ekki allar saman jafnhollar. Þessar leiðbeiningar eru þannig tilkomnar, — eða svo er það að minsta kosti látið heita, — að blaðakaupendurnir gera fyrirspurnir í blöðunum um, hvernig sé með það og það gjald, hvort sá og sá sé skyldur að greiða það o. s. frv. Ritstjórarnir svara svo þessum spurningum, en eigi allir á einn veg, heldur fara þessi svör þeirra, mér er óhætt að segja alloft, í alveg andstæðar stefnur. Hver gjaldenda og gjaldtakanda hallast svo að þeirri stefnu, sem er honum helzt í vil, og eg get ekki að eins talið það mannlegt, heldur jafnvel mjög eðlilegt. En hver er nú afleiðingin af þessu ástandi? Eg tel mig gjaldfrían og hefi fyrir mér svar blaðamannsins, en engu síður heimtar presturinn, að mínu áliti ranglega, gjöld af mér. Presturinn fer ef til vill eftir svari annars blaðamanns, og þykist því hafa við jafnmikil rök að styðjast. Þetta kemur inn óánægju hjá báðum hlutaðeigendum, bæði presti og gjaldanda, og eg verð að telja það mjög illa farið, ef það kemst inn hjá gjaldendum, að þeir verði að ljúka ranglega heimtuð gjöld, því það hlýtur að leiða til, að miður gott samband verði á milli prestsins og sóknarbarnanna.

Það er alveg rétt hjá h. þm. Barðstr. (S. J.), að það hafa ár eftir ár komið fyrirspurnir til stiftsyfirvaldanna, og eg verð að játa, að þau hafa oft verið í vandræðum með að gefa fullnægjandi svör, af því að héraðlútandi ákvarðanir hafa hvorki verið svo ljósar, né heldur svo úttæmandi, sem vera skyldi. Það hefir eigi allsjaldan borið við, að ekki hefir verið hægt að sjá, hvort þessi eða hinn væri gjaldskyldur eða gjaldfrí, og þetta er í raun og veru eðlilegt; lífið hefir breyzt á svo margvíslegan hátt, að það hafa, ef eg má komast svo að orði, myndast eins og ný efni í gjaldendur, sem alls ekki eru táknaðir í hinum núgildandi lögum, af þeirri ástæðu, að þeir voru ekki til, þegar lögin voru samin.

Sumir kunna að ætla, að tilgangurinn með þessu frv. sé að auka tekjur prestanna og að bæta kjör þeirra. Þetta er líka að vissu leyti svo, en þó ekki á þann hátt, að hér sé verið að skara eld að köku prestanna, eins og máltækið segir, og verið að draga frá öðrum, heldur fer frumv. aðallega í þá átt, að skýra hin gildandi lög, þar sem þau eru miður ljós og að koma þeim ákvörðunum, sem nú gilda um gjaldendurna, í sem bezt samræmi við anda þeirra laga, sem um þau hljóða.

Eg óska að frumv. fái góðan byr hjá þinginu, og get því fremur búist við því, þar sem frumv. fer að eins fram á það, sem sanngjarnt er, hvort heldur á það er litið frá sjónarmiði prestanna eða gjaldenda. Eg held að mér sé óhætt að segja, að frv. verði talin góð réttarbót af öllum, sem hér eiga hlut að máli.

Við 2. umr. mun mér gefast betra tækifæri á að tala um hinar einstöku greinar frumv., enda er það jafnvel ekki leyfilegt nú, þar sem málið er til 1. umr., og hefi eg í þetta sinn að eins viljað fara nokkrum almennum orðum um frv. í heild sinni, ef það kynni að geta orðið því að einhverju liði.

Kristján Jónsson: Það er að vísu svo, að eg sé að frumv. þetta fer eigi fram á verulegar breyt. á lögum þeim, er nú gilda um sama efni, heldur mun meining flutningsmanna, eins og h. þm. Barðstr. (S. J.)

tók fram, að eins vera sú, að lögfesta þær reglur, sem nú er alment fylgt með tilliti til prests og kirkjugjalda, bæði að því er snertir upphæð þeirra og innheimtu á þeim. Að þessu leyti má segja, að frumv. þetta sé gott og ef til vill lítið athugavert. En þó virðist mér nokkuð ísjárvert að gefa út ný lög um svo yfirgripsmikið efni, án þess að það sé vel íhugað. Það hafa áður komið fram á þingi uppástungur um, að afnema þessi gjöld öll, og setja annað í þeirra stað; eg skal hér ekkert fara út í það nú, hvor stefnan muni vera heppilegri, en eg verð að leggja talsverða áherzlu á það, að slíkt mál sem þetta þurfi að íhugast rækilega, og væri því réttara að fá það nefnd til meðferðar. Eg skal benda á, að ýms ákvæði frv., svo sem í 1., 2., 3. og 5. gr., munu eftir minni hyggju gjöra nokkura breytingu á gildandi lögum, eða í öllu falli venju þeirri, sem nú er farið eftir.

Eg hygg að í rauninni sé ofmikið gert úr óvissu þessara gjalda, og mun það meðfram koma til af því, að spurningum um greiðslu þeirra hefir mjög sjaldan verið hleypt til dómstólanna, og hygg eg að þeir mundu sjaldan vera í vafa um úrlausn slíkra spurninga. Í þau 20 ár, sem eg hefi verið við dómsmál riðinn, man eg ekki til, að dómstólarnir hér hafi nema einu sinni verið krafðir úrlausnar um gjaldskyldu til prests eða kirkju; það var 1887 út af ljóstollsskyldu.

Eg hefi mælt þessi orð einungis til þess, að leiða athygli h. flutningsm. að því, hvort eigi sé rétt, til þess að málið fengi betri undirbúning, að nefnd sé sett til þess að íhuga það.

Sigurður Stefánsson: Eins og h. meðflutningsm. minn (S. J.) tók fram, erum við alls eigi á móti því, að frumv. þetta sé athugað af nefnd, því að við viljum að það sé vandað sem bezt. En þar sem h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) hugði, að ofmikið væri gjört úr réttaróvissu þessara gjalda, þá er eg honum ekki samdóma, og að úrskurði þessara mála er svo sjaldan vísað til dómstólanna, kemur til af þeim ástæðum, sem h. meðflutningsm. minn (S. J.) benti á, sem sé annars vegar fátækt almennings, og hins vegar því, að prestar víla fyrir sér að liggja í málaferlum við sóknarbörn sín. *(Kr. Jónsson:* Gjafsóknir fást ætíð). Prestar vinna það ekki fyrir, að spilla á þann hátt samkomulaginu í söfnuðum sínum, og þó að prestar kunni að vinna þau mál fyrir dómstólunum, sem af gjöldum þessum rísa, þá eykur það ekki vinsældir þeirra, að standa í málaferlum við menn í söfnuði sínum. Eg er ekki gamall prestur, en ekki hefir svo nokkurt ár komið af prestskaparárum mínum, að fleiri eða færri vafaspurningar um þessi gjöld hafi eigi komið fyrir. Og hið sama hygg eg að flestir prestar geti sagt. Því verður þess vegna alls eigi neitað, að mikil réttaróvissa á sér stað um þau; og það eru í sannleika hörmuleg kjör, sem prestar eiga við að búa, þar sem þeim er vísað á að taka laun sín á mjög óvissum stöðum, sökum þeirrar réttaróvissu, sem á sér stað með mörg af gjöldum þeim, er prestum á að greiða, svo bæði gjaldendur og prestar eru oftlega í miklum vafa um, hvort þeirra sé réttilega krafist.

Eg skal játa það, að æskilegt væri að gjöldum til prests og kirkju væri breytt í eitt gjald, og þá yrði frv. þetta óþarft, en líti maður á sögu þeirra frv., er fram hafa komið í þá átt, eru ekki miklar vonir, að sú breyting komist fljótlega á. Það var víst 1877, að mikilsvirtur þingmaður einn bar fram frumv. um, að setja sérstakt sóknargjald í stað þessara gjalda, og var það felt, og hversu oft sem það mál hefir síðan verið vakið upp, hefir það jafnan átt formælendur fáa. Síðast var kirkjugjaldamálið flutt af allmiklu kappi á þinginu 1893, en féll þó einnig þá. Það er og svo, að án þess eg vilji mæla þess-

um gjöldum bót, þá er almenningur orðinn svo vanur þeim, að hann hugsar sig vel um, áður en hann óskar eftir gagngerðum breytingum á þeim; og þá er spurningin um að breyta kirkjugjöldunum í einn sérstakan skatt var til yfirvegunar í ritum og ræðum, þá kom það í ljós, að menn kusu yfir höfuð heldur að halda hinum gamla gjaldmáta en fá hina nýju breytingu, sem stungið var upp á. En hvenær sem slík breyting yrði gerð, gæti frv. þetta, þótt að lögum yrði, alls ekki orðið því til hindrunar.

Eg er samdóma háttv. 3. kgk. (Kr. J.) um það, að í frv. þessu eru fólgin ýms nýmæli, þótt óveruleg séu, og þar sem hann er vel að sér í þessum málum, sem kennari í kirkjurétti á prestaskólanum, vil eg fara eftir bendingum hans og sting því upp á að 3 manna nefnd sé kosin til að íhuga frv.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. í e. hlj. og kosnir:

Kristján Jónsson með 10 atkv.
Sigurður Jensson — 6 —
Júlíus Havsteen — 5 —

með hlutkesti milli hans og Sig. Stefánssonar, sem einnig fekk 5 atkv. 1. umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 196, 300) 5. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Eg læt mér nægja við þessa umr. að vísa til nefndarálitsins. Nefndin hefir ráðið til að aðhyllast frv. með litlum breytingum, og vona eg að frumv. fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. 196, 300) 8. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Eg skal stuttlega leyfa mér að skýra breyt.-till. nefndarinnar, þótt þær séu ekki þýðingarmiklar. 1. breyt.till. fer fram á það, að orðin: „bændur, sem hafa bygging á minst $^1/_2$ hundr. í jörðu o. s. frv.“ falli burt. Nefndin áleit þetta óþörf orð og enda spurning um, hvort rétt væri, að setningin stæði í frv., með því að þessi ákvæði koma í bága við lög um lausamenn og húsmenn, þar sem þeir eru taldir með húsmönnum, er hafa ekki stærri jarðarpart til ábúðar en 1 hundrað. Það væri því ekki samkvæmt því ákvæði, ef frumv. væri orðað eins og nú, og væri þess vegna réttara að fella þessi orð í burtu.

2. breyt.till. er, að í stað orðanna í frv.: „ef ekki gjalda þeir offur“ komi: „séu þeir ekki í skiftitíund“. Það getur sem sé komið fyrir, að menn, sem offur eiga að greiða, eigi einnig að vinna dagsverk. Það er ekki hugsunin með frv. að gera neina breyting á gjaldskyldunni eða rýra tekjur presta, og fyrir því vill nefndin fella þessi orð úr, en setja hin í staðinn.

Hin 3. breyt.till. er gerð af þeim sömu ástæðum, að ekki er hugsunin að breyta neitt gjaldskyldunni. Fyrir því er nauðsynlegt að bæta inn í orðunum: „og lausakonur“. Ákvæðum eldri laga hefir í framkvæmdinni verið framfylgt svo, að dagsverk hefir verið tekið af lausakonum. Eg álít fyrir mitt leyti, að það sé nokkuð hart, að heimta slíkt gjald af lausakonum, en úr því að hér er ekki um það að ræða, að gera neina breyting á gjöldum þessum, verður þetta ákvæði að haldast. Enda mundi fátt standa í frumv. þessu, ef ætti að fara að lagfæra lögin um gjöld til presta þannig, að þau hvíldu sem réttlátast á gjaldendum, og menn ættu að gjalda eftir því sem þeir hafa efni til.

4. br.till. er að bæta inn á eftir orðinu „fasteign“ orðunum „eftir gildandi jarðamati“. Það er sem sé kunnugt, að nú er offurskyldan miðuð við hið forna jarðamat, og þegar hið nýja jarðamat kom, var þess ekki gætt, að segja til, hver áhrif það skyldi hafa á offurskylduna. En

það er eðlilegast og réttast, að offurskyldan sé jafnan bundin við jarðamat það, sem er í gildi, hvort sem það hefir hækkað eða lækkað eldra jarðamat.

5., 6. og 7. breyt till. eru að eins orðabreytingar.

8. breyt.till fer fram á, að á eftir orðunum: „er landshöfðingi skipar" komi: „er hafa að minsta kosti 500 kr. að launum". Þetta er í samræmi við það, að verzlunarþjónar eru því að eins offurskyldir, að þeir hafi 500 kr. laun. Það er kunnugt, að landshöfðingi skipar marga sýslunarmenn, meðal annars póstafgreiðslumenn, og hugsunin er sú, að slíkir menn séu því að eins gjaldskyldir, að árslaun þeirra nái 500 kr.

9. og 10. breyt.till. eru að eins orðabreytingar.

Hin síðasta breyt.till. er sú, að setja aldursmarkið í 5. gr. 16 ára, en ekki 18 ára. Þetta er í samræmi við vinnuhjúalögin, þar sem ákveðið er, að hver, sem sé 16 ára, hafi rétt til að ráða sig í vist. Það er því einnig rétt að hafa þetta aldurstakmark hér.

Eins og h. þingm. sjá, eru breytingar þessar ekki stórvægilegar, og vona eg að málið mæti því hinni sömu velvild nú, sem það hefir notið hingað til, og fái að ganga áfram leið sína.

ATKV.GR.: 1. br. (C. 300) samþ. í e. hlj., 2. br. (C. 300) samþ. í e. hlj., 3. br. (C. 300) samþ. með 8 atkv., 1. gr. samþ. í e. hlj., 4.—10. br. (C. 300) samþ. í e. hlj., 2. gr. samþ. í e. hlj., 3. gr. samþ. með 8 atkv., 4. gr. samþ. í e. hlj., 11. br. (C. 300) samþ. í e. hlj., 5.—8. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ í e. hlj. Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 354) 10. ágúst.

Guttormur Vigfússon: Eg á dálitla br.-till. við frumv. þetta á þingskj. 367 á-samt tveimur öðrum háttv. þingm. Fyrsta breytingartill. er við 1. gr., nfl. að orðið „hann" í annari línu falli burt, en í þess stað komi „karlmaður".

Næsta breyt.till. við sömu grein er sú, að á eftir orðinu „gjalddaga" komi: „en kvenmaður hálfu minna". Við flutningsmenn gengum sem sé út frá því, að það væri ekki sanngjarnt, að láta kvenmenn borga jafnhátt dagsverk eins og karlmenn. Eg skal í þessu sambandi geta þess, að við meintum búlaust kvenfólk, eins og breyt till. frá háttv. þm. Barðstr. (S. J.), á þingskj. 372, tekur fram og föllumst því á þessa breyt.till. hans, en tökum okkar till. til baka að því leyti.

Viðvíkjandi dagsverkinu hefði eg satt að segja helzt óskað, að það væri numið úr lögum og eittvert annað gjald sett í staðinn fyrir það, því það er óeðlilegt og kemur ójafnt niður, nfl. einmitt á hina fátækari. Hugsum okkur t. d. mann, sem ekki á nema 60 álnir í tíundarbærum höfuðstól; þessi maður þarf að greiða presti fult dagsverk. En aftur á móti gjaldandi, sem á yfir 5 hndr., þarf ekkert dagsverk að greiða. Verða þannig gjöld hins ríkara léttari en hins fátæka, og er það þó ekki réttlátt. En eg skal ekki ganga inn á þetta atriði nú, það liggur ekki hér fyrir að þessu sinni. Breyt till. sú, er hér liggur fyrir, er sprottin af því, að oss flutningsmönnum er kunnugt um, að það hefir komið fyrir, að ágreiningur hefir orðið um það, hvort kvenfólk ætti að greiða jafnhátt dagsverk og karlmenn, eða hvort kvenmanns-dagsverkið mætti greiðast eftir meðalverði á venjulegu kvenmannsdagsverki; hefir þetta komið sjaldnar fyrir en líklegt væri, einmitt af þeim orsökum, að víða hefir það verið sveitarvenja, að húsbændur tíunduðu gripi vinnukvenna, til þess að losa þær við þetta ósanngjarna gjald, og hafa prestar látið það afskiftalaust. En eg þekki samt þau tilfelli, að kvenmönnum hefir verið gert fult dagsverk, og hefir það orðið tilefni til dálitillar þrætu, hvort kvenmaður

mætti vinna það af sér sjálf með dagsverki sínu eða væri skyld að borga það með peningum eftir meðalverði á dagsverki í verðlagsskrá.

Breyt.till. okkar fer nú í þá átt, að jafna þetta svo, að kvenmenn borgi að eins helming á móts við karlmenn. Við göngum nfl. út frá því, að daglaun þeirra eru sjaldan meiri en helmingur móts við daglaun karlmanna, og virðist því eðlilegt, að gjald þeirra til prestsins fari eftir því. Við höfum borið okkur saman við h. flutnm. um þetta atriði og hafa þeir fallist á breyt.till. okkar.

Loks er 3. breyt.till. okkar við 3. gr., nfl. að í staðinn fyrir: „Sé lambið ekki fóðrað, skal lambsfóðrið“ komi: „Geti búandi ekki fóðrað lambið, eða prestur notað lambsfóðrið, skal það“ o. s. frv. Þetta er dálítill munnur, en ekki svo verulegur að öðru leyti en því, að við vildum láta það koma skýrt fram, að búandi sé ekki skyldur að borga lambsfóður með peningum, ef hann getur fóðrað lambið, nema því að eins, að presturinn ekki geti notað fóðrið, t. d. ef hann ekki á lömb í fóðrið, eins og oft getur komið fyrir með presta í kaupstöðum. Við viljum sem sé láta það koma skýrt fram, að það sé lambsfóður, en ekki gjald fyrir það, sem presturinn á að eiga heimting á undir öllum kringumstæðum, nema þeim einum, ef hann ekki getur notað fóðrið.

Það hefir verið töluverð réttaróvissa um þetta gjald áður. Sumstaðar hafa prestar skoðað svo sem þeir væru einráðir um, hvort þeir skyldu senda lamb í fóður eða innheimta þetta gjald með öðrum gjöldum. Þeir álíta, að þegar þeir hafa heyjað vel, þá sé hagnaður fyrir þá að taka þetta gjald heldur í peningum, sérstakl. í sveitum, þar sem lambsfóður eru ódýrari innansveitar og hægt að fóðra lambið fyrir neðan verðlagsskrá.

Þar sem nú þetta frumv. gengur í þá átt, að fyrirbyggja sem mest alla réttaróvissu viðvíkjandi tekjum presta, þá fanst okkur rétt að setja þetta ákvæði inn í frv. Eg vona að þessum brtill. okkar verði tekið vel af háttv. þd., og skal eg taka það fram aftur, að við göngum alveg að brtill. h. þm. Barðstr. á þsk. 372 við okkar brtill. og tökum þess vegna brtill. okkar við 1. gr. aftur.

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Eg skal leyfa mér að lýsa því yfir, fyrir nefndarinnar hönd, að hún getur gengið að öllum þessum 3. brtill. á þsk. 367. og sömuleiðis brtill. við þær brtill. Að vísu er 1. og 2. brtill., um að kvenmaður gjaldi hálfu minna en karlmaður, nýmæli í lögum, og að því leyti ekki í samræmi við þessi lög, því það var ekki meiningin að setja nýmæli í þau. En það var reyndar með hálfum huga, að nefndin gerði það, að láta dagsverkskvöðina ná til lausakvenna, því að það mun ekki vera siður allsstaðar á landinu, að taka dagsverk af lausakonum. Það var einungis af því, að nefndin fekk upplýsingar um það, að þetta er tíðkað víða og af því að það er ekki gagnstætt lögum, þá bætti nefndin lausakonum inn í. Þegar nú litið er á það, að þær hafa að öllum jafnaði minni inntektir en lausamenn, þá virðist mér ekki nema sanngjarnt, að láta þær gjalda minna en búlausa karlmenn. Við hinar aðrar brtill. hefi eg ekkert að athuga, eg álít það eingöngu gott til skýringar, að bæta þeim orðum inn í frv. og leyfi eg mér að leggja það til, að þær verði samþyktar.

Hallgrímur Sveinsson: Eins og eg þegar við 1. umr. tók fram, álít eg að frv. þetta sé til verulegra bóta og geti engum mótmælum sætt, sérstaklega vegna þess, að það gengur ekki í þá stefnu, að innleiða nein nýmæli, heldur að eins miðar til þess að gera skýrari og fyllri ákvæðin um þau gjöld, sem nú eru í lögum. Og þetta frv. fullnægir að mínu áliti þeim tilgangi eins og bezt verður á kosið. Það

getur að vísu verið, að einhver óvissa sé á einstaka stað, enda er varla hægt að búa svo um hnútana, að alt sé opið og öndvert og engin óvissa geti fundist, en það er vafalaust á mjög fáum stöðum. Að svo miklu leyti, sem frv. miðar til að aftaka þá óvissu, sem áður hefir átt sér stað í þessu efni, þá verður ekki annað sagt, en að þeim tilgangi sé heppilega náð; það fer ekki fram á nein eiginleg laganýmæli, heldur að eins að binda lagakrafti þá venju, lögfesta þær reglur, sem farið hefir verið eftir, og sumpart eru bygðar á því, sem skynsamir og hygnir menn hafa álitið heppilegast og sumpart á yfirvaldsúrskurðum.

Það var rétt, sem h. þm. S.-Múl. (G. V.) tók fram, að í brtill. hans er fólgið dálítið nýmæli, sem sé, að dagsverk það, er kvenmaður á að greiða presti, sé hálfu mina en karlmanna, og virðisi það vera sanngjarnt, því að dagsverk mun ekki almennt vera heimtað af konum, enda er það vitanlegt, að það gjald, sem er sanngjarnt fyrir kalmann getur orðið mjög ósanngjarnt fyrir kvenmann, sérstaklega ef hún tálmast á einhvern hátt í atvinnu sinni, sem oft getur fyrir komið, að veil heilsa eða annað þessleiðis geri afkomu hennar rýrari. Eg verð því að gefa frv. og brtill. atkvæði, sem góðri réttarbót, er tekur af megna óvissu, og eftir minni sannfæringu verður til að efla gott samkomulag milli prests og gjaldþegna.

Eg vil að öðru leyti að eins geta þess, að rétt væri að leiðrétta smávegis orðabreytingar eða orðvillur á 3. stöðum, sem eg hygg að gera megi án sérstakrar brtill., því að þessar villur munu orðið hafa í prentuninni, eða ritvillur. Sú fyrsta er í 1. gr., næstsíðustu línu; þar stendur: „og eins þó *þeir* tíundi ekkert“ o. s. frv.; þar er rangt kyn, því að fornafn þetta mun eiga við bæði lausamenn og lausakonur, sem standa á undan, eins og orðið „þau“ í síðustu línu á við „húsmenn og húskonur;“ orðið „þeir“ mun komið hafa af því, að það átti upphaflega að eins við „lausamenn,“ en svo var „lausakonur“ skotið inn í með brtill.; eg hygg að þetta megi leiðrétta í hendi sér eins og orðvillu eða ritvillu, og vildi eg skjóta því til hæstv. forseta, hvort það megi ekki gera.

Í annan stað hefir í 2. gr. fallið burtu við prentun smáorðið „*og*,“ í upphafi setningarinnar: „er eigi notuð við ábúð“ o. s. frv.; þetta samsetningarorð var eftir brtill. nefnd. á þsk. 300, 7. tl., látið standa, svo að eg hygg að það sé fallið úr af vangá.

Hin 3. leiðrétting, sem eg vildi benda á að gera þyrfti, er í 4. gr., í upphafi síðari línu; þar stendur „þeir“ í staðinn fyrir „þau“ og mun sú villa til komin á sama hátt og hin fyrri í 1. gr.

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Í brtill. nefndarinnar stendur „þau“ fyrir „þeir“ á báðum stöðunum, „og“ vantar sömuleiðis á sinn stað, svo þetta eru prentvillur, sem fara má með á venjulegan hátt.

ATKV.GR.: 1. brt. (þsk. 367) sþ. í e. hlj.; 2. brt. (þsk. 367) tekin aftur. Brtill. (þsk. 372) sþ. í e hlj.; 3. brt. (þsk. 367) sþ. í e. hlj. Frv. samþ. í heild sinni og afgreitt til forseta Nd.

Ein umr. (C. 561) 25. ágúst

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Eins og eg skýrði frá í gær, finnur nefnin ekki ástæðu til að stinga upp á breytingum við frv., en aðhyllist breytingar þær, sem h. Nd. hefir gert á því, þar sem þær ekki eru stórvægilegar. Í 1. gr. er helzta breytingin, nfl. að sá gjaldandi, sem vinnur dagsverkið, skuli fæða sig sjálfur. Auðvitað hefði það verið eðlilegast, að láta það halda sér eins og það var áður, enda var það samkvæmt tilgangi frumvarpsins. En mér finst þessi breyting samt ekki gera svo mikið til, vegna þess að það er almennara, að gjaldendur greiði dagsverkið en að þeir vinni það.

Í 2. gr. hefir h. Nd. gert þá breytingu á frv. að hún hefir hækkað 500 kr. upp í 600 kr., eða með öðrum orðum bundið offurskylduna við 600 í staðinn fyrir við 500 kr. laun. Þetta er heldur ekki stórvægileg breyting. Það getur auðvitað haft áhrif á einstöku offur; en eg sé ekki að það geri svo mikið til.

Í 3. gr. hefir h. Nd. gert talsverða brt. á frv., og efast eg mikið um, hvort sú breyting er til bóta, en nefndin fann ekki ástæðu til að stinga upp á neinum breytingum við það.

Í 3. gr. hefir slæðst inn prentvilla. Þar á að standa „framfleytir“ í staðinn fyrir „framleiðir“.

Eg hefi svo ekki meira að segja um frv. að þessu sinni, en vil að eins mæla með því, að h. deild samþykki það óbreytt, eins og það kom frá h. neðri deild.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vil að eins leyfa mér að benda á, að önnur prentvilla hefir slæðst inn í frv. í 3. gr. í næstu línu á eftir hinni prentvillunni, þar stendur: „Ef lamb er eigi fóðrað, skal „það“ goldið, en ætti að vera „lambsfóðrið“ goldið. Það skilst aðvitað eins og það stendur í frv. og verður varla að ásteitingarefni, en eins og það stendur, er það miður lögulegt mál, en má laga það í prentuninni.

Guttormur Vigfússon: H. flutningsm. og framsögumaður þessa frumv. sagði að það hefði ekki tekið neinum verulegum breytingum í h. Nd., en mér finst það hafa tekið töluvert stórvægilegum breytingum, og því miður flestum í þá átt, að herða á núgildandi ákvæðum um tekjur presta. Viðvíkjandi breytingunni við 1. gr. skal eg játa að eg legg ekki svo mikla áherzlu á það, hvort gjaldandi á að fæða sig sjálfur þegar hann vinnur dagsverkið, eða prestur fæðir hann, enda er mér eigi fullkunnugt um, hvað lagaskylda er í þessu efni eftir núgildandi lögum. Breytingar þær, sem háttv. Nd. hefir gert á 3. gr. frumv. fara eindregið í þá átt að íþyngja gjaldendum. H. Nd. hefir þar sett inn í frv. alveg nýtt ákvæði nfl. að húsmenn skuli fóðra lamb, þótt þeir eigi hafi ákveðinn jarðarhluta eða afmarkað slægjuland til umráða, ef þeir einasta hafa grasnytjar svo miklar að þeir framfleyti 3 hundruðum kvikfénaðar. Þetta er algert nýmæli, því þessir menn hafa eigi áður verið skyldir til að greiða heytoll. Það er alkunnugt, að hér á landi eru margir húsmenn, sem berjast fyrir konu og börnum með lítil efni; þessir húsmenn vinna hjá bændum allan árshringinn sem vistföst hjú, en taka oft að meiru eða minna leyti laun sín í gripafóðri. Húsmaðurinn er þá sem nokkurs konar hjú hjá húsbóndanum. Þegar nú þess er gætt, hvað eignatakmarkið, sem lamsfóðurskyldan er bundin við, hefir verið sett lágt, þar sem húsmaður þarf eigi að framfleyta nema 3 hundruðum kvikfénaðar, til þess að ofan á hið óréttláta dagsverk bætist sú skylda að fóðra lamb fyrir prestinn, er mun nema að meðaltali hér um bil 4. kr. árlega, þá vona eg allir sjái, að nefndin hefir ekki breytt hér til batnaðar. Þetta nýja gjald hlýtur þannig að verða all þungbært fyrir húsmenn, sem venjulegast eru fátækasti hlutinn af vinnufólki, að minsta kosti til sveita, menn, sem þurfa oft að vinna fyrir konu og börnum, og hafa venjulega lítið eða ekkert gjaldþol. Eftir því sem eg heyrði á umræðunum í h. Nd. um þetta mál, var gengið út frá því, að það getur komið fyrir að húsmenn séu svo vel efnum búnir, að þeir hafa alt að helmingi af gripum á við hinn reglulega ábúanda. — Eg skal alls ekki neita því að þetta geti átt sér stað, en að mínu áliti mundu þessir fáu menn þá helzt mega heimfærast undir flokk búandi manna, en ekki nota þá til að koma þungum skatti á fátæklinga, sem ekkert þola að missa. Mér finst 3. gr. hafi verið spilt svo mikið í

h. Nd., að eg mun afdráttarlaust greiða atkv. móti frumv. Efri d. hafði með frv., eins og það fór héðan úr deildinni, töluvert lagað ákvæðið um heytolla, ekki á þann hátt að íþyngja neinum, heldur með því að gjöra ákvæðin ljósari en þau áður voru, og aðgengilegri fyrir báða hlutaðeigendur. En hér er frumv. komið í gamla formið, nefnil. ef lambið sé ekki fóðrað, skuli lambsfóðrið undantekningarlaust goldið eftir verðlagsskrá. Það er því undir prestinum einum komið, hvort hann vill nota fóðrið, eða heimta það útborgað í peningum. Ef hann er vel birgur með hey, þá tekur hann það í peningum. Sé það lágt eftir verðlagsskránni, þá sér hann sér hag í að taka lambsfóðrið. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um frv. þetta, en vildi helzt óska, að það yrði felt.

Sigurður Jensson: Eg held ekki að það sé hægt að segja það, að hert sé á gjaldendum með þessu frv., að öðru leyti en því að þessi breyting komst inn hjá h. Nd., að gjaldandi skuli fæða sig sjálfur, er hann vinnur dagsverkið. En svo hefir aftur í h. Nd. verið sett ákvæði inn í frv., sem losar marga gjaldendur við offurskyldu, með því að ákveða, að lægstu laun, sem offurskyldan er bundin við, skuli vera 600 kr. í staðinn fyrir 500 kr., eins og áður var. Það er þá aðallega breytingin í 3. gr., þar sem lagt er hið nýja gjald á húsmenn, sem h. þm. S.-Múl. (G. V.) virtist vera svo þungbært fyrir hlutaðeigandi gjaldendur.

Viðvíkjandi þessu skal eg í fyrsta lagi taka það fram, að það mun hafa komið fyrir, að prestar hafi þózt geta tekið lambsfóður af húsmönnum, ef þeir hafa haft svo mikið gras, að þeir hafi framfleytt þrem hundruðum kvikfénaðar. Það er ef til vill spursmál um hvort það sé rétt; en eg verð þó að halda, að þótt þetta ákvæði sé látið standa, þá sé ekki þar með lögð þyngri byrði á húsmenn en nú hvílir á mörgum bændum í sjávarplássum, sem greiða lambsfóður, og fóðra þó ekki meiri pening en hér er tekið til.

Eg ætla að það séu margir bændur í sjávarplássum, sem framfleyti minna en þrem hundruðum kvikfénaðar, en verði samt að greiða þetta gjald. Meðal þeirra eru líka margir, sem verða að vinna fyrir konu og börnum, og mundi því eigi síður ástæða til að losa þá við að gjalda lambsfóður en húsmennina, ef hér væri meiningin að gjöra gjöldin til presta sanngjarnari en nú er. En eins og eg hefi áður sagt, þá er það ekki tilgangur þessa frv., því að þá þyrfti að gjöra stórvægilegri breytingar á gjöldunum, og yfir höfuð byggja á alt öðrum grundvelli en hér er gjört.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 8 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Greiðsla verkkaups.

FRUMVARP til laga um greiðslu verkkaups (469); 1. umr. 19. ágúst.

Júlíus Havsteen: Eg vil leyfa mér að stinga upp á að 3 manna nefnd verði kosin til að íhuga þetta mál.

Nefnd samþykt með 7 atkv. og hlutu kosningu:

Júlíus Havsteen með 7 atkv.
Kristján Jónsson með 5 atkv.
Jónas Jónassen með 4 atkv.

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 469, 503), 22. ágúst.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Af því að þetta er að eins framhald 1. umr., er eigi unt að ræða einstakar greinar eða hin einstöku ákvæði frumv.; eg vil því að sinni láta mér nægja að vísa til nefndarál., og óska þess, að frumv. fái að ganga til 2. umr.; þá mun gefast kostur á að ræða frv. eftir þörfum.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Önnur umr. (C. 469, 503), 24. ágúst.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það er orðið svo stutt eftir þingtimans, að varla er að vænta, að frv. þetta komist fram á þinginu, enda þótt nefndin leggi það til, að frumv. verði samþykt, með því að hún álítur, að í því felist góð réttarbót. Nefndin gat þó ekki felt sig við það alveg óbreytt, og hefir því komið fram með br.till. á þingskj. 503. Nefndin veit það, og þingmönnum er það sjálfsagt einnig kunnugt, að venja hefir verið hér í landi, einkum á Suðurlandi í hinum stærri verzlunarstöðum, að greiða ekki kaupgjald verkamanna í peningum, heldur út úr búð, sem kallað er; þessari venju á frumv. að hrinda, ef það verður að lögum, og viðurkennir nefndin því, að stefna frv. sé rétt. En athugavert virtist henni að lögbjóða greiðslu verkkaupsins undanþágulaust í peningum, eða í vörum með peningaverði, af því að ákvörðun þessi yrði, að eg hygg, óframkvæmanleg, og mundi enda koma í bága við samningsfrelsi manna. Breyt.till. nefndarinnar fara í þá átt, að þó að aðalreglan verði, að greiða verkkaupið í peningum, geti þó hlutaðeigendur með samningi sín á milli ákveðið á annan hátt um greiðsluna, borgun þess í vörum, eða með skuldajöfnuði. Eg álit rétt, að h. þingd. samþ. þessar breyt.till. og síðan alt frv. með atkvæðagreiðslu sinni.

ATKVÆÐAGR.: br.till. (503) samþ. með 7 atkv.; 1. gr. frumv. samþ. með 8 atkv.; 2.—4. gr. samþ. með 8 atkv. Fyrirsögn samþ. með 8 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Þriðja umr. (C. 469, 503), 25. ágúst.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eftir að frumv. hefir verið leiðrétt eftir bendingum forseta, sjá h. þingdm., hvernig það nú lítur út, eins og það var samþ. við 2. umr. hér í deildinni. Hér er að eins að ræða um declaratorisk lög, ɔ: lög, sem leyfa ótakmarkað samningafrelsi um verkkaupið milli vinnuveitanda og vinnuþiggjanda. Nefndin áleit, að ekki væri tiltækilegt að fara lengra, eða setja þvingunarlög um greiðslu verkkaupsins, sem væru bindandi fyrir hlutaðeigendur, hvernig svo sem samið væri milli þeirra. Eftir þessu frv. verður reglan sú, að hver atvinnuveitandi verður að sýna áreiðanlegan samning, vottanlegan eða skriflegan, um að vinnukaup skuli goldið í öðru en peningum; geti hann það ekki, verður hann að gjalda það í peningum.

Með því að í frv. felst veruleg réttarbót, þar sem það, ef það verður að lögum, mun hrinda æfagamalli, rótgróinni venju um greiðslu verkkaups, sem að allra dómi er skaðleg, vil eg leyfa mér að óska þess, að h. deild samþ. það óbreytt, ef það kynni að geta tekist til meðferðar í h. Nd., sem þó er vafasamt, þar sem áliðið er þingtimans.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 8 atkv. og sent aftur til h. Nd.

Breyting á bæjarstjórnartilskipun Reykjavíkur.

FRUMVARP til laga um breyting og viðauka við tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavik 20. apríl 1872 (C. 319); 1. umr. 9. ágúst.

Hallgrímur Sveinsson: Eg er ekki sérstaklega kunnugur því máli, sem hér er um að ræða, en eftir því sem mér hefir skilist, mun frumv. þetta vera samið af bæjarstjórninni í Reykjavik, og að hún óski, að það verði tekið í lög. Sömuleiðis hefi eg heyrt að hæstv. landsh., sem mun hafa sagt álit sitt um það í h. Nd., hafi ekkert sérlegt við það að athuga. Þegar þessu er þannig varið, að bæjarstjórnin í Reykjavík hefir samið frumv., þá má gera

ráð fyrir, að það sé bygt á nægri þekkingu, og að hún því að eins hafi farið fram á, að breyta hinum gildandi lögum, að henni hafi fundist þau hafa agnúa, sem af þyrfti að taka. Eg hefi aldrei í bæjarstjórn verið, og ekki neitt nákvæmlega sett mig inn í tilskipunina um bæjarstjórnina, eg held meira að segja, að eg hafi sjaldan eða aldrei lesið hana alla, og varla nema einstakar greinar hennar, sem hafa komið mér við að einhverju leyti. Eg hefi því ekki neina sjálfstæða þekking á þessu máli.

En það, að þetta frv. er fram komið af hvötum bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, hefir í mínum augum töluverða þýðingu, og einmitt af því, hvernig það er til komið, samið af bæjarstjórninni og borið fram hér á þinginu, að eg hygg, af manni, sem bæði er þingmaður Reykjavíkur og meðlimur bæjarstjórnarinnar, einmitt þess vegna hygg eg, að óhætt sé að samþykkja frumv.

Landshöfðingi: Það er mikið rétt sem h. 2. kgk. (H. Sv.) gat til, að frv. þetta er upphaflega samið af bæjarstjórninni í Reykjavík, og að eg undir umræðunum um frv. í h. Nd. lét í ljós, að eg fyrir mitt leyti væri ekki mótfallinn þeim breytingum, sem frumv. fer fram á að gera á hinum núgildandi lögum. Eg skal taka það fram, af því að það er ef til vill ekki öllum kunnugt, að þetta frv. var af bæjarstjórninni í Reykjavík sent til mín í vetur og eg beðinn að koma því á framfæri. Eg lagði með því, að það yrði lagt fyrir þingið, en stjórnin vildi ekki fallast á mínar tillögur, og áleit hún að frumv. væri ekki til þess fallið, að leggjast fyrir þingið af hennar hálfu. Það sem hún hafði á móti því, að leggja frv. fyrir alþingi sem sitt frv., var bæði sú breyting á núgildandi lögum, að umsóknir um húsmenskuleyfi skuli lagðar undir úrskurð bæjarstjórnarinnar, og að landshöfðingi skuli leggja fullnaðarúrskurð á þann ágreining, sem út af því kynni að rísa; sömuleiðis þótti stjórninni athugavert sambandið milli hafnarnefndar og bæjarstjórnar, og milli fátækranefndar og bæjarstjórnar, eins og því mundi skipað eftir þessu frumv. Sérstaklega var það eitt atriði, sem ráðaneytið áleit að komið gæti til greina, áður en frv. kæmist svo langt, að það yrði að lögum, hvort slík ákvæði, sem í frv. felast, ekki skuli einnig ná til hinna kaupstaðanna. Svona liggur málið fyrir, að stjórnin fann ýmislegt að frv., og vildi ekki gjöra það að sínu frv.; en bæjarstjórnin hefir samt viljað tefla á tvær hættur með að fá það staðfest, ef þingið einnig legði sitt fylgi til. Eg lét mína skoðun strax í ljós, þegar eg sendi stjórninni frv., en stjórnin gat sem sagt ekki hallast að henni.

Júlíus Havsteen: Eg fyrir mitt leyti get felt mig við ástæður stjórnarinnar fyrir að vilja ekki gera frv. þetta að sínu, — að mestu eða öllu leyti. Í fyrsta lagi, hvað snertir fullnaðarúrskurð á beiðnum um húsmenskuleyfi, þá er það undarlegt og óviðkunnanlegt, að aðrar reglur gildi um það í Reykjavík heldur en annarsstaðar á landinu. Eg get alls ekki séð minstu ástæðu til að breyta þeim reglum, sem nú gilda í þessu efni, að því leyti er snertir Reykjavík.

Um tilefni til þessa lagafrv. vil eg ekki tala. Það kann vel að vera, að bæjarstjórnin sé ekki ánægð með mína úrskurði, en það getur líka farið svo, að þeir mæti hinu sama hjá landshöfðingja.

Um yfireftirlit með gjörðum hafnarnefndar og stjórn hafnarsjóðsins er það að segja, að það ætti að sjálfsögðu að vera hjá landshöfðingja en ekki amtmanni.

Hvað snertir eftirlit amtmanns með byggingarnefndinni og hennar aðgerðum, þá get eg fallist á, að það mætti afnema; það gæti vel verið eins hér og á Ísafirði í því efni, enda væri það þægilegra fyrir amtið, að komast ekki í það, að verða

samsekur byggingarnefndinni í því, ef götur eru skakt lagðar eða hús standa fram úr húsaröðinni.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 319) 11. ágúst.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ með 8 : 1 atkv., 2. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv., 3. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv., 4. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv., 5. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv., 6. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 7 samhlj. atkv. Vísað til 3. umr. með 7 : 1 atkv.

Þriðja umr. 14. ágúst.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 6 : 1 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Fjáraukalög 1898 og 1899.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899 (C. 246); 1. umr. 31. júlí.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. 246, 286) 4. ágúst.

Hallgrímur Sveinsson: Eg hefi ásamt tveimur öðrum þingm. leyft mér að koma fram með viðaukatill. við frv. þetta, og eg finn mér skylt að gera grein fyrir henni, þar sem eg ekki býst við að h. þingdm. sé kunnugt um, hvernig standi á henni. Viðaukatill. okkar er á þá leið, að á eftir 3. gr. bætist inn í ný grein svo hljóðandi: „Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stéttarinnar í 13. gr. A. b. (önnur útgjöld) veitast 200 kr., til að varna skemdum af Höfðaá á engjum og túni prestsetursins Höfða í Skagafirði, með því að gera steinlímdan fyrirstöðu garð.

Greinatalan breytist eftir þessu og sömuleiðis upphæðin í 1. gr.

Þetta er viðbótin, sem hér er um að ræða, og sem við flutnm. óskum að gæti komist inn í frumv. Orsökin til þess, að hún ekki hefir komið fyr, er sú, að stiftsyfirvöldunum barst bréf með síðasta pósti frá prófastinum í Viðvík, er sendi okkur bréf, er presturinn á Höfða hafði sent honum. Í bréfi þessu er skýrt frá, að Höfðaá hafi í miklum vatnavöxtum í miðjum júnímánuði myndað sér nýjan farveg, brotist yfir engjarnar og borið á þær ógrynni af grjóti og leir; en ekki engjarnar einar hafa orðið fyrir skemdum, heldur hefir áin einnig runnið undir túnið, svo í því hafa myndast smápollar hér og hvar, sem engir voru áður. Prófasturinn í Skagafjarðar-prófastsdæmi útnefndi tvo menn, Jósef Björnsson og Konráð Jónsson, til að meta skemdirnar, og segja þeir svo frá í skoðunargerð sinni, að áin hafi hlaupið úr farveg sínum þegar hún kemur fram úr gilinu, hafi flætt yfir engið og borið ógrynni af grjóti og leðju á það. Síðar í skoðunargerðinni meta þeir svo heyfallið, sem tapast muni, og komast að þeirri niðurstöðu, að skemdirnar á enginu muni nema 200 hestum. Til þess að varna þess háttar skemdum framvegis segja þeir að nauðsyulegt sé að hlaða garð, 6—8 faðma langan, helzt steinlímdan, frá klöpp einni norðanvert við ána, og að kostnaðurinn við það geti ekki metist minna en 200 kr. Bæði prófastur og prestur telja þetta mat í lægsta lagi, og er þó í því eingöngu tekið tillit til þess að laga árfarveginn, en þar að auk er mikið annað verk, sem þarf að vinna og presturinn mun ætla sér að gera endurgjaldslaust, nfl. það verk, að hreinsa af engjunum grjót og leðju, en sérstaklega þó að hreinsa skurðina, sem margir hverjir hafa fylst algerlega, og ef til vill sum-

part grafa nýja skurði; þetta verk alt ætlar presturinn að láta vinna endurgjaldslaust, en fer hins vegar fram á, að fá 40 kr. árlega uppbót á jörðinni fyrstu 3 árin og 16 kr. uppbót síðan um óákveðinn tíma. Þetta höfum við samt sem áður ekki treyst okkur til að fara fram á, en töldum það mjög líklegt, að deildin mundi geta fallist á þessa viðaukatill., þar sem hún eingöngu fer fram á, að varna skemdum á prestsetrinu framvegis, en ekki að bæta úr þeim, sem þegar eru á komnar eða útvega prestinum uppbót.

Við höfum ekki álitið það gjörlegt, að reyna að koma þessari upphæð inn á fjárlögin, vegna þess, að brýn nauðsyn er á að varnargarðurinn verði bygður nú þegar í haust; en væri þessi upphæð veitt á fjárlögum, fengist hún ekki útborguð fyr en um miðjan vetur, og garðurinn yrði þá óbygður. En með því að veita fé á fjáraukalögum, getur presturinn bygt garðinn þegar í haust og vænst útborgunar á kostnaðinum fyrir nýár.

Það kann svo að vera, að sumum virðist þetta nýmæli og séu því þess vegna mótfallnir. En eg vil geta þess, að þetta er ekki eins dæmi, og skal eg benda á eitt dæmi. Á fjáraukalögum 1888—89 var veittur styrkur til að verja skemdum á einni þjóðjörð. Hér er að sönnu ekki um þjóðjörð að ræða, heldur um prestsetur og eg býst við því, að sumum kunni að finnast það nokkuð annað, og skal einnig játa að svo er; en eg skal benda á, að þó hér sé ekki um eiginlega eign landssjóðs að ræða, þá er þó hér að ræða um opinbera eign að því leyti að þetta er eign, sem miðar að því, að halda uppi sameiginlegum nauðsynjum eg á við kristnihald og almenna prestsþjónustu, því annaðhvort er, að prestsþjónustan minkar, er prestsetrin ganga úr sér eða eyðileggjast, eða þá að landssjóður verður að leggja prestunum meira fé og launa þá líkt og aðra embættismenn landsins. Eg held að hagur landssjóðs og þessa prestseturs standi í svo nánu sambandi, að ef þessi eign er látin skemmast, þá sé einnig með því unninn landssjóði skaði, og eg vona að h. þingd. sé á sömu skoðun og fallist því á viðaukann.

Sökum tímaleysis hefir ekki verið hægt að leggja hér að lútandi skjöl fram og af þeirri ástæðu hefi eg skýrt svo ítarlega frá öllum atvikum, en nú gefst hverjum sem vill kostur á að kynna sér skjölin á lestrarsalnum, þar sem þau munu verða lögð fram.

ATKV.GR.: 2. gr. frv. samþ. í e. hlj., 3. gr. 1. stafl. samþ. í e. hlj., 2. stafl. samþ. í e. hlj., 3. stafl. samþ. með 7 atkv., 3. gr. öll þannig samþ. Viðaukatill. að ný grein bætist inn á eftir 3. gr. samþ. með 9 atkv., 4. gr., sem nú verður 5. gr., samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 305) 7. ágúst.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 9 atkv. og afgreitt aftur til Nd.

Ein umr. (C. 399) 15. ágúst.

Kristján Jónsson: Það er komin fram sú breyt.till. við frumv. þetta hér í h. þingd., að 5. gr. falli burt. Um þetta atriði þarf upplýsingar frá bæstv. landsh. og ef til vill úr annari átt, og þar sem eg veit, að landshöfðingi getur ekki verið viðstaddur hér, vil eg leyfa mér að óska þess að málið sé tekið út af dagskrá, svo að tími vinnist til að afla sér hinna nauðsynlegu upplýsinga og athuga málið; en eins og kunnugt er kom breyt.till. ekki fram fyr en nú á fundi.

Forseti tók frv. út af dagskrá.

Ein umr. (framh.) (C. 309, 423) 16. ágúst.

Kristján Jónsson: Eg stend upp til þess að gera grein fyrir, hvers vegna eg í gær óskaði þess, að mál þetta væri þá

tekið út af dagskrá. Orsökin var sú, að í fundarbyrjun var útbýtt breyt.till., sem fór í þá átt, að fella burtu einn liðinn í frumv, sem samþyktur hafði verið af h. Nd. Eg hafði lítilfjörlega heyrt talað um þennan lið, en mér var málið þó ekki svo kunnugt, að eg treysti mér til að greiða atkvæði um hann, án þess að hafa leitað mér frekari upplýsinga. Þetta hefi eg gert síðan, og finst mér skylt að skýra deildinni frá, hvernig málinu hér víkur við og gera grein fyrir atkv. mínu.

Breyt.till., sem hér liggur fyrir, fer fram á að fella burtu 5. lið frumv., en hann er þannig: „Sem viðbót við fé það, sem talið er á fjárlögunum 13. gr. C., til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmenta, veitist: til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Laxárdal 1200 krónur". Háttv. deild minnist þess, að á fjörlögunum 1895 var Magnúsi Þórarinssyni veittur 1200 kr. styrkur til að setja á stofn auknar og endurbættar tóvinnuvélar á Húsavík, eða með öðrum orðum: honum var veittur styrkurinn til að flytja tóvinnuvélarnar frá Halldórsstöðum í Laxárdal til Húsavíkur. Þessi styrkur var veittur Magnúsi persónulega, en ekki sýslunefnd Þingeyjarsýslu. Í janúar '96 var þessi styrkur útborgaður sýslumanni Benedikt heit. Sveinssyni; hvort það hefir verið sem umboðsmanni sýslunefndarinnar veit eg ekki, en eg held þó ekki, að svo hafi verið, því sýslunefndin mun hafa álitið þetta sér alveg óviðkomandi. Hvernig svo hefir farið um féð, hvort það hefir verið borgað Magnúsi Þórarinssyni eða ekki get eg ekki fullyrt neitt um, en eg ímynda mér, að Magnús hafi fengið styrkinn útborgaðan. En hvernig sem þetta hefir nú verið, þá er það víst, að Magnús hefir ekki flutt vélarnar enn þá norður á Húsavík, svo skilyrðinu fyrir styrknum hefir ekki enn þá verið fullnægt. Afleiðingin af þessu er sú, að í lögum um samþykt landsreikninga, sem um daginn voru afgreidd frá þinginu, voru þessar 1200 kr. ekki tilfærðar sem útborgaðar úr landssjóði. Með öðrum orðum: það fé, sem var útborgað Benedikt sál. Sveinssyni í jan. 1896, er talið enn þá vera í landssjóði og peningaforði landssjóðs færður upp um nefndar 1200 kr. Þar sem nú féð vitanlega hefir verið borgað út, þá er spurningin um, að hverjum landssjóður eigi aðganginn. Væri það sýslunefnd Þingeyjarsýslu, sem aðgangurinn væri að, þá væri ekki um neina erfiðleika að tala; en eg held ekki að svo sé, því hvorki var féð upprunalega veitt henni, og hún mun heldur ekki sjálf á neinn hátt hafa veitt því viðtöku. Landssjóður hlýtur því að eiga aðganginn annaðhvort að búi Benedikts sál. Sveinssonar eða að Magnúsi Þórarinssyni. Ef Magnús hefir fengið féð, sem eg fyrir mitt leyti efast ekki um, þó eg geti ekki fullyrt það, þá hlýtur þessi krafa á endanum að lenda á honum. En nú er spurningin um það, hvort það er tilvinnandi fyrir landssjóðinn að gera mikinn rekstur af þessu, því að varla er hugsanlegt, að hægt verði að ná í þetta fé án málssóknar, en úrslit málssóknar á hinn bóginn nokkuð hæpin, einkanlega vegna þess, að það er ekki fullkomlega ljóst, að hverjum eigi að stefna sókninni, hvort heldur að búi Benedikts sál. Sveinssonar eða Magnúsi Þórarinssyni. Ákvæði 5. gr. eru nú sett til þess að komast hjá þessum vandræðum. Eg skyldi nú samt sem áður ekki mæla þessari 5. gr. bót eða leggja á móti breyt.till. háttv. þm. Ísf. (S. St.), ef eg ekki hefði aðra ástæðu til þess en þá, að leitast við að komast hjá þessu neyðarúrræði, málssókninni. Eins og eg tók fram, eru mestar líkur til, að Magnús Þórarinsson yrði á endanum sjálfur að borga þessar 1200 kr., þar eð hann að öllum líkindum hefir veitt þeim móttöku hjá Benedikt sál. Sveinssyni. Þessi maður, Magnús Þórarinsson, hefir sýnt lofs-

verða viðleitni á að koma á fót þarflegu fyrirtæki og vitanlega varið miklu meira fé en þessum 1200 kr. í það fyrirtæki, því að hann hefir lagt alt sitt fé í það. Og hafi hann veitt móttöku áminztum 1200 kr., er það ekki efamál, að hann hefir varið þeim til hins sama. Spurningin er nú um, hvort ekki sé réttlátt, að láta hann halda þessum 1200 kr. sem viðurkenningu fyrir starf hans til þess að koma upp tóvinnuvélum; en eftir skoðun þeirri, sem fram hefir komið á þessu þingi og virðist vera að ryðja sér til rúms, er stofnun tóvinnuvéla velferðarmál landsins. Mér finst öll sanngirni mæla með þessu, og álít því réttast að samþykkja frumv. óbreytt eins og það liggur fyrir. Afleiðingin af því er, að Magnúsi verða veittar 1200 kr., sem viðurkenning frá þingsins hálfu, fyrir dugnað hans í þýðingarmiklu máli. Vitanlega koma þessar 1200 kr. ekki til neinnar nýrrar útborgunar, heldur ganga þær upp í þær 1200 kr, sem í janúar 1896 voru borgaðar sýslumanni Benedikt Sveinssyni.

Að endingu skal eg geta þess, að mér er tjáð, að Magnús sé félítill maður, sem ekki mundi vel standast að endurborga áminztar 1200 kr.

Sigurður Stefánsson: Háttv. 3. kgk. (Kr. J.) hefir tekið af mér ómakið með því rækilega að lýsa sögu þessa máls. Það sést á henni, að það getur enginn vafi leikið á því, að þessi styrkur hefir verið útborgaður, án þess þó að því skilyrði hafi verið fullnægt, sem styrkurinn var veittur með. Að hverjum landssjóður á aðganginn með þessar 1200 kr., hvort það er að Magnúsi Þórarinssyni eða búi Benedikts sál. Sveinssonar, veit eg ekki, en hitt er engum vafa undirorpið, að landssjóður á fulla heimting á því, að honum verði borgaðar þær aftur. Það kemur þá til greina, hvort nokkrar aðrar ástæður geta legið til þess að landssjóður tapi þessum 1200 kr.; hvort það er nokkur sanngirniskrafa, sem geri þetta tap nauðsynlegt. Eg skal játa, að eg er svo íhaldssamur fyrir landssjóðs hönd, að eg sé enga ástæðu til að láta hann tapa fé sínu á þennan hátt og þess vegna vil eg ekki láta taka þessa fjárveitingu upp í fjáraukalögin, með því líka að það er enn óvíst hvar þetta fé er niðurkomið, og sé það í búi Benedikts sál. Sveinssonar, þá ímynda eg mér, að það séu engir örðugleikar á að ná í það. Fyrst þegar landsstjórnin er búin að ganga úr skugga um hvar fé þetta er niðurkomið, þá getur verið að tala um að taka fé þetta upp á fjáraukalög, ef þá sanngirnisástæða mælir með því, en spurningin kemur þá fyrst fram, en ekki fyr.

H. 3. kgk. (Kr. J.) sagði, að hér gæti verið um tvo að ræða, sem landssjóður gæti átt aðgang að, en eg held að það sé öllu fremur 3 en 2, nfl. að það gæti einnig hugsast, að landsstjórnin yrði skyldug til að borga landssjóði þessar 1200 kr., þar sem hún hefir borgað þær út, án þess að því skilyrði væri fullnægt, sem tekið er fram í fjálögunum 1895 að styrkur þessi væri veittur með. —

Eg man vel eftir því, og var enda sjálfur með til þess að veita fé þetta á fjárlögunum 1895, í viðurkenningarskyni fyrir dugnað og viðleitni hlutaðeiganda, en þar fyrir sé eg enga ástæðu til þess einnig nú til þess að veita það aftur, sem viðurkenningu, nema ef vera skyldi viðurkenning fyrir að hafa ekki uppfylt skilyrði það, sem styrkveitingunni fylgdi.

Það kann að vera, að eg síðar yrði því meðmæltur, að láta Magnús Þórarinsson halda þessum 1200 kr., ef eg sæi að þær eru komnar niður hjá honum, en á meðan engin vissa er fengin fyrir því, verð eg að halda fast við þessa brtill. mína.

Landshöfðingi: Mér finst að báðir h. þm., sem hafa tekið til máls, hafi ekki skýrt fullkomlega rétt frá gangi þessa máls frá byrjun, að því er snertir styrk-

veitingu þessa og orðalag hennar á fjárlögunum 1895, að minsta kosti hefir h. þm. Ísf. (S. St.) algerlega misskilið styrkveitinguna, þar sem hann talar um skilyrði fyrir henni. Eg kannast alls ekki við að nokkur skilyrði hafi verið sett fyrir útborgun styrksins. Í fjárlögunum frá 1895 stendur: „styrkur til Magnúsar Þórarinssonar á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu til að setja á stofn auknar og endurbættar tóvinnuvélar á Húsavík.“ Hér er ekki með einu orði minst á neitt skilyrði, heldur er styrkurinn einmitt veittur til þess að setja á stofn vélarnar á Húsvík, og hefði þess vegna komið nokkuð seint, ef hann fyrst hefði verið borgaður út, eftir að búið var að koma upp vélunum. Eg hefi ætíð skilið þessar styrkveitingar, til að koma einhverju fyrirtæki á stofn, þannig, að hlutaðeigandi hafi heimting á að fá styrkinn útborgaðan strax og lögin hafa öðlast staðfestingu konungs, og verð því að halda því fram, að eg hafi ekki gert annað en það, sem rétt var, með því að borga út þennan styrk.

Annars held eg að það sé víst, að Magnús Þórarinsson hafi fengið þessar 1200 kr. útborgaðar. Hann mun hafa varið þeim, eftir því sem eg hefi komist næst, til að borga með vexti og afborganir af láni því, sem sýslan hafði fengið hjá landssjóði handa honum til vélanna. —

Það er því enginn vafi á því, að landssjóður ætti aðgang að Magnúsi Þórarinssyni, og væri farið að ganga að honum, þá gæti rekið að því, að taka yrði einmitt þessar sömu vélar og selja, sem styrkurinn upphaflega var veittur til. — Að vélarnar ekki voru fluttar til Húsavíkur kom til af því, að Magnús áleit að fénu væri betur varið, ef það væri notað til þess að endurbæta vélarnar þar sem þær voru, heldur en að verja fénu í flutning, sem litla þýðingu kynni að hafa. — Mér finst það nokkuð hart, ef þingið vildi nú láta fara að rýja þennan mann alveg inn að skyrtunni, þar sem þó fénu hefir verið varið til endurbóta vélanna, eins og aðaltilgangur styrksins mun hafa verið.

Eg skal að endingu taka það fram, að eg get ekki tekið á móti neinum ákúrum fyrir útborgunina á þessum styrk, þar sem eg að eins hefi gert það, sem mér bar að gera og ekki annað.

Sigurður Stefánsson: Eg skal ekki þræta við hæstv. landsh. um, hvort þessi styrkur hafi verið veittur skilyrðislaust eða ekki, en að eins geta þess, að eg man glögt eftir því, að framsögum. fjárlaganfd. í h. Nd. tók það skýrt fram við umr. í þeirri deild, að skilyrði fyrir fjárveitingunni væri, að vélarnar væru fluttar til Húsavíkur. Hvað það snertir, að stjórnin hafi sýnt nokkura forsómun í þessu efni, þá skal eg ekki halda fast við það, og má vera að mér hefði skjátlast í því. — En því verð eg aftur að halda fram, að styrkbeiðandinn hafi sjálfur átt að hætta við að taka á móti þessum styrk, fyrst hann ætlaði sér ekki að verja honum eins og til var ætlast. —

Eg vil því ekki láta taka þessa upphæð á fjáraukalögin fyr en vissa er fyrir, að hún fáist ekki. Það er heldur ekki nein hætta þó það dragist, en á hinn bóginn er landssjóður ekki svo vel standandi nú, að hann hafi ráð á að gefa 1200 kr. burtu, og þar sem vel getur farið svo, að fé þetta borgist inn aftur, þá held eg að mætti segja, að betur færi farið en heima setið.

Það getur vel verið að þessi maður eigi skilið viðurkenningu fyrir dugnað, og væri þá ekkert að því að veita honum hana, en hann á ekki skilið viðurkenningu fyrir að hafa veitt þessum styrk móttöku, án þess að hafa fullnægt þeim tilgangi, sem styrkurinn var veittur í.

Landshöfðingi: Mér finst h. þm. ekki hafa athugað nægilega vel það, sem er aðalatriðið í þessu máli. Spurningin er um það, hvort þingið óski að gengið sé

með odd og egg að Magnúsi Þórarinssyni, því það er afleiðingin af því að fella burtu 5. gr., því stjórnin hefir þá ekki um neitt annað að velja, en að taka fjárnám fyrir þessum 1200 kr., ef á þarf að halda, í þessum sömu vélum, sem þingið 1895 óskaði að styrkja. Spurningin er því alls ekki um, hvort hægt sé að fá þessar 1200 kr. eða ekki; fengjust ekki peningarnir, yrði landssjóður að bera það eins og hvert annað tjón, sem hann getur orðið fyrir. En það, sem mér finst miður rétt, það er að ganga hart að þessum manni, sem hefir sýnt mikinn dugnað og komið þessum vélum á stofn eftir óskum sýslunefndarinnar; og gæti þetta orðið til þess að hnekkja tóvinnuvélunum, þá held eg að það væri ekki tilvinnandi fyrir þessa litlu upphæð.

ATKV.GR.: Brtill. á þsk. 423 feld m. 7:2 atkv. Frv.sþ. í heild sinni með 8 shlj. atkv. og afgreitt til hæstv. landsh. sem *lög frá alþingi.*

Landsreikningasamþykt 1896 og 1897.

FRUMVARP til laga um samþyktir á landsreikningnum fyrir 1896 og 1897, (C. 331); 1. umr. 9. ágúst.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. 331) 11. ágúst.

ATKV.GR.: Tölul. I. (tekjukafl.) sþ. í e. hlj.; Tölul. II. (gjaldak.) sþ. í e. hlj.; Viðaukinn sþ. í e. hlj.; Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.; Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 331) 14. ágúst.

Frv. sþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Fjáraukalög 1896 og 1897.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir 1896 og 1897, (C. 330.); 1. umr. 9 ágúst.

ATKV.GR.: Vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Önnur umr. (C. 330) 11. ágúst.

ATKV.GR.: 2.—5. gr. sþ. í e. hlj.; 1. gr. sþ. í e. hlj.; Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.: Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 330) 14. ágúst.

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Breyting á horfellislögum 26. febr. 1898.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 5. 26. febr. 1898 um horfelli á skepnum. 1. umr. (C. 225), 25. júlí.

Sigurður Stefánsson: Frv. þetta er hingað komið frá h. Nd. og mun víst flestum koma saman um það, að hér er um mikilsvert mál að ræða.

Lögin frá 26. febr. 1898 hafa fengið allharðan dóm hjá almenningi, og ýmsar raddir hafa komið fram um að breyta þeim eða jafnvel fella þau alveg úr gildi. Eg fyrir mitt leyti skal ekkert hafa á móti því, að einhverjar breytingar yrðu gerðar á þeim lögum, en full ástæða er til að íhuga vandlega hverjar breyt. væru heppilegastar og hvort þetta frv., sem hér liggur fyrir nú, muni gera hinar æskilegustu breyt. Það hefir verið beinst að mér manna mest út af hinum gildandi lögum, enda þótt lögin séu alls ekki mín eign, þar sem þau tóku allmiklum breytingum í h. Nd. 1897, frá því, sem þau voru, þá er þessi háttv. þd. samþ. þau í fyrstu. En mér er þetta mál í heild sinni áhugamál, og fyrir því hefir það verið ósk mín og er það enn, að þinginu geti hepnast að finna ráð til að sporna við því, að þetta

þjóðarböl, harðýðgin og kvalirnar og horfellirinn á búpening landsmanna, haldist við og blómgist ár frá ári. Það kann nú í sumra augum að vera nokkur bót í frv. því, sem hér liggur nú fyrir, en eftir því sem eg lít á það, eru með því að samþ. það búin til beztu og fullkomnustu pappírslög. Ákvæðum frv. er svo meistaralega komið fyrir, að öll trygging er fyrir því, að menn geti eftir sem áður kvalið skepnur sínar og drepið þær úr hor eins og að undanförnu átölulaust, en lagt lögin upp á hyllu. H. Nd. hefir gjört það stryk, að færa alt yfir í gamla horfið aftur, til þess að fyrirbyggja það, að nokkuð sé gert og nokkuð sé framkvæmt, og að menn geti rólegir kvalið og drepið skepnur sínar án þess nokkur skifti sér af því.

Sem sagt, eg álít fulla ástæðu til að íhuga frv. þetta vandlega, og úr því enginn hefir beðið um orðið, vil eg stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþykt og í hana kosnir:

Sigurður Stefánsson með 9 atkv.
Þorkell Bjarnason með 5 atkv.
Jón Jónsson með 4 atkv.

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 225, 299) 5. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eins og eg gat um við 1. umr., þá leit eg svo á þetta frv. h. Nd., að það gerði hin gildandi lagaákvæði alveg þýðingarlaus. Í frumv. er nákvæmlega þrædd sú leið, sem ekki getur haft nokkurn sýnilegan árangur á það, sem lögin eiga að bæta, og kemur þetta bezt í ljós, þegar vér lítum á það, sem er meginatriðið í hinum gildandi horfellislögum, hinar fastákveðnu fjárskoðanir. Þessum ákvæðum hefir frv. h. Nd. alveg slept, og lætur það algjörlega vera komið undir áliti og geðþekni hreppsnefndanna, hvort og hvenær skoðanir skuli fara fram, en eftir því, sem eg þekki til framtakssemi hreppsnefndanna, þá held eg ekki neinn þurfi að bera kvíðboga fyrir, að þessar skoðanir komi nokkurn tíma til framkvæmda, ef þetta frumv. verður að lögum. Reynsla okkar frá eldri horfellislögunum, frá 12. janúar 1884, er búin að sýna okkur, að þessar skoðanir, þegar á átti að reyna, fóru aldrei fram.

Eins og eg hefi tekið fram, og sjá má af nefndarálitinu, þá hefir nefndin ekki getað fallist á aðalstefnuna í því frv., er hér liggur fyrir, en hins vegar fanst henni sum ákvæði frv. þess verð, að þau væru tekin upp. Þegar hér við bætist, að nefndin hefir auk þess, sem þegar er tekið fram, gjört ýmsar minni háttar breytingar á frv. og stungið upp á nýmælum og viðaukum við ýmsar greinar horfellislaganna, svo að umturna hefði þurft algjörlega því frumv., sem hér liggur fyrir deildinni, þá finst nefndinni réttast, að ráða h. deild til að fella frv. h. Nd., en samþ. annað frumv., sem hún hefir leyft sér að leggja fram.

Eg skal nú alls ekki dyljast þess, að mikil óánægja hefir verið hjá mörgum með síðustu horfellislögin, þótt eg verði að álíta, að hún hafi ekki haft við mikil rök að styðjast, en í fyrsta lagi var þessi óánægja mikið til sprottin af því, að þessar ákveðnu skoðanir voru nýmæli og því misjafnlega tekið, sem öllum nýmælum, einungis af því, að menn voru óvanir þeim, og í öðru lagi þykir sumum það óþarfa hlutsemi, að vera að skifta sér af því, þótt menn murki lífið úr skepnum sínum með illri hirðingu og hor.

Eins og eg hefi drepið á, þá gat nefndin ekki verið með því að nema burtu báðar hinar fastákveðnu skoðunargjörðir, þar sem þær einmitt verða að teljast meginatriðið í hinum gildandi horfellislögum, sem þau einu ákvæði, er gjöra það mögulegt að komast eftir illri hirðing, fóður-

skorti eða hordauða búpenings, en aftur getur nefndin fallist á, að afnema fyrri skoðunina, sem ákveðin er í gildandi horfellislögum, bæði vegna þess, að hún telur þessa skoðun ónauðsynlegri og þýðingarminni en síðari skoðunina, og einnig af þeirri ástæðu, að það er einmitt þessi skoðunargjörð, sem vakið hefir mesta óánægjuna með lögin.

Nefndin ráðleggur h. deild að fella frumv. h. Nd., og vona eg, að eg hafi með rökum sýnt fram á, að það sé ekki gert að ástæðulausu. Fari svo, að hvorugt þessara frumv. verði samþykt, þá stendur alt við það sama, sem nú, og óánægjan fær að halda sér, en verði frumv. nefndarinnar samþykt, þá er þó með því ráðin nokkur bót á því, sem gefið hefir tilefni til þessarar óánægju og menn fá lög, sem eg held að allir geti vel unað við, en þó lög, sem eru svo úr garði gerð, að í þeim er nokkur trygging fyrir, að þau verði að einhverju liði, en ekki eintóm pappírslög eins og frv. h. Nd.

Þorleifur Jónsson: Það er ekki ofsögum sagt af því, að núgildandi horfellislög eru óvinsæl; eg man ekki til að nokkur lög hafi orðið jafn-óvinsæl, eða mætt annari eins mótspyrnu og þau. Menn hafa reynt að komast hjá að hlýða þeim, og þar sem þeim hefir verið hlýtt, þá er það víða, að eins að nafninu til. Það er líka ástæða til að menn séu óánægðir með þau, því að þau eru til einskis gagns; vér höfum haft tækifæri til að reyna lögin 1 ár og séð hvort þau hafa gagnað nokkuð; einmitt í vor var töluverður horfellir sumstaðar um land, og ef ótíðin og hagleysið í vor hefði staðið viku lengur, eða hálfan mánuð, þá hefði orðið stórkostlegur herfellir um alt landið, og þar af sést bezt, að hverju gagni lögin hafa komið.

Eg var einn í nefndinni, sem hafði þetta mál til meðferðar hér í deildinni 1897, og vona eg, að h. meðnefndarmenn mínir muni kannast við, að eg var á móti því þá, þótt eg ekki beitti mér á móti því, af því að eg vildi þá, að frv. gengi til h. Nd., til þess að hún segði álit sitt um það, og ef til vill fyndi eitthvað betra.

Eg vona að þingið skilji ekki svo, að það geri ekkert við núgildandi horfellislög, annaðhvort breyti þeim eða afnemi þau. Réttast tel eg að samþykkja frv. h. Nd., því að ef það verður felt, þá er eg hræddur um, að ekkert komi frá þinginu í þessu máli, og þá verða menn að búa við núgildandi horfellislög, sem allir eru sáróánægðir með, enn um 2 ár, og ímynda eg mér, að almenningur muni ekki þakka þinginu fyrir þá frammistöðu. Frumv. h. Nd. er að því leyti betra en núgildandi horfellislög, að það er ekki eins ilt og þau; eftir því gildir enn, að álit skoðunarmanna skuli nægt til að sanna horfelli. Að gömlu horfellislögin höfðu enga þýðingu, kom meðal annars af því, að það var ómögulegt að sanna, að nokkur hefði drepið úr hor, en eftir þessu frv. er það hægra.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eg tók það fram, að menn væru óánægðir með horfellislögin, og eg stend við það. Það er sjaldnast, að nýmæli séu að allra skapi í fyrstu, og það er oft, að ný lög vekja almenna óánægju, enda þótt þau hafi við góð og gild rök að styðjast, má því til sönnunar nefna t. d. kaffi- og sykur-lögin, sem menn voru sáróánægðir með í fyrstunni, og margt fleira mætti telja. H. þm. Húnv. (Þ. J.) vildi halda því fram, að betra væri að fá sannanir fyrir horfelli eftir frv. h. Nd. og horfellislögunum, heldur en eftir frv. nefndarinnar. En því er öldungis ekki svo varið. Þar á er sá mikli munur, að eftir frv. h. Nd. kemur víst sársjaldan til þess, að neitt þurfi að sanna, því að þeir skoðunarmenn, sem þar er gert ráð fyrir, munu sjaldan fara á stað, aldrei hreyfa sig neitt, heldur humma

fram af sér allar skoðunargjörðir, eins og raun hefir á orðið alla tíð síðan 1884, og verða mun alla tíð, ef þær eru ekki beinlínis lögboðnar.

Eg veit, að það eru margir hér á landi, sem ekkert vilja gera í þá átt, að stemma stigu fyrir þeirri minkunn og því tjóni, sem horfellinum er samfara, og eg skal játa, að það er neyðarúrræði að skifta sér af því, hvernig menn fara með skepnur sínar, en það er líka hart, að menn skuli fella úr hor, hvað lítið sem út af ber, og eg álít það skyldu þingsins, að koma í veg fyrir það tjón, sem af því leiðir. Það tjáir ekki að fást um það, þó að einhver óánægja komi fram út af því; eg er viss um, að þó að horfellislög yrðu samin á hverju þingi, og vandað til þeirra eins vel og mögulegt væri, þá mundi þó rísa óánægja og umkvartanir út af þeim. Þegar menn fást ekki til að baða kindurnar sínar, þó að þær séu útsteyptar í kláða, þá er vel skiljanlegt, að þeim þyki hart, að þeir séu ekki látnir sjálfráðir um hvort þeir drepi skepnur sínar úr hor eða ekki.

Óánægjan með horfellislögin er því, sem sagt, engan veginn á rökum bygð, en þessi óánægja er svo mikil, að það er ástæða til að taka lögin til íhugunar, og nema burt aðalagnúana; þetta hefir nefndin líka gert, með því að fella burtu fyrri skoðunina, og það því fremur, sem hún áleit, að aðaltryggingin gegn horfelli væri falin í seinni skoðunargerðinni. Frv. nefndarinnar er engin ásetningslög, heldur að eins tryggingarlög gegn horfelli, með því að gera greiðara og auðveldara að sanna horfelli, heldur en nú á sér stað eftir frv. h. Nd.

Það eru ýmislegar aðrar breytingar, sem nefndin hefir gert á frv. h. Nd., sem eg álít til æðimikilla bóta, og verð því að álíta, að ekki sé rétt að samþykkja frv. h. Nd., og fella nefndarfrv.

Þorleifur Jónsson: H. framsm. meiri hl. (S. St.) misskildi tvö atriði í ræðu minni. Hann sagði, að eg hefði sagt, að menn hefðu fulla ástæðu til að óhlýðnast hinum núgildandi horfellislögum, en það sagði eg aldrei. Eg sagði, að það væri full ástæða til, að menn væru óánægðir með horfellislögin. Hann sagði enn fremur, að menn væru óánægðir með hin allra beztu lög, og því væri ekkert mark takandi á óvinsældum horfellislaganna, eða með öðrum orðum, allir sem óánægðir eru með lögin, eiga að vera heimskingjar. En eg get fullyrt, að margir af þeim mönnum, sem eru óánægðir með lögin og telja þau ónýt, eru eins skynsamir eins og h. þm. Ísf. (S. St.).

Enn sagði h. þm. Ísf. (S. St.) að eg hefði sagt, að hægra væri að sanna horfelli eftir frv. h. Nd. heldur en eftir horfellislögunum. En það er alls ekki rétt. Eg sagði, að sönnunin væri sú sama: álit skoðunarmanna, því það atriði stendur enn, og er einmitt þýðingarmesta ákvæðið.

Sigurður Stefánsson: H. þm. Húnv. (Þ. J.) sagði, að í vor hefði orðið mikill horfellir þrátt fyrir horfellislögin. Það getur vel verið, en það sannar alls ekki það, sem h. þingm. vill sanna, og eg tel mjög efasamt, að lögunum hafi verið vel fylgt í þessum horfellistilfellum. Auk hinna fastákveðnu skoðana gera lögin líka ráð fyrir aukaskoðunum, er þörf gjörist. En mér er spurn: Hvar skyldi skoðunargjörð hafa farið fram auk hinna lögboðnu á síðast liðnu vori? Eg er viss um, að það hefir hvergi verið, að ekki einn einasti hreppstjóri á öllu landinu hefir hreyft sig til annars en hinna lögákveðnu skoðunargjörða, sem þar að auki hafa verið framkvæmdar með hangandi hendi. *(Þorleifur Jónsson:* Nú, þó það!). En er það lögunum að kenna, þó þeim sé illa fylgt fram? Það má gera hin beztu lög ónýt með því að framfylgja þeim illa, og þetta hefir því miður verið tilfellið með sum hin beztu af okkar lögum.

Þorleifur Jónsson: H. þm. Ísf. (S. St.) viðurkendi að horfellislögunum sé ekki hlýtt. En hví vill hann þá endilega halda í þau lagaákvæði, sem hann veit, að ekki er hlýtt? H. þingm. ætti að vita, að slíkt hefir að eins siðspillandi afleiðingar, en er ekki til nokkurs gagns.

Sigurður Stefánsson: Eftir því sem h. þm. Húnv. (Þ. J.) síðast lét í ljós, þá er það víst skoðun hans, að bezt sé að afnema öll lög, sem ekki er vandlega hlýtt, en þá yrði þau ærið mörg lögin, sem bezt væri að afnema, og þá væri t. d. ekki til mikils að vera að káka við vinnuhjúabálkinn stóra, sem h. þm. nú ber fram á þinginu, því að þeim lögum hefir víst verið lítið fylgt af almenningi og enda flestum lítt kunn. Það er hægt að fara kringum öll lög, eins horfellislögin sem önnur, það má gera þau ónýt, með því að gera ekkert til að framfylgja þeim; og einmitt vegna þess að frv. h. Nd. leyfir mönnum að fara eftir geðþekni og eigin vilja, einmitt vegna þess gæti eg hugsað að það yrði vinsælt. En það tjáir ekki að einblína á slíkt, hvort lög verði vinsæl eða óvinsæl; eg skal játa, að sum ákvæði hinna gildandi horfellislaga eru ekki sem heppilegust, en þeim ber að breyta á þá leið, sem reynzlan hefir sýnt, að heppileg sé. Í frv. nefndarinnar er einmitt þetta tekið til greina, og frv. lagað eftir þeirri reynslu, sem þegar er fengin.

Guttormur Vigfússon: Mér þótti það nokkuð hörð orð hjá h. 1. þm. Ísf. (S. St.) þar sem hann lagði þann dóm á fjárskoðanirnar yfir höfuð, að þær væru handarskömm, og hann hélt því fram, að ekki einn einasti hreppstjóri á landinu hreyfði hönd eða fót til þess að gegna skyldu sinni í þessu efni. Þrátt fyrir þessi ummæli, vill hann nú enn á ný lögleiða skyldu-skoðanir. Væri nú þetta satt, sem h. þm. hélt fram, held eg að það sé til lítils að vera nú á ný að setja ákvæði um lögskipaðar skoðanir inn í frv. En sem betur fer, þá eru þessi ummæli hans um skeytingarleysi viðkomandi manna í þessu efni, að því er eg þekki til, með öllu ranghermd og ástæðulaus. Eg get að minsta kosti borið um það, að í stórum hluta landsins, þar sem eg þekki til, var fjárskoðunum rækilega framfylgt tvo síðastliðna vetur, og eg þekki fleiri tilfelli, þar sem hreppstjórar og skoðunarmenn hafa haft eftirlit með fóðurbirgðum bænda milli hinna lögskipuðu skoðana; sérstaklega var þetta alment á Austurlandi síðastliðinn vetur. Hvort lögskipaðar skoðanir verða til þess gagns, sem ætlast er til, skal eg ekkert um segja. Eg skal játa, að full reynsla er ekki fengin fyrir þeim enn þá; og þótt sumir hafi felt úr hor á síðastliðnu vori, þá þarf það hvorki að vera skoðununum eða lögunum að kenna, heldur sérstökum kringumstæðum.

Eg greiddi aldrei atkvæði með frumv. því, er samþykt var á síðasta þingi um horfelli á skepnum, en eg talaði heldur aldrei á móti því þá; kom það til af því, að málið hafði öflugt fylgi hér í deildinni og var sótt af því kappi, að þeir, sem á móti voru, voru ásakaðir fyrir að vera „horkóngar“ og „skepnukvalarar“. Þó var það eitt atriði í frumv. þá, sem mér þótti vænt um, og þóttist sjá að mundi vera til bóta, nefnil. það, að með skoðununum yrði það í ljós leitt, hvort sá svívirðilegi orðrómur, sem ýmsir menn hafa rækilega haldið uppi, að Íslendingar, fyrir harðýðgi og miskunnarlausa meðferð, dræpu skepnur sínar úr hor á hverju ári, væri á nokkurum rökum bygður, og eg þóttist fullviss um, að skoðanirnar mundu einmitt sanna hið gagnstæða, og eg skal taka það fram, að eg álít, að þeir menn, sem halda þessu fram, gjöri sjálfum sér skömm, með því að breiða út um Íslendinga alment þann óhróður, sem ekki er sannur nema í undantekningum.

Meðferð manna á búpeningi hefir hin síðustu 10—15 ár tekið stórmiklum bót-

um um mikinn hluta þessa lands. Eg fyrir mitt leyti vildi helzt láta fella úr gildi bæði þetta frv. og frv. síðasta þings, en að amtsráðunum og sýslunefndunum væri falið á hendur að semja reglur fyrir sveitarfélögin, eins og tíðkanlegt var áður en lögin komu út, og hafði það, eins og mönnum er kunnugt, góðan árangur.

Eg skal ekkert um það segja, hvort frumv. eg heldur vilji aðhyllast, h. Ed. eða h. Nd.

Eg sé eigi stóran mun á þeim, ef lög eiga að verða samin á annað borð um þetta mál. Eg óttast að eins, að ef frv. h. Ed. verður felt þegar það kemur aftur til h. Nd., þá yrðum við að sitja við sömu lögin, sem við nú höfum, í tvö ár til, jafnóvinsæl eins og þau eru hjá almenningi, eins og ekki er nein furða, sérstaklega þegar tekið er tillit til hins stórkostlega kostnaðar til skoðunarmanna, sem sumstaðar nemur 100 kr. og þar yfir, ofan á öll önnur útgjöld hreppanna.

Af þessum ástæðum mun eg því greiða atkvæði með frv. h. Nd.

Jón Jónsson: Eg finn ekki ástæðu til að blanda mér inn í kappræður þær, sem orðnar eru í þessu máli. Eg skal að eins taka það fram, að það sem vakti fyrir mér, þegar eg greiddi atkvæði með máli þessu á síðasta þingi, og vakir fyrir mér enn, er það, að gömlu horfellislögunum var svo illa framfylgt, og mér fanst full þörf á að gjöra eitthvað frá löggjafarvaldsins hálfu til að tryggja það, að ekki væri drepinn úr hor búpeningur hjá bændum, án þess þeir sættu sektum fyrir. Því verður ekki neitað, að tilfinning manna fyrir illri meðferð á skepnum hér á landi er ekki svo vakandi sem vera ber; þess vegna hefir löggjafarvaldið neyðst til þess að blanda sér inn í þetta mál, til þess að trygging gæti verið fyrir því, að það kæmi í ljós, ef einhverjir gerðu sig seka í þeirri smán, að fella úr hor. Það hefir mikið verið talað um, hve lög þessi séu óvinsæl; en það eru svo mörg lög óvinsæl í fyrstu, er snerta nákvæmlega hag einstakra manna, en eru viðurkend sem góð lög þegar frá líður. Það er enn þá ekki fengin full reynsla fyrir því, hvernig þessi lög muni reynast síðar, eða fyrir því, að þau séu ekki góð; þegar þessi reynsla er fengin um nokkur ár, þá fyrst er full ástæða fyrir menn að fá lögunum breytt, ef þau reynast óhagkvæm og gagnslaus.

Nefndin hefir farið meðalveg og viljað taka tillit til þeirra atriða, sem sérstaklega hefir verið haft á móti, að svo miklu leyti sem henni hafa fundist þau vera á rökum bygð. Það geta verið deildar meiningar um, hvort henni hefir tekist það. En hún hefir viljað halda fram aðalatriðinu í lögunum, sem þingið samþ. í hitt eð fyrra, því atriði, að það væri skylda að láta skoðun fara fram.

Eftir frv. h. Nd. eru skoðanirnar mönnum í sjálfsvald settar, og það er komið undir því, hvort viðkomandi hreppsnefnd eða sýslunefnd þykir það nauðsynlegt, hvort skoðað er eða eigi, og yrði það frv. samþykt, þá er tryggingin fallin burt fyrir því að skoðað verði.

Eg verð því að halda því fastlega fram, að það sé meiri trygging fyrir, að menn misbjóði ekki skepnum sínum, eftir okkar frv. en eftir frv. h. Nd.

Eg verð að álíta svo, að þeir, sem greiða atkvæði móti þessu frv., lýsi þar með yfir, að þeir vilji engin horfellislög hafa, og þá menn skil eg mjög vel, þó eg sé þeim ekki samdóma.

H. þm. Húnv. (Þ. J.) sagði, að það hefði verið horfellir í vor fyrir norðan. Eg skal ekkert um það segja. En svo mikið veit eg, að það var í allra harðasta lagi vetur á Austurlandi, en mér er ekki kunnugt um, að þar hafi neinstaðar verið felt úr hor. Það er of snemt að fella dóm um árangur horfellislaganna enn þá, meðan ekki er fengin full reynsla fyrir þeim. Það er komið upp í vana fyrir mönnum

að lenda í fóðurskorti fyrir skepnur sínar, og þó það auðvitað sé nokkuð að aukast tilfinning fyrir góðri meðferð skepna, þá er sú tilfinning, eins og eg sagði áður, ekki nærri nógu vel vakandi enn. Það er ekki von á að hægt sé að uppræta á tveimur árum mörg hundruð ára gamlan þjóðlöst. Eg skal ekkert um það þrátta, hvort hægt sé að uppræta þennan þjóðlöst lagalaust; en nefndin hélt að þessi vegur væri áhrifameiri og betri og að vissa væri fyrir, að lögfullar sannanir gætu fengist fyrir brotunum, ef þau væru framin. Eg skal í þessu sambandi taka það fram, að þó heyþrot hafi verið sumstaðar í vor, þá er það alt of mikið bráðlæti, að ætla að áhrif þessara laga yrðu svo mikil á einu eða tveimur árum, að ekki gæti heyþrot að borið á afarhörðum vetri. Og þó heyþrot verði, þá vona eg að hinn háttv. þm. Húnv. (Þ. J.) hafi oft séð það, að það er mikill munur á framtakssemi hjá mönnum, þegar harðindi eru og fóðurskort ber að höndum. Sumir gera alt, sem í þeirra valdi stendur, til að bjarga gripum sínum, og kaupa til þess korn og hey, ef það fæst, eða þá koma fénu þangað, sem hagar eru. *(Þorl. Jónsson:* Það gera allir). Aftur eru aðrir, sem annaðhvort svelta gripi sína í húsunum eða sleppa þeim á gaddinn og hugsa ekki um annað en það, að komast hjá öllum kostnaði. Þessa síðartöldu menn á að sekta, og það er engin vanþörf á að það sé trygt, að til séu lögfullar sannanir gegn þeim. Þingm. Húnv. (Þ. J.) sagði, að það gerðu allir, að reyna eftir mætti að bjarga sem bezt gripum sínum. Nei, því er nú miður, það gera ekki allir. Eg þekki það betur en þm. Húnv.; eg hefi verið lengur í sveit en hann. Eg átti mikið tal um þetta mál við kjósendur mína og hefi talað um það við marga aðra, og eg held að í frv. nefndarinnar sé siglt fyrir mörg sker, sem frumv. frá síðasta þingi hefir steytt á og óánægju hafa valdið. Eg vona því, að ef þetta frumv. verður að lögum, þá muni þeim verða betur framfylgt en horfellislögunum frá síðasta þingi og verða vinsælli hjá almenningi.

ATKVÆÐAGR.: Frv. (C. 225) felt frá 2. umr. með 6 : 4 atkv.

Horfellir á skepnum.

FRUMVARP til laga um horfelli á skepnum (C. 299); 1. umr. 7. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Við 1. umr. þess frumv., er hér lá fyrir deildinni fyrir skömmu um þetta sama efni og þá var felt frá 2. umr., urðu svo miklar umr. um þetta mál, sem eins geta átt við þetta frumv., sem nú liggur hér fyrir, eins og það, sem felt var, að eg sé ekki ástæðu til á þessu stigi að tala frekara um frumv., en óska þess, að það megi ganga til 2. umr.

Eg skal við 2. umr. gera grein fyrir þeim breytingum og nýmælum, sem nefndin hefir leyft sér að gera till. um.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 8 atkv.

[Í stað 6. kgk. (Þ. B.), sem kosinn var í nefnd til að athuga frumv. til laga um vinnuhjú og daglaunamenn, var sökum veikinda hans kosinn nýr meðlimur. — Kosningu hlaut

Jón Jakobsson með 6 atkv.]

Önnur umr. (C. 299, 336) 9. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eins og eg tók fram við 1. umr. þess frumv., sem kom frá háttv. Nd. og síðan var felt hér í deildinni, þá hefir nefndin leyft sér að koma fram með nýtt frumv., sem að ýmsu leyti er frábrugðið hinum núgildandi lögum um horfelli. Þær breytingar, sem nefndin hefir leyft sér að koma fram með, eru sumpart miðaðar við þá reynslu, sem þegar hefir fengist í þessu

efni af framkvæmd hinna gildandi laga, sumpart styðjast þær við það, sem nefndin eftir nákvæma íhugun hefir álitið hagfelt.

Eg skal leyfa mér að ganga gegnum hinar einstöku greinar frumv., til þess að reyna að skýra, hvaða tilgang nefndin hefir haft með hinum einstöku breytingum.

1. gr. er í fullu samræmi við hin núgildandi lög, að öðru leyti en því, að þar sem hreppstjórum og hreppsnefndum nú er gert skylt að hafa eftirlit með og hvetja hreppsbúa sína til að hafa til nægilegt fóður, þá vill nefndin fella burtu orðin: „hafa eftirlit með og“, svo að setningin orðist þannig; „Skylt er hreppstjóra og hreppsnefnd að hvetja“ o. s. frv. Það er fyrst og fremst varla rétt mál, eins og það stendur í hinum núgildandi lögum, en þar að auki eru þessi orð algerlega óþörf, því eftirlitsskyldan felst í öðrum greinum frumv. Að þessu leyti hefir nefndin talið orðin óþörf og vill því ráða til að sleppa þeim.

2. gr. frumv. er alveg ný. Í stað þess, að eftir hinum núgildandi lögum er það hreppstjóri, sem, ásamt einum eða tveimur þar til kosnum mönnum, hefir á hendi skoðunina, þá eru það eftir 2. gr. frumv. 2—4 menn, sem að tilhlutun hreppstjóra eru kosnir á hausthreppaskilum, sem eiga að framkvæma skoðunargjörðina. Þessi breyting er miðuð við þá reynslu, að það hefir sýnt sig, að það er alls ekki víst, að hreppstjórar séu ætíð betur fallnir til að hafa þessa skoðun á hendi en allir aðrir hreppsbúar, og það getur verið óheppilegt í vissum tilfellum að hafa þessi ákvæði, nfl. í því tilfelli, að viðkomandi hreppstjóri sé ekki neitt eftirbreytnisverður hvað meðferð á búpeningi snertir, en það er áríðandi, að þeim mönnum einum sé þessi starfi falinn á hendur, sem ganga á undan öðrum með góðu eftirdæmi. Nefndin áleit ekki rétt að binda kosningu þessara skoðunarmanna við neina opinbera stöðu, heldur að hún væri algerlega óbundin, svo eingöngu væri tekið tillit til þeirra eiginlegleika, sem nauðsynlegir væru fyrir þennan starfa. Að tala skoðunarmannanna hefir ekki verið bundin við 2, eins og áður var gert, heldur að þeir skuli vera 2—4, eftir því sem hver hreppur álítur sér haganlegt. Það er af þeirri ástæðu, að svo mismunandi hagar til í hinum einstöku hreppum og af því að sumir hreppar eru svo víðáttumiklir, að það yrði ofvaxið tveim mönnum að framkvæma skoðun hjá öllum búendum í hreppnum og ofmikill kostnaður fyrir sveitarfélagið.

Í stað þess að eftir hinum gildandi lögum um horfelli eiga að fara fram tvær árlegar fjárskoðanir, þá á eftir 3. gr. frv. að eins að vera ein árleg skoðunargjörð á tímabilinu frá 1. marz til 15. maí, eða með öðrum orðum: fyrri skoðuninni er slept. Nefndin leit svo á, að þar sem tilgangur skoðunargjörðanna er einkum sá, að fá lögfulla sönnun fyrir illri meðferð á búpeningi, þá sé fyrri skoðunin óþörf. Auk þess hefir þessi fyrri skoðun valdið talsverðri óánægju meðal almennings, þar sem hún hefir ekki haft neitt sýnilegt gagn í för með sér, með því að hér er ekki um heyásetningarlög að ræða, en á hinn bóginn valdið töluverðum kostnaði. Einnig eru þau nýmæli í þessari grein, að tíminn, sem skoðunin á að fara fram á, er færður fram um hálfan mánuð; en þess ber að gæta, að það hagar nokkuð ólíkt til í ýmsum sveitum og að nokkur mismunur er á, hve snemma fé er slept úr húsum, en venjulegast mun það í allflestum sveitum vera einhvern tíma á tímanum frá því í miðjum marzmánuði og þangað til í miðjum maí. Nefndinni fanst því bezt við eiga að velja þennan tíma, en vildi ekki einskorða hann um of, og leggur því til, að hver hreppsnefnd

tiltaki tímann nánar sjálf, með því að hún þekti bezt hvað hentaði.

Stefnu þeirri, sem nefndin hefir fylgt gagnvart háttv. Nd. að því er skoðunargjörðirnar snertir, hefi eg áður skýrt frá, og álít því óþarfa að endurtaka það nú. Þá hefir nefndin komið með þann viðauka við þessa grein, að skoðunarmennirnir skuli senda hreppstjóra skýrslu um skoðunargjörðina. Þessi viðauki er ekki annað en það, sem áður hefir staðið í niðurlagi 4. gr.; en nefndinni fanst eiga betur við að hafa þessi ákvæði hér í 3. gr. heldur en í 4. gr. Í sambandi við þetta hefir nefndin einnig felt hér að lútandi orð úr 4. gr.

Niðurlag greinarinnar, að hreppsnefndirnar skuli sjálfar nánar ákveða, hvenær á tímabilinu frá 1. marz til 15. maí skoðunin skuli fara fram, hefi eg áður minst á.

4. gr. hefir ekki nein nýmæli inni að halda.

5. gr. er samkvæm gildandi lögum og hefi eg því ekkert við hana að athuga, nema það, að af ógáti mun hafa misprentast eitt orð í henni. Þar stendur nefnilega: „og skal þá hreppstjóri jafnframt tilkynna“, en á að vera: „og skal þá hreppstjóri tafarlaust tilkynna“.

6. gr. frumv. er að nokkuru leyti frábrugðin gildandi lögum. Hér er hreppstjóra gert að skyldu að halda bók, þar sem hann á að rita í allar skýrslur skoðunarmanna. Með því að safna skýrslunum þannig saman í eina heild, gæti maður fengið yfirlit yfir fénaðarhald hvers einstaks hrepps og alls landsins í heild sinni. En eins og nú hagar til, senda hreppstjórarnir skýrslurnar frá sér, án þess að þær séu nokkursstaðar innfærðar. Annað nýmæli í greininni er það, að skoðunarmennirnir skuli gefa hverjum fjáreigenda einkunn fyrir meðferð og hold búpenings. Þetta hugsaði nefndin sér að gæti orðið til þess að uppörva menn til þess að fara vel með fé sitt og leitt til eðilegrar samkepni. Enn fremur má kalla það nýmæli, að hreppstjóri skuli lesa þessar skýrslur í heyranda hljóði á vorhreppaskilum ár hvert. Þetta ákvæði miðar í sömu átt og það, sem eg síðast nefndi, nfl. til þess að hvetja menn til þess að fara vel með skepnur sínar, og jafnframt er það makleg ráðning þeim, er illa hirða fénað sinn.

Í 7. gr. er það nýmæli, að borgunin til skoðunarmannanna skuli fara eftir samkomulagi við hreppsnefndina. Raunar áleit nefndin hina ákveðnu borgun, 2 kr. á dag, svo litla, að lítil líkindi væru til, að nokkrir vildu gefa sig í þennan starfa fyrir minna kaup, en hún áleit þó engu spilt með þessu ákvæði, ef ske kynni að hægt væri að fá ódýrari skoðunarmenn, einkum þar sem hún veit, að mönnum yfirleitt tekur nokkuð sárt til þessara útgjalda.

Hinar greinar frv., frá 7.—11., hafa engin nýmæli í sér fólgin, og get eg því sparað mér að fara nokkuð út í þær.

Þetta eru þá þær meginbreytingar á hinum gildandi lögum, sem frumv. nefndarinnar fer fram á, og þar sem þær styðjast, eins og eg í byrjun ræðu minnar tók fram, sumpart við þá reynslu, sem horfellislögin hafa kent okkur, og sumpart eru fram komnar við nákvæma íhugun nefndarinnar á því, hvað affarasælast er, þá vona eg að háttv. deild taki vel á móti þeim, en auðvitað mun nefndin vera fús á að taka á móti hverri þeirri bendingu eða breytingu, sem hún álítur að geti miðað til þess að bæta frv. að einhverju leyti.

Þorleifur Jónsson: Eins og eg gat um um daginn, hefi eg ekki trú á, að frumv. þetta muni gera mikið gagn, þótt það yrði að lögum, en af því að eg get þó betur unað því en lögum þeim, sem nú gilda, þá mun eg ekki greiða atkvæði á móti því; það er ekki eins ilt eins og þau

lög eru og að því leyti er nokkur bót í því.

Eg vil leyfa mér að víkja þeirri spurningu til háttv. framsögum. (S. St.), hvort skoðun sú, sem fram á að fara eftir 3. gr. frum., á að vera framkvæmd af öllum skoðunarmönnunum í einu, eða af hverjum fyrir sig, þannig, að þeir geti skift heimilunum á milli sín, svo að nægilegt sé að einn skoði. Um þetta er ekkert talað í greininni, en það getur haft talsverða þýðingu í framkvæmdinni að fá að vita, hver hugsunin er. Eg vil einnig víkja þeirri spurning til sama h. þingm. (S. St.), hver eigi að hafa eftirlit með þessari bók, er 6. gr. frumv. gerir ráð fyrir að í skuli rita þessar skoðunargjörðir, og loks vil eg spyrja hann, hvort ekki væri tilhlýðilegt, úr því að gefa á einkunn fyrir meðferð og hold búpeningsins, að gefa þá einnig einkunn fyrir umgengni um hús og hey, því að eins og allir vita, hefir góð umgengni og hirðing húsa og heyja mjög mikla þýðingu.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Til svars upp á fyrirspurnir háttv. þm. Húnv. (Þ. J.) skal eg geta þess, að það kom til umræðu í nefndinni, að skoðunarmennirnir mættu skifta með sér verkum. En nefndin áleit ekki, að í lögunum ætti við að hafa nein ákvæði um það, réttara væri, að alt þess konar væri á valdi skoðunarmanna, þar sem það í hverju tilfelli getur verið „Conduitesag“, enda dálítið kostnaðarspursmál. Það gæti verið gleggra að setja inn í frv. ákvæði um, að skoðun skuli framkvæmd af ekki færri en 2 mönnum, en hitt virðist mér þó réttara, að láta hreppsnefndir og skoðunarmenn sjálfa ráða því eftir kringumstæðum, hve margir framkvæmi skoðunargjörðina.

Háttv. sami þm. (Þ. J.) spurði um, hver ætti að hafa eftirlit með bók þeirri, er hreppstjórar eiga að innfæra í skýrslur skoðunarmanna. Það er auðvitað, að sýslumenn verða að hafa eftirlit með þessari bók eins og öðru því, er hreppstjórar eiga að framkvæma.

Hinn sami háttv. þingm. (Þ. J.) áleit einnig að nauðsynlegt væri að gefa einkunn fyrir meðferð með hús og hey. Eg hygg að einkunn fyrir slíkt geti verið fólgin í einkunninni um meðferð og hold búpenings, því það fellur venjulega saman, að sé búpeningur vel fóðraður og í góðu standi, þá er góð umgengni með hús og hey; og aftur, sé hann í slæmu standi, er umgengnin eftir því. Aðalreglan er þannig, þó að stöku undantekningar geti átt sér stað. Það væri einnig hægt að taka tillit til þessa í skýrsluformi því, er gert er ráð fyrir að amtsráðið semji. Það kom fram í nefndinni spurning um það, hvort þessar skoðanir og álit skoðunarmanna gæti talist lögfull sönnun, þannig, að hægt væri að byggja refsingardóm á því áliti; en af því að eg er ekki svo lögfróður, væri æskilegt að heyra álit lögfræðinganna hér í deildinni um það.

Hallgrímur Sveinsson: Út af spurning háttv. þm. Húnv. (Þ. J.) um það, hvort skoðunina skuli framkvæma í hverju einstöku tilfelli 1 eða 2, 3 eða 4 skoðunarmenn, get eg felt mig vel við svar háttv. framsögum. (S. St.), að í því efni verði að fara eftir atvikum og að slíkt megi vera nokkuð á valdi skoðunarmannanna sjálfra. Það er auðvitað óþarft, séu skoðunarmenn 4, að þeir fari allir saman að framkvæma skoðun á sama heimilinu, hvernig sem á stendur. En hafi þeir grun um að einhverjar misfellur séu á á einhverjum sérstökum stað, munu þeir að sjálfsögðu 2 eða 3 framkvæma skoðun þar, svo að fullkomin vissa fáist og skýrsla þeirra verði síður rengd. Og varla getur maður búist við að skýrsla að eins frá einum skoðunarmanni muni geta orðið álitin full sönnun, svo að refsingardómur yrði á henni bygður; slíkar skoðanir þyrfti

fleiri en einn að framkvæma. Mér virðist því hentugast sé, eins og frv. gerir, að hreppsnefndir og skoðunarmenn geti ráðið því sjálfir, hvort fleiri eða færri menn framkvæmi skoðunina í hverju einstöku tilfelli.

ATKV.GR.: 1. brt (C. 336) sþ. með 7 atkv.; 1.—2. gr. sþ. með 7 atkv.; 3. gr. sþ. með 6 atkv.; 2. br. (C. 336) sþ. með 6 atkv.; 4. gr. sþ. með 7 atkv.; 3. br. (C. 336) sþ. með 7 atkv.; 5. gr. sþ. með 6 atkv. 6. gr. sþ. með 7 atkv.; 4. br. (C 336) sþ. með 7 atkv.; 7. gr. sþ. með 7 atkv.; 8. gr. sþ. með 6 atkv.; 9. gr. sþ. með 7 atkv.; 10. gr. sþ. með 6 atkv.; 11. gr. sþ. með 7 atkv. Fyrirsögn sþ. með 7 atkv. Vísað til 3. umr. með 7 atkv.

Þriðja umr. (C. 364) 11. ágúst.

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 7 shlj. atkv. og sent til forseta Nd.

Friðun fugla og hreindýra.

FRUMARP til laga um friðun fugla og hreindýra (C. 222); 1. umr., 29. júlí.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 222), 31. júlí.

Þorkell Bjarnason: Eg hygg að lögin frá 17. marz 1882 og 16. des. 1885 um friðun fugla og hreindýra hafi verið ein af þeim lögum, sem hlýtt hefir verið miður en skyldi, og að með þeim hafi fuglar verið friðaðir meira á pappírnum heldur en í framkvæmdinni, og eg býst því miður við, að lítil breyting muni á því verða, þótt frv. það, sem liggur nú hér fyrir til umræðu, verði sþ. og verði svo að lögum; eg er hræddur um að menn hlýði þeim lögum heldur ekki eins og vera ber. Það er því að vísu svo, að mér sýnist að þau lög, sem ekki er hlýtt, væru betur ósamþ.; en af því þó að frv. þetta gerir nokkura bót á ákvæðum hinna eldri friðunarlaga, þar sem álftin eftir þeim á að verða friðuð frá 15. maí til 20 sept. og eftir brtillminni alt árið, þá mun eg þó gefa því atkvæði mitt. Eg hygg að ef frv. verður í nokkuru hlýtt, þá muni það verða í því að drepa ekki álftina, því að það mun vera álit margra, að hún eigi að vera algerlega friðuð. Hún er eins og menn vita mjög fagur fugl og til mikillar landprýði og það er mjög ánægjulegt að hafa álftir á tjörnum nærri bæ sínum, — eg hefi reynslu fyrir mér í því; er það því leiðinlegt að drepa þær eða flæma þær í burtu frá sér. Verði frv. sþ., hygg eg að friðun álftanna verði helzt hlýtt; hún er stór og merkilegur fugl svo að erfitt er að drepa hana og leyna því svo, að það komist ekki upp. Eg hygg að álftum sé að fækka hér á landi, og er það sorglegt ef slíkur fugl, sem er ímynd fegurðarinnar og syngur svo fagurt, að allir sem heyra verða að gleðjast af því, verður gjörsamlega eyðilagður. Eg vona því að hátt. þd. sþ. brtill. mína um það að friða álftina alt árið.

Mér þykir annars það ákvæði frv. undarlegt, að friða algerlega kríuna, því að eftir því sem fiskifróðir menn segja, lifir hún á fisksíli, en eg held einnig, að hún muni verða skotin eins þrátt fyrir þessi lög, því að það hefir sýnt sig, að menn hlýða þeim ekki eins og vera ber.

Eg hefi einnig komið með brtill. um, að sektin fyrir brot á lögum þessum skuli eigi vera 50 au. heldur 1 kr. Mér virðist þessi 50 au. sekt vera svo lítil, að það komi ekki til mála. Það getur borgað sig vel að brjóta lögin og skjóta álftina, sem er 2—3 kr. virði, þótt menn þurfi að borga 50 au. sekt fyrir það. Endur eru líka 50 au. virði. Eg hygg og að þeim sem klagar og kemur slíkum brotum upp muni verða láð það, ef hann fær að eins 25 au. fyrir, en síður ef 50 au. borgun er fyrir það. Að vísu dregur heldur engan 50 au., og sektarhæðin ein verður það

aldrei, sem aftrar mönnum frá að brjóta lögin né heldur að koma slíkum brotum upp, heldur löghlýðni manna. En mér finst að sektin fyrir brot laganna megi ekki vera minni heldur en 1 kr., og vona eg að háttv. þd. verði mér samdóma um það og samþykki einnig þá breyt.tillögu mína.

Júlíus Havsteen: Eg skal játa það, að álftin er fagur fugl og er til mikillar ánægju, einkum ef þær eru margar saman í hóp. En vér þurfum einnig að gæta þess, að menn hafa á ýmsum stöðum hér á landi talsvert gagn af álftum, svo sem úr Skagafjarðarsýslu og efri hluta Mýrasýslu. Menn fara þaðan til álftaveiða upp að Arnarvatni og fleiri vatna þar á heiðunum. Það er ekki ofmikið af guðsblessun hér á landi og er því ekki vert að útiloka sig frá þeirri litlu, sem til er, með lögum. Eg verð þess vegna að vera á móti brtill. háttv. 6. kgk. (Þ. B.), um að friða álftina algerlega alt árið.

Eg hygg að krían sé friðuð vegna þess, að hún er af sumum talinn góður fugl til undirbúnings æðarvarps. Krían er lítill fugl, eins og vér vitum, og lítill fengur í henni til matar, en egg hennar eru góð; eg álít því rétt, að hún sé friðuð alt árið.

Mér virðist einnig 50 au. sektin sé nógu há byrjunarsekt. Háttv. 6. kgk. (Þ. B.) verður að gæta þess, að sektin á að tvöfaldast fyrir hvert brot, þannig að hún verður strax sem brotið er í annað sinn 1 kr.; og verð eg að álíta 50 au., sem lægsta takmark, nógu hátt. Það eru lög hér, að menn geta sloppið með áminningu fyrir lögreglubrot í fyrsta sinn, og brot gegn lögum þessum eru í sjálfu sér ekki annað en lögreglubrot.

Eg verð því einnig að greiða atkv, á móti brtill. háttv. 6. kgk. (Þ. B.) um það, að hækka sektina.

Sigurður Stefánsson: Eg á hér litla brtill. um það að friða lunda frá 1. júní til 1. ágúst, í stað frá 10. maí til 10. júní, eins og í frumv. þessu stendur. Ef hefi sem sé aldrei getað skilið, hvers vegna þessi friðunartími er settur fyrir lundann. Eg hefi ætlað, að meginregla friðunarlaganna væri sú, að friða fuglana á þeim tíma, sem þeir eru að verpa, liggja á og unga út eggjum sínum og fæða ungana þangað til þeir eru orðnir sjálfbjarga; og þetta hlýtur að vera sjálfsagðasta reglan. En í lögunum frá 17. marz 1882 og eins í þessu frumv. eru ákvæðin um friðun lundans alveg gagnstæð þessari reglu; hann er þar friðaður sjálfsagt hálfum mánuði áður en hann byrjar að verpa, en svo má fara að drepa hann aftur löngu áður en hann er búinn að unga út eggjum sínum og fæða upp ungana. Þetta er því öldungis fráleitt. Lundinn kemur síðast í apríl, og þá er hann feitur og mestur fengur í honum, en eftir að hann hefir verpt og fætt upp ungana, verður hann magur og er þá lítt ætur; þá er það kofan, sem tekin er, eins og menn vita. Af þessum ástæðum er það, að eg hefi komið með breyt.till. um friðunartíma lundans; eg vil að sama gildi um friðun hans sem annara fugla, að hann fái næði til að verpa og koma upp ungum sínum.

Ekki veit eg til þess, að krían hafi reynst neitt gagnleg til að hæna að æðarvarp; en hún er samt nytsamur fugl; hún er sá bezti áburðarfugl fyrir gras í eyjum þeim, sem hún heldur sig í. Það eru að því leyti stór hlunnindi að henni, og því alveg rétt að friða hana alt árið, enda er sárlítið niðurlag í henni til fæðis.

Þorkell Bjarnason: Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. kgk. (J. H.) sagði, að menn hefðu töluverðan arð af álftaveiði, þá er það satt; menn veiða hana talsvert á vötnum á heiðum uppi og jafnvel niðri í bygðum, þegar hún er í sárum, og unga hennar, meðan þeir eru ekki orðnir fleygir. En ef hún verður nú friðuð þann tíma, sem tekinn er til í frumv. þessu, frá 15.

mai til 20. sept., þá hygg eg að þetta gagn, sem menn hafa af veiði hennar, minki að miklum mun.

Um sektina, sem frumv. ákveður 50 a., skal eg geta þess, að það getur borgað sig vel að skjóta álft, þótt maður eigi að greiða 50 a. sekt fyrir það, og það borgar sig enda að skjóta hana tvisvar, þótt sektin við ítrekunina hækki upp í 1 kr.

Júlíus Havsteen: Úr því háttv. 6. kgk. (Þ. B.) segir, að með ákvæði frumv. um, að álftin skuli friðuð á þeim tíma, sem hún er í sárum, muni hún verða lítið veidd eða skotin, þá virðist vera nógu langt farið í frumv. sjálfu og fyrir því óþarft að fara enn þá lengra og friða hana yfir alt árið.

Jónas Jónassen: Mér þykir það mjög undarlegt, að í 1. gr. frumv. þessa eru taldir upp og friðaðir ýmsir smáfuglar, svo sem maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar o. s. frv., en mörgum almennum fuglum slept, sem eru þó á stærð við þá, svo sem stelkar, sandlóur og sendlingar. Því er ekki þessum smáfuglum lofað að vera með?

Annars er eg á sama máli og háttv. 6. kgk. (Þ. B.) um það, að þetta eru hreinustu pappírslög; þau eru brotin um alt land og fuglarnir skotnir bæði af innlendum og útlendum öldungis eins og mönnum sýnist. Menn hirða ekkert um lögin; jafnvel sjálfir lögreglustjórarnir. Eg veit t. d. um Fischer sýslumann, sem var hér. Hann sagði við útlendingana: „Skjótið þið bara, eins og þið viljið, þá fugla, sem þið sjáið“. Svo hafa frakkneskir yfirmenn tjáð mér.

Það er og nokkuð undarlegt, að friða þessa farfugla strax frá 1. apríl eða löngu áður en margir þeirra eða flestir koma hingað til landsins; og að friða þá til 20. júlí er í rauninni sama sem að útvega útlendingum fleiri fugla að skjóta heima hjá sér.

Um álftina er það að segja, að hún er stór fugl og mesta björg í að veiða hana, og mestu ósköp er til af henni hér á landi. Hún er þúsundum saman hér á vogum og víkum á vetrum, svo að það sér ekki högg á vatni, þótt dálítið sé skotið af henni. Eg get því enga ástæðu séð til að friða hana alt árið. Eg er sjálfur skytta, svo eg er nokkuð kunnugur fuglaveiðum, og eg er því samdóma, að friða eigi fuglana meðan þeir eru á eggjum sínum eða hafa ósjálfbjarga unga. En hitt virðist mér fráleitt, að friða farfuglana áður en þeir koma hingað, að friða spóann í apríl, sem ekki kemur fyr en í maí, — mánuði áður en hann kemur! Þess konar lög eru bara hlægileg.

Sektarákvæðið í 2. gr., 50 aurar fyrir fyrsta brot, virðist mér nógu hátt; engin ástæða til að hækka það upp í 1 kr.

ATKVÆÐAGR.: 1. br. (C. 278) samþ. með 6 atkv., 2. br. (C. 278) samþ. með 6 atkv., br. (C. 283) samþ. með 8 atkv., 1. gr. samþ. með 7 atkv., 3. br. (C. 278) samþ. með 6 atkv., 2.—4. gr. samþ. með 6 atkv., 5. gr. samþ með 7 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 7 atkv. Vísað til 3. umr. með 7 atkv.

Þriðja umr. (C. 284, 287) 4. ágúst.

Hallgrímur Sveinsson: Eg hefi ásamt nokkurum öðrum háttv. þingdm. komið fram með breyt.till. við þetta frumv., sem hér liggur fyrir, og vil eg fyrst geta þess, að það er prentvilla í staflið a.; þar stendur „þúfnatitlingur“ í staðinn fyrir „þúfutitlingur“, sem mun vera almennasta nafnið á þeirri fuglategund. Í öðru lagi skal eg geta þess, að þessi breyt.till. miðar ekki að því, að gera efnisbreytingu á frumv, eða setja aðrar ákvarðanir um friðun fugla en í frumv. standa, heldur að eins að því, að setja lögulegra snið á frumv. en það hafði áður, þannig, að það sjáist glögt, hverjir fuglar eru friðaðir og hverjir ekki, og á hverjum tíma þeir séu

friðaðir og hvenær ekki. En eins og frumv. nú er, þarf leit og nákvæma aðgæzlu til að sjá þetta. Til alveg hins sama er miðað með breyt.till. við 5. gr.; þar er málið gert liðlegra og skýrara, svo að enginn glundroði geti komist að eða vafi leikið á, um hverja lagastaði sé að ræða. Þar sem þessu er þannig varið, vona eg að eg þurfi ekki að gera frekari grein fyrir þessu; eg vona að háttv. þingd. sjái, að hér er að eins að ræða um lögun á frumv. og fallist á breytingarnar.

Júlíus Havsteen: Það er kannske nokkuð seint, sem eg tek til máls, þar sem málið er nú fyrir til 3. umr. En ef h. þingd. vildi taka álit mitt nokkuð til greina, mætti taka málið út af dagskrá, sem eg þó alls ekki fer fram á.

Háttv. 4. kgk. (J. J.) lét það í ljós við 2. umr. þessa máls, að yfirvöldin hefðu ekki framfylgt hinum núgildandi lögum um friðun fugla, og verð eg að „prótestera“ á móti þeim áburði í kröftugasta máta, hvað mig snertir að minsta kosti. Meðan eg var fyrir norðan, lét eg æfinlega framfylgja lögunum, þegar mér var það hægt, og leið ekki að þau væru brotin að ósekju, hver sem í hlut átti, hvort heldur útlendir eða innlendir menn. Eg skil því ekki, að háttv. 4. kgk. (J. J.) hafi ástæðu til að bera ámæli þetta á Norðurland um mína embættistíð þar; og hvað Suðurland snertir, þá hefir mér ekki verið skýrt frá neinum brotum á móti áminstum lögum síðan eg kom hingað. Vera má, að háttv. 4. kgk. þm. (J. J.) haldi, að menn yfirleitt séu ekki betri en hann sjálfur í þeim pósti, sem hér ræðir um, sbr. játning hans við síðustu umr. þessa máls. — Annars liggja orsakir í sjálfum lögunum til þess, að þau hafa verið brotin stundum, sérstaklega vegna þess, að hver hefir haft sína skoðun um, hvaða fuglar heyrðu undir orðið „fiskiendur“. Það orð er fátítt fyrir norðan og hefir valdið misskilningi. T. d. vissi eg, að einn sýslumaður leyfði að skjóta hávellur, af því hann hélt, að hávellur og fiskiendur væri það sama. Nú heyrði eg í gær, að háttv. 6. kgk. (Þ. B.) vildi kalla straumendur fiskiendur, og háttv. 4. kgk. (J. J.) vildi nefna allar mjónefjaðar endur því nafni, ásamt nokkurum breiðnefjuðum, ef eg man rétt. Nú hugsaði eg, að þessir háttv. þingdm. væru þessu kunnugir, og því vildi eg óska, að þeir lýstu áliti sínu á þessu atriði, hvað sé fiskiendur og hvað ekki, yfirvöldunum til upplýsingar.

Að öðru leyti álít eg að breyt.till. þær, sem hér liggja fyrir, séu til töluverðra bóta, því að áður var frumv. ruglingslegt, en ef breyt.till. komast að, verður það skipulegt og skýrt. Það er að eins eitt, sem eg ekki kann við, það, að orðið „svanir“ er haft í stað hins almenna, sem brúkað er í daglegu tali um alt land. „Álftir“ er þar að auki gamalt orð og brúkað í Jónsbók; en orðið „svanir“ veit eg ekki til að haft sé annarsstaðar en í kveðskap.

Þorkell Bjarnason: Viðvíkjandi spurningunni um það, hvað fiskiendur sé, skal eg geta þess, að Niels Johnsen, norskur fiskifræðingur, sem dvaldi 9 mánuði hjá mér á Reynivöllum, sagði, að af þeim öndum, sem á ánni voru, væri tvent andakyn fiskiendur, annað stærra, hitt minna, og þær andir köllum við á íslenzku toppönd.

Jónas Jónassen: Eg álít það óheppilegt, að halda orðinu fiskiendur, því að það getur valdið misskilningi, þar sem hver hefir sinn skilning á því, hvað fiskiendur sé. Eg fyrir mitt leyti hefi alt af heyrt, að þær endur væru kallaðar fiskiendur, sem hefðu mjótt nef. En nú hafa t. d. stokkendur breitt nef og eru þó fiskiendur að vissu leyti. Það verður þó líklega að standa, án þess vér þó getum fyllilega skorið úr, hvað í orðinu liggur, og verður þá að fá yfirlýsing náttúru-

fræðings um það; en það er og verður samt óheppilegt, að brúka vafasamt orð í lögum. Yfir höfuð að tala er þetta frv., eins og eg hefi sagt áður, pappírs-frumvarp.

ATKVÆÐAGR.: 1. br.till. (C. 287) við 1. gr. samþ. í e. hlj., 2. br.till. (C. 287) við 5. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv. — Frv., þannig breytt, samþ. með 10 samhlj. atkv. og verður endursent til forseta Nd.

Ein umr. (C. 438) 21. ágúst.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 9 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Breyting á botnvörpulögum.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 495); 1. umr. 21. ágúst.

Sigurður Stefánsson: Þótt þetta frumv. sé ekki langt, þá virðist ýmislegt athugavert vera við það, og vil eg því leyfa mér að leggja til að 3 manna nefnd sé skipuð í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 8 : 1 atkv. og hlutu kosningu:

Sigurður Stefánsson með 6 atkv.
Kristján Jónsson — 5 —

og með því að Þorleifur Jónsson og Sigurður Jensson höfðu fengið jafnmörg atkvæði, var hlutum varpað og kom upp hlutur Þorleifs Jónssonar.

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 495, 550) 23. ágúst.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eins og sést af nefndarálitinu, þá hefir nefndin ekki getað orðið fyllilega samdóma, og eg skal játa, að það var nokkur ástæða til þess, því maður er eins og milli steins og sleggju með hvaða leið maður eigi að velja í þessu máli. Annars vegar verður á það að líta, að nauðsynlegt er að eftirlitið með þessum botnverpingum sé eins hægt og auðið er, svo eðlilegt er, þótt þing og stjórn geri alt, sem í þeirra valdi stendur, til að hamla þessum yfirgangi; en hins vegar verður líka að koma til greina, hvernig hagar til hér og hvernig ástæður þeirra manna eru, sem lögin helzt ná til. Í seinni tíð hafa sjávarsveitirnar við Faxaflóa haft mikið hagræði af að hirða þann fisk, sem botnverpingar annars hefðu kastað í sjóinn. Og þegar litið er til þess, hversu bágstaddar þessar sveitir eru, svo bágstaddar, að það hefði legið við hreinustu landauðn, ef þessi afli hefði ekki verið hirtur, þá má sannarlega telja það varhugavert af þinginu, að banna mönnum þessa björg með ströngum lögum. Ætli það hefði þótt betra, að þessar sveitir hefðu leitað sér hallærishjálpar til að firrast hungur og harðrétti en að komast hjá því á þennan hátt. Eg fyrir mitt leyti verð að minsta kosti að álíta það miklu virðingarverðara að reyna að bjarga sér á heiðarlegan hátt, svo lengi sem unt er, heldur en að hlaupa strax í landssjóðinn eftir hallærisstyrk, og álít það mjög hart aðgöngu, að vilja hindra með lögum þessa vesalinga, eins og sumir hverjir þeirra eru, sem hér eiga hlut að máli, frá því að bjarga sér, og til þess óyndisúrræðis verða að vera mjög knýjandi ástæður.

Eg skal nú játa, að hér sé nokkur knýjandi ástæða fyrir hendi að gera eftirlitið með því, að botnvörpuveiðalögunum sé hlýtt, hægara, og að það eigi illa við, að innlendir menn vísi þessum yfirgangsseggjum á fiskimið og leiðbeini þeim á annan hátt, og þetta vill nefndin líka koma í veg fyrir. En meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að svo ilt sem þetta er, þá sé það þó enn þá verra og síður viðeigandi, að leiða það í lög, sem gerði

fjölda fólks ómögulegt að leita sér þeirrar hjálpar, sem væri svo að segja lífsskilyrði fyrir það, í þeirri hallæristíð, sem liðið hefir yfir heilar sveitir við Faxaflóa, að menn halda af völdum botnvörpuveiðanna. Auðvitað óskaði nefndin engan veginn að gefa neinum undir fótinn að brjóta gildandi lög.

Eg hefi leitað mér upplýsinga um, hvort það ekki mundi valda miklum atvinnumissi hjá fjölda manna, ef frumv. þetta yrði óbreytt að lögum, og komist að raun um að svo mundi verða. Eg átti tal um þetta fyrst og fremst við þingm. þessarar sýslu (Gullbr. og Kjós.) og við einn kaupmann hér í bænum, sem þekkir vel til alls, er að þessu atriði málsins lýtur, og eftir því, sem þeir fræddu mig um, þá munu $^2/_3$ hlutar af öllum þeim fiski, sem Miðnesið, Garðurinn og Leiran hafa aflað síðasta ár, hafa verið botnvörpufiskur. Það er þetta, sem kom meiri hluta nefndarinnar til að gera breyting á frumv. í þá átt, að mönnum væri heimilt að hirða fisk hjá botnverpingum utan landhelgi. — Það er ekki hægt að skoða þetta eins og þingið hvetji menn til að hafa viðskifti við þessa botnverpinga, — það má segja, að það sé svo margt liðið, sem ekki er leyft, — og það því fremur, sem þingið gerir sitt til að hindra þessi viðskifti, með því algerlega að banna þau á landhelgissvæðinu.

Það hefir verið sagt, að það sé erfitt að hafa eftirlit með hvort þessi viðskifti fari fram fyrir innan landhelgi eða utan, en eg verð að ætla, að það sé engu erfiðara að hafa þetta eftirlit með þeim viðskiftum, sem ræðir um í síðari lið fyrri málsgreinar, heldur en þeim viðskiftum, sem bönnuð eru í fyrri liðnum. Ef það er örðugt að hafa eftirlit með þessum síðarnefndu viðskiftum, þá held eg að það sé einnig örðugt með þeim fyrnefndu, og hefi eg þó engan heyrt kvarta neitt sérstaklega undan því. Eins og frv. kemur úr h. Nd. krefst það svo mikils eftirlits, að erfiðleikarnir geta ekki vaxið þótt okkar brt. komist að. Við viljum líka fá strandgæzlubát, sem ætla verður að eftirlit geti haft með, að þessir botnverpingar séu ekki oft fyrir innan landhelgi, og að þess vegna fari þessi viðskifti vanalega fram fyrir utan landhelgi. Nefndinni óx það í augum, að setja þau lagaákvæði, sem gerði fjölda manna það ómögulegt, að leita sér þeirrar atvinnu, sem hefir komið því til leiðar, að hið opinbera ekki hefir þurft að láta hjálp sína í té. Yrði þetta frv. óbreytt leitt í lög, þá neyddi það fjölda manna til að yfirgefa hreysi sín í þessum hallærissveitum. Það er engin von að við, sem búum svo nálægt landssjóðnum og getum sótt í hann peninga á hverjum mánuði, það er engin von, segi eg, þó við eigum erfitt með að gera oss ljósa grein fyrir þeirri neyð, sem þessi lög gætu komið til leiðar, en við ættum að vera svo nærgætnir, að geta hugsað okkur, hve sár þörf þessara manna er, að leita sér einhverrar bjargar, þar sem konan og börnin sitja svöng og tötturlega klædd heima, í bjargarlausum bænum, svo sár þörf, að hún getur enda neytt þá til að brjóta slík lög sem þessi, af neyð, jafnvel móti þeirra eigin vilja.

Kristján Jónsson: Þar sem eg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, skal eg leyfa mér með fáum orðum að skýra frá því, hvað til þess kemur. — Eg, sem var kosinn í nefndina ásamt 2 öðrum háttv. þingmönnum, skrifaði undir nefndarálitið, án þess að gera beinan ágreining, af því að eg álít brtill. nefndarinnar stefna í rétta átt. Það er mín skoðun, að það eigi ekki að banna umrædd viðskifti við botnverpinga nema því að eins, að þau fari fram í landhelgi; en svo þegar eg athugaði, hvað af því mundi geta leitt, ef þessi breyting eða einhver önnur breyting á frv. væri samþykt, nfl.: að það mundi leiða til þess,

að frv. næði ekki að verða að lögum á þessu þingi, þá varð eg heldur að vera á móti brt., því eg vildi ekki vinna það til fyrir brt., að málið alt félli eða færi forgörðum, því að frv. þykir mér að öðru leyti góð og enda nauðsynleg réttarbót. Af þessari ástæðu skrifaði eg undir nefndarálitið með fyrirvara, og af þessari sömu ástæðu mun eg á sínum tíma greiða atkv. á móti brtillögunni. —

Eg vona eg þurfi ekki að skýra það nákvæmar fyrir háttv. þd., að þó að eg álíti hugsun brtillögunnar rétta, vil eg offra henni (brtill.), til þess að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. —

Júlíus Havsteen: Það gladdi mig mikið, þegar eg sá að frv. þetta var komið hér inn í deildina, því það er sannarlega þörf á því, og eg fyrir mitt leyti hefi mikið þráð það.

Í þessu frv. er ekki farið fram á annað en það, sem í raun og veru er innifalið í hinum núgildandi lögum. Hvað fyrri hluta fyrri málsgr. frv. snertir, þá gerir hann alls enga breyting á því, sem nú er, því eg ætla, að þeir, sem hafast það að, sem rætt er um þar, sé samsekir þeim, sem drýgja brot á móti botnvörpulögunum frá 8. apríl 1898. Að því leyti, sem er að eins að tala um hjálp innan landhelgi, þá leiðir það af sjálfu sér, að ekki getur verið um þess háttar brot annarsstaðar að ræða, og að það er ekki saknæmt, að hjálpa botnverpingum til að sigla utan landhelgi.

Síðari hluti málsgr. hefir heldur ekki nein nýmæli inni að halda. Í honum felst ekki annað en það, sem stendur í lögum vorum um siglingar og verzlun, um fiskiveiðar við Ísland, og í sóttvarnarlögunum og sérstaklega í tilskip. 8. febr. 1805 um sóttvarnir. En orsökin til þess að þetta frv. er fram komið er sú, að eftir þeim verður hægara að fá sönnun fyrir brotunum. Sé nú aftur á móti farið að breyta síðari lið fyrri málsgreinar þannig, að brotið sé að eins framið innan landhelgi, þá erum við engu nær en nú, því það verða ókljúfandi örðugleikar á að sanna, hvort þessi viðskifti hafa farið fram fyrir utan eða innan landhelgi.

Það hefir nýlega komið fyrir dæmi, sem sýnir hversu örðugt það er að sanna það, að brot hafi verið drýgt í landhelgi eða fyrir innan landhelgislínuna; yfirvöldin neyddust til að láta eitt botnvörpuskip laust af vöntun á fullnægjandi sönnun, þótt enginn efaðist um, að það hefði gert sig sekt í broti á botnvörpulögunum. Það stóð raunar í einu blaði hér í bænum, að tvö vitni hefðu komið fram í málinu, en það var ekki tekið neitt tillit til, að þessi vitni báru ekki alveg hið sama, og tvö vitni, sem ekki bera alveg hið sama, eru jafnt og ekkert vitni. Auk þess var nafn skipsins ekki tekið strax að vetfangi, heldur fyrst úti á Sviði. Eg nefni þetta sem dæmi upp á, hve örðugt það veitir að sanna, að eitthvert skip hafi verið fyrir innan landhelgi. Eða hvernig hugsa menn sér þá að geta sannað, að einhver bátur hafi tekið fisk hjá botverpingi fyrir innan landhelgi en ekki fyrir utan, ef honum á annað borð er leyfilegt að fara út í hann.

Þessi viðskifti við botnverpingana veita mönnum í bráðina í soðið, en hver getur sagt, að þeir sömu menn ekki gætu fengið það, ef þeir leituðu fyrir sér á annan hátt, eða eins og þeir voru vanir að afla sér í soðið, áður en þessir botnverpingar fóru að koma hingað; en í stað þess að gera það, þá hafa þeir alveg lagt árar í bát, til þess að róa til fiskjar, en kjósa heldur að róa út í botnverpingana með Whiskyflöskur, vitandi að botnverpingarnir eru mjög sólgnir í þennan drykk, og láta nóg af fiski fyrir. Flaskan er svo dregin upp og oft og tíðum setjast þá íslendingarnir að drykkju með botnverpingunum. Fyrst kemur kunningsskapurinn svo breytist hann í vinskap og afleiðingin er, að Íslendingar fara að leiðbeina þeim og vísa þeim á beztu miðin. Net og lín-

ur eru lagðar einu sinni eða svo til málamynda, en svo ekki söguna meir. Önnur afleiðing af þessu er sú, að botnverpingar hænast að landinu, og það er einmitt þetta atriði, sem ekki sízt kemur þeim til að fiska í landhelgi.

Þá kem eg að þeirri afleiðing af þessum viðskiftum, sem er langhættulegust og þýðingarmest fyrir okkur.

Síðasta vetur kom út grein í mjög óvirðulegu blaði í Kaupmannahöfn, skrifuð af einhverjum óhlutvöndum manni, þar sem okkur er brigslað um þessi viðskifti, og borið á brýn, að við hjálpum botnverpingum á allar lundir til að komast undan varðskipinu. Þessi grein hafði þau áhrif, að að því var komið, að fjárstyrkurinn til varðskipsins félli niður, ef skynsamir menn, sem betur þektu ástæður okkar, hefðu ekki komið í veg fyrir þetta hjá ríkisþinginu, með því að skýra því frá, að yfirvöldin hér hefðu lagt sig í framkróka með að hindra mök landsmanna við botnverpingana.

Það hefir komið fyrir, að eg hefi látið höfða mál móti þessum vinum botnverpinganna, en yfirrétturinn hefir ætíð sýknað þá, sér í lagi vegna þess, að fullnæg sönnun hafði ekki fengist fyrir því, að skipin, sem farið hafði verið út í, höfðu eigi gert grein fyrir sér hjá yfirvaldi hér í landi, í sömu fiskiferðinni frá útlöndum og þeir hefðu verið í landhelgi. — Eg hafði heldur eigi vitnað til tilsk. 8. febr. 1805 um sóttvarnir í málshöfðunarskipunum mínum, sem hafði þá afleiðingu, að undirdómarinn tók eigi tillit til þessara laga, sem að minni hyggju gilda enn, sbr. auglýsing stjórnarráðsins 20. febr. 1879. Eg hefi síðar látið höfða mál á móti nokkurum mönnum af Akranesi, fyrir ólögleg mök þeirra við botnverpinga, sem eigi eru útkljáð enn, og er nú búið svo um hnútana, að það þurfi ekki að standa í veginum, að fullnægjandi sannanir vanti í því tilliti, sem sagt var.

Af þessum ástæðum, sem eg hefi tilgreint, legg eg til að fella breyt.till., já, eg vil beinlínis biðja deildina, eins hjartanlega eins og eg get, um að gera það, því það er mín fasta sannfæring, að ef við gerum það ekki, þá getum við beðið óbætanlegt tjón við það, eg meina með því að missa varðskipið eða fjárveitinguna til þess.

Hallgrímur Sveinsson: Eg skal leyfa mér að taka það fram, að eg er fyllilega samþykkur skoðun h. 1. kgk. þm. (J. H.) í þessu máli. Mér virðist hér vera um nauðsynjamál að ræða, sem ekki má leggja hindranir í veginn fyrir. Eg skal hins vegar játa, að eg skil vel ástæður þær, sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) tók fram, og sem geta leitt til þeirrar ályktunar, að óhætt sé að gjöra ströng lagaákvæði gegn þeim mönnum, er leita sér bjargar hjá botnverpingum. Meðan það voru hinir máttarminstu og fátækustu, sem leituðu sér bjargar á þennan hátt, þá gat mér ekki annað en runnið til rifja, að þeim væri fyrirmunað það, þegar botnverpingarnir bentu þeim til sín og leituðu til fundar við þá, til þess að hella ofan í báta þeirra þeirri björg, sem þeir annars hefðu varpað í sjóinn. Meðan það voru hinir fátækustu og máttarminstu, sem leituðu sér bjargar á þennan hátt, þá var það óneitanlega hart aðgöngu, að banna þeim það með lögum og leggja hegningu við; en nú hygg eg að málinu víki nokkuð öðruvísi við. Mér hefir verið tjáð af kunnugum mönnum, að nú sé gangurinn sá, að ef hinir fátæku og máttarminni vilji leita sér að björg hjá botnverpingunum á bátum sínum, þá sé þeim vísað frá, af því að vissir menn, er hafa afl í höndum, séu komnir í fast viðskiftasamband við þá; þeir hafi, eins og h. 1. kgk. þm. (J. H.) komst að orði, þilskip sín á vakki, til þess að elta þá og fái bendingu frá þeim um að taka afla hjá þeim, og þannig hafi hinir máttarmeiri Íslendingar bolað

fátæklingunum frá að fá sér björg hjá þessum útlendu fiskimönnum. Sé þetta rétt hermt, sem mér hefir verið tjáð af kunnugum mönnum, þá getur mér skilist, að ástandið valdi fiskimönnunum því sárari skapraunar, er þeir sjá fiskimiðin eyðileggjast og björgina tekna frá sér og sínum jafningjum bæði af útlendum og innlendum yfirgangsseggjum.

Eg skal ekki neita því, að fáeinir fátæklingar kunni ef til vill enn að hafa nokkurt gagn af þessum afla, en meiri parturinn af þeim fiski, sem hérlendir menn fá hjá botnverpingunum, lendir eigi hjá hinum máttarminni og fátækari, heldur hjá hinum máttarmeiri, efnamönnunum. Sé þetta satt, hverfur hluttekningin fyrir því, að landsmenn yfir höfuð nái í þennan afla hjá botnverpingunum. Þetta er ein hlið þessa máls.

Þá kemur önnur hlið þess, sem sé hvernig það lítur út í augum þeirra manna, er hafa á hendi strandgæzlu hér við land, ef þingið gjörir undantekningar í þessu efni og sér í gegnum fingur við vissa menn og mök þeirra við botnverpingana. Það gæti orðið til þess, að vér ættum það á hættu, að vér fengjum ekkert varðskip hingað, til þess að verja oss fyrir yfirgangi þessara erlendu fiskimanna. Eg skal í þessu sambandi bæta því við, að mér er óhætt að fullyrða, að foringi varðskipsins danska hafi sýnt lofsverða viðleitni til þess að ná í þessa útlendu lögbrotsmenn og koma þeim undir hegningu laganna. En þetta eina varðskip getur ekki verið á öllum stöðum. Ef það væri altaf hér í Faxaflóa, mundi það geta fælt botnverpingana burtu, og gjört það að verkum, að lagabrotin yrðu að minsta kosti mjög fá; en það er skylda þess að hafa strandgæzlu kringum alt landið. En þegar botnverpingarnir frétta, að varðskipið er á Austfjörðum, Vestfjörðum eða Norðurlandi, þá vita þeir að þeim er engin hætta búin og að þeim er óhætt að brjóta lögin; þá er nálega ómögulegt að fá lögfulla sönnun, jafnvel fyrir augljósum brotum, ef varðskipið er ekki við hendina; þá er freistingin sterk fyrir þá að brjóta lögin, þar sem hagsmunir eru á aðra hönd, en hættan lítil. Nú hefir, eins og kunnugt er, verið samþykt þingsályktunartill. um að stjórnin sendi annað varðskip eða strandgæzlubát hingað upp fyrir Faxaflóa. Mundu þá vera líkindi til að við fengjum góða áheyrn um það, ef hinni dönsku þjóð og hinni dönsku stjórn bærust sagnir um, að alþingi Íslendinga hikar við að hafa hönd í hári þeim hérlendu mönnum, er hjálpa botnverpingum á nokkurn hátt til þess að brjóta lögin? Eg hygg að það mundi spilla mikið fyrir málstað vorum. Eg held að það sé rétt, sem h. 1. kgk. þm. tók fram, að öll mök við botnverpinga leiði að einhverju leyti til vinfengi við þá, og að það sé siðspillandi, og geti orðið til þess, að hérlendir menn vari þá við og komi þeim með því undan hegningu laganna. Öll þessi atvik virðast mér því benda á, að þingið þurfi að setja töluvert hörð ákvæði gegn öllum mökum hérlendra manna við botnverpinga, þótt þau ef til vill kunni að ganga nokkuð nærri sumum, til þess að það spilli ekki fyrir, að vér fáum vörn af hálfu Danastjórnar gegn útlendum og innlendum lagabrotsmönnum. Þar sem nefndin í nefndaráliti sínu leggur það til, að hérlendum mönnum skuli heimilt að leita sér bjargar hjá botnverpingum utan landhelgi, þá verður ærið erfitt að framfylgja þeim ákvæðum. Auk þess kemur hér annað atriði til greina, sem sé það, að ef við, eins og h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) benti á, samþyktum frv. með breyt.-till. nefndarinnar, þá yrði það sent aftur til h. Nd., og það gæti orðið til þess, að frumv. næði ekki fram að ganga og að vér enn þá stæðum uppi, án þess að fá nokkurar ákvarðanir um þetta efni, sem allir telja bráða nauðsyn á að fá, og yrðum svo að bíða næsta þings eða tvö ár til.

Þó mig því taki það sárt, að ákvæði frumv. kunni að spilla fyrir einhverjum fátæklingum, og þó mér eigi falli það alls kostar vel í geð, þá neyðist eg samt til að greiða atkvæði móti till. nefndarinnar, og vil láta samþykkja frv. óbreytt, eins og það liggur fyrir frá h. Nd., og vil eg því skora á h. þdm. að gjöra hið sama, af þeim ástæðum, sem eg nú hefi tekið fram.

Sigurður Stefánsson: Eg skal taka það fram, að eg hélt að það væri meiri nauðsyn á þessu frumv., en mér heyrðist eftir ræðu h. 1. kgk. þm. (J. H.), þar sem hann gat þess, að fyrri hluti þess væri ekki annað en gildandi lög, en þá dregur töluvert úr nauðsyn þess, enda þótt það sé skýring á gildandi lögum. Mér finst h. þingm., sem talað hafa móti breyt.till. nefndarinnar í þessu máli, hafi litið meira á það frá stjórnarinnar og yfirvaldanna hálfu, en frá hálfu þeirra manna, sem hér eiga um sárast að binda. Eg held ekki að það sé rétt á litið, að þessi breyt.ákvæði nefndarinnar verði til þess að hvetja menn til leti og ómensku, eða ódugnaðar með að bjarga sér. Löngu áður en hérlendir menn fóru að hafa nokkur mök við botnverpinga, til þess að ná í afla hjá þeim, var full reynsla fengin fyrir því, að ekki var til neins fyrir þá að leita fiskjar á fiskisviðum þeirra, með því að þau voru gjörsnauð að öllum afla. Það var því að eins neyð sú og skorturinn, sem knúði þá til þessa óyndisúrræðis, að leita sér bjargar hjá þessum útlendu botnverpingum. Það er hægt fyrir okkur að segja, að það sé eins hægt fyrir þá að leggja net sín og lóðir, eins og fara um borð í botnverpingana og sækja aflann til þeirra. En til hvers er að leggja veiðarfæri sín í sjó, þegar þeim er strax sópað burtu; og þau fá ekki að vera í friði sakir yfirgangs botnverpinga. Þegar svona er ástatt, þá eru það sannarlega enn meiri neyðarúrræði, að banna landsmönnum að leita sér bjargar á þennan hátt. Það er ekki hægt að bera þeim ódugnað á brýn, meðan nokkur von var fyrir þá að fá björg á annan hátt. Það er ekki nema eðlilegt, þótt þeir missi huginn, þegar þeim eru allar bjargir bannaðar. Þar sem h. 1. kgk. þm. (J. H.) tók það fram, að breyt.ákvæði nefndarinnar, ef þau yrðu að lögum, mundu verða til þess að draga botnverpingana meira að landinu, þá skal eg ekki bera á móti því, að svo kynni að verða, en mér þykir ólíklegt, að það yrði helzt til þess að draga þá inn í landhelgi, að þeir gætu kastað fiski þeim í bát hjá Íslendingum, sem þeir annars kasta í sjóinn. En það er ekki það, sem dregur þá inn á landhelgissvæðið, heldur hitt, að þar er meiri aflavon en utan landhelginnar. Að því er snertir þá mótbáru, að hæpið sé að sanna, hvort hérlendir menn hafi verzlunarmök við botnverpinga innan eða utan landhelgi, þá er það þeirra, sem gæta laganna, að dæma þar eptir sönnunum. Eg held, að hvaða lög sem væru búin til um botnverpingana, þá yrðu þau altaf brotin, þar sem nauðsynin hlýtur að brjóta þau, eins og hér yrði tilfellið, þar sem næstum er um líf manna að ræða. Eg segi þetta ekki af því, að eg vilji ala upp í mönnum ólöghlýðni, en það mundu koma fyrir þau atvik, sem gjörðu það óhjákvæmilegt, að þessi lög yrðu brotin.

Þar sem. h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók það fram, að það væru ekki lengur fátæklingarnir heldur efnamennirnir, sem nytu mest og bezt þessa afla frá botnverpingunum, þá skal eg geta þess, að ef þeir hafa þilskip sín á vakki til þess að bíða eftir afla hjá botnverpingunum, þá njóta fleiri góðs af honum, en hinir efnaðri þilskipaeigendur. Þeir hafa marga háseta á skipum sínum, sem eru fátækir menn, og því meira sem þeir fiska, því hærri verða hásetalaunin, að því leyti sem þeir fá premiu af aflanum auk umsamins kaups. Það er eins með þennan afla eins

og annað, að dugnaðarmennirnir fá mest, og að setja þeim takmörk með hörðum lagaákvæðum, þó þeim gangi betur en öðrum, álít eg ekki rétt, alment tekið. Eg hefi heyrt, að heil sjávarsveit hafi slegið sér stórkostlega upp á þessum fiskiveiðum hjá botnverpingum utan landhelgi; eg á hér við Akranes. Mér hefir verið tjáð, að mörg skip þaðan hafi að staðaldri róið út fyrir landhelgi í botnverpingana og stöðugt fengið nógan afla handa sér og sínum. Það má því nærri geta, hvílíkt Ramaóp mundi verða hjá þessum mönnum, ef frumv. þetta yrði samþykt óbreytt, eins og það kom frá h. Nd. Auðvitað vegur það mikið á móti breyt.ákvæðum nefndarinnar, ef þau skyldu verða til þess, að vér síður fengjum strandgæzlu fyrir það. En ef vér fáum strandgæzlubát hér á Faxaflóa, eins og farið er fram á í þingsál.till. þar að lútandi, þá gætu botnverpingar ekki verið í landhelgi, og þá væru þar með vandkvæðin á eftirlitinu af hálfu lögreglustjórnarinnar fallin.

Þó mér því þyki það leitt, þá verð eg, að öllu þessu vandlega athuguðu, að greiða atkvæði móti frv. þessu, ef breyt.till. meiri hluta nefndarinnar ekki verður samþykt. Það mun sannast, að það batnar ekki hagur hérlendra fiskimanna, þó þetta frv. verði að lögum.

Júlíus Havsteen: Þar sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) lagði svo mikla áherzlu á, að eg hefði sagt, að í frumv. þessu fælust eigi önnur ákvæði en þau, sem nú væru í gildandi lögum, þá er það misskilningur á orðum mínum. Eg tók það skýrt fram, að fyrri liður frumvarpsins væri eins og til nánari útskýringar á hinum gildandi botnvörpulögum; því að í þeim er ekki tekið fram ákvæði um það, hvernig fara skuli, þegar hérlendir fiskimenn hjálpa botnverpingum við veiðar þeirra. Síðari liðurinn miðar til þess, að gjöra mönnum hægra fyrir að sanna brot á móti lögum þeim, sem eg áður nefndi.

Þar sem h. sami þm. gat þess, að sér hefði verið tjáð, að heil sjávarsveit hefði slegið sér upp á slíkum fiskiveiðum hjá botnverpingum, þá verð eg að segja, að sé þetta sönn saga, þá eru það ekki réttir Íslendingar, sem lifa á sníkjum hjá þessum útlendu yfirgangsseggjum, en eru svo annað veifið að hrópa og skrækja undan yfirgangi þeirra; með því gjöra þeir landið fyrirlitlegt í augum allra góðra manna.

Eg verð því enn þá að leggja mikla áherzlu á, að frumv. verði samþykt óbreytt, eins og það kom frá h. Nd.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 495, 550) 24. ágúst.

Júlíus Havsteen: Eg var búinn að ljúka mér af í gær með það, sem eg vildi segja í þessu máli, því eg stóð í þeirri meiningu, að frv. væri þá til 2. umr. Eg hugsa að h. þingdm. muni svo mikið eftir því, sem eg sagði í gær, að eg þurfi ekki að taka það upp aftur nú, en eg skal bæta einu við, sem eg gleymdi að taka fram. Það var sagt í gær, að það mundu vera þilskipaeigendur, sem nú sætu fyrir botnverpingafiskinum, og að fátæklingarnir kæmust ekki að fyrir hinum. Það er enginn efi á því að svo sé; en nú eru enn meiri menn komnir til sögunnar, sem þilskipin verða að víkja fyrir, og það eru hinir hérlendu botnverpingar, sem ensku botnverpingarnir helzt vilja skifta við; þeir fá nefnilega hjá þessum lagsmönnum sínum flatfiskinn, sem þeir hafa aflað, og láta í staðinn þorskinn og ýsuna. Þegar þilskipin nú ekki komast að fyrir þessum innlendu botnvörpumönnum, hvernig eiga þá fátæklingar að geta það á hinum opnu bátum sínum. Þegar svona er ástatt, þá held eg ekki se nein ástæða til að bera fátæklingana fyrir brjósti sér, og sé eg ekki lengur neitt, sem getur verið

í veginum fyrir að samþykkja frv. óbreytt, eins og það kom frá háttv. Nd.

Sigurður Stefánsson: Það er fyrir mér, eins og háttv. sessunaut mínum, að eg sagði alt í gær, sem eg hefi um frumv. þetta að segja og eg hefi því engu nýju við að bæta. Eg tók það fram þá, að eg áliti það óneitanlega hart, að banna mönnum þessa björg, og eg hefi ekki getað sannfærst um, að sú skoðun mín væri röng, af þeim ræðum, sem eg hefi heyrt síðan; eg hefi heldur ekki í þeim fundið neitt, sem gæfi ástæðu til að fella þessa litlu breytingu, sem meiri hluti nefndarinnar hefir leyft sér að koma fram með.

Háttv. sessunautur minn tók það fram, að það væru fleiri, sem væru farnir að sækja i þessa útlendu botnverpinga, heldur en fátækir sjómenn, og nefndi til þessa hérlendu botnvörpuskipin. Það kann vel að vera að svo sé, en alt til þessa dags hefir fátækt fólk úr sveitunum hér við Faxaflóa sótt mikla björg í þessi skip, og eins og eg nefndi í gær, þá hefir heilt pláss nær eingöngu, að kalla má, lifað á þessum viðskiftum, og munu þó sárfá af þeim hafa farið fram í landhelgi. Hvað þilskipin snertir, þá held eg það verði örðugt að sanna, hvar þau hafi fengið þann fisk, sem þau koma inn með, þar sem þau eru vikum saman úti. Sönnunin, hvað þau snertir, verður ekki hætishót hægari, þó að frumv. verði samþ. óbreytt, heldur en þótt breyt.till. meiri hlutans kæmist að. Hvar og hvenær þilskipin fá sinn fisk, getur lögreglustjórinn ekki vitað hið minsta um; en sé það fyrir utan landhelgi, þá finst mér æði hart að refsa fyrir það. Eg skal játa, að það muni vera örðugt að komast eftir því, hvort viðskiftin hafi farið fram í landhelgi eða utan, en það er ekki örðugra en eftirlitið með þilskipunum yfir höfuð. Það er sama, hvaða lög eru gefin, ef neyðin er til staðar, því hún þrýstir mönnum þá til að brjóta þau, og við getum aldrei búist við að þessum lögum yrði hlýtt.

Að hérlendir botnverpingar séu líka farnir að sækja í þessa útlendu nafna sína, þá er um það að segja, að það yrði alveg eins með þá og þilskipin, að það væri ómögulegt að segja, hvort þeir hefðu haft nokkur viðskifti við þessa nafna sína eða ekki, og alt eftirlit með því gagnslaust og ómögulegt. Afleiðingin af þessum lögum yrði þá sú, að þau hittu einungis hina minni máttar, þá, sem á bátkænunum sínum róa út í botverpingana til að afla sér bjargar, en hinir færu alveg því sama fram sem áður.

Eg skal svo ekki tala frekara um þetta mál, en leyfa mér að skírskota til þess, sem eg áður hefi tekið fram.

Júlíus Havsteen: Háttv. þingm. Ísf. (S. St.) hélt að það væri örðugt að sanna, hvort þilskipin hefðu viðskifti við botnvörpuskip eða ekki. Þvert á móti; það er ekkert hægara; það er ekkert annað en að spyrjast fyrir um þessi skip. Auk þessa eru svo margir menn á þilskipunum, að það veitir varla örðugt að komast fyrir hjá einhverjum þeirra, hvort þeir hafi viðskifti við botnvörpuskip eða ekki. Frá þeirri hliðinni verða því engin mótmæli móti frumv. bygð.

Hvað það snertir, að lög þessi verði illa liðin af þeim, sem brjóta þau, þá er það ekkert sérstakt fyrir þau, og eg held ekki, að við getum hætt við að búa til lög, þótt þeir, sem brjóta þau, hafi á móti þeim. Ef við hefðum átt að hafa tillit til þessa, þá mundum við hafa færri lög, jafnvel ekki hegningarlögin, því eg held að þjófunum sé alls ekki vel við að þau lög skuli vera til.

Eg skal að endingu mælast til og biðja háttv. þingd. um að samþykkja þessi lög óbreytt, eins og þau koma frá h. Nd.

Sigurður Stefánsson: Eg get ekki verið samdóma háttv. 1. kgk. (J. H.) um að það sé svo fjarska auðvelt að hafa eftir-

lit með þilskipunum. Eða má eg spyrja háttv. þingm., hvernig hann hugsar sér að hægt sé að komast eftir því, þó skip af Vestfjörðum sigli hingað suður í flóann, taki fisk hjá botnverpingum og sigli svo vestur aftur. Þetta geta þau gert dag eftir dag, án þess einn einasti lögreglustjóri á landinu komist nokkurn tíma að því eða fái nokkura ástæðu til að kalla skipshöfnina fyrir. Að treysta því, að hásetarnir muni koma upp um skipstjórann, held eg sé mjög hæpið, og í flestum tilfellum mun það vera hreinn ógjörningur að veiða nokkurn hlut upp úr hásetunum, þar sem skipstjóri í flestum tilfellum mun hafa þessi viðskifti með þeirra samþykki, og það góðu samþykki, sem von er.

Hér knýr neyðin aumingja mennina og freistar þeirra til að brjóta þau lög, sem þeim hljóta að finnast ósanngjörn og ranglát, þótt eg viðurkenni, að þau frá almennu sjónarmiði virðast geta haft við nokkurar ástæður að styðjast.

Landshöfðingi: Út af orðum háttv. þm. Ísf. (S. St.), að það væri neyðin, sem kæmi mönnum til að sækja í þessa botnverpinga, þá skal eg taka það fram, að eg held að það sé ekki altaf neyðin, sem knýr menn til þess, heldur alt eins oft hægðin. Það ber mjög oft við, að þó að fiskast hafi, þá hætta menn undir eins að róa og kunnugt er að fyrsti botnverpingurinn er kominn í flóann og hefir látið einhvern hafa fisk í skiftum. Þegar svo er talað um við þá, að þessi afskifti þeirra af botnverpingum séu ljót og vítaverð, þá segja þeir, að engan annan fisk sé að fá, en reyna þó alls ekkert fyrir sér. Svona hafa áreiðanlegir menn sagt mér að það gengi til hér í flóanum. Af þessum ástæðum álít eg öll þessi viðskifti siðspillandi, að þau venji menn á leti og ómensku og á að kasta öllum áhyggjunum upp á aðra. Þetta háttalag hefir komið svo mikilli breytingu á hugsunarhátt margra manna hér við flóann, að það er ekki hægt að þekkja þá fyrir sömu mennina; þeir eru orðnir fullir af sníkjum og harmatölum. Þetta álít eg alveg nauðsynlegt að girða fyrir með lögum.

Háttv. 1. kgk. (J. H.) hefir ítarlega tekið það fram, hvers vegna breyt.till. nefndarinnar ekki væri heppileg, af því að hún mundi gera ákvæðin í síðari hluta fyrri málsgreinar 1. gr. þýðingarlaus, og það væri mjög óheppilegt, jafnvel þótt eg játi, að fyrri liðurinn gæti þó komið að gagni, ef hann væri samþyktur óbreyttur.

Sigurður Stefánsson: Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. sagði, að mönnum hér við flóann detti ekki í hug að róa til fiskjar, þegar botnverpingar séu komnir, þá skal eg taka það fram, að það er ekki nema eðlilegt, að menn leiti þangað, sem mestan aflann er að fá, og eg fyrir mitt leyti mundi þykjast maður að meiri, ef eg fylti bát minn af fiski hjá botnverpingum, í stað þess að vera að skaka einhversstaðar undir landi og koma svo heim eftir langa legu með tóman skut. En þar að auki eru menn búnir að reyna fyrir sér áður en þeir fara að skifta sér af botnverpingum, og því trúi eg laust, að menn viti ekki, hvort fiskur er til í flóanum eða ekki; en hinu trúi eg vel, að þeir fái meiri fisk með því að sækja í botnverpingana, og það finst mér þá ekki nema eðlilegt, þó að þeir fari þangað, sem þeir geta fengið fullan bátinn sinn, þegar konur og börn þeirra bíða svöng heima.

ATKVÆÐAGR.: Br.till. nefndarinnar feld með 6 : 3 atkv. Frv. í heild sinni samþ. með 6 : 1 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 6 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 6 atkv.

Þriðja umr. (C. 495, 550) 25. ágúst.

Sigurður Stefánsson: Eg og 2 aðrir h. þingdm. höfum fundið ástæðu til þess að

draga enn út á botnvörpudjúpið, enda þótt lítil von sé um afla.

Því meira sem eg hugsa um frv. það, sem hér liggur fyrir, því betur sannfærist eg um það, að afleiðing þess og árangur muni verða enn verri en ástandið er nú. Þó að því breyt.till. meiri hluta nefndarinnar í þessu máli hafi ekki fundið náð fyrir augum háttv. þingd., heldur verið feldar, hefi eg þó álitið skyldu mína að gera mitt til þess, að frumv. þetta verði svo úr garði gert, að ekki líti svo út, sem alþingi búi til lög, er banna mönnum að bjarga sér með leyfilegu móti, og af þeim ástæðum hefi eg komið fram með breyt.till. á þingskj. 569.

Breyt.till. þessar fara fram á það í fyrsta lagi, að bæta nokkurum orðum inn í fyrri málsgrein frumv., en fella burtu síðari málsgrein, þar sem bönnuð eru verzlunarmök við botnverpinga. Eg hefi alt af litið svo á, sem mjög erfitt muni verða að færa fullgildar sannanir fyrir slíkum verzlunarmökum, svo gildar sannanir, að lögreglustjórn geti bygt á þeim kröfur um málshöfðun og dómstólar bygt á þeim sakfellingardóm. Eg hygg að orðalag frumv. megi teygja á ýmsan hátt og enda fara í kringum það, svo að erfitt verði að sanna slík brot. Það mun hæpið að heimfæra það undir verzlunarmök, þótt innlendur maður komi út að botnvörpuskipi og þar sé fiskur látinn detta ofan í bát hans, eða þótt hann gefi skipstjóra hvolp eða kött eða grátt gæruskinn og fái svo eitthvað af fiski fyrir. Eg hygg að sannanirnar um lagabrot verði ekki léttari en nú á sér stað, þótt frv. yrði samþykt, og að enginn skaði sé í því efni skeður, þótt breyt.till. minar verði samþyktar. Háttv. 1. kgk. (J. H.) hefir og lýst yfir því, að eftir gildandi lögum nú sé hægt að fá dóm yfir þeim, sem gera sig seka í þessu atferli.

Í öðru lagi munu allmiklir örðugleikar verða á því, að fá það ákveðið með vissu, hvort þessi verzlunarmök fara fram utan eða innan landhelgi; reynslan hefir þegar sýnt, hve erfitt það er að fá slík sönnunargögn.

Eg óttast að árangur þessara laga verði lítill, og að neyðin muni reka menn í þeim 2—3 hreppum hér við Faxaflóa, þar sem fátæklingar hafa mest viðskifti haft við botnverpingana, til þess að halda þeim viðskiftum áfram eftir sem áður; að öðrum kosti sjá þeir ekki annað vænlegra fyrir sig en að flýja af landi, eða koma til landsstjórnarinnar hér í Reykjavík og biðja hana að gefa sér að borða. Hvorn af kostum þessum sem þeir velja, þá er hvorugur þeirra góður. Það vita allir, að fjölment fiskipláss, Akranes, hefir haft beztu björg sína af því, sem þeir hafa sótt í botnverpinga út fyrir landhelgi, því að þar liggja fiskimið Akranesinga. Það er því ákaflega hart að banna með lögum stóru plássi og fjölmennu að sækja lífsnauðsynjar á þennan hátt út fyrir landhelgi, og eg vona að háttv. þingd. líti með svo mikilli sanngirni á málið, að hún samþykki breyt.till. okkar.

Júlíus Havsteen: Háttv. sessunautur minn, sem síðast talaði (S. St.), lagði enn áherzlu á bjargarskort manna á meðal við Faxaflóa, og að þeim mönnum yrði fyrirmunað að fá sér björg, ef frv. yrði samþykt óbreytt. Út af því skal eg upplýsa, að í fyrra kom bænarskrá um hjálp, vegna þess að alt væri að deyja úr hungri í Vatnsleysustrandarhreppi. Menn voru kvaddir til að rannsaka það, og afleiðingin varð sú, að þeir kváðu upp það álit, að engin ástæða væri til þess að kvarta. Þannig held eg nú að hrópunum um bjargarleysi oft og tíðum geti verið varið.

Háttv. þm. Ísf. (S. St.) kallaði það löglegt að fara út í botnverpinga og fá fisk hjá þeim, en það er einmitt ólöglegt; það er með lögum bannað að verzla við útlendinga á þann hátt. Hann lagði líka

áherzlu á, að af lögum þessum mundu hljótast miklar málssóknir; en það er verst fyrir yfirvöldin að eiga í því strefi, enda finst mér að vér eigum ekki að hverfa frá því að búa til góð og þarfleg lög, þó að yfirvöldum ykist erfiði af að framfylgja þeim. Að öðru leyti er eg viss um að sjaldan rekur að því, að til málshöfðunar komi, heldur muni þeir sem staðnir eru að makkinu við botnverpingaskipin, gangast undir það að greiða sektir. —

Það er einmitt erfitt að sanna brotið, ef maður bindur seinni liðinn við landhelgislínuna, því að hinir brotlegu geta altaf borið á móti því að þeir hafi haft verzlunarmök við botnverpingana innan landhelgi; aftur á móti hlýtur það eftir fyrri liðnum æfinlega að koma fram, hvað hinn brotlegi hefir verið að fara, því brotið er svo vaxið, að það hlýtur að vera bundið við landhelgina. Ef vér tökum breytingunni, sem stungið er upp á, munu lögin ekki koma að neinu gagni, sem sé að venja menn af að fara út í botnvörpuskipin, sér í lagi með Whisky og tóbak. Eg skal geta þess, að nú kemur fram till. í háttv. Nd. um að skora á stjórnina, að hlutast til um, að útvegaður verði sérstakur gæzlubátur á Faxaflóa. Eg vil spyrja: Hvernig geta menn búist við að fá hann, um leið og vér sneiðum hjá að óhelga mök landsmanna við botnverpingana. Það hlyti að hafa þær verkanir, að vér alls ekki fengjum strandgæzlubátinn, ef til vill missum varðskipið líka.

Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni, en vonast til að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Sigurður Stefánsson: H. 1. kgk. (J. H.) virtist vilja draga í efa, að bjargarvandræði ættu sér stað við Faxaflóa. Hann þekkir það sjálfsagt betur en eg; eg hefi ekki annað fyrir mér en sögusögn blaðanna og manna sem eiga heima í þessum plássum; en eg held að kvartanir manna þar syðra séu ekki ástæðulausar, og eg veit ekki betur en að styrkur sá, sem sýslunni er veittur á fjárlögunum, sé skoðaður sem hallærisstyrkur, og þingmenn sýslunnar höfðu það að ástæðum fyrir styrkbeiðninni. að ástandið manna á meðal væri svo ískyggilegt, að til vandræða horfði. Eg skil varla að þeir háttvirtu herrar væru að fara með slíka styrkbón, ekki skemtilegri en hún er, ef engin þörf væri á því. —

Eg held ekki að eg hafi sagt, að það væri löglegt að verzla við útlend fiskiskip, því að slík verzlun er ólögleg að gildandi lögum; eg talaði að eins um viðskifti, sem ekki er hægt að segja, og ómögulegt er að sanna, að sé verzlun.

H. 1. kgk. (J. H.) sagði, að framkvæmd laga þessara mundi verða verst fyrir yfirvöldin, en eg hygg að þeir, sem fyrir brotum eru hafðir, hafi líka ógreiða af þeim. Sjómenn hafa alloftast annað að gera, en eiga í stefnuförum og mæta í réttarhöldum, auk þeirrar óánægju sem af því rís, og það því fremur, sem oft mun verða lítill árangur af rannsóknunum. Menn eru oft óánægðir með gjörðir yfirvaldanna þótt þær séu réttar og samvizkusamlegar, og má þá nærri geta, hvort óánægjan muni ekki koma í ljós yfir þeim aðgerðum, sem bygðar eru á óvinsælum og, að því er almenningi finst, ranglátum lögum

Eg vildi óska að sú spá mín rættist ekki, að eins mörg vandræði og óþægindi fylgdu framkvæmd þessa frv., ef það verður sþ. óbreytt, eins og hinum núgildandi lögum.

ATKV.GR.: Brtill. 1. (C. 569) feld m. 7 : 3 atkv.; brtill. 2. (C. 569) feld með 5 : 3 atkv.; Frv. í heild sinni samþ. með 7 : 1 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Eignarréttur utanríkismanna.

FRUMVARP til laga um eignarrétt og leigurétt utanríkismanna til jarðeigna á Íslandi, (um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi). (C. 413); 1. umr., 16. ágúst.

Landshöfðingi: Eg tók það fram í h. Nd., þá er frv. þetta var þar til meðferðar, og ýmsir háttv. þm. þar tóku það einnig fram, að við álitum eigi frv. þetta nauðsynlegt né heldur hagfelt. Það getur verið mikið vafamál, hvort ástæða er til þess að meina utanríkismönnum (útlendingum) að eiga jarðeignir í landinu, og eg lít svo á, að það geti enda verið oft og tíðum heppilegt, að þeir eignist hér fasteignir, því að búast má við, að af því leiði, að þeir verji fé sínu til þess að bæta þær jarðeignir sínar, og gera þau afnot meira arðberandi, sem slíkum eignum kann að fylgja, bæði fyrir sjálfa sig og landið í heild sinni. Við það koma peningar inn í landið, atvinna í landinu vex og afurðir landsins vaxa.

Eg skal einnig geta þess, að líkar uppástungur og ákvarðanir, eins og farið er fram á í frv. þessu, hafa áður birzt hér á landi.

Landbúnaðarnefnd sú, er kosin var 1870, kom með í frv. sínu ákvarðanir um það, að utanríkismenn (útlendingar) mættu ekki eiga fasteignir hér á landi. En þegar svo stjórnin lagði fyrir alþingi 1879 frv. til landbúnaðarlaga, þá nam hún burtu þessi ákvæði úr frv., og í athugasemdunum við frv. stjórnarinnar eru teknar fram ástæður hennar fyrir því. Þar segir svo: „Ákvarðanirnar í 1.—3. gr. í frv. nefndarinnar eru þar að auki að áliti stjórnarráðsins þess innihalds, að það geti eigi orðið umtalsmál að taka þær upp í lagafrv. Þar sem það hefir verið tilgangurinn með þessu, að gera það að aðalreglu, að útlendingar eigi án sérstaks leyfis geti átt fasteignir á Íslandi, þá kæmi þessi grundvallarregla eigi að eins í bága við skilning manna nú á tímum á sambandinu milli þjóða innbyrðis, heldur einnig við þær reglur, sem ávalt hefir verið farið eftir alt til þessa, bæði í íslenzkum og dönskum lögum, (og sömuleiðis í löggjöf flestra annara landa)." Fyrir því áleit stjórnin það eiga alls ekki við, að halda þessum ákvæðum í frv., og eg hygg að stjórnin muni enn hafa þessa sömu skoðun, svo að frv. þetta, þótt það yrði samþ. af þinginu, muni ekki geta öðlast staðfestingu.

Auk þess eru mörg ákvæði eigi vel orðuð í frv., en þar eð nú er að eins 1. umr. um það, er eigi hægt að fara út í einstakar gr. þess, enda mun mér, ef frv. gengur nú til 2. umr., gefast kostur á að benda á þau atriði, er lagfæra þyrfti.

Jón Jakobsson: Mér þykir leitt að heyra þá yfirlýsing hæstv. landsh., að frv. þetta muni að líkindum eigi geta öðlast staðfestingu, því að eg álít allar líkur til þess, að frv. þetta sé eigi ónauðsynlegt. Á fyrsta þingi, sem eg sat, kom eg fram með frv., er fór í sömu átt sem þetta, og ástæður mínar fyrir því voru þær, að eg þóttist sjá, að það væri lítill happavegur fyrir landbúnað vorn, að jarðir landsins væru í eign manna, er til að mynda stoknir væru af landi burt til Ameríku, eða þeir eignuðust hér jarðir og jarðaparta eftir að þeir væru farnir. Nú standa þeir tímar yfir hjá oss, að landbúnaðurinn er í nauðum, og vonir hans litlar, og fyrir því hentugur tími fyrir útlenda menn að geta eignast jarðir fyrir lítið verð, ef þeir fara að leggja sig eftir þeim. Eg tala eigi um þá útlendinga, er kaupa eignir hér, setjast hér að og gerast með því innlendir; það tel eg happ fyrir landið, ef þeir hafa kraft í köglum og gera jörðum sínum til góðs og bæta þær eftir föngum. En hitt virðist mér ekki heppilegt, að útlendir auðmenn noti land vort sem selstöð, kaupi jarðeignir vegna einhverra hlunninda, sem fylgja, svo sem veiðiskap-

ar, en lifi sjálfir öllum stundum erlendis.

Það er og komið nýtt atriði inn í þetta mál. Það er þegar orðið sýnilegt, að útlendingar kasta vonaraugum á land vort, sakir þeirrar auðsuppsprettu og kraftauppsprettu er felst í fossum landsins.

Félag eitt í útlöndum hefir þegar sent út mann til þess að leigja fossa í landinu, og það til svo langs tíma, að mjög óforsjált væri að ganga að slíku, því að vér vitum ekki hvers virði fossarnir eru orðnir eftir 50 ár, — auk heldur þá eftir 200 ár.

En það eru ýms ákvæði í frumv. þessu, sem þarf að breyta og bæta, og gangi það til 2. umr., eins og eg vona, þarf að bæta inn í það skýlausum ákvæðum um, að ítök jarða, hvort sem heldur er til lands eða vatns, megi eigi selja á leigu til lengri tíma en 50 ára.

Jónas Jónassen: Þá er eg las frumv. þetta varð eg öldungis hissa. Eg skýrði það strax einangrunarfrumvarpið. Mér þykir það skrítið, að vér Íslendingar, sem erum í svo mikilli fjarlægð frá öðrum löndum, skulum vilja einangra oss enn þá meira, og vilja jafnt sem skrattinn (sit venia verbo) lofa útlendingum að koma til vor, eyða hér peningum, gjöra hér jarðabætur og auka framleiðslu landsins. Mér virðist það öldungis fráleitt, að banna t. d. Englendingi að eignast hér einhverja jörð, og koma hingað og búa hér á sumrin, ef hann vill brúka peninga sína til þess.

Eg álít því réttast að fella þetta frv. nú þegar; það getur ekki gert neitt gagn, heldur þvert á móti ótrúlegan skaða.

Hallgrímur Sveinsson: Af því að þetta er að mörgu leyti athugavert mál, eins og komið hefir fram við umræðurnar, og margt í því, sem vel þarf að aðgæta, vil eg leyfa mér að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði kosin í það.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 7 atkv. og í hana kosnir:

Jón Jakobsson með 7 atkv.

Hallgrímur Sveinsson með 5 atkv.

Jón Jónsson með 4 atkv. við hlutkesti milli hans, dr. Jónassens og Gutt. Vigfússonar, er einnig fengu 4 atkv.

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr. (C. 413, 456), 19. ágúst.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson):

Í þessu máli hefir komið fram nefndarálit, sem, þó það sé stuttort, væntanlega sýnir h. þingdm. hvaða álit nefndin hefir haft á þessu máli, og með hvaða breytingum hún ræður h. þingd. til að samþykkja frumv.

Það á að vísu ekki við að fara að koma með aðfinningar við þessa h. þingd., en það liggur nærri fyrir nefndina að kvarta undan því, að hún hefir ekki verið skipuð svo góðum kröftum, sem kostur var á, þar sem nefndin hefir ekki átt því láni að fagna, að hafa neinn lögfróðan mann meðal meðlima sinna, en væntanlega getur hún þá aftur á móti búist við að fá aðfinningar eða bendingar frá h. lögfróðu þm. þessarar deildar, sem hún fúslega mun taka til greina. Vitanlega hefði nefndin getað farið þann veg, að óska eftir að tveimur þingm. hefði verið bætt við í hana, en bæði hefði það orðið til þess að tefja fyrir málinu, og í öðru lagi hefir það verið meginregla þessarar deildar, að hafa ekki fjölmennari nefnd en 3 manna í þeim málum, sem ekki væru stórmál, en að fara að gera þetta frv. að stórmáli, þótti nefndinni ekki tiltækilegt. Nefndin hefir leitast við að nota þau föng eftir mætti, sem hún hafði til umráða, en þau föng voru ekki lagaþekking, heldur sá mælir heilbrigðrar skynsemi, sem hún hafði yfir að ráða, en hvernig nefndinni hefir hepnast þetta, er nú undir dómi deildarinnar komið.

Aðalstefna frumv. er sú, að banna utanríkismönnum að eiga jarðeignir eða jarðarítök hér á landi, nema sérstök lög leyfi það í einstökum tilfellum. Þessa stefnu hefir nefndin talið rétta og fylgt henni. Það sem áríðandi var, var það, að ákvæðin væru sem nákvæmust og í sem beztu samræmi, og þetta hefir nefndin einnig leitast við að gera, með því að taka það fram, sem henni fanst þörf á. Eins og frv. er nú orðað, áleit nefndin felast í því nægilega trygging fyrir því, að landsnytjar séu ekki teknar burt frá íbúum landsins um langan tíma, þar sem ákveðið er í frumv., að við eigendaskifti skuli jarðirnar hverfa aftur til landsbúa.

Hvað loks leiguréttinn snertir, þá er hér um atriði að ræða, sem er töluvert vandamál, og þar sem frumv. hafði sett tímatakmarkið nokkuð þröngt, þá fanst nefndinni ástæða til að rýmka það nokkuð, eins og kemur fram í nefndarálitinu.

Meira hefi eg ekki ástæðu til að taka fram að þessu sinni, þar sem það er ekki leyfilegt að snúa sér að einstökum atriðum frv., en eg skal leyfa mér fyrir nefndarinnar hönd að óska, að frumv. megi ganga til 2. umr. svo það geti orðið nánar rætt og þær athugasemdir þá komið fram, sem menn kynnu að vilja gera við frumv.

Júlíus Havsteen: Við 1. umr. þessa máls heyrðist mér á h. 2. kgk. þm. (H. Sv.), sem hann væri heldur mótfallinn þessu frumv., sem hér liggur nú fyrir h. þd. til frh. 1. umr., en nú finst mér alt annað, síðan h. þm. fyrst komst í nefndina og síðar var kosinn formaður hennar og framsögumaður.

H. þm. færði ekki neinar ástæður fyrir þessari skoðun sinni, sem hann nú lét í ljósi. Hann vitnaði í nefndarálitið, en þar sé eg ekki tilfærðar neinar ástæður fyrir því, hvers vegna þetta frumv. er komið fram. Hann hefir og talað um það, hvað margir menn hafi verið kosnir í nefndina, en ekki tilfært eina einustu ástæðu fyrir gagnsemi eða nauðsyn frumvarpsins, og ekki einu sinni sýnt fram á, að frv. gæti þó að minsta kosti ekki verið skaðlegt, en að það sé einmitt skaðlegt, held eg að sé mjög hægt að sýna fram á. Það rýrir virði jarðeigna á Íslandi, og ef þær falla í verði, þá er það sama sem að rýra aðaleign landsins, eða velmegun þess.

Eg má nú ekki fara út í einstakar greinar frumvarpsins, en verð þó að benda á eitt atriði. Það stendur í frumv., að enginn utanríkismaður megi eiga jarðeignir á Íslandi. Hvort hér er meint jörð, sem metin er til dýrleika, eða yfirhöfuð að þeir megi ekki eiga neinn lóðarblett, verður ekki séð á frumv., en líklega hafa flutningsm. meint jörð, sem metin er til dýrleika. Svo er talið upp, hvernig utanríkismenn geti orðið jarðeigendur hér á landi, og þá hefir þeim ekki getað hugsast, að það geti skeð á annan hátt, en þeir fái hana að gjöf, erfðum eða með ólöglegum kaupum. Hefir þeim alls ekki dottið í hug, að þetta gæti skeð á annan hátt? Eg skal gjarnan nefna einn máta, það er að útlendingar kvongist hér og fái jarðeignir með konunum. Annan máta skal eg einnig nefna, sem yrði að banna með lögum, ef frumv. ætti að hafa nokkura þýðingu, eða vera fullkomið, en sem mundi hafa þær afleiðingar, að ómögulegt væri að fá lán hjá nokkkurum útlendum manni upp á jarðeignir eða gegn veði í jarðeign. Hefir hinni h. nefnd eigi hugkvæmst, að menn geti eignast jörð með aðförum?

Ef nú útlendingur lánaði manni fé móti veði í jörð hér á Íslandi og skuldunauturinn ekki stæði í skilum með borgunina, þá gæti skuldareigandi gengið að veðinu, og á þann hátt ef til vill orðið eigandi að jörðinni. Væri honum nú með lögum bannað að vera jarðeigandi hér, þá sjá allir, að engir útlendingar geta átt það á

hættu, að lána fé gegn jarðeignaveði á Íslandi, og gæti það haft mjög skaðleg áhrif á virði jarða yfirhöfuð.

Auk þess sem þetta frumv. þannig yrði til þess að eyðileggja þjóðarvelmegun landsins, þá er það líka mjög ónákvæmt og óljóst, eins og eg hefi bent á.

Eg vona að h. þd. sjái, að það dugar ekki að búa til svona lög, sem ekki nokkurt útlit er fyrir að geti orðið staðfest, og þar að auki gera mikinn skaða.

Hallgrímur Sveinsson: Það fór sem mig grunaði, að lagamennirnir mundu gjöra athugasemdir við aðgjörðir okkar í nefndinni. Það er að vísu gott, að fá bendingar til skýringar þessu máli, en það er ekki gott, að manni sé gefin ábyrgð á því, sem maður ekki hefir ábyrgð á.

H. 1. kgk. þm. (J. H.) talaði um, að eg hefði gjörst flutningsm. þessa frumv., en það er ekki vanalegt að kalla það svo, þegar eitthvert frumv. kemur úr annari deild. Hér er því enginn einstakur deildarmaður flutningsmaður þessa frumv.; en hver er það þá? Það er deildin öll. Það er hún, sem hefir ályktað, að þetta frv. skyldi verða athugað í nefnd og kosið menn í þessa nefnd; þeir hafa ekki fremur ábyrgð á frumv. en þingdeildin í heild sinni. Deildin gat kæft þetta mál þegar i stað, en hún hefir gjörst flutningsmaður þessa máls með því að kjósa nefnd í það. Nefndin hefir enga ábyrgð á því, þótt henni kunni að hafa skotist yfir með eitthvað eða þótt eitthvað sé að athuga við frumv.

Þar sem h. 1. kgk. þm. (J. H.) vildi bera það á mig, að eg hefði orðið tvísaga í þessu máli, með því að eg hefði verið því mótfallinn við 1. umr., en meðmæltur nú, er eg væri orðinn formaður og framsögumaður nefndarinnar, þá hygg eg, að hann þar hafi tekið nokkuð freklega til orða. Að vísu hreyfði eg því við 1. umr. frumv., að það mundi vera að ýmsu leyti athugavert og því þurfa að íhugast; en hins vegar tók eg það fram, að frv. gæti tekið þeim breytingum, er gætu gjört það aðgengilegra síðar. Eg verð því að bera af mér það ámæli, að eg hafi sýnt af mér nokkura ósamkvæmni í þessu máli.

Þá ætlaðist h. 1. kgk. þm. (J. H.) til, að nefndin leiddi rök að því, að frv. þetta væri nauðsynlegt og yrði gagnlegt, ef það yrði að lögum.

Eg get ekki álitið, að það sé skylda nefndarinnar að gjöra það; en hún á hægt með að taka fram, hvað vakað hafi fyrir flutningsmönnum þessa frumv., sem sé það, að væri eigi tekin nein ákvæði gegn því, að utanríkismenn eignuðust jarðir hér á landi, þá gæti svo farið, að töluvert af jarðeign landsins kæmist í hendur utanríkismönnum, og það yrði landsmönnum til mikils tjóns.

Eg skal fúslega játa, að það er skoðunarmunur um það. Sumir segja, að það sé ekki nema gott, og að með því aukist fjárafli, framleiðsla og atvinna í landinu. Svo má að vísu segja, ef útlendir auðmenn keyptu einhverja eign, til þess að koma framleiðslunni í landinu á hærra stig; en það gjöra þeir ekki með því að kaupa eignir eins og Geysi og Strokk, án þess að gjöra nokkuð við þá.

Eins og kunnugt er, hefir það sést á blöðunum hér, að mikil eftirsókn er eftir fossunum hér á landi meðal útlendinga, og það hefir gjört menn hrædda við, að fossarnir og vatnsaflið hér á landi kæmist í eign útlendra auðmanna og hverfi úr eign landsmanna sjálfra. Eg fyrir mitt leyti fæ ekki séð að það sé æskilegt, að þetta hreyfiafl komist að miklu leyti í eign og þjónustu annara en landsmanna sjálfra. Ef það væri í þjónustu annara, þá gæti vitanlega máske fengist nokkur atvinna af því fyrir landsbúa, en það mundi að miklu leyti verða undir atvikum komið, alveg eins og vér nú horfum á útlenda fiskimenn raka upp auð sjávarins beint fyrir augum vorum, án þess að geta nokk-

uð að gjört, og er það hvorki æskilegt né eðlilegt. Mér virðist því ekki nema eðlilegt, þótt menn vildu reyna að reisa skorður gegn slíku ástandi, og takist það á einhvern hátt, þá er það vel farið.

Í sambandi við orð h. 1. kgk. þm. (J. H.) skal eg taka það fram, að hér er alls ekki loku fyrir skotið, að útlendingar geti eignast jarðeignir hér á landi, þótt frv. þetta yrði að lögum, því að þeir geta fengið það með sérstökum lögum. Það er því ekki rétt að segja, að þeir séu alveg útilokaðir frá því. Það er heldur ekki rétt að segja, að vér höfum haldið útlendingum og útlendu fjárafli frá oss. Því að í fyrsta lagi geta danskir þegnar eignast hér jarðir, og í öðru lagi hafa útlendingar frá öðrum þjóðum sest hér að sem íslenzkir borgarar, svo sem hinir norsku hvalveiðamenn, og hefir atvinna þeirra orðið bæði sjálfum þeim og oss að gagni. Þessi lög eru þess vegna ekki til að útiloka peninga útlendinga fyrir oss.

Lögin eru að eins til að sporna við taumlausu og skaðlegu valdi útlendinga yfir eignum landsmanna. Það getur verið að lögin fari of langt í þessu efni, en eg fæ ekki séð að svo sé, eftir þeim ákvæðum, sem hér ræðir um í þessu frv. Eg vil því biðja h. þd., þrátt fyrir þau mótmæli, sem fram hafa komið á móti frv. þessu, að lofa því að ganga til 2. umr., svo að nefndin geti fengið færi á að breyta, eftir bendingum góðra manna, þeim ákvæðum, sem þess kynnu að þurfa.

Viðvíkjandi athugasemdum h. 1. kgk. þm. (J. H.) um það, hvernig eignir utanríkismanna gætu stofnast hér á landi, þá veit eg ekki hvort hann hefir athugað þær út í æsar. Það er ekki leyfilegt að fara út í einstök atriði við þessa umræðu málsins. Þar sem h. sami þm. tók það fram, að slíkar eignir gætu stofnast með hjúskap, þá á hann líklega við það tilfelli, að útlendingur eignaðist ísl. konu, sem ætti fasteign hér á landi. Það er að vísu satt, að þetta getur komið fyrir. En þá höfum við nýlega samþykt lög um fjármál hjóna, og eftir þeim er auðgefið að gera þá ráðstöfun með kaupmála milli hjóna, að jörðin verði eign konunnar eftir sem áður. En ef hún skiftir þjóðerni og ílendist utanríkis, þá verður hún að selja eignina eftir svo og svo langan tíma. Ef útlendur maður fengi jarðeign, af því að hann hefði lánað upp í hana, þá mundi hann hljóta að skoða það sem kaup; hann fær hana þá fyrir peninga, sem hann er búinn að leggja út. Ef samt sem áður einhver vöntun er á frumv. þessu, þá tekur nefndin fúslega öllum góðum bendingum frá lagamönnum. Háttv. þingd. má ekki ætla, að nefndin hafi tekið því ástfóstri við frumv., að hún megi ekki af því sjá; hún hefir að eins, sem trygt hjú, viljað gera það, sem háttv. þingd. hefir fengið henni að starfa, og ef háttv. þingd. skyldi fella frumv., þá mun nefndin taka því með rólegu geði.

Jónas Jónassen: Það er ekki gustuk að vera að lengja umræðurnar um þetta mál, því þótt það verði samþykt hér á þinginu, þá mun stjórninni aldrei koma til hugar að samþykkja það. Eg er h. 1. kgk. (J. H.) þakklátur fyrir, hvernig hann tók í þetta mál. Hann tók því svo duglega blóð, að eg vona að það verði til þess að stytta því aldur, og það vona eg að háttv. þingd. geri líka, því að ef dæma má eftir tölu háttv. 2. kgk. (H. Sv.), þá er honum þetta ekkert áhugamál, enda átti hann bágt með að færa sönnun fyrir nauðsyn þess. Hann sá nfl. ekki eina einustu ástæðu til að bera það fram, nema þá, sem h. 1. kgk. (J. H.) kom fram með, að það væri af hræðslu fyrir því, að útlendir auðmenn legðu hug á fossana okkar.

Í öðru lagi gat háttv. 2. kgk. (H. Sv.) þess, að það væri til þess að leggja haft á taumlausan straum útlendinga, sem vildu eignast jarðir hér á landi. Það er skrít-

ið, að vera að bera það frv. inn á þing, sem flutningsmenn ekki geta tilfært eina einustu ástæðu fyrir. Það er bókstaflega engin heil brú í nokkurri grein þessa frumvarps. Eg er sannfærður um, að ekki mundi nokkurt land í heiminum búa til annað eins bull eins og þetta.

Júlíus Havsteen: Eg bið háttv. 2. kgk. (H. Sv.) fyrirgefningar á því, að eg kallaði hann flutningsmann þessa frumvarps. En eg verð að kalla hann formælanda og verndara þess. Það er ekki langt síðan háttv. 2. kgk. (H. Sv.) og h. þm. Skagf. (J. Jak.) gerðu sig seka í að selja utanríkismanni jörð á Íslandi, og h. 2. kgk. (H. Sv.) mælti þá mjög mikið með því, en kaupandinn var háttv. þm. Skagf. (J. Jak.) fyrir hönd Englendinga. Það er heldur ekki langt síðan eg og h. 2. kgk. (H. Sv.) skrifuðum saman upp á kalknámaleigu og fossaleigu fyrir 200 ár.

Mig furðar á, að þeir skyldu ekki setja inn í frumv. töluna 999 í staðinn fyrir 99, til þess að fá aldur Metúsalems upp úr því.

Háttv. 2. kgk. (H. Sv.) hefir ekki fært annað til sem ástæðu fyrir þessu frumv. en hættuna fyrir því, að útlendir auðmenn eignuðust jarðir hér á landi. Eg get ekki séð, að það sé nein ástæða fyrir þessu frumv. Íslendingum er eins frjálst að kaupa jarðir hér á landi, og þeir sem vilja selja jarðir sínar, vilja helzt fá sem mest fyrir þær, hvort sem það er Íslendingur eða utanríkismaður, sem vill fá jörðina til kaups. Eg á jarðarskekil, en mér er bannað með þessum væntanlegu lögum að selja hann öðrum en innlendum manni, sem hlýtur að vera mikill skaði fyrir mig. *(Hallgr. Sveinsson:* Má gera það með sérstökum lögum). Mikið rétt. En alþingi kemur ekki saman nema annaðhvort ár. Við höfum dæmið fyrir okkur með Arnarhól, hve vel það gengur, að fá lagaheimild til þess að kaupa og selja jörð. Það hefir orðið úr því blaðamál og rekstur um bæinn. Hvers mætti þá ekki vænta, ef utanríkismaður vildi kaupa hér jörð, sem nokkuð væri í varið.

Eg get ekki séð neitt gott við þetta frv. og hefi ekki heyrt neinar verulegar ástæður færðar fyrir gagnsemi þess.

Hallgrímur Sveinsson: Að því leyti sem háttv. 1. kgk. (J. H.) leitaðist við að slá mig aftur með ósamkvæmni, með því að eg hefði selt útlendum manni jörð, þá verð eg að bera það af mér, að það hafi gefið nokkurt tilefni til ásökunar. Sú sala, salan á Breiðholti, var svo bersýnilega í hag sóknarprestinum hér í Reykjavík, að það hefði beinlínis verið ábyrgðarhluti að mæla á móti henni. En salan fór fram á þann hátt, að það var fyrir viðkomandi sama sem hún hefði verið stofnuð eftir sérstökum lögum; hún fór sem sé fram eftir konungsúrskurði, sem, að því er kirkjueignir snertir, kemur í stað þjóðjarðasölu, sem — eins og kunnugt er — er framkvæmd með sérstökum lögum, eins og þetta frumv. gerir ráð fyrir með allar þær eignir, sem utanríkismenn hér eftir eignist. Þess vegna var það engin ósamkvæmni af mér að eiga hlut að sölu Breiðholts, eins og háttv. 1. kgk. (J. H.) sagði. En ef háttv. þingd. ekki vill aðhyllast þetta frumv., þá hefir hún alveg á sínu valdi að stytta því aldur.

Það er ekki rétt, sem h. 1. kgk. (J. H.) tók fram, að vér nefndarmenn séum sérstaklega formælendur þessa frumv., og viðvíkjandi því, sem h. 4. kgk. (J. J.) tók fram um frumv., þá virtist mér hann ganga oflangt í ummælum sínum. Mér virtist hann ekki geta fundið orðum sínum stað, þar sem hann sagði, að okkur væri svo sárt um þetta frumv., af því að við gætum ekki með sóma komist frá því. Honum hættir stundum við að viðhafa nokkuð sterk orð og taka of djúpt í árinni. Eg skal játa, að eg hefi hvorki svo mikla sögulega, kulturhistoriska eða parlamentariska þekkingu, að eg geti

með vissu um það dæmt, hvort háttv. Nd., sem hefir sent oss þetta frumv., er hin vitlausasta, fráleitasta og skyni skropnasta þingdeild í öllum heimi, eins og h. 4. kgk. (J. J.) gaf í skyn; eg verð að álíta það óþörf frekmæli. Eg vildi því óska, að þessi hörðu orð hans legðust ekki þungt á bak vorri kæru systurdeild. Eg veit líka, að h. 4. kgk. (J. J.) er friðsamur maður, sem ekki vill fara út í langt stríð út af máli, sem honum ekki þykir meira í varið en þetta.

Eg skal svo ekki fjölyrða um frumv., en láta háttv. þingd. ráða, hvort hún vill láta það fara lengra eða stytta því aldur.

ATKVÆÐAGR.: Vísað til 2. umr. með 6 : 2 atkv.

Önnur umr. (C. 413, 456) 21. ágúst.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Út af umræðum þeim, sem urðu hér, þá er mál þetta var síðast hér til umræðu, skal eg taka það fram, að eg er framsögumaður í máli þessu nefndarinnar vegna, en ekki af því að eg hafi sjálfur felt svo mjög hug til frumv. þessa eða beri svo sérlega mikinn kærleika til þess. Ummæli þau um mig, sem við framh. 1. umr. féllu frá einum háttv. þingdm., að mér hafi, við það að komast í nefndina og verða framsögumaður hennar, snúist hugur um málið, eru heldur ekki á rökum bygð. Þá er málið kom fyrst hér til umræðu í háttv. þingd., lét eg ekki annað í ljósi um það, en að mér virtist það athugavert, og fyrir því stakk eg upp á því, að nefnd yrði kosin, er tæki það til meðferðar. Í þessari uppástungu minni lá hvorki meðhald með frumv. né mótmæli gegn því, heldur að eins það, að málið þyrfti íhugunar við, enda hefir nefndin öll orðið á eitt sátt um það, að nauðsynlegt sé að breyta frv.

Eg skal svo með fáum orðum minnast á breyt.till. þær, er nefndin ræður til að gerðar séu.

Í 1. gr. er fyrst að eins lítil orðabreyting. Svo er í síðari málsgrein 1. gr. ráð til að skjóta inn orðinu „ítök“, með tilliti til þess, að ákvæði greinarinnar skuli ekki að eins ná til sjálfra jarðanna sem heildar, heldur einnig til þess hluta jarðanna, sem í þessu orði, „ítak“, felst, t. a. m. veiðiréttis, en slíkt getur ekki komist inn undir ákvæði greinarinnar, sérstaklega eftir orðalagi hennar í frv. Svo vill og nefndin breyta orðinu „eignaskifti“ í „eigandaskifti“. Orð þetta mun vera komið af vangá inn í frumv., og haldist í því frá upphafi af aðgæzluleysi. Menn tala varla um eignaskifti á t. d. húsum, heldur segja menn þá ætíð eigandaskifti.

Við 2. gr. gerir nefndin þá breyt.till., að bæta inn í frumv., á eftir orðunum „að gjöf eða erfðum“, orðunum „eða ólöglegum kaupum“, af því að í 3. gr. er gert ráð fyrir, að einhver kunni að vilja selja utanríkismanni jörð eða ítak, og sem heimilað er. ef sérstök lög eru sett um það, en af því leiðir. að nauðsynlegt er að hafa einhver ákvæði um, hvernig að á að fara, ef seljandi gætir ekki þeirrar skyldu sinnar, að útvega lagaheimildina, en selur samt. Loks er breytt orðaröðinni í síðari hluta greinarinnar, og felt burtu orðið „fyrverandi“, því það segir sig sjálft, hvaða eigandi það er, sem andvirði jarðarinnar á að fá.

Hina 3. gr. vill nefndin orða nokkuð fyllra en gert er í frumv., bæta inn í hana orðinu „jarðarítök“ og bæta svo inn til skýringar orðunum: „svo sem ár, vötn og fossa“. Enn fremur vill nefndin ekki takmarka leigutímann við 50 ár, heldur lengja hann í 99 ár. *(Júl. Havsteen:* Hví ekki 100 ár?). Nefndin var ekki lögfróð, en vissi til þess, að tízka er erlendis að tilnefna þann árafjölda í líkum tilfellum, og sessunautur minn (Kr. J.) hvíslar því að mér, að það sé eftir Rómarétti, og vil eg láta það ganga lengra, til háttv. 1. kgk. (J. H.) og deildarinnar.

Loks vill nefndin breyta fyrirsögn frv. á þann hátt, að hún verði í samræmi við frumv. eftir þeim viðauka, er hún ætlast til að það fái.

Háttv. 1. kgk. (J. H.) mintist á það, þá er frumv. þetta var til framh. 1. umr., að eg hefði verið með til þess, ekki alls fyrir löngu, að samþykkja leigu jarðarítaks fyrir lengri tíma en frv. þetta gæfi leyfi til, ef það yrði að lögum. Til þess liggur það svo, að meðan lögum er svo háttað, að menn hafa frjálsar hendur að leigja slík jarðarítök til svo langs tíma, sem þeim þóknast, þá er freistingin til að gera það, þegar nokkur verulegur hagnaður er því að eins á boðstólum, að slíkt sé gert. En yrði það ákveðið með lögum, að leigutíminn skuli vera takmarkaður, svo sem farið er fram á hér, þá hafa eigendur slíkra jarðarítaka bakhjall í lögunum og geta sagt: Lögin leyfa mér ekki að selja ítak þetta á leigu lengur en 99 ár; sá tími verður því að nægja. Menn getur nú að sjálfsögðu greint á um það, hvort rétt sé, heppilegt og nauðsynlegt, að gera ákvarðanir með lögum um að takmarka rétt utanríkismanna á þann hátt, sem hér er farið fram á, og nefndinni var ljóst, að ástæður má færa bæði með því og móti. Á móti því má færa þær ástæður, að með greiðari aðgangi til þess að kaupa og leigja jarðir og jarðarítök séu líkurnar meiri til þess, að utanríkismenn komi hér með fé inn í landið til að starfa með að ýmsum gagnlegum fyrirtækjum, sem bæði kunni að veita landsmönnum atvinnu og auka afurðir þessa lands. En samfara þessu er þó sú hætta fyrir hendi og vegurinn opinn til þess, að útlendir efnamenn kasti eign sinni á jarðir og jarðarítök hér á landi, og það enda í stórum stíl, og einmitt helzt þau, sem arðvænlegust eru, svo sem vatnsaflið í fossum ánna og veiðirétt í ám og vötnum, og til þess að sýna, að slíkt geti þó verið mjög varhugavert, þarf ekki annað en benda á Írland, þar sem útlendingar, Bretar, hafa í stórum stíl keypt jarðirnar, selja þær svo aftur á leigu og draga allan arð þeirra út úr landinu. Af þessu ástandi hlaust svo megnasta óánægja, jafnvel morð og manndráp og uppreisn í landinu. Englandsstjórn hefir því neyðst til að tryggja með lögum réttindi leiguliðanna gagnvart ósanngjarnri meðferð landeigendanna. Eg skal engu spá um það, að líkt kunni að koma fyrir hér á landi, en óhugsanlegt er það ekki, enda eru jarðeignir hér í svo lágu verði, að auðgert er fyrir efnamenn, án þess að það þurfi að kosta þá offjár, að eignast hér á landi allmikinn fjölda jarðeignanna. Vér minnumst þess, að það kom fram á þingi fyrir nokkurum árum tillaga um að landssjóður keypti Geysi og Strokk, með því að útlendingar höfðu falað þá, en engin ákvörðun var í lögum um, að sú sala væri heimildarlaus. Þingið sá þá ekki að vísu næga ástæðu til að landið keypti hveri þessa, en ýmsir háttv. þingmenn létu þó þá í ljósi, að það væri vanvirða fyrir þjóðina, að hverir þessir yrðu eign útlendinga, og eg skal játa það, að mér virðist það harla óviðfeldið, enda þjóðarlæging, að hverir þessir, sem kallaðir hafa verið þjóðargersemi, skuli nú vera í eign einhverra utanríkismanna, sem vér jafnvel ekki höfum hugmynd um, hverjir eru. Á hinn bóginn getur það verið ekki alllítil freisting til að selja jarðeign sína eða jarðarítak, þegar í boði er ríflegt verð frá einhverjum utanríkismanni, hærra verð heldur en jarðeigandinn getur gert sér vonir um að fá hjá innlendum. Eg get því ekki séð neitt hróplegt í því, að gera með lögum ákvæði um að takmarka að einhverju söluréttinn. Eg hygg og að í Noregi hafi á síðari árum verið settar takmarkanir á sölurétti fasteigna og jarðarítaka til útlendra, þó að eg sé ekki þessu vel kunnugur. Eg hefi heyrt það, að þeir hafi leitt í lög hjá

sér slíkar takmarkanir, þá er þeir fóru að veita því eftirtekt, að útlendir menn fóru að sækjast eftir að ná eignarhaldi á fossum í landi þeirra. Land vort er fjöllótt og fossaríkt eins og Noregur, enda höfum vér orðið þess varir, að utanríkismenn eru farnir að sækjast eftir fossum hér á landi, og raddir hafa komið fram í ýmsum blöðum vorum um það, að nauðsyn beri til að leggja þær tálmanir á fossasöluna og önnur jarðaítök, að landinu sé ekki voði búinn af henni, og þessar raddir hafa orðið þess valdandi að frumvarp þetta er komið inn í háttv. Ed. eftir að vera samþykt í h. Nd.

Því verð eg að mótmæla, að frumv. þetta loki algerlega fyrir það, að útlent fjárafl geti komið inn í landið og starfað hér. Því er alls ekki svo varið; einungis á það að verða nokkurum skilyrðum og tálmunum bundið, að útlendir menn fái til eignar jarðir og jarðarítök í landinu. Hvenær sem slíkum mönnum er alvara að vilja verja hér fé sínu og vinna sér og öðrum gagn með því, þurfa þeir ekkert annað en verða hér búsettir; þá segjum vér við þá: Verið velkomnir!

Eg skal svo ekki fjölyrða meira að sinni, en vænti þess, að háttv. þingd. greiði atkvæði með breyt.till. þeim, er nefndin stingur upp á að gera við frv.

Júlíus Havsteen: Það gladdi mig mikið, að háttv. flutningsmenn — eg bið fyrirgefningar; það má víst ekki kalla þá flutningsmenn — háttv. nefndarmenn þá, það gladdi mig, segi eg, þegar eg sá, að þeir höfðu ekki komið fram með neina breyt.till. við þetta frumv., því þá fer það víst út úr deildinni í því formi, sem það nú liggur fyrir í, en vonandi er líka frumv. þar með lokið. Eins og eg benti á við 1. umr., þá er þetta frumv. ekki einungis skaðlegt, heldur er það beinlínis rangsleitið, þar sem það sviftir menn eignum sínum. Eg skal taka t. d. útlending, sem á jarðeignir eða jörð hér á Íslandi. Ef þessi maður eftirlætur börn, þá eru þau neydd til að selja þær eignir, sem þau eiga hér á landi, eða ef þau ekki vilja eða geta selt þær innan 5 ára, þá verða þær seldar fyrir þeirra hönd. Í 50. gr. stjórnarskrár okkar stendur þó, að eignarrétturinn skuli vera friðhelgur, en eg get ómögulega séð að hann verði það eftir þessu frumv.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að menn geti eignast jarðir með „ólöglegum kaupum“, en mér er alveg óskiljanlegt, hvernig það ætti að geta átt sér stað. Ef einhver galli er á afsalsbréfinu, þegar eg kaupi einhverja jörð, t. d. það er ekki þinglýst eða seljandinn er ómyndugur, þá verð eg ekki eigandi. Ef nokkur meining ætti að vera í þessum orðum, þá þyrfti að taka það fram, að hér sé átt við ólögleg kaup eftir þessum lögum, því það segir sig sjálft, að séu kaupin yfir höfuð ólögleg, þá geta þau enga þýðingu haft.

3. gr. leyfir að selja utanríkismönnum lóð með sérstökum lögum, og háttv. 2. kgk. (H. Sv.) hélt að þau lög mundu auðfengin. Við höfum nú dæmið fyrir okkur, sem sýnir hversu örðugt útlendum mönnum mundi ganga að fá keypt hér þó ekki sé nema lítinn lóðarblett. Það hefir gengið svo langt, að menn hafa gengið hér um bæinn til að safna undirskriftum undir skjal til að sporna á móti frumv., sem þessi háttv. deild hefir samþykt um sölu á lóðarbletti, og eg verð að álíta, að deildinni sé fremur sýnd óvirðing með þessu. Hér er nú bara um lítinn lóðarblett að tala, en hvernig mundi þá fara, ef um heilar jarðir væri að tala.

Eg verð að halda því fram, að þetta frumv. sé ekki einungis skaðlegt, heldur er það líka fult af rangsleitni, og eg get ekki séð, að deildin geti látið það fara frá sér, þótt formið á því yrði bætt frá því, sem nú er.

Jón Jakobsson: Það er auðvitað óþarfi fyrir mig að standa upp, til þess að verja

nokkuð nefndina, því hún á svo ötulan og færan framsm., þar sem háttv. 2. kgk. (H. Sv.) er, en eg get þó ekki látið vera að segja nokkur orð, vegna þeirra orða, sem féllu við 1. umr. hjá háttv. 1. kgk. (J. H.), um kaupin á jörðinni Breiðholti. Sem umboðsmaður fyrir þann útlending, sem þessa jörð keypti, var eg auðvitað mikið riðinn við þessi kaup, en eg sé ekki, að eg með því hafi gert mig sekan í neinu vítaverðu, af því, að á meðan engin lög eru til, sem banna þess konar sölu, þá er hún fullkomlega heimil hverjum sem er, en eg skal taka það fram, að einmitt það, að eg var viðriðinn þessa sölu, það benti mér á enn eina ástæðu, sem skýrir og styrkir þetta frv., sem hér liggur fyrir. Sem umboðsmaður þessa manns, er eg talaði um, yfir 2 og nú síðast 3 jörðum, hefi eg haft tækifæri til að kynnast honum og afstöðu hans til þeirra jarða, sem hann hefir verið að kaupa, og eg hefi aldrei fundið neina sérlega löngun hjá honum til að bæta að mun eða rækta íslenzka jörð. Hann skoðar sjálfar jarðirnar, eins og eðlilegt er frá hans sjónarmiði, sem sér gróðavon í slíkum kaupum, og sækist einungis eftir þeim vegna veiðinnar. Þannig keypti hann Breiðholt einungis til að ná í þann hluta Elliðaánna, sem því fylgir, og bygði þar hús handa sér og sínum mönnum, meðan þeir væru þar við laxveiði. Þessi jörð var þannig keypt einungis fyrir þetta ítak, og það bendir á, að svo muni einnig verða með aðrar jarðir, sem útlendingar vilja eignast hér á landi, það verða fossa og veiðijarðir svo sem Þingeyri, Laxamýri og aðrar þess konar jarðir, sem þessir „sportmenn“ aðallega sækjast eftir sér til skemtunar, en það mælir ekki nokkur skynsamleg ástæða með því, að hugsa sér að útlendir menn, búsettir í öðrum löndum, taki ástfóstri við landið og reyni til að bæta það á nokkurn hátt; til þess hafa þeir alt of lítil kynni af því á hinu er miklu meiri hætta, að margir þeirra venjist á að sækjast eftir veiðilítökunum, og noti svo jarðirnar sem fótaskinn. Það er því enginn fengur fyrir okkur að fá þessa útlendinga, því til að vernda veiðiár okkar þurfum vér þeirra ekki, það getum vér sjálfir gert; en aftur er mikil ástæða til þess að verjast miklum útlendum eignakaupum, þar sem margir munu, einkum þegar harðnar í ári, tælast af peningunum, þótt þeir helzt ekki vildu láta jarðir sínar í hendur útlendingum, og þannig ef til vill græta komandi tíma. Við getum, að minni hyggju, verið alveg óttalausir fyrir því, að við getum lifað á þessu landi, þó engir útlendingar verði hér jarðeigendur, en það er víst, að við, einar 75,000 manna, getum ekki staðið verndarlausir fyrir útlendingum, ef þá á annað borð fýsir að eignast hér fjölda jarða, og þessi tími getur komið fyr en nokkurn varir, og hvernig erum við þá staddir, ef eigi er ráð í tíma tekið? Eg skal að eins benda mönnum á ástandið á Írlandi, þar sem útlendir menn, sem búa í öðru landi, eiga allar eða flestallar jarðeignir; hvernig befir ástandið verið þar, og eg skal bæta við, hvernig er ástandið nú í Transvaal? hvaða stríð og barátta er það ekki, sem Búarnir eiga í gegn gullnemum og alls konar þess háttar trantaralýð, sem nú með atkvæðaafli, og voldugri þjóð að bakhjalli, vilja hrifsa undir sig yfirráðin í landinu frá eigendum þess?

Háttv. framsm. tók fram hvernig farið hefði með Geysi og Strokk, þessar þjóðargersemar, sem væru komnar í hendur útlendings. Eg er alveg samdóma háttv. framsm. (H. Sv.) í því, að það er skömm fyrir þjóðina. að þessar þjóðargersemar skuli vera í höndum útlendings, en í tilefni af þessu skal eg upplýsa það, að það var hreinu og beinu óhappi að kenna, að Geysir og Strokkur lentu í höndunum á þessum Írlendingi. Á því sama þingi, þegar tilboð kom frá eigendum Geysis og Strokks um að selja þá landinu, þá lá hér einnig

fyrir þinginu samskonar frumv. og þetta, sem við nú erum að ræða um, og var það þá föst von flutnm., að frumv. næði fram að ganga, enda var því slegið fram, að það væri alveg óþarft fyrir landssjóð að ganga að þessu tilboði, þar sem frv. væri á leiðinni um að banna útlendingum að eiga hér jarðeignir, en frumv. var felt hér á þinginu, og svo fór sem fór, að Geysir og Strokkur komust á írskar hendur. Eg get ekki annað en tekið undir með háttv. framsm. (H. Sv.), að það er vansi fyrir þjóðina í heild sinni, og þingið sérstaklega, að Geysir og Strokkur skuli vera komnir á írskar hendur. Eins og háttv. þingdm. sjá, þá hefi eg með þessu dæmi bent á eina af þeim sýnilegu afleiðingum, sem það hefir haft, að þetta frv. er ekki orðið að lögum, en þær afleiðingar, sem seinna munu koma í ljós, ef við svo búið er látið standa, býst eg við að verði bæði fleiri og helmingi háskalegri.

Háttv. 1. kgk. (J. H.) sagði, að það væri mótsögn í 3. gr., að tala um „ólögleg kaup“, en eg held að hann líti ekki rétt á þetta, vegna þess að í 1. gr. er það heimilað útlendingum, að kaupa jörð hér á landi, ef þeir hafi sérstaka lagaheimild til þess, og þannig ráðgert, að lögleg kaup á jörðum geti farið fram, þótt um útlendinga sé að ræða, en hins vegar bjóst nefndin við, að útlendingar gætu keypt jarðir, jafnvel þótt þá vantaði lagameðmæli, og það yrðu þá ólögleg kaup, sem ekki ættu að eiga sér stað, og því setti nefndin þessi orð inn í frumv. Að sleppa orðinu „ólöglegum“, en halda orðinu „kaupum“, getur ekki komið til mála, því þá væri 3. gr. í beinni mótsögn við 1. gr. frumv., þar sem í 1. gr. er gert ráð fyrir, að útlendingum sé heimilt að kaupa hér jarðir með vissum skilyrðum, en í 3. gr. kæmi til að standa alment bann gegn því, að nokkur útlendingur mætti kaupa hér nokkura jörð. Eg skal einnig leyfa mér að benda háttv. 1. kgk. (J. H.) á hin svo kölluðu „lepp“kaup, sem einnig falla hér undir.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta meira, en að eins láta í ljósi, að þetta er þess vert, að það sé vel íhugað, og að það er mjög æskilegt, að þetta frumvarp yrði samþykt, því það er meira virði en svo, að jarðir séu leigðar eða seldar útlendingum fyrir lítið verð, og bundið þannig lífsskilyrði eftirkomenda vorra um ókveðinn tíma.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Þar sem háttv. 1. kgk. (J. H.) sagði, að frumv. þetta kæmi í bága við 50. grein stjórnarskrárinnar, þá skil eg þessa grein ekki svo; mér skilst einmitt að frumv. komi ekki í bága við þessa grein, heldur fullnægi öllum þeim skilyrðum, sem í henni eru sett. Greinin hljóðar þannig: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaboð og komi fult verð fyrir“. Hér eru sett þrjú skilyrði, og mér skilst ekki betur en að þeim sé öllum fullnægt. Fyrsta skilyrðið er, að almenningsþörf krefji að eignin sé látin af hendi. Þetta frumv. er nú einmitt bygt á almenningsþörf, á þeirri almenningsþörf, að það sé hættulegt fyrir velferð þjóðarinnar í framtíðinni, að láta það alveg laust og óbundið, hvernig fari með eignir landsins. Hér er eignarréttur útlendinga takmarkaður, og það er gert með lögum, eins og skilið er til í 50 gr. Þá er loks þriðja skilyrðið, að fult verð skuli koma fyrir eignina. Þessu skilyrði er einnig fullnægt, þar sem eigandanum er gefinn 5 ára frestur til að selja jörðina, svo engin líkindi eru til, að hann á þeim tíma geti ekki fengið fult verð eða sanngjarnt verð fyrir eign sína. Alt öðru máli væri að gegna, ef að þessum 5 árum liðnum skyldi taka jörðina endurgjaldslaust af honum, en þar sem það nú ekki er tilfellið, held-

ur þvert á móti, að jörðina á að selja fyrir hans reikning, svo útlit er fyrir, að hann fái sanngjarnt verð fyrir hana, þá sé eg ekki að þetta komi í nokkurn bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar. Það hefir verið sagt, að þetta væri þvingunarsala, og það er alveg rétt, en það er nú einu sinni þannig, að í ýmsum atvikum í lífinu, bæði einstakra manna og heilla þjóða, verður ekki ætíð komist hjá að beita þvingun, þótt allir helzt vildu komast hjá því. Hér er ekki heldur um þá þvingun að ræða, að hún hefti nokkuð frelsi einstaklinganna, heldur er hér eingöngu um takmörkun eignarréttarins að tala. Hvort þessi takmörkun er ósanngjörn, getur ætíð verið álitamál, en eg held þó að það sé naumast ástæða til að segja það.

Hvað orðin „ólöglegum kaupum“ snertir, þá hefir háttv. þm. Skagf. (J. J.) svarað þeim athugasemdum háttv. 1. kgk. (J. H.), er að þeim lutu, og sýnt fram á, að þau alls ekki eru óþörf.

Þá fann háttv. 1. kgk. (J. H.) það enn fremur frumv. til foráttu, að það heimtaði sérstök lög fyrir leyfi útlendinga til að kaupa jörð hér, og sagði að við sæjum nú bezt, hversu örðugt útlendingum veitti að fá þetta leyfi, á því, hvernig frumv. því væri tekið, sem fyrir skemstu hefði verið samþykt hér í deildinni. Hvað þetta dæmi snertir, þá verð eg að segja, að mér finst það sanna alls ekki neitt. Þetta er ekki í fyrsta sinn, að komið hefir til tals, að útlendingur keypti jörð hér, og eg veit ekki betur en að það ætíð hafi gengið mjög liðugt og umsvifalaust fyrir sig, og eg sé því enga ástæðu til, eða hin minstu líkindi til, að þingið mundi gera það að venju sinni eða yfir höfuð nokkurn tíma neita um þetta leyfi, nema sérstök atvik lægju til þess Hvað þetta atvik snertir, er háttv. 1. kgk. (J. H.) benti á, þá er það svo sérstökum atvikum bundið, að mér finst ekki vera hægt að vitna í það. Eg held það sé óþarfi að bera kvíðboga fyrir því, að útlendingar mundu eiga svo örðugt með að fá leyfi til að kaupa hér jörð, en auðvitað yrðu þessi lög nokkur tálmun fyrir kaupin, þar sem þau yrðu að bíða þings og staðfestingar lagameðmælanna; en að öðru leyti held eg ekki standi ógnmikil hætta af þessu frumv., og að það hvorki verði kallað ósanngjarnt, og ekki að með því sé slagbrandur sleginn fyrir, að útlendur höfuðstóll komist inn í landið.

Jónas Jónassen: Eg þori nú varla að tala eftir þessa ofanígjöf hjá háttv. 2. kgk. (H. Sv.), þótt hún raunar væri gefin með eins hjartnæmum orðum og honum er lagið.

Það má líka segja, að það sé ekki mikil ástæða til að ræða frumv., þar sem það aldrei verði samþykt af stjórninni. En eg get þó ekki annað en mótmælt þessum tilvitnunum og samanburði á okkur hér úti á Íslandi og Írlendingum og Búum í Transvaal. Mér finst það ekki koma til nokkurra mála, að vera að bera okkur saman. Það er eins og menn taki ekkert tillit til þess, hvar við erum á hnettinum.

Þá verð eg líka að mótmæla því, að það sé þjóðin, sem sé að fást um þessa fossasölu. Það eru einstöku ritstjórar, en það er alls ekki sama og þjóðin.

Menn vilja banna útlendingum að nota fossana, þótt menn viti, að það muni líða margar kynslóðir, áður en vér séum færir til að gera það sjálfir, og það enda þótt menn viti, að útlendingar einmitt á þennan hátt mundu flytja bæði talsvert af peningum inn í landið, en þó einkum mikla þekkingu. Frumv. gengur sem sé ekki út á annað en að einangra sig upp á gamla móðinn. Menn óskuðu líklega helzt að loka landinu alveg fyrir útlendingum, nema rétt um blásumarið, að þeir þá fengju að skjótast hingað bara til að líta snöggvast á það. Að vera að tala um að útlendingar hafi landið fyrir fóta-

skinn, finst mér bara vera að tala út í bláinn.

Eg sé ekki ástæðu til að lengja umr. meira, því eg get ekki hugsað mér, að stjórnin samþykki þetta frumv. nokkurn tíma, en hins vegar finst mér það heldur vansómi fyrir þingið, að láta annað eins frv. fara frá sér eins og þetta.

Sigurður Jensson: Eg vildi að eins með nokkurum orðum gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Aðalatriði þessa frumv. er í 3. gr., þar sem sagt er, að enginn megi selja utanríkismönnum jarðeign eða jarðarítök hér á landi, nema eftir sérstökum lögum, né heldur leigja þeim jarðir, jarðarítök, svo sem ár, vötn eða fossa, eða nokkur jarðarafnot, lengur en 99 ár. Þessi grein ein er nægileg, og 1. og 2. gr. alveg óþarfar. 1. gr. er mestmegnis tautologia og því algjörlega gagnslaus. Þar er sagt, að enginn utanríkismaður megi eiga jörð hér á landi, en jafnframt sagt, að þær jarðeignir og ítök, sem utanríkismenn nú eiga, séu undanþegnar þessu ákvæði. Það er með öðrum orðum, að engir megi eiga jarðir hér á Íslandi, nema þeir, sem eigi þær eða eignast þær á löglegan hátt eftir 3. gr. Nú virðist mér það leiða nokkurn veginn af sjálfu sér, svo óþarfi sé að taka það fram í sérstakri grein. — Í 3. gr. er alment bann gegn jarðasölu til útlendinga, þó að sala megi fara fram að fengnu leyfi með sérstökum lögum; í 1. gr. er bannað að eiga jarðir, nema sérstök lög leyfi. Eru þessi sérstöku lög, sem nefnd eru í 3. gr., einhver önnur en þau, sem talað er um í 1. gr., svo að útlendingar mega fyrst ekki kaupa jörðina, nema sérstök lög leyfi, og síðan ekki eiga hana, nema það sé leyft með sérstökum lögum, eða eru það sömu lögin, sem átt er við í báðum tilfellum?

Í 2. gr. er svo talað um, hvernig útlendingar geti orðið jarðeigendur hér á landi. Það vanalegasta mun vera, að þeir eignist þær við kaup, og er það bannað í 3. gr., en svo er líka bannað að gefa þeim jarðir. Þetta held eg að sé hreinn og beinn óþarfi, því það þarf víst ekki að óttast fyrir, að við förum að gefa burt jarðir okkar, þó þær séu lítilsvirði. Í þriðja lagi er útlendingum bannað að eignast jarðeignir að erfðum. Eg efast mikið um, að þetta ákvæði sé réttlátt. Gagn gerir það lítið eða ekkert, en aftur gæti það gert okkur töluverðan skaða. Ef útlendingar settu tilsvarandi ákvæði inn í sína löggjöf, þá gætum við beðið mikið tjón við það, en þeir hafa aftur á móti lítinn skaða af því, þótt þetta sé í okkar löggjöf, því jarðir hér eru ekki svo mikils virði. Í 4. lagi er talað um ólögleg kaup. En hafi nú einhver keypt ólöglega, þá má hann engu að síður vera réttur eigandi í 5 ár. Hvenær koma þá þessar gífurlegu sektir í 4. gr. til framkvæmda? Eða er það kannske seljandinn einn, sem verður fyrir sektunum?

Ef 3. gr. frv. væri löguð, þá held eg að í henni geti falist alt það, sem flutningsmenn þessa frumv. hafa óskað eftir að yrði að lögum, og nokkur ástæða getur verið, að setja lög um. Eg fyrir mitt leyti held þó, að þessi lög séu ekki svo sérlega nauðsynleg, því þó það sé nú talað margt um það, hve hættulegt það sé, ef útlendingar færu að hafa þetta land að fótaskinni, eins og h. þm. Skagf. (J. J.) var hræddur um að yrði, þá sé eg ekki að sú hætta vofi yfir, en eg sé aftur á móti aðra hættu vofa yfir, og standa miklu nær, og hún er sú, að jarðirnar okkar verði verðlausar, og að enginn vilji eiga þær og kaupa, og finst mér þá við mættum þakka fyrir, ef útlendingar vildu kaupa þær. Eins og eg hefi bent á, þá hefi eg hugsað mér að laga mætti 3. gr., svo hún kæmi í staðinn fyrir alt frumv., en þá vildi eg einkum, að ákvæðin næðu til fossanna, því það er það eina, sem við getum beðið skaða af, að útlendingar eign-

ist, en aftur á móti eru svo margar jarðir hér á Íslandi, þar sem um enga fossa er að tala, svo eg held, að það sé engin þörf á að banna jarðeignasölu yfirhöfuð,

Eg skal að síðustu lýsa því yfir, að eg mun greiða atkvæði móti 1. og 2. gr. frv., en með 3. gr., ef hún kynni að verða löguð í þá átt, sem eg hefi bent á.

Júlíus Havsteen: Eg þakka h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) fyrir skýringu hans á 50. gr. stjórnarskrárinnar. Hann sagði, að það væri sama sem að eigandi fengi fult andvirði fyrir eign sína, að hann hefði 5 ár fyrir sér og gæti svo selt hana við opinbert uppboð. En það er aðgætandi, að í nefndri grein stjórnarskrárinnar stendur „fult andvirði“ og þá er venjulega farið eftir virðingargjörð dómkvaddra manna. Eg geri ráð fyrir, að h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) hafi einhvern tíma komið á uppboð, og þá mun hann hafa séð, að hlutir eru ekki venjulega seldir þar með því verði, sem þeir eru verðir eða ættu að seljast fyrir. Það verður því ekki sagt, að eigandi jarðeignar fái venjulega fult verð fyrir hana, ef hún er seld við uppboð. Það er því að gjöra jarðareigendum rangt til, að samþykkja slík lagaákvæði sem þau, er frv. þetta fer fram á.

H. þm. Barðstr. (S. J.) hefir gjört nefndinni stóra þénustu, með því að benda henni á leið til þess, að komast út úr þeim ógöngum, sem hún er komin í, með því að bera fram þannig lagað frv. Það er, eins og hann tók fram, ekkert annað en „Tautologi“ frá upphafi til enda.

Að endingu skal eg lýsa því yfir, viðvíkjandi sölunni á Breiðholti, að mér kom ekki til hugar að lasta h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) og h. þm. Skagf. (J. J.) fyrir, að þeir voru með að selja það; það var þeim þvert á móti til lofs; en það er til lasts fyrir þá, að flytja þetta frumv., sem hér liggur fyrir.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vildi leyfa mér að svara h. 4. kgk. þm. (J. J.) fáum orðum. Hann sagði, að það væri eins og eg hugsaði ekki um, hvar vér værum á hnettinum, þegar eg bar saman Ísland og Írland. Eg fæ ekki séð, hvað hnattstaðan gjörir til í þessu efni. Mér virðist það standa á sama, hvort það er sunnarlega eða norðarlega á hnettinum, ef samanburðaratriðin falla saman. Í báðum þessum tilfellum er talað um land, sem hefir sína kosti, sem útlendingar vilja eignast sér til hagnaðar.

Eg hygg því, að þessi athugasemd h. 4. kgk. þm. (J. J.) um hnattstöðuna hafi lítið að þýða.

Þar sem h. sami þm. gat þess, að útlendingum yrði með þessum lögum nálega bannað að stíga hér á land, nema rétt um hásumarið, þá liggur sú athugasemd hans langt fyrir utan efnið og nær engri átt. Vér vitum að einn útlendingur hefir nýlega sezt hér að, fyrir utan hvalveiðamennina; eg á við hinn núverandi eiganda að Hvítárvöllum. Hver hefir lagt nokkurar tálmanir í veginn fyrir hann eða viljað meina honum það? Það hefir þvert á móti verið sagt, að það sé gott. Veri hann velkominn hingað með allri sinni þekkingu, framfarahug og fjárafli. Það er alls eigi ástæða til að segja, að við viljum reisa neinar skorður við því, að útlendingar komi hingað til landsins og eignist hér jarðir, það er að segja, ef þeir verða hér búsettir. Þar sem h. þingm. Barðstr. (S. J.) tók það fram, að frumv. þetta væri vanhugsað og ekkert annað en upptugga, þá virðist mér hann þar hafa viðhaft of sterk orð. Eg finn ljósa hugsun í frv. þessu. Í 1. gr. eru tekin fram alment þau ákvæði, að enginn utanríkismaður megi eiga jarðeign eða jarðarítök hér á landi, nema það sé leyft með sérstökum lögum; svo koma undantekningarnar, nefnilega að þeir, sem eiga hér eignir nú, skuli undanþegnir þessu ákvæði þangað til eigandaskifti verða á þeim. Í 2. gr. eru ákvæði um, hverjar ráðstafanir

skuli gjörðar, þegar maður, sem á jarðeign hér á landi, flyzt til annara ríkja; þetta ákvæði er því öldungis ómissandi, á hann að eiga hana eftir sem áður, eða á að nota burtför hans til þess að koma eigninni til landsmanna sjálfra?

Í 3. gr. eru ákvæði um, hverju það varði hérlenda menn, ef þeir selja utanríkismanni jarðeign eða jarðarítök ólöglega.

Í 4. gr. eru ákvæði um, hversu há sekt skuli lögð við, ef hérlendir menn brjóta þessi lög. En þessi hegning á eigi við útlendinga, því að við höfum ekki vald til að sekta þá; en hérlenda menn getum við sektað, brjóti þeir lög landsins.

Vér vitum að nú liggur fyrir þinginu frumv. um, að þeir hérlendir menn séu sektaðir, sem gjörast samsekir útlendum botnverpingum í að brjóta lögin og gjöra oss tjón.

Meðan utanríkismenn eru hjá oss, ná lögin yfir þá, en þegar þeir eru farnir burtu, höfum við ekkert hegningarvald yfir þeim.

Að því er snertir athugasemd h. 1. kgk. þm. (J. H.) um, að uppboðsverð sé ekki fult verð, þá má að vísu deila um það, en það er þó oft látið ráða og skoðað sem fult verð. Hvað er þá fult verð? Hvað er rétt verð t. d. á strandi? Eg þekki ekki betur, en að uppboðsverð sé þar álitið fult og rétt verð. Það er ekkert normalverð til á jörðum, heldur það boð, sem gjört er í þær á þeim og þeim tíma, eftir löglegan undirbúning, verður að álítast sannvirði þeirra. Ef komið er með gjaldgenga vöru til sýslumanns á manntalsþingi, til að borga með opinber gjöld, þá er hún vanalega tekin fyrir það verð, sem hún selst fyrir á uppboði. Fær þá gjaldandi ekki fult verð fyrir gjaldeyri sinn? Sé það ekki, þá er varla hægt að neita því, að gjaldheimtumaður svifti hann eign sinni. Eg verð því að skilja ákvæði frumv. svo, að uppboðsverð í slíkum tilfellum hljóti að kallast hið rétta verð.

ATKVÆÐAGR.: 1. br. (456) sþ. með 6 : 3 atkv.; 2. br. (456) feld með 5 : 5 atkv.; 2. gr. frv. sþ. með 6 atkv.; 3. br. (456) „99 ár“ feld með 5 : 5 atkv.; frumv. „50 ár“ samþ. með 6 atkv.; 3. br. (456) samþ. með 6 : 2 atkv.; 4. gr. óbreytt sþ. með 6 atkv. Fyrirsögn (456) samþ. með 6 atkv. Vísað til 3. umr. með 6 atkv.

Þriðja umr. (C. 506) 23. ágúst.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Eg skal að eins leyfa mér að biðja deildina að samþykkja frumv. óbreytt, eins og það liggur fyrir, þótt henni hafi ekki þóknast að taka til greina þær breytingar, sem nefndin hafði ráðið til á 2. gr. Sú breyting, sem deildin hefir gert á 3. gr., er að mínu áliti heldur ekki til bóta, og yfirhöfuð er frumv. í mínum augum töluvert óaðgengilegra en áður; kann vera að öðrum sýnist annað. Sumir kunna einnig að hugsa, að frumv. sé svo óaðgengilegt, að stjórnin alls ekki samþykki það, en þetta er nokkuð, sem enginn getur vitað fyrir víst, og menn renna oft blint í sjóinn með þess háttar getsakir.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 5 : 3 atkv. Sendist forseta Nd. til að leggjast fyrir deildina þar.

Fjölgun og viðhald þjóðvega.

FRUMVARP til laga um fjölgun og viðhald þjóðvega (um fjölgun þjóðvega o. fl.) (C. 414); 1. umr., 16. ágúst.

Sigurður Jensson: Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá háttv. Nd. og er tilgangur þess að gera dálitla breytingu á lögunum um vegi.

Í þeim lögum, sem gefin voru út 13. apríl 1894 um vegi, var ákveðið, að taldir skyldu sem þjóðvegir vegirnir frá Rvík til Seyðisfjarðar, frá Rvík til Akureyrar,

frá Rvík til Ísafjarðar og svo frá Akureyri til Austurlands, en svo vantar þennan vegarspotta, til þess að líka sé þjóðvegur milli Akureyrar og Ísafjarðar. Þetta er þá í fullu samræmi við lögin, að líka sé þjóðvegur milli Akureyrar og Ísafjarðar, og fer frv. þetta fram á, að hér eftir skuli telja veginn frá Hrútafjarðarbotni að Gilsfjarðarbotni með þeim þjóðvegum, sem taldir eru í 5. gr. laga 13. apríl 1894 um vegi. Það er margt, sem mælir með því að svo sé gert. Í fyrsta lagi það, að þetta miðar til að koma meiri samhljóðun í ákvæðin um þjóðvegi, og hefir að eins gleymst, þegar vegalögin voru samin; þar næst er það, að allur póstflutningur milli Norður- og Austurlands á aðra hliðina og vesturkjálkans á hina fer um þennan veg.

Eftir því sem mér hefir verið sagt og eg þekki til, þá mun ekki vera mjög kostnaðarsamt að leggja þennan veg; víða er landslagi svo varið, að það þarf lítið að því að vinna, að gera veginn; en þar sem það er verst, er búið að gera veg, nfl. með því tillagi, sem Strandasýslu var veitt úr landssjóði í hitt eð fyrra. Eg skal líka geta þess, að þótt frv. þetta verði samþ. nú, þá er ekki meiningin að taka neina ákvörðun fyrst um sinn um, hvenær vegurinn skuli gerður og lagt fé til hans. Það getur dregist. En það er í fullu samræmi við vegalögin, að gera vesturkjálkanum jafnt undir höfði sem öðrum hlutum landsins, með því að leggja veg milli Norður- og Vesturlands.

Eg vil leyfa mér að mæla með því, að frv. þetta fái að ganga til 2. umr., og svo áfram leið sína gegn um h. þd.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 atkv.

Önnur umr. (C. 414), 19. ágúst.

Júlíus Havsteen: Mér líst vel á 1. gr. þessa frv., en alls eigi á 2. gr. Eg hefi sjálfur farið þann veg, sem nefndur er í 1. gr. frv., og virðist mér ekki nema eðlilegt, að hann sé tekinn í þjóðvegatölu, og mun ekki verða svo örðugt að leggja hann, að landssjóður þurfi að kosta miklu til þess. Eg vil því leggja með því, að 1. gr. frv. verði sþ. Aftur á móti álít eg ekki rétt að sþ. 2. gr.

Sýsluvegasjóðirnir eru bæði litlir í sjálfu sér og á mörgum þeirra hvíla skuldbindingar; þeir eru ekki stærri en svo, að þeir hrökkvi til að halda við þeim vegum, sem nú eru fyrir hendi.

Eg hefði heldur viljað, að það stæði í 2. gr., að viðhaldskostnaðurinn skuli greiddur til helminga úr sýslusjóði, þótt það væri heldur ekki tiltækilegt, því að það hvíla mörg gjöld á þeim sjóðum líka. Eg vil að vegalögunum sé fylgt, því að þar er þetta tekið fram.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vildi að eins gjöra þá athugasemd, að mér virðist vanta eitt orð inn í 1. gr., til þess að hún verði málrétt, nfl. orðið „þjóðveg“, þannig að í staðinn fyrir orðin: „skal hér eftir telja veginn frá Hrútafjarðarbotni o. s. frv.“ komi: „skal hér eftir telja þjóðveg veginn frá Hrútafjarðarbotni o. s. frv.“ Það er að eins orðabreyting, sem miðar til þess að gera málið liðugra og viðfeldnara.

Landshöfðingi: Eg er samdóma háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) um að mæla með því, að 1. gr. frv. verði sþ. En aftur á móti er eg honum ekki samdóma um, að mæla á móti því, að 2. gr. verði samþ. Eg vil láta samþ. frv. í heild sinni. Í 2. gr. stendur að eins, að landsstjórninni sé heimilt að krefjast þess, að vegunum verði haldið við, alt að helmingi á kostnað hlutaðeigandi sýsluvegasjóða. Eg vona að það megi trúa landsstjórninni til þess, að krefja ekki sýsluvegasjóðina um þetta gjald, nema hún sjái að þeir séu þess umkomnir. En það er til bóta, að sýslusjóður hafi ábyrgð á þjóðvegum og flutningabrautum. Það er hægra fyrir sýslumenn að aðgæta, ef einhverjar skemdir verða á þessum vegum, en lands-

stjórnina; og ef sýsluvegasjóður greiðir helminginn af viðhaldskostnaðinum, þá mun fljótar verða séð um aðgerðir, ef skemdir verða á, en ef landssjóður kostaði viðhaldið að öllu leyti. Auk þess veit eg til þess, að í Noregi, sem stendur okkur næst í þessu efni, kosta sveitarfélögin viðhald á öllum vegum. Verkstjórar frá Noregi hafa furðað sig á því, að landssjóður skuli ekki einungis leggja út fé til þess að leggja þessa vegi, heldur líka kosta viðhaldið á þeim. Afleiðingin af því verður sú, að landssjóður verður að hætta að leggja nýja vegi, af því að viðhaldið á þeim vegum, sem þegar hafa verið lagðir, verður svo dýrt, að hann getur ekki lagt meira fé af mörkum en til þess gengur.

Eg hygg að það sé meinlaust, þó 2. gr. verði samþykt, þar sem þar er ekki talað um beina skyldu, heldur að eins heimild frá landsstjórnarinnar hálfu, til að krefja hlutaðeigandi sýsluvegasjóði um alt að helmingi þess gjalds, sem hér ræðir um. Landsstjórnin getur þá krafið þessa sjóði um eins mikið og lítið, eins og henni þykir henta, eftir efnahag þeirra.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. í e. hlj., 2. gr. samþ. með 9 : 2 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 9 atkv. Vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Þriðja umr. (C. 414, 506) 21. ágúst.

Jón Jónsson: Eg hefi ásamt tveimur öðrum háttv. þingmönnum leyft mér að koma fram með tvær breyt.till. við frv. þetta. Hina fyrri þarf eg ekkert um að segja, hún er að eins til skýringar á greininni. En hina síðari breyt.till. við 2. gr., um að í staðinn fyrir „sýsluvegasjóða“ komi „sýslusjóða“, höfum við komið fram með af því, að ef ákvæðunum í lögunum um sýsluvegasjóðina væri haldið, þá væru þau þýðingarlaus, vegna þess, að sýsluvegasjóðirnir eru svo fátækir, að þeir geta alls ekki fullnægt skyldu þeirri, sem að lögum hvílir á þeim, að leggja viðunanlega vegi, því síður að halda þeim við.

Það er líka kunnugt, að viðhaldið á landssjóðsvegunum er næsta bágborið, af því að landsstjórnin getur ekki haft eftirlit með þeim skemdum, sem á þeim verða, og þess vegna álít eg það vel til fallið, að sýslunefndirnar hafi umsjón með viðhaldi þessara vega og leggi fram nokkurt fé til þess. Það mundi líka verða trygging fyrir því, að ekki sé beðið um að leggja slíka vegi, nema brýn nauðsyn beri til, og mundi því koma í veg fyrir ástæðulausar bænir um vegalagningar. Við höfum einnig breytt fyrirsögn frumv., svo að hún verði samkvæmari innihaldi þess.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C. 506) samþ. í e. hlj., 2. breyt.till. (C. 506) samþ. með 9 atkv., 3. breyt.till. (C. 506) samþ. í e. hlj. Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. Afgreitt til forseta Nd.

Brot á veiðirétti í ám og vötnum.

FRUMVARP til laga um brot á veiðirétti í ám og vötnum (C. 403); 1. umr., 15. ágúst.

Flutningsmaður (Jón Jakobsson): Eg hefi leyft mér að koma fram með frumv. þetta um brot á veiðirétti í ám og vötnum. Frv. er stutt og málið óbrotið, og vona eg svo góðs til háttv. þingd., að hún taki því vel.

Orsökin til þess, að eg hefi komið fram með frumv. þetta, er sú, að eg hefi orðið þess var, að talsverð réttaróvissa á sér stað hér á landi viðvíkjandi brotum á veiðirétti þeim, er frumv. ræðir um. Eg hygg að ekki séu til nein ákvæði í veiðilögum vorum um þessi atriði og að þannig sé þar gloppa í löggjöfinni. Eg hefi átt tal um mál þetta við ýmsa lögfræðinga, og eru þeir ekki á eitt sáttir um,

hvort auðið muni vera að dæma slík brot eftir ákvæðum Jónsbókar, svo að allar líkur eru fyrir því, að þótt brotið sé í meira lagi gegn veiðirétti manna í ám og vötnum, fáist engin eða mjög lítilfjörleg sekt og óverulegar skaðabætur, enda þótt maðurinn sé staðinn að því að taka lax eða silung, þar sem hann engan veiðirétt hefir og er að veiða í heimildarleysi. Eg veit dæmi til þess, að maður hefir verið staðinn að því að veiða ólöglega, þannig, að enginn vafi gat leikið á, að hann væri brotlegur; full sönnun fyrir því, en samt sem áður var þeim, sem veiðiréttinn hafði, ráðið til þess af lögfræðingi, að ganga heldur að einhverri magurri sætt, heldur en að fara í mál við hinn brotlega. Eg veit að sönnu, að til er landsyfirréttardómur frá 1874, þar sem sekt hefir verið beitt í samskonar máli; en eg álít að betra sé þó að fá skýlaus lagaákvæði um sektir og skaðabætur fyrir brot þessi. Það er sérstaklega oft brotinn veiðiréttur hér í Elliðaánum og er því þeirra vegna full ástæða til að fá greinileg lagaákvæði um refsingu fyrir þau brot. Útlendur maður er þar veiðieigandi, og varð hann forviða að heyra það, að vafi gæti leikið á, eftir lögum vorum, hvort auðið væri að refsa þeim, er bryti veiðirétt hans. Hann leit svo á, sem slíkt væri þjófnaður. Mér væri kært að heyra álit lögfræðinga þeirra, er sæti hafa í þessari háttv. þingd., um frumv. þetta. Eg skal játa, að það er nokkuð seint fram komið, en eg hefi þó álitið rétt, að hreyfa málinu nú, til þess þó að greiða götu þess á komandi þingum. Eg skal svo ekki orðlengja meira, en vona að frumv. fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. 403) 17. ágúst.

Flutningsmaður (Jón Jakobsson): Háttv. deild hefir tekið svo vel, eða að minsta kosti svo mótmælalaust, í þetta mál, að eg þarf ekki að fjölyrða um það, enda er það næsta einfalt og óbrotið. Eg skal einungis geta þess, að ákvæði 2. málsgr. 1. gr.: „Nú hittist maður með veiðarfæri við annara manna veiðivatn, fyrir utan venjulega vegi, og getur ekki sannað, að hann hafi haft lögmætt erindi þar, og skal hann þá sæta hinum sömu sektum, sem hann hefði verið staðinn að ólöglegri veiði“, — kynnu að þykja nokkuð ströng; en menn verða að gæta þess, að sá sem hittist með veiðarfæri við veiðistöðvar og getur ekki sannað, að hann hafi haft þar neitt erindi, sá hinn sami er auðvitað kominn í þeim erindum að veiða, og á því að sæta sömu sektum og hinn, sem er staðinn að ólöglegri veiði; og í öðru lagi er munurinn á lágmarki og hámarki sektarinnar svo mikill, að vel má haga sekt eftir broti, og taka t. d. vægar á þeim, sem ekki er staðinn að ólöglegri veiði, ef dómaranum sýnist svo.

Í 2. línu 2. gr. hefir slæðst inn prentvilla; þar eru tvö „g“ í einu orði, en aftur vantar „i“ í eitt orð í síðustu línu 1. gr., þar stendur „veið“ fyrir „veiði“.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr., 2. gr. og fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj. Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 403); 18. ágúst.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Burðareyrir undir krossband.

FRUMVARP til laga um burðareyri innanlands undir íslenzk blöð og tímarit í krossbandi (C. 511); 1. umr. 22. ágúst.

Jón Jakobsson: Mál þetta er svo vaxið, að ekki er hægt að ræða það, fyrri en heimilt er að fara út í einstakar greinar þess. Eg vil lýsa því yfir, að eg er frv.

hlyntur, því að mér finst það bæta úr agnúum, sem menn eiga nú við að búa, á útsending blaða og tímarita, gjörir öllum póstmönnum hægra fyrir með afgreiðslu slíkra sendinga, svo að líkur eru til, að missendingar verði minni og þar af leiðandi óánægjan, er þær hafa í för með sér hjá móttakendum. Í öðru lagi er með lögum þessum upphafinn hinn óeðlilegi klofningur burðargjaldsins eftir því, hvort sent er með landpóstum eða með póstskipum. Hér er farið fram á, að hafa framvegis eitt fastákveðið gjald fyrir allar þessar sendingar, hvort sem þær fara á sjó eða landi. Blaðamenn öðlast og hið sama hagræði með lögunum eins og póstmenn, þar sem þeir geta sent og afhent blöð sín í stærri pökkum en nú á sér stað, og þurfa eigi að vera að vafsast í að frímerkja þau.

Það getur nú verið athugavert, hvort landssjóður biður ekki skaða við það, að frumv. þetta verði að lögum; eg mun skýra það atriði nákvæmar, þá er frumv. kemur til 2. umr. Eg skal nú að eins óska þess, að það fái að ganga leið sína.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. 511), 24. ágúst.

Jón Jakobsson: Eg gat þess við 1. umr. þessa frumv., að eg væri því hlyntur, af þeim ástæðum, að það væri til talsverðs hagræðis bæði fyrir póstþjóna og einnig fyrir útgefendur blaða og tímarita, að losast við það staut, sem því er samfara, að þurfa að vega og frímerkja hverja einstaka krossbandssendingu.

Breyting sú, er gjörð er í 1. gr. á gildandi lögum, er sú, að setja eitt gjald, 20 aura, undir hvert pund eða minni þunga, hvort sem heldur flutt er á sjó eða landi; en áður var það 30 au. með landpóstum en 10 au. með póstskipum. Fyrir póstsjóð mun þetta ekki verða skaði, svo að nokkuru nemi. Eg hefi aflað mér upplýsinga um, hve mikið ritstjórar helztu blaðanna hér greiða á ári í burðargjald undir blöð sín, og hafa þeir látið uppi: einn þeirra, að hann bruki á ári um 600 kr., annar sömuleiðis 900 kr. og tveir aðrir í sameiningu 5—600 kr.

Þetta mun alls vera meira en helmingur alls þess, sem nú er greitt árlega frá öllu landinu, sem burðargjald undir blöð og tímarit, og er ekki líklegt, að frumv., þótt það verði að lögum, muni hafa mikil áhrif á burðargjaldið.

2. gr. ákveður, að afhenda megi í einu lagi, og póstmaður vega í einu lagi, blöðin og tímaritin og reikna svo út burðargjaldið eftir samanlagðri pundatölu. Hér er það synilegt, að póstsjóður biður dálitið tap; það er sem sé nú í lögum, að greiða skal t. a. m. jafnt burðargjald, ef sendingin er 11 kvint eins og hún væri 20 kvint, og getur það safnast saman á mörgum sendingum, þegar þær eru reiknaðar hver út af fyrir sig. Þetta er nú útilokað í frumv., en eg hygg þó, að munurinn verði að eins smáræði, svo að þetta geti varla haft neina verulega þýðingu. En ein aðalmótbára hefir komið fram gegn frumv., og er hún sú, að burðargjaldið sé jafnt, hvort sem flutt sé á sjó eða landi. Útsendarar mundu því heldur kjósa að nota landpóstana til flutnings, með því að venjulega eru tryggari skil á sendingum, sem með þeim fara, heldur en á sendingum, sem póstskipin flytja til ýmsra viðkomustaða umhverfis landið. En h. Nd. sló þó varnagla gegn því, að þetta yrði misbrúkað, með því að setja inn í 3. gr., þar sem ákveðið er, að póstmaður hafi heimild til að láta póstsendingar þessar bíða eftir skipsferð, ef biðin nemur ekki meiru en 8 dögum, og var sá viðauki nauðsynlegur sökum þess, að flutningur á sjó er póstsjóði miklu kostnaðarminni en flutningur á landi.

Varúðarreglur þær, sem settar eru í 4. gr., stuðla til þess, að sem blaðasendingar sé ekki sent annað en til er ætlast, og

5. gr. er ákveðið, að nafn blaðsins eða tímaritsins skuli standa utan á hverri sendingu, sem er sjálfsagt ákvæði.

Viðvíkjandi 6. gr. skal eg geta þess, að þar hefir komið inn villa, sem laga þarf í hendi sinni; þar er vísað í 3. gr. en á að vera 4. gr.; stafar villa þessi af því, að sú gr. var áður 3. gr. en er nú 4. gr., sem vísa átti til, en þá er bætt var inn í hið upphaflega frumv. nýrri gr., sem nú er 3. gr., hefir gr.talan breyzt, en ekki verið gætt þess, að breyta tilvitnuninni. Eg mun sjá um, að þetta verði lagað á skrifstofunni.

8. gr. hefir inni að halda fyrirmæli um, hverjir öðlast geti rétt þann, sem frumv. veitir. Útgefandi eða ábyrgðarmaður þarf að tilgreina sig fyrir landshöfðingja, ritið þarf að koma út samkvæmt fyrirfram auglýstri áætlun, og í þriðja lagi vera rit, sem selt er, en ekki útbýtt gefins, til þess að koma í veg fyrir, að blöð, sem að eins eru auglýsingar, geti komist undir ákvæði laganna.

Eg finn svo ekki ástæðu til að tala meira um málið, en vona að frv. gangi fram hér í h. Ed. eins og í h. Nd.

Hallgrímur Sveinsson: Eg hygg að frv. þetta sé gott og þarflegt. Það er sýnilega, eins og h. þm. Skagf. (J. Jak.) tók fram, til stórmikills hægðarauka bæði fyrir útgefendur dagblaða og rita, og eins fyrir póststjórnina sjálfa, póstþjónana og bréfhirðingamenn.

Um það leyti, sem póstskip og landpóstar eru að fara héðan, má stundum líta hér menn á gangi með stórar körfur fullar af blaðaströnglum. Í hverjum einstökum ströngli eru nokkur blöð, og með því að frímerkja verður nú hvern einstakan ströngul út af fyrir sig eftir þyngd hans, þá er það skylda póststjórnarinnar að sjá um, að þetta sé rétt gert. Hvaða ómak og tímamissi það hlýtur að hafa í för með sér fyrir póststjórnina, að hafa vakandi auga með þessu, geta menn bezt hugsað sér, þegar menn gæta að því, að hvert einstakt blað sendir fjölda af slíkum strönglum með hverri ferð. Hvaða aragrúi þetta er frá öllum blöðum hér í Reykjavík, er hægt að ímynda sér. En það er ekki eingöngu tímaspillir fyrir póststjórnina og þjóna hennar, heldur eyðir þetta fyrirkomulag einnig miklum tíma fyrir útgefendum blaðanna. Eins og kunnugt er, hefir póststjórnin fleiru að sinna en þessum böglum; hún á að taka á móti peningaávísunum, peningabréfum, verðmætum bréfum og loks almennum bréfum; hvert einstakt af þessu mun vera skoðað rétthærra en blaðasendingarnar, og afleiðingin er sú, að blaðamennirnir eða þeir, sem þeir senda í sinn stað, verða að sitja á hakanum. Ef nú í staðinn fyrir 30—40 strönglа væri hægt að senda að eins einn, þá sjá menn, að hér er um mikinn tímasparnað að ræða. Um hægðaraukann þarf eg ekki að tala, hann er fyllilega eins mikill fyrir blaðamennina eins og póststjórnina, ef ekki meiri. Sé því hér ekki um neinn tekjuhalla fyrir póststjórnina eða landssjóð að ræða, þá finst mér ekki áhorfsmál, að samþykkja þetta frumv. Nú mun það ekki vera svo auðgjört, að segja með vissu um, hver niðurstaðan yrði, en eg hefi heyrt alla þá, sem kunnugastir eru þessu máli, og helzt gætu gert sér einhverja hugmynd um, hve mikill skaði gæti leitt af þessari breytingu, og sem eg hefi átt tal við, segja, að mismunurinn muni verða tiltölulega lítill, og sé hér að eins um svolítinn tekjuhalla að ræða, þá finst mér ekki sé horfandi í hann, þar sem um svo mikinn beinan hagnað er að ræða fyrir alla, sem blöð eða rit þurfa að senda eða afgreiða.

Þegar eg lít til þess, að yfir hvert einasta frumv. svo að segja, sem kemur inn á þingið, rignir fleiri eða færri breyt.till., þá verð eg að álíta meðferð þá, sem þetta frumv. hefir fengið hér á þinginu, sönnun fyrir því, að frumv. sé að allra áliti gott

frumv. og vel samið. Eg veit ekki hvort h. þdm. hafa veitt því eftirtekt, að við frumv. þetta, sem er í 10. gr. og eigi allítið mál, hefir ekki komið nema að eins ein breyt.till, og hún var frá þeirri h. nefnd, sem fyrst hafði málið til meðferðar í h. Nd. Að þessari breyt.till. nefndarinnar undantekinni, hefir hvorki nefndin síðar né heldur neinn þingmaður í h. Nd., sem annars er svo athugul og fundvís á alla smágalla, komið með neinar breyt.till. og tek eg það sem sönnun fyrir því, að frumv. sé í því fullkomnasta lagi að unt er, bæði að efni og búningi, og mun því gefa þessu frv. atkv. mitt.

ATKVÆÐAGR.: 1.—10. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frumv. samþ í e. hlj. Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. 511), 25. ágúst.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Breyting á bæjarstj.lögum Seyðisfj.

FRUMVARP til laga um breyt. á 1. gr. í lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði (C. 356); 1. umr., 10. ágúst.

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon): Eins og menn muna, þá er lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði voru hér fyrir þinginu, lentu þau í vafstri milli þingdeildanna og féllu þá stundum burtu úr þeim ákvæði um laun handa bæjarfógeta þar, en síðast varð þó að samkomulagi, að launin voru ákveðin 300 kr., en sem er 200 kr. minna heldur en laun bæjarfógetanna á Akureyri og Ísafirði. Eg hefi aldrei verið ánægður með þessa niðurstöðu, með því að störf bæjarfógeta á Seyðisfirði eru ekki að neinu leyti minni eða óbrotnari heldur en störf hinna bæjarfógetanna, heldur þvert á móti öllu erfiðari, því að kaupstaðurinn er þrí-skiftur. Og Norðurmúlasýsla, sem að eins er launuð með 3000 kr., mun þó vera einhver erfiðasta sýsla á landinu, næst eftir Ísafjarðarsýslu. Starf bæjarfógeta innibindur í sér hið sama starf, sem oddvitar og hreppstjórar í hrepp hafa á hendi, og þekki eg þá hreppa, þar sem borgunin fyrir störf beggja þessara manna eru meiri en 300 kr., meiri en sú borgun, sem bæjarfógeta á Seyðisfirði er ætluð.

Eg hefi fyrir mér glögga skýrslu um það, að þessi embættismaður, sem hér á hlut að máli, hefir að eins rúmar 2400 kr. netto í laun, þegar frá er reiknaður kostnaður við hestahald og skrifstofu o. s. frv. Kostnaðurinn við hestahald er reiknaður 150 kr., og þykist eg viss um það, að hann mun alls ekki vera ofhátt reiknaður; og til skrifstofukostnaðar 7—800 kr. auk annara útgjalda. Annars skal eg ekki fara út í skýrslu þessa hér, því að h. þingd. mun gefast kostur á að kynna sér hana, og vona eg að h. þm. sannfærist af henni um það, að krafa sú er mjög sanngjörn, er farið er fram á í frumv., enda er hér um litla upphæð að ræða.

Eg skal geta þess, að eg hefi heyrt þá bendingu, að svo líti út af frv. þessu, sem hugsun þess sé að auka 500 kr. við laun þau, sem bæjarfógetinn hefir nú, þannig að hann fái bæði 300 kr. og 500 kr. En þetta er ekki meining okkar flutningsm., heldur hitt, að þau verði að eins 500 kr. Við erum því fúsir til að samþ. að frumv. verði breytt svo, að þetta verði tvímælalaust.

Júlíus Havsteen: Að vísu var eigi kominn bæjarfógeti á Seyðisfirði þá er eg fór að norðan, en eg þykist samt geta borið um það, að bæjarstjórnarstörf hans eru engu minni en bæjarfógetanna á Akureyri og Ísafirði; enda er bærinn á þrem stöðum, eins og h. flutningsm. (G. V.) hefir tekið fram. Og þó að bæjarfélagið sé í heild sinni nokkuru fámennara en á Akureyri og Ísafirði, verða störfin jafnan nokk-

uð lík og engu ómargbreyttari, og jafnan eru nokkurir örðugleikar fólgnir í því, að setja stjórn bæjarmálanna á laggirnar í fyrstu.

Norðurmúlasýsla er einnig með hinum örðugustu sýslum; að vísu eru tvær sýslur, Þingeyjarsýsla og Skaftafellssýslur, víðáttumeiri, en í Norðurmúlasýslu er meira að gera heldur en í hvorri hinna, svo að sýslumenn þar, þótt ferðalög þar séu löng, fá að sitja meira í friði heldur en sýslumaður í Norðurmúlasýslu; um þetta get eg talað af reynslu.

Mig furðar á því, þá er stofnað var bæjarfógetaembætti á Seyðisfirði, að honum skyldi ekki vera ákveðin sömu laun sem öðrum bæjarfógetum fyrir norðan og vestan, eins og landssjóður hefði ekki efni á því, eða léti sig draga um einar 200 kr. Eg mun því geiða atkv. með frv. þessu og vona eg til svo góðs af háttv. þd.m., að þeir geri hið sama.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Önnur umr. (C. 356), 12 ágúst.

Sigurður Jensson: Eg ætla að leyfa mér að gera stutta grein fyrir atkvæði mínu um frv. það, sem hér liggur fyrir.

A þinginu 1893 voru tvö frumv. borin upp í Nd.; annað þeirra var um bæjarstjórn á Seyðisfirði, og hitt um að veita bæjarfógetanum þar 500 kr. laun fyrir bæjarfógetastörfin. Frv. um launin var felt með nálega öllum atkæðum; en hitt frv., um bæjarstjórnina, var samþ. þannig, að ekki voru ákveðin nein laun handa bæjarfógetanum fyrir þann starfa. Svo komu bæði frv. til efri deildar; þá var það tekið fram, að það væri ósanngjarnt, að láta sýslumanninn á Seyðisfirði taka við þessu nýja embætti, bæjarfógetaembættinu, án þess að launa það.

Þá var háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) ekki á þeirri skoðun, að það væri beinlínis nauðsynlegt að launa þetta bæjarfógetaembætti, þar sem sýslumannsembættið væri viðunanlega launað. En úrslit þess máls þá urðu þau, að 300 kr. laun voru ákveðin fyrir bæjarfógetastörfin. Svo komst frv. aftur til h. Nd., og var reynt til að fella burt ákvæðið um launin, en tillaga um það féll með 11 atkv. gegn 11. Þá mælti það með launaveitingunni, að þá voru ný störf, bæjarfógetastörfin, lögð á sýslumanninn í Norðurmúlasýslu og því spursmál um, hvort hann væri skyldur til að taka við hinum nýja starfa endurgjaldslaust. En síðan var embættið veitt ungum manni með þessum launum, og eg get ekki hugsað mér annað, en að hann hafi talið sig heppinn að fá svo gott embætti, eitt með bezt launuðu sýslumannsembættum landsins. En nú er hér farið fram á 200 kr. hækkun handa þessum manni. Mér er ekki kunnugt um, hvort hann sækir sjálfur um þessa viðbót við laun sín.

Eg hefði kunnað betur við að þessi fjárbeiðni hefði komið gegnum stjórnina, eftir beiðni hans.

Eg kann síður við að það komi frá einstökum þm., án þess að nokkur beiðni frá hlutaðeigandi embættismanni liggi fyrir. Hver er svo ástæðan, sem tilfærð er fyrir þessari hækkun? Hún er sú, að tvö önnur embætti, nfl. bæjarfógetaembættin á Akureyri og Ísafirði, séu launuð 200 kr. meira, og því sé ekki réttlátt að þessi embættismaður sé ekki látinn hafa sömu laun fyrir bæjarfógetastörfin eins og hinir. Eg skil ekki að nokkurum geti dottið í hug, að hann geti fundið svo mikinn jöfnuð eða réttlæti í launalögum embættismanna hér á landi, að altaf sé miðað nákvæmlega við það, hversu eitthvert embætti sé erfitt. Það má finna óteljandi dæmi upp á það, að erfitt embætti er oft miklu tekjuminna en hægara og náðugra embætti. Líka má benda á mörg dæmi upp á embætti, með jafn-yfirgripsmiklum

og vandasömum störfum, sem eru misjafnlega launuð.

Eg skal taka til dæmis kennaraembættin við lærða skólann; þar eru embætti með sama tímafjölda æði misjafnlega launuð. Þess vegna sé eg ekki að það sé nein ástæða fyrir þessari hækkun, sem hér ræðir um, þótt önnur embætti, með líkum skyldum, sé betur launuð. Ef það er meiningin að koma á réttlátari jöfnuði milli embættalaunanna yfir höfuð, þá þarf miklu stærra frv. til þess, en það sem hér liggur fyrir. Og þá fyndist mér eðlilegast að byrja annarsstaðar en á hæstu embættunum, eða að gera þau embætti, sem eru með þeim hæst launuðu, enn þá hærri. Þetta embætti, er hér ræðir um, er eitt með hinum bezt launuðu embættum landsins. Hinar föstu tekjur þess eru um 3300 kr.. en þar við bætast svo aukatekjur við tollinnheimtu, sem eftir landsreikningnum nema alt að 800 kr.; verða þá allar tekjur þessa embættis yfir 4000 kr.

Nú vil eg leyfa mér að spyrja háttv. flutningsm., hvort þeim ekki finnist meiri ástæða til að bæta við laun margra annara starfsmanna hins opinbera en við laun þessa embættismanns. Að eg ekki gef þessari fjárbeiðni atkvæði mitt, er alls ekki af neinum persónulegum ástæðum. Eg trúi því fullkomlega, að þessi embættismaður sé í alla staði heiðarlegur maður og eigi alt gott skilið; en mér finst miklu meiri þörf á að bæta við ýmsa aðra embættismenn en þennan mann, sem hefir eitt með bezt launuðu embættum landsins.

Það getur vel verið, að þessi fjárbeiðni gengi í gegn nú í þinginu, og að margir, sem greiddu atkvæði móti 300 kr. launununum fyrir þenna starfa 1893, greiði nú atkv. með 500 kr. launum fyrir hann; en þá eru hinir sömu h. þm. ekki sjálfum sér samkvæmir. Og til þess að bæta úr þeirri ósamkvæmni, þyrfti þingið eftirleiðis að bæta við laun fjölda margra annara embættismanna. Eg mun þess vegna greiða atkv. móti þessu frv.

Guttormur Vigfússon: Við 1. umræðu þessa máls leitaðist eg við að gera grein fyrir því, að laun þessa embættismanns væru þannig löguð, að þau ekki væru fullnægjandi fyrir hið erfiða starf hans, sem bæjarfógeta á Seyðisfirði. En eg heyri það nú á hinum háttv. þm. Barðstr. (S. J.), að honum hefir ekki getað skilist það. Eg tók þá fram, að eg hefði í höndum skjöl, sem eg mundi leggja fram til skýringar þessu máli, og það hefi eg líka gert, en háttv. þm. hefir ekki kært sig um að kynna sér þau, en hefir gengið eftir eigin ímyndun sinni um þetta mál. Hann heldur því fram í ræðu sinni, að embætti þessa manns sé eitt með hinum bezt launuðu embættum landsins. En eg man ekki betur en eg tæki það fram við 1. umr. þessa máls, að eftir þeim reikningi, sem þessi embættismaður hefir sjálfur gefið yfir laun sín, þá verða þau netto um 2400 kr., að frádregnum kostnaði við að reka embættið. Eg skal í þessu sambandi taka það fram, að þessi kostnaðarreikningur hans er allra sízt of hár. En að embætti, sem launað er með 2400 kr., sé eitt af hinum bezt launuðu embættum landsins, get eg ekki séð að sé rétt hermt, og það því fremur, sem þessi embættismaður, sem hér ræðir um, verður að búa í kaupstað, þar sem er dýrt að búa, og verður því að „repræsentera“ bæði bæinn og sýsluna; en því er samfara töluverður gestagangur og eyðsla, sem hann gæti komist hjá, ef honum ekki væri gert að skyldu að búa í þessum kaupstað.

Háttv. sami þm. tók það fram, að sér fyndist ekki rétt að byrja á þessum embættismanni með því að jafna launin, þótt þau væru nokkuð misjöfn eða minni en hinna tveggja annara embættismanna, er gegndu samskonar embættum. Eg fæ ekki betur séð, en að það sé eðlilegt,

að þessi embættismaður fái sömu laun fyrir þennan starfa sinn, eins og hinir aðrir 2 bæjarfógetar, á Akureyri og Ísafirði, fá fyrir sama starfa.

Enn fremur gat hann þess, að sér þætti óviðkunnanlegt, að þessi fjárbeiðni væri komin fram, án þess að nokkur beiðni lægi fyrir frá viðkomandi embættismanni, og að við flutningsm. bærum hana fram ótilkvaddir.

Eg skal, þessu til skýringar, taka það fram, að þessi embættismaður hefir áður skrifað áleiðis til amtsins um, að sér væri veittur skrifstofukostnaður, en til vara sömu laun, eins og hinum tveimur öðrum bæjarfógetum, á Akureyri og Ísafirði.

Eg skal játa það, að eg veit ekki hvernig þessari málaleitun hans hefir lokið, og ef til vill hefir bréf hans komið of seint til amtsins, til þess að verða lagt fyrir þingið af stjórninni. En eftir tilmælum hans höfum við flutningsm. komið með þetta frumv. hér inn í deildina. Til stuðnings þessari fjárbeiðni hefir hann tekið það fram, að á Seyðisfirði væri alt eins mikið að gera fyrir bæjarfógetann eins og á Akureyri og Ísafirði; en tolltekjurnar eru minni þar en á hinum kaupstöðunum; aukatekjur hans eru ekki um 800 kr., eins og h. þingm. Barðstr. (S. J.) sagði, heldur 646 kr. 37 au. Þessi embættismaður hefir líka sjálfur í bréfi sínu til amtsins tekið það fram, að Norðurmúlasýsla sé einhver af hinum erfiðustu sýslum landsins, og þess vegna alt ferðalag um sýsluna, einkum þingaferðir, mjög kostnaðarsamt og erfitt.

Eg skal taka til dæmis, viðvíkjandi þingaferðunum, að sýslumaður N.-múlasýslu þarf að ferðast yfir 8 fjallvegi, sem oft eru, um það leyti sem þingað er, lítt færir öðruvísi en brjótast yfir þá gangandi. Á síðustu þingaferð sinni varð hann í 6—8 tíma að kafa yfir Fjarðarheiði hestlaus, til þess að byrja þingaferðir sínar, og fá hesta fyrir ofan fjall til viðbótar við hesta þá, er hann hafði löngu áður sent yfir heiðina, meðan hún var fær fyrir hesta.

Mér skildist svo á h. þm. Barðstr. (S. J.), sem h. þm. S.-Múl. (G. V.) hefði verið á móti því, að bæjarfógetaembættið á Seyðisfirði væri launað, þegar það var stofnað; en það er algerður misskilningur. Það var einmitt þm. S.-Múlas., sem barðist fyrir því, að 300 kr. launin komust inn í frv. 1893, til þess að hann fengi þó heldur nokkuð en ekki neitt. En það var langt frá því, að eg áliti, að hann ætti ekki að réttu lagi að fá sömu laun fyrir þennan starfa, eins og hinir aðrir tveir embættisbræður hans, nefnilega bæjarfógetarnir á Akureyri og Ísafirði.

Eg skal að endingu geta þess, að eg ímynda mér, að h. þm. Barðstr. (S. J.) mundi ekki hafa verið eins harður móti þessari litlu fjárveitingu, ef það hefði varðað embætti í Barðastrandarsýslu.

Jón Jónsson: Misklíð sú, sem var á þingi 1893, út af frumv. um kaupstaðarréttindi Seyðisfjarðar, var eigi út af því, hvort hinn nýi bæjarfógeti á Seyðisfirði skyldi hafa sömu laun, sem hinir 2 bæjarfógetarnir á Akureyri og Ísafirði, heldur deildu menn um það, hvort Seyðisfjörður skyldi fá kaupstaðarréttindi eða ekki. Það voru allmargir á móti því, og andstæðingar þess í h. Nd. ætluðu að girða fyrir framgang laganna, með því að fella burt öll laun handa bæjarfógeta þar. Að eg er með frumv. þessu er af því, að eg fylgi þeirri reglu, hvort sem í hlut á sýslumaður, prestur eða annar maður í þjónustu hins opinbera, að unna honum uppbótar á launum sínum, þegar sanngirniskröfur eru fyrir hendi.

H. varaforseta (S. J.) fanst það hringlandaskapur af þinginu, að hækka nú laun þessa embættismanns, en eg get ekki séð, að það sé nein ástæða móti frumv. þessu, þótt með því sé gerð breyting á eldri lögum; þá mætti færa slíkt einnig sem

ástæðu móti öllum breytingum, sem þingið gjörir, t. a. m. á prestakallalögunum, og með breyt. á þeim lögum mun h. varaforseti (S. J.) oft hafa greitt atkv. — En þar sem nú það er orðið að lögum, að Seyðisfjörður hefir fengið bæjarréttindi og þar sem engum, sem þekkir til, getur dulist það, að starf bæjarfógeta þar er engu vandaminna, jafnvel erfiðara heldur en hinna 2 bæjarfógetanna, þar sem Seyðisfjörður er meira dreifður heldur en hinir 2 kaupstaðirnir, þá er hin mesta ástæða til að láta bæjarfógetann á Seyðisfirði njóta sömu sanngirni, sem hina tvo nefndu bæjarfógeta.

Eg hefi heyrt embættismann þann, sem hér á hlut að máli, láta það í ljósi, að hann vildi með gleði vera að eins sýslumaður Norðurmúlasýslu með 3000 kr. launum, ef hann slyppi við að búa á Seyðisfirði og vera þar bæjarfógeti, og eg er svo kunnugur í Norðurmúlasýslu, að eg get tekið undir með honum í þessu, því að það er honum bæði talsvert óhægra og dýrara að búa þar, heldur en ef hann byggi á hagkvæmari stað uppi í sýslunni.

Þó að frumv. þetta sé ekki mikilsvert, vona eg þó að h. þd. sýni því þá sanngirni, að lofa því að ganga leið sína.

Sigurður Jensson: Eg hefi alls ekki rangfært neitt sögu máls þessa á þingi 1893, og orð þau, er eg tilfærði eftir h. þm. S.-Múl. (G. V.) get eg sýnt honum; hann lét það þá í ljósi, að eigi væri óhjákvæmilega nauðsynlegt, að ákveða laun handa bæjarfógeta á Seyðisfirði að svo stöddu. Það var ekki meining mín að byggja á þessu neinn hringlandaskap hjá þinginu, er eg tók það fram; en það var meiri ástæða til að veita bæjarfógeta á Seyðisfirði laun 1893, því þá var um það að ræða, að auka störfum á embættismann, er eigi var skyldur til að takast þau á hendur endurgjaldslaust. En nú er ástæðan minni að hækka þessi laun, þar sem hlutaðeigandi embættismaður hefir nýlega fengið embætti þetta með launum þeim, er lögin ákveða. Það er ekki hringlandaskapur af þinginu, að breyta lögum þessum, en hitt vil eg kalla hringlandaskap, ef þeir h. þm., sem 1893 vildu ekki greiða atkvæði með 300 kr. launum handa bæjarfógeta á Seyðisfirði, vilja nú greiða atkvæði með að hækka þau upp í 500 kr.

H. flutningsm. (G. V.) kom fram með reikning yfir laun þessa embættismanns og kostnað við embættið, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að hann hefði ekki nema 2400 kr. netto, og taladi um, að mikill væri gestagangur hjá honum á Seyðisfirði. Það getur nú verið álitamál, hvernig þetta er reiknað. Eg gæti líka nefnt sýslumann, búsettan í sveit, sem einnig gæti reiknað hjá sér talsvert mikinn kostnað af gestagangi.

H. sami þingm. kom og með þær getsakir til mín, að eg væri á móti frumv. af því, að sýslumaður Barðastrandarsýslu ætti ekki í hlut; hann virðist með því halda því fram, að enginn þingmaður geti verið með launaviðbót sýslumanns, nema hans eigin sýslumaður eigi hlut að máli. Eg held eg geti lofað þingmanninum því, að eg muni aldrei flytja á þinginu launaviðbótarmál fyrir sýslumann Barðastrandarsýslu.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 8 : 1 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 8 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 8 : 1 atkv.

Þriðja umr. (C. 356) 14. ágúst.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 7 samhlj. atkv. og sent til forseta h. Nd.

Stofnun hlutafélagsbanka.

FRUMVARP til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi (C. 518); 1. umr., 22. ágúst.

Hallgrímur Sveinsson: Það dylst víst engum h. þingdm., að það er mikið og merkilegt mál, sem hér liggur fyrir til umræðu.

Það er kunnugt, að þeirri stofnun, sem nú á að greiða úr fjárhagsfyrirkomulaginu hér á landi, landsbankanum, hefir um langan tima verið meira eða minna ábótavant. Það var lengi, að vér höfðum enga stofnun, er hafði það hlutverk, að koma peningum á hreyfingu, safna þeim á einn stað, og dreifa þeim aftur út meðal manna til gagnlegra fyrirtækja. Landssjóður, viðlagasjóður eða jarðabókarsjóður voru fremur fjárlitlir og voru þó hinar einu stofnanir, er menn gátu snúið sér til um lán, hvort heldur var til búnaðarframkvæmda eða jarðakaupa, eða það voru sjómenn, er vildu auka skipastól sinn, eða bæta útveg þann, er þeir þegar áttu; um fé til verzlunar og iðnaðar var lítið talað á þeim dögum. Það var talið sjálfsagt, að kaupmenn leituðu fjárlána til eflingar þeirri atvinnu sinni, í útlöndum. Þegar tímar liðu fram, fundu menn til agnúa á þessu fyrirkomulagi. Og til þess að bæta úr því, og til þess að gefa mönnum hvöt til þess að halda utan um það, sem þeir áttu í peningum, voru fyrir um 20—30 árum stofnaðir nokkurir sparisjóðir. Það voru eðlilega veikar stofnanir í upphafi. Það var lítið fjármagn, sem inn til þeirra rann, og með því að sá straumur var auðvitað ekki stöðugur, þá var ekki unt að gera áætlun um, hversu mikið fé þeir hefðu handa á milli. Vitanlega leituðust þessar stofnanir við eftir föngum, að gera það fé arðberandi, sem þeir höfðu yfir að ráða, með því að koma því á góða vexti, með því að styrkja nytsöm fyrirtæki, og greiða þannig úr peningaþörfinni — en alt í smáum stil. Þar á ofan voru þeir tiltölulega fáir hér og höfðu takmarkað fjármagn.

Þá var það fyrir 13 árum, að mönnum þótti sem þetta mætti ekki lengur standa, og gerðu tilraun til að koma á fót fullkomnari peningastofnun, og þá var landsbankinn stofnaður, sem síðan hefir verið notast við, og gert hefir það gagn, sem til var ætlazt, eftir því sem kringumstæðurnar leyfðu. Að hann hefir ekki bætt úr öllum þeim göllum, sem á fjárhagsfyrirkomulagi landsins var, hefir ekki komið af viljaleysi þeirra, sem stofnuðu hann og stjórnað hafa honum, til að gera hann betur úr garði, heldur af því, að ekki voru föng til þess. Bankinn var takmarkaður að því leyti, sem hann hafði að eins takmarkað fé yfir að ráða, þar sem stofnfé hans var að eins $^1/_2$ miljón, og í öðru lagi var hann takmarkaður að því leyti, að fjármagn hans var fengið honum í bréfpeningum, en honum voru ekki sköpuð þau kjör, að hann gæti fengið það fullkomna snið, sem peningastofnanir hjá öðrum þjóðum hafa. Honum voru ekki skapaðir mögulegleikar til að innleysa, hvenær sem krafist væri, seðla sína með málmi eða hinum almenna gjaldeyri ríkisins. Bankinn eða landsstjórnin gaf þó von um að innleysa seðlana, í þeim tilfellum, þar sem þörfin væri mjög brýn, og bjuggu svo um hnútana, að þeir, sem mesta þörf höfðu á að fá ríkismynt fyrir seðla bankans, gætu átt kost á því á vissan hátt. Eg á við þá ákvörðun bankalaganna frá 18. febr. 1885, að með peningum bankans mætti kaupa ávísanir á póststofunni til útborgunar hjá póstsjóði Danmerkur. Ýmsir fundu að þessu fyrirkomulagi, og sögðu, að engin hjálp mundi að þessu verða, meira að segja, að þetta mundi reynast tál og leiða til vandræða, en alls ekki til þess að greiða úr peningaviðskiftunum, ekki til þess að framleiða eðlilegan straum fjárins í landinu sjálfu, og til þess að útvega þá peninga (erlendis), sem nauðsyn bæri til. Hrakspár þessar voru ærið háværar, og flytjendur þeirra fullyrtu, að þótt augu manna væru lokuð nú, eða létust vera lokuð, þá mundu þau opnast

þegar tímar líða, og opnast með skelfingu. Yfir höfuð að tala væri landið með þeim búið að selja sig sjálft, og landsmenn yrðu ánauðugir leiguliðar annarar þjóðar, — og til þess væru ef til vill refarnir skornir. Þessar hrakspár hafa, sem betur fer, ekki rætzt. Bankinn gat að vísu ekki leyst inn seðla sína, nema takmarkaða tölu, en flestir munu verða að segja, að bankinn fullnægi þeirri skyldu, sem kröfurnar og þörfin leggur á herðar honum í þessu efni, eftir því sem menn gátu búist við.

Það er því ekki ástæða til að vera óánægður með störf bankans í þau 13 ár, sem hann hefir staðið, en gallarnir á fyrirkomulagi hans frá byrjun hafa orðið mönnum ljósari, og mönnum hefir orðið það skýrara, hversu mikið er í peningastofnun varið, sem er sterklega trygð, bygð á óyggjandi grundvelli, á málmforða í stað lánstrausti landssjóðsins, peningastofnun, sem auk þess hefði meira fé milli handa en þessi okkar stofnun. Vér vitum það allir, að þótt bankinn hafi bætt allmikið úr peningaþörf landsmanna, þá hefir þó reynzla hinna síðustu ára lotið að því, að hún er meiri en svo, að bankinn geti fullnægt henni, en það er engin ástæða til að áfella bankastjórnina í því tilliti. Að peningar hafa þorrið hjá bankanum svo, að takmarka hefir orðið útlán, kemur af þeirri eðlilegu ástæðu, að misæri hefir verið í landi, og þar af leiðandi erfiðleikar á verzlun manna, og sérstaklega, að peningastraumurinn frá Englandi, fyrir aðalafurðir landbúnaðarins hér á landi, hefir hætt við fjársölubannið. Þegar þessum peningastraum linti, sáu menn, að fljótt minkaði gjaldmiðill í landinu; menn hugðu fyrst, að bankinn gæti bætt úr þessu, en það var auðséð, að hann gat það ekki, og það því síður, sem hann hafði orðið að binda stofnfé sitt í lánum, sem alls ekki var hægt að segja upp, hvenær sem þurfa þótti, og þó hefði þetta getað gengið, ef verzlunarerfiðleikarnir hefðu ekki gert það að verkum, að menn gátu ekki staðið í skilum með borgun skuldanna á þeim tíma, sem þeir höfðu skuldbundið sig til. Það mun hafa verið venja, að lántakendur skuldbundu sig til að borga $^1/_{10}$ af upphæð fjárins á ári hverju, en þegar verzlunarerfiðleikarnir hófust, þá sáu þeir sér ekki fært að standa í skilum, og hefði bankinn beitt fjárnámi, þá hefði hann bætt lítið fyrir sjálfum sér, en stofnað fé landsmanna í hættu. En með því að þessi stofnun var sett til að vaka yfir hagsmunum þeirra, þá neyðist bankinn til að fara sem vægilegast í að krefja inn lánin.

Þegar þannig var komið, heyrðust margar raddir, sem vanþökkuðu bankastjórninni fyrir frammistöðuna og kölluðu hárri röddu, að hér þyrfti eitthvað við að gera. Bankastjórnin sjálf og landsstjórnin könnuðust við, að nokkurra aðgerða þyrfti við, og áveztirnir hafa verið 2 lagafrumv., sem þingið þegar hefir meðhöndlað og látið frá sér fara. Eg á við frv. um stofnun veðdeildar í sambandi við landsbankann og frv. um aukning á stofnfé landsbankans um þriðjung eða 250 000 kr.

Það er nú vitanlegt, að þessi ráð geta ekki dugað nema um takmarkaðan tíma. Þá kemur hér til þingsins tilboð frá 2 mönnum, sem treysta sér til og tjá sig fúsa til að stofna banka, er sé tryggilega útbúinn, hafi yfir meira fe að ráða og sé yfir höfuð að tala betur fær um að bæta úr peningaþörfinni, sérhverri lánkröfu landsmanna, sem er á rökum bygð, heldur en peningastofnun sú, sem vér höfum áður haft. Það er þetta tilboð, sem hér liggur fyrir í frv.formi.

Í fyrstunni var ærin óvissa um það, hvernig ætti að líta á þetta mál. Sumir hugðu, að ekki fylgdi alvara málaleitun þessari; öðrum líkaði ekki fyrirkomulagið á hinum fyrirhugaða banka og fundu ýmislegt við það að athuga, bentu á ýmsa ágalla, sem á því væru; sumir töldu það með öllu óframbærilegt, aðrir héldu því fram,

að fjárhag landsins væri stofnað í töluverða hættu og vér verða ræntir ýmsum gæðum, ef tilboði þessu væri sint. Það gengur vanalega svo í byrjuninni, að það er erfitt að átta sig á nýjungum, það þarf tíma til að kynna sér málin, til að geta skoðað þau með rósemi og sanngirni. Þann tíma hafa menn nú þegar fengið, þó málinu hafi fyrir ýms atvik verið hreyft seint hér á þinginu.

Þegar menn komust að raun um, að það mætti koma að ýmsum umbótum á frv., þá er óhætt að segja það, að menn sannfærðust um, að hér væri um mál að ræða, sem, ef vel væri á haldið, gæti orðið lyftistöng til að lyfta atvinnuvegum og atvinnubrögðum landsmanna á hærra stig en áður, að hér gat verið um hjálp að ræða, til þess að vera ekki kominn upp á útlendan peningamarkað, að hér var um stofnun að ræða, sem gat veitt lán með betri kjörum og minni erfiðleikum en sú, er vér nú höfum.

Háttv. Nd. hefir meðhöndlað þetta frv. með þeirri aðgætni og vandvirkni og með svo góðum vilja, sem á varð kosið, og svo rækilega sem tíminn leyfði, og eftir þeirri þekkingu, sem hún hafði til að bera eða hún gat aflað sér, og greiddi það mikið úr, að þeir háttvirtu herrar, sem nefndir eru í upphafi frv., hafa sýnt þann áhuga, að taka sér langa ferð á hendur yfir hafið, hingað til þessa lands, til þess að kynna sér betur ástand þessarar þjóðar, og einkum og sér í lagi til að skýra það mál, sem hér er um að ræða, og gefa þær upplýsingar, sem oss var þörf á, til þess að mynda óháða skoðun og sannfæring um málið.

Með því að málið er hér nú fyrir til 1 umr., þá hlýðir ekki að fara inn á einstök atriði, en eg efast ekki um, að háttv. þingdm. hér í deild séu ekki síður en h. Nd. fúsir á að meðhöndla það með þeirri athygli og gætni, sem hver um sig er færum, og að vér jafnframt látum það njóta þeirrar þekkingar, sem hver og einn hefir yfir að ráða. Það er mikið mein, að hér eru svo fáir, sem eðlilega geti haft verulega þekkingu á fjármálum, slíkum sem þessu og sérstaklega kemur það niður á þessari deild, sem er svo fámenn, og ekki hefir nema einum manni á að skipa, að eg ætla, sem fengist hafi við verzlun og bankamál. Við höfum því varla annað en heilbrigða skynsemi og góðan vilja, til þess að beita við þetta mál, og eg efast ekki um, að við allir höfum þennan góða vilja til að bera. Við vitum að þetta er mál, sem getur haft afarmikla þýðingu fyrir landið, og það er því skylda vor, að liggja ekki á kröftum vorum, svo í þessu máli sem öðru; ef vér í stað fáskrúðugrar og veikrar peningastofnunar gætum fengið öfluga og fjölbreytta peningastofnun, sem gæti verið óháð, þá væri fenginn heppilegur miðill milli Íslands og annara landa, sem gæti leitt fjármagn hingað frá öðrum löndum, að því leyti sem þörfin krefðist þess og viðunanleg trygging væri fyrir, og sem gæti hjálpað til þess, að koma afurðum þessa lands á erlenda markaði, til þess þær yrðu seldar á svo fjárvænlegan hátt, sem unt væri, en allir vita, að bankar hafa afarmikla þýðingu í þessu efni, og hafa reynst þýðingarmikill þáttur í hagsældar- og framfarasögu þjóðanna.

Vér erum allir fúsir að ganga að þessu verki og leysa það eins vel af hendi eins og oss er unt. En þar eru tveir þröskuldar á vegi: takmörkuð þekking og takmarkaður tími. Hvort sem tíminn er skemri eða lengri, þá vildi eg að frv. gæti borið þess ljós merki, að það hefði verið rækilega athugað, að ekki hefði verið sparað að sinna því, eftir því sem föng voru til. Vitanlega hefðum vér verið færari til að fjalla um málið, ef vér hefðum haft lengri tíma til þess að yfirvega það; vér hefðum þá getað leitað upplýsinga og frekari leiðbeininga hjá kunnugum mönnum, um líkar stofnanir annarsstaðar, í stað

þess, að nú verðum vér að taka trúanlega annara sögusögn þar um, — en nú er það fyrirmunað.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um frumv. þetta að sinni, en að lokum láta í ljósi þá von, að það taki einhverjum framförum í meðferð hjá oss, og að það megi skýrast fyrir oss, að það geti haft stóra þýðingu fyrir framfarir landsins, að vér fáum stofnun sterklega trygða, með öflugu fjármagni, eins og um er að ræða í þessu frumv.

Kristján Jónsson: Eg mun skoða mál þetta frá nokkuð öðru sjónarmiði en h. 2. kgk. (H. Sv.). Hann tók sér fyrir hendur að rekja um langt árabil sögu vora í fjárhagslegum og peningalegum efnum. Eg mun snúa máli mínu að frv. þessu, eins og mér virðist afstaða þess nú vera gagnvart þessari háttv. þingd., og eins og afstaða þess er gagnvart mér. Eg vil þá fyrst taka það fram, að frv. þetta hefir ekki gengið í gegnum hendur landsstjórnarinnar og er þó mál þetta í fylsta skilningi landsstjórnarmál. Eg hygg að eg megi fullyrða, að hæstv. landsh. hefir ekki fengið neinar leiðbeiningar eða fyrirskipanir um það frá stjórninni, hvernig hann ætti að taka í mál þetta, ef það kæmi fram hér á þinginu; og þó að formælendur málsins hafi skýrt svo frá, að málið hafi verið borið undir stjórn vora í Kaupmannahöfn, áður en það kom til þingsins, er það þó bersýnilegt, að hún hefir ekki viljað sinna því, þar sem hún lagði fyrir þingið frumv. um stofnun veðdeildar við landsbankann; það mundi hún ekki hafa gert, ef hún hefði viljað sinna þessu frumv. Eg hygg því að óhætt sé að fullyrða, að landsstjórnin hafi engin afskifti af því haft, né skapað sér neina fasta meiningu um það. Eg veit þó ekki, hvenær meiri nauðsyn er á góðum undirbúningi og viturlegum ráðum af hálfu landsstjórnarinnar, heldur en þá, þegar um það mál er að ræða, sem hefir hina mestu þýðingu fyrir öll fjármál landsins í marga áratugi, og mjög varhugavert er að ráða slíku stórmáli til lykta, áður en slíkur undirbúningur er fenginn. Þannig víkur nú málinu við, þegar litið er á þá hlið þess, sem veit að landsstjórninni. — En sé það nú þar næst skoðað frá hlið þjóðarinnar, þá er það heldur ekki ráðlegt né hyggilegt, að ráða því til lykta, án þess leitað sé álits hennar á því; en það verður ekki gert, ef málið er nú afgreitt sem lög frá þinginu. Það er pólitisk stefna nútímans, að leiða ekki stórmál sem þetta til lykta, án þess almenningi sé gefinn kostur á að segja álit sitt um það og fá að sjá, hvað hann á í húfi. Að vísu kunna menn að segja, að slíkt sé tilgangslítið, að því er þetta mál snertir, þar sem ekki sé að vænta, að margir af almenningi beri skynbragð á það; málið sé svo vaxið. En þetta er ekki rétt. Það munu fleiri vera landsmanna, utan þingdeildanna heldur en innan þeirra, sem bera skyn á það. Og það er rangt að víkja frá þeirri reglu, sem er siðferðislega og pólitiskt rétt, að gefa almenningi kost á að lýsa áliti sínu um málið, áður en það er útkljáð, hvort sem hann getur skapað sér verulega rökstutt álit um það eða ekki. Á þessu hefir almenningur ekki átt neinn kost, og mál þetta mun enn varla vera kunnugt meira en einum tíunda hluta landsmanna, svo að þeir hafi hugmynd um það, að þingið hefir nú jafn stórfengilegt mál sem þetta til meðferðar. Þessi tvö atriði o: afstaða málsins gagnvart stjórninni og afstaða þess gagnvart almenningi eða þjóðinni, valda því, að eg óska ekki að málið fái nú framgang á þessu þingi, hversu fagurt og æskilegt sem ýmsum kann að virðast það. Það er og í fullu samræmi við aðferð háttv. Nd., því að í nefndarálitinu þar var það tekið berlega fram, að ekki væri æskilegt, að málinu yrði ráðið til lykta nú á þinginu. En þrátt fyrir það

skal eg fúslega játa, að þetta er stórmerkilegt mál, og þó að skoðun mín sé sú, að ekki beri að útkljá það nú, óska eg að þessi háttv. þingd. taki það til rækilegrar meðferðar og íhugunar, og það hygg eg ekki, að háttv. þingd. geti á annan hátt en þann, að kjósa nefnd til að taka það til meðferðar, og það yrði eg að skoða sem brot á reglum þeim, sem háttv. þingd. fylgir í meðferð mála, ef nefnd yrði ekki kosin í það.

Þar næst vil eg með fáum orðum benda á nokkur atriði í frumv., sem eg álít einkanlega þurfi að athuga vandlega.

Hið fyrsta atriði, sem eg vil benda á sem mjög athugavert, er það, að í frv. er farið fram á að afsala um mjög langt árabil, eða fyrir 90 ár, seðlaútgáfuréttinum til einstakra manna eða privatfélags. Rétturinn til þess að gefa út peninga hefir ætíð verið skoðaður sem einkaréttur konungsins eða þjóðfélagsins í heild sinni. Yfir höfuð hefir útgáfuréttur peninga verið einkaréttur landsstjórnanna, sem hún hefir haft fyrir hönd ríkisfélagsins. Af þessari rót eru runnin orðin hjá oss: „konungsslátta“, „konungssteðji“ o. s. frv. Eg hygg eg megi fullyrða, að það sé ekki gert í siðuðum löndum, að afsala peningaslátturétt til privatfélaga eða privatmanna. Hjá oss er ekki um peningaslátt að tala, en bréfpeningar voru leiddir í lög hjá oss fyrir nokkurum árum. Þetta (seðlaútgáfan) er vor peningasláttur, rétturinn til að gefa út verðmiðil, sem að lögum sé gjaldgengur sem gull- og silfurpeningar innanlands; og það er þessi réttur, sem mér virðist varhugavert að afsala sér fyrir marga áratugi. Eg hygg, að það sé nú ekki gert í neinu siðuðu landi, að gefa privatfélagi einkarétt til peningagerðar, og eg hygg, að hvergi sé nú á tímum gefinn privatfélagi einkaréttur til seðlaútgáfu; eg hygg að sú skoðun sé á síðari tímum búin að ryðja sér til rúms, að það sé ekki hyggilegt né rétt, að gera slíkt. Mér virðist það því mjög varhugavert í frumvarpi þessu, að afhenda þennan rétt til privatfélags um mjög langt árabil. Að vísu eru þau takmörk sett í 21. gr. frv., að landssjóður getur keypt aftur réttinn af bankafélaginu, en hvernig þetta ákvæði muni reynast á sínum tíma, einhvern tíma í framtíðinni, er alveg óvíst, og þarf það einnig mjög rækilegrar íhugunar.

Annað atriði, sem þarf athugunar, eru þau ákvæði í 1. gr. frumv., að landssjóður gerist hluthafi í félaginu með 2 milj. kr. Þetta er vafalaust sett inn sem aðalskilyrði fyrir því, að fyrirtæki þetta geti á nokkurn hátt kallast íslenzkt. En þá verður manni fyrir að spyrja: Hvaðan á landssjóður að taka þessar 2 miljónir? Og svarið getur ekki orðið annað en það, að hann verður að taka þær til láns. En þá hlýtur maður enn fremur að spyrja: Hvar getur hann fengið þessa peninga til láns, og með hvaða kjörum mun hann geta fengið þá? Hér er stórmerkilegt atriði, sem eftir mínu áliti er ekki nægilega rannsakað og athugað; og þar sem þetta er atriði, sem aldrei hefir áður komið fyrir í landsstjórnarsögu vorri, nfl. spurningin um það, að landið eða landssjóður fari að taka stórfé að láni, er sérstök ástæða til að rannsaka og athuga það ítarlega og vandlega.

Í þriðja lagi virðast mér ákvæði frv. þessa, um afstöðu hins fyrirhugaða banka við landsbankann, eigi vera nægilega glögg og yfirgripsmikil. Eg get ekki fundið í frumv. ákvæði um það, hvernig fara skuli með sparisjóðsfé, sem nú er $^2/_3$ hlutar alls þess fjár, sem landsbankinn hefir yfir að ráða. Eg get ekki betur séð, en að nauðsyn beri til að setja einhverjar ákvarðanir um, hvort hinn nýi banki skuli taka að sér stjórn þessarar sparisjóðsdeildar, eða hún á að verða sérstök stofnun. Það er og annað fé, sem landsbankinn hefir nú til umráða, en sem hann á ekki; það er varasjóður sparisjóðs

Reykjavíkur. Þótt fé þetta sé ekki mikið, c. 11000 kr., þá þarf þó einhver ákvæði um, hvernig fara skuli með fé þetta. Loks vantar ákvæði í frumv. um, hvernig fara skuli með lög 18. sept 1885 um stofnun landsbanka, ef frumv. yrði að lögum. Þau eru ekki með berum orðum numin úr gildi í frumv., og gæti því orðið vafasamt, hver ákvæði þeirra bæri að skoða fallin úr gildi með lögum þessum og hver ekki.

Þetta eru í stuttu máli ástæður þær, er valda því, að eg get ekki álitið það neitt vafamál, að nefnd beri að kjósa til þess að íhuga frumv., enda þótt það hafi fengið allrækilega meðferð í h. Nd.

Og úr því að ekki hafa fleiri óskað að tala í málinu, vil eg leyfa mér að stinga upp á því, að þriggja manna nefnd sé kosin.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Hallgrímur Sveinsson	með	9	atkv.
Kristján Jónsson	—	9	—
Jón Jakobsson	—	9	—
Þorleifur Jónsson	—	9	—
Sigurður Jensson	—	8	—

1. umr. frestað.

Þingsályktunartillaga um stofnun hlutafélagsbanka.

TILLAGA til þingsályktunar um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi (C. 564); ein umr., 26. ágúst.

Flutningsmaður (Hallgrímur Sveinsson): Eg þarf ekki að vera langorður um till. þessa, því að þær röksemdir, sem hún byggist á, felast í nefndaráliti því, sem útbýtt var í gær hér í deildinni. Ef tími hefði verið til þess, þá mundi það mál, sem hér er um að ræða, hafa verið tekið hér til fullrar meðferðar til 1., 2. og 3. umr.; en þar sem það ekki hefir átt sér stað, þá var ekki annar vegur opinn, að svo miklu leyti sem ekki skyldi sleppa því alveg eða láta það falla, en að skora á stjórnina, að halda því vakandi og leggja fyrir alþingi frumv. eins og þetta, svo fljótt sem kostur er á, eftir nauðsynlegan undirbúning. Það mætti segja, að það gæti komið á næsta þingi fyrir tilhlutun einstakra manna; en það álítum við óheppilegt; við vildum að það kæmi frá stjórninni. Við sáum á frumv. um veðdeildina, að það var mjög gott, af því að það var meðhöndlað í ró og næði af stjórninni, og frumv. bar það með sér, að það hafði fengið ítarlegan og rækilegan undirbúning í öllum greinum. Afleiðingin af því var sú, að þingið þurfti næsta lítið við það að gera. Það var sá mikli munur á því og þessu frumv. um hlutafélagsbankann, að þingið vissi, að stjórnin var því hlynt, og að hún hafði leitað sér svo mikilla upplýsinga um það mál, að ekki var að óttast, að í því væri neitt verulegt atriði. sem ekki hefði verið tekið til greina og vandlega athugað. Þess vegna hefir þingið samþykt það frumv. hér um bil eins og það kom frá stjórninni. En þessu er ekki eins varið með frumvarpið um hlutafélagsbankann. Stjórnin hefir ekki fjallað um það, og þess vegna veit þingið ekki, hvort það er samkvæmt því, sem stjórninni þykir bezt fara. Það er þetta, sem frumv. skortir á, og þetta er það hagræði, sem við viljum útvega þessu frumv. á næsta þingi. Þessi tillaga fer því fram á, að stjórnin athugi frumv. grandgæfilega, og fari nú svo, að stjórnin álíti að frv. þetta gangi í heppilega stefnu og vilji aðhyllast það, þá fer till. fram á, að skora á stjórnina, að hún leggi fyrir næsta þing slíkt frumv., annaðhvort eins og þetta frumv. eða þá annað frumv., sem í öllum verulegum atriðum geti fullnægt sömu kröfum, þó svo, að fyrirbygt sé, að nokk-

ur miður heppileg ákvæði geti slæðst inn í það.

Enn fremur fer till. þessi fram á, að stjórnin ekki einungis leggi slíkt frumv. fyrir þingið, heldur einnig að hún geri það svo fljótt, sem kostur er á. Með þessum orðum leggur till. áherzlu á, að þetta sé það mál, sem æskilegt væri að ekki þyrfti lengi að bíða, enda er sennilegt, að það þurfi ekki að bíða lengi. Ástandið hér hjá oss í fjárhagslegu tilliti er svo vaxið, að eg hugsa helzt, að umbætur á fjárhagsmálum vorum megi ekki lengi bíða. Að vísu vonum vér, að ekki reki til vandræða fyrst um sinn, og að vér getum með nokkurum erfiðleikum bjargast við þær peningastofnanir, sem vér nú höfum, í bráðina. En þó hygg eg, að að því muni reka, að vér þörfnumst sterkari peningastofnunar, sem bygð sé á tryggari grundvelli en sú peningastofnun, er vér nú höfum. Þess vegna óskum vér, að stjórnin hlutist til um, að gerðar séu tilraunir í þá átt, svo fljótt sem auðið er.

Það hefir í þessu efni meðfram vakað fyrir nefndinni, að þar sem forgöngumenn þessarar fyrirhuguðu peningastofnunar létu fullkomlega á sér heyra, að þótt þeir nú ættu vísan nægilegan fjárafla, þá væru þeir ekki vissir um, að svo yrði eftir skemri eða lengri tíma.

Það hefir komið til orða, að skifta atkvæðagreiðslunni á till. þessari þannig, að borin séu sérstaklega upp til atkvæðagreiðslu orðin „svo fljótt sem kostur er á“, þar sem þau gætu skilist á fleiri en einn veg. Ef till. þessi hefði verið orðuð þannig, að stjórnin legði slíkt frumvarp fyrir næsta þing þá hefði verið miðað við alþingi, sem kemur saman eftir tvö ár, og þá hefði þetta mikilsvarðandi mál hlotið að bíða tvö ár til. En ef sagt hefði verið fyrir næsta þing, þá gat í því legið bending um, að landshöfðingi hafði hreyft því í h. Nd., að stjórnin kynni ef til vill að álíta þetta svo mikilsvarðandi mál, að henni þætti ástæða til að stofna til aukaþings næsta á. Væri nú svo, að stjórninni þætti frumv. svo mikils virði, að hún fyndi ástæðu til að haldið væri aukaþing næsta ár, þá er eg viss um, að bæði þessi deild og h. Nd., og landsmenn yfir höfuð, mundu verða því fylgjandi, og þætti það ekki misráðið, þótt nokkur kostnaður yrði því samfara, því að með því yrði greitt fyrir framgangi málsins um heilt ár. Vitanlega mundi það hafa töluverðan kostnað í för með sér, að halda aukaþing; en ef að eins væri fjallað um þetta eina mál, þá yrði það stutt þingseta.

Eg verð að líta svo á kostnaðinn við þetta aukaþing, að vel sé til þess vinnandi, þótt hann yrði 20,000 kr., ef við það ynnist, að vér fengjum 1—2 árum fyr en ella hagkvæma peningastofnun, sem greitt geti úr peningaviðskiftum landsmanna og orðið til þess að efla framfarir alls landsins yfir höfuð. Þessi orð: „svo fljótt sem kostur er á“ vildum við setja í till. til þess að útiloka ekki aukaþing, ef stjórninni þætti frumv. vel til þess fallið, að verða leitt í lög sem fyrst.

Ef staðið hefði í till. „fyrir næsta þing“, þá var það óákveðið; en hins vegar vildum við till.mennirnir ekki nefna beinlínis aukaþing, til þess að leggja ekki neitt band á stjórnina eða þvinga hana, ef henni þætti frumv. ónauðsynlegt eða jafnvel skaðlegt.

Eg hefi þá leitast við að skýra fyrir háttv. deild, hver hugsun felist í tillögu þessari, og verð eg fyrir nefndarinnar hönd að óska þess, að háttv. deild samþykki till. þessa eins og hún nú er orðuð, án þess að fella burtu hin 6 síðustu orð hennar.

Kristján Jónsson: Háttv. ræðumaður, sem síðast talaði (H. Sv.), átti kollgátuna, þar sem hann gat þess til, að bak við till. mína um skifting atkvæðagreiðslunnar

lægi önnur till., nfl. sú, að fella burtu orðin í niðurlagi þingsályktunar-tillögunnar: „Svo fljótt, sem kostur er á“. Því að jafnframt og eg legg það til, að fyrri hluti till. verði samþ., legg eg það einnig til, að síðasta ákvæði hennar verði felt, og verð eg nú að færa einhverjar ástæður fyrir þessari till. minni.

Eins og sjá má á því, að eg hefi skrifað undir nefndarálitið, er eg yfir höfuð samþykkur stefnu frv. og aðalákvæðum þess. Eg hygg, að það feli í sér þá réttarbót, sem geti orðið til ærinna hagsmuna fyrir landið. En samt sem áður álít eg svo margt athugavert við það, að ekki sé ástæða til að flýta því fremur venju eða að reka eftir landstjórninni með að koma því í framkvæmd.

Málið hefir á þinginu mestmegnis verið athugað og skoðað að því er hið tekniska fyrirkomulag og stjórn bankans snertir, og þó ekki hafi verið völ á sérlega bankafróðum mönnum til þess, þá vænti eg þess þó, að þessi athugun hafi verið rækileg og eftir atvikum fullnægjandi, því að mest er í það varið, að hún hafi stuðst við heilbrigða skynsemi; heilbrigð skynsemi og greind hefir meiri þýðingu fyrir þetta mál, eins og öll mál yfir höfuð, heldur en teknisk þekking, þó mikið sé í hana varið. En það er önnur hlið þessa máls, sem ekki hefir verið athuguð jafnrækilega, nfl. sú hlið þess, sem snýr að þjóðfélaginu yfir höfuð, en það er: hvernig bankastofnun, sem þessi fyrirhugaða, muni reynast hér á landi, hvernig hún muni verka fyrir almenning, og hver áhrif hún muni hafa á þjóðarhag vorn —

Eg held, að þeir séu fáir, sem hafa reynt að gera sér það ljóst, hernig landið muni bera svo lagaða bankastofnun; hvaða áhrif hún muni hafa á atvinnuvegi landsins eða hvernig hún alment muni verða notuð. Það er þessi hlið, sem eg held að ekki hafi enn verið athuguð að neinu verulegu ráði, og meðan þessi hlið málsins ekki hefir verið athuguð betur, og meðan málið horfir svo við, að örðugt er að spá, hvernig verkanir þessarar stofnunar verði á þjóðarhag vorn og hvort þjóðin muni geta borið hana, og meðan þessi atriði eru almenningi ekki nokkurn veginn ljós, sé eg ekki ástæðu til, að því sé farið fram, að máli þessu sé flýtt frekar en öðrum áhugamálum og stórmálum þessa lands. Eg álít þess vegna ekki rétt að gefa stjórninni það undir fótinn, að hún skuli neyta sérstaklegra ráða til þess að flýta fyrir framgangi þessa mikilvæga máls.

Eins og háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) skýrði frá, þá hefir sú hugsun vakað fyrir forgöngumönnum þessa máls, að aukaþing kynni að verða haldið næsta ár. En eg álít ekki rétt, að sú hugsun sé látin koma fram í þingsályktunartillögunni, að þingið ætlist til, að aukaþing verði haldið til þess, að hrinda þessu máli áfram eða flýta fyrir því. Það getur verið, að það megi skilja hin síðustu orð tillögunnar: „svo fljótt, sem kostur er á“, á aðra leið; en eg verð samt að ætla, að eins og nú stendur á, þá megi einnig beint skilja þau á þessa leið, að þingið ætlist til, að aukaþing verði haldið, til að ráða málinu til lykta. Þetta hefir orðið að umræðuefni hér á þingi í sumar, og eg get vel búist við því, og tel enda víst, að þeir menn, sem hafa gerst forgöngumenn þessa máls utanþings, og sem áreiðanlega hafa í huga að fylgja málinu fram með talsverðum áhuga, muni sjálfir skilja þessi orð svo, og túlki þau fyrir stjórn vorri í Kaupmannahöfn á þennan veg; enda eiga þeir hægt með það, ef það ekki kemur í bága við skjöl þau, sem stjórnin fær héðan um málið, nfl. frv., nefndarálitið og till. — Eg ber kvíðboga fyrir því, að forgöngumenn þessa máls, sem mér er kunnugt um að hafa mjög mikinn áhuga á að flýta fyrir framkvæmd þess, noti niðurlagsákvæðið í till. til þess að sannfæra stjórnina um, að það sé ótvíræður vilji þingsins, að aukaþing verði kallað

saman nú þegar á útmánuðum næsta vetur, til þess að útkljá þetta mál. Þetta álít eg ekki heppilegt. Mín skoðun er sú, að þessi síðustu orð till. geti orðið til þess að málinu verði hraðað um of, en eg vil að ekkert komi fram í ályktuninni, sem geti skilist á þá leið. Þess vegna legg eg það til, að síðustu orð tillögunnar: „svo fljótt sem kostur er á“, verði feld burt.

Eg efast ekki um, að stjórnin flýti fyrir þessu máli eins og kostur er á, þótt þetta síðasta ákvæði till. standi ekki í henni, það er: eins þótt það verði felt í burtu. — Mér þykir það mjög varhugavert, að þingið reyni til að setja pressu á stjórnina í þessu máli, meðan það er eigi betur íhugað og rannsakað en gjört hefir verið. Ef landsstjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa athugað og rannsakað þetta mál vandlega, að það sé svo mikils varðandi, gagnlegt og nauðsynlegt mál, að flýta verði sem mest fyrir framgangi þess, þá efast eg ekki um, að hún taki upp hjá sjálfri sér, að nota þau stjórnskipulegu meðul, sem hún hefir til umráða, til þess að flýta sem mest fyrir því.

Landshöfðingi: Það er aðeins stutt athugasemd, sem eg vildi, gera í tilefni af orðum háttv. framsm. (H. Sv.). Þar sem hann gat þess í ræðu sinni, að eg hefði látið þau orð falla í háttv. Nd., þegar þetta mál var þar til umr., að hugsanlegt væri að kvatt yrði til aukaþings í tilefni af frv. því, er hér er til umr. þá skal eg geta þess, að þessi orð voru töluð í sambandi við það, að stjórninni fyndist málið svo mikilsvert í sjálfu sér, og í annan stað, að ástæður þær, er að málinu lægju, væru svo vaxnar, að málið mætti ekki bíða í tvö ár eða til næsta reglulegs þings, væri þannig ástatt, þá sagði eg að stjórninni væri það innan handar, að kveðja til aukaþings. Það var alls ekki meining mín á nokkurn hátt að vilja styrkja að því, að aukaþing yrði haldið, heldur vildi eg að eins taka það fram, að þá fyrst væri ástæða til þess, ef stjórninni fyrst og fremst fyndist málið þess vert og í öðru lagi að það gæti ekki beðið; en hvort stjórninni sýnast báðar þessar ástæður vera fyrir hendi er ekki hægt fyrir okkur að segja neitt um, og af þeirri ástæðu finst mér einnig réttast að fella þessi orð burtu.

Flutningsmaður (Hallgrímur Sveinsson): Það er fjarri mér, að vilja gera þetta að nokkuru kappsmáli, en mér getur ekki annað fundist, en að till. verði nokkuð stuttaraleg, ef þessum orðum er slept, án þess nokkuð sé sett í staðinn. Mér finst tillagan bera það með sér, að einhverju hafi verið slept aftan af henni. Annað mál væri það, ef það stæði: fyrir næsta reglulegt þing, eða eitthvað því um líkt, en eftir því sem till. yrði orðuð eftir breytingaruppástungu h. 3. kgk. (K. J.), þá verður ekki séð, hvort þingið ætlist til, að þetta mál verði lagt fyrir næsta þing, eða kannske ekki fyr en eftir 4—5 ár.

Eins og eg tók fram, þá var það alls ekki meining mín eða nefndarinnar, að vilja leggja neina þvingun eða pressu á stjórnina með þessum orðum, heldur var tilgangurinn einungis sá, að gefa það í skyn, að þingið óskaði að þessu máli yrði heldur flýtt. Vitanlega getur eitt ár haft fjarskamikla þýðingu og þess vegna stendur engan veginn á sama um, hvort málið kemur aftur fyrir eftir eitt ár eða tvö, eða jafnvel ekki fyr en eftir 4 eða 6 ár.

Yfirlýsing hæstv. landsh. í h. Nd. hafði eg skilið á sama hátt og hæstv. landsh. nú skýrði frá að hún hefði verið, nfl. að hún var gefin með þessum fyrirvara, að stjórnin bæði áliti málið mjög mikilsvert og hins vegar að málið sjálft væri þannig vaxið að það mætti ekki bíða. Séu bæði þessi atriði eftir skoðun stjórnarinnar til staðar, og ef hún álítur hlutabankafrv. gott og hagvænlegt fyrir landið, þá mun hún ekki horfa í að kveðja til aukaþings, og það því fremur, sem landsh. í tillögum

sínum til stjórnarinnar mun drepa á, að þetta hafi komið til tals. Eg tek það upp aftur, að eg vil ekki gera þetta að neinu kappsmáli, en vildi þó heldur að það stæði, því eg get ekki séð, að þessi orð leggi neina þvingun á stjórnina. Sé stjórnin þeirrar skoðunar, að það hafi ekki svo mikla þýðingu, hvort þetta mál verður til lykta leitt ári fyr eða síðar, þá get eg ekki ímyndað mér, að hún finni sig neitt frekar knúða til þess vegna þessara orða.

Kristján Jónsson: Eg get ekki séð neitt snubbótt við tillöguna, þó þessi orð, sem verið er að ræða um, séu feld aftan af henni. Málið er ljóst og glögt. Það er skorað á stjórnina, að leggja frumv. fyrir alþingi, slíkt sem frumv. það er, sem þingið hefir haft til meðferðar um stofnun hlutafélagsbanka, ef hún álítur frumv. eftir stefnu þess og meginákvæðum vel til þess fallið að verða að lögum, og er þá auðvitað með því átt við, að stjórnin leggi frumv. undir eins fyrir þingið, eftir að það hefir fengið nauðsynlegan undirbúning. Eg væri alls ekki hræddur við niðurlagsorð þingsál.till., ef eg vissi það, að enginn annar en hæstv. landsh. mundi fjalla um hana, bera hana fram, skýra hana og þýða, en það eru aðrir menn en hann, og það menn, sem fyr ná fundi stjórnarinnar en hann, sem munu túlka tillöguna fyrir stjórn vorri í Höfn, og eg vona að allir sjái, að það er hægt að skilja þessi orð till. á þann veg, sem við ekki óskum, eða sem eg að minsta kosti álít að ekki megi skilja þau. Verði þessi orð nú túlkuð á þann veg, áður en landshöfðingi fær ráðrúm til að tjá stjórninni sína skoðun, þá er verr farið. Eg held þessi skoðun mín sé í verunni drýgri og farsælli en skoðun háttv. 2. kgk. (H. Sv.), og vona því að hann aðhyllist hana og verði því samþykkur, að fella þessi 5 óþarfaorð aftan af till.

Flutningsm.(Hallgr. Sveinsson): Svo slæmt sem mér þykir það, þá verð eg þó að vera á annari skoðun en h. sessunautur minn (Kr. J.). Mér finst hann gera ráð fyrir því, að stjórnin sé eins og reyr af vindi skekinn, sem láti beygja sig svo djúpt af þeim fyrsta vindblæ, sem andar á hana, að hún geti ekki rétt sig við aftur. Það finst mér vera að ætla stjórninni ofmikla fljótfærni, að hún láti binda sig fastmælum áður en hún hefir fengið skýrslu umboðsmanns síns. Mér dettur ekki í hug að ætla, að stjórnin segi sem svo, að úr því þingið kvað hafa orðað tillöguna þannig, þá er svo sem sjálfsagt að halda aukaþing. Eg hugsa miklu fremur að stjórnin muni segja: Við skulum sjá hvað setur; en eg ætla nú fyrst að heyra tillögur umboðsmanns míns í þessu máli. Bezt get eg ímyndað mér, að þá er hinir væntanlegu bankastofnendur við heimkomu sína fara á fund ráðherrans og flytja mál sitt, þá fái þeir svör á þessa leið: Góðir herrar; eg get ekki bundið þetta neinum fastmælum nú; en við getum talað um það seinna, þegar eg hefi heyrt tillögur umboðsmanns míns á Íslandi; komið þið til mín aftur í haust, í nóvember eða desember, þá getum við talað ítarlegar um málið. Það væri undarlegt, ef sá fjörkippur alt í einu nú færðist í stjórnina, að henni héldi engin bönd. Eg get ekki hugsað annað en að stjórnin með aðgætni, rólega og stillilega, hlusti fyrst og fremst á þá, sem þetta er áhugamál að komist áfram, og eins á hina, sem vilja viðhafa alla varfærni, og mér getur því ekki skilist, að hér sé um neina áhættu að tala, þótt þessi orð séu látin standa. Annars skal eg geta þess, að þau eru ekki 5 að tölu, eins og eg áðan mun hafa sagt, heldur 6.

ATKVÆÐAGR.: Fyrri liður málsgr. samþ. í e. hlj., seinni liður málsgr. (orðin: svo fljótt sem kostur er á) samþ. með 6 : 3 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr. Till. í heild sinni samþ. í e. hlj.

Varúðarreglur gegn ósútuðum húðum.

FRUMVARP til laga um varúðarreglur gegn innflutningi á ósútuðum húðum (C. 470); 1. umr., 19. ágúst.

Landshöfðingi: Eins og háttv. þingdm. sjálfsagt mun vera kunnugt, eru nú til lög frá 11. des. 1891, einmitt um sama efni og frumv. það hljóðar um, er nú liggur hér fyrir. Í þeim lögum er stjórninni veitt heimild til að setja reglur til að varna drepsóttum og öðrum illum afleiðingum af innflutningi ósútaðra húða; en stjórnin hefir ekki treyst sér til að semja neinar reglur um þetta efni, sérstaklega vegna þess, að ekki er hægt að hafa eftirlit með, að þeim væri hlýtt. Stjórnin hefir litið svo á málið, að ef alveg eigi að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar af innflutningi ósútaðra húða, þá sé ekki annað að gera en að banna algerlega að flytja þær til landsins. Þetta frumv., sem hér liggur fyrir og samþ. hefir verið af háttv. Nd., fer ekki fram á meira en lögin frá 11. des. 1891, nema að því leyti sem það heimilar stjórninni að banna innflutning á ósútuðum húðum til einhvers héraðs, ef sýslunefnd eða bæjarstjórn óskar þess, en það ákvæði er til lítils gagns, því að þótt bannað sé að flytja inn ósútaðar húðir í einhverja sýslu, þá geta menn úr þeirri sýslu keypt þær í öðrum héruðum, og er ómögulegt að hafa eftirlit með því. Eg verð því að vera sömu skoðunar, sem eg hefi verið, að eina ráðið sé, að banna alveg innflutning á slíkum húðum til landsins; en margir hafa á móti því, vegna þess, að svo mikill hörgull verði þá á skæðaskinni, að menn verði í vandræðum.

Eg hefi enga trú á, að fyrirskipanir um sótthreinsun og auðkenning sótthreinsaðra húða hafi nokkura þýðingu, vegna þess, að ómögulegt er að hafa eftirlit með, að þeim fyrirskipunum verði hlýtt. Það er hætt við, að setja megi merki á óhreinsaðar húðir, eins og þær, sem hreinsaðar eru. Eg er hræddur um, að þessi lög verði fremur pappírslög, eins og ýms önnur lög, þannig, að hættan, sem á að sporna við, verði jöfn eftir sem áður.

Jónas Jónassen: Eins og öllum mun kunnugt, kemur hér einstaka sinnum miltisbrandur, sem drepur skepnur, og er ljóslega sannað, að hann kemur oftast frá útlöndum með ósútuðum húðum. Þegar litið er til þess, hver ógrynni flytjast hingað af þessum húðum, þá er mesta furða, hve sjaldan þetta ber við. Ef bannað væri algerlega að flytja inn húðir frá útlöndum, mundi hér verða mestu vandræði með skæðaskinn, menn yrðu að ganga berfættir eða á stígvélum eða klossum. En á hinn bóginn, ef þetta frumv. væri samþykt, þá yrði það óumflýjanlega versta pappírsgagn, af því að það er ómögulegt að hafa eftirlit með, að fyrirmælum þess yrði hlýtt. Og ef fara ætti að sótthreinsa húðirnar, mundi skæðaskinn verða feykilega dýrt. Og svo er enn eitt, sem háttv. þingdm. er ef til vill ekki ljóst: hvernig ætti að fara að hreinsa húðirnar? Það dugar ekki að leggja þær í sjó eða vatn. Ef menn vilja ná úr þeim allri sóttkveikju, þá er hætt við að það verði ekki hægt, nema með því að skemma húðirnar. Ef þær væru hreinsaðar með meðulum, sem ekki skemma þær, þá yrði það ákaflega dýrt, að setja þessar stóru húðir, grjótharðar, sem vega ein 15 pund, ofan í ílát og hella þar yfir meðalinu, eða láta þær liggja í leginum. Og það væru skárri ósköpin, sem þyrftu til þess, að hreinsa öll þau ósköp, sem flytjast hingað, og það ekki á einn stað, heldur á hverja höfn á landinu. Það yrði ómögulegt í framkvæmdinni, alveg ómögulegt, og það þýðir ekkert, að vera að ræða frumv. þetta, því það er alveg þýðingarlaust; það kemur ekki að neinu gagni. Það þyrfti líka að hafa mann á hverri höfn til að sótthreinsa,

því það er mikill vandi að sótthreinsa svo, að ekki felist sóttkveikja í húðinni. Í annan stað er líka leiðinlegt, að vera að sótthreinsa allar húðirnar, því að sóttkveikja er þó ekki í þeim öllum. En eg vil leggja aðaláherzluna á það, að á miltisbrandi mundi bera hér alveg eftir sem áður, þótt frumv. yrði samþykt, vegna þess að ómögulegt er að hafa eftirlit með að fyrirmælum þess yrði hlýtt.

Landshöfðingi: Eg skal geta þess, að dýralæknirinn hér í bænum hefir látið í ljósi, að bezt mundi að sótthreinsa húðir þessar með sublimat-blöndu, en það er mjög eitrað og því hættulegt í meðferðinni. Og auk þess, að vandfarið er með það, er það líka seinlegt, þar sem húðirnar yrðu að liggja í því alt að 12 tímum. Eftir því, sem dýralæknirinn sagði, má líka brúka annað meðal, eg má segja það heiti klórkalksblanda, en það kvað ekki vera eins tryggilegt. Að öðru leyti skal eg leyfa mér að taka það upp aftur, að ef menn vilja girða fyrir miltisbrandinn, þá eru ekki önnur ráð til þess en að banna algerlega innflutning hinna ósútuðu húða.

Jónas Jónassen: Eg skal geta þess, út af orðum hæstv. landsh., að sublimatblanda er meðal, sem er alveg óleyfilegt að almenningur hafi um hönd, nema eftir læknisráði. Það verður að blanda það mjög nákvæmlega, og ef sá maður, sem með það fer, hefir sprungu á höndunum, þá er þetta baneitraður vökvi, sem getur verið mjög hættulegur. Klórkalksblanda er vökvi, sem ekki er lífshættulegur, en það er engin trygging fyrir, að það drepi alla sóttkveikju, sem í húðunum kann að felast. Svo það er svo mörgum vandkvæðum bundið, að framkvæma þetta frumv., að eg álít réttast að fella það.

ATKVÆÐAGR.: Frv. felt frá 2. umr. með 5 : 5 atkv.

Sala á laxveiði undan Valdastöðum.

FRUMVARP til laga um sölu á laxveiði í Laxá í Kjós, er heyrir þjóðjörðinni Valdastöðum til (C. 279); 1. umr., 9. ágúst.

Flutningsmaður (Hallgrímur Sveinsson): Eins og kunnugt er, var þetta mál upphaflega borið fram hér í deildinni af h. 6. kgk. (Þ. B.). Þegar þetta frumv. var hér fyrst tekið á dagskrá, var það eftir ósk hans tekið út af dagskránni, til þess að hann gæti lagt fram frekari skýringar málinu viðvíkjandi, sem hann einmitt beið eftir og átti von á á hverri stundinni; og þegar það svo aftur var tekið á dagskrá, vildi svo óheppilega til, að flutningsmaður þess var orðinn sjúkur, og varð því enn af nýju að taka það út af dagskrá.

Af því að eg vissi, að mál þetta var honum töluvert áhugamál, og hann hafði talað við mig um það, svo að eg var orðinn málinu nokkuð kunnugur, þá hefi eg gerst flutningsmaður að því, til þess að gangur þess í þinginu ekki heftist.

Málið er ofur-einfalt, eins og menn geta séð, að eins heimildarlög, sem heimila ráðgjafanum að selja laxveiði þá í Laxá í Kjós, sem heyrir þjóðjörðinni Valdastöðum til, fyrir að minsta kosti 4000 kr., og í 2. gr. er landshöfðingja falið að gera þær ráðstafanir, er með þarf um sölu á veiðinni.

Ástæðan til, að farið er fram á þetta, er samhuga ósk þeirra manna, sem eiga laxveiði í Laxá í Kjós og Bugðu. Veiðin í þessum ám hefir gefið af sér mikinn arð áður fyrri, svo að hann mun jafnvel hafa numið 2000 kr., eða ef til vill meiru í góðum árum. En á þessu hefir orðið töluverð breyting á síðari árum, laxveiðin hefir minkað stórkostlega, og kenna ýmsir ýmsu um. Í þessum ám hefir ýmist verið við höfð stangaveiði eða netaveiði, og loks hefir fyrir framan árósana verið notuð

síðari árin svo kölluð kálfanót, og hefir þótt bregða svo við síðan, að veiðinni hefir hnignað, svo að miklu munar.

Aftur hefir það verið um sum ár, þegar þeir, sem veiðina áttu, komu sér saman um, að leigja veiðina útlendingum, að þá hefir að eins verið veitt í ánum með stöng; eigendurnir eru sannfærðir um, að þetta er til þess að varðveita veiðina fyrir spillingu, og þykjast þeir hafa fengið reynsluna fyrir, að svo sé.

Þegar stöng er notuð til veiðanna og ekkert annað, veiðist tiltölulega fátt af laxinum, á móts við það, þegar netaveiði er stunduð af kappi; meiri hluti laxins hefir frjálsa rás eftir eðlisfari sínu, til að leita upp árnar og niður aftur til sjávar, óhindraður af netum eða öðrum veiðivélum. Þegar þannig fer, og enginn bregzt úr leik með að beita öðru en stöng til veiða, þá hlýtur mikið af ungviði að alast upp og þroskast, og leita aftur til ánna næsta ár, eftir þeirri trú manna, sem líklegast er á rökum bygð, að lax leiti æ þangað aftur, sem hann er upp alinn. Á þennan hátt hefir laxinn aukist verulega, en samt hefir viðkoman ekki vaxið eins mikið og skyldi. Því að þótt veiðin hafi verið leigð útlendingum um vissan tíma, og þeir hafi eingöngu stundað hana með stöng, þá hafa þó net einatt verið brúkuð við veiðina á eftir sama ár; af þessu stafar, að viðkoman er ekki eins mikil og við mætti búast, og hún gæti verið, ef netaveiði væri ekki beitt, heldur eingöngu stangaveiði. En yfir höfuð hefir sú raun á orðið, að erfitt hefir veitt, að koma sér saman um veiðiaðferðina. Eins og eðlilegt er, þóttust þeir, sem ofar búa, fá þungar búsifjár af þeim, sem neðar búa við ána, og hafa kent þeim um, að þeir veiddu svo mikið, að ekkert væri eftir handa þeim, þar sem þeir hefðu net í hverjum veiðihyl, alt í frá árósum, og á þann hátt gæti veiðin eyðilagst. Því að þess eru dæmi, að veiðin hefir í góðum veiðiám annaðhvort algerlega horfið eða þorrið að miklum mun. Í þessum vandræðum hafa eigendur og notendur veiðinnar í Laxá og Bugðu leitað til þingsins með þeirri ósk, að það gæfi heimild til, að veiðin, sem tilheyrir þjóðjörðinni Valdastöðum, sem er $^1/_6$ af veiðinni í Laxá, verði seld fyrir ákveðið verð; og ef sú heimild fengi staðfestingu, þá hafa þeir hugsað sér, að bjóða einhverjum alla veiðina til kaups. Þeir privatmenn, sem hér eiga hlut að máli, hafa komið sér saman um þetta, og að því er snertir það prestakall, Reynivallaprestakall, sem á nokkuð í laxveiðinni, þá hafa viðkomendur hugsað sér, að fást mætti með konungsúrskurði leyfi til, að selja veiðina undan því, svo að öll veiðin gæti orðið seld, ef til vill fyrir töluvert fé, svo mikið, að muna mundi miklu meir en þeim arði, er laxveiðin nú eða jafnvel nokkurn tíma áður hefir af sér gefið.

Eg skal ekki fara út í það hér, hversu heppilegt það sé í sjálfu sér, að selja veiðirétt undan vissum jörðum; eg skal heldur ekki fara út í það, hvort heppilegt sé, að sæta færi til þess, að selja veiðina útlendingum. Það er kunnugt, að í h. Nd. er á ferðinni frumv. um, að takmarka eða jafnvel banna, að útlendir menn eignist jarðeignir hér á landi. — Nú er það sjálfsagt, að farið sé eftir landslögum, er gilda á hverjum tíma, og yrðu lögin samþ., sem h. Nd. hefir til meðferðar nú, þá mundi það aldrei komast til framkvæmda, er þessi lög leyfa, sem hér er um að ræða. Það yrði þá að sjálfsögðu að laga sig eftir hinum. Eg get því ekki hugsað mér, að þetta geti komið til greina sem mótbára gegn þessu frumv., því að það er sjálfsagt, að veiðin verður ekki útlendum mönnum seld, ef þeim er með lögum bannað að eignast jarðeignir eða landsnytjar á landi hér. Eg get ekki séð, að neinn háski stafi af lögum þessum að neinu leyti, þar sem það eru að eins

heimildarlög fyrir stjórnina, hún mundi því gæta þess, er gæta ber, en það gæti orðið til mikils hagnaðar fyrir alla, að selja veiðina fyrir mikið verð, sem hefir reynst stundum að vísu arðsöm eign, stundum aftur arðlítil eða arðlaus og yfir höfuð að tala stopul eign. Mér finst því vera mikil ástæða fyrir þingið, að taka óskir þessara manna til greina, og það því fremur, sem ekki eingöngu allir eigendur veiðinnar óska þessa, eins og skjal það ber með sér, sem þeir hafa sent til þingsins um þetta efni, og eg mun leggja fram til sýnis, heldur einnig ábúandi Valdastaða.

Með þessum athugasemdum vil eg leyfa mér að óska þess, að h. þingd. lofi málinu að ganga til 2. umr. og svo áfram sína leið.

Júlíus Havsteen: Eg vil að eins leyfa mér að skjóta því til h. flutningsm., hvort ekki sé ástæða til að setja inn í frumv. ákvæði um, að salan sé bundin því skilyrði, að ábúandi sé henni samþykkur. *(Hallgr. Sveinsson:* Það stendur hér svart á hvítu, að hinn núverandi ábúandi er því samþykkur).

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. 279), 11. ágúst.

Flutningsmaður (Hallgrímur Sveinsson): Þegar frumv. þetta var hér til 1. umr., var þeirri athugasemd skotið til mín frá einum h. þdm., hvort ekki væri nauðsynlegt, að setja inn í það ákvæði um, að sala laxveiðinnar mætti því að eins fram fara, að ábúandi hinnar umræddu jarðar gæfi samþykki sitt til þess. Eg lofaði að taka þessa athugasemd til íhugunar og það hefi eg gert, en eg hefi ekki fundið ástæðu til, að gera breytingu eða tillögu til viðauka við frumv. í þessa átt, því að eg hefi ekki getað séð, að nein hætta geti af því stafað, að slíkt ákvæði er ekki í lögin tekið.

Í skjali því, er eigendur og notendur laxveiðinnar hafa sent til þingsins, og eg þegar hefi látið leggja fram til sýnis, stendur nafn ábúandans á hinni umræddu jörð meðal þeirra, er biðja um, að lög þessi verði samþ., og getur þess þar einmitt sérstaklega, að hann fyrir sitt leyti sé því samþykkur, að laxveiðin sé seld. Auðvitað mætti búast við því, að sá sem nú býr á jörðunni, búi þar ekki lengur, þegar salan fer fram, og er þá ástæða til og mjög innanhandar fyrir stjórnina, að slá varnaglann, og byggja jörðina, eftir að þessi, sem nú er, hættir að búa á henni, eingöngu með því skilyrði, að viðtakandi sætti sig við, að veiðin verði undan seld, og verður þá auðvitað, að taka hæfilegt tillit til þess í leigumálanum. Að öðru leyti liggur það í eðli hlutarins, að umboðsstjórnin sér um framkvæmd þessara laga, eins og annara, á þann hátt, sem henni þykir heppilegast, og virðist óþarfi að gefa henni bendingar eða forskriftir um framkvæmd þessa lagaboðs fremur en annara, því að óhætt mun að treysta því, að hún sjái um, að alt sé í röð og reglu, og að ábúandanum á þessari jörð, hver sem hann yrði, yrði í engu misboðið. Ákvæði þetta er því beinlínis óþarft, og vona eg, að hvorki þetta né neitt annað verði málinu til fyrirstöðu hér í deildinni.

Jónas Jónassen: Eg verð að segja fyrir mitt leyti, að mér er illa við svona frumv., af því að eg álít það mjög varhugavert, að vera að selja sérstök hlunnindi undan jörðum. Þó að nú í svipinn sýnist lítill arður af þeim hlunnindum, þá getur vel farið svo, að þau gefi mikinn arð áður en langt um líður, eða jafnvel þegar minst vonum varir, og að þeir, sem hlut eiga að máli, iðrist eftir að hafa selt. Eg álít, að aldrei ætti að selja nein hlunnindi frá nokkurri þjóðjörð, því að tímarnir geta breyzt svo mikið, að það, sem nú er lítils virði, verði síðar mikils-

vert, sér í lagi, þegar ræða er um önnur eins hlunnindi og hér, laxveiði, sem vitanlega er ákaflega stopul, þannig, að eitt ár er gnægð laxa, en annað árið lítið eða ekki neitt. Eg get því ekki gefið frumv. atkvæði mitt, fyrst og fremst af því, að eg álít rangt, að gera það að reglu, að selja hlunnindi undan þjóðjörðum, og í öðru lagi vegna þess, að eg er ekki algerlega sannfærður um, að allir hlutaðeigendur séu svo samþykkir um sölu laxveiðinnar, sem látið er í veðri vaka; eg hefi talað við menn þar ofan að, og hefir mér heyrst á sumum, að ekki væri farið að öllu þessu eins hreinlega og út litur fyrir, og jafnvel að undirróðri hafi verið beitt, til þess að koma þessu máli fram.

Flutningsmaður (Hallgrímur Sveinsson): Eg vil leyfa mér að svara athugasemd h. 4. kgk. þm. (J. J.) fáum orðum. Hér er alls ekki að tala um að gera neitt að reglu, heldur þvert á móti um það, að gera undantekningu af sérstökum, ljóslega tilteknum rökum. Væri um það að ræða, að gera þetta að almennri reglu, þá mundi eg vera með h. þm. og á móti því. Honum þótti varhugavert, að selja mikilvæg hlunnindi undan þjóðjörðum. En að hverju leyti er það varúðarvert að selja þessi hlunnindi, sem hér er um að ræða? Er það varúðarvert fyrir landeigendur, ef þeir fá tvöfalda eða þrefalda leigu af söluverðinu, á móts við þann arð, sem laxveiðin gefur þeim? Fyrir landssjóð er það sannarlega ekki varhugavert. Sé það satt, sem h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) tjáði mér, þá mundi sala laxveiðinnar ekki valda miklum verulegum afföllum í landsskuldinni, því að jörðin er góð bújörð, og mundi verða sókst eftir henni eftir sem áður. Eða er það lítilsvert fyrir landssjóð, að fá leigu af 4000 kr, sem, ef þessar 4000 kr. yrðu settar á rentu með 4%, mundi nema svo miklu, að það jafnaðist við öll afgjöld af góðri jörð? Það munu fáar jarðir, að undanteknum nokkurum höfuðbólum, gefa af sér meir en 160 kr. á ári, og væru þessar 4 þús. settar í bankaskuldarbréf veðdeildar bankans, mundu renturnar af þeim nema meiru en afgjaldi af meðaljörð.

Að sala laxveiðinnar rýri eignina, get eg ekki kannast við; jú, það er satt, eignin rýrist að því leyti, sem henni er skift í tvo hluti, en skift í tvo hluti gefur heildin miklu meira af sér en nú óskift. Og þar sem því var hreyft, að ástæða væri til að ætla, að allir hlutaðeigendur væru ekki sammála um sölu veiðinnar, þá get eg ekki gert mikið úr því; eg met það ekki meir, þó að einhverjir, ef til vill eftir á, þykist ekki vera á sama máli, heldur en undirskriftir þeirra svartar á hvítu. Undirskriftir þeirra allra standa á skjali því, er eg hefi áður nefnt og látið leggja fram; nöfnin eru rituð með ýmsum rithöndum, sem bendir til, að þeir hafi sjálfir skrifað þau, og hreppstjóri sveitarinnar hefir ritað athugasemd aftan við undirskriftirnar, og mundi hann hafa getið þess, ef nokkurar misfellur hefðu á þeim orðið. Og hvaða þýðingu á að veita skoðun þeirra manna, sem hlaupa frá þeirri skoðun, er þeir hafa skrifað undir fyrir þrem vikum? Ef þeir hafa ekki verið með réttu ráði þá, þegar þeir undirskrifuðu, þá er ástæða til að spyrja, hvort þeir hafi þá verið með réttu ráði, þegar þeir töluðu við h. 4. kgk. þm. (J. J.). Það er stundum talað um það, að menn séu fljótir til að gefa nöfn sín, til að skrifa undir. Þetta kann að eiga sér stað, að menn stundum séu fullfljótir til að skrifa undir, t. d. fyrir vinfengis sakir; en hér er um hagsmuni að ræða, og þá eru menn vanalega sparir á nöfn sín, nema arðsvon sé í aðra hönd. Þeir hafa allir skrifað undir, eigendur laxveiðinnar, af því, að þeim er arðsvon að því, að geta selt laxveiðina, og landssjóði er að því hin sama arðsvon.

Eg vona því, að h. þingd. haldi áfram

að vera þessu máli eins hlynt eins og hún hefir verið hingað til.

Jónas Jónassen: Eg get ekki alveg fallist á það, sem h. flutningsmaður sagði. Hann veit vel, eins og við allir, að margar undirskriftir hafa harla litla þýðingu, því þar fer hver eftir öðrum, án þess að hafa eiginlega nokkura sjálfstæða skoðun um það mál, er þeir undirskrifa. Auk þess verð eg að halda því fram, að ef þingið gengi inn á þessu sölu, hlyti eignin að rýrna við það. Menn verða að gæta að því, að tímarnir breytast; laxinn er nú í lágu verði, og veiðist lítið af honum; eftir 10 ár getur hann verið margfalt dýrari og veiðst miklu meir en nú, svo að mikill skaði verði að sölunni. En aðalatriðið í þessu máli er það, að gera sér það að reglu, að selja aldrei hlunnindi undan jörðum.

Landshöfðingi: Eg verð að líta svo á þann meiningamun, sem er milli hinna tveggja h. kgk. þingm., að það sé stór hagur fyrir landssjóðinn, að selja laxveiðina fyrir þetta verð. Væri jörðin sjálf seld, þá mundi söluverðið ekki nema öllu meir en 4 þús. kr. með laxveiði og öllu saman, svo að eg get ekki séð annað, en það sé mikill hagur, að geta selt laxveiðina fyrir þetta verð, og geta svo bygt jörðina eftir sem áður, ef það er rétt, sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) upplýsti um, að jörðin muni ganga eins vel út eftir sem áður. Það er alt útlit fyrir, að laxveiði í Laxá í Kjós sé að hverfa. Um miðja öldina var þar fjarskamikil laxveiði, en eftir að verðið á laxinum fór að stíga og farið var að veiða laxinn með kistum, netum og króknetum, þá hefir hún þorrið svo, að það hefir varla borgað sig síðustu árin að stunda hana. Eina ráðið til að bæta úr þessu er, að hætta alveg að veiða á sama hátt og hingað til, eða selja eða leigja útlendingum ána, svo að ekki sé öðrum veiðarfærum beitt þar en stöng. Því er svo varið um margar ár, að þær þurfa að hvílast um nokkura stund; annars er útlit fyrir, að veiðin í þeim eyðist með öllu.

Flutningsmaður (Hallgrímur Sveinsson): Það gleður mig mjög að heyra undirtektir hæstv. landsh. í þessu máli, og það því fremur, sem skoðun hans á málinu fellur alveg saman við það, sem eg lét í ljós við 1. umr. Eina ráðið til að laxveiðin rétti við, er, að margra skynberandi manna dómi, að áin fái hvíld, að netaveiðinni létti um nokkurn tíma að minsta kosti, en það næst aldrei, nema einn maður eigi veiðina og veiði eingöngu með stöng, en allir, sem nú eiga hlut í veiðinni, fái hæfilegt endurgjald fyrir sína sérveiði, og veiðin öll komi í eins manns hendur.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. með 8 samhlj. atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 8 samhlj. atkv.

Þriðja umr. (C. 279); 14. ágúst.

Flutningsmaður (Hallgrímur Sveinsson): Eg finn enga ástæðu til, að fara frekari orðum um þetta frumv. en eg þegar hefi gert við 1. og 2. umr., með því að engin breyt.till. hefir komið fram við það. Þetta verð eg að taka sem vott um, að frumv. í deildarinnar augum sé aðgengilegt, eins og það nú er, og vænti eg því þess, að frumv. verði einnig samþykt nú við þessa 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 7 samhlj. atkv. Afgreitt til forseta h. Nd. til að leggjast fyrir deildina þar.

Ein umr. (C. 536); 23. ágúst.

Hallgrímur Sveinsson: Eins og kunnugt er, varð eg flutningsmaður þessa máls hér í deildinni við 1., 2. og 3. umr. fyrir sérstök atvik, og eftir því sem frv. var tekið hér þá, gat eg ekki annað en verið ánægður með það, þar sem engar breytingar voru gerðar á því. En þegar það

nú er komið aftur frá háttv. Nd., hafa orðið þau hamskifti á því, að mér finst það einskis virði.

Frv. fór héðan úr deildinni sem heimildarlög fyrir stjórnina til þess að selja þessa laxveiði, sem hér ræðir um, fyrir ákveðið kaupverð. Ef sú sala hefði verið ákveðin, mundi hún beinlínis hafa verið hagvænleg, bæði fyrir landssjóð og laxveiðieigendur í Laxá og Bugðu. En nú hefir þessu verið breytt þannig, að ákvæðið um söluréttinn hefir verið felt burtu, en sett í þess stað ákvæði um að leigja laxveiðina um 10—30 ára bil fyrir 50 kr. árlegt gjald. Þessi ákvæði eru svo takmörkuð, að eg óttast, að frv., eins og það nú liggur fyrir frá háttv. Nd., verði ekki að neinu gagni.

Í öðru lagi hefir hagnaður landssjóðs verið takmarkaður, þar sem hið árlega gjald er ákveðið að minsta kosti 50 kr.; en þessi upphæð er ekki meira en $^1/_3$ partur af þeirri leigu, sem landssjóður átti að fá af sölu þeirri, sem frv. upphaflega ræddi um. Ef eg væri fullkomlega viss um, að frv. alls ekki yrði að neinu gagni, þá mundi eg leggja til, að háttv. deild greiddi atkv. á móti því; en af því að öll líkindi eru til að það sé að minsta kosti meinlaust, þótt það sé ef til vill líka gagnslaust, þá mun eg samt sem áður greiða atkv. með því.

Júlíus Havsteen: Þar sem frv., eins og það nú liggur fyrir, ekki gengur út á annað en að veita stjórninni heimild til að leigja veiðiréttinn í ánni, þá er það með öllu óþarft. Það kemur dagsdaglega fyrir, að jarðir og jarðarítök eru leigð af stjórninni. Eg skil því ekki, hvaða gagn þetta frv. ætti að gera, og mér finst því bezt að fella það.

Auk þess hefi eg heyrt, að einn af veiðieigendunum á móti Valdastöðum sé alls ekki samþykkur því, að leigja veiðina á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Flutningsmaður (Hallgrímur Sveinsson): Út af orðum háttv. 1. kgk. (J. H.) vildi eg leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. landsh., hvort hann ekki mundi vilja gefa yfirlýsingu um það, hvort hann áliti að stjórnin án sérstakrar lagaheimildar hefði vald til að leigja veiðiréttinn, því væri svo, þá væru þessi lög alveg óþörf, því eg álít það hégóma einan að vera að gefa lög, sem enga frekari þýðingu hafa.

Ef hæstv. landsh. vildi lýsa því yfir, að hann áliti stjórnina hafa fulla heimild til að taka ákvæði um þetta, þá mundi eg fyrir mitt leyti vera fús á að greiða atkv. móti frv.

Landshöfðingi: Eg er samdóma háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) um það, að það þurfi ekki lög til þess að leigja jarðarítök um styttri tíma, en auðvitað verður að fá samþykki ábúanda jarðarinnar og hann getur vitanlega ekki gefið leyfi um lengri tíma en hann hefir jörðina til ábúðar, nema hann fái samþykki umboðsstjórnar. Hafi hann fengið það, þá getur hann leigt veiðina að minsta kosti um svo langan tíma, sem hér er farið fram á. Þess vegna álít eg þessi lög alveg óþörf. Samþykki stjórnarinnar mun ekki veita örðugt að fá, sérstaklega ef eitthvað af leigunni er látið ganga til landssjóðs. En hins vegar hefir stjórnin, eins og eg gat um, ekki heimild til að leigja nein jarðarafnot án leyfis ábúanda.

Flutningsmaður (Hallgrímur Sveinsson): Eftir yfirlýsing hæstv. landsh., þá skal eg lýsa því yfir, að eg greiði atkv. mitt á móti frv., því það hefir við meðferð þá, sem það hefir fengið í háttv. Nd., mist alt sjálfstætt gildi.

ATKV.GR.: Frv. felt í e. hlj.

Breyting á fátækrareglugjörðinni.

FRUMVARP til laga um breyting á og viðauka við reglugjörð um fátækramál-

efni 8. jan. 1834; (C. 22), 1 umr., 5. júlí.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Frv. þetta er orðrétt eins og það fór frá deildinni í hitt ið fyrra; að eins hafa slæðst inn í það fáeinar prentvillur, sem ekki breyta þó meiningu þess. Þjóðinni hefir á sérstakan hátt gefist kostur á að íhuga frv. þetta, ekki að eins í þingtíðindunum, heldur einnig í blöðunum. Afleiðingin af því hefir orðið sú, að ýmsar raddir hafa látið til sín heyra bæði í blöðunum og á þingmálafundunum. En þó að því hafi verið fundið af ýmsum, þá er það að eins að einu atriði, nfl. ákvæðinu um sveitfesti. Menn hafa ekki verið alls kostar ánægðir með ákvæði fyrstu greinar frumvarpsins. Menn hafa ýmist viljað binda sveitfesti þurfalingsins við þá sveit eða það bæjarfélag, þar sem hann hafði heimili, er hann þurfti styrksins við, eða þá aftur þar sem hann hafði unnið lengst; aftur hafa aðrir viljað binda sveitfestina við þá sveit eða það bæjarfélag, þar sem þurfalingurinn er fæddur; en ef vandlega er athugað, mundi það reynast svo, að þótt sveitfesti væri bundin við þá sveit, er þurfamaðurinn hefir unnið lengst, án þess að hafa dvalið þar samfleytt, þá mundi hrakningurinn ekki verða minni en nú á sér stað, þvert á móti miklu meiri. Ef það væri kunnugt, hvar maður hefir unnið lengst, þá mundi viðkomandi sveitarstjórn jafnan sjá ráð til að losast við manninn, svo að hann yrði ekki eins lengi, hvað þá lengur, í hennar hrepp; en ef henni ekki væri kunnugt, hvar hann hefði verið lengst, þá mundi fara enn ver; eftir 2—3 ár mundi sveitarstjórnin reyna að fá hann burt.

Eg þekki sveitarstjórnirnar þá ekki rétt, ef þær hefðu ekki ímugust á þeim körlum eða konum, sem út liti fyrir að eignast mundu barnafjölda, og ef þær ekki vildu losast við þá menn, ef sveitfestin væri bundin við fæðingarhreppinn eingöngu. Eg þekki dæmi til sveitastjórna, sem hafa öll spjót úti til þess að losast við kvennmenn, sem fátækir eru, svo að þær fæði ekki í sínum hreppi. Þetta mundi fara vaxandi, ef sveitfesti yrði bundin við fæðingarhreppinn eingöngu. Eg hygg því ekki, að hrakningurinn mundu verða minni með því fyrirkomulagi en nú er.

Eg vil stuttlega benda á, hvernig því er varið með sveitfesti í næstu löndum, nfl. á Norðurlöndum, þar sem líkast hagar til og hjá oss.

Í Danmörku útheimtist samfleytt 5 ára vera, sama og hér á landi átti sér stað, þangað til opna bréfið 6. júlí 1848 varð að lögum. Í Norvegi útheimtist að eins 2 ára samfleytt dvöl til að fá sveitfesti. Í Svíþjóð er hver sá talinn sveitfastur þar, er hann síðast var við manntal.

Löggjöf þessara landa minsta kosti Noregs og Svíþjóðar, líkist meira ákvæði þessa frv. en þeim ákvæðum, er ganga í þá átt, að binda sveitfesti við þann hrepp, þar sem þurfalingur hefir unnið lengi, eða við þann hrepp, sem hann er fæddur í. Fyrir því sýnir ágreiningurinn og aðfinningarnar í blöðunum ljóslega, að menn eru ekki á því hreina að því er þetta ákvæði snertir, og sinn vill hvað. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að frv. sé gott. Afleiðingin af ákvæði þess um sveitfesti mundi helzt verða sú, að lítilsigldir fátæklingar ættu óhægra með að flytja milli sveita en nú á sér stað. Eg álít það ekki mikinn skaða. Eg verð að álíta að það sé minna böl fyrir þurfaling að vera kyrr, þar sem hann er, en ef hann er hrakinn þaðan, sem hann er og kannske vill vera, eins og nú á sér oft stað. Eg held því að aðfinningar þær, sem fram hafa komið um þetta ákvæði frv., séu ekki á neinum verulegum rökum bygðar, enda hafa sumir fallist á þetta ákvæði. Eg hefi t. d. séð, að þingmálafundur Suður-Þingeyinga er mjög hlyntur þessu ákvæði frv. Sem sagt hefi eg ekki getað séð, að menn hafi fundið neitt annað verulega að frv. þessu.

Það er von að menn greini á um þetta ákvæði, og vandi að finna ákvæði, sem sveitarstjórnir ekki geti farið í kringum. Á þingmálafundunum hefir einnig komið fram sú skoðun, að æskilegt væri að setja milliþinganefnd til að athuga frumvarpið. Það getur ef til vill verið gott ráð, ef frumv. fellur. En þótt slík nefnd væri sett, þá spái eg að mönnum mundi þykja eitthvað að áliti nefndarinnar.

Eg skal stuttlega skýra frá, hvernig þessi lagasetning gekk í Noregi. Í Noregi eru tvenns konar fátækralög, önnur, er snerta hreppana, og önnur, er snerta bæjarfélögin. Lög þau, er snerta hreppana, voru gefin 1863, en þeim var breytt 1884; því næst var þeim breytt 1886, 1890 og loks 1894; hafa þannig verið gerðar 4 lagabreytingar á fárra ára tímabili. Og það álít eg einmitt vera þá réttu aðferð við slík lög, að breyta þeim eftir því, sem reynslan sýnir að nauðsyn krefur og mönnum þykir við eiga. Það er fyrst í praxis, eða þegar farið er að brúka lög, sem snerta eins mikið mannfélagið og fátækralögin, að menn sjá gallana á þeim, og þá er auðvitað sjálfsagt að laga þá. Það verður að margfága slík lög, með því að breyta þeim, þegar menn sjá að þess gerist þörf. Eg spái því, að svo mundi fara, að þótt milliþinganefnd væri sett í þetta mál, þá mundi líka þurfa, að mönnum fyndist, að breyta frumv., er það kæmi frá henni. Eg vil óska og vona, að frumv. þetta fái góðan byr hér í deildinni, eins og það fekk síðast. Að vísu hafa deildinni bæzt góðir kraftar, og það ekki sízt að því er þetta mál snertir. Sérstaklega er háttv. 1. kgk. (J. H.) allra manna kunnugastur þessum málum af þeim mönnum, sem í deildinni eru. En samt sem áður vil eg ekki ráða til að nefnd sé sett í málið. Það er vandséð, hver verða muni forlög þess í Nd.; ef það verður felt þar, þá er nóg búið að hafa fyrir því; en ef það verður ekki felt, verður því breytt. Svo kemur það hingað aftur og þá verður sett nefnd í það. Eg hefi séð, að það er ýmislegt, sem eg hefði óskað tekið inn í frumv., svo sem t. d. það ákvæði, að hver sextugur maður eigi þá sveitfesti, sem hann er þá búinn að fá; svo og það, að menn ekki helgi sér sveit með því að vera hjá sínum, en þó ósjálfbjarga, eins og t. d. veikir ættingjar. Eg skal svo ekki orðlengja þetta meira að sinni; eg óska ekki að nefnd verði sett í málið, en að það fái að ganga tafarlaust til 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Mér virðist það vera skoðunarmál, hvort ekki væri æskilegt og rétt, að skipa nefnd í málið.

Ef nefndin kæmist að þeirri niðurstöðu, að frumv. þurfi engrar breytingar við, þá tekur meðferðin í nefndinni ekki mikinn tíma, en nefndarálitið verður sterk meðmæli með því. Deildinni hafa bæzt 2 nýir menn síðan 1897, þá er málið var hér til meðferðar, og yrði nú sá þessara manna í nefndinni, sem eftir stöðu sinni hefir mikla reynslu og þekkingu á slíkum málum — eg meina 1. kgk. (J. H.) — og gæti hann fallist á ákvæði frumv., þá yrði það því mikil meðmæli. Flutnm. hreyfði því líka, að hann fyndi ástæðu til að breyta einu eða tveimur ákvæðum í frumv. Eg álít því, að nauðsynlegt sé að setja nefnd í málið. Ef frumv. fellur nefndinni vel í geð, þá tefur það ekki verulega fyrir málinu.

Eg vil þess vegna leyfa mér að stinga upp á, að þriggja manna nefnd sé sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. felt frá nefnd með 6 : 3 atkv. Frv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Önnur umr. (C. 22), 7. júlí.

Flutnm. (Þork. Bjarnason): Eg skal leyfa mér að taka það fram, að eg hefi orðið var við nokkurar prentvillur í frumv., og

vildi eg gjarnan óska, að háttv. þingdm. leiðréttu þær. Í 3. gr., 1. línu 2. málsgreinar stendur sveitastyrkur í staðinn fyrir sveitarstyrkur; enn fremur í 3. gr. b: æfiferill fyrir æfiferil.

Að öðru leyti álít eg ekki ástæðu til að tala um sérstakar greinar frumv.; þær voru ítarlega útlistaðar af framsögum. þess á síðasta þingi, og óska eg því að eins, að málið fái að ganga til 3. umr.

Jónas Jónassen: Það eru fáein atriði í frumv. þessu, sem eg gjarnan vildi fá upplýsingar um.

1. Viðvíkjandi 1. gr. vildi eg gjarnan fá að vita, hvað flutningsmönnum þessa frv. hafi gengið til að breyta ákvæðinu um framfærslurétt þurfamanns frá því sem áður var, þannig, að hann þurfi ekki að hafa verið nema eitt ár búsettur í einhverjum hreppi eða bæjarfélagi til að eiga rétt til framfærslu. Ef maður, sem ekki hefir hin síðustu 3 ár þegið sveitarstyrk, sem er óendurgoldinn, dvelur að eins 1 ár í einhverjum hreppi eða bæjarfélagi, þá á hann rétt til framfærslu þar. Hér er þá sveitfestistímanum breytt úr 5—10 árum í 1 ár. Eg vil leyfa mér að spyrja, hvað hinum háttv. flutnm. hafi gengið til að koma fram með þessa breytingu. Mér finst með öllu óhæfilegt, að maður, sem dvalið hefir að eins eitt ár í einhverjum hreppi eða bæjarfélagi, geti náð þar sveitfesti. Eg skal taka eitt dæmi. Setjum svo, að einhver ræfill komi hingað til Reykjavíkur og dvelji hér eitt ár. Hann getur ekki komist af; veit að hann hefir ekki nægan forða fyrir sig. Þegar þetta eina ár er liðið, fer hann til fátækrastjórnarinnar og biður hana ásjár. Eg hygg, að slíkt fyrirkomulag gæti orðið æði-þungbært fyrir Reykjavík.

Eg get því ekki skilið, hvers vegna þetta eins árs tímatakmark fyrir sveitfesti hefir verið sett.

2. Í 4. gr. stendur, að sé skýrsla sú, sem ræðir um í næstu grein á undan, ekki tekin á löglegan hátt, áður en styrkur er veittur, missi hlutaðeigandi sveitarfélag tilkall til endurgjalds á honum. Þessi orð, „að taka skýrslu á löglegan hátt“ o. s. frv., eiga víst við 3. gr., en þar er það ekki beinlínis tekið fram. Svo koma orðin: „áður en styrkur er veittur“. Það er sannarlega hart, að hlutaðeigandi sveitarfélag skuli missa alt tilkall til endurgjalds á styrk, er það hefir veitt, þótt það ekki beinlínis hafi tekið manninn undir próf.

3. Eg get ekki felt mig við ákvæði 12. gr. um, að ekki megi flytja þurfaling fátækraflutningi, ef styrkurinn nemi ekki meiru en 100 kr., nema því að eins, að bersýnilegt sé, að þurfamaðurinn sé kominn á stöðugt sveitarframfæri. Þetta orð, „bersýnilegt“, hygg eg vera mjög vont að eiga við. Að því er kostnaðinn við flutning þurfamannsins snertir, þá vil eg fyrir mitt leyti ekki, að dvalarhreppurinn borgi einn einasta eyri af honum. Dvalarsveitin er búin að hafa nóg útgjöld áður, þótt hún ekki taki þátt í flutningskostnaðinum líka; eg vil þess vegna, að framfærslusveitin ein borgi allan flutningskostnaðinn. Það vantar ákvæði inn í frumv. um það, hve lengi það megi dragast, að framfærslusveitin borgi. Það er alls ekki rétt, að það dragist árum saman. Þegar svo þar við bætist rentumissir í mörg ár, þá sé eg ekki ástæðu til að dvalarsveitin taki nokkurn þátt í flutningskostnaðinum. Ef maður les fátækrareglugjörðina frá 1834, kemst maður brátt að raun um, að málið á henni er miður gott og skiljanlegt. Að því er málið snertir, er því að minu áliti framför að fá þetta frv.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en að eins taka það fram að lokum, að eg vil ekki binda sveitfesti við eins árs tímatakmarkið, og þætti fróðlegt að fá upplýsingar um, hvers vegna því hefir verið breytt úr 5—10 árum í 1 ár.

Sigurður Jensson: Eg gaf atkv. mitt með þessu frumv. til 2. umr., en ekki af því að eg ætlaðist til að það yrði samþykt, heldur af því að eg vildi gera grein fyrir atkv. mínu, áður en eg yrði með að fella málið.

Eg álít ekki til neins að ræða þetta frumv. hér, og eg ræð frá að það gangi lengra, af því að eg er sannfærður um, að það verður aldrei að lögum. Eg hefi kynt mér þingmálafundargjörðirnar úr ýmsum kjördæmum landsins, og af þeim hefi eg séð, að þjóðin er alment á móti þeim aðalbreytingum, sem farið er fram á í 1. gr. frumv., nfl. þeim, að binda sveitfesti við 1 ár í staðinn fyrir 10 ár, eins og nú er. Alveg á sama máli voru menn í mínu kjördæmi, að því er þetta ákvæði snertir. Eg álít, að ef nokkurar væru þær breytingar á ákvæðunum um sveitfesti, sem gætu unnið hylli alls almennings, þá væru það öllu fremur þær, sem gengju í þá átt, að lengja tímatakmarkið fyrir sveitfesti, þannig, að það yrðu 15 eða jafnvel 20 ár. Þetta sést líka bezt á því, að sumir hafa viljað láta þann hreppinn, sem maðurinn hefir unnið lengst í, vera framfærsluhreppinn; aðrir vilja láta fæðingarhreppinn vera ráðandi, að því er sveitfesti snertir, og þetta sýnir einmitt, að óskir almennings ganga í þá átt, að lengja tímann sem mest, sem þarf til að vinna sér sveit.

Eitt bendir líka á, að þjóðin er ekki svo gjörn á breytingar á þessu atriði, nfl. það, að lög þau, sem nú gilda, hafa verið óbreytt í 50 ár. Það er mjög þýðingarmikið og sýnir bezt af öllu, að menn eru ekki óánægðir með þau ákvæði, sem nú gilda. Það sem flutningsm. aðallega hefir gengið til að breyta tímatakmarkinu úr 10 árum í 1 ár, mun vera hugsunin um, að þá mundi síður verða hætt við, að amast yrði við fátæku fólki, ef það ekki þyrfti nema eitt ár til að öðlast sveitfesti. En það er aðgætandi, að hreppsnefndir geta ekki amast við og hrakið burt úr sveitinni bændur og vinnuhjú, sem hafa þar löglegt heimili; það eru helzt lausamenn og húsfólk, sem þær vilja og geta ýtt frá sér; en slíkt er ekki nema eðlilegt, þegar vér athugum það, hve óskynsamlega sumir byrja húsmenskuna og ráðast í lausamensku. Þeir, sem fara þannig óskynsamlega að ráði sínu, verða þá sjálfir að taka afleiðingunum af því; en það er ekki nema eðlilegt, að aðrir reyni að koma sér undan að bera byrðina af ráðleysi þeirra. Það eru ýms önnur ákvæði í þessu frumv., sem eg álít miður heppileg. Eg skal taka til dæmis það ákvæði 13. gr., að flutningskostnaður þurfamanna skuli skiftast niður á dvalarsveit og framfærslusveit. Þá felli eg mig betur við ákvæðin í opnu bréfi 17. apríl 1868, að því er þetta atriði snerir. Þau hafa þann stóra kost, að flutningskostnaðurinn kemur létt niður á hreppana, svo að hann verður ekki tilfinnanlegur fyrir þá. Ef þetta frumv. verður að lögum, þá fellur mesta byrðin á framfærslusveitina, en það er ekki það, sem menn alment óska, að þyngja okið á framfærslusveitinni. Byrðin, sem framfærslusveitin ber, ímynda eg mér að öllum þyki þegar nógu þung. Eg hygg því, eins og eg tók fram áður, að frumv. þetta verði aldrei að lögum með vilja þjóðarinnar. Eg ætla því, að það mundi verða óvinsælt, ef það yrði samþykt, og þess vegna álít eg bezt að fella það strax.

Guttormur Vigfússon: Eg ætlaði mér ekki að tala neitt um frumv. þetta við þessa umræðu, af því að eg bjóst við, að það mundi ganga orðalaust í gegnum deildina, en þar sem umræður eru nú orðnar töluverðar um málið, ætla eg að fara um það nokkurum orðum, til þess að gera grein fyrir atkv. mínu.

Þegar mál þetta var til meðferðar hér í deildinn í hitt eð fyrra, greiddi eg alt af atkvæði á móti því, enda var það sann-

færing mín þá, eins og nú, að frumvarpið væri til engra bóta; en á hinn bóginn virtist mér þýðingarlaust, að hreyfa andmælum gegn því þá, þar sem hin háttv. deild var eins sammála og hún virtist þá vera um kosti frumv. Í tveimur aðalatriðum er í þessu frumv. farið fram á stórar breytingar á núgildandi lögum. Í fyrsta lagi um tímann til að öðlast framfærsluhrepp, og í öðru lagi um kostnaðinn við fátækraflutninginn.

Eg skal fúslega játa, að breytingar þessar séu af góðum huga gerðar af h. flutningsmanni, og eg veit með vissu, að hann álítur það mikla réttarbót, að breyta tímanum um sveitfesti þurfamanna úr 10 árum í 1 ár, eins og farið er fram á í frumv. þessu. Hugsunin er nfl. sú fyrir honum, að það mundi verða til þess að koma í veg fyrir hrakning á þurfamönnum, og meinbægni við þá, ef tíminn væri styttur.

Mín skoðun á máli þessu er sú, að frumv., ef það yrði að lögum, verkaði í alveg gagnstæða átt við það, sem flutningsm. ætlast til, af þessum ástæðum: 1. Ef binda á réttinn til framfærslu þurfamanna við 1 árs dvöl í hreppnum, þykist eg fullviss um, að hreppsnefndir mundu verða enn varasamari en áður með að veita mönnum inngönguleyfi í hreppinn, ekki einasta þeim, sem þegið hefðu sveitarstyrk áður — þeir menn mundu stöðugt verða að sitja á sama stað — heldur mundi einnig alt verða gert til þess að sporna við því, að efnalitlir menn, þó þeir hefðu aldrei styrk þegið, settust að í hreppnum. Með því mundi fremur verða þrengt að atvinnufrelsi manna. Í öðru lagi gæti þetta ákvæði um 1 árs dvalarhrepp orðið misbrúkað til þess að koma jafnvel miklum sveitarþyngslum á einn hrepp af öðrum. Vér vitum, að ýms sveitarfélög eiga víða jarðir í öðrum hreppum. Það mætti þá búast við, að harðvítugar sveitarstjórnir mundu, þar sem sveitarþyngsli eru mikil, gera það af umhyggju fyrir hreppi sínum, að koma af sér fátækum fjölskyldumönnum á jarðir sínar, þegar útlit væri fyrir, að þeir gætu ekki lengur komist af án sveitarstyrks. Nú þarf maður ekki að búa lengur en 1 ár til þess að verða sveitlægur í hreppnum. Að því liðnu þarf ekki annað en að byggja manninum út og setja annan inn. Þetta eru nú að vísu ekki nema getgátur, en þær svo sennilegar, að þetta og annað þessu líkt mundi eflaust oft koma fyrir af sveitarstjórnanna hálfu, ef frv. þetta yrði að lögum.

Eg er alveg samdóma háttv. þingm. Barðstr. (S. J.) um það, að lengja tímann til þess að öðlast sveitfesti fremur en að stytta hann. Því að ef maður gengur út frá því, og vill vinna að því marki, að minka meinbægni við þurfamenn, og styðja að því, að þeir megi sem lengst neyta krafta sinna óhindrað af sveitarstjórn og öðrum, þá hygg eg að réttast mundi vera, að hafa tímann til að vinna sér hrepp sem allra lengstan, já, enda að færa tímatakmarkið upp frá því, sem nú er; það virðist líka í alla staði eðlilegt, að maður eigi þar framfærslurétt, sem hann hefir mest unnið og slitið kröftum sínum í þarfir sveitarfélagsins.

Næst því að hafa vinnuhrepp, bygðan á margra ára dvöl í hreppnum, mundi eg hallast að fæðingarhreppi eingöngu, af mörgum ástæðum, sem eg ekki skal fara út í.

Eg get alveg fallist á þá athugasemd, sem háttv. 4. kgk. (J. J.) gerði við 12. gr. frumv., að rétt sé að flytja þurfaling fátækraflutningi, þótt sveitarstyrkurinn ekki nemi meiru en 100 kr. og bíða ekki eftir að hann verði hærri.

Að því er kostnað þurfamanna snertir, þá er eg á móti því, að dvalarhreppurinn borgi nokkuð af kostnaðinum.

Það mun flestum kunnugt, sem við sveitarstjórn hafa fengist, að það er hið ó-

þakklátasta starf að innkalla það fé, sem aumingjum annara hreppa hefir verið veitt. Vér skyldum sjá, hvernig færi, ef hreppur vestur á landi ætti að innkalla fátækraflutningsfé í Múlasýslu eða Skaftafellssýslu, með því fyrirkomulagi, sem frumv. fer fram á.

En ef það ákvæði væri sett inn í frv., að þessi kostnaður skyldi gjaldast af sýslusjóði, þá mundi eg betur geta felt mig við það.

Eg skal svo ekki tefja fyrir málinu með lengri ræðu að þessu sinni, en mun greiða atkvæði móti því, eins og það nú liggur fyrir.

Júlíus Havsteen: Mér þykir vænna um fátækrareglugjörðina frá 1834 en h. 4. kgk. þm. (J. J.). Eg hefi mætur á henni, en það getur verið, að það sé af gömlum vana. Hún hefir haldist svo lengi, án þess að neinar breytingar væru gjörðar á henni, og verður það naumast sagt um mörg lagaboð önnur. Málið á henni er að mínum dómi full-skiljanlegt, og fult eins gott eins og á ýmsum lagafrumv. frá seinni tímum. Þar fyrir er eg ekki á móti því, að það vanti ýmislegt inn í hana. Eg gæti þess vegna vel felt mig við viðauka við hana, en ekki við breytingar á henni.

Það, sem eg sízt get felt mig við í þessu frumvarpi, er hinn stutti tími, sem útheimtist til að ná sveitfesti. Það hlýtur öllum að liggja í augum uppi, hve háskalegt þetta ákvæði um hinn stutta sveitfestistíma getur orðið, sérstaklega hér í Reykjavík og hinum kaupstöðum landsins. Þar sem fjölbygt er, mundu menn hæglega geta leynst um langan tíma, og dvölin látin heita lögleg; þegar svo væri farið að rannsaka málið, yrði það ofan á að viðkomandi fólk væri búið að hafa löglega dvöl í hreppnum og væru það örvasa hjú, þá væri hann um það komin á sveitina. Eg er þess vegna algjörlega á móti þessu ákv. frumv.

Eg gæti felt mig vel við þann viðauka við reglugjörðina, að ef einhver þarf sveitarstyrk, þá skuli fara fram rannsókn á heimili hans; eg álít ekki rétt að láta hans eigin sögusögn nægja um forða hans. Að því er ákvæðin um flutning þurfamanna snertir, þá álít eg þau vera góð, eins og þau eru í frumv. þessu, og langt um betri en fyrirmælin í opnu bréfi 17. apríl 1868.

Eg geti ekki séð neitt á móti því, að dvalarhreppurinn greiði $^1/_4$ hluta af flutningskostnaðinum, en framfærsluhreppurinn $^3/_4$ hluta; það gengur upp eða mun koma jafnt niður, því að stundum verður það dvalarhreppurinn og stundum framfærsluhreppurinn, sem á í hlut.

Sér í lagi finst mér það ákvæði vera mjög mannúðlegt, að eigi megi flytja þurfaling fátækraflutningi, ef hinn veitti styrkur nemur eigi meiru en 100 krónum. Eg álít alveg nauðsynlegt að setja slíkt takmark.

Í 2. gr. er talað um skilyrði fyrir giftingu þurfamanna. Það mun vera meiningin, að 3. gr. 10. tilskip. 30. apríl 1824 eigi að falla niður, en þá ætti þetta ákvæði að vera nefnt í 15. gr. frv., en það hefir ekki verið gjört.

Það verður ekki séð, hvort vanræksla í því að svara fyrirspurn um framfærsluréttt þurfalings, sbr. 6. gr., skuli varða sakamáli eða opinberu lögreglumáli. Mér finst vanta ákvæði um, að setja hreppsnefndum frest til að borga eftir úrskurði; það er oftast svo, að hreppar eða bæjarfélög, sem orðið hafa ofan á í framfærslumáli, verða að bíða svo og svo lengi eftir borguninni, og oft kostar það mikla eftirgangsmuni, að ná henni inn. Það vantar ákvæði inn í frumv. um sveitfesti manna, þegar eigi er hægt að finna fæðingarstað þeirra og heldur eigi liggur fyrir vinning sveitfestis, og má hér einnig nefna sveitfesti útlendinga.

Ennfremur álít eg það nauðsyulegt, að beinlínis væri tekið fram, hvort réttur

innborinna manna útheimtist til þess að vinna sér sveitfesti hér á landi.

Áður var ekkert ákvæði til um þetta í Danmörku, en nú er sett ákvörðun um þetta með 23. gr. laga 9. apríl 1891.

Það er ýmislegt enn, sem vantar inn í frumvarp þetta; það er ekki vel fallið til samþykkis eins og það nú liggur fyrir, og þarf mikið að laga það til þess, að það verði svo fullkomið, að það ætti að verða að lögum.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): H. 4. kgk. þm. (J. J.) beindi þeirri spurningu til okkar flutningsm. frumv., hvað okkur hefði gengið til, að hafa í frumv. svo stóra breytingu frá því, sem nú á sér stað á árafjölda þeim, sem til þess þarf að öðlast framfærslurétt í hverjum hreppi. Eg get fyrir okkar hönd gefið það svar, að tilgangur okkar var sá, að gjöra hrakninginn minni á þurfalingum milli hreppa og draga úr þeirri amasemi, sem nú tíðkast að sýna þeim mönnum, er sveitarstjórnir óttast að kunni að verða sveitarfélagi sínu að byrði. Það var skoðun okkar, að sveitarstjórnirnar mundu eiga óhægra með, að beita harðýðgi þeirri og ósanngirni, til að losast við sveitfesti þeirra, er þær óttast þyngsli af, sem því miður er nú oft og tíðum beitt við suma fátæklinga, ef sveitfestistíminn yrði styttur, eins og farið er fram á í frv.

Þá er annað. Það er alkunnugt, hvernig nú gengur til: sjávarmennirnir geta boðið hærra kaup verkamönnunum heldur en sveitabændurnir geta borgað. En þegar svo þessir menn hafa unnið ef til vill 8 beztu árin af æfi sinni í sjávarplássunum, hafa ef til vill gift sig og eignast fjölskyldu, þá er beitt við þá alls konar brellum til að losast við þá og þeim komið burtu úr sveitarfélaginu. Þetta, að fátækir menn með skuldaliði sínu eru flæmdir og reknir burtu frá þeim stöðum, sem þeir hafa unnið 7—8 ár, af bezta hluta æfi sinnar, hefir mér jafnan fundist svo sárt og sorglegt, að eg vildi með einhverjum ráðum geta komið í veg fyrir það.

Í Noregi er líkt háttað atvinnuvegum sem hér, og þar hefir verið gjört að lögum, að sveitfesti vinst með tveggja ára dvöl. Hér á landi hygg eg að ákvæðið ætti að vera styttra, eftir því sem til hagar. En þó mundi eg geta sætt mig við, að tíminn yrði ákveðinn 2—3 ár, en varla lengri. Við flutningsm. frumv. þessa höfum gert okkur vonir um, að með stuttu sveitfestu-árabili mundi fátækraflutningurinn minka. Mér hefir oft blöskrað sú harðýðgi, að slíta t. d. ungbörn frá mæðrum sínum, máske sama árið, sem föðurins hefir mist við. Þetta hefir mig oft og tíðum tekið svo sárt og sjálfsagt meðflutningsmanni mínum líka, að við óskum að löggjafarvaldið gjöri sitt ítrasta til að slíkt ástand hverfi sem mest, og alt það böl, sem af því leiðir, og það held eg þetta frumv. gjöri að nokkru leyti.

Eg get ekki verið samdóma h. þm. S.-Múl. (G. V.) um það, að ákvæði frumv. mundi verða því valdandi, að amasemin við fátæklinga mundi verða meiri á eftir en hingað til. Eg held einmitt þvert á móti. Þegar ekki þyrfti nema eitt dvalarár til þess að eignast framfærslurétt, mundi sveitarstjórnum veita örðugra að láta þann, sem þær kynnu að vilja losa sig við, þiggja sveitarstyrk, og afleiðingin því verða sú, að hrakningarnir minkuðu. Þó að eins sé um eitt ár að gera til sveitfestu, mundi dugnaðarmaðurinn alstaðar fá inni eftir vild, hvort sem hann væri sjálfs sín eða hjá öðrum, en eins árs sveitfestu-ákvæðið mundi að eins hindra letingja og óreglumenn frá að skifta um verustað.

H. 4. kgk. þingm. (J. J.) óttaðist, að með þessu mundi ofhlaðast í viss sveitarfélög, t. a. m. kaupstaðina. Eg held að þetta þurfi ekki að óttast; bæði kaupstaðir og sveitarfélögin geta varið sig fyrir

ofhleðslu af tómthúsmönnum, og í kaupstöðunum verður afleiðing innflutnings, að vinna fellur í verði. Ef daglaunin falla úr 3 kr. niður t. a. m. í 1 kr. 50 au., verður það kaupstaðarbúum í hag, og á þann hátt fá þeir endurgoldið, þótt útsvör kunni að hækka.

H. 4. kgk. þm. (J. J.) líkaði ekki þau ákvæði 4. gr., að skýrsla sú, er 3. gr. getur um, skuli eiga að takast áður en sveitarstyrkur er veittur, til þess að hann fáist endurgoldinn.

En þetta álít eg vera alveg nauðsynlegt, til þess að koma í veg fyrir, að styrkurinn sé veittur að nauðsynjalausu. Enda geta engir sérlegir erfiðleikar verið á því, að útvega þessa skýrslu, úr því að heimilað er, að hreppstjóri taki hana. Því ber ekki að neita, að oft og tíðum hefir styrkur verið veittur meira í þeim tilgangi, að geta losnað við hlutaðeigandi fátækling, heldur en af brýnni nauðsyn, og fyrir þetta er nauðsynlegt að byggja.

H. 1. kgk. þm. (J. H.) fann það að 4. gr., að ekki stæði þar ákvæði um, að rannsaka efnahag styrkbeiðanda. Hugsunin er sú, að um þetta gildi ákvæði reglugjörðarinnar frá 8. jan. 1834 óbreytt; þau eru ekki úr lögum numin með þessum lögum, með því að þau koma ekki í bága við þau.

H. 4. kgk. þm. (J. J.) fann einnig að 12. gr. frumv. Mér skildist svo á orðum hans, sem hann vildi láta flytja þurfaling fátækraflutningi, þótt hinn veitti sveitarstyrkur næmi ekki eða jafnvel miklu minna en 100 kr.

H. 1. kgk. þm. (J. H.) hefir svarað rækilega þessari aðfinningu, þar sem hann sýndi fram á, að ákvæði þetta er gert til þess, að dvalarhreppurinn hreki eigi þurfalinginn burt frá sér að ástæðulausu. Þetta ákvæði er því sett í mannúðarskyni, og í hinum sama tilgangi er ákvæði 13. gr. um það, að dvalarhreppurinn skuli greiða $^1/_4$ hluta af flutningskostnaðinum. Vegna þess ákvæðis má ætla, að dvalarhreppurinn muni ekki hrekja þurfalinginn frá sér, nema nauðsyn krefji, þar sem það bakar dvalarhreppnum sjálfum kostnað, sem ekki fæst endurgoldinn. Það er hin mesta þörf að girða fyrir það í lögunum, að dvalarhreppurinn veiti sveitarstyrk yfir sanna þörf fram, og eins hitt, að hann rífi ekki menn upp, ef til vill frá búi sínu, án þess að brýn nauðsyn sé til fyrir hendi. Ástæðan fyrir því, að flutningskostnaðurinn er lagður að eins á þessa tvo hreppa, dvalarhreppinn og sveitfestuhreppinn, er sú, að öðrum hreppum landsins kemur slíkur kostnaður alls ekki við, og á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að þessir hreppar muni gera sitt ítrasta til, að kostnaðurinn verði sem minstur, úr því að þeir eiga að greiða hann að öllu leyti sjálfir. Eg hygg því að ákvæði þetta sé á fullum rökum bygt.

Sú athugasemd hjá h. 4. kgk. þm. (J. J.) er rétt, að ákvæði vantar í frumv. um það, hve lengi dragast má, að sveitarstjórnirnar endurborgi þann framfærslukostnað og flutningskostnað, er ber að endurborga til dvalarhreppsins. Það væri nauðsynlegt að bæta ákvæði um þetta í frumv., og væri ekkert á móti því, að ákveða ríflega vexti, ef eigi er staðið í skilum í tæka tíð.

Ummæli h. 1. kgk. þm. (J. H.) um það, að ýmisleg ákvæði muni vanta í frumv. þetta, sem nauðsynlegt væri að þar stæðu, eru sjálfsagt á rökum bygð. Það gæti því verið ástæða til, að setja nefnd til að íhuga frumv., einkum þar sem ýmsar mótbárur hafa nú komið fram gegn einstökum atriðum frv., sem ekki komu fram í þessari h. þingd. á síðasta þingi. En ógerlegt hygg eg sé að fella frv. með öllu. Mál þetta er svo mikilsvert og svo mikið vandamál, að nauðsynlegt er að ræða það sem ítrast, og að einnig gefist h. Nd. kostur á að ræða það; hvort sem úr því verður, að sett sé milliþinganefnd í málið eða

ekki, eins og tillaga hefir komið um í h. Nd., þá hefir mál þetta gott af því, að frumv. þetta sé rætt í báðum deildum.

H. þm. Barðstr. (S. J.) benti á, að menn mundu vera enn þá ánægðir með reglugjörðina frá 1834; vottur um það væri, að hún væri orðin meira en 50 ára gömul og þó óbreytt enn. Að vísu er reglugjörðin orðin svona gömul, sem kann að bera vott um, að ýmsir séu enn ánægðir með hana; en þó hygg eg að bæði ummæli dagblaðanna og ýmsar óskir um endurskoðun hennar, sem komið hafa frá ýmsum héruðum landsins, og stöðugar óskir um milliþinganefnd, til að undirbúa ný lög um fátækramálefni, beri vott um, að menn eru eigi alls kostar ánægðir með hana lengur. Það hafa bæði heyrst raddir um að breyta sveitfestunni á þann hátt, að hún skuli vera bundin við fæðingarhreppinn, og einnig að breyta á þann hátt, að lengja beri árafjöldann, sem sveitfesti valdi, og í þriðja lagi, að sveitfesti skuli falla saman við heimilisfang. Af þessum uppástungum sést berlega, að menn eru ekki ánægðir með sveitfestu-ákvæði reglugjörðarinnar.

Mín skoðun er sú, að þingið gjöri rétt í því, að reyna að gjöra breytingar á þeim ákvæðum reglugjörðarinnar, sem menn eru helzt óánægðir með, og breyta svo þeim lögum aftur, jafnóðum sem reynslan sýnir að breyta þarf. Það má ekki búast við því, að lög þessi verði svo úr garði gerð alt í einu, að þau verði fullkomin og engir gallar finnist á þeim, er farið er að framkvæma þau, og það enda þótt sett yrði milliþinganefnd til að undirbúa þau.

Eg vil eigi stinga upp á nefnd í málinu, en mun þó ekki verða á móti nefndarkosning. Eg óska að eins, að frv. fái að ganga til 3. umr.

Jón Jónsson: Eg var mjög hikandi í þessu máli á síðasta þingi, þegar það var hér til meðferðar í þessari h. þd., og eg lýsti því þá yfir, að eg gæfi því atkvæði mitt að eins vegna þess, að eg vissi, að það mundi ekki komast sem lög þá burt frá þinginu. Eg er engu minna hikandi að gefa frumv. atkv. nú, sérstaklega þess vegna, að tími sá, er þarf til að vinna sér sveitfesti, er færður niður í eitt ár. Eg veit vel, að tilgangur háttv. flutningsm. frumv. með þessu ákvæði er sá, að koma í veg fyrir bæði þurfamannaflutninginn og eins hitt, að sveitarstjórnir boli þá menn burtu úr sveitinni, er þær bera kvíðboga fyrir, að kunni að verða hreppnum til byrði. En eg hygg, að ekki sé með þessu fundið hið rétta og óbrigðula ráð til þess, að koma í veg fyrir þetta. Eg ímynda mér, að einmitt það, að svona stuttan tíma þarf til að vinna sveitfesti, geti orðið til þess, að víða verði reynt að hola þeim mönnum niður einhversstaðar utan hrepps eins árs tíma, sem menn óttast að verði hreppnum til þyngsla. Það mun oft hægt að telja ístöðulausum fátæklingum trú um, að betra sé fyrir þá, að breyta til og setja sig niður annarstaðar, t. a. m. við sjó, eða í annari sveit, svo að flækingur á mönnum muni ekki minka, þó þetta ákvæði frv. yrði að lögum. Eg skal játa það, að fátækraflutningur getur oft og einatt verið særandi; en mönnum hættir þó við, að mála slíkt með ofsvörtum litum; og mannúðarleg meðferð bæði á þeim mönnum, sem enn eru á sveit og þeim, sem fluttir eru fátækraflutning, fer árlega í vöxt. Eg hefi enga trú á því, að eins árs sveitfestutími muni geta til hlítar minkað fátækraflutninginn, heldur muni meira vinnast á þann hátt, að stækka það svæði, sem framfærsluskyldan hvíli á. Mig særir það einnig, að öllum þurfalingum er skamtað af sama troginu, jafnt ómálga barninu og dugnaðarmanninum, eins og drykkjurútnum og letingjanum.

Frumv. þetta hefir þó inni að halda ýmisleg ákvæði, sem eg felli mig vel við, svo sem ákvæði 13. gr. um, að flutnings-

kostnaðurinn skuli skiftast milli dvalarhreppsins og framfærsluhreppsins. Mér virðist það mjög hyggilegt ákvæði, og eg vildi jafnvel, að þessi flutningskostnaður ætti að skiftast jafnt milli beggja hreppanna. Ef slík ákvæði yrðu ekki til að hnekkja fátækraflutningnum, þá mun ekkert ákvæði laganna gjöra það. Afleiðing af slíkum fyrirmælum hygg eg að hlyti að verða sú, að fátæklingar yrðu ekki fluttir burtu að óþörfu, og hlutaðeigandi hreppar mundu reyna að miðla málum og koma sér saman um framfærsluna.

En allmörgum ákvæðum laga þessara get eg ekki verið samþykkur, og þar sem eg treysti mér ekki til að laga þau með breyt.till., sem eg hefði von um að yrðu samþyktar, mun eg ekki gefa ýmsum hinum einstöku gr. atkvæði mitt. En eins og h. þingd. er kunnugt, hefir h. Nd. með höndum till. um, að láta nefnd rannsaka alt þetta mál. Eg mun þess vegna gefa frumv. í heild sinni atkv. í þeim tilgangi, að það geti komist til h. Nd., því að auðsætt er, að það getur verið gott innlegg fyrir nefndina til að hafa það til hliðsjónar.

Kristján Jónsson: Eins og h. þm. sá er síðast talaði benti á, hefir komið fram í h. Nd. till. um, að skipa nefnd til að íhuga breyt. á fátækrareglugjörðinni. Þetta var okkur flutningsmönnum þessa frumv. kunnugt um, og var það því hugsun okkar, að koma frumv. þessu svo fljótt áleiðis til h. Nd., að þessi fyrirhugaða nefnd gæti fengið það þar til meðferðar. Eftir undirtektum þessarar h. þd. undir þetta frv. á síðasta þingi höfðum við flutningsmenn ástæðu til að vona, að h. þd. mundi nú taka frumv. vel, þar sem hún samþ. þetta sama frumv. 1897 mótmælalaust að kalla, og þótt h. Nd. svæfði málið í nefnd þá, án þess í ljós kæmi, hverja agnúa hún fyndi á því, virtist okkur rétt, að hún fengi það nú til meðferðar.

Eg skal játa það, að sum af þeim andmælum, sem frv. hefir nú fengið hér í þessari háttv. þd., komu mér nokkuð á óvart eftir þeim undirtektum sem það fekk hér á síðasta þingi. Að sönnu var ekki háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) hér í þd. þá, og ýmisleg af mótmælum annara þingm. munu vera sprottin af æðri og betri þekkingu, sem þeir hafa öðlast fyrir ummæli blaðanna og þingmálafunda. Eg held eg hafi kynt mér alt það, sem um frv. hefir verið ritað síðan 1897, eins og það sem fram hefir komið á málfundum um það, og hefi eg hvergi getað orðið var við það, að neitt hafi verið fundið að nokkurri annari grein þess en 1. gr. einni. Þetta er einkennilegt, þar sem hér er um allmikinn lagabálk er að ræða, og búast hefði mátt við, að hinir aðrir kaflar frv. hefðu einnig mætt árásum; en það hefir ekki verið.

Háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) benti á, að í frv. þetta vantaði ýmisleg ákvæði, og mun það satt vera. Við höfum ekki búist við, að það séu svo fullkomin lög, að þau geti náð út yfir öll tilfelli; enda ætluðum við reyndinni að sýna það á eftir, svo að hægt yrði að bæta úr því.

Aðalatriðið í þessu máli er, við hve langan dvalartíma framfærsluskyldan á að á bindast. Um þetta atriði lýsti eg skoðun minni á síðasta þingi og skal því ekki endurtaka það nú. Eg get ekki vikið frá þeirri sannfæring, að framfærsluskyldan eigi að hvíla á dvalarhreppnum; eg fæ eigi séð neina lagalega ástæðu til þess, að nokkur annar hreppur eigi að bera hana. En af praktiskum ástæðum, þar sem oft getur leikið vafi á um löglegt heimilisfang manns á þeirri stund, þegar hann þarf styrks, þá var það, að við bundum framfærsluskylduna við eins árs dvöl. Eins og meðflutn.maður minn lýsti yfir, mundi eg heldur ekki verða á móti, að framfærsluskyldan yrði bundin við 2 eða 3 ára dvöl.

Ýmsar raddir hafa heyrst um það, að fæðingarhreppurinn ætti að vera fram-

færsluskyldur, hvernig sem á stæði, en það virðist mér ranglátast af öllu því, sem fram hefir komið í málinu. — Að hugsa sér mann, sem um áttrætt verður þurfamaður og hefir 60 ár af æfi sinni lifað sómasamlega á sama stað, — en þeyta honum svo burtu við lok æfi hans, það getur aldrei talist sanngjarnt né heppilegt. Ef um vinnuhrepp er að ræða, sem nú er löghelgaður hjá oss, væri það eitt „princip“ rétt, að binda framfærsluskylduna við hina lengstu dvöl í einum og sama hreppi frá því maðurinn er 16 ára, hvort sem sú dvöl væri slitin eða óslitin. En þar sem slík ákvörðun mundi hafa í för með sér mikla vafninga og vífilengjur, bréfaskriftir mjög aukast og rannsóknir af ýmsu tagi, virðist ekki gjörlegt að leggja ákvæði í þessa átt til grundvallar í sveitfestislöggjöfinni.

Hinum helztu mótbárum, sem fram hafa komið um einstök atriði frv., hefir þegar verið svarað.

Í 4. gr. þýða orðin: „á löglegan hátt“, sama sem: eins og lög skipa fyrir og af þeim yfirvöldum, sem með málið á að fara, og er þetta samkvæmt almennum skilningi téðra orða.

Í 6. gr. er ætlast til að farið sé með málið, sem þar er um rætt, sem justitsmál.

Um 13. gr. hefir mikið verið talað. Eg skal játa, að það væri princip-réttast, að framfærsluhreppurinn bæri allan flutningskostnaðinn, því að flutningskostnaðinn má telja sem hvern annan þurfamannakostnað. En það er í samræmi við aðalhugsun frv., um skyldu dvalarhrepps gagnvart þurfalingi, að vér viljum leggja nokkurn hluta kostnaðarins á dvalarhreppinn. Og er þessari hugsun fylgt í greininni. —

Eg skal svo ekki orðlengja um frv. þetta; að eins taka það upp aftur, að tilgangur okkar flutnm. var sá, að koma frv., sem áður hafði sætt mjög góðum undirtektum hjá þessari deild, svo tímanlega til Nd., að nefnd sú, er skipuð verður þar, geti fengið það til meðferðar og tekið upp úr því það, sem nýtilegt kann að þykja, í hið endanlega frv., er gert yrði úr málefni þessu.

ATKV.GR: 1. gr. sþ. með 6 : 4 atkv. 2. gr. sþ. með 8 atkv., 3. gr. sþ. með 9 atkv., 4. gr. sþ. með 9 : 1 atkv., 5. gr. sþ. með 8 atkv., 6.—9. gr. sþ. með 9atkv., 10. gr. sþ. með 8 atkv., 11. gr. sþ. með 9 atkv., 12.—13. gr. sþ. með 8 : 3 atkv., 14. gr. sþ. með 7 : 2 atkv., 15.—16. gr. sþ. með 6 : 3 atkv. Fyrirsögn sþ. með 8 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 9 : 1 atkv.

Þriðja umr., 10. júlí (C. 22).

Júlíus Havsteen: Eg hefi skilið svo flytjendur máls þessa, sem þeim væri mjög ant um að frv. þetta geti komist niður í háttv. Nd., en jafnframt hefir háttv. 6. kgk. þm. (Þ. B.) látið í veðri vaka, að lítil von mundi vera um að það yrði sþ. þar; þess vegna fæ eg ekki skilið, hvers vegna þeim er svo ant um, að frv. þetta komist niður í neðri deild. Þeir hafa líka fátækrafrv. á prjónunum í neðri deild og nefnd í því, sem skipuð er legion manna.

Eg skal enn þá taka það fram, að mér finst ákvæðið um eins árs tímatakmarkið til sveitfestis, sem getið var um í 1. gr. frumvarpsins, vera mjög háskalegt ákvæði. Eg vil fyrir mitt leyti vona, að frv. komist ekki úr þessari deild, úr því það hefir slíkt ákvæði inni að halda.

Eg hefi áður tekið fram, hversu háskalegt þetta ákvæði er fyrir stórar sveitir, svo sem t. d. Reykjavík- og aðrar sjávar sveitir; en aftur á móti getur það verið heppilegt fyrir suma minni hreppa. Mér hefir alt af verið illa við að viðhafa orðið „hreppapólitik“, en hér finst mér vera vel við eigandi að viðhafa það. Að öðru leyti hefi eg ekki neitt á móti frv. þessu, því að það er að mínu áliti margt gott í því; en þetta ákvæði í 1. gr. um sveit-

festistímann er mjög svo slæmt, og þess vegna verð eg að greiða atkvæði á móti því.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Eg hefi aldrei örvænt um að frumvarp þetta geti náð fram að ganga í háttv. Nd., ef breyting væri gerð á því, sérstaklega að því er snertir ákvæði 1. gr. um sveitfestistímann. Eg hefi þvert á móti góðar vonir um að það geti komist í gegn í háttv. Nd., ekki sízt ef við flutnm. þess eru fúsir á að gera einhverja tilslökun í ákvæðum 1. gr.

Þar sem hinn háttv. 1. kgk. þm. (J. H.), mintist á að frv. þetta bæri vott um „hreppapólitík", þá held eg að það sé ekki rétt, því að þegar litið er á ákvæði 1. gr. sem gildandi fyrir landið sem heild, hygg eg ekki að þyngslin muni verða meiri fyrir það, hvort tímatakmarkið í 1. gr. er látið vera 1 ár 2 eða fleiri, og sveitarþyngslin breytast sífelt í hinum einstöku sveitarfélögum.

Eg álít enga samkvæmni í, að þessi h. deild felli þetta frv. nú, þar sem hún samþykti það með meiri hluta atkv. á síðasta þingi mótbárulaust, og því síður er ástæða til þess, þar sem hinn háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) lét í ljósi, að frv. hefði nokkur ákvæði, sem miðuðu til bóta frá því sem nú er. Eg vona þess vegna, að það fái að ganga til háttv. Nd.; og eg hefi meira að segja góða von um, að ef við flutningsmenn þess viljum gera nokkra tilslökun með ákvæði 1. gr., þá muni það fá þar góðan byr. Það má vel vera, að þetta ákvæði 1. gr. um árs tímatakmark til sveitfestis, sé ekki sem allraheppilegast; en þetta ákvæði fer þó í sömu stefnu og sams konar ákvæði í Noregi og Svíþjóð; og úr því að það reynist vel þar, hygg eg svo muni einnig verða hér á landi. Sem sagt munum við flutnm. þessa frv. fúsir á að gera tilslökun við h. Nd. um ákvæði 1. gr., ef á þarf að halda.

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 7 : 4 atkv. og afgr. síðan til h. Nd.

Alþýðustyrktarsjóðir.

FRUMVARP til laga um breyting á 7. gr. í lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 (C. 244); 1. umr., 29. júlí.

Sigurður Stefánsson: Frumv. þetta, sem hér liggur fyrir deildinni, fer fram á breyting á 7. gr. í lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki, sem segir, að þegar 10 ár séu liðin frá stofnun hinna einstöku sjóða, þá skuli helmingnum af hinu árlega gjaldi og vöxtunum árlega úthlutað.

Þó að eg væri á þingi, þegar þessi lög voru samin, þá var mér fyrir mitt leyti aldrei mikið um þau gefið. Mér finst það mjög óviðkunnanlegt, að leggja gjöld á eina stétt manna, sem engan fulltrúa hefir, hvorki hér á þingi né annarsstaðar, og ekki getur látið neitt til sín heyra, hvernig sem farið væri með hana. Eg býst nú við, að eg muni fá sama svarið sem þá, nfl. að þetta sé eingöngu gert til að tryggja henni sjálfri styrk á elliárunum; þessu vil eg heldur ekki neita; en hitt er víst, að þessi trygging á nokkuð langt í land, enda lítil þörf á henni, því hið opinbera er skyldugt að hjálpa þeim, sem á hjálp þurfa að halda.

Eftir lögunum frá 11. júlí 1890 eru undan þegnir gjaldi til styrktarsjóðanna allir félausir menn, sem fyrir ómögum hafa að sjá. Afleiðingin af þessu hefir verið sú, þar sem eg þekki til að minsta kosti, að fjöldamargir, eg held mér sé óhætt að segja alt að helmingi vinnuhjúastéttarinnar, hefir losast undan að borga gjöldin til styrktarsjóðanna, en eftir 7. gr. hafa allir þeir, sem eru eða einhvern tíma hafa verið vinnuhjú, rétt til að njóta styrksins, hvort sem þeir hafa borgað nokkuð eða ekki neitt. Þetta finst mér vera mjög óeðlilegt fyrirkomulag, enda vakti það í fyrstu mikla óánægju hjá alþýðu manna, bæði þetta atriði

í 7. gr. og eins það, að löggjafarvaldið yfir höfuð væri að hlutast til um að neyða menn til að borga gjöld, sem þeir engin not hefðu af. Þegar frá leið, minkaði þó óánægjan og menn fóru að sætta sig við lögin í þeirri von, að þessi 10 ár mundu þó líða og að styrktarsjóðirnir færu þá að verða einhverjum að liði, en nú lítur ekki út fyrir, að þessi von eigi að rætast, því frumv. það, sem hér liggur fyrir, vill lengja tímann, sem árleg gjöld og vextir eiga að leggjast óhreyfð við höfuðstólinn, um önnur 10 ár.

Eg skal nú raunar játa það, að eg hefi aldrei haft trú á, að þessir styrktarsjóðir mundu koma að verulegum notum, en þetta er þó að bæta gráu á svart ofan, því með því að lengja tímann, þá verða þessi gjöld, sem aldrei frá upphafi vega sinna hafa verið góð, enn þá ósanngjarnari og koma enn ver niður, því það er alt útlit fyrir, að þeir, sem hafa stofnað þessa styrktarsjóði, komi aldrei til að neyta eins eyris úr þeim, verði þetta frv. að lögum.

Auk þess, sem eg áður hefi tekið fram, skal eg leyfa mér að benda á eitt enn, og það er, að þessi styrktarsjóðslög miða til þess að draga úr þeirri sjálfsögðu og eðlilegu hvöt hvers manns, að bjarga sér sjálfur og leggja fram krafta sína til þess að hann ekki verði öðrum til þyngsla. Að því leyti sem löggjafarvaldið skiftir sér af högum einstaklingsins, finst mér það hljóta að eiga að vera til þess, að glæða hjá honum sjálfbjargartilfinninguna, en ekki til þess að ala upp í mönnum hugsunarleysi um framtíðina.

Áður en eg sezt niður, skal eg enn þá einu sinni taka það fram, að þegar til framkvæmdanna kemur með þessi lög, þá koma þessar styrkveitingar mjög ójafnt niður, þar sem mikill hluti þeirra manna, sem styrksins eiga að njóta, hefir aldrei goldið einn eyri í þessa sjóði. Væri nú samt sem áður svo, að almenningsþörfin krefðist þessara ákvarðana, þá skyldi eg ekki hafa haft á móti þeim með einu orði, en það er síður en að svo sé. Hér er ekki að tala um neina þörf, og hvað þetta frumv., sem nú liggur fyrir deildinni, snertir, þá er eg sérstaklega á móti því af þeirri ástæðu, að það að eins gerir ilt verra, með því að útiloka þá, sem fyrst hafa lagt í þessa styrktarsjóði, frá því nokkurn tíma að hafa nokkurt gagn af þeim.

Jónas Jónassen: Eg get tekið undir með háttv. þingm. Ísf. (S. St.) í öllu því, sem hann sagði um þessi lög. Eg verð að játa, að mér er meinilla við þau. Eins og nú gengur, þá borga vinnuhjúin ekki einn einasta eyri, en gjöldin lenda öll á húsbændunum. Eg segi fyrir mig, að mér dettur ekki í hug að efast um, að helzt ætti að afnema þessi lög með öllu, því þau gera ekkert annað en að uppala vondan hugsunarhátt hjá hjúunum. — Eg er viss um, að það gengur alveg eins víða í sveitinni eins og hér í Reykjavík, að það er ekki $^1/_3$ partur af vinnufólkinu, sem ber þessi gjöld sjálft, heldur hvíla þau eingöngu á húsbændunum.

Hvað sérstaklega þetta frumv. snertir, sem hér liggur fyrir, þá verð eg að vera á móti því, af þeirri ástæðu, að öll líkindi eru til, eins og háttv. þingm. Ísf. (S. St.) tók fram, að ef tíminn verður lengdur, þá verði þeir komnir undir græna torfu, sem helzt ættu að njóta styrksins og stofnað hafa sjóðina, án þess að þeir hafi fengið grænan eyri.

Þorleifur Jónsson: Eg stend að eins upp til þess að mótmæla skoðun hinna háttv. þingm., sem síðast töluðu, 4. kgk. (J. J.) og 1. þm. Ísf. (S. St.).

Þeir mintust ekki einu orði á frumv. sjálft, en töluðu að eins um lögin 11. júlí 1890, sem lítið koma þessu við.

Háttv. 4. kgk. (J. J.) sagði, að styrktarsjóðirnir væru mjög skaðlegir og miðuðu til þess að ala upp vondan hugsun-

arhátt hjá alþýðu manna. Eg verð að segja, að mér þykir þetta undarleg skoðun. Styrktarsjóðirnir eru og verða til þess að varna mönnum frá að komast á sveitina. Þeir aukast alt af meir og meir, því að eins og við vitum, má ekki skerða þá fyrstu 10 árin, og úr því sá tími er liðinn, ber að leggja við þá hálft gjaldið og hálfa vextina, og með því móti vaxa þeir í það óendanlega. Með tímanum verða þeir til þess að fyrirbyggja, að nokkurir sveitarómagar verði til. Þetta álitur háttv. 4. kgk. (J. J.) verða skaðlegt og til þess að ala vondan hugsunarhátt. Eg verð fastlega að mótmæla þessari botnleysis-fjarstæðu. Þar sem háttv. 1. þingm. Ísf. (S. St.) gat þess, að fjöldi þeirra manna fyrir vestan, sem gjalda ættu til sjóðanna, losuðust við gjaldið, þá þykir mér þetta ótrúlegt; það er þá annaðhvort hreppsnefndum að kenna eða að menn i Ísafjarðarsýslu eru meiri aumingjar og vesalingar en annarsstaðar, þar sem eg þekki til. Hátttv. 4. kgk. (J. J.) tók það fram, að $^1/_3$ hluti gjaldsins lenti ekki á þeim, sem ættu að greiða það, heldur á húsbændunum, en eg vorkenni ekki húsbændunum að taka þetta gjald af kaupi hjúanna.

Eg hefi fáa heyrt hafa nokkuð á móti þessu gjaldi fyrir norðan. Þar er það almenn skoðun manna, að sjóðirnir séu mjög góðir og nauðsynlegir, og þar sem gjaldið til þeirra er svo lítið, þá er það ekki tilfinnanlegt fyrir vinnufólk, eftir því kaupi, sem nú gerist. Annað mál er það, hvort heppilegt sé að lengja tímann upp í 20 ár. Ef sjóðirnir vaxa í það óendanlega, þá álít eg að réttast væri, að menn fengju styrk af þeim sem fyrst. Það kynni þó því fyr að drepa niður þennan lúalega og vesallega hugsunarhátt, sem komið hefir fram hjá þessum tveimur h. þingmönnum.

Sigurður Stefánsson: Eg þarf ekki að svara mörgu upp á ræðu hins háttv. þm. (Þ. J.), sem síðast talaði. Eg er honum samdóma í aðalatriði þessa máls, nfl. að lengja ekki tímann. Eg álít 10 ár vera full-langan tíma; og þar sem eg álít þetta gjald vera ósanngjarnt, þá álít eg heldur ekki ástæðu til að lengja tímann, eins og frumv. fer fram á.

Þar sem hinn háttv. þingm. tók það fram, að styrktarsjóðirnir myndu leiða til þess, að engir sveitarómagar yrðu til, þá álit eg oflangt að spá í eyðurnar um það. En að slíkir sjóðir dragi úr sjálfsbjörgunarhvöt manna, það stend eg við. Háttv. 4. kgk. (J. J.) og eg erum ekki einir um þessa skoðun, heldur er það álit margra merkra manna. Til dæmis hefir einn af hinum mestu auðfræðingum og hagfræðingum vorum farið þannig löguðum orðum um styrktarsjóðslögin frá 11. júlí 1890, er frumvarp til þeirra var til umræðu í þessari h. deild: „Í einu orði sagt, frumv. skapar fjölda af betlilúkum og ölmususvuntum. Ein betlilúkan kemur og segist vera heilsulaus; hreppsnefndin heimtar læknisvottorð; önnur kemur og segist vera ellihrum; af henni er heimtað fæðingarattest. Ef nú sú betlilúka er fædd austur á Eskifirði, en leitar styrksins hér í Reykjavík, þá getur orðið bið á að náist í vottorðið. Þar næst kemur alt þetta skrifvélabákn“ o. s. frv. Þessi orð, sem eg nú las upp, sýna, hvaða skoðun hinn mesti hagfræðingur vor hefir á þessu máli. Eg get því ekki betur séð, en að við höfum fullgóð tromp á hendinni, háttv. 4. kgk. (J. J.) og eg, að því snertir skoðun okkar á þessu máli. Eg skal svo ekki fjölyrða um frumv.; eg heyri engar raddir mæla með því.

Þorleifur Jónsson: Háttv. 1. þm. Ísf. (S. St.), sem nú settist niður, efaðist um það, að sjóðirnir yrðu til þess að varna mönnum frá sveit og að með tímanum yrðu sjóðirnir svo ríkir, að enginn maður þyrfti að lenda á sveitinni; en það er þó áreiðanlegt, að þess verður ekki ákaflega

langt að bíða, af því að sjóðirnir fara sí og æ vaxandi. Það sem verja má mönnum til styrktar af rentunum, fer því einnig sívaxandi, og fyr eða seinna verður sú upphæð svo há, að hún nægir til að varna því, að nokkur fari á sveit. Þetta er hverjum auðskilið og þarf ekki frekari skýringar við.

Þar sem háttv. sami þm. (S. St.) gat þess, að sjóðir þessir dragi úr „sjálfsbjargarhvöt“ þeirra, sem ættu að njóta þeirra, þá verð eg að segja, að eg skil ekki, á hverju hann byggir þá skoðun sína. Þá ættu sveitarsjóðirnir ekki síður að gera það, en þeim vill þó þingmaðurinn líklega halda. Ef styrktarsjóðirnir ættu að drepa sjálfsbjargarhvöt manna, þá ætti allur auður frá fyrri kynslóðum og allur arfur t. d. að verða til þess, og sjá allir, hvílík fjarstæða það er. Sterkustu sönnunina fyrir þessari skoðun sinni sótti hann til Arnljóts Ólafssonar. En það var ekki einn einasti maður, sem gaf þessum orðum hans, er háttv. þm. (S. St.) las upp, nokkurn gaum. Eg vona, að ekki verði tekið meira tillit til þeirra nú en þá, þótt þau komi frá munni háttv. 1. þm. Ísf. (S. St.).

Hallgrímur Sveinsson: Eg skal að eins leyfa mér að taka það fram, að þó eg áliti að söfnunarsjóðir séu góðir og geti orðið til gagns fyrir þá, sem ætlað er að njóta þeirra, þá verð eg samt, af ástæðum, sem þegar hafa verið teknar fram, að vera á móti frumv. þessu. Mér virðist sem sé ekki rétt eða hyggilegt, að þegar fleiri mönnum hefir verið gefin von um að njóta góðs af þessum sjóðum eftir ákveðinn tíma, þá sé alt í einu, þegar tíminn nálgast, kipt fótunum undan þessari von og sagt við þá: „Þið getið ekki fengið styrk strax; þið verðið að bíða 10 ár til“. Þess vegna álít eg varhugavert að lengja tímann, eins og hér er farið fram á, upp í 20 ár, því heldur sem sjóðirnirnir fara töluvert vaxandi, jafnvel eftir að farið er að útbýta vöxtunum. Eg álít þess vegna rangt, að samþykkja þetta frumv., ekki af því, að eg hafi hið minsta á móti slíkum sjóðasöfnum, sem eg þvert á móti álít góð og þarfleg, heldur af ástæðum þeim, sem eg nýlega nefndi.

ATKVÆÐAGR.: Frv. felt frá 2. umr. með 9 atkv.

Vinnuhjú og daglaunamenn.

FRUMVARP til laga um vinnuhjú og daglaunamenn (C. 218); 1. umr., 29. júlí.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): Hið fyrsta, sem athuga verður um þetta frumv., eins og önnur, sem fara fram á breytingar á gildandi lögum, er, hvort þörf er á frumv. eða hvort þær breytingar, sem það gerir, eru nauðsynlegar. Eg skal reyndar játa, að tilskipunin frá 26. jan. 1866 um vinnuhjú hafi verið gott lagaboð á þeim tíma, sem það var samið, en á hinn bóginn er ýmislegt í henni, sem nú á miður vel við og eg get ekki felt mig við, eftir því sem nú stendur á. Í lögum um samband vinnuhjúa og húsbænda finst mér umfram alt eiga að gæta jafnréttis milli húsbændanna og hjúanna, að svo miklu leyti, sem því verður við komið, en því fer fjarri, að þess sé gætt í tilskipuninni frá 1866. Það má færa ýms dæmi því til sönnunar, og skal eg nefna eitt til dæmis. Í þessari tilskipun er ákveðið, að sýkist hjú, og hvorki því sjálfu né húsbónda þess verði um það kent, þá skuli húsbóndinn fæða hjúið endurgjaldslaust meðan það er sjúkt, hvort sem það er lengur eða skemur, þótt það verði til næsta vinnuhjúaskildaga. Hjúið má liggja hálfan mánuð um slátt eða vertíð, og mánuð á öðrum tíma árs, án þess að kaup þess rýrist við það. Húsbændurnir hafa engan samsvarandi rétt

gagnvart hjúunum. Og svo eru ekki samsvarandi ákvæði um rétt hjúsins til að neita að fara í vistina, eins og um rétt húsbónda til að taka á móti hjúinu. Þar er hjúið réttlægra en húsbóndinn. Sama er að segja um rétt hjúsins til að ganga úr vistinni og rétt húsbóndans til að reka það úr vistinni. Það er ekki samsvarandi réttur, sem húsbóndi og hjú hafa í þessu atriði. Hjúið er þar einnig að sumu leyti réttlægra en húsbóndinn. Mér finst því nauðsynlegt, að breyta lögunum í þá átt, að meira jafnrétti sé á milli þessara tveggja stétta. Frv. þetta miðar til þess. Og sé í því nokkuð, sem hafa mundi aðrar afleiðingar en þessar, að tryggja sem bezt jafnrétti þeirra stétta, sem hér er um að ræða, þá er það engan veginn tilætlað, heldur komið inn óviljandi. Þegar tilskipunin frá 1866 var samin, þá er eins og vinnuhjúin hafi verið skoðuð minni máttar að sumu leyti og að þau þyrftu meiri vernd af hálfu laganna. Það kann ef til vill að hafa verið nokkuð í því á þeim tímum, þegar tilskipunin var samin, en því er engan veginn svo varið, eins og nú er. Vinnuhjúin eru nú fult eins sterk stétt eins og húsbændurnir eða sterkari. Merkur maður einn sagði um þetta á þingi fyrir nokkurum árum, að nú væru húsbændurnir ekki húsbændur, heldur hjúin húsbændur, og sýnir það, hve mikil breyting honum hefir fundist orðin á sambandinu milli húsbænda og hjúa.

Eg verð því að halda því fram, að nauðsynlegt sé, að koma á breytingu á vinnuhjúatilskipuninni, þó að hún sé að mörgu leyti góð. En enn þá meiri þörf er á ákvæðum um sambandið milli daglaunamanna og húsbænda, sem 2. kafli þessa frumv. hljóðar um, því að nú vantar algerlega allar ákvarðanir þar að lútandi. Ef húsbóndi vill ekki taka við daglaunamanni, sem hann hefir ráðið til sín, eða rekur hann burt úr vistinni, eða daglaunamaður vill ekki koma, þó ráðinn sé, eða rýkur burtu í miðju kafi o. s. frv., þá eru nú engin lagaákvæði til um það. Menn vita ekki, hvað við liggur, og fer oftast svo, að menn geta gert þetta alveg að ósekju. Öll þau tilfelli, sem koma fyrir í sambandinu milli hjúa og húsbænda, koma og fyrir þegar um samband húsbænda og daglaunamanna er að ræða. Og að segja, að ekki sé þörf á lagaákvæðum um skyldur og réttindi húsbænda og daglaunamanna gagnvart hvorum öðrum, væri sama sem að segja, að engin lög þurfi um vinnuhjú.

Eg þykist þá hafa sýnt, að breytingar á hinum núgildandi lögum um þetta efni séu nauðsynlegar, en hvort þær breytingar, sem hér er farið fram á, séu hinar heppilegustu, skal eg ekki um segja. Eg hefi hugsað mér, að stinga upp á því, að nefnd verði sett í málið, það verði athugað í henni og rætt hér í deildinni, sent síðan til Nd. og íhugað þar í nefnd og rætt, en mér er ekki áhugamál, að það komist í gegn á þessu þingi, heldur vil eg alt eins vel, að það bíði næsta þings, verði einnig rætt milli þinga, og álít eg, að málið með því móti fengi betri og heppilegri undirbúning.

Eg skal geta þess, að þetta frumv. er upphaflega ekki eftir okkur flutningsmenn þess, heldur bónda norður í Húnavatnssýslu, sem hefir talsverða reynslu í þessu efni, Hermann Jónasson á Þingeyrum; hann afhenti mér frumv. og bað mig að flytja það hér á þinginu. Við höfum síðan breytt því nokkuð. Í því var t. d. ætlast til, að allir, sem ynnu hjá öðrum, hvort heldur væri 1 dag eða 1 ár, væru skoðaðir sem hjú. Þetta álitum við flutnm. að kæmi í bága við lausamannalögin o. fl. Það eru ekki eingöngu lausamenn, heldur einnig húsmenn og jafnvel bændur, sem gefa sig í vinnu hjá öðrum sem daglaunamenn, og væri þá undarlegt, að skoða þá bæði hjú og húsmenn eða hjú og bænd-

ur, og þá kæmi það oft fyrir, að hjúið ætti ekki lögheimili þar sem það væri hjú. Við tókum því það ráð, að skifta frv. í tvo kafla, annan um vinnuhjú, hinn um dagalaunamenn, en efnið er yfirleitt það sama, sem í frv. Hermanns.

Við höfum til hægri verka fyrir háttv. deildarmenn látið prenta með skáletri, þær breytingar sem frv. gerir á gildandi lögum, en þær verða þó ekki sýndar til fulls, það getur t. a. m. ekki komið fram í frv., sem felt er úr vinnuhjúatilskipuninni.

Það hafa slæðst inn í frv. einstaka prentvillur, fæstar þó stórvægilegar, nema í 37. gr., þar stendur „tilskipun þessari“ í stað „lögum þessum“, og kann að vera, að það sé ekki prentvilla, heldur okkur að kenna.

Eg hef að svo stöddu ekki fleiru við að bæta, en óska að eins að menn ræði frv., lofi því að ganga til nefndar og taki það til nákvæmlegrar íhugunar.

ATKV.GR.: Flutningsmaður stakk upp 5 manna nefnd, var það samþ. með 6 atkv., og hlutu kostningu:

Þorkell Bjarnason	með	10	atkv.
Þorleifur Jónsson	—	10	—
Gutt. Vigfússon	—	9	—
Jón Jónsson . .	—	8	—
Kritsján Jónsson	—	6	—

og var síðan 1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 15. ágúst, (C. 218, 394).

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Eg sýndi fram á það, þá er frv. þetta var hér í háttv. þd. til 1. umr., að stefna þess væri í fyrsta lagi sú, að koma á meiri jafnrétti milli húsbænda og hjúa, heldur en nú á sér stað, eftir hjúatilsk. 26. janúar 1866, og í öðru lagi væri í frv. þessu sett lagaákvæði um verkafólk, sem ekki eru vinnuhjú, en sem hingað til hefir gjörsamlega vantað öll lagaákvæði um. — Eg skal eigi að þessu sinni, þar sem nú er framh. 1. umr. málsins, fara út í þær brtill., sem í frv. eru gerðar á hinum eldri lögum, né heldur út í br. þær, er í áliti nefnd. er stungið upp á að gera við frv. Eg ætla ekki að tala frekara um mál þetta, nema ef umr. kunna að gefa mér tilefni til þess. Eg óska að eins að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 17. ágúst.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Eg hefi áður við 1. umr. þessa máls minst á aðalatriðin í þessu frv., og að hverju leyti stefna þess er ólík hinum gildandi lögum. Nú skal eg leyfa mér, að fara í gegnum hinar einstöku greinar, og gera grein fyrir þeim breytingum, sem þær gera á tilskipun 26. janúar 1866 um vinnuhjú.

1. gr. frv. er alveg eins og 1. gr. tilsk., nema að í tilskip. er orðið sóknarprestur, en í stað þess er í frv., eins og nefndin vill orða það, haft „prests síns“. Að öðru leyti er greinin alveg eins og 1. gr. tilskipuninnar.

2. og 3. gr. frv. eru orðréttar tilsvarandi gr. í tilsk.

4. gr. frv. ákveður, að vinnuhjúaskildagi skuli um land alt vera 14. maí, og gerir enga undantekningu, þar sem aftur á móti 4. gr. tilsk. bætir við: „Samt skal í héruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eftir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gerðust, að skildaginn skuli vera annar“. Ástæðan til, að nefndin hefir ekki viljað halda þessari viðbót, er sú, henni fanst hún fyrst og fremst algerlega óþörf, þar sem henni var ekki kunnugt um, að hjúaskildagi væri neinstaðar á landinu annar en 14. maí, nema í Múlasýslunum, þar sem hann mun vera 3. maí, og í öðru lagi á áleit hún alls ekki heppilegt, að hjúaskildagi væri í neinum tilfell-

um ákveðinn fyr, sérstaklega til sveita, því að fé er oft ekki komið af heyjum öllu fyr; en það er mjög óholt að skifta um þá menn, sem eiga að hirða fé, áður en það er komið úr húsum. Sumir af nefndarmönnunum vilja jafnvel láta ákveða hjúaskildagann síðar á vorinu.

5. gr. frv. gerir þá breytingu á tilsk., að hún nemur burt þau ákæði í tilsvarandi gr., að hjú megi ekki ráða sig hjá öðrum húsbónda fyrir *jól*. Nefndinni fanst þetta ákvæði binda um of eðlilegt samningafrelsi hjúa, auk þess, sem þýðing þessara ákvæða 5. gr. tilsk. er óljós og hefir hingað til ekki haft neina praktiska þýðingu. Annars er 5. gr. frv. líkt og niðurlagið í 5. gr. tilsk., sektirnar alveg sömu, en svo bætt við, að sá seki borgi auk þeirra skaðabætur eftir mati óvilhallra manna, og býst eg ekki við, að neinum finnist það nein ósanngirni, svo eg ímynda mér, eg þurfi ekki að skýra það neitt frekar.

6. gr. frv. er eins og 6. gr. tilsk., að því undanteknu, að því er bætt við hér, að vistin skuli haldast, þótt húsbóndinn ekki hafi sótt hjúið fyrir Þingmaríumessu, ef hann hefir samið um það fyrir þann tíma, að vistráðin skuli haldast.

Þá er 7. gr. frv., sem er um, hvenær húsbóndi getur neitað að vitja hjús eða veita því viðtöku, alveg eins og 7. gr. tilskipunar, nema að því, að bætt er inn 2. lið gr., að húsbóndi geti neitað að vitja hjúsins, þegar næmur sjúkdómur gengur á dvalarstöð þess; þó getur hjúið krafist viðtöku strax og það sýnir læknisvottorð um, að það geti ekki flutt sýkina með sér, ef það hefir fengið annan í sinn stað eða boðið fullgilda borgun fyrir vinnumissinn. Mönnum kann að sýnast það nokkuð viðtækt, þetta orð „næmur sjúkdómur“, en hér er sérstaklega átt við næma sjúkdóma, sem ástæða er til að hefta með sóttvörnum.

Ef þetta ákvæði væri ekki, getur alt heimafólkið sýkst á því heimili, er hjúið flyzt til, og af því hlotist ekki einungis svo mikill skaði og fyrirhöfn, að ekki er hægt að reikna það út, heldur getur hér líka legið við líf manna.

8. gr. frumv. er alveg eins og 8. gr. tilsk.

Þá er 9. gr. frv.; hún er um rétt hjúsins til að neita að ganga í vistina. Í tilsk. eru engin sérstök ákvæði um það, nema að eins að því er snertir 3. lið gr., að húsbóndinn flytji sig meir en þrjár þingmannaleiðir eða 5 vikur sjávar; þau eru eins bæði í tilsk. og frv.; en að því er hina tvo liðina snertir, þá eru þeir settir í samræmi við það, sem ákveðið er í 7. gr. um rétt húsbóndans til að neita að taka á móti hjúinu. Það virðist ekki vera meiri ástæða til að neyða hjúið til að fara til þess húsbónda, sem hefir gert sig sekan í svívirðilegum glæp, heldur en að neyða húsbóndann til að taka á móti hjúi, sem það hefir gert. Hvað 2. liðin, snertir, þá virðist nokkuð líkt mæla með því, að hjúið ekki sé skyldugt að fara inn á heimili, sem næmur sjúkdómur geisar á, eins og eg tók fram áðan við 7. gr., að því er húsbóndann snertir; en auk þess mælir öll sanngirni með því, að sem mest jafnrétti sé milli hjúanna og húsbændanna. Í niðurlagi gr. er ofurlítil breyting gerð, nfl. að í staðin fyrir: „jafngóða vist“, komi: „vist í góðum stað“. Þetta er heppilegra, því það má lengi deila um, hvort einhver staður sé jafngóður öðrum. Svo hefir því verið bætt við í frv., að hjúið geti þó kosið heldur að ráða sig sjálft. Þessi viðbót er hjúinu að eins í vil, og býst eg því við, að eg þurfi neitt að verja hana.

10. gr. frumv. er samhljóða 10. gr. tilskipun.

11. gr. frv. fanst nefndinni réttara að orða þannig, að húsbændur skyldu gjalda hjúum kaup fyrir umsaminn tíma og skaðabætur eftir óvilhallra manna mati fyrir vistarrof, heldur en kaup og matarverð

fyrir vistartímann, eins og tilskipunin ákveður.

12. gr. frumv. vill nefndin breyta, svo hún verði í samræmi við 11. gr., því þar kemur aftur fyrir þetta sama ákvæði um matarverð.

13. gr. frv. vill nefndin færa aftur nær því, sem sama gr. í tilsk. segir, svo á henni verður því engin breyting frá því, sem nú er, nema að hjúið í samræmi við það, sem ákveðið er í 9. gr., getur kosið, ef það vill heldur, að ráða sig sjálft, en aðra vist á góðum stað.

Eftir því sem nefndin vill enda 14. gr., verður hún lík 14. gr. tilsk., nema að því er bætt við, að húsbóndi skuli leggja hjúinu til verkfæri til vinnu, en hjúið skuli leggja sér til það, sem það þarf til þjónustunnar, svo sem efni til bóta, sápu, handklæði og því um líkt. Þessu er bætt við, af því það hefir komið fyrir ágreiningur um þetta; en með þessu er tekinn af allur vafi. Nefndin leggur til, að fella burtu orðin: „en eigi getur það — rúmfatnað", og álít eg það fremur til bóta; en raunar var þó einn af nefndarmönnunum á móti þessari breytingu.

Við 15. gr. vill nefndin gera þá breytingu, að fella burtu orðin: „og skal, þegar lagðir skulu peningar í hundruð, virða þá eftir verðlagsskrár meðalverði". Þessi orð eru óþörf og þess utan ekki alls kostar rétt, og vill nefndin því ráða til að fella þau burtu.

16., 17., 18. og 19. gr. eru óbreyttar eins og í tilsk.

20. gr. tilsk. er um, að hjú séu undir húsaga. Þessa gr. vill nefndin ekki ráða til að taka upp í frumv., af því hún álítur þau ákvæði þarflaus og þess vegna réttast að nema þau burtu.

Þá kem eg að 20. gr. frv. eða að því, sem byrjað er að tala um sjúkdóma hjúsins. Í tilsk. er greint á milli, hvort veikindin eru að kenna ótilhlýðilegri breytni hjúsins sjálfs, húsbóndans eða loks af öðrum atvikum. Í frumv. var að eins greint á milli tveggja orsaka, nefnilega ótilhlýðilegri breytni húsbóndans og annara atvika. Nefndin vill nú breyta þessu aftur þannig, að tilfellin verði þrjú, eins og í tilsk., með því, að bæta inn í frv. *nýrri* gr., sem verður 20. gr., um það, er sjúkdómurinn er hjúinu sjálfu um að kenna. Í því síðastnefnda tilfelli verða ákvæði tilsk. látin halda sér óbreytt, eftir tillögu nefndarinnar, og í öðru tilfellinu, þegar sjúkdómurinn er ótilhlýðilegri breytni húsbóndans að kenna, sömuleiðis að mestu leyti. Í tilsk. er ákveðið, að húsbóndinn skuli kosta lækning hjúsins, en það vantar ákvæði um, að hann skuli gjalda því fæði og kaup; þessu hefir því verið bætt við hér.

Ef hjúið veikist af öðrum atvikum, vill nefndin ráða til, að það greiði sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri aðhjúkrun, eins og er í tilskipuninni. Eftir henni á hjúið einskis í að missa af kaupi sínu, sé legan eigi hálfum mánuði lengri um slátt eða vertíð, eða mánuði lengri um aðra árstíma, og á rétt á fæði endurgjaldslaust, en nú vill nefndin breyta þessu þannig, að það eigi ekki heimting á kaupi, meðan það er frá verkum; og að húsbóndanum sé aftur skylt, að fæða það endurgjaldslaust að eins þrjá mánuði, en eigi lengur. Eftir frumv. átti hjúið í þessu tilfelli að endurgjalda húsbóndanum fæðið, meðan það var frá verkum, en meiri hluta nefndarinnar fanst með þessu rýrður of mikið réttur hjúsins; þess vegna varð nefndin ásátt um, að hjúið borgaði sjálft lækni, og færi á mis við kaup, meðan það væri frá verkum, en hefði aftur rétt til þess, að fá fæði hjá húsbóndanum endurgjaldslaust í þrjá mánuði. Með þessu er farinn eins konar meðalvegur; og þar sem ákveðið er, að húsbóndinn skuli fæða hjúið í þrjá mánuði, þá er þetta allmikill réttur, sem hjúinu er veittur með þessu, og held eg eng-

inn geti álitið, að hér sé gengið á rétt hjúsins, þar sem ekki er hægt að benda á neinn rétt, sem húsbændur hafi gagnvart hjúunum, sem vegi upp á móti þessu.

23. gr. er um það, hvernig gildur skuli vera samningur milli húsbónda og hjús, og um að vistinni skuli vera lokið sakir sjúkleika þess. Hér er því farið fram á það, að slíkur samningur geti verið bindandi, svo sem þá er um engan eða lítinn flutning er að ræða, eins og oft getur komið fyrir, þá er tvíbýli er á bænum; eins í kaupstað milli húsa eða í þéttbýli við sjó. En sú trygging er þó sett, að eigi megi flytja sjúkt hjú, nema læknir áliti, að ekki sé mein þar af búið hjúinu né öðrum, enda þótt vistartíminn sé liðinn. Eftir hjúalögunum nægði álit sóknarprests eða tveggja skilríkra manna; en hér er ákveðið, að einungis læknir skuli dæma um það.

Við 24. gr. er lítil breyt.

Í 25. gr. eru ákvæðin um, fyrir hverjar orsakir húsbóndi geti rekið hjú úr vistinni; þau ákvæði eru öll hin sömu, sem í hjúalögunum, nema að bætt er inn í 3. lið, að nægilegt sé, að hjúið „leitist við“ að tæla börn o. s. frv. Eftir áliti nefndarinnar er slík viðleitni nægileg til burtreksturs. Svo er bætt við 12. lið, um „ef hjú fer af heimilinu, þótt á helgum degi sé, án vilja og vitundar húsbónda eða þess, sem er í hans stað“. Sumum kann að virðast það hart, að þetta skuli vera burtrekstrarsök; en eg verð að halda því fram, að það megi þó ekki minna vera en að hjúið láti húsbóndann vita af því, að sig langi til að fara eitthvað burtu, og biðji það um leyfi; mun það verða veitt í flestum tilfellum.

Úr 27. gr. vill nefndin strika 9. tölul. Þessi töluliður var upphaflega settur í frumv. vegna þess, að það virtist vera jafnrétti fyrir hjúið, að það gæti gengið úr vistinni, ef húsbóndi eða húsmóðir drýgði glæp, úr því að ákvæði 25. gr. tölul. 8 segir svo fyrir, að reka megi það úr vistinni, ef það drýgir sams konar glæp. En nefndin áleit, að ekki mætti halda þessu ákvæði þar, sem það gæti orðið mjög tilfinnanlegt fyrir heimilið, ef t. d. húsbóndinn væri tekinn fastur, að heimilið misti þá einnig hjúin.

Hinar aðrar breytingar við þennan kafla frumv. eru að eins afleiðingar af breyt. þeim, er eg hefi áður bent á.

Annar kafli frv. er um daglaunamenn. Það eru ný ákvæði, er eigi hafa verið lög til um áður, en þau eru eins nauðsynleg eins og lögin um vinnuhjú.

Í 32. gr. eru ákvæði um, að daglaunamenn skuli sjálfir annast flutning sinn þangað, sem þeir eru ráðnir til vinnu. Í 33. gr. er talað um, hverju það varði húsbónda, ef hann vill eigi taka við daglaunamanni, sem hjá honum er ráðinn. Við því liggur hin sama refsing, sem við því, að taka eigi við hjúi. Í 34. gr. er og ákveðið, að ef daglaunamaður kemur ekki til vinnu, skuli liggja sama við, sem þá er hjú riftar vistráðum. Í 35. gr. er tekið til, hvað daglaunamaður skuli leggja sér sjálfur til. Í 36. gr. er talið upp, hver ákvæði hjúalaganna skuli einnig gilda um daglaunamenn. 37. gr. er samkv. tilsvarandi gr. í vinnuhjúatilsk., og 38. gr. er um það, hver eldri lög skuli úr gildi numin með lögum þessum.

Eg hefi nú bent á hinar helztu breytingar, sem frumv. þetta og br.till. nefndarinnar ræða um, og skal eg svo ekki fjölyrða um málið, nema því að eins, að umr. gefi tilefni til þess.

Jón Jónsson: Eins og h. meðnefndarmönnum mínum er kunnugt, var eg þeim ekki alveg sammála, þótt eg vildi ekki koma fram með ágreiningsálit við álit nefndarinnar. Það var sérstaklega eitt atriði, sem eg gat ekki orðið meðnefndarmönnum mínum samdóma um, og það er eitt verulegasta atriðið í málinu, sem sé það, hvort hjúin hafi rétt til þess eða ekki,

að fá fæði hjá húsbændum sínum, ef það veikist eða slasast. Eg gat ekki verið því samþykkur, að hjúið hafi ekki fæði hjá húsbóndanum, þegar það veikist eða slasast, án þess því sé um að kenna.

Það kom fram á þingi fyrir nokkrum árum, þegar lausamannalögin voru til umræðu, að margir álitu hollara fyrir bændur, að hafa vinnufólk en lausafólk, og eg er því samþykkur; þótt eg vilji ekki binda fólkið með lögum til að vera í vist, þá álít eg fyrir mitt leyti hollara fyrir bændur, að hafa fast vinnufólk en kaupafólk, að minsta kosti að miklum hluta, og einmitt þetta atriði, að hjúið eigi rétt til þess, að fá fæði og hjúkrun hjá húsbændum sínum, þegar það veikist, og því er ekki sjálfu um að kenna, er það, sem dregur hjúin til þess, að vera í fastri vist, fremur en í lausamensku. Auðvitað má koma fram með þá mótbáru móti þessu, að það gæti verið þungbært fyrir húsbændur, að fæða hjúið, ef það legðist strax eftir krossmessu, og væri veikt alt árið; en slík tilfelli eru svo fágæt, að ekki er byggjandi lagasetning á þeim.

H. framsögum. (Þ. J.) tók það fram, að húsbóndi hefði engin réttindi, sem gætu vegið upp á móti þessu. Það má vel vera, að svo sé, að eftir lögum hafi þeir samsvarandi réttindi; en hér kemur líka annað atriði til greina, sem sé það, að hjú í vist hafa miklu lægra kaup en kaupamenn. Eg fyrir mitt leyti verð að telja það hollara, að halda sem lengst hinu góða og gamla sambandi milli húsbænda og hjúa. Sumir segja að vísu, að það sé alveg horfið; en eg get ekki álitið, að svo sé; það er að vísu talsvert breytt, frá því fyrst eg man til, en talsverðar menjar eru eftir af því enn, og þær álít eg löggjöfin eigi að styðja.

Þetta hefi eg viljað taka fram til þess, að sýna afstöðu mína til þessa máls. Eg er heldur ekki að öllu leyti ánægður með frv. þetta í heild sinni.

Eg álít, að það miði fremur til þess, að þrengja rétt hjúa, þótt sum ákvæði þess miði reyndar til þess, að bæta úr misrétti þeim, er nú á sér stað milli húsbænda og hjúa; en andi þess og orðalag bendir að mínu áliti í þá átt, að þrengja að rétti verkafólks, og er það sérstaklega varhugavert nú, þegar það er viðurkent, að kaup verkafólks sé svo hátt vegna fólkseklu, og svo fáir eru í vinnufólksflokknum. Eins og vér vitum, hefir áður verið mikil hreyfing meðal verkafólks hér á landi að flytja til Vesturheims, og nú er að grafa um sig töluverð hreyfing í þá átt, ekki sízt hér á Suðurlandi.

Eg hefi viljað hreyfa þessum atriðum, til þess að menn gætu íhugað þau við meðferð þessa frumv. Að vísu hygg eg ekki, að það muni komast út úr þinginu í þetta sinn; en eg álít gott, að sem flest atriði séu tekin fram, málinu til skýringar, og þess vegna hefi eg látið í ljósi skoðun mína á því, en ekki af því, að eg vilji gjöra hana að neinu kappsmáli.

ATKVÆÐAGR.: 1. br. (394) sþ. með 6 atkv.; 1. gr. samþ. með 8 atkv.; 2. gr. samþ. með 8 atkv.; 3. gr. sþ. með 8 atkv.; 4. gr. sþ. með 8 atkv.; 2. br. (394) sþ. með 6 atkv.; 5. gr. sþ. með 6 atkv.; 6. gr. sþ. með 8 atkv.; 7. gr. sþ. með 6 atkv.; 8. gr. sþ. með 8 atkv.; 9. gr. sþ. með 6 atkv.; 10. gr. sþ. með 8 atkv.; 3. br. (394) sþ. með 8 atkv.; 11. gr. sþ. með 8 atkv.; 4. br. (394) sþ. með 8 atkv.; 12. gr. sþ. með 8 atkv.; 5. br. (394) sþ. með 8 atkv.; 13. gr. sþ. með 8 atkv.; 6. br. (394) sþ. með 7 atkv.; 7. br. (394) sþ. með 8 atkv.; 14. gr. sþ. með 6 atkv.; 8. br. (394) sþ. með 6 atkv.; 15. gr. sþ. með 6 atkv.; 16. gr. sþ. með 8 atkv.; 17. gr. sþ. með 8 atkv.; 18. gr. sþ. með 8 atkv.; 19. gr. sþ. með 8 atkv.; 9. br. (394) sþ. með 8 atkv.; 20. gr. sþ. með 8 atkv.; 10. br. (394) sþ. með 7 atk.; 11. br. (394) sþ. með 6 atkv.; 12. br. (394) sþ. með 6 atkv.; 21.—22. gr. sþ. með 6 atkv.; 13. br. (394) sþ. með 7 atkv.;

14. br. (394) sþ. án atkvæðagr.; 23. gr. sþ. með 7 atkv.; 15. br. (394) sþ. með 6 atkv.; 24. gr. sþ. með 6 atkv.; 16. br. (394) sþ. með 6 atkv.; 25. gr. sþ. með 6 atkv.; 17. br. (394) sþ. með 6 atkv.; 18. br. (394) sþ. með 6 atkv.; 26. gr. sþ. með 6 atkv.; 19. br. (394) sþ. með 7 atkv.; 27. gr. sþ. með 7 atkv.; 20. br. (394) sþ. með 7 atkv.; 21. br. (394) samþ. með 7 atkv.; 28. gr. samþ. með 8 atkv.; 22. br. (394) samþ. með 7 atkv.; 29. gr. sþ. með 8 atkv.; 23. br. (394) sþ. án atkvæðagr.; 30. gr. sþ. með 8 atkv.; 24. br. (394) sþ. án atkvæðagr.; 31. gr. samþ. með 8 atkv.; 25. br. (394) sþ. með 8 atkv.; 32. gr. sþ. með 8 atkv.; 33. gr. sþ. með 7 atkv.; 26. br. (394) sþ. með 7 atkv.; 27. br. (394) sþ. með 7 atkv.; 28. br. (394) sþ. með 7 atkv.; 35. gr. samþ. með 7 atkv.; 29. br. (394) sþ. með 7 atkv.; 36. gr. sþ. með 7 atkv.; 30. br. (394) sþ. með 8 atkv.; 37. gr. sþ. með 6 atkv. Fyrirsögn frumv. sþ. með 7 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Þriðja umr. (C. 474); 21. ágúst.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Nefndin hefir komið fram með nokkrar breyt.till. við frv., og miða þær sumpart til að laga prentvillur og sumpart til að laga ósamkvæmni á stöku stöðum í frumv.

1. breyt.till. er að eins til að laga prentvillu.

2. og 3. breyt.till. við 9. og 10. gr. fara fram á, að í staðinn fyrir „matarverð“ komi: „skaðabætur eftir óvilhallra manna mati“. Nefndinni þótti vel við eiga, að gjöra þessa breytingu á þessum stað, af því að hvergi er talað um matarverð annarstaðar í frumv. og þá ekki heldur, hvað hátt skuli meta það. Þess vegna væri það ósamkvæmni, ef orðið „matarverð“ stæði á þessum eina stað í frv., en allstaðar annarstaðar „skaðabætur“. Þetta miðar til meiri samkvæmni. 4. breyt.till. við 36. gr. er til þess að laga prentvillu, nefnilega að orðin „ef daglaunamaður o. s. frv. . . . 14. gr.“ falli burt. Það hefir ekki verið numið burt, eins og þó hefði átt að vera eftir atkvæðagr. við 2. umr. málsins.

5. breyt.till. fer fram á, að á eftir 37. gr. komi sérstakur kafli, sem verði 3. kafli; nefndinni þótti fara betur á því. 38. gr. á við öll lögin; þess vegna þótti nefndinni rétt, að hafa sérstakan kafla um þetta. Þar að auki hafa slæðst inn í frv. nokkrar lítilfjörlegar prentvillur, sem eg mun sjá um, að verði leiðréttar, og álít eg því óþarfa að telja þær upp. Þó skal eg geta þess, að í seinustu línu 8. gr. stendur „geri“ fyrir „dragi“, og skil eg ekki, hvernig sú prentvilla hefir getað slæðst inn í frv.

Í 21. gr. er „ótilhlýðilegir“ fyrir „ótilhlýðilegri“ og auk þess vantar kommur í stöku stað, og skal eg sjá um, að það verði leiðrétt, áður en frumv. verður sent til h. Nd.

ATKVÆÐAGR.: 1. br. (502) samþ. með 7 atkv.; 2. br. (502) samþ. með 7 atkv.; 3. br. (502) sþ. með 7 atkv.; 4. br. (502) sþ. með 7 atkv.; 5. br. (502) samþ. með 7 atkv.; 6. br. (502) samþ. með 7 atkv. Frv. í heild sinni sþ. með 7 atkv. og afgr. til Nd.

Heilagfiskistollur.

FRUMVARP til laga um breyt. á lögum nr. 8, 6. marz 1876 um útflutningsgjald (C. 295); 1. umr., 5. ágúst.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Frumv. þetta höfum við flutningsm. komið með sakir þess, að lögin frá 6. marz 1896, sem breyttu lögum 13. apr. 1894, hafa orðið þess valdandi, að landssjóður hefir orðið fyrir allmiklum tekjumissi. Þessi lög 6. marz 1896 voru búin til hér á þinginu og samþykt með tilliti til þess, að nýtt íshús var bygt hér í Reykjavík, sem

ætlaði að spekúlera í því, að flytja út kola og heilagfiski, og þá þóttu lögin frá 13. apr. 1894 setja útflutningsgjaldið of hátt, þar sem það er þar ákveðið 10 au. fyrir 100 pd. af kolum og 30 au. fyrir 100 pd. af heilagfiski. Nú hefir reynslan orðið sú, að ekkert hefir orðið úr þessum fyrirhuguðu útflutningi af íshússins hálfu, sem þó lög þessi voru einmitt miðuð við. Aftur á móti stunda útlendir fiskimenn fyrir vesturlandi og víðar hér við land fiskiveiðar þessar, og þar sem útflutningsgjaldið á þessum vörutegundum er svona lágt, að varla borgar sig að innheimta það, sleppa þeir að mestu leyti við að greiða nokkurn hlut, enda þótt þeir skafi firðina. Það sýnist því ekkert óeðlilegt, að þessir menn greiði gjaldið eins og það var sett í lögunum frá 1894, þar sem þeir greiða ekkert annað en þetta til landsþarfa hér, og það því fremur, sem nú á þinginu er með öðru lagafrumv. farið fram á það, sumpart að hækka og sumpart að leggja nýtt útflutningsgjald á þá menn, er búsettir eru hér og bera með landsmönnum sjálfum allar skyldur og skatta. Með því að fallin er burt sú ástæða, er var því valdandi, að lögin frá 1896 voru búin til, vona eg að öllum virðist það rétt vera, að setja lögin frá 1894 í samt lag aftur. Eg treysti þess vegna því, að h. þingd. láti frumv. þetta ganga til 2. umr. og svo leið sína gegn um þingið.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 9 atkv.

Gagnfræðakensla m. m.

FRUMVARP til laga um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum (C. 49); 1. umr., 12. júlí.

Flutningsmaður (Jón Jakobsson): H. 2. þm. Ísf. (S. St.) og eg höfum leyft okkur að koma fram með frumvarp það, sem prentað er á þingskj. 49, um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum. Þessi h. þingd. þekkir vel þetta frumv., því að það er orði til orðs sama frv., sem samþ. var hér í deildinni á síðasta þingi með nálega öllum atkvæðum eða með 9 og 10 samhljóða atkv. við 1. og 2. umr., og að síðustu við 3. umr. með 9 : 1 atkv. Það er því auðvitað, að úr því þessi h. þingd. er skipuð að mestu leyti sömu mönnum nú, sem á síðasta þingi, þá muni mál þetta eiga hér marga góða fylgismenn.

Eg skal leyfa mér, að taka það fram, að frumvarp þetta var samþykt lítið eitt öðruvísi sem lög frá síðasta þingi, en það er hér liggur fyrir. En ástæðan til þess, að við flutningsmennirnir komum ekki fram með það nú í því formi, sem h. Nd. hafði gefið því, er ekki sú, að við ekki vildum aðhyllast þær breytingar, sem þar voru gjörðar á því, heldur af því, að við væntum, að það mundi verða sett í nefnd hér í deildinni, og þess vegna þótti okkur eðlilegra, að það kæmi hér nú fyrst fram í því formi, sem h. þingd. því nær einhuga hafði aðhylst.

Síðan frumv. þetta var afgreitt frá síðasta þingi, hefir það verið sent til umsagnar ýmsum mönnum hér á landi; það hefir einnig, eins og lög gera ráð fyrir, komist út fyrir pollinn og verið lagt þar á metarnar. Það hefir verið vegið af kennurum og yfirstjórn skólans og ráðaneytinu, en því miður of léttvægt fundið.

En þótt nú margir merkir og ágætir menn hafi verið á móti því, þá vona eg samt, að sú grundvallarskoðun sigri, sem liggur á bak við það; því að það er mín innilega sannfæring, að á bak við þetta frumv. standi miklu meiri kraftur en allir þeir merku menn hafa á að skipa, sem verið hafa um að fella það; þessi kraftur heitir: nauðsyn.

Mál þetta hefir verið borið fram og verður að líkindum framvegis borið fram,

af því að það er bersýnileg nauðsyn, að breyta skólanum. Skólinn er stofnun fyrir lífið, fyrir nútíðina og framtíðina; hann er ekki stofnaður fyrir fortíðina, ekki fyrir hina dauðu, heldur hina lifandi. Að halda dauðahaldi í fortíðina er sama sem að loka augunum fyrir nútíðinni og framtíðinni og þeim skyldum, sem lífið leggur oss á herðar. Lífið er stöðugt í framrás, skólinn á að annast framtíðarvonir Íslendinga, hinn unga æskulýð þeirra. Þess vegna verður hann að vera sem bezt úr garði gerður, til þess að veita hinum unga, uppvaxandi æskulýð sem bezta mentun. Hann á ekki að vera andlegur fornaldarsteingervingur. Lífið hrúgar stöðugt upp nýjum verkefnum, og í sambandi við það standa nýjar kröfur til nýrrar þekkingar. Eftir því, sem náttúruvísindunum miðar áfram, og aðrar fræðslugreinir (t. d. sagan) stækka, hlýtur skólinn bæði að taka upp fleiri nýjar námsgreinar, og auka kenslu í öðrum, sem þegar eru kendar, svo að alt verður erfiðara, eftir því sem tímar líða.

Það er alt annað mál, þótt þetta fyrirkomulag væri gott á 17. öld; þá var klassiska mentunin aðal-grundvöllurinn undir allri mentun og jafnvel aðalmentun tímans. Það er ekki hægt að halda dauðahaldi í hið gamla, nema með því að vanrækja hið nýja. Það er að vísu einn vegur enn hugsanlegur, nefnilega sá, að auka verkefnin og fjölga kenslustundum, en það mundi verða til þess, að ofbjóða kröftum nemendanna og gera seinni villuna verri hinni fyrri. Eg er ekki einn um þessa skoðun, sem eg hefi nú og áður látið í ljósi í þessu máli, hvorki hér á þingi eða annarstaðar, innanlands og utan. Þessi skoðun er nú alstaðar uppi á baugi og ryður sér æ meir og meir til rúms. Eg skal taka til dæmis ræðu þá, sem prófessor Gertz hélt um þetta mál í vetur; má ætla, að hann tali af fullkominni þekkingu um það, þar sem hann er háskólakennari einmitt í þessum sömu tungum, sem hér er um að ræða, latínu og grísku.

Þetta mál hefir einnig verið rætt hér í Reykjavík í skásta blaði landsins og það af allmiklu kappi á báðar hliðar, en þótt andstæðingur blaðsins í þessu máli og aðalforvígismaður forntungnanna sé þjóðkunnur gáfu- og fróðleiksmaður, þá hefir hann, að áliti allra þeirra, sem eg hefi átt tal við um þetta efni, farið halloka í þeirri deilu, enda hlaut það líka að vera svo, þar sem hann hafði þann málstað að verja, sem í sjálfu sér var óverjandi.

Eg skal leyfa mér að taka það fram, að í ráðgjafabréfi 27. sept. 1898 eru upplýsingar um, að hæstv. landsh. hafi leitað álits kennara og yfirstjórnar skólans um þetta mál, og eru þar teknar fram ástæður kennaranna móti frumv.

Í fyrsta lagi þótti þeim þau þrjú ár, sem frumvarpið fer fram á, að verja skuli til gagnfræðakenslu, of stuttur tími, ef námið ætti að verða nemendunum að gagni. Mér kemur ekki til hugar, að segja neitt ákveðið um þetta að sinni, hvorki fyrir mína hönd né meðflutningsmanns míns. En það hygg eg, að eg megi fullyrða bæði um mig og hann, að verði okkur sýnt fram á það með góðum og gildum rökum, að 4 ár séu nauðsynleg til þess að gagnfræðakenslan komi að tilætluðum notum, þá munum við eigi verða ófúsir til samkomulags um þetta atriði, ef það gæti orðið til þess, að þoka málinu eitthvað meira áleiðis.

Í hinu sama ráðgjafabréfi er það í öðru lagi tekið fram sem mótbárur gegn frv. þessu, að hin mikla takmörkun latínunámsins og afnám grískunnar verði að skoðast sem „fullkomið niðurdrep fyrir ætlunarverk skólans“. Eg verð að játa, að mér þykir þetta kynleg setning, svo kynleg, að mig hefði ekki furðað meira, þótt eg hefði heyrt náhljóð úr forfeðranna gröfum. Þessi setning væri auðvitað al-

veg rétt, ef það væri tilgangur lærðaskólans, að gera menn að sérfræðingum í latínu og grísku, og ef allir, sem á skólann ganga, ætluðu sér að verða það; en slíkt vita þó allir að hefir aldrei verið og verður aldrei ætlunarverk Rvíkur lærða skóla. Mín skoðun er sú, að tilgangur skólans sé að undirbúa á almennum mentunargrundvelli æskulýð Íslands undir lífið, að skerpa gáfur þeirra og skilning og veita þeim þá fræðslu, er þeim megi að gagni koma í lífsstöðu þeirra síðar meir, hver sem hún svo verður. Það væri líka hugsanlegur annar skilningur á þessari áðurnefndu kynlegu setningu.

Setjum svo, að ætlunarverk skólans væri að vera undirbúningsstofnun fyrir embættismenn; en að minni meiningu gæti ekki heldur sá skilningur réttlætt þessa setningu. Eða má eg spyrja: Hvaða not hafa sýslumenn, prestar og læknar af grísku og latínu eftir að þeir eru komnir í embætti? Það mætti ef til vill segja, ef menn vildu gera að gamni sínu, að gríska væri nauðsynleg fyrir prestana til þess að geta rannsakað nýja testamentið á frummálinu, en í alvöru mun slíku varla vera haldið fram af þeim mönnum, sem kunnugir eru grísku-þekkingu stúdenta. Eg efast heldur ekki um, að til muni vera ágætar enskar og þýzkar þýðingar yfir nýja testamentið, er muni vera mun betri og hentugri fyrir þá til að glöggva sig á en gríski frumtextinn, sem þeir ekkert skilja í.

Að því er til læknanna kemur, þá get eg heldur ekki séð, að þeir þurfi neitt á grísku og latínu að halda, úr því þeir eru komnir í embætti. Eg efast heldur ekki um, að háttv. 4. kgk. (J. J.), sem er forstöðumaður læknaskólans, muni ekki koma til hugar að leggja Hippocrates eða Cornelius Celsus til grundvallar við kennsluna á læknaskólanum; hann mun þykjast hafa aðrar miklu tímabærari og betri bækur að bjóða lærisveinum sínum.

Að því er sýslumennina snertir, þá hygg eg ekki að störf þeirra séu svo vaxin, að þeir hafi neitt með grísku og latínu að gera. Allur fjöldinn af embættismönnum lítur ekki í latneska eða gríska bók eftir að þeir eru komnir út í lífið og komnir í embætti.

Eg skal í þessu sambandi leyfa mér að taka það fram, að eg, sem eftir skipun stiftsyfirvaldanna hefi verið prófdómandi í latneskum stíl í skólanum við lokapróf í 4. bekk nú í 2 ár, get ekki annað sagt eftir beztu sannfæring, en að áraugurinn af hinu latneska stílanámi sé svo nauðalítill, að þeim tíma, sem varið er til stílsins, sé því nær gjörsamlega spilt. Það mun bráðum verða sett nefnd í þetta mál, og getur hún þá beðið um stílana og rannsakað, hvort þetta ekki muni satt, sem eg segi. Mér þætti annars fróðlegt að vita, hvort allir 7 kennarar skólans hafa verið samþykkir og einhuga um, að bera fram þá — eg vil ekki segja fásinnu, en — kynlegu kenningu, að takmörkun latínunámsins og afnám grískunnar væri „fullkomið niðurdrep fyrir ætlunarverk skólans“. Mér virðist eftir ráðgjafabréfinu svo, sem ráðgjafinn leggi ekki svo mikla áherzlu á latínu- og grískunámið, nema í sambandi við háskólann og prestaskólann. Að því er prestaskólann snertir, þá var á síðasta þingi fundið ráð til að bæta úr vöntun grísku-kunnáttunnar við inntöku á hann, og sé eg því ekki ástæðu til að endurtaka það nú. En hvað háskólann snertir, þá er það kynlegt, að prófessor Gertz, sem er alveg á sömu skoðun og þingið, að því er þetta mál snertir, vill ekki, að umbætur verði gerðar á skóla vorum, nema það sé gert í Danmörku fyrst. Það er sama sem að binda okkur á danskan klafa, að við ekki getum fengið neinar bætur á þessu hér fyr en breyting sé komin á fyrirkomulagið í Danmörku, og skal eg í þessu sambandi leyfa mér að taka það

fram, að þótt eg frá byrjun hafi verið á móti stofnun íslenzks háskóla og sé það enn, af því að eg tel þá stofnun ofurefli fyrir oss Íslendinga, þá væri það fyrsta sporið til að knýja mig til að gefa honum atkvæði, ef það reyndist svo, að háskólinn í Danmörku væri óyfirstíganlegur þröskuldur fyrir þeim umbótum á kenslumálum okkar, sem við getum ráðið við og þurfum að fá. Með tilliti til háskólans og prestaskólans skal eg enn fremur taka það fram, að eg álít ósanngjarnt, að allir nemendur í latínuskólanum þurfi að vera bundnir við gömlu málin, af því að sumir þeirra ætli sér að ganga á háskólann eða prestaskólann. Það er ekki reglan, að margir líði fyrir einn, heldur einn fyrir marga.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu. Að eins verð eg að lýsa því yfir, að það gleður mig, að bæði stiftsyfirvöldin eiga sæti í þessari háttv. deild. Eg ber svo gott traust til sanngirni og samvinnu þeirra, að eg efast ekki um, að þau muni veita þessu máli alt það liðsinni, sem þau geta, að óskertri skoðun þeirra á málinu að öðru leyti. En á hinn bóginn get eg sagt, að það er með sorg í sinni, að eg ber fram frumv. þetta, að því er afdrif málsins snertir, því að eg sé, að sigurinn er enn mjög óvís. En að hinu leytinu gleður það mig, er eg lít yfir sögu þessa máls frá 1893, hversu mikill framgangur þess hefir orðið hér á þinginu á síðustu árum, enda vona eg að þingið sé nú komið á þá skoðun í málinu, sem það að líkindum ekki breyti.

Eg býst við að nefnd verði sett í málið, en vil samt ekki stinga strax upp á nefnd, til þess að skera ekki fyrir umræður um það; en síðar mun eg stinga upp á 5 manna nefnd.

Landshöfðingi: Það kemur í ljós í bréfi ráðherrans frá 27. sept. 1898, þar sem færðar eru til ástæður fyrir því, vegna hvers lögin frá síðasta alþingi um kenslu í lærðaskólanum í Reykjavík og gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum náðu ekki konunglegri staðfestingu, að það, sem eg sérstaklega áleit vera því til fyrirstöðu, að þau lög gætu öðlast konunglega staðfestingu, var það, að afleiðing þeirra laga hlyti að verða sú, að stúdentar frá lærðaskólanum hér í Reykjavík mundu verða útilokaðir frá háskólanum í Kaupmannahöfn, — mundu ekki eins og nú hafa aðgöngurétt til hans. Þetta er í minum augum aðalagnúinn á þessum lögum alþingis, og þá eins á frumv. því, er liggur nú hér fyrir háttv. þingdeild. Vér getum ekki búist við því, að breytt verði skilyrðunum fyrir aðgönguréttinum til háskólans einungis til þess, að kenslunni við latínuskólann í Reykjavík geti orðið hagað öðruvísi en við tilsvarandi skóla í Danmörku. Eg á enda bágt með að trúa því, að það geti verið almennur vilji hér á landi, að loku verði skotið fyrir það, að stúdentar héðan frá lærðaskólanum geti stundað á eftir nám við háskólann í Kaupmannahöfn. Mér virðist það, hve margir sigla héðan til háskólans árlega og leggja stund á vísindi, sem ekki leiða til embætta hér, og ekki eru kend í hinum æðri skólum hér, sýna, að það muni naumast vera almennur vilji, að gera þessum mönnum og þvílíkum nám það ómögulegt. Það er þetta, sem eg hefi aðallega á móti frumv. þessu og tel aðalgalla þess, og fyrir því sé það naumast rétt, að reyna að pína það fram. — Þetta vona eg að nefnd sú, sem að líkindum verður sett til að íhuga frumv., athugi nákvæmlega, og það skyldi gleðja mig, ef hún gæti fundið ráð til að komast yfir þennan þröskuld.

Sigurður Stefánsson: Hæstv. landshöfð. hefir tekið fram, að hann teldi það aðalgalla við frumv. þetta, að afleiðing þess yrði sú, að stúdentar frá lærða skólanum í Reykjavík mundu verða, ef frumv. yrði

að lögum, útilokaðir frá námi við háskólann í Kaupmannahöfn. Það mun nú vera alveg rétt, að afleiðing slíkra laga mundi verða þessi, sem hann hefir bent á, og það mun í augum margra vera talsverður galli. En hér kemur þó fleira til greina. Vér höfum sjálfir læknaskóla og prestaskóla, og eg sé enga ástæðu til að nemendur gangi svo algerlega fram hjá þeim og streymi til háskólans í Kaupmannahöfn. Það er nærri því sorglegt, að landssjóður skuli kosta þessar tvær kenslustofnanir, sem báðar munu hafa ágæta kenslukrafta, en að samt skuli straumur nemendanna ganga fram hjá þeim báðum út til háskólans í Kaupmannahöfn, því að þeim skóla ólöstuðum er það sannfæring mín, að þeir, sem þaðan koma, séu ekki stórum hæfari að gegna köllun sinni en hinir, sem nema hér heima á þessum innlendu stofnunum okkar. Eg er að sönnu sjálfur ekki háskólagenginn, en eg hefi þá sannfæringu, að í þessum skólum geti nemendurnir lært nógsamlega alt það, sem af þeim er heimtandi til að geta á eftir rækt sómasamlega lífsstörf sín. Það er einungis í hinum svokölluðu sérfræðum, að Íslendingar verða að leita sér fullkomnunar erlendis, en í þeim fræðum, sem vér eigum æðri skóla fyrir, virðist mér engin þörf á þessum mikla straumi til útl. háskóla.

Eg hygg, að eigi verði þess langt að bíða, að almenningur sér það, að það er enginn skaði, þótt aðsóknin til háskólans minkaði að miklum mun, og að hitt er mest í varið, ef hægt yrði að fá framgengt þeim breytingum á náminu í lærðaskóla vorum, að mentun sú, sem hann veitti, yrði hagkvæmari og meira fyrir hið praktiska líf, heldur en hún er nú. Það er óneitanlega nokkuð hart, að eyða 6 árum af bezta hluta lífs síns til þess náms, sem allur fjöldinn hefir sárlítið gagn af á eftir. Eg verð að taka undir það með háttv. flutningsm. (J. Jak.), að grískunám presta hefir ekki stórmikla þýðingu fyrir þá allflesta. Það er í sjálfu sér litlu meiri ástæða til fyrir guðfræðinga, að geta lesið nýja testamentið á frummálinu, heldur en gamla testamentið; en eins og menn vita, kunna þeir ekki hebresku, sem útskrifast af latínuskólanum, og nýja testamentið er nú til í ágætum þýðingum á öllum nýju málunum ekki síður en hið gamla testamenti. Síðan vér höfum fengið hinar innlendu æðri mentastofnanir eru þau hlunnindi, sem íslenzkir stúdentar hafa við það, að hafa aðgang að háskólanum, ekki eins mikilsverð eins og áður fyr, þar sem nú námið innanlands veitir aðgang að fjölmennustu embættum landsins. Eg álít, að það sé skylda þingsins, að halda þessu máli fram, og efast eg ekki um, að nefnd sú, sem verður skipuð í það, muni taka þær léttvægu mótbárur, sem fram hafa komið gegn því, til rækilegrar yfirvegunar.

Hallgrímur Sveinsson: Eg get sagt hið sama um mál þetta, sem eg sagði á síðasta þingi. Eg hefi ekki haft ástæðu til að komast á aðra skoðun í því en eg hafði þá, hvorki um það, hvort það sé æskilegt í sjálfu sér, né heldur um það, hvort það sé tímabært. Eg geri ráð fyrir, að bæði háttv. flutningsm. og meiri hluti þessarar háttv. þingd. muni halda málu þessu fram, en eg mun, eins og eg gerði í hittið fyrra, greiða atkvæði á móti því, enda þótt eg sé hugsun þeirri hlyntur, sem liggur til grundvallar fyrir því. Eg verð að játa það, að fjöldamargar ástæður eru fyrir frumv., og mér þykir það illa farið, að eg get ekki komið atkvæði mínu í betra samræmi við það, sem eg tel eðlilegt og æskilegt.

Að svo miklu leyti, sem mál þetta hefir rætt verið á síðari tímum, hafa skoðanirnar aðallega gengið í þá átt, sem frv. þetta fer, að nauðsyn beri til að gera þær breytingar á kenslugreinunum í lærða skólanum, að færa þær í meira samræmi

við lífið, en fjarlægjast hinn eldri grundvöll latínunnar og grískunnar. Þessar hugmyndir eru óneitanlega meir og meir að ryðja sér til rúms bæði hér hjá oss og enda í heiminum fyrir utan oss, en að því er oss áhrærir, strandar málið á þeim þröskuldi, sem hæstv. landsh. lagði áherzluna á, sem sé sambandi lærðaskólans við háskólann í Kaupmannahöfn. Að vísu hefir verið tekið fram, að þörfin til háskólanáms sé nú orðin ekki eins knýjandi síðan vér höfum öðlast í landinu sjálfu tvær æðri mentastofnanir, er veitt geta sómasamlega og full-viðunanlega mentun tveimur fjölmennustu embættismannastéttum landsins. En þetta er ekki nægilegt; vísindagreinirnar eru svo margar og margbreytilegar og óhjákvæmilegt fyrir þá, er stunda vilja annað en guðfræðisnám og læknisfræðisnám, að sækja þá mentun til útlanda, og eins og hæstv. landsh. tók fram, er skilyrðið fyrir aðgöngurétti á háskólann það, hvaða nám sem stúdentar þar vilja stunda, að þeir hafi öðlast hinn sama undirbúning sem heimtaður er fyrir stúdenta í Danmörku.

Háttv. flutnm. mun frumv. þetta vera áhugamál og allmargir munu standa á bak við þá og skoða það sem eitt af velferðarmálum vorum. En þeir mega ekki missa sjónar á þröskuldi þeim, sem á veginum er. Stjórnin hefir nýlega sagt nei við sama frumv. og þessu, og þó að þeir kunni að hafa einhverjar vonir um, að straumurinn í Danmörku kunni að verða breyttur í mentamálum í líka stefnu, sem farið er fram á í frv. þessu, áður en næsta alþing kemur saman, þá tekur það að sjálfsögðu nokkurn tíma fyrir Dani sjálfa, að gera tilsvarandi breytingar á latínuskólum sínum, svo að litlar líkur eru til, að nokkuru sé niður slept, þótt frumv. þetta væri látið bíða til næsta þings, og að það geri því ekki annað nú en tefja fyrir öðrum málum. Hætt er við, þótt það verði nú samþykt hér á þingi, að ferill þess verði næsta líkur braut þess frumv., sem síðasta alþingi samþykti, og að það muni fá hinar sömu undirtektir og það frumv. fekk bæði hjá kennurum og stjórn lærðaskólans, landshöfðingja og ráðaneyti. Vér getum séð í hendi vorri afdrif þessa frumv. eftir því, sem útlitið er nú, af undirtektum ráðaneytisins undir lítið mál, er bæjarstjórn Reykjavíkur vildi fá liðsinni til að fá breyting á, en ráðgjafinn neitaði um liðsinni sitt til að breyta, af því að það stæði í nánu sambandi við fyrirkomulag í Danmörku. Það væri strax öðru máli að gegna, ef vér gætum haft von um að komast yfir háskóla-þröskuldinn á þann hátt, að myndað yrði t. d. sérstakt aðgönguþróf, en eg óttast, að sá vegur muni ekki verða farinn, og enda þótt ráðgjafaskifti yrðu í Danmörku, mundi hið nýja ráðaneyti feta hin troðnu fótspor fyrirrennara sinna og álíta tíma enn ekki kominn til þess að gera svona stórvægilega breytingu á grundvelli hinnar æðri mentunar. Eg verð því að álíta hyggilegast, að láta mál þetta hvíla sig á þessu þingi og sjá hverju fram fer í Danmörku. Þær tálmanir eru á því sem stendur, sem vér erum ekki færir um að ryðja úr vegi, en stjórninni er það ljóst, að oss er málið áhugamál.

Eg tók það fram á síðasta þingi, þá er mál þetta var hér til umræðu, að það er óneitanlega nokkur agnúi á þessu máli, að eftir fyrirkomulagi námsins á prestaskólanum útheimtir það kunnáttu í grísku. Millibilsnám í grísku, milli lærðaskólans og prestaskólans, yrði því að líkindum að verða afleiðing þessa frv. Það hefir að vísu verið bent á, að sem stendur sé straumurinn ekki mikill til prestaskólans, og ekki sé rétt að láta hina mörgu gjalda hinna fáu; þetta er að vísu satt, en það sama gildir um prestaskólann sem aðra skóla, að nokkur öldugangur er að því er aðsóknina snertir,

og breytist hún fram og aftur eftir ýmsum atvikum. Það þarf ekki nema útlit um batnandi vonir fyrir kjörum presta til þess að vænta megi að straumurinn örfist, og í öllu falli þarf að hafa það hugfast, hver ráð séu fyrir hendi um kenslu. Nýja-testamentisins á prestaskólanum, ef frv. þetta yrði að lögum. Eg vil ekki segja neitt ákveðið um það, hvert fyrirkomulag kynni að geta hugsast með kenslu na á prestaskólanum, hvort kenslu Nýjatestamentisins á frummálinu mundi verða haldið, eða hitt, að gríska n yrði einnig þar numin burtu, og Testamentið skýrt eftir vönduðum þýðingum, þó með því tilliti til frumtekstans, sem eftir kringumstæðum væri auðið að hafa. Um þetta vil eg ekki fyrirfram segja neitt ákveðið; það er vandasamt mál, sem mikla umhugsun þarf til að ráða úr, og sem eg hefi allan fyrirvara með.

Eg verð, eins og eg fyr sagði, að álíta það heppilegt, að mál þetta fái að hvíla sig nú á þinginu, og eg hefði helzt óskað, að það hefði ekki komið fram. Eg mun eins og í hitt ið fyrra greiða atkvæði á móti því, þótt eg beri hinn sama hlýja hug til þess, og vænti þess, að eigi verði þess langt að bíða, að þær tálmanir, sem nú eru á því, ryðjist burtu.

Flutningsmaður (Jón Jakobsson): Eg get verið hinum háttv. 2. kgk. (H. Sv.) þakklátur fyrir það, að eg sé að hann lítur með sömu sanngirni og vilvildarhug til þessa máls, sem hann bar til þess 1897. Það, sem aðallega skilur okkur, er það, að hann álítur málið enn ekki tímabært; en eg þykist sjá það á táknum tímanna, að grundvallarstefnu þessa máls þokar áfram ár frá ári. Vér sjáum og af dönskum blöðum, að talsverðar líkur eru til, að áður langt líður verði ráðaneytisbreyting í Danmörku, ef til vill svo stórvægileg, að vinstrimenn komist til valda; en einmitt margir helztu menn þeirra eru mjög hlyntir því fyrirkomulagi, að latína og gríska rými öndvegissæti sem mentunargrundvöllur. Og verði dómsmálaráðherrann og þar með ráðherra Íslands úr þeirra flokki, getum vér vænt fyrir oss framgang þessa máls.

Eg vil svo eigi þreyta háttv. þd. með fleiri ummælum, en leyfi mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði kosin í málið.

ATKV.GR.: Nefnd sþ. með 6 : 3 atkv. og kosnir:

Jón Jakobsson . .	með	9	atkv.
Sig. Stefánsson . .	—	9	—
Hallgr. Sveinsson .	—	9	—
Þorleifur Jónsson .	—	7	—
Júl. Havsteen . .	—	7	—

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 17. ágúst (C. 49, 432).

Flutningsmaður (Jón Jakobsson): Eg finn ekki ástæðu til að þessu sinni, að halda langa framsögu í þessu máli, sem bæði hefir verið á dagskrá þingsins síðan '91, og þar að auki rætt ítarlega bæði í neðri deild og hér í þessari deild, og það því síður, sem eg í nefndarálitinu hef reynt að láta í ljósi, hvað komið hefir nefndinni til að bera upp till. þá til þingsál., sem prentuð er á þsk. 432, í staðinn fyrir frv. það, er fyrir h. deild lá í fyrstu. Eg ætla því að þessu sinni einungis að taka fram nokkur einstök atriði.

Eg skal þá fyrst geta þess, að auk þeirra skjala, sem í nefndarál. er getið um að legið hafi fyrir nefndinni, hafði hún fyrir sér ýms skjöl frá 1895 og 1897 málinu viðvíkjandi, og hafði auk þess færi til að kynna sér álit skólastjóra um málð. Að því leyti, sem þess er getið í byrjun nefndarálitsins, hvernig kennarar skólans hafa tekið í málið, þá skal eg geta þess, að það er rétt, sem þar stendur, að mótspyrna kennaranna mót þessu máli var ekki eins mikil og ástæða er til að

ætla eftir ráðgjafabréfi frá 27. sept. 1898, því það kom í ljós við athugun skjalanna að 2 af þeirri 3 manna nefnd, sem kennarar hafa kosið til að íhuga málið, voru því gjörsamlega mótfallnir, en einn samþyktist frv. í öllum aðalatriðum. Þegar svo á kennarafundinn kom, fund fastra kennara við skólann, aðhyltust 2 af kennurunum till. minni hlutans, sem gengu í sömu átt og frv. frá 1897; einn félst á skoðun meiri hluta nefndarinnar, en einn tók sérstöðu í málinu, en álit hans mun þó fremur ganga í þá átt, sem frv. hafði farið, heldur en meiri hluta nefndarinnar. Það hefir líka komið í ljós, að það eru of sterk orð, sem viðhöfð eru í ráðgjafabréfinu, þar sem ekki var hægt að sjá af því annað en að bæði yfirstjórn og kennarar skólans álitu, að ef frv. alþ. frá '97 kæmist í gegn, þá yrði það fullkomið niðurdrep fyrir ætlunarverk skólans. Í kennaranna áliti eru ekki brúkuð svo sterk orð, heldur er þar af meiri hlutanum að eins sagt sem svo, að af hinu fyrirhugaða fyrirkomulagi mundi leiða óbætanlegan hnekki. Aftur á móti eru önnur orð í áliti skólastjórans, sem ekki er hægt að skoða öðruvísi en sem ákúrur til meiri hluta skólamálsnefndarinnar á þinginu '97, sem hafði þetta mál til meðferðar, þar sem skólastjórinn ber meiri hlutanum á brýn, að hann hafi gert sig sekan í skeytingarleysi og óáreiðanleik, eða eins og í dönskunni stendur: „Sködeslöshed og Uvederhæftighed“, og finn eg ástæðu til, fyrir mína hönd og meðnefndarmanna minna, að mótmæla þessum orðum sem of frekum og gífurlegum. Ástæðan til þessa dóms, sem skólameistarinn kveður upp yfir þeim, er um frv. fjölluðu, er sú hin helzta, að í tímatöflu, sem prentuð hafði verið við frh. 1. umr. frv. til skýringar því, hvernig nefndin hugsaði sér að haga mætti kenslunni samkvæmt frv., stóð, að náttúrufræði skyldi kend í öllum skólanum, bæði gagnfræðadeildinni og hinni lærðu deild, en í frv., eins og það fór frá þinginu, stóð, að hún skyldi kend í gagnfræðadeildinni einni saman; en þar sem tímatafla þessi var að eins sýnishorn, er prentað var við 1. umr. frv., en aldrei síðan, þó frv. sjálft tæki síðar breytingum, þá er auðsætt, að tímatöflu-sýnishorninu gat eigi alveg borið saman við frumv., eins og það var samþykt við 3. umr. Þessi ástæða er því ekki vel til fundin. Og þegar skólameistarinn finnur það dómi sínum til stuðnings, að prentvillur séu í frv., þá eru þær syndir, eins og h. þm. munu vita, fult eins mikið prentverkinu að kenna, eins og þeim, er málin flytja á þinginu. Eg skal svo bæta því við, að við framsöguna var einmitt bent á ýmsar af þessum prentvillum. Þessar ákúrur eru því allsendis ástæðulausar, og vildi eg feginn að þær hefðu aldrei fram komið, því að þær bera eigi vott um þá varfærni og stillingu, sem þessi embættismaður flestum öðrum fremur þarf á að halda í hinum vandasama og ábyrgðarmikla starfi sínu.

Þess er getið í 3. málsgr. nefndarál., og eg hefi ástæðu til að ætla, að það sé rétt, að nýlega hefir í Danmörku af hálfu forstöðumanna hinna dönsku privatskóla komið fram ósk um, að fyrirkomulagi skólanna yrði breytt, og að samþ. yrði nýtt fyrirkomulag á skólunum, er hvorki hallaðist að sögu- og máladeild né matematisk-fysisku deild hinna dönsku latínuskóla, heldur færi eins konar meðalveg milli beggja, yrði eins konar meðalvegsskóli, og eftir því, sem séð verður, hafa forgöngumenn þeirrar stefnu einmitt valið mjög líka leið þeirri, sem farin er í frv. alþingis 1897, að nema burtu eða takmarka nám hinna fornu mála og auka náttúrufræðisnámið o. s. frv. Eg hefi heyrt af kunnugum manni, að hinn núverandi kirkju- og kenslumálaráðgjafi sé þeirri stefnu hlyntur; en þar sem hún hefir sætt mótmælum af hálfu prestastéttarinnar dönsku, af þeirri ástæðu, að ýmsir álíta, að þetta

fyrirkomulag ríði í bága við þá gríska-þekking, er æskilegt væri, að guðfræðanemendur hefðu, þá hefir breyting þessi ekki verið borin upp fyrir ríkisþinginu enn þá, með því að kirkjumálaráðgjafinn að öllum líkindum býst ekki við að sitja lengi að völdum, og vill því ekki vinna það fyrir fylgi sitt við málið, að ganga í móti vilja stéttarbræðra sinna, þann stutta tíma, er hann á eftir að vera við völdin. Eg veit, að h. þdm. mun vera það kunnugt, að það hefir staðið í ýmsum blöðum, að ráðaneytið mundi ekki eiga langan aldur fyrir höndum, og það eru, sem sagt, allar líkur til, að það sé ástæðan til þess, að mál þetta hefir ekki enn þá verið borið upp fyrir ríkisþinginu. En þegar nú ástæðurnar eru svona, eins og eg nú hefi lýst, þá er efamál, hvort nokkuð sé unnið við það, að senda frv. um þetta efni frá þinginu; nefndin leit svo á, að málið ætti að koma undirbúið frá stjórninni til þingsins, enda gæti það hugsast, að atriði kæmist inn í frv., ef þingið fjallaði fyrst um málið, sem alþingi væri ekki kappsmál, en stjórnin vildi ekki samþykkja, og mætti það verða málinu til falls. Eg lít svo á, að ef þessi tillaga væri samþykt, mundi það að öllum líkindum flýta fyrir málinu; eg álít einnig, að hér sé svo hóflega farið í málið, sem framast má verða, og býst eg við að það muni leiða til einhvers árangurs. Að svo mæltu skal eg ekki fara fleirum orðum um þessa tillögu, en að eins lýsa því fyrir hönd mína og meðflutningsmanns míns, að við tökum frumv. aftur á sínum tíma; eg geri það ekki strax, til þess að útiloka ekki umræður um málið, ef einhver kynni að vilja taka til máls um það.

Frumv. tekið aftur.

Gagnfræðakensla m. m.
(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um kenslu í lærða skólanum (C. 432); ein umr., 19. ágúst.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Þá er frumv. það um kenslu í lærða skólanum var hér til umræðu, er við flutningsmenn tókum aftur, skýrði eg frá því, hverjar ástæður væru fyrir því, að nefndin valdi heldur þann veg, að afgreiða mál þetta í tillöguformi. Það er því nú ekki nauðsynlegt, að fara mörgum orðum um mál þetta. Eg vil að eins benda á það, að fyrri liður tillögunnar er tvískiftur, og í síðari hluta hans sleginn sá varnagli, að guðfræðisnemendur mundu eiga kost á að fá aukakenslu í grísku við lærða skólann, til þess að meiri líkur væru fyrir því, að já fengist sem svar upp á tillöguna; en gríska-þekkingin er það, sem háskólinn hefir krafist, og það, að hún verði ekki kend við skólann, hefir því verið talið sem aðalagnúinnn á því fyrirkomulagi, sem menn æskja helzt eftir á lærða skólanum.

ATKVÆÐAGR.: Stafl. 1 sþ. í e. hlj.; stafl. 2. samþ. í e. hlj. Tillagan þannig afgreidd til Nd.

Staður í Súgandafirði sérstakt brauð.
(Niðurlag frá 67. dálki).

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 201); ein umr., 27. júlí.

Sigurður Stefánsson: Frumv. þetta er komið aftur frá h. Nd. með ofurlítilli viðbót, sem eg ekki fæ séð, að spilli frumv. í nokkurn handa máta, og þar sem h. Nd. hefir tekið svo vel í málið, þá sé eg ekki neina ástæðu til að vera að fjölyrða meir um þetta mál, sér í lagi þar sem viðbót h. Nd. fellur alveg saman við meiningu mína með frumv., og vona eg, að

frv. fái hinar sömu undirtektir hér í deildinni nú, sem áður.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. sþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Stofnun hlutafélagsbanka.
(Niðurlag frá 545. dálki).

FRUMVARP til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi (C. 518, 564); frh. 1. umr., 25. ágúst.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Eins og h. þingdm. sjá af nefndarálitinu, þá hefir nefndin leitast við að átta sig á þessu þýðingarmikla máli, og reynt til að skýra afstöðu sína til þess. Með því að eg geri ráð fyrir, að allir h. þingdm. hafi lesið nefndarálitið, þá álít eg ekki þörf á hér sérstaklega að taka fram hvorki þau atriði, sem nefndin áleit að æskilegt hefði verið að ákvæði um hefðu verið tekin inn í frumv., en sem vantar, né heldur þau atriði, sem standa í frumv. og nefndin áleit eitthvað athugavert við. Yfir höfuð að tala leizt nefndinni að mörgu leyti vel á frumv., og henni þótti það mjög bagalegt, að tíminn skyldi ekki leyfa henni að taka þetta mikilsverða mál til eins fullkominnar og rækilegrar meðferðar og hún hefði óskað, svo rækilegrar meðferðar, að allir hefðu getað áttað sig á því, og hver komið fram með þær athugasemdir, sem hann óskaði, þær síðan orðið ræddar, og það af þeim tekið, sem horfa þætti til bóta, en hinum hafnað.

Eg sagði, að nefndinni hefði þótt það bagalegt, að tíminn væri örsök í því, að hún gæti ekki ráðið þetta mál til lykta á þessu þingi. Að vísu má nú segja, að hvorki nefndin né deildin hafi þeim kröftum á þetta mál að skipa, sem æskilegt væri, þar sem okkur vantar þá sérstöku þekkingu, sem þarf til þess, að dæma fullkomlega um þetta mál; en eftir þeirri þekkingu og því viti, sem nefndin hafði yfir að ráða, þá virtist henni frumv. gott og aðgengilegt, með örfáum breytingum, sem sumpart væru í því fólgnar, að bæta nokkrum ákvæðum inn í frumv., og sumpart fella önnur burtu; en það er þýðingarlítið, að fara nákvæmar út í þetta, þar sem svona stendur á, og jafnvel ekki leyfilegt, þar sem frv. er til 1. umr.

Að öllu þessu athuguðu finst mér ekki þörf á, að segja fleira um aðalatriðið í nefndarálitinu, en eg vil að eins óska þess, að h. þingd. taki eins vel og hægt er á móti þessu frumv., og lofi því að fara þá leið, sem þau frumv. vanalega fá að fara, sem deildin vill vel, og að það þess vegna megi ganga til 2. umr., þegar umr. um það er lokið.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Skipaleið inn á Hornafjörð m. m.
(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um að skipaleið inn á Hornafjörð og Papós og Salthólmavík við Gilsfjörð verði mæld (C. 501); ein umr., 23. ágúst.

Sigurður Jensson: Eg vildi að eins mælast til þess, að fá upplýsingar um, ef einhver væri fær um að gefa þær, hver bera eigi kostnaðinn af þessari þingsál.-till., hvort það er landssjóður eða ríkissjóður. Ef landssjóður á að gera það, og helzt ef það á að verða á næsta sumri, að mælingin á að fara fram, þá veit eg ekki, hvernig fara á að, því mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið farið fram á að veita nokkurt fé til þess.

Hvað Hornafjörð og Papós snertir, þá get eg trúað því, að það beri nauðsyn til að mæla báðar þessar hafnir upp; en hvað Salthólmavík snertir, þá verð eg að segja, að það eru margar aðrar hafnir og firðir á Breiðafirði, sem alt eins mikil þörf er á að væru mældar.

Eg get ekki gefið þessari tillögu atkvæði mitt, nema einhver geti frætt mig um, hvernig flutningsm. hafi hugsað sér, að till. yrði framkvæmd.

Hallgrímur Sveinsson: Það er fjarri því, að eg geti svarað spurningu h. þm. Barðst. (S. J.), en eg vildi að eins skýra frá, hvernig eg hafi hugsað mér, að till. gæti orðið framkvæmd, ef til þess kæmi.

Fyrir minni hugsun víkur þessu máli svo við, að þar sem í till. stendur, að alþingi skori á stjórnina að hlutast til um, að skipaleiðin á þessar tilgreindu hafnir verði mæld, þá muni framkvæmdin verða sú, að ráðgjafi Íslands sneri sér til embættisbróður síns, ráðgjafans fyrir sjóliðinu, og bæði hann, að láta eitthvað skip, sem hér væri við land um sumartímann, vinna verkið, eða, ef á þyrfti að halda, að senda þá skip til þess að mæla leiðina inn á þessar hafnir.

Ef það hefði verið tilgangur till., að þetta yrði gert á kostnað landsins, þá hlyti einhver ákvörðun að vera gjörð um, hvort landssjóður einn skyldi bera þennan kostnað, eða hann í sambandi við hlutaðeigandi héruð, eða loks héruðin sjálf eingöngu; en þessi tvö síðastnefndu tilfelli getur ekki verið umtalsmál um, því héruðin hafa sjálf ekki látið í ljósi neina ósk í þessa átt.

Þegar eg því greiði atkvæði mitt með þessari till., þá geri eg það í þeirri meiningu, að sjóliðsráðgjafinn láti rannsaka þessar leiðir, eins og hann svo oft áður hefir gert á öðrum stöðum, og gerir enn í dag, ekki upp á kostnað Íslands, heldur ríkisins.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 7 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 7 atkv. Tillagan síðan afgreidd til landshöfðingja sem þingsályktun frá báðum deildum alþingis.

Skipaleið inn um Lagarfljótsós m. m. (Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um rannsókn á Lagarfljótsós (C. 164); fyrri umr., 26. júlí.

Jón Jónsson: Eg var eigi viðstaddur, þá er h. Nd. ræddi þessa þingsál., en eg hefi heyrt, að hún hafi átt þar nokkuð örðugt uppdráttar, en eg vona, að þessi h. þd. verði henni hlyntari.

Eg þarf eigi að lýsa því hér, hversu örðugir allir aðdrættir eru upp til Fljótsdalshéraðs; flestum h. þdm. mun það kunnugt vera. Það hefir verið stungið upp á tveimur leiðum til þess, að bæta úr þessu. Önnur er sú, að sigla upp Lagarfljótsós, og með því að vafasamt hefir þótt, hvort það gæti komið að liði, hafa menn eigi viljað sækja um styrk til þess að nýju af opinberu fé. Hin leiðin er sú, sem nú er í vegalögunum, að leggja flutningabraut yfir Fagradal til Reyðarfjarðar. Menn á Austurlandi skiftast mjög í tvo flokka um það, hverja þessa leið heppilegra sé að fara, og fyrir því er það, að óskað er eftir, að þetta hvorttveggja, þessir tveir vegir séu ítarlega rannsakaðir, áður en farið er að biðja um fé til framkvæmdanna. En það er öllum ljóst, að nauðsyn ber til, að úr þessu verði ráðið sem fyrst. En hitt hygg eg að eg megi fullyrða, að allir verði ánægðir, hvor leiðin sem valin verður, og að allir hinir gætnari menn vilja, að rannsókn fari fram, svo að á henni sé hægt að byggja fjárframlög á næsta alþingi.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hversu mörgum þúsund kr., jafnvel tugum þúsunda hefir verið kastað út til fyrirhyggjulausra vegagerða, meðan vér enga þekking höfðum á vegagerð og engan vegfræðing höfðum, er rannsakað gæti og reiknað út, hvar vegir ættu helzt að liggja, hvernig þá skyldi byggja o. s. frv. Eg vonast því eftir, að h. þd. taki vel till.

þessari, þar sem að hún fer einmitt svo gætilega, að biðja að eins um rannsókn, er þingið svo síðar geti bygt á. Eg skal játa það, að mér hefði þótt betra, að till. hefði hljóðað eins og þá er hún kom fyrst fram, nefnilega að útlendur verkfræðingur væri tekinn til þessarar rannsóknar, því að eg hygg, að þessi eini verkfræðingur, sem vér höfum hér á landi, muni hafa ærið mikið að starfa, og að hann muni því trauðlega fá tíma til að framkvæma það, sem ætlast er til í till. þessari. Og í annan máta hygg eg, að eg megi fullyrða, að hinn norski verkfræðingur, er var hér í fyrra, hafi áunnið sér traust bæði norðanlands og austan fyrir áætlanir sínar og rannsóknir. Því miður hafa skýrslurnar um gjörðir hans enn verið hulinn leyndardómur fyrir flestum þingm., svo að eg get ekkert um þær talað nú, en eg vona, að þær verði orðnar h. þm. kunnar, áður en mál þetta kemur til síðari umr.

Þar sem báðir liðir till. sýna svo mikla varfærni og gætni, þykist eg mega vænta, að h. þingd. taki þeim vel og samþ. till. í heild sinni.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vil því fremur mæla með frv. þessu og styrkja það eftir því, sem kostur er á, sem eg vildi óska, að lík tillaga hefði komið fram fyrir mörgum árum. Það hafa lengi verið gerðar tilraunir til að sigla upp Lagarfljótsós, bæði af opinberu fé, fé einstakra manna og héraðsbúa. Þessar tilraunir hafa ekki hepnast, þær hafa lagst niður, og þeir, sem hafa lagt fram fé til þeirra, hafa skaðast á því. Af því að þessar fyrri tilraunir hafa ekki hepnast, þá er nú komin fram ný tillaga, um að athuga, hvort nokkuð verði gjört til þess að laga ósinn.

Eg er h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) samdóma um, að hér sé farin bæði gætileg og óheimtufrek leið, þar sem til þess er mælst, að verkfræðingur landsins rannsaki ósinn. Það er ekki farið fram á, að kosta sérstakan mann til þess, heldur ekki að það sé gjört nú þegar, heldur svo fljótt og svo útlátalítið, sem því verður við komið eftir kringumstæðum. Hér er því ofur-spaklega farið, og mér finst ekkert á móti því, að verða við þessari ósk hlutaðeigandi héraðsbúa. Hér er um stórt, fjölment og fagurt hérað að ræða, þar sem er mikil bygð frá dalabotnum niður til sjávar, hérað, sem hefir mikla fegurð, mikil gæði og ötula menn, þar sem ervitt er að ná til sjávar, vegna þess að héraðið er lokað að austan frá fjörðunum af háum fjöllum, og ófærir eða illfærir árósar og sandar á norðausturhlið. Það væri því æskilegt, ef gott væri til hafna, þar sem héraðið liggur að sjó, en það er nú síður en að svo sé. Það er eðlilegt, að héraðsbúar horfi oft vonaraugum til sjávarins, og óski heitt, að eitthvað mætti úr því greiðast, að þeir geti náð til sjávar á hægri hátt en nú á sér stað, svo að þeir ekki þurfi að klifrast yfir brött og illfær fjöll, þar sem flutningar eru næsta torsóttir, og oft hafa bæði manntjón og skepnutjón í för með sér. Það væri því mjög æskilegt, að bætur fengjust á þessu. Þar sem nú tillaga þessi ekki gengur í þá átt, að nefna einn einskorðaðan hlut og ekkert annað, heldur fleiri hugsanlega vegi, þá finst mér í því lýsa sér mikil sanngirni og frjálsleiki í hugsun, að binda sig ekki við neitt óskabarn, er menn hafa kastað á öllum kærleika sínum, og vilji ekkert annað þýðast í þessu samgöngumáli, heldur að reyna að fá bætur á einhvern annan hátt, eftir því, sem bezt gegnir.

Þessi tillaga virðist mér því bera fagran vott um, að þessir menn hafi viljað varast alla hreppapólitik. Það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að héraðapólitík komi fram í slíku máli sem þessu, enda getur það orðið án þess að skaða aðra, og þá er það ekki nema gott.

Það væri æskilegt, að rannsakað væri, hvort bætt yrði úr þessum samgönguerfiðleikum með akvegi eða höfn. Eg fyrir mitt leyti hallast helzt að þeirri skoðun, að heppilegra væri að leggja veg. Eg hefi að vísu ekki komið að ósnum; en fljótt sýnist svo tilsýndar, sem stórir erfiðleikar muni vera á og veik von um, að gera þar svo góða höfn, að skip geti athafnað sig. En hitt hefi eg aftur á móti heyrt sagt — eg gat ekki kynst landslagi á Fagradal, þegar eg var þar nýlega á ferð, — að þar sé fremur óerfitt til vegalagningar. Ef akbraut væri þar lögð, þá mundi það verða stórmikil bót; þegar komið er til Reyðarfjarðar, þá er þar fyrir góð höfn. Ef rannsókn gæti leitt til þess, að greitt yrði úr þessu meini með því, að góður landvegur fengist, þá væri vel farið, og vel gert af þinginu, að greiða tillögu þessari framgang.

Aftan við þessa tillögu er á sama þingskjali einnig tengd önnur tillaga um, að rannsaka lendinguna í verstöðinni í Bolungarvík í Ísafjarðarsýslu, og að gera áætlun um kostnaðinn við byggingu brimgarðs, er geri lendinguna tryggari og hættuminni. Þetta virðist einnig vera mál, sem þingið ætti að styðja. Þessi verstöð hefir verið mikið notuð um langan aldur, og menn hafa þar dregið mikinn afla á land. Verstöð þessi liggur nærri opnu hafi; strönd er þar nærri bein, ekkert afdrep og því brimasamt, en stórgrýtt mjög; er þar því næsta torsótt landtaka; þess vegna hefir verið talað um, að byggja þar bárugarð, en líklega ekki verið skoðað af verkfróðum manni. Eg vildi því óska, að þeir menn, sem nota lendingu þessa, gætu fengið verulega bót á vanhögum sínum, því að þess er í mesta máta þörf.

Sigurður Stefánsson: Eg er þakklátur h. 2. kgk. (H. Sv.) fyrir undirtektir hans undir síðari hluta þessarar tillögu.

Þeir, sem þekkja til, vita, að það er full nauðsyn á að gera við lendinguna í Bolungarvík. Þar er, eins og menn vita, ekki einungis ein hin elzta veiðistöð á Íslandi, heldur einnig hin fjölsóttasta. Þar ganga 50—70 skip til fiskjar á hverri vertíð með 300—400 mönnum. Lendingin er ákaflega vond, svo vond, að menn verða oft, þótt logn sé, að sitja í landi vegna brima. Þó gert sé við hana og allur þessi mannfjöldi standi í því að ryðja hana, og eyði til þess miklum tíma og kröftum, þá sér þess enga staði, — þó hún sé rudd í dag, er hún ófær á morgun, og þannig verður árangurinn af erfiði margra manna að engu. Eg skal nú láta það ósagt, hvort hægt sé að gera við lendinguna, svo að liði sé; það er óvíst, vegna þess, að það hefir aldrei verið rannsakað af vel fróðum manni; en það er hin brýnasta nauðsyn, að fá það gert hið fyrsta; því að mönnum er farið að ofbjóða, hversu mörg slys hljótast af þessari vondu lendingu, auk atvinnutjónsins, sem af henni leiðir.

Eg sagði, að þessi veiðistöð væri fjölsótt, því að auk þess, sem þangað er sótt úr allri Ísafjarðarsýslu, þá sækja menn einnig björg þangað úr Dala- og Strandaog Barðastrandarsýslum, svo það er ekki eingöngu Ísafjarðarsýsla, sem mundi hafa gagn af því, að lendingin yrði bætt, heldur einnig fjöldi manna í öllum þremur sýslunum. Eg vona þess vegna, að h. d. taki þessu vel; ef ekki reynist hægt að að gera við lendinguna, þá nær það ekki lengra, og þá verður ekki um önnur útgjöld að ræða en þau, sem ganga til skoðunarinnar.

ATKV.GR.: Frv. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Síðari umr., 31. júlí (C. 164, 227).

Jón Jónsson: Við fyrri umræðu þessa máls fór eg nokkrum orðum um nauðsyn á samgöngubótum þeim, er hér er um að ræða, og um tilgang þessarar þingsálykt-

unartillögu. Eg þarf því eigi að tala meira um það. Það er að eins um þessar breyt.till., sem eg hefi komið fram með ásamt öðrum háttv. þingmanni, að eg vildi tala fáein orð. Hin fyrri af þessum breyt.-till. fer fram á, að fyrir orðin: „verkfræðing landsins“, komi: „útlendan verkfræðing“.

Eg skal geta þess, að mér hefir verið bent á, að það mundi ekki vera rétt formsins vegna, að samþykkja þessa breyt.till., þar sem h. neðri deild hefir áður felt sams konar tillögu; verði þannig þingsályktanir deildanna ósamkvæmar, og stjórnin viti ekki, eftir hvorri hún á að fara. Og það geti orðið til þess, að stjórnin geri ekki neitt. En eg skal benda á það, að ef væri ætlast til þess, að fenginn yrði útlendur verkfræðingur, þá mundi þingið veita fé til þess á fjárlögunum, svo að því leyti get eg ekki betur séð en að sú ástæða sá léttvæg. En ef þingið veitir ekki fé, þá sér stjórnin auðvitað, að það ætlast ekki til, að ráðinn sé útlendur verkfræðingur.

Ástæðan til þess, að við höfum sett: „útlendan verkfræðing“, er sú, að í tillögunni er ekki einungis gert ráð fyrir vegalagningum, heldur er og að ræða um, hvort ekki mætti gera betri uppsigling á Lagarfljótsós. Við ímyndum okkur, að þessi verkfræðingur landsins hafi eigi lagt sérstaklega fyrir sig þá grein verkfræðinnar, og sé því ef til vill ekki vel fær um að rannsaka hafnarstæði, og þess vegna álítum við tryggara að fá útlendan verkfræðing, sem hefir lagt meiri stund á þessa sérstöku grein verkfræðinnar. Eftir þeirri reynslu, sem við Austfirðingar höfum, um þennan verkfræðing landsins, þá höfum við ekki sérlega mikla trú á honum, og stjórnin virðist eigi heldur hafa mikið álit á honum, þar sem hún hefir bygt áætlun sína um kostnað við Lagarfljótsbrúna á tillögum útlends verkfræðings, en ekki á tillögum þessa verkfræðings, sem allir vita að bar mikið á milli. En eg ætla ekki að fara lengra út í þetta mál, en vona, að h. deild samþykki þessa breyt.till. okkar.

Síðari breyt.till. er að eins eins konar skýring á orðunum í þingsályktun þeirri, sem samþykt var í háttv. neðri deild, og eg skal játa það, að mér er sú breyt.till. ekkert kappsmál, ef eg heyrði á hæstv. landshöfðingja, að hann mundi flýta fyrir þessum framkvæmdum svo sem unt væri.

Sigurður Stefánsson: Það var að heyra á hæstv. landshöfðingja í h. neðri deild, að honum fyndist sem Lagarfljót ætlaði að verða nokkuð dýrt, og eg skal játa, að eg er samdóma hæstv. landshöfðingja um það. Það er áður búið að veita fé til að fá brú á Lagarfljót og einnig ferju; og nú á að fá útlendan verkfræðing til að rannsaka uppsigling á Lagarfljótsós. Eg skal engan veginn bera á móti því, að þetta kunni að vera þarflegt fyrirtæki; en mér finst það nærri því eins og dálitil heimtufrekja, að vilja endilega fá til þess útlendan verkfræðing. Maður skyldi ætla, að það væri óhætt að treysta verkfræðing landsins til þessa, og því sé allsendis óþarft að fá útlendan verkfræðing með ærnum kostnaði fyrir landssjóð. Eg sé alls enga ástæðu til að lýsa þessu vantrausti á honum, og það er undarlegt, að launa innlendan verkfræðing með 3000 kr., en fá svo útlendan verkfræðing eins eftir sem áður. Það er þá betra að segja honum, að við höfum ekkert með hann að gera, og að fá svo útlendan verkfræðing til alls, sem gera þarf. Það má vel vera, að það þurfi nokkuð sérstaka þekking til að gera áætlun um þetta verk; en hitt vil eg ætla, að þetta liggi í hans verkahring, verkfræðings, og að hann eigi að hafa þekkingu á þessu. Eg fyrir mitt leyti get ekki annað en greitt atkvæði móti þessari breyt.till., og það því fremur, sem h. neðri deild hefir felt hana áður; það er hún, sem hefir aðal-atkvæðið í öllum fjármálum landsins, og á það því ekki

við að samþykkja hér þessa breyt.till., þar sem hún hefir felt hana áður.

Hvað síðari tillöguna snertir, þá er eg fyrir mitt leyti hjartanlega ánægður með, að verkfræðingur landsins framkvæmi þá skoðunargjörð, er þar ræðir um. En eg verð fyrir mitt leyti að greiða atkvæði á móti breyt.till.

Jónas Jónassen: Eg álít að það sé alveg rétt, sem h. þm. N.-Múl. (J. J.) sagði, að það sé nauðsynlegt að fá útlendan verkfræðing til þessa verks. Það hefir verið talað um verkfræðing landsins, og að hann væri vel fær um það, en eg efast um, að hann sé fær um það. Það eru sérstakir menn, sem leggja fyrir sig þá vísindagrein, sem lýtur að því að gera menn hæfa til að segja fyrir með hafnabyggingar og því um líkt. Það eru „Havne-ingeniörer", sem einir eru færir um slíkt, og þó að þessi maður hafi tekið próf í almennri verkfræði, þá er það auðvitað, að hann hefir ekki þá „special"-þekking, sem hér útheimtist. Eg álít það sé alveg rétt, að fá útlendan verkfræðing til þessa verks, og að það sé engin von til, að þessi verkfræðingur landsins geti gert það, svo að það sé í fullkomnu gildi.

Eg er sannfærður um, að ef að verkfræðingur landsins væri spurður um það, þá mundi hann skorast undan að taka að sér þetta verk. Þetta er fag einstakra manna, og aðrir eru ekki til þess færir, að skera úr þessu máli, og eg er viss um að það tekur enginn útlendur verkfræðingur það að sér, nema sá, sem hefir lagt stund á þess sérstöku grein verkfræðinnar.

Landshöfðingi: Eg skal geta þess, að eg í h. neðri deild hélt því fram, að eigi mundi þörf á að ráða útlendan verkfræðtil þess, sem hér er í ráði að gera.

Eg játa að vísu, að það er nokkuð „speciel" þekkingu, sem þarf til þess að gera áætlun um hafnarbyggingar, eða vera hafna-„ingeniör", en hér er ekki um það að ræða. Eftir því sem fyrri þingm. N-Múl. (E. J.) skýrði frá í h. Nd. er hér að eins um það að ræða, hvort það megi stokka fram Lagarfljót, til þess að minni háttar skip og bátar geti komist þar inn. En að verkfræðingur landsins ekki geti dæmt um það, hvort það mundi hægt að stokka fram fljótið, það get eg ekki felt mig við. Eg verð að álíta, að honum sé fullkomlega trúandi fyrir því, og að það megi spara þær þúsundir króna, sem þurfa mundu, ef ætti að ráða útlendan verkfræðing til þessa verks, og er það betra en að vera, eins og nú stendur hagur landsins, að gera kostnað, sem er óþarfur. Það má geta þess, að verkfræðingur landsins að líkindum verður við brúarbyggingu á Lagarfljóti á næsta sumri, og er honum þá innan handar að bregða sér niður að ósnum til að rannsaka þetta á mjög ódýran hátt fyrir landið, og ef það væri tiltækilegt, að stokka fljótið, þá mundi landssjóður á sínum tíma þurfa að leggja fé til þess.

Háttv. þingm. Ísf. (S. St.) talaði um í dag, að það væru svo margar kvaðir á landssjóði, að hann vildi láta fresta því, sem ekki væri bráðnauðsynlegt; þessu er eg fyrir mitt leyti alveg samdóma. Og eg hygg að hér sé einmitt um slíkt fyrirtæki að ræða. Það hefir lengi verið hugsað um það með Lagarfljótsósinn, að fá uppsigling á hann, og það hafa verið gerðar margar tilraunir til þess, en ávalt mistekist. Fljótið fer að verða nokkuð dýrt, eins og eg tók fram í h. Nd., og því síður ástæða til að gera þann kostnað, sem virðist með öllu óþarfur.

Guttormur Vigfússon: Það eru helzt ummæli h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) um, að Lagarfljót yrði of dýrt fyrir landssjóðinn og um heimtufrekju okkar þar eystra, sem gaf mér tilefni til að standa upp og og svara honum fáum orðum. Eins og h. þingd.mönnum er kunnugt, hefir að undanförnu verið varið stórfé til þess að bæta vegi og samgöngur í Árness- og Rangár-

vallasýslum. Því hefir alt af verið haldið fram, að það væri sjálfsagt, að þær sveitir væru látnar sitja fyrir samgöngubótum á landi öðrum fremur, þar sem þær hefðu svo lítil not af strandferðunum eða sjóleið yfir höfuð. Þess vegna þótti öllum eðlilegt, að þar væru gjörðar 2 stórbrýr og lagðir akvegir. Et vér nú snúum okkur austur í þetta „heimtufreka“ hérað, sem þingm. Ísf. (Sig. St.) nefndi svo, þá er það kunnugra en frá þurfi að segja, að þar stendur eins á og í Árnessýslu, nema ver sé, þar sem sveitirnar í Árnessýslu hafa Eyrarbakka og fleiri allgóðar hafnir, sem sýslubúar geta náð til á skaplegan hátt bæði vetur og sumar. En hvaða gagn hefir Fljótsdalshérað af strandskipum og öðrum sjóflutningum? Ekki hið allra minsta. Þeir verða að sækja allar nauðsynjar sínar á merarhryggjum yfir heiðar og vegi, sem eru hálfófærir á sumrum og alófærir á vetrum oftast nær. (*Landsh.:* Eins og í efri hluta Árnessýslu).

Það er ekki svo að skilja, að mér detti í hug að sjá eftir því fé, sem varið hefir verið til samgöngubóta í þessum sýslum; en mér þykir það hart, að kalla það heimtufrekju, þó farið sé fram á þá hóflegu beiðni, að rannsakað sé vegarstæði þar eystra, því frekar sem með vegalögum eru ákveðnar flutningabrautir milli Héraðs og Fjarða. Hér er ekki farið fram á að heimta einn eyri til vegalagninga að svo stöddu, en menn vona fastlega, að ekki líði mörg ár svo, að eitthvað verði ekki gert til samgöngubóta á þessum stað, sérstaklega með vegalagning milli Héraðs og sjáfar; en af því að menn ekki hafa enn getað orðið á eitt sáttir um, hver væri sú rétta leið, þá leggjum við Austfirðingar mikla áherzlu á, að fá mann, sem treysta má til þess að rannsaka það, hvar heppilegast mundi að leggja veginn til sjávar, með tilliti til kostnaðar fyrir landssjóð o. fl., svo að undirbúningurinn yrði sem allra beztur. Hvað því viðvíkur, að fá útlendan verkfræðing til þess, þá er mér það alls ekkert kappsmál; en hitt er mér kappsmál, að verkfræðingur fáist og það strax á næsta sumri. Þó skal eg taka það fram viðvíkjandi rannsókn á hafnarstæði við Lagarfljótsósinn, að þar mundi eg trúa útlendum verkfræðing betur, og þó h. 1. þm. Ísf. (S. St.) sé ánægður með áætlun verkfræðingsins okkar á höfn fyrir vestan, þá trúi eg honum samt ekki eins vel fyrir að gera áætlun um Lagarfljótsósinn.

Jón Jónsson: Mér fanst hæstv. landsh. og h. 1. þm. Ísf. (S. St.) leggja ofmikla áherzlu á það atriði, hve kostnaðarsamt mundi vera að gera Lagarfljótsós skipgengan; en hér er ekki að eins um það að ræða, heldur líka um braut yfir Fjarðarheiði og Fagradal. (*Landsh.:* Innlendi verkfræðingurinn er fær um að gera áætlun um það). — Það má vel vera að svo sé. Eg ætla mér ekki í þessu máli að fara að færa rök fyrir því, hvort hann er fær eða vanfær til þess; það er sérstakt mál, sem eg ekki vil blanda inn í þessar umræður. En viðvíkjandi því, sem minst var á kostnaðinn, þá skal eg taka það fram, að tillagan gengur einmitt í þá átt, að gera kostnaðinn sem minstan, því það, að undirbúa vel áætlanir um vegabætur, sparar fé; því betur sem málið er undirbúið, því vissari sem áætlanirnar eru, því meiri líkindi eru til, að verkið verði betur af hendi leyst, og það er sú rétta sparnaðaraðferð. Reynsla okkar á Austurlandi af útlendum verkfræðing er sú, að útlit sé fyrir, að verkið verði kostnaðarminna eftir áætlun útlends verkfræðings en hins innlenda.

Eg skal í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að áætlun hins norska verkfræðings yfir Lagarfljótsbrúna var 10,000 kr. lægri en innlenda verkfræðingsins. Það er því auðsýnilega hagur fyrir landssjóð, að útlendur verkfræðingur var notaður til undirbúa brúarmálið, þótt 3500 kr. væri

kostað til hans. Það má auðvitað segja, að ekki sé búið að byggja brúna og því ekki séð fyrir endann á kostnaðinum; en eg verð að leggja svo mikið upp úr því, að bæði stjórnin og þingið hafa bygt á áætlun norska verkfræðingsins, og eg ímynda mér, að hvorki stjórnin né þingið hefði tekið áætlun hans til greina, ef álitið hefði verið, að verkið yrði ver af hendi leyst. Þetta eru ástæður okkar til að biðja um útlendan verkfræðing til þessara rannsókna, auk þeirra ástæðna, er eg áður nefndi.

Eg verð því, eins og eg sagði áðan, að álíta það hagnað, að undirbúningurinn sé sem beztur. Það er nógur tími til að kvíða fyrir kostnaðinum við framkvæmd verksins, þegar farið er að biðja um fé til þess. Það getur verið, að ýmsir finni sig móðgaða af þessari tillögu, sem standa okkar innlenda verkfræðing nærri; en reynslan sýnir, að þessi tillaga er ekki komin fram að ástæðulausu; eg gæti talið fleiri ástæður um reynslu landsmanna í þessu efni; en eg álít það ekki viðeigandi í þetta sinn, en hefi að eins bent á reynslu okkar Austfirðinga, reynslu þings og stjórnar, um undirbúninginn undir byggingu Lagarfljótsbrúarinnar.

Hallgrímur Sveinsson: Eg lýsti því yfir við fyrri umræðu um tillögu þessa, að eg væri henni hlyntur, eins og hún var orðuð, er hún kom hingað frá háttv. Nd. og var hér þá til umræðu. En um br.-till. þá, sem komin er nú hér fram við till., er nokkuð öðru máli að gegna, með því að hún hlýtur að hafa talsverð fjárútlát í för með sér. Eg vil þó ekki segja, að frágangssök væri að samþykkja hana, þótt af henni leiddi svo sem 3000 kr. kostnaðarauka, ef ljós rök væru fyrir því, að hún væri nauðsynleg; en nú hefir einmitt hæstv. landsh. lýst yfir því, að verkfræðingur landsins muni á næsta sumri verða staddur austur við Lagarfljót og á Fljótsdalshéraðinu, og liggur því í augum uppi, að hann hefir þá bezta tækifæri til að líta bæði eftir Lagarfljótsósnum og eins hinu, hvar tiltækilegast yrði að leggja veg þann, er þingsál. ræðir um.

Þess ber einnig að gæta, að þó að útlendur verkfræðingur verði fenginn og hann dvelji hér 10—12 daga og jafnvel þótt nokkuð lengur væri, er ekki víst að hann hitti svo á, að hentugt tækifæri sé, t. a. m. sakir veðurs og brims, til að athuga alt það, sem æskilegt væri að athuga. Aftur á móti hefir hinn innlendi verkfræðingur tækifæri til að athuga ósinn bæði þegar kyrt er og hvast, logn og brimgangur, með því að hann mun dvelja nokkuð lengi fyrir austan, og getur því gripið hentugt tækifæri, þegar það býðst. Eg hygg því, að óhætt sé að gera ráð fyrir, að athuganir hans muni koma að fullum notum og verða nægilegar til að byggja á. Annað mál væri það, ef verkfræðingur landsins kæmist við slíkar athuganir að þeirri niðurstöðu, að hann væri ekki fær um að dæma um það til hlítar, hvort og á hvern hátt gjörlegt væri að gera við ósinn; þá gæti komið til greina að fá útlendan verkfræðing til þess að segja álit sitt um það mál.

Það getur einnig verið efamál, hvort vér í þessu efni gætum haft fult gagn af norskum verkfræðingum, sem mér þó hefir skilist á uppástungum. að breyt.till., að helzt muni vera hugsun þeirra, að fengnir séu til þess að segja hér álit sitt. Það getur verið vafasamt, hvort Norðmenn hafa reynslu um aðgerðir á árósum, er líkt hagar til um sem Lagarfljótsós. Eg hygg ekki, að sandar séu við árósa í Noregi, eins og við Lagarfljótsós. Aftur á móti eru í Danmörku, við strendur Jótlands, sandar; en þar hefir lengi verið rætt um að byggja hafnir, og það dýrar hafnir, fyrir 10—20 milj. kr., svo að reynsla, sem fæst við þess háttar stórvirki, getur ekki haft þýðingu fyrir oss

hér á landi, þar sem landssjóði mundi ofvaxið að eyða 70—100 þús. kr. til Lagarfljótsóss. Eg verð því að ætla, að hyggilegast sé, að sjá, áður en lagt er í töluverðan kostnað, hvort rannsókn hins innlenda verkfræðings muni ekki geta komið að fullu liði.

Í öðru lagi virðist mér og að það eigi miður vel við, að þessi háttv. þingdeild samþykki þingsál. þessa í öðru formi en háttv. systurdeild vor hefir samþykt hana. Það er að vísu satt, að stjórnin mun því að eins útvega til skoðunarinnar útlendan verkfræðing, að veitt verði hæfilegt fé á fjárlögunum til þess; en mér virðist, eins og eg hefi tekið fram, enga brýna nauðsyn bera til þess, að ætla útlendum verkfræðing rannsóknina, heldur geti menn látið sér nægja rannsókn hins innlenda verkfræðings, nema hann skyldi sjálfur álíta sig ekki bæran um, að segja með vissu af eða á um málið; en reynist það ekki svo, er hægur hjá á eftir að fá útlendan verkfræðing til þess.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. feld með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jón Jakobsson	Hallgr. Sveinsson
Þorleifur Jónsson	Júlíus Havsteen
Guttormur Vigfússon	Kristján Jónsson
Jón Jónsson	Sigurður Jensson
Jónas Jónassen	Sigurður Stefánss.
	Þorkell Bjarnason.

2. breyt.till. samþ. með 7 atkv. Till. þannig orðuð samþ. með 10 atkv. og afgr. til landshöfðingja sem *þingsályktun frá efri deild.*

Strandgæzlubátur á Faxaflóa.
(Þingsál.)

TILLAGA til þingsályktunar um strandgæzlubát á Faxaflóa (C. 439); ein umr., 19. ágúst.

Júlíus Havsteen: Eg vil leyfa mér að mæla sem bezt með því, að þessi tillaga verði samþykt, sérstaklega vegna þess, sem farið hefir fram á þessum síðustu og verstu tímum.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Um frímerki.
(Þingsál.)

TILLAGA til þingsályktunar um frímerki (C. 431); ein umr., 19. ágúst.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): Það er öllum kunnugt, hvílíka þýðingu frímerkin eru farin að hafa, ekki eingöngu sem bréfburðarmerki, heldur einnig sem verzlunarvara. Og það gildir um þau, eins og hverja aðra verzlunarvöru, að þau eru í því meira verði, sem minna er af þeim, og þess vegna eru frímerki smáþjóðanna í miklu meira verði en stórþjóðanna, af því að það er miklu minna til af þeim, og þess vegna eru einmitt okkar frímerki í háu verði.. Sem dæmi þess skal eg geta þess, að skildingafrímerkin gömlu eru sum orðin alt að 20 kr. virði. Og nýlega vantaði hér á pósthúsinu 3 aura frímerki, og voru þá gerð 3 aura frímerki úr 5 aura frímerkjum, þannig, að tölustafurinn 3 var prentaður yfir 5 og síðan þrír með bókstöfum. Þetta átti ekki að vera nema ein tegund, en það urðu þó úr því 5 frímerkjategundir, tvær af því, að tölustafurinn 3 var af tveimur leturtegundum; aftur tvær af því, að orðið „þrír“ var af tveimur leturtegundum, og á einni örkinni stóð orðið „þrír“ á höfði. Þessi síðastnefnda tegund er enn ekki komin á frímerkjamarkaðinn, en mundi nú líklega seljast um 20 kr. hvert frímerki, því að af hinum tegundunum seljast nú frímerkin á alt að 5 kr. hvert. Þetta sýnir, hvílíkt ógnar-

verð frímerkin geta komist í, og væri skift um íslenzk frímerki, mundi bæði landssjóður og einstakir frímerkjasafnendur græða stórmikið fé. Af þessu er till. þessi sprottin. — En þar á er einn verulegur annmarki, að stjórnin er og verður ef til vill á móti þessu. En eg verð að segja það, að mér finnast ástæður stjórnarinnar ekki þannig vaxnar, að hún þeirra vegna geti ekki aðhylst tillögu þessa. — Fyrsta ástæða stjórnarinnar er sú, að póstmálastjórnin danska er á móti frímerkjabreytingunni og neitaði aðstoð sinni við tilbúning hinna nýju frímerkja; en sú ástæða hefir í sjálfri sér ekki mikla þýðingu, aðra en kannske þá, að það sýnir, að það væri heppilegast fyrir okkur, að vera alveg lausir við póstmálastjórnina dönsku, að því er snertir þetta atriði, tilbúning á frímerkjum, og ætti þá að fela það landshöfðingja.

Önnur ástæða stjórnarinnar á móti málinu var sú, að það sé ekki sæmilegt, að landið spekúleri í að afla sér peninga á þennan hátt. En eg verð að segja það, að ef það er ósæmilegt, þá er öll verzlun ósæmileg.

Þriðja mótbára stjórnarinnar er sú, sem nokkur veigur er í, og hún er sú, að það sé efasamt, hvort hin nýju frímerki mundu verða tekin gild í allsherjar-póstsambandinu, og hefir ráðgjafinn vísað í samþykt nokkura, sem gerð var á allsherjarpóstmannaþingi í Washington; en eg get ekki séð, að sú samþykt sé á móti jafnlítilli breytingu, sem hér er farið fram á, enda hefi eg heyrt úr áreiðanlegri átt, að allsherjarpóstmálasambandið hafi ekki á móti breytingum, ef ekki er breytt verði, lit eða stærð frímerkjanna; en þó ekki sé nema það, að talan sé á öðrum stað en áður, þá er sú breyting nóg fyrir frímerkjamarkaðinn. Það er líka eitt, sem bendir á það, að ný frímerki eru ekki gerð ógild í allsherjarpóstmálasambandinu, og það er það, að ýms ríki eru alt af að breyta frímerkjum, og þar á meðal eitt voldugasta ríkið í heiminum, Bandaríkin í Norður-Ameríku; þar voru gerð ný frímerki 1893, júbil-frímerki, og skömmu síðar voru önnur upp tekin; 1895 var enn breytt til og 1898 voru aftur komin ný frímerki. Þetta stendur í bók, sem eg verð að telja áreiðanlega og sem engin ástæða er til að rengja.

Það er ekki ómögulegt, að stjórnin sinni þessari tillögu, því að hún hefir þó sannfærst stundum, ef menn hafa verið þrautseigir við eitthvert málefni, svo að það er ekki ómögulegt, að hún láti leiðast til að breyta skoðun sinni, þegar ekki er farið fram á annað en að eins lítilfjörlega breytingu. Eg vona því, að h. deild taki eins vel við þessari tillögu eins og í hitt ið fyrra, þegar sú tillaga, sem þá var fyrir, var samþykt með miklum atkvæðamun.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. með 8 samhlj. atkv. og afgreidd síðan til Nd.

Friðun á laxi.
(Þingsál.).

FRUMVARP til þingsályktunar um friðun á laxi. (C. 237), ein umr., 1. ágúst.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Það kann í fljótu bragði að virðast nokkuð fljótráðið, að koma fram með till. þessa, þar sem ekki eru liðin meira en 13 ár frá staðfestingu laxafriðunarlaganna; og það gæti ef til vill virst svo, sem ekki sé full reynsla fengin um lögin. En þegar betur er að gáð, þá mun það sýna sig, að frv. er ekki ófyrirsynju fram komið. Því það mun skoðun flestra, ef ekki allra laxveiðanda, að laxveiðin sé óðum að þverra. og það svo, að farið geti hér eins og orðið hefir í öðrum löndum, að í sumum ám yrði gersamlega laxlaust. Og færi svo, þá væri það sorglegt og næsta illa farið; því að laxveiðin er hæg atvinna,

og getur verið allarðsöm atvinnugrein. En nú heyrist það hvervetna að, að laxveiðin sé að þverra, og að einar 7 ár á landinu hafi ekki algerlega brugðist á þeim síðustu tveim árum. Eg hefi auðvitað ekki dæmi fyrir mér og eigi reynd, nema frá einni á, Laxá í Kjós. Þegar Reynivallabrauðið var metið kring um 1880, eða fyrir hér um bil 20 árum, var laxveiðin, sem prestsjörðinni tilheyrði, eða $^1/_3$ allrar laxveiði í Laxá, metin hálft fjórða hundrað krónur; en þegar brauðið var metið aftur í vetur, þá var laxveiðin eftir 5 ára meðaltali metin á 125 kr.; laxveiðin hefir þannig minkað um nærfelt $^1/_3$ part á þessum árum; og þó skal eg geta þess, að aldrei hefir annað eins laxleysi verið hér eins og tvö seinustu árin, því að veiðin hefir alls ekki svarað kostnaði; á næst síðustu 22 árum hefir það að eins einu sinni komið fyrir, að ekki var nema 50 kr. hagur á veiðinni, en á seinustu 2 árum, hefir hún ekki nánda nærri borgað kostnaðinn. Og þetta er því iskyggilegra, sem að á þessum árum hefir verið góð veiði í Elliðaánum, enda er það sú eina á, sem að því er eg til veit, er friðuð fyrir annari veiði en stangaveiði, og Thomsen sálugi hafði alt af þann sið, að hleypa upp girðingu, svo að gotfiskur kæmist upp í árnar. Það er skoðun manna, að veiðin sé ofmikið stunduð, og laxleysið stafi af því, að ekki sé *nóg til af gotfiski, og menn álita sömuleiðis að núgildandi lög séu ekki nægar tryggingar gegn því, að gotfiski sé eytt um of í ánum.* Höfuðfriðunarákvarðanir gildandi laga eru í tveimur greinum í lögunum frá 1886 í 1. gr., þar sem mælt er svo fyrir, að veiða megi 3 mánuði á árinu, en að sýslunefndir megi tiltaka þann tíma, hvaða mánuði skuli veiða, svo að veiðitíminn er mjög mismunandi; þannig hafa sumar sýslunefndir tiltekið að byrja megi að veiða í maí, aðrar í miðjum júní. En laxgöngunum hagar svo, að laxinn gengur í tvennu lagi. Stórlaxinn gengur upp í árnar í júní, en þá er svo lítið af smálaxi, að það virðist ekki meira af honum en $^1/_{10}$—$^1/_{12}$ á móti því, sem fæst af stórlaxi. Smálaxinn gengur svo í júlí og ágúst og þá fæst ekki meira af stórlaxi en af smálaxi fæst í júní. Nú mun vera svo háttað, að stórlaxinn er upp og niður saltaður 7—8 pd. á þyngd, og fyrir hann fæst 60—78 au. hvert pd.; smálaxinn mun vera upp og niður 3—4 pd. á þyngd saltaður og fyrir pundið af honum fæst að eins 33 au., og þannig þarf 3—5 smálaxa til að jafnast við einn stórlax. Talan á laxinum er venjulega svo, að stórlaxinn er $^1/_3$ á móti smálaxinum. Nú sjá allir, að það er hvorki heppilegt né skynsamlegt, að veiða smálaxinn, þar sem hann getur orðið að stórlaxi alveg kostnaðarlaust. Friðunarlögin frá 1886 leyfa að veiða allan lax, nema 5. gr., þar sem tekið er til, að möskvinn skuli vera 9 þml. ummáls, og sá lax, sem í möskva fæst, nær ekki nema 3—4 pd. Það mun því vera skoðun mjög marga laxveiðanda, ef ekki allra, að það þyrfti að taka aftan af veiðitímanum, enda væri nóg að hafa hann ekki lengri en 2 mánuði; með því móti kæmist töluverður smálax í árnar og hrygndi, því að reynslan hefi sýnt, að hann er gotfær. Það var sannað við þær laxaklakstilraunir, sem fram hafa farið bæði hjá mér og annarsstaðar. Eg hefi kynt mér skýrslur þær, sem Bjarni Sæmundsson hefir safnað um þetta mál, og þar af sést, að það er álit allra eða nálega allra veiðieiganda, að heppilegt sé, að flytja veiðitímann, og ef hann verður fluttur þannig, að ekki megi veiða eftir 20. júní, megi eiga það víst, að töluvert af smálaxi leiti upp í árnar eftir það og hrygni.

Í 5. gr. laxafriðunarlaganna er, sem sagt, ákveðið, að möskvinn megi ekki minni vera en 9 þuml. Þetta er að áliti flestra of lítið; að vísu eru til ár, þar sem

laxinn er óvenjulega smár, eins og t. d. Elliðaárnar; en þær eru mjög fáar. Bjarni Sæmundsson sagði mér, að flestir veiðieigendur hefðu verið á því, að möskvinn mætti ekki minni vera ummáls en 10 þml. blautur, og sumir hefðu sagt, að hann mætti ekki minni vera en 11 þml. Þessu ákvæði þarf því að breyta, til að vernda smálaxinn. Eg álít, að þriðja ákvörðunin sé nauðsynleg, af því, að laxveiðinni er komið í óefni, og hún er sú. að friða skuli laxinn um ákveðið tímabil fyrir netaveiði og kistuveiði, banna að veiða hann öðru vísi en með stöng, þar sem því verður við komið. Laxveiðendur álíta, að laxveiðin geti ekki aukist, nema sú ákvörðun sé sett. Eg er því þeirrar skoðunar, að það sé nauðsyn á nýjum laxfriðunarlögum, sem séu ýtarlegri og gefi meiri tryggingu fyrir, að tilganginum verði náð. Og eg sé ekki betur, en að stjórnin geti fremur en nokkur einstakur þingm. búið lögin þannig úr garði, því að hún hefir fiskifræðing landsins sér við hönd og getur látið safna skýrslum um málið; og seinni hluti þingsál. á að gera það að verkum, að stjórnin láti safna upplýsingum, svo að lögin yrðu sem tryggilegust og heppilegust.

Eg skal geta um enn eitt, sem auðvitað er ekki hægt að koma fram í laxfriðunarlögum: að laxinn á marga skæða óvini, og það hefir oft verið talað um það bæði á þingi og utanþings, að gera selinn ófriðhelgan, ekki eingöngu þar, sem lögin frá 1886 tiltaka, heldur einnig kringum land alt. Eg hefi verið á móti þessu, af því að það er ómögulegt, að eyða selnum, og af því, að hann á aðra miklu skæðari óvini en selinn; þeim má algerlega útrýma; en það er sorglegt að segja frá því, að laxveiðendur hreyfa sig ekki til að gera nokkurn skapaðan hlut í þá átt. Eg á við fiskiendurnar, sem halda sig á hrygningarstöðunum í hverri á; þegar vöxtur kemur í árnar og uppfæðinguriun rótast upp, þá fara fiskiendurnar að eins og alvanir sjómenn, dýfa sér til að sækja uppfæðinginn, sem heldur sig í hyljunum, því þar er straumurinn minstur við botninn, og eg hefi tekið eftir því á Laxá og Bugðu, sem í hana rennur, að síðan uppfæðingurinn minkaði, þá hefir fiskiendunum líka fækkað. Eg get þessa til þess að menn sjái, hversu skæðir þessir óvinir eru, en þeim verður ekki útrýmt, nema laxveiðendum verði gert að skyldu að eyða þeim, t. d. með því að heita premíu fyrir að drepa þær.

Eg get ekki hugsað mér, að hin nýju laxafriðunarlög verði bygð á öðru en áliti laxveiðieigenda um, hvað heppilegast sé að gera í þessu máli, eða að minsta kosti að ekki verði gengið í móti tillögum þeirra. En verði álits þeirra leitað af nýju, þá er eg viss um, að það gengur í sömu átt, sem eg þegar hefi lýst: að stytta beri veiðitímann og stækka möskvann. Og mér þykir ekki ólíkiegt, að sú skoðun verði ofan á, sem eg þegar er kominn á, að ef laxveiðin á að rétta við áður en langur tími er liðinn, þá sé nauðsynlegt að friða árnar um tiltekið árabil fyrir allri veiði nema stangaveiði.

Jónas Jónassen: Það er nú langur tími nokkuð síðan laxamálið var fyrir þinginu síðast, og man eg, að þá var hver höndin upp á móti annari og miklar deilur. Nú vill h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) byrja á nýjan leik, og skora á stjórnina, að semja lög um friðun á laxi, er bygð séu á skoðunum veiðieiganda um alt land. En eg ímynda mér, að stjórnin komist í mestu vandræði með það, og að ómögulegt sé að byggja friðunarákvarðanir á tómum ímyndunum, sem eru eins margar eins og laxarnir, sem friða á. Að laxafækkunin stafi af því, að laxveiðin sé stunduð of mikið, nær engri átt; eg hefi varla heyrt annað eins! Eins og þess gæti nokkuð, þótt nokkrar laxbröndur séu veiddar af öllu því ógrynni, sem af er að taka, — ekki minstu ögn! Það er alveg

eins með þetta, eins og með uppistandið af trawlfiskinu: að gotfiskur sé ekki nægilegur, sem er tómur hugarburður og ekkert annað. Eg skil ekki, hvers vegna á að fara gefa ný lög um þetta; það gefur að skilja, að það hagar ýmislega til á ýmsum stöðum, í Laxá svona, Elliðaánum svona, Hvítá svona, og á þá að fara að gefa sérstök lög fyrir hverja einstaka á?

Það er eðlilegt, að laxveiðendur verði gramir út af því, að fá engan lax í 1 eða 2 ár; þeir fara að hugsa um hvernig á þessu standi, og finna út allar mögulegar orsakir, en þeir geta spekúlerað sig vitlausa, — þeir eru alveg jafnnær! Sá sem keypti Elliðaárnar, þessa miklu gullkistu, hann veiddi ekkert fyrsta árið, það vildi svo til, að hann kom ekki annað árið, en þriðja árið hefir veiðin verið ákaflega mikil, meiri ef til vill en nokkru sinni áður. *(Þorkell Bjarnason*: Já, einmitt af því, að ekki var veitt með kistum eða netum, heldur að eins með stöng!). Já, en hvernig er það ekki á Hvítárvöllum? Þar var engin veiði í fyrra, í ár er hún talsverð, en næsta ár getur hún orðið ágæt; það er eðlilegt, að orsakirnar til þessa séu mönnum huldar, og slíkt er ekki til að hugsa, að menn geti ráðið við eða stjórnað með lagaboðum. Eg held, að það fari álíka með það eins og með fiskiveiðasamþyktirnar hér við Faxaflóa.

Fiskifræðingurinn á að safna upplýsingum um málið; setjum svo, að hann geti safnað skýrslum um, að bóndinn í Kjósinni vill hafa laxalögin svona, veiðieigendur í Korpúlfsstaðaá svona, þeir sem veiði eiga í Laxá í Dölum svona o. s. frv., — hvernig í dauðanum á að vinza nokkra samanhangandi skoðun úr þeim hrærigraut? Hvernig geta menn ætlast til, að stjórnin geti bygt á slíku lög, sem taki lögunum frá 1886 fram? Það er hreinasta fjarstæða, að hugsa sér slíkt, því stjórnin á alveg ómögulegt með það. Við höfum dæmin fyrir okkur. H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) býr á veiðijörð, og hefir svo mikinn kunnugleika og áhuga á þessu máli, að aðrir veiðieigendur taka honum líklega ekki fram í því efni, — einmitt mintist hann á margt, sem sýndi að hann var að vaða reyk. Og þegar þessu er svo háttað um hann, sem flytur málið á þingi, hvers er þá von af hinum? Einn vill hafa möskvann 10 þuml., annar 11 þuml. Sumir segja, að versti óvinur laxins sé selurinn; en nú kemur síra Þorkell á Reynivöllum og segir: Nei, nei, það eru endurnar! Selurinn er alveg meinlaus, en endurnar eru það, sem útrýma laxinum, — og svona verða tillögurnar og skoðanirnar hver á móti annari. H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) nefndi fiskiendur. Hvað meinar h. þm. með því orði? Eg skal segja h. þm., að fiskiendur eru endur, sem hafa mjótt nef; en annars éta sumar aðrar andategundir alveg eins uppfæðinginn í laxám.

Eg veit, að Thomsen sálugi, sem var allra manna fróðastur um þetta mál hérlendra manna, hann var alls ekki ánægður með laxafriðunarlögin frá 1886; en hann vildi ekki hreyfa málinu, vegna þess, að honum þótti sem á engu væri að byggja nema hugarburði og ímyndunum. Eg vona, að h. þingd. líti eins á málið, að þó að henni sýnist laxalögin ekki alls kostar gallalaus, þá skirrist hún við, að fara að baka stjórninni fyrirhöfn, sem sýnilega yrði fjarska-mikil, en óliklegt, að nokkurn árangur hefði.

Þorkell Bjarnason: Mér fanst h. 4. kgk. þm. (J. J.) gera stjórninni nokkuð lágt undir höfði með því, að gefa í skyn, að hún gæti ekki búið til laxalög; fyr má nú vera meðferð á henni en svo sé, einkum þar sem við höfum innlendan fiskifræðing, sem sjálfsagt getur gefið stjórninni margar mikilsverðar bendingar og upplýsingar um þetta efni. Eg vona, að það hafi verið í ógáti, að h. þingm. gerði stjórninni slíkar getsakir. Eg skil ekki annað en að stjórninni sé vel trúandi til að

búa til frumv. í þá átt, þótt ýmislegt hafi verið fundið að þeim laxalögum, sem við nú höfum.

Eg held þeirri skoðun fram enn þá — og það gera flestir laxveiðaeigendur, — að laxveiði hafi hingað til verið of mikið stunduð. H. sami þm. sagði, að það væri fjarstæða; en þá vil eg spyrja: Af hverju kemur það, að síðan farið var að stunda laxveiði í Laxfossi, að engin veiði hefir verið fyrir ofan í ánni nú í mörg ár, þar sem einstök heimili hafa oft fengið þar 100 laxa áður? Bæði þeir sem veiða fyrir neðan og ofan fossinn kenna það veiðinni fyrir neðan fossinn. En það getur verið að h. 4. kgk. þm. hafi betur vit á slíku en þessir menn!

H. sami þm. sagði, að ekki hefði fengist nema 9 laxar í Elliðaánum núna fyrir nokkrum árum. Í fyrra var þar aftur ágæt veiði. Síðan kisturnar voru teknar úr ánum, hefir verið veitt með stöng, og síðan hefir veiðin vaxið. Menn skilja ekki, hvers vegna allar ár við Faxaflóa voru áður laxlausar, nema ein. Ef til vill getur h. þingm. frætt menn um það. Hann sagði ennfremur, að Thomsen sál. kaupmaður, sem hafði manna bezt vit á laxveiðum, hefði ekki verið ánægður með laxalögin 1886; því vill hann þá ekki láta breyta lögunum, úr því að sá maður, sem hafði allra manna bezt vit á slíkum hlutum, var óánægður með lögin? Mér finst það vera mótsögn. Hann sagði enn fremur, að meiningar laxveiðenda um þetta mál væru eins margvíslegar eins og laxarnir í ánum. En eg vil í þessu sambandi leyfa mér, að benda á skoðun fiskifræðingsins Bjarna Sæmundssonar, sem segir, að nálega allir laxveiðendur séu á því, að stytta veiðitímann og stækka möskvann. Eg verð því að ætla, að þessi ummæli h. 4. kgk. þm. (J. J.) hljóti að stafa af því, að hann ekki hefir kynt sér skýrslurnar um þetta efni. Allir þeir, sem nokkurt skyn bera á þetta mál, eru á þessari skoðun. Því skyldi þá ekki þingið mega skora á stjórniua, að láta laga misfellurnar á lögunum, þar sem allir laxveiðendur óska þess? Það er ekki til neins að sleppa smálaxinum upp, ef þeir, sem eru fyrir ofan, mega veiða hann.

Eg nenni svo ekki að svara fleirum af ummælum h. þm., af því að eg hygg ekki, að þau séu á svo góðum rökum bygð, að h. þd. veiti þeim fylgi sitt. Að eins skal eg taka það fram, viðvíkjandi öndunum, að það er ekki rétt, sem h. þm. sagði, að allar endur éti laxinn, heldur að eins hinar mjónefjuðu; stokkendur gera það aldrei.

Að fiskiendur séu skaðlegar fyrir laxveiði hefi eg ekki frá mér sjálfum, heldur frá sænskum manni, sem sagði, að þær gætu étið mörg hundruð á dag, og þá má geta nærri, hve skaðlegar þær eru fyrir laxveiðina.

Jónas Jónassen: H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) tók það fram, að það væri mótsögn hjá mér að segja, að Thomsen kaupm. hafi verið óánægður með laxalögin frá 1886, en að eg vildi samt ekki láta breyta þeim. En það er alls engin mótsögn; því að þótt hann væri óánægður með þau, þá eru aðrir ánægðir með þau; og þótt þeim verði breytt nú, þá rekur það alveg að hinu sama, að sumir verða altaf óánægðir með þau. H. sami. þm. sagði enn fremur, að fiskifræðingurinn Bjarni Sæmundsson segði, að öllum laxveiðieigendur kæmi saman um, að það væri heppilegast, að stytta veiðitímann og stækka möskvann. Heldur þingm. þá, að allir veiðieigendur yrðu ánægðir, þótt það yrði gjört? Nei, langt frá því; það yrði alveg það sama sem nú.

H. þm. viltist á öndunum, enda er hann ekki skytta, eins og eg er; hann heldur að stokkandir taki ekki lax; en eg hefi sjálfur séð þær gera það.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, en vona að h. þingd. taki ekki vel í það.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. með 9 : 1 atkv. Fyrirsögn samþ. með 10 atkv. Tillagan síðan afgr. til Nd.

Rannsóknir um hvaladráp m. m.

TILLAGA til þingsályktunar um rannsóknir á áhrifum hvaladráps við strendur landsins á síld og þorskgöngur á firði inn (C. 167); ein umr., 27. júlí.

Sigurður Stefánsson: Þessi tillaga er hingað komin úr h. Nd., og veit eg ekki vel, hvað komið hefir henni til, að samþykkja hana, nema ef vera skyldi hugmyndir manna í einum eða tveim sveitum á Norðurlandi um áhrif hvalveiða á fiskigöngur. Mér er ekki vel ljóst, hvernig þessum upplýsingum á að vera varið; en eftir áliti nefndarinnar, að svo miklu leyti, sem nefndarálitið er ekki eftir Bjarna Sæmundsson, hefir hún hugsað sér, að nokkur kostnaður verði samfara þeirri upplýsingaleit, þar sem hún stingur upp á, að fé sé lagt fram í þessu skyni, þó eg ekki hafi séð, að gert hafi verið enn neitt í þá átt, að veita það fé, enda er ómögulegt að segja um, hversu mikill kostnaðurinn muni verða. Kannske nefndin hafi hugsað sér að fá síldar- þorska- og hvalfræðing og jafnvel silungsfræðing til að ferðast um sveitirnar; því hver veit nema hvalveiðarnar verði þar nyrðra, álitnar að hafi áhrif á silungsveiðarnar í Mývatni, og þar af getur hlotist ekki svo lítill kostnaður. En hvernig svo sem rannsóknunum verður hagað, og hversu margir fræðingar, sem sendir verða á hnotskóginn, hefi eg ekki mikla trú á, að árangurinn verði stór; því þegar Fnjóskdælir og aðrir sveitamenn á Norðurlandi hafa ekki viljað trúa reynslu þeirra manna, sem kynst hafa veiðum þess í 20 ár, þá ímynda eg mér, að það gæti svo farið, að enda þótt fiskifræðingur yrði sendur umhverfis strendur landsins og enda upp í landið, að þá mundu þeir ekki leggja mikið upp úr áliti hans. Það er einkennilegt, að nefndin í h. Nd. hefir ekki séð sér fært, að samþykkja annað en þessa mjög svo óákveðnu tillögu; enda er það eðlilegt, þar sem sá maður, sem hún hefir ráðfært sig við, og sem er sá eini, sem hægt var að sækja ráð til í þessu efni, hefir látið uppi það álit sitt, að engin ástæða væri til að óttast skaðleg áhrif hvalveiðanna á fiski- eða síldveiðar. Eg tel því mjög litla ástæðu til að samþykkja þessa tillögu. Hvað það snertir, að leita skuli upplýsinga í Noregi um þetta mál, þá er það ekki annað en hreinasti óþarfi, að fara að skora á stjórnina til þess. Úrslit þessa máls í Noregi eru alkunn; þeir sem þar höfðu mál þetta með höndum síðast liðinn vetur, þorðu ekki að leggja það fyrir þingið, heldur fóru með það til stjórnarinnar, og það þýðir ekki annað en það, að það er lagt á hilluna um óákveðinn tíma.

Þó að tillaga þessi sé meinlaus, þá er þó engan veginn brýn ástæða til að samþykkja hana; hún getur leitt til mikils kostnaðar fyrir landssjóð, án þess að nokkurs verulegs árangurs sé að vænta þar af, og eg held fyrir mitt leyti, að sá árangur verði svo lítill, að með engu móti sé kostandi fé til hans, hversu lítið sem væri.

Hallgrímur Sveinsson: Eg get ekki tekið undir með h. þm., sem síðast talaði um það, að þessi tillaga, sem hér er um að ræða, sé meinlaus. Eftir minni skoðun er hún óákveðin og jafnvel hættuleg. Væri hún meinlaus, þá væri ekki ástæða til, að setja sig á móti henni. En væri hún, eins og hún að mínum dómi er, óákveðin og hættuleg, þá væri hún varla sendandi frá sér. Eg vil halda því fram, að vér eigum ekki að skora á stjórnina, að framkvæma nokkuð, sem vér vitum ekki hvað er, eða hvernig að á að fara, eins og hér á sér stað; því að í þessu vitum vér ekki, hvað gera skal, eða hvernig

gera skuli. Því, hvað á stjórnina að gera? Væri svo, að hún gæti farið til manna, sem vit hafa á, og fengið hjá þeim fullnægjandi upplýsingar, þá væri ekkert á móti, að samþykkja þessa till.; en vér getum ekki búist við, að stjórnin fái nokkrar nýjar upplýsingar með því móti, þar sem sá maður, sem þingið hefir ráðfært sig við um þetta efni, og sem að sjálfsögðu hefir kynt sér álit þeirra vísindamanna, sem erlendis, og sérstaklega í Noregi, hafa starfað að rannsóknum í þessu máli, — þar sem þessi maður hefir álitið, að ekki væri ástæða til, að óttast neinar skaðlegar verkanir af hvalaveiðum á fiski- og síldargöngu, þá get eg ekki séð, að búast megi við nokkrum árangri, þó skorað verði á stjórnina að leita nýrra upplýsinga hér að lútandi. Eg get, sem sagt, ekki séð, hvað till. ætlast til, að stjórnin skuli gera. Á hún að fara til fiskifræðinga og hagfræðinga, eða á hún að leggja í útgjörð, og senda hingað skip til að rannsaka þessi atriði? Ef maður gæti hugsað sér, að slíkt væri tilgangurinn, og maður getur hugsað sér það, af því að hér segir: að stjórnin skuli gera það, sem henni er frekast unt, — og ef gert er ráð fyrir, að stjórnin geri gangskör að því, að framkvæma þann tilgang, þá mundi af áskorun þessari leiða stórmikil fjárútgjöld, sem eg ekki veit til, að enn sé farið að gera ráð fyrir að veita. Nú mætti segja, að hægt sé að veita fyrst fé, en það væri þá veitt út í bláinn, þar sem ekki er hægt að tiltaka, hversu mikið það þyrfti að vera, því að enginn veit, hvað við það ætti að gera. Það er því ekki talað út í bláinn, að tillaga þessi sé óákveðin. En eg hygg, að það megi líka finna rök fyrir því, að hún sé hættuleg. Því að ef hugur fylgdi máli, þar sem skorað er á stjórnina, að gera það sem henni væri frekast unt til að rannsaka þetta efni, þá þyrfti til þess tugi þúsunda, ef þær rannsóknir ættu að verða að nokkru gagni. Það þyrfti þá að gera út skip með mörgum mönnum og dýrum áhöldum, svo framarlega sem þessar rannsóknir ættu að vera sjálfstæðar, ítarlegar og nokkurn veginn fullkomnar, og eg gæti hugsað mér, að þá væri ekki farandi af stað með minna en einar 50,000 kr., þar sem rannsaka þyrfti hita og strauma í sjónum, dýpi, gróður og dýralíf og yfir höfuð alt, sem hugsanlegt er, að áhrif hafi á líf þeirra sjávardýra, sem hér er um að ræða. Eg verð því að líta svo á, sem tillaga þessi geti orðið hættuleg, að því leyti, sem af henni geti leitt stórvægileg útgjöld fyrir landið.

Það hafa oft heyrst kvartanir um, að stjórnin væri áhuga- eða framkvæmdalaus í þeim efnum, sem snerti framfarir eða atvinnubætur í landinu; eg álít að það sé mjög varhugavert, að gefa ástæðu til slíkra umkvartana, með því að samþykkja slíkar áskoranir sem þessa, sem sýnilegt er, að stjórnin getur ekki orðið við, þannig, að þar af sé nokkur árangur væntanlegur. Þessi tillaga virðist bera á sér eitthvert vandræðasnið; það er svo að sjá, sem þeir, er borið hafa hana fram, hafi viljað gera eitthvað, ef til vill til að þóknast kjósendum sínum, en komist í ógöngur, og varpað svo öllum áhyggjunum á hið breiða bak okkar góðu stjórnar. En slíka aðferð get eg ekki álitið rétta; eg álít hana, af þeirri ástæðu, sem eg þegar hefi tilgreint, sérlega varhugaverða, og því mun eg greiða atkvæði á móti þessari tillögu.

Þorleifur Jónsson: Eg get tekið undir með háttv. 2. kgk. (H. Sv.), að eg veit ekki, hvernig á að haga þeim rannsóknum, sem stjórnin ætti að gera samkvæmt þessari tillögu, en líklegt er, að til þess mundi þurfa eitthvert fé. Eg vil því stinga upp á, að 2. liður till. sé samþyktur, en hinn fyrri feldur; en til þess að gera þá breytingu er ekki annað ráð en taka málið út af dagskrá. Það gæti

verið gott, að fá að vita, hvað þessu máli líður í Noregi, eins og 2. liður till. fer fram á, en eg fyrir mitt leyti vil ekki kosta nokkuru fé til rannsókna í þessu efni.

Eg vil því beina þeirri ósk til forseta, að málið sé tekið út af dagskrá.

Sigurður Stefánsson: Ef það nær fram að ganga, sem háttv. þingm. Húnv. (Þ. J.) hugsar sér, þá sé eg ekki betur en að þar með sé aðalefni till. fallið, og að það, sem þá er eftir af till., sé tilgangslaust. Því að það þarf ekki að skora á stjórnina að útvega upplýsingar um, hvað málinu líður í Noregi; til þess eru aðrar langtum auðveldari leiðir. Eg vil t. d. benda á, að þessar upplýsingar geta menn fengið í góðu tímariti, „Norsk Fiskeritidende", sem flytur allar skýrslur um þær rannsóknir, sem fram fara þar í landi um þetta efni. Það er því hreinasti óþarfi að skora á stjórnina, að leita þeirra upplýsinga, sem hver þingmaður og hver maður á öllu Íslandi getur veitt sér með því að kaupa þetta litla rit.

Þorleifur Jónsson: Eg er ekki svo kunnugur þessu tímariti, að eg geti sagt um, hvort þar standa greinilegar og nákvæmar skýrslur um þær rannsóknir, sem farið hafa fram í Noregi um þetta efni. Og þótt hægt sé að segja sem svo, að hver maður geti aflað sér þessara upplýsinga, þá gera menn það ekki, og þá sé eg ekkert á móti, að skora á stjórnina að leita þessara upplýsinga. Það er ekki mikið verk, en þó mikil þægindi að því fyrir þingið.

ATKVÆÐAGR.: Till. um að fresta umræðunum samþ. með 6 samhlj. atkv.

Framhald einnar umr. (C. 167, 235); 29. júlí.

Þorleifur Jónsson: Eg hefi komið með breyt.till. við þingsál. þessa, eins og eg gerði ráð fyrir um daginn, af því að þingsál. fekk þá allharðan dóm hjá 2 h. þingm., og eg bjóst því við að hún mundi falla, eins og hún er orðuð nú; en eg vildi á hinn bóginn bjarga frá falli því ákvæði þingsál., sem breyt.till. mín hljóðar um. Í sjálfu sér get eg ekkert séð á móti því, að till. sé öll samþykt, eins og hún er; eg hygg ekki að hún muni hafa í för með sér þann mikla kostnað, sem háttv. 2. kgk. (H. Sv.) óttaðist. Eg hygg að stjórnin muni haga rannsóknunum á líkan hátt eins og gert hefir verið í Noregi. Mér er fyrir mitt leyti ekki kunnugt um, hvað Norðmenn hafa gert í þessu efni, og háttv. 2. kgk. (H. Sv.) vissi það heldur ekki. Aftur á móti þóttist háttv. þm. Ísf. (S. St.) um daginn vita alt um þetta mál, og væri því æskilegt, að hann vildi fræða háttv. þingd. um það.

Sigurður Stefánsson: Mér er mál þetta ekki eins kunnugt eins og skyldi, en svo mikið veit eg, að ríkisþing Norðmanna hefir aldrei sint þessu máli. Það hefir verið uppþot á Finnmörku út af hvalaveiðunum á líkan hátt og í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu nú á síðastliðnum vetri, og sem komið hefir máli þessu á stað og inn á þing, og ástæðurnar hafa verið hinar sömu og í Noregi, sem hér hafa komið fram í blöðunum; en þessar ástæður hafa ekki verið svo mikils metnar í Noregi, að löggjafarþing þeirra hafi álitið, að nokkuð sé á þeim að byggja, og því leitt málið alveg hjá sér. Málið komst í vetur fyrir hina svo nefndu „Næringskomité" þar, sem umsjón hefir með atvinnumálum Norðmanna, en hún taldi málið þess eðlis, að ógjörlegt væri að vísa því til stórþingsins, en fól það stjórninni, og það er sama sem — eftir því sem eg las í vor í norsku blaði og kunnugur maður upplýsti um — að leggja málið á hilluna.

Þetta eru þær upplýsingar, sem eg get gefið; þær eru ef til vill ekki fullnægjandi fyrir alla; en eg vil einnig benda á það, sem fiskifræðingur vor segir í álits-

skjali sínu til nefndar þeirrar, er íhugaði málið í háttv. Nd. Hann segir svo: „Í þriðja lagi get eg þess, að hvalveiðamálinu í Noregi hefir verið til þessa fremur lítið sint. Stórþingið hefir enn ekki samþykt neitt hvalveiðabann, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, og auk þess hefir „Selskabet for de norske Fiskeriers Fremme“ — öflugt og merkilegt allsherjarfélag fyrir alt landið — ekki tekið þetta mál til meðferðar enn þá, það eg frekast veit, hvorki í ræði né riti, eða á annan hátt“. Þannig er það í Noregi. Alt uppþotið á Finnmörku hefir ekki verið virt meira en svo, að hvorki stjórn né löggjafarvald né allsherjar-fiskifélag þar, er lætur sig mestu skifta öll fiskiveiðamál landsins — hefir nokkurn skapaðan hlut sint því. Þó að sami gauragangurinn sé þar eins og í vetur í Eyjafjarðarsýslu og sömu kröfurnar um bráða nauðsyn á friðun hvalanna, og sömu ástæðurnar séu bornar fram, að askan frá skipunum, blóðið úr hvölunum og eltingaleikurinn við þá fæli fiskinn og síldina — virða stjórnarvöld og allsherjarfiskifélög slíkt að vettugi. Þá er hvalveiðarnar byrjuðu á Vestfjörðum, gaus þar einnig upp sama hræðslan; en eftir svo sem 2 ár fóru menn að sjá, að fiskur og síld kom eftir sem áður og að hvalveiðarnar mundu ekki hafa nein áhrif á síldar- og fiskigöngur, og um það hafa menn þar nú sannfærst eftir 20 ára reynslu.

Á sama hátt verður að búast við, að þetta uppþot nú í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum falli um koll af sjálfu sér, eins og annar hégómi, enda eru setningar eins og sú, að hvalirnir reki síldina upp að landi og inn á firði, hlægilegar í augum þeirra manna, er bera skynbragð á eðlisháttu þess konar dýra.

Eg skal viðurkenna það, að breyt.till. háttv. þingm. Húnv. (Þ. J.) við þingsál., hefir það til síns ágætis, að hún gerir þingsál. enn þá meinlausari og enda gagnslausari en hún er. Eg býst ekki við miklum upplýsingum í þessu máli frá stjórninni norsku; eg býst helzt við að hún segi við oss: Þér getið lesið um þetta sjálfir í „Norsk Fiskeritidende“; þar stendur alt um þetta, sem hægt er að segja og menn vita“, alveg eins og eg hefi áður bent á. En breyt.till. háttv. þingm. Húnv. (Þ. J.) er þó skárri en sjálf þingsál., og gæti eg fyrir þær sakir fremur gefið henni atkv. mitt.

Hallgrímur Sveinsson: Þegar till. þessi var hér síðast fyrir deildinni, sagði eg að hún væri hvorki meinlaus né litilvæg, heldur þvert á móti töluvert viðsjál; en eg skal játa, að hún hefir stórmikið batnað við breyt.till. háttv. þingm. Húnv. (Þ. J.). Eg sagði, að það gæti hugsast, að till., eins og hún kom fram hér í deildinni, gæti haft stórvægilegan kostnað í för með sér, og eg lýsti því þá, hvernig þetta gæti átt sér stað. Raunar taldi eg það ólíklegt, að stjórnin mundi leggja út í svo stórvægilegan kostnað, sem því fylgdi, að gera út sérstakt skip; en engu að síður gat till. haft mikinn kostnað í för með sér, enda sést það á tillögum nefndarinnar í Nd., að hún hefir búist við, að nokkur kostnaður mundi leiða af till.; en af því að hvorki í till. nefndarinnar né heldur í fjárlögunum er tiltekin nokkur upphæð til þessarar rannsóknar, þá verður ekki sagt, hversu mikla upphæð nefndin hefir hugsað sér, hvort það hefir verið hundrað kr., þúsundir eða jafnvel tugir þúsunda. Það er alls ekki gott að vita, hvað nefndin hugsar sér, þar sem hún í nefndarálitinu leggur til, að stjórninni sé fengið hæfilegt fé til þessara rannsókna. Eg gæti hugsað mér, að þessu yrði ef til vill hagað svo, að sendur yrði maður til að ferðast um landið og gefa skýrslur um það, sem hann hefði getað orðið áskynja um í þessu efni, og þá væri ekki ólíklegt, að 1000 kr. væri hæfilegt fé. Það eru margir vegir, er allir

hafa kostnað í för með sér, sem stjórnin gæti farið, ef sú upphaflega tillaga yrði samþykt; en ef þessi breyt.till. kemst að, þá er ekki um neitt slíkt að ræða, og eg vil því gjarnan styðja hana, þar sem hún að öðru leyti getur engan skaða gert. Eg vil styðja hana, þó það væri ekki til annars en að gera þeim til geðs, bæði þeim sem borið hefir þessa till. upphaflega fram hér á þingi, flutningsmanni hennar hér í deildinni og þeim mönnum, sem hafa haft þessa hræðslu við hvalveiðarnar hér við land, og það því fremur, sem eg veit, að tillagan þannig löguð getur ekki bakað stjórninni neina sérstaka fyrirhöfn, því hún mundi í hæsta lagi senda mann til Noregs til að leita þar upplýsinga, eða þó öllu heldur líklega fela erindsreka sínum í Noregi, sendiherranum eða konsúlnum, að útvega þessar upplýsingar; og þá væri fyrirhöfnin ekki önnur en að skrifa eitt bréf. Aftur á móti gæti það verið gott til að sefa hræðslu manna, að það sæist svart á hvítu, hvaða skoðun Norðmenn hafa á áhrifum hvaladráps á síldarveiðar; því menn munu trúa betur, ef þeir sjá, að enginn ótti er í Noregi við þessar veiðar, og það þá væntanlega verða þeim töluverð hugfró.

ATKVÆÐAGR.: Fyrri málsgr. till. á þingskj. 167 feld með 7 atkv. Breyt.till. á þingskj. 235 samþ. með 7 atkv. Fyrirsögn till. samþ. með 7 atkv. Till. síðan endursend forseta Nd.

Landsjóðsstyrkur til búnaðarfélaga.

(Þingsál.)

FRUMVARP til laga um styrkveitingu til búnaðarfélaga (C. 245); ein umr., 1. ágúst.

Sigurður Stefánsson: Eg hefi borið till. þessa saman við hin núgildandi ákvæði um þetta efni, og hefi sannfærst um, að háttv. Nd. hefir gert litlar breytingar á þeim og flestar óverulegar, en sumar þeirra eru fremur til spillis en til bóta.

Í tölulið A. 2. er ákveðið, að skoðunarmenn séu eigi fleiri en 3 í sýslu. Nú er ekkert ákvæði um skoðunarmennina; en það getur leitt af þessu, að skoðanirnar verði dýrari en nú. Fyrir þau búnarfélög, sem þurfa að sækja lengra að, verður ferðakostnaðurinn meiri en nú, án þess trygging sé fyrir því, að verkið verði betur af hendi leyst. Við höfum nóg af búfræðingum til þess að leysa þessi störf af hendi, og þótt eg ekki sé neitt hrifinn af búfræðingunum yfir höfuð, þá get eg ekki gert þeim svo lágt undir höfði, að þeir ekki geti mælt út þær jarðabætur, sem hér ræðir um. Þetta nýmæli um skoðunarmennina er því að eins til þess að auka kostnað, án þess að meiri trygging en nú er sé fyrir því, að verkið verði vel af hendi leyst. Annað nýmælið í till. þessari er um hæð torfgarða, að þeir þurfi ekki að vera meiri en 3 feta háir. Eg skil ekki, hvers vegna því hefir verið breytt. Allir, sem nokkurt skyn bera á slíka hluti vita, að þriggja feta háir torfgarðar eru sama sem engin vörn, og því síður, sem torfgarðar síga töluvert; þetta ákvæði er því verra en í núgildandi reglum. Nýmælið A. 1., að það sé nóg skilyrði fyrir styrkveitingu, að minst 8 félagsmenn hafi tekið þátt í jarðyrkjustörfum félagsins, í staðinn fyrir 10 eftir núgildandi reglum, álít eg líka til spillis. Það er ekki mikill áhugi á jarðabótum þar sem ekki er hægt að fá 10 menn í félag til að taka þátt í þeim. Mér finst óþarfi að draga úr því, sem nú er, og að minni félagatala skuli ekki koma til greina. Það er aðallega eitt nýmæli í þessari till., sem kann að vera til bóta, nfl. að nánari greinarmunur er gerður á vatnsveitingarskurðum, að þeir skuli vera 1 fet á dýpt einstungnir, tvístungnir 2 feta djúpir, og þrístungnir 3 feta djúpir.

Þetta er ekki tekið fram í núgildandi reglum.

Eg þekki nú ekki svo vel til, að eg geti sagt, hvort það er til bóta. Eg veit að þessir skurðir eru til, og að þeir eru sumstaðar teknir til greina; en mér finst þetta ekki vera svo mikils vert, að það sé ástæða til að breyta því frá því sem nú er.

Hinar breytingarnar eru allar óverulegar. Eg kann ekki við að breyta til, nema brýn nauðsyn sé á því. Allar aðrar breytingar eru að eins til þess að rugla almenning, og geta jafnvel orðið til þess að menn fari á mis við styrkinn, af því þeir fylgja ekki með þessum sífeldu breytingum. Menn hafa ekki alt af Stjórnartíðindin við hendina, og þótt þeir hafi þau, lesa þeir þau ekki. Eg mun greiða atkv. móti till. þessari, með því að eg álít hana ekki nauðsynlega, þar sem hvorki er farið fram á meiri né hagfeldari breytingar á núgildandi reglum en hér er gert.

Guttormur Vigfússon: Eg skal játa að það er satt, sem h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) sagði um till. þessa, að það ekki eru neinar verulegar breytingar í henni frá ákvæðum hinnar núgildandi till., en á hinn bóginn eru sumar af breytingunum að mínu áliti til töluverðra bóta, t. d. nýmælið í tölulið A. 1 um að ekki þurfi nema 8 félagsmenn í stað 10, sem hafi tekið þátt í jarðyrkjustörfum félagsins skuli fá styrk. Því maður getur hugsað sér ýms atvik, sem valdi því, að ekki geti nema 8 félagsmenn tekið þátt í þessum störfum, t. d. menn í fámennum sveitum eða sveitarfélögum, sem heldur vilja vinna í tveimur deildum hvorir út af fyrir sig; getur þá svo farið, að báðar deildir verði of fámennar, ef hinu eldra ákvæði er haldið. Það er hart, að þeir þurfi að verða án styrksins af því að þeir eru ekki nema 8, ef þeir vinna eins mikið eins og 10 menn eða meira. — Þó því þessi breyting ekki sé mikilvæg, þá er hún þó heldur til bóta. Að því er tölu skoðunarmanna snertir, þá hallast eg fremur að skoðun háttv. 1. þm. Ísf. (S. S.). Með þessari breytingu á till. hefir, að því er mér skilst, vakið fyrir uppástungumönnum, að koma á meira samræmi í skoðunargjörðunum; en eins og háttv. 1. þm. Ísf. tók fram, þá eru skoðunargjörðir eða úttektir þessar ekki svo vandasamar, að hver búfræðingur ekki geti leyst þær þolanlega af hendi.

Í sambandi við þetta vildi eg minnast lítið eitt á það, sem háttv. 1 þm. Ísf. tók fram, að sumar af þessum breytingum séu að eins til að rugla almenning og geti orðið til þess að þeir verði af styrknum, af því þeir ekki viti, hvaða reglum þeir eigi að fylgja. En það getur ekki komið til greina, vegna þess, að úttektarmenn hafa á prentuðu skýrsluformi nákvæmar reglur fyrir því, hvernig taka skuli út slíkar jarðabætur.

Ákvæðið um torfgarðana í hinum núgildandi till., að þeir skuli vera 4 feta háir og 4 feta þykkir, er ekki heppilegt. Slíkir torfgarðar eru alt of þunnir eftir hæðinni, og því endingarlitlir þar, sem hleðsluefni er ekki því betra, og í þurkasveitum, eins og víðast er á Norður- og Austurlandi. — Nú er gert ráð fyrir í þessari till., að garðarnir skuli vera 5 feta þykkir og 3 feta háir, og því endingarbetri verða þeir, sem þeir eru breiðari að neðan í hlutföllum við hæðina. Það er að vísu rétt hjá háttv. þm. Ísf. (S. St.), að 3 feta vörzlugarðar eru helzt til lágir; en þegar skurður er tekinn utanvið garðinn, þá eykur það á hæð hans, svo að hann verður nægilega hár og góður vörzlugarður. Annað hefir ef til vill líka vakað fyrir flutn.mönnum þessarar till., nfl. það, að svona garðar geta verið praktiskir og tiltölulega ódýrir vörzlugarðar, með því að setja á þá streng af galvaníseruðum vír.

Það er eitt nýmælið í þessari till. um flóðgarða og stíflugarða. Með flóðgörðum

er meint garðar á uppistöðuengi, en með stíflugörðum garðar, sem hlaðnir eru í árfarvegi og lækjum til þess að ná upp vatni. Eg álít alveg rétt að liða þetta sundur.

Þá er enn eitt nýmæli í till. þessari til bóta, nfl. um einstungna skurði. Þeir eru algengir þar, sem mikið er um vatnsveitingar; þeir eru máske fleiri hundruð faðma langir, en ekki meir en 1 fet á dýpt, grafnir gegnum móa og mela. Þessum skurðum var ekki hægt að koma inn í skýrsluna áður og víða munu þeir ekkert hafa verið teknir til greina, af því að úttektarmenn álitu ekki rétt að taka þá með í skýrslurnar, af því að þeir hefðu ekki þá dýpt, sem fyrir var mælt í skýrsluformunum. Þetta ákvæði er því til bóta. Það er ekki nema réttlátt, að menn fái eitthvað fyrir slík verk, ef þau eru vel af hendi leyst.

Eg mun, af þeim ástæðum, sem eg nú hefi tekið fram, greiða atkvæði með þessum breytingum. Þær geta ekki valdið ruglingi, vegna þess, að reglurnar fyrir úttektinni eru prentaðar aftan við skýrsluformið, og getur því hver úttektarmaður farið eftir þeim.

ATKV.GR.: Till. sþ. með 9 atkvæðum. Fyrirsögnin sþ. með 6 atkv. Tillagan síðan afgr. til landsh. sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Landssjóðsstyrkur til barnakenslu.
(Þingsál.).

TILLAGA til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakenslu (C. 248); ein umr., 1. ágúst.

Hallgrímur Sveinsson: Á síðasta þingi var í Nd. samþykt till. um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakenslu nokkuð svipuð þeirri till., er hér liggur fyrir. Þessi till. var rækilega meðhöndluð hér í deild., var sett í nefnd og rædd í tveim umræðum; en endirinn varð sá, að ýmsir liðir till. voru fyrst feldir og loks öll till. í heild sinni, þar eð till. var orðin mjög ósamkynja og sundurleit, er sumir liðir hennar voru feldir burtu, og þar að auki þóttu sum ákvæði hennar athugaverð að því leyti, sem þau gerðu skilyrðin fyrir styrknum þrengri.

Þessi till., sem nú er komin hér fyrir deildina, er samin af hinum sömu mönnum, sem fyrri till., og þetta eru menn, sem vitanlega hafa mikinn áhuga á mentamálum yfirhöfuð og sérstaklega á að menta og manna alþýðuna sem bezt, og jafnframt töluverða reynslu í þessum málum. — Það er viðurkent, að fræðslumál vor eru enn þá nokkuð á reiki, og að barnaskólar okkar eru fremur fáir; en þeim fer þó ætíð fjölgandi, og orsökin til þess er sú, að menn finna æ betur og betur til þess, að þetta er bezti og beinasti vegurinn til að afla unglingum nauðsynlegrar mentunar þar, sem þéttbýli er svo mikið, að skólum verði komið þar við. Einnig hafa barnaskólar hér í mörg ár notið styrks af almannafé, og hefir það orðið öðrum hvöt til þess, að koma á stofn hjá sér sams konar skólum. Styrkurinn er veittur á þeim grundvelli, að barnaskólar séu heppilegir og gagnlegir þar, sem þeim verður komið við, og þess vegna hvetur löggjafarvaldið menn með styrkveitingu af opinberu fé til þess að koma slíkum skólum á stofn, og þessum tilgangi virðist vera náð þar, sem skólunum fer fjölgandi ár frá ári. Það er ekki við því að búast, að hér séu stór stig stigin, því bæði er það, að menn eiga óhægt með að ná saman sökum strjálbygðar, og eins þurfa menn ætíð að leggja nokkuð í sölurnar sjálfir til að koma á hjá sér barnaskólum, og því fetum við okkur að eins hægt áfram. Nú sem stendur munu það vera 25—28 skólar, sem njóta styrks af opinberu fé, og auk þeirra fjöldi af sveitakennurum. — Þessir sveitakennarar eru

menn, sem vanalega eru náttúraðir fyrir þess háttar störf, og sem að vetrinum hafa ekki annað arðsamara að gera; svo er það að minsta kosti með marga, þó það ef til vill, því miður, sé ekki eins fyrir öllum. Tala þessara sveitakennara er um 160—170 manns, og er þeim veittur styrkur á fjárlögum eftir því, sem kensla hvers eins virðist eiga skilið. Tala þessara kennara fer hægt vaxandi, og liggur til þess sama ástæðan og til fjölgunar barnaskólanna, að menn vilja koma fastara skipulagi á barnakensluna, fastari og betri kenslu en að jafnaði verður veitt í heimahúsum. Það er helzt í sjóplássum, að barnaskólar hafa þrifist, en í sveitum hafa aftur á móti meir verið notaðir lausir kennarar, vegna þess, að ekki hefir verið hægt að sameina svo mörg börn í einn flokk, að það hafi verið nóg til að halda skóla með. Þessir kennarar hafa svo ferðast um á vetrum frá bæ til bæjar, í sumum sveitum haft þetta 7—9 dvalarstaði. Það, sem vakir fyrir mönnum með þessu ferðalagi, er, að sem flest börn verði aðnjótandi kenslunnar. Aftur hefir það verið vani í sveitum, að umgangskennararnir hafa ekki haft svo marga dvalarstaði, stundum ekki fleiri en 3—4, og þetta fyrirkomulag verð eg að telja æskilegra og fullkomnara; með því móti verða börnin aðnjótandi betri og happasælli kenslu, sem hefir varanlegri áhrif á þau. Til að styrkja þessa kensln miðar nú þessi litli styrkur — hann getur mest orðið 80 kr. — og hann gefur mönnum hvöt til þess að gefa sig að þessum störfum og á sjálfsagt góðan þátt í, að sveitakennarar eru þó svo margir.

Væri nú kenslan hjá öllum þessum 160—170 mönnum í svo góðu lagi, sem hún ætti að vera, þá væri það sannarlega gleðilegt; en eg held mér sé óhætt að fullyrða, að svo sé ekki, því miður.— Hjá sumum þessara kennara má segja að kenslan sé í bezta lagi. Það eru menn með góðum hæfileikum, sem hafa aflað sér góðrar mentunar; þeir eru samvizkusamir menn, sem veita börnunum alla þá þekkingu, sem þeim er unt, ganga á undan þeim með góðu eftirdæmi og eru sannarlega þess styrks verðir, sem þeir fá, já, í raun og veru meira styrks en þeim er ætlaður. — Aftur eru aðrir, sem brestur meira og minna á að geta heitið góðir kennarar; þeir eru miðlungi vel mentaðir, kunna t. d. hvergi nærri vel sjálfir að reikna, skrifa eða rita rétt mál, svo ekki er að búast við að börnin geti grætt mikið á þeirra kenslu. Eg segi þetta ekki til ámælis þeim kennurum, sem í hlut eiga, því þeim verður það ekki lagt til lasts, ef þeir vinna verk sín eftir beztu getu. — En loks eru enn aðrir, sem ekki leggja þá ástundun á verk sitt eða þá krafta fram, sem þeir geta, og þessir menn eru sannarlega ámælisverðir. — Að nokkur mismunur verði ætíð á kenslunni hjá hinum einstöku kennurum, verður ekki hægt að komast hjá, því það er eðlileg afleiðing af því, að verkamennirnir verða ávalt misjafnlega hæfilegleikum búnir, og engin regla, engin lagaákvæði geta komið í veg fyrir það; en hitt er annað, að setja má hæfilegar skorður fyrir því, að kenslunni hraki ekki um of og að löggjafarvaldið getur þar gert sitt til, og eg skal ekki dylja það, að mér finst þessi till., sem hér er komin fram, einmitt fara í þessa stefnu.

Eg skal þá snúa mér að sjálfri till. og að hverju leyti hún fer fram á nokkurar breytingar. — Skilyrðin eru sumpart þau sömu sem nú, sumpart nokkuð breytt og sumpart ný. Fyrsta breytingin er í rómv. I stafl. 1 um styrk til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum, og er í því fólgin, að hér er heimtuð kensla í móðurmálinu. Þetta orð er nýmæli sem kenslugrein hér á landi; en það hefir lengi verið sérstök kenslugrein í Danmörku. Við móðurmálið er svo skilið: lestur, réttrit-

un og æfingar í því, að setja fram hugsanir sínar munnlega eða skriflega. Tvö fyrnefndu skilyrðin eru hin sömu og nú, en hið síðastnefnda er nýmæli, en nýmæli, sem eg ætla að sé eingöngu til bóta. Hér er ekki um ritgerðir í eiginlegum skilningi að ræða, heldur um smávægilegar hugsanaæfingar fyrir börnin. Þessu er vanalega og heppilegast komið þannig í verk, að kennarinn les upp einhverja smásögu eða stutt æfintýri, sem börnin svo eiga aftur að segja frá eða rita um með eigin orðum. Þetta styrkir minnið og vekur hugsun barnanna; en á hinn bóginn held eg ekki sé nein hætta á því, að þessu verði misbeitt, því það yrðu að teljast mjög ófullkomnir kennarar, sem beittu þessu við yngstu börnin, og ekki gerandi ráð fyrir því. Aðrar kenslugreinir, sem taldar eru upp í stafl., eru hinar sömu sem nú, og niðurlagið, að stiftsyfirvöldin skuli samþykkja reglugerð fyrir skólana, er til þess, að samræmi sé í kenslunni og skipulaginu á hinum einstöku skólum.

2. stafl. fer ekki fram á nein nýmæli eða gerir neinar breytingar á því, sem nú á sér stað.

Í 3. stafl. eru þau nýmæli, að skólinn er settur undir stjórn þriggja manna nefndar, sem sóknarpresturinn og 2 menn aðrir, er hreppsnefndin kýs, er í. Þetta hefir ekki áður staðið í skilyrðunum; en í reglugerðum þeim, sem hafa verið gefnar skólunum að fara eftir, hefir ætíð verið ákveðin einhver stjórn fyrir skólana, og hefir það vanalega verið þriggja manna stjórn, eg held að eins örsjaldan fimm manna stjórn. Þessi nýmæli eru því meiri í orði en í raun og veru.

Þá er í 4. stafl. ákveðið, að við próf skuli vera viðstaddur einn prófdómandi. Áður hefir það verið svo, að prófdómendurnir hafa verið tveir og annar þeirra ætíð sóknarpresturinn. Það kann nú að vera ofmikið heimtað, að krefjast tveggja prófdómenda, því það getur verið erfitt, ef presturinn er kallaður burtu, að finna tvo menn í sama bygðarlagi, sem séu vel færir um að vera prófdómendur. Það má því ef til vill fremur telja það sem bót, að krefjast ekki nema eins prófdómanda. Í því er viðunanleg trygging fyrir því, að börnunum sé ekki gert rangt til. Eg hallast því fyrir mitt leyti að þessari breytingu, og það því fremur, sem það getur verið miður heppilegt, að binda þetta starf við sóknarprestinn, einkum þar svo er ástatt víða, að fleiri en einn skóli er í sömu sókn, og presturinn þá yrði að láta annan skólann sitja á hakanum, ef próf er haldið samtímis í báðum eða öllum. Eg skal nefna t. d. Útskálaprestakall; í því eru 4 skólar: 1. á Útskálum, 2. í Keflavík, 3. í Leiru, 4. á Miðnesi. Í Kálfatjarnarprestakalli eru 2 skólar; í Garðaprestakalli eru 2 eða 3, og í Reykjavíkursókn 2.

5. stafl. inniheldur ekki nein nýmæli, en í 6. stafl. eru aftur þau nýmæli, að „nauðsynlegustu kensluáhöld séu til við hvern skóla til afnota við kensluna, eftir því, sem stiftsyfirvöldin nánar ákveða". Þetta ákvæði er ofur-eðlilegt og ekki annað en það, sem hefir átt sér stað, enda alveg óhjákvæmilegt, að til séu ýms áhöld til að leiðbeina með börnunum við kensluna, t. d. landabréf, kúlnagrind o. fl.

Niðurlagsatriðið, að styrkbeiðnunum skuli fylgja nákvæm skýrsla um ársprófin, kenslutilhögun, kensluáhöld og um ástand skólahússins, er að nokkuru leyti hið sama sem nú, en að nokkuru leyti nýmæli, sem sé að því leyti, sem snertir upptalningu á kensluáhöldum og lýsingu á ástandi skólahússins. • Eg álít það til bóta, að skýrslurnar séu hafðar svo nákvæmar, því þá getur fremur komið í ljós, ef eitthvað fer aflaga, t. d. ef skólahúsið er í svo slæmu standi, að skaðlegt er fyrir heilsu barnanna. Þetta getur líka verið hvöt fyrir menn til að vanda

skólana sem bezt, því að góðir og vandaðir skólar geta vænst eftir meiri styrk en miður vandaðir.

Yfir höfuð finnast mér allar þær breytingar, sem farið er fram á í rómv. I, fremur til bóta frá því, sem nú er, heldur en hitt.

Annar kaflinn, eða rómv. II, er um sveitakennara.

1. stafl. gerir sömu ráðstöfun og nú er, nema að því leyti, að eftir honum er það hreppsnefndin, sem með ráði sóknarprests ræður kennarann, í stað þess, að nú er kennarinn ráðinn sumstaðar af hreppsnefndum og sumstaðar af sóknarnefnd. Það má gera ráð fyrir því, að hreppsnefndirnar geti haft meira að segja, hvað kennarann snertir, einkum ef sú breyting kemst á, að hreppasjóðirnir leggi fram fé til kenslunnar, því sóknarnefndin hefir engin fjárráð. Eg get því ekki séð neitt athugavert við þessa breytingu, sérstaklega þar sem tekið er fram, að sóknarpresturinn eigi að vera í ráði með hreppsnefndinni.

2. stafl., að sveitarsjóðir eða einstakir sveitarmenn leggi fram fé til sveitakenslunnar, að minsta kosti til jafns við landssjóðsstyrkinn, auk fæðis og húsnæðis handa kennaranum, þann tíma, sem kenslan stendur yfir, er nýmæli. Hingað til hefir vantað ákvæði um þetta, og afleiðingin hefir verið sú, að kjör sveitakennara hafa verið ofur-lítilfjörleg. Þeir hafa fengið þetta 30—40—50 kr. fyrir 4—5 mánaða vinnu, og sjá allir, að þetta verður að teljast mjög lítil borgun, þótt fæði og húsnæði fylgi með, en það hefir oftast verið það eina, sem bændur hafa sjálfir lagt til frá sér. Mér finst það sanngjarnt, að sveitirnar leggi eins fram nokkuð fé úr sínum sjóði til kennara eins og til barnaskóla, því enginn barnaskóli fær styrk úr landssjóði, nema hann njóti jafnmikils styrks annarsstaðar frá, hvort sem það eru 200 kr. styrkur eða meira, eins og tilfellið er með suma skóla, eða 100 kr. styrkur, sem framlagið úr landssjóði nemur. Þetta ákvæði er því í fullu samræmi við það, sem gildir um skólana, og getur orðið til þess, að menn vandi betur til kennarans en ella, því sumir hugsa án efa svo, að þar sem það sé landssjóður, sem eigi að borga kennaranum, og ekki þeir sjálfir, þá þurfi þeir ekki að vera svo sérlega vandlátir. En ef þeir aftur á móti sjálfir eiga að leggja fram fé til kennarans, þá verða þeir vandlátari með valið, því fáir vilja kasta fé sínu út til einskis, eins og líka á hinn bóginn tvöfalt meira fé verður til að launa kennara með og þess vegna meiri völ á góðum kenslukröftum en ella. Eg held ekki verði sagt, að hér sé ofmikið heimtað af sveitunum, í hæsta lagi 80 kr., og í reyndinni verður það fyrir flestum hreppunum ekki meira en 40—50 kr. framlag, sem um er að ræða, vegna þess, að svo margir eiga að njóta landssjóðsstyrksins, og styrkurinn því verður minni á hvern hrepp. Sérstaklega verður þetta tillag þó ekki kallað gífurlegt, þegar það er borið saman við það tillag, sem sumir barnaskólar fá, kannske 2—300 kr. frá einum hrepp.

3. stafl. má kalla að innihaldi sömu ákvæði, sem nú gilda, og þarf því ekki að tala um hann. Á síðasta þingi var farið fram á, að heimta kenslu í öllum sömu greinum og kendar eru við barnaskóla, en þótti þá ofhart, og þess vegna hefir því verið slept nú.

4. stafl. inniheldur það nýmæli, að kennarinn kenni að minsta kosti 5 mánuði, og að ekkert barn komi til greina við styrkveitingar, sem ekki hefir notið kenslu í 2 mánuði. Nú er ástandið þannig, að sumir kennarar kenna í 30 vikur, en aðrir í 5, 6, 7 og 8 vikur, og ætlast þó engu að síður til að fá styrk, auðvitað lítinn, en þó nokkurn. Hvað börnin snertir, þá hefir það verið þannig, að þau

hafa sum að eins verið þetta 1—5 vikur eftir atvikum og mér finst það fullkomlega rétt, að setja sem skilyrði fyrir námsstyrknum, að börnin séu einhvern tiltekinn tíma, svo vissa fáist fyrir því, að þau hafi eitthvert gagn af kenslunni. H. Nd. hefir fundist tíminn hæfilega ákveðinn 5 mánuðir fyrir kennara og 2 mánuðir fyrir börn. Í till. háttv. Nd. á síðasta þingi var tíminn fyrir kennara ákveðinn 6 mánuðir, en háttv. Ed. færði tímann eftir tillögum nefndarinnar, sem sett var hér í málið, niður í 4 mánuði. Hér er farið mitt á milli, og eg fyrir mitt leyti vil helzt hallast að því tímatakmarki, sem hér er sett; en hvort deildin heldur fast við 4 mánuði, eins og hún samþykti á síðasta þingi, er efasamt, og eg get ekki neitt um það sagt. Mér finst það til nokkuð mikils ætlast, að góður kennari fáist til að gefa sig við kenslustörfum svo stuttan tíma sem nokkurar vikur; en sé um lengri tíma að tala, eins og t. d. 5 mánuði, þá tel eg víst, að hægt sé að fá betri hæfileikum búinn mann, sem vilji taka að sér kensluna. Þetta er auðvitað nokkurt band, sem þannig er lagt á hreppsnefnd, með því að lengja kenslutímann; en hins vegar ber að gæta að því, að á þennan hátt verður kenslan betri atvinna, og þar af leiðir, að fleiri gera sér far um að ná í hana og gera sig betur hæfa til þess starfa. Hitt tímatakmarkið, að börnin skuli vera 2 mánuði við kensluna í senn, álít eg líka mjög hagfelt. Eg tel það mjög vafasamt, hvort eins mánaðar kensla hafi nokkur veruleg áhrif á börnin; en eins eða tveggja vikna tíma verð eg að álíta nálega alveg gagnslausan.

5. stafl. verður ekki sagt að geri neina breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er.

Þá hefi eg farið yfir hina einstöku liði till.; en svo er aftan við till. bætt tveimur viðaukum eða viðaukagreinum, ef eg mætti nefna þær svo. Fyrri viðaukinn er, að kennarar skuli ráðnir, hvort heldur er til barnaskóla eða sveitakenslu, með skriflegum samningi og þriggja mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu. Þetta er nýmæli, og hafa engin ákvæði verið hér að lútandi áður. Kennarastörfin hafa því oft verið fallvölt og stopul, því kennarinn hefir átt á hættu að missa kenslsuna hvenær sem vera vildi, án nokkurs fyrirvara. En ekki einungis hefir þetta fyrirkomulag verið ilt fyrir kennarana, heldur einnig fyrir sjálfa kensluna, þar sem kennarinn hefir getað hlaupið frá henni, hvenær sem hann hefir viljað eða honum hefir boðist eitthvað betra. Þetta ákvæði veitir meiri trygging fyrir því, að einhver festa sé á kenslunni, en verður á hinn bóginn ekki kallað neitt band, þó menn séu neyddir til að hugsa um, hvað þeir eru að gera og athuga þær skuldbindingar, sem þeir takast á hendur.

Síðari viðaukinn er, að sé kostur á kennara, sem staðist hefir opinbert kennarapróf, þá skuli hann að öðru jöfnu tekinn fram yfir óæfðan kennara, þegar kennari er ráðinn. Þetta ákvæði finst mér eðlilegt, og það uppörvar menn til að leggja stund á kennarafræðslu, með því að tryggja þeim, að þeir ekki vinni fyrir gýg.

Eg hefi nú reynt til að skýra fyrir h. þingdm., að hverju leyti þessi þingsál.till. hefir nýmæli inni að halda, og að hverju leyti þau væru til bóta eða ekki. Eg hefi komist að þeirri niðurstöðu, að breytingarnar séu töluverðar og ekki svo fáar af þeim til bóta; sumar álít eg aftur vafasamt um; en þar sem tíminn ekki leyfir að gera neinar breytingar á till., þar hún er til einnar umræðu hér í deildinni, þá kýs eg heldur að aðhyllast till. eins og hún er, en að fella hana algerlega, og vil því ráða háttv. þingd. til að samþykkja till.

Sigurður Jensson: Eg er samdóma h. 2. kgk. (H. Sv.) um það, að það sé efa-

samt, hvort sumar af tillögum þessum muni vera breytingar til bóta á ákvæðum þeim, sem nú gilda, og fyrir því er það næst huga mínum, að greiða atkvæði á móti þeim, ef þær verða bornar í einu lagi undir atkvæði. Mér virðist það undarlegt, að setja, eins og hér er gert, ákvæði um þýðingarlítil atriði, en sem þó styrkveitingin á að vera bundin við sem skilyrði. Eg skal taka til dæmis I. stafl. 3., þar sem það skilyrði er sett, að skólinn standi undir stjórn þriggja manna nefndar. Mér finst það koma fjarska lítið undir því, hvort skólanum stjórnar þriggja manna nefnd eða fimm manna nefnd. Þess konar skilyrði er alveg óþarft; eða hví má ekki 5 manna nefnd stjórna slíkum skóla?

Undir I. tölul. 6. stendur, að stiftsyfirvöldi skuli ákveða, hver kensluáhöld skuli fylgja skólunum. Eg treysti því nú að vísu, að þau muni taka tilhlýðilegt tillit til ástæðna hvers skóla í þessu efni og gera eigi of miklar kröfur, en við það verður þetta skilyrði mjög þýðingarlítið.

Skilyrðin fyrir styrkveitingunni til sveitakennaranna virðist mér þó að ýmsu leyti vera enn meira athugaverð. Undir tölul. 2. stendur: „að sveitarsjóðir eða einstakir sveitamenn leggi fram fé til sveitakenslunnar, að minsta kosti til jafns við landssjóðsstyrkinn, auk fæðis og húsnæðis handa kennaranum þann tíma, sem kenslan stendur yfir“. Þetta sýnist nú ef til vill ekki órímilegt. En þar sem eg þekki til, hvernig sveitakennarar eru ráðnir, þá er örðugt að segja það nákvæmlega, hve mikið sveitarsjóðir leggja til kenslunnar. Sveitakennarinn er oft búfræðingur, ráðinn til eins árs; hann er við jarðabætur á sumrin, en sveitakenslu á veturna; fær fæði, húsnæði og alt frítt og kaupgjald fyrir árið í heild sinni, án þess að því sé skift niður þannig, að hægt sé að segja, hvað mikið af kaupinu sé fyrir sumarvinnuna og hvað mikið fyrir barnakensluna, nema þá að setja einhverja upphæð af handahófi og semja þannig ranga skýrslu.

Mér virðist það einnig nokkuð vafasamt, hvort það er til bóta, að binda styrkveitinguna því skilyrði, að kennarinn kenni að minsta kosti 5 mánuði. Sá sem kennir í 4 eða $4^1/_2$ mánuð, getur oft og einatt átt engu síður styrk skilið. Og enn þá ver felli eg mig við það, að ekkert barn, sem nýtur skemri tíma en 2 mánuði kenslunnar, skuli geta komið til greina við styrkveitinguna. Það er oft, sem fátæklingar koma börnum sínum til sveitakennaranna tíma og tíma, til þess að læra það, sem þau geta sízt lært heima, t. a. m. reikning, en verða að spara vegna efnaleysis; þá finst mér það hart, að slík börn geti ekki komið til greina, þótt þau séu t. d. 6 vikur við slíkt nám.

Þessi síðustu ákvæði á eftir 5. tölul. virðast mér einnig fráleit. Hvað kemur það landssjóði við, hvort gerður er skriflegur samningur við sveitakennarann eða hvort til er tekinn 3 mánaða uppsagnarfrestur af beggja hálfu? Og þetta síðasta skilyrði: „Sé kostur á kennara, sem staðist hefir opinbert kennarapróf, skal hann, að öðru jöfnu tekinn fram yfir óæfðan kennara“. Þetta er öldungis óþarft. Það er ekki gott að segja, hvað þetta: „að öðru jöfnu“ á að þýða; og hver á að meta það? Ef mönnum lízt betur á þann manninn sem kennara, sem þó ekki hefir tekið kennarapróf, þá er hann ekki lengur jafn hinum í augum manna, og þá taka þeir hann heldur fyrir kennara. Yfir höfuð virðast mér reglur þessar bæði óþarfar og óákveðnar og að því sé vafasamt, hvort nokkuð er unnið við þær, og verði þær samþyktar, hygg eg, að þær muni hafa þær einu afleiðingar, eins og reglurnar um búnaðarstyrkinn, að prenta þarf ný eyðublöð handa þeim, sem um styrkinn sækja.

Julius Havsteen: Eg skal ekki tala langt erindi um tillögur þessar, það er

þegar búið að gera allítarlega grein fyrir þeim; að eins vil eg lýsa því yfir, að eg sé ekkert unnið við þær; þær gera mönnum að eins örðugra fyrir við útbýting styrktarfjárins.

Að því er skilyrðin fyrir styrkveitingu til barnaskólanna áhrærir, þá koma sum þeirra, eftir tillögum þessum, ekki heim við reglugjörðir þær, sem nú gilda um barnaskóla, og sem sniðnar eru eftir fyrirmynd til reglugerðar, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) hefir búið til.

Biskupinn hefir mest að sýsla við styrkveitinguna til sveitakennaranna, og ætla eg, að þær breytingar, sem nú er stungið upp á um skilyrðin fyrir styrkveitingum til þeirra, muni gera það að verkum, að þau eyðublöð, sem nú eru notuð við þessar styrkveitingar, verði eigi framar notuð, svo að búa verði til önnur ný, sem menn þá eru óvanir.

Yfir höfuð að tala vildi eg fyrir mitt leyti helzt vera laus við nýjar reglur um útbýting styrks til barnaskóla og sveitakennara.

Hallgrímur Sveinsson: Út af ræðu h. þingm. Barðstr. (S. J.) skal eg játa það, að lítið er undir því komið, hvort einum skóla stjórnar 3 manna nefnd eða 5 manna nefnd; en eftir því sem mér er frekast kunnugt, þá mun alstaðar eða því sem næst stjórna nú skólunum 3 manna nefnd. Annars hygg eg, að eigi þurfi að bera neinn kviðboga fyrir því, að stiftsyfirvöldin muni útiloka nokkurn skóla frá styrkveitingu vegna þess, að 5 manna nefnd stjórnar honum. Eg hygg, að skilyrði þessi eigi ekki að takast öldungis bókstaflega, heldur dálítið „elastiskt“ í framkvæmdinni. — Það mun heldur eigi þurfa að óttast, að stiftsyfirvöld muni gjöra mjög harðar kröfur um skólaáhöld til afnota við kensluna, svo að nokkrum skóla verði með því gert rangt til eða of mikið verði af honum heimtað. Eg hygg og, að það dæmi, sem h. þingm. Barðstr. (S. J.) tók af sveitakennara, sem vinnur að sumrinu til sem búfræðingur, þurfi að leiða í nokkrar ógöngur, því að hægt mundi vera að ætlast á það með sanngirni, hversu mikið af kaupinu væri fyrir kensluna eða ætti að skoðast sem kenslukaup. Þetta fyrirkomulag mun heldur ekki eiga sér víða stað.

Eg skal játa það, að mér virðist það, ef til vill, nokkuð strangt að heimta, að sveitakennari sé við kenslu í 5 mánuði af árinu; eg lét í ljósi í fyrri ræðu minni nokkra efasemd um þetta atriði. En h. þingm. (Sig. J.) mátti þó ekki skilja orð mín svo, að eg væri neitt verulega mótfallinn þessu ákvæði; því að það er ekki, né heldur því ákvæði, að börnin, er teljast eiga með, skuli nota tilsögnina í átta vikur. Í framkvæmdinni verður að miða styrkveitinguna fremur við kennarastarfið heldur en hitt, hve mörg börn njóti kenslunnar svo og svo langan tíma hvert. Aðalatriðið er, að kenslan sé skynsamlega stofnuð og að nokkurn veginn sé tryggging fyrir því, að hún komi að tilætluðum notum. H. sami þm. (S. J.) fann að því, að gert er að skilyrði, að kenslusamningurinn sé gerður skriflega. Það má auðvitað segja, að í daglegu lífi sé eigi nema stundum gerður skriflegur samningur, þótt menn leigi öðrum 1—2 herbergi; en það er þó ætíð góð regla, að gera slíka samninga skriflega, og virðist það því ekkert athugavert að ákveða það.

H. 1. kgk. (J. H.) óskaði helzt, að engar nýjar reglur væru settar um þessar styrkveitingar. Það getur nú verið álitamál, en ummæli hans gefa mér tilefni til að biðja h. forseta að bera tillögur þessar upp lið fyrir lið, svo að þingdeildin eigi kost á að aðhyllast þau atriði, sem henni geðjast að, en hafna hinum, og verði ekki í þeim vanda stödd, að þurfa annaðhvort að samþykkja alt eða hafna öllu.

ATKV.GR.: Báðir liðir, I. og II., born-

ir upp hvor um sig lið fyrir lið og feldir með 6—5 atkv.

Kosinn yfirskoðunarmaður landsreikninga.

Efri deild kaus á fundi 24. ágúst Sigurð Jensson, þm. Barðstr., yfirskoðunarmann landsreikninganna 1898—1899 með 9 samhlj. atkv.

Prentun næstu alþingistíðinda.
(Þingsál.)

TILLAGA til þingsályktunar um prentun næstu þingtíðinda (C. 473); ein umr., 22. ágúst.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vil leyfa mér að hreyfa þeirri athugasemd, hvort sú ráðstöfun, sem hér er farið fram á að gerð sé, sé í samræmi við 5. gr. þingskapanna, 2. málsgrein, — þar stendur svo: — „Sömuleiðis standa þeir (forsetar deildanna) í sameiningu fyrir útgáfu alþingistíðindanna, ráða útsölumann þeirra“ o. s. frv. Mér virðist einmitt það atriði, sem hér er um að ræða, falla undir ákvæði þetta, og þetta ákvæði ætla eg að sé sett til að veita forsetunum sem óháðast og fullkomnast vald til að gera þær ráðstafanir, er snerta þingið. Eg veit vel, að í þessu tilfelli mundi það hættulaust að taka landshöfðingjann í ráð með forsetunum, en eg vil leyfa mér að benda á, hvort það sé princip-rétt. Eg álít það hæpið, að afsala í hendur þriðja manns, hver svo sem hann er, nokkru af þeim rétti, sem þingið hefir óskorað. Með því gæti rekspölur komist á, sem seinna yrði vitnað í, og orðið til þess, að ýmsu yrði slept úr hönd forsetanna, sem ekki væri áhættulaust með öllu, að slept væri þaðan.

Þetta mál er ekki svo einfalt, sem það lítur út fyrir. Enda sé eg ekki, að nokkur sem helzt þörf sé á því, að gera neina ályktun um þetta frekari en lög standa til, því að það er vitanlegt, að þegar forsetunum er falið að annast útgáfu alþingistíðindanna, eins og þingsköp tiltaka, þá nær það fyrirmæli einnig til ráðstafana á prentun þeirra. Því hvað á annars að skiljast við „útgáfu“? Sá er kallað að gefi út bók, sem sér um að hún sé prentuð, borgar prentunarkostnað og annast sölu á henni. Nú lízt mér lítil meining í að segja, að forsetar hafi vald til að annast sölu þingtíðindanna, en ekki til þess að semja um prentun þeirra, þegar í þingsköpunum er svo fyrir mælt, að þeir skuli annast „útgáfu“ þeirra. En skyldi svo vera, að forsetar álíti sér ekki heimilt að gera samning í þessu efni, er bindi forseta þá, er eftir kunna að koma, þá er ekki annað en að veita þeim það vald, sem kringumstæðurnar krefjast að þeir hafi. Og þegar um tvent er að velja, þá lízt mér ísjárverðara, að sleppa nokkru af því valdi, sem forsetum einum tilheyrir, heldur en að skilja þingsköp á þá leið, að þeir hafi vald til að gera ráðstafanir, er ná til fleiri þinga en eins, ef kringumstæður lúta að því, að svo verði að vera.

Af þessum ástæðum er eg, meðan ekki koma aðrar skýringar eða upplýsingar um þetta mál, mótfallinn þessari till.

Flutningsmaður (Jón Jakobsson): Mér er skylt að skýra þetta mál, og skal eg strax geta þess, að við flutningsmenn ályktunar þessarar komum ekki fram með hana frá sjálfum okkur, heldur í nafni forsetanna og umboði. Það er kunnugt að í byrjun þings var töluverður rekstur út úr því, hver ætti að prenta þingtíðindin. Það komu tilboð frá 3 mönnum um prentunina, og eins og ýmsa mun reka minni til, voru þau tilboð mismunandi. Úrslit þessa máls urðu að lokum þau, að landssjóður beið nokkurn halla við það, að ekki var tekið lægsta tilboðinu. En

því var ekki tekið af því að embættismenn þingsins sáu það ekki ráðlegt að fela prentunina þeim manni, sem lægra bauð, af því þeir gengu út frá, að til þess að annast prentunina þyrfti svo mikil mannaráð o. fl., að þeir voru ekki fullvissir um, að sá er lægsta tilboðið gerði mundi geta staðið í skilum, en af því hefði leitt ýms óþægindi, t. d. var hugsanlegt, að prentun skjalapartsins hefði tepst. Þetta gerði það að verkum, að sameiginlegur fundur embættismanna þingsins réð það af, að fela prentina þeim sem áður hafði haft hana á hendi, þó að hið lægsta tilboð hefði ekki frá honum komið, heldur en að leggja út í tvísýnu með það, hvort prentunin fengist í tækan tíma. En um leið vaknaði sú spurning, hvort ekki væri nauðsynlegt, að forsetarnir réðu þessu máli til lykta áður en þing kæmi saman næst; því að eins og allir hljóta að skilja, er það næsta óheppilegt að þurfa að standa í samningum um, hvort þingskjöl fáist prentuð, þegar á þing er komið eða jafnvel liðinn nokkur hluti af þingtímanum. Því var þessu vísað til forsetanna, að sjá um þetta fyrir næsta þing, en annar þeirra hefir látið það í ljósi, að hann telji sig eigi hafa heimild til þess starfa, því að í 5. gr. þingskapanna er einungis til tekið, að forseti annaðist útgáfu þingtíðindanna, en ekki prentun. Við flutningsmenn höfum því ekki flutt till. þessa af eigin hvötum, heldur eftir áskorun frá forsetunum, og hvað það snertir, að landshöfðingja er samkvæmt tillögunni falið að sjá um starf þetta með forsetunum, þá hefir mér verið tilkynt, að hann hefði ekkert á móti formi till. þessarar. — Auðvitað mundi landshöfðingi ekki gera annað en það sem forsetarnir álitu hyggilegt og hafa komið sér saman um, svo eg get ekki séð, að nein hætta stafi af því að fela honum þetta ásamt forsetunum.

Það liggur í hlutarins eðli, að það er nauðsynlegt og óumflýjanlegt að hafa gert ráðstafanir um útgáfu þingtíðindanna áður en þing kemur saman, því að þá er vanalega alt of mikið að gera til þess, að tími sé til að vastra í slíku meðan þingið stendur yfir. Eg vona því að h. deild samþykki till. þessa, og skal eg um leið geta þess, að sams konar till. verður borin upp í háttv. Nd. í dag; eg vona sem sagt, að háttv. d. taki till. vel, með því að hún er upp borin til þess, að firra þingið ónauðsynlegu vastri og tryggja það, að ekki komi babb í bátinn, þegar sízt skyldi.

Sigurður Stefánsson: Eg verð að taka undir með h. 2. kgk. (H. Sv.), að þessi till. virðist í mesta máta óþörf, og sannast að segja þykir mér undarlegt, að svona tillaga skuli vera borin upp. Það hefir hingað til jafnan verið venja, að þetta væri starf forsetanna og engra annara, og eg er á sama máli sem háttv. 2. kgk. (H. Sv.) um það, að þótt það sé ef til vill hættulaust, að taka þriðja mann til þess að ráðstafa þessu efni ásamt forsetunum, þá sé það í principinu engan veginn rétt, að sleppa því valdi, sem tilheyrir þinginu eða forsetunum óskorað, í hendur umboðsstjórninni og allra sízt get eg fallist á slíkt, þegar engin nauðsyn ber til þess, því eg álít forsetunum fullkomlega trúandi til þess að gera þær ráðstafanir, sem með þarf í þessu efni. Hvað því viðvíkur, að þinginu yrðu vandræði úr því að fá tíðindin prentuð, þá er hægt að ráða fram úr þeim vandræðum, með því að fela það forsetunum milli þinga, og eg fyrir mitt leyti skildi svo ályktun fundar þess, er embættismenn þingsins höfðu með sér um þetta efni í sumar, að samningar um þetta mál yrðu ekki dregnir þar til í þingbyrjun, heldur væri forsetum ætlað að gera þá milli þinga, og heyrði eg engin tormerki talin á því þá.

Háttv. þm. Skagf. (J. Jak.) tók það

fram að landsh. mundi auðvitað fara að eins eftir till. forsetanna og þeir mundu ráða úrslitum þessa máls eftir sem áður, — en hví þá vera að blanda landshöfðingja inn í það mál? Eg er á því, að landshöfðingja sé engin þægð í því, og allrasízt, þegar hann á aðeins að vera til málamyndar. Eins og háttv. 2. kgk. tók fram, fer till. þessi fram á princip-brot; hún fer fram á það, að blanda umboðsstjórninni inn í einkamál þingsins að nauðsynjalausu. Eg vildi því leggja það til, að ef nokkur ákveðin tillaga á annað borð verður gerð um þetta mál, þá sé till. tekin út af dagskrá, til þess að hægt sé að gera breytingu við hana í þá átt, að forsetum einum skuli falið úrslitavald um þetta efni.

Forseti (Árni Thorsteinsson): Eg finn mér skylt að lýsa yfir því, að eg álít vald forsetanna ekki ná lengra en það, að þeir geti gert ráðstafanir, er ná til þess þings, er yfir stendur og milli þinga til næsta þings; en þar á móti álít eg, að þeir hafi ekki heimild til að gera samninga eða aðrar ráðstafanir, er bindi hendur þeirra forseta, er eftir kunna að koma, á nokkurn sem helzt hátt, í þeim efnum, er viðkoma þeirra þingi. Það hefir vakað fyrir mér, að forsetar gætu undirbúið málið þannig, að þeir útveguðu tilboð um prentun tíðindanna, svo að þau lægju fyrir, þegar þing kæmi saman, og forsetar þeir, er þá yrðu kosnir gætu skorið úr, hverju hafna skyldi og hverju taka. Eg tel því forseta þessa þings eigi hafa heimild til úrslita þessa máls, er bindandi sé fyrir síðari forseta, samkvæmt þingskapanna 5. grein.

Að öðru leyti hefi eg aldrei sótt þetta fast, og eg hefi ekki lagt á móti því, að tillaga þessi væri upp borin; en eg verð að líta svo á, frá þeirri átt, sem tillagan á við, að þar, sem talað er um „útgáfu“ í 5. gr. þingskapa, sé ekki eftir tillögunni átt við prentun, heldur að eins redaktion þingtíðindanna, og er sá skilningur allþröngur.

Hallgrímur Sveinsson: Eg verð að halda fast við þann skilning á 5. gr., sem eg þegar hefi lýst, að frá heimild til að sjá um útgáfu þingtíðindanna verði ekki skilin heimild til að sjá um prentun þeirra. En þurfi nokkra frekari heimild en þegar er gefin í þingsköpunum, álíti forsetar að þeir ekki hafi vald til fullnaðarúrslita í þessu efni, þá liggur ekkert beinna fyrir en að gefa þeim það vald; en það er engin ástæða til að blanda þriðja manni þar inn í, hver svo sem hann er.

Að öðru leyti hallast eg helzt að till. h. 1. þm. Ísfirðinga (S. St.) um að tillagan verði tekin út af dagskrá til þess að breytingum yrði komið að, í þá átt, sem hann tók til.

Sigurður Stefánsson: Eg leyfi mér að gera það að minni uppástungu, að málið verði tekið út af dagskrá.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 6 samblj. atkv. að taka tillöguna út af dagskrá.

Framh. einnar umr. (C. 473), 23. ág.

Flutningsmaður (Jón Jakobsson): Þegar þessi till. var hér til umr. í fyrra dag, kom það fram, að menn gátu ekki felt sig við það fyrirkomulag, sem hún gerði ráð fyrir. Því var hreyft sem mótmælum gegn till., að það væri ekki vel viðkunnanlegt, að blanda landsh. inn í þessi mál, en að forsetarnir ættu einir að taka ákvörðun um þau. Í h. Nd., þar sem samskonar till. var á ferðinni, var í stað hennar samþ. rökstudd dagskrá, sem fól forsetunum einum að sjá um prentunina. Með því að okkur flutnm. er þetta mál ekki neitt kappsmál, þar sem við að eins höfum borið þetta mál fram sem erindrekar fyrir vilja embættismanna þingsins, þá skal eg lýsa því yfir, að við getum alt eins vel felt okkur við það form, sem málið hefir fengið í Nd., og skal eg þess vegna leyfa mér að óska þess, að þessi

háttv. þingd. samþ. svohljóðandi rökstudda dagskrá:

„Deildin felur núverandi deildarforsetum að gera samninga um prentun næstu þingtíðinda og tekur fyrir næsta mál á dagskrá“.

ATKVÆÐAGR.: Dagskrá þessi samþ. í e. hlj.

Lenging þingtímans.

Á fundi deildarinnar 11. ágúst, áður en tekið var til dagskrár, mælti

Forseti: Með því að hinn lögákveðni þingtími nú er á enda, og enn er ólokið ýmsum mikilsvarðandi málum, vil eg leyfa mér að mælast til þess, að hæstv. landshöfðingja mætti þóknast að framlengja þingtímann eins og honum mætti þykja hæfilegt, samkvæmt heimild þeirri, er hann væntanlega hefir fengið til þess.

Landshöfðingi: Eftir áskorun hæstv. forseta og samkvæmt þeirri heimild, sem mér er gefin í kgsbréfi, dags. 17. maí þ. á., lýsi eg því yfir, að eg framlengi þingtímann um hálfan mánuð, þannig, að alþingi standi til 25. þ. m., að þeim degi meðtöldum.

Þinglok í efri deild.

Á fundi deildarinnar 26. ágúst, að aflokinni dagskrá, mintist

Forseti (Árni Thorsteinsson) þess, að nú væri störfum þingsins lokið, enda hefði á þingtímanum verið starfað með þeim verkhraða, sem ítrast gæti samrýmst nauðsynlegri íhugun málanna, en nú hefði verið mjög tilfinnanlegt, að þingtíminn væri of stuttur, og sú lenging, sem fyrirfram af stjórninni væri heimiluð í byrjun þingtímans, væri svo einskorðuð, að ekki væri unt hér að fá lengingu um fáeina daga fram yfir það, sem ákveðið var í þingbyrjun, þó á þyrfti að halda, svo að mikilsverð og nauðsynleg mál gætu orðið til lykta leidd; hefði þetta komið ekki sízt í ljós nú á þinginu.

Enn fremur þakkaði forseti öllum þingdeildarm. fyrir það traust, velvild og umburðarlyndi, sem þeir hefðu sýnt sér, og sér í lagi skrifurunum fyrir þá aðstoð og hjálp, sem þeir hefðu látið sér í té.

Að því loknu var gjörðabókin lesin upp, samþykt og undirskrifuð. — Fundi slitið.

Fráfall þingmanns.

Fundur var haldinn í sameinuðu þingi 3. ágúst, kl. 12 á hádegi, eftir fundarboði forseta út af fráfalli þingmanns Norður-Þingeyinga, Benedikts Sveinssonar, er að bar kvöldið fyrir. Tók þá

Forseti (Hallgrímur Sveinsson) þannig til máls:

„Háttvirtir alþingismenn!

Sorgarfáninn blaktir yfir þessu húsi og hefir þegar undirbúið yður undir þann boðskap, sem eg verð að flytja yður. Eg hefi kvatt yður til þessa fundar í sameinuðu alþingi einungis til þess, að fá tækifæri til að inna af hendi hið alvarlega og sorglega hlutverk, að tilkynna yður fráfall þingm. N.-Þing. sýslumanns *Benedikts Sveinssonar*, sem andaðist hér í bænum í gærkveldi 2. ágúst. Hann gekk að störfum sínum á þessu þingi frá byrjun til þriðjudagsins 25. júlí; þá kendi hann þess sjúkleiks, sem þegar lagði hann á sóttarsængina og nú eftir rúma viku hefir leitt hann til bana.

Benedikt sýslumaður Sveinsson var fæddur 20. jan. 1827 og varð þannig $72^1/_2$ árs að aldri. Hann gekk hina venjulegu mentaleið þeirra manna hér á landi, sem lögfræði stunda: fyrst í lærða skóla vorn og síðan á Kaupmannahafnarháskóla og lauk þar embættisprófi 1858. Hann var meðdómandi landsyfirréttinum 1859—1870 og sýslumaður Þingeyinga 1875—1897, en fekk samkvæmt beiðni sinni lausn í

náð frá embætti fyrir rúmum 2 árum, 13. apríl 1897.

Hann hefir setið á öllum þeim alþingum, sem háð hafa verið hin síðustu 39 ár, á fyrstu tveimur þingunum (1861 og 1863) sem konungkjörinn varaþingmaður, en frá 1865 til dánardægurs sem þjóðkjörinn þingmaður fyrir þessi 4 kjördæmi: Árnessýslu, Norður-Múlasýslu, Eyjafjarðarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu. Forseti í sameinuðu alþingi hefir hann verið árin 1886, 1887, 1893 og 1894. Forseti Nd. var hann árin 1889, 1893 og 1895.

Af þessu stutta yfirliti er það þegar ljóst, að það er bæði langur og þýðingarmikill starfsdagur, sem hér er liðinn að kvöldi, þar sem hinn framliðni hefir í 40 ár unnið í þjónustu fósturjarðarinnar sem embættismaður og alþingismaður. Á þinginu var hann í flokki þeirra fulltrúa, sem mest kvað að, og stóð jafnan framarlega í fylkingu. Enginn efi getur á því leikið, að hann unni ættjörðu vorri heitt og bar velfarnan hennar einlæglega fyrir brjósti. Henni til handa vildi hann alt hið bezta hlutskifti kjósa; henni til handa krafðist hann afdráttarlaust hinna fylstu réttinda, og af fornum og nýjum rétti hennar vildi hann engu glata og ekkert afsala né eftir gefa. Fjörmaður og áhugamaður var hann hinn mesti, og starfsþrek hans og þol var óþreytandi. Fyrir afimikilli hugsjón hans vakti glæsilegur framtíðarhagur þjóðarinnar, með framtakssamri menningu í andlegum og verklegum efnum, og þessi hugsjón varð að öruggri von og vonin að fastri sannfæringu, sem setti einkennismark sitt á alla framkomu hans. Þessi hugsjón, þessi von og þessi sannfæring gerði orð hans einatt snjöll, heit og hrífandi, þegar hann í þessum sal barðist með eldlegu fjöri og brennandi áhuga fyrir þeim málefnum, sem honum þóttu mikilsvarðandi.

Nú stendur sæti hans hér autt, hin afimikla og snjalla raust er þögnuð og öllu æfistarfi hans er lokið. Það sem hann hefir unnið, geymist í minningu samtíðarinnar og á spjöldum sögunnar; hinn fullkomni dómur um það heyrir framtíðinni til, en ekki oss, sem vorum í samvinnunni með honum, háðir öllum þeim áhrifum, sem slíkri samvinnu hljóta að vera samfara, bæði til samtaka og mótspyrnu, eftir afstöðunni í hinum ýmsu málum, eftir mismunandi skoðunum og sannfæringu hvers eins".

(Hér stóðu þingmenn upp úr sætum sínum og hlýddu standandi á niðurlag ræðunnar):

„En um það munum vér allir verða samdóma, að mikilhæfur maður sé burtu kallaður úr tölu þjóðfulltrúa Íslands, og eg er sannfærður um, að við þá minningu um hann, sem vér geymum í brjóstum vorum, munum vér allir tengja hugsunina um ástríkan son vorrar kæru fósturjarðar.

Og þessi minningarorð, og um leið þessa samkomu vora, vil eg svo lykta með þeirri ósk og bæn, að Drottinn jafnan gefi ættjörðu vorri syni, sem elski hana heitt, eins heitt, eins og hinn framliðni vissulega gerði, og í einlægni helgi henni alla krafta sína, henni til farsældar á yfirstandandi og ókominni tíð".

Að endaðri ræðu forseta var gengið af fundi.

Veikindaforföll þingmanns.

Á fundi efri deildar 5. ágúst skýrði

Forseti deildarinnar frá, að hinn 6. konungkjörni þingmaður, *síra Þorkell Bjarnason*, hefði orðið snögglega veikur kvöldið áður, og væri því miður vonlítið um, að hann gæti komið á þingfundi fyrst um sinn. —

Sú varð og raun á, að þingmaður þessi lá rúmfastur það sem eftir var þingtímans.

Ferðakostnaðarnefnd.

Mánudag 21. ágúst kl. 5 e. h. var fundur haldinn í sameinuðu þingi í því skyni meðal annars, að

KJÓSA NEFND til að úrskurða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna.

Kosningu hlutu:

Ólafur Briem með 20 atkv.
Jón Jónsson, 2. þm. Eyf. — 16 —
Sigurður Stefánsson — 12 —

Með því að fleiri eigi hötðu fengið nægan atkvæðafjölda, var kosið aftur óbundnum kosningum, og hlaut þá kosningu:
Þorleifur Jónsson með 15 atkv.

Næst honum fengu flest atkvæði þeir Jens Pálsson og Kl. Jónsson, og var þá kosið enn bundnum kosningum milli þeirra tveggja. Var þá kosinn 5. maður í nefndina:

Jens Pálsson með 22 atkv.

Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Þá var á sama fundi

LAGÐUR fram reikningur um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“, og skýrsla frá verðlaunanefndinni (C. 324, 325) — og því næst kosin verðlaunanefnd samkvæmt 3. gr. í Reglum um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“.

Í nefndina voru kosnir:

Björn Ólsen með 25 atkv.
Eiríkur Briem með 25 atkv.
Stgr. Thorsteinsson — 22 —

Skilagrein fyrir alþingistíðindasölu m. m.

Þá var enn á sama fundi

LÖGÐ FRAM skilagrein fyrir sölu og afhendingu alþingistíðindanna 1897 (C. 449).

Lesið var því næst upp tilboð frá ritstjóra Birni Jónssyni um afhending og sölu alþingistíðindanna. — Ómakslaun við útsending 8 % í stað 15 % áður, og söllaun 25 % í stað 35 %.

Landsbanka-endurskoðunarmaður.

Á 4. og síðasta fundi í sameinuðu þingi augardag 26. ágúst var

KOSINN endurskoðunarmaður reikninga landsbankans

Jón Jakobsson með 21 atkv.

Þingi slitið.

Eftir það lýsti *landshöfðingi* því yfir í nafni Hans Hátignar konungsins, að

Alþingi væri slitið.

Stóð þá upp fyrri þingm. Rangv., Sighvatur Árnason, og mælti: Lengi lifi konungur vor Kristján hinn níundi. Tóku þingmenn undir það með 9-földu fagnaðarópi og gengu síðan af þingi.